ÁR 1903, miðvikudaginn 1. dag júlímánaðar, var hið 18. löggefandi alþingi sett í Reykjavík.

Fyrst söfnuðust alþingismenn, ásamt landshöfðingja Magnúsi Stephensen, saman í alþingishúsinu, og gengu þaðan til guðsþjónustugjörðar í dómkirkjunni.

Prestaskólakennari Jón Helgason prédikaði og hafði valið sér fyrir texta Esaj. kap. 62, 1.—5. v.

Að lokinni guðsþjónustugjörð gengu menn aftur í þinghúsið og inn í þingsal neðri deildar. Gekk þá landshöfðingi til forsetasætis og las upp skipun konungs til sín, um að setja þingið, dags. 22. maí 1903, svohljóðandi:

Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slesvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Lauenborg og Aldinborg

Vora sérlegu hylli!

Vér veitum allramildilegast þér, sem landshöfðingja Vorum yfir Voru landi Íslandi vald til þess, að setja hið reglulega alþingi, sem kemur saman miðvikudaginn 1. júlímánaðar næstkomandi, og átt þú þar að auki að birta alþingi boðskap Vorn, sem hérmeð fylgir og dagsettur er í dag.

Þetta er vilji Vor!

Felandi þig guði!

Ritað á Amalíuborg 22. maí 1903.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.) *Alberti.*

Konungsbréf um setning alþingis.

Að því búnu kvaðst landshöfðingi samkvæmt því valdi, er honum þannig allramildilegast væri veitt, lýsa því yfir, að

Alþingi Íslendinga væri sett.

Stóð þá upp þm. Reykvíkinga, Tryggvi Gunnarsson, og mælti:

„Lengi lifi konungur vor Kristján hinn níundi“, og tóku þingmenn undir það í einu hljóði.

Því næst las landshöfðingi upp boðskap konungs til alþingis, dags. 22. maí 1903, svohljóðandi:

Christian hinn Níundi, *af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slesvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.*

Vora konunglegu kveðju!

Fyrir hollustuþel það gagnvart Oss og Vorri konungsætt, er kemur svo hlýlega í ljós í ávarpi því, sem neðri deild alþingis hefir sent Oss, færum Vér Vorum kæru og trúu þegnum á Íslandi Vorar innilegustu þakkir.

Það olli Oss gleði að fá boðskapinn um það, að frumvarp það til breytinga á stjórnarskránni, um hin sérstaklegu málefni Íslands, er stjórn Vor hafði lagt fyrir alþingi, hefði verið samþykt í einu hljóði af báðum þingdeildum. Oss þykir það vera fyrirboði þess, að stjórnarskipunargrundvöllur sá, er þannig hefir tekist að safna öllum atkvæðum, muni þá einnig, er hann af hinu nýkosna alþingi og fyrir allrahæsta staðfesting Vora hefir hlotið fullnaðargildi, reynast til þess fallinn, að allir góðir kraftar geti í honum unnið saman að framtíð Íslands.

Engum er annara en Oss um framtíð þessa lands. Vissulega er hún mörgu og miklu öðru háð en stjórn og löggjöf, en að miklu leyti mun hún þó verða komin undir og bygð á því starfi, er alþingi vort á að inna af hendi í samvinnu við ráðherra Vorn fyrir Ísland. Og er það þá von Vor og Vor sannfæring, að unnist hafi hagstæðari og notasælli samvinnukjör, þá er hið nánara og innilegra samband er á komið milli stjórnar og þings, sem er grundvallarhugsunin í stjórnarskipunarverki því, er leggja á síðustu hönd á í sumar.

Um leið og Vér þá tengjum von Vora og heitustu óskir Vorar um heillarika framtíð fyrir Vora kæru og trúu íslenzku þjóð við alþingi, við starfa þess í ár, og við þann grundvöll, er það starf mun leggja undir vinnu þess á komandi árum, heitum Vér alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Ritað á Amalíuborg 22. maí 1903.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.) *Alberti.*

Boðskapur konungs til alþingis.

Þessir þingmenn mættu við þingsetninguna:

A. Konungkjörnir:

Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm.
Hallgrímur Sveinsson, 2. kgk. þm.
Kristján Jónsson, 3. kgk. þm.
Jónas Jónassen, 4. kgk. þm.
Árni Thorsteinson, 5. kgk. þm.
Eiríkur Briem, 6. kgk. þm.

B. Þjóðkjörnir:

Árni Jónsson, þm. N.-Þing.
Björn Bjarnarson, þm. Dal.
Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
Eggert Pálsson, 1. þm. Rangv.
Einar Þórðarson, 2. þm. N.-Múl.
Guðjón Guðlaugsson, þm. Strand.
Guðlaugur Guðmundsson, þm. V.-Sk.
Guttormur Vigfússon, 2. þm. S.-Múl.
Hannes Hafstein, 2. þm. Eyf.

Hannes Þorsteinsson, 1. þm. Árn.
Hermann Jónasson, 1. þm. Húnv.
Jóhannes Jóhannesson, 1. þm. N.-Múl.
Jóhannes Ólafsson, þm. V.-Ísf.
Jón Jakobsson, 2. þm. Húnv.
Jón Magnússon, þm. Vestm.
Klemens Jónsson, 1. þm. Eyf.
Lárus H. Bjarnason, þm. Snæf.
Magnús Andrésson, þm. Mýr.
Magnús Stephensen, 2. þm. Rangv.
Ólafur Briem, 1. þm. Skagf.
Ólafur Ólafsson, 2. þm. Árn.
Ólafur Thorlacius, 1. þm. S.-Múl.
Pétur Jónsson, þm. S.-Þing.
Sigurður Jensson, þm. Barðstr.
Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.
Stefán Stefánsson, 2. þm. Skagf.
Tryggvi Gunnarsson, þm. Rvk.
Valtýr Guðmundsson, 2. þm. G.-K.
Þorgrímur Þórðarson, þm. A.-Sk.
Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgf.

Kvaddi þá landshöfðingi hinn elzta þm., Árna Thorsteinson. 5. kgk. þm., til að gangast fyrir prófun kjörbréfa hinna nýkosnu þingmanna og kosning forseta hins sameinaða þings.

Gekk þá 5. kgk. þm., Árni Thorsteinson, til forsetasætis og kvaddi sér til aðstoðar sem skrifara Árna Jónsson, þm. N.-Þing., og Magnús Andrésson, þm. Mýr.

Þá var þingmönnum öllum skift í 3 deildir með hlutkesti, til þess að prófa kjörbréf hinna nýkosnu þingmanna, og urðu þessir þingmenn í

1. deild:

Þórhallur Bjarnarson,
Eiríkur Briem,
Jón Magnússon,
Jóhannes Ólafsson,
Hallgrímur Sveinsson,
Guðlaugur Guðmundsson,
Pétur Jónsson,
Ólafur Briem,
Þorgrímur Þórðarson,
Ólafur Ólafsson,
Árni Jónsson,

Björn Kristjánsson.

í 2. deild:

Valtýr Guðmundsson,
Júlíus Havsteen,
Björn Bjarnarson,
Klemens Jónsson,
Stefán Stefánsson,
Einar Þórðarson,
Jóhannes Jóhannesson,
Ólafur Thorlacius,
Jónas Jónassen,
Hermann Jónasson,
Skúli Thoroddsen.
Kristján Jónsson.

í 3. deild:

Tryggvi Gunnarsson,
Lárus H. Bjarnason,
Hannes Hafstein,
Guðjón Guðlaugsson,
Jón Jakobsson,
Guttormur Vigfússon,
Eggert Pálsson,
Magnús Stephensen,
Magnús Andrésson,
Sigurður Jensson,
Hannes Þorsteinsson.

Síðan gengu deildirnar burt úr salnum að starfi sínu. Að nokkrum tíma liðnum komu þær aftur í salinn og skýrðu frá rannsókn kjörbréfanna.

Framsm. 1. deildar, er rannsakað hafði kjörbréf þjóðkjörinna þm. í 3. deild, var fyrir meiri hlutann þm. V.-Sk. (Guðl. G.) og minni hlutans 6. kgk. þm. (E. Br.). Hafði deildin ekkert að athuga við 10 kjörbréfin, og voru þau samþ. í e. hlj., en um eitt kjörbréf, nfl. þm. Strand. (G. G.) urðu allmiklar umræður, og er þær höfðu staðið góða stund, óskuðu þessir 14 þm.:

Klemens Jónsson,
Hannes Þorsteinsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Magnús Stephensen.
Júlíus Havsteen,
Eggert Pálsson,
Sigurður Jensson,
Jóhannes Jóhannesson,
Björn Bjarnarson,
Lárus H. Bjarnason,
Ólafur Ólafsson,
Jón Jakobsson,
Einar Þórðarson,
Þorgrímur Þórðarson,

að umræðunum væri hætt, og var það sþ. Var svo kosning þm. Strand. (G. G.) sþ. nú þegar með 20 samhljóða atkv.

Framsm. 2. deildar, er rannsakað hafði kjörbréf 1. deildar, var 1. þm. Eyf. (Kl. J.) Skýrði hann frá því, að við 9 af kjörbréfunum væri ekkert að athuga, og voru þau samþ. í e. hlj.

En yfir kosningu 2. þm. Árn. (Ó. Ó.) var fram komin kæra. Lagði framsm. til, að kosningin yrði tekin gild, en að þingið áliti, að með því að talsverð óregla hefði átt sér stað af kjörstjórnarinnar hálfu, þá vildi það beina því máli til landsstjórnarinnar, hvort ekki væri ástæða til að láta rannsaka málið, eða að minsta kosti áminna kjörstjórnina. Eptir alllangar umræður óskuðu þessir 12 þm.:

Björn Bjarnarson,
Hannes Hafstein,
Jón Jakobsson,
Einar Þórðarson,
Stefán Stefánsson,
Skúli Thoroddsen,
Sigurður Jensson,
Guðlaugur Guðmundsson,
Lárus H. Bjarnason,
Guðjón Guðlaugsson,
Jóhannes Ólafsson,
Ólafur Thorlacius,

að umræðunum væri hætt, og var það sþ. Kosningin var síðan borin undir atkv. og samþ. með 22 atkv. gegn 3.

Framsm. 3. deildar, er rannsakað hafði kjörbréf 2. deildar, var þm. Snæf. (L. H. B). Lýsti hann því yfir, að ekkert hefði fundist athugavert við kjörbréfin, og voru þau því næst samþ. í e. hlj.

Þá skrifuðu 3 þingmenn, sem eigi höfðu

setið á þingi áður, undir eiðstafinn að stjórnarskránni.

Því næst var kosinn forseti sameinaðs þings, og hlaut kosningu

Eiríkur Briem,

6. kgk. þm., með 19 atkv. Hallgrímur Sveinsson, 2. kgk. þm., fekk 15 atkv. Hinn nýkjörni forseti gekst síðan fyrir kosningu varaforseta og var til þess kjörinn 1. kgk. þm., Júlíus Havsteen, með 19 atkv. Árni Jónsson, þm. N.-Þing, fekk 1 atkv., en 15 atkvæðaseðlar voru auðir.

Þá var gengið til kosninga á skrifurum sameinaðs þings, og hlutu þeir Hannes Þorsteinsson og Lárus H. Bjarnason kosningu, hvor með 18 atkv. Hannes Hafstein og Ól. Thorlacius fengu 1 atkv. hvor, en 15 atkvæðaseðlar voru auðir.

Þá voru kosnir 6 þjóðkjörnir þingmenn, til þess ásamt hinum konungkjörnu að eiga sæti í efri deild, og hlutu kosningu:

Sig. Jensson, þm. Barðstr.,	með	35 atkv.
Gutt. Vigfússon. 2. þm. S.-M.,	—	34 —
Jón Jakobsson, 2. þm. Húnv.,	—	34 —
Guðj. Guðlaugsson, þm. Strand.,	—	21 —
Þorgr. Þórðarson, þm. A.-Sk.,	—	20 —
Valt. Guðmundss., 2. þm. G.-K.,	—	19 —

Næst þeim fengu atkvæði: Magnús Andrésson 16, Björn Bjarnarson og Ólafur Thorlacius 15 hvor um sig.

Umræður út af rannsókn kjörbréfa.

Framsögumaður 1. kjörbréfadeildar (Guðlaugur Guðmundsson): Fyrsta kjörbréfadeild hefir haft til meðferðar 11 kjörbréf. Við 10 af kjörbréfum þessum hefir hún ekkert verulegt að athuga, það er að segja öll bréfin, nema kjörbréf þm. Strand. (Guðj. G.) Þó hefir mér verið falið á hendur að geta þess, að komið hefir fram kæra um kosningu þingmanns Snæfellinga. Þó snertir kæra þessi ekki kjörbréfið sjalft, heldur framkomu kjörstjórans á kjörþinginu. Kjörbréfadeildin komst að þeirri niðurstöðu, að kæran væri þannig vaxin, að eigi væri ástæða til fyrir þingið hennar vegna að dæma kosninguna ógilda, en taldi hins vegar rétt að beina því að landstjórninni, hvort hún fyndi eigi ástæðu til að láta rannsaka, á hverju kærurnar væru bygðar, því að reyndust þær í öllum atriðum réttar, þá verður því eigi neitað, að aðferð kjörstjórans á kjörþinginu, getur hvorki talist réttmæt né lögmæt.

Með þessum ummælum leggur fyrsta kjörbréfadeild það til, að kosningarnar verði teknar gildar að því er 10 þingmennina snertir. En viðvíkjandi kosningu ellefta þingmannsins, þm. Strand., þá hefir ekki komist á fyllilegt samræmi í kjördeildinni um gildi hennar, þar sem sumir vilja láta samþykkja hana nú þegar, en aðrir aftur verða að telja það varúðarvert, þar sem þeir fá ekki betur séð, en að við þá kosningu hafi verið brotin skýlaus fyrirmæli kosningalaganna. Þeir vilja því, að þinginu gefist sérstaklega færi á að greiða atkvæði um gildi eða ógildi kosningar þessarar, eða þá um það, hvort málinu skuli vísað til sérstakrar nefndar, er rannsaki það til hlítar. Eg skal annars skjóta því hér inn í, að eg er að eins framsögumaður meirihluta kjördeildarinnar, og flyt málið hér frá hennar sjónarmiði, en býst við, að framsm. minni hlutans muni skýra það frá hans sjónarmiði. Það hafa komið fram kærur, undirskrifaðar af 16 kjósendum, yfir kosningunni í Strandasýslu. Í kærunni er því haldið fram, að ekki hafi komið fram löglegt framboð frá hendi þingmannsefnis þess, er kosningu hlaut. Það er auðséð á kjörfundarbók Strandarsýslu, að framboð þingmannsefnisins hefir að eins komið fram í privatbréfi til formanns kjörstjórnarinnar og að þetta framboð þar er ekki einu sinni skýlaust, þar sem frambjóðandi að eins segir, að hann muni verða í kjöri,

ef guð lofar, á kjörfundinum 6. júní. Það sýnist liggja beint fyrir, að þetta fullnægi eigi því, sem kosningalögin heimta í þessu efni. En þó framboðið nú væri tekið gilt, þá er um tvo aðra bersýnilega galla að ræða. Í fyrsta lagi vantar yfirlýsingu frá þingmannsefninu um það, að hann gefi ekki kost á sér til þingmensku í öðru kjördæmi, og í öðru lagi vantaði skriflega yfirlýsingu meðmælenda hans, sem komin átti að vera til kjörstjórnarinnar fyrir náttmál daginn á undan kosningardeginum.

Því hefir verið haldið fram, að þingmannsefnið hafi án eigin saka verið hindrað frá að mæta á kjörfundinum. En í kærunni er það tekið fram, að nóttina á undan kjörfundardeginum hafi verið hægt að fara yfir torfæru þá, er hamlaði þingmannsefninu frá að mæta á kjörfundinum, og að um morguninn, klukkan að ganga tíu, hafi þrír menn á bát komið yfir fjörðinn skömmu áður en kjörfundur var settur. Að endingu skal eg geta þess, að kjörbréfadeildin var öll sammála um það, að sérstaklega væri greitt atkvæði um kosningu þessa. Aftur kom ágreiningur fram í því, að minni hlutinn vill, að kosningin sé samþykt án frekari aðgerða, en meiri hlutinn æskir þess, að nefnd sé skipuð, til að rannsaka málið.

Lárus H. Bjarnason: Áður en gengið er til atkvæða um hin 10 kjörbréf, vildi eg mega gera ofurlitla athugasemd út af því, sem háttv. framsm. meiri hlutans (G. Guðm.) vék að mér í ræðu sinni. Um leið og eg þakka háttv. þm. (G. G.) að maklegleikum fyrir, hve liðlega hann hélt á pólitisku títuprjónunum, sem hann var látinn ota að mér, skal eg gefa þá upplýsingu, að þeir tveir menn, sem undir kærunefnunni kvað standa, eru: annar pólitiskur skriftafaðir — eða kannske heldur pólitiskur kórdrengur Ísafoldar, og hinn holdlegur bróðir hennar. Til þess að benda á, hve kæran muni vera tilhæfulaus, skal eg geta þess, að rétt á eftir kjörfundinum þakkaði keppinautur minn kjörstjórninni, í viðurvist tveggja merkra votta, fyrir lipurð þá, sem hún hefði sýnt honum. Annars skal eg, úr því eg stóð upp, leyfa mér að fara fám orðum um kæru þá, sem komin er fram gegn háttv. þm Strand. (G. Guðl.) og kosningu hans. Háttv. framsm. (Guðl. G.) fann kosningunni einkum tvent til foráttu, það, að hvorki hefði framboð þingmannsefnisins né meðmæli meðmælenda hans verið í lögskipuðu formi. Að því er framboðið snertir, þá þekki eg ekki til, að fyrir sé skipað í lögum nokkurt ákveðið form á því, né heldur að bannað sé, að það komi fram í privatbréfi; eða á það máske að vera galli á því, að frambjóðandi sem kristinn og trúaður maður bætir þessu við: „ef guð lofar?“ *(Guðl. Guðmundsson:* Eg hefi eigi haldið því fram). Það er gott, og þá getum við líklega orðið ásáttir um, að framboðið sé ekki svo gallað, að fyrir þá sök sé ástæða til að ónýta kosninguna.

Eg verð aftur á móti að játa það, að meðmælin með þingmannsefninu hafa ekki komið fram á lögskipaðan hátt, að því leyti, að þau voru eigi komin skrifleg til kjörstjóra kvöldið á undan kosningardeginum. En hverju var það að kenna, að þau komu eigi í tíma? Engu öðru en ófyrirsjáanlegum hindrunum af náttúrunnar völdum. Og hvað margir af þingmannaefnum þeim, sem staðráðnir eru í að mæta sjálfir á kjörfundi, munu vera svo fyrirhyggjusamir, að senda fyrirfram skriflegt framboð, og tilkynningu frá meðmælendum sínum? Eg hygg, að þeir muni vera færri, og eg hefi það fyrir satt, að af fimm frambjóðendum í Rangárvallasýslu við síðustu kosningu hafi enginn gætt þeirrar varúðar, nema núverandi háttv. 2. þm. Rangv. (M. St.) Það er loks því fremur ástæða til að samþ. kosningu þessa, sem þingið hefir áður samþykt kosningar, þar sem enn meiri gallar hafa á verið en hér, svo sem

sá, að kjörfundarboð hafi eigi verið sent út í tækan tíma, og mun þó engum geta blandast hugur um, að það er stærri galli, en þótt meðmæli komi ekki fram deginum á undan kosningu, úr því að meðmælendur gáfu sig fr m á fundinum. Eg skal líka leyfa mér að minna á, að hér er önnur kosning töluvert gölluð, og verði mjög hart tekið á þessari kosningu, þá er ekki ólíklegt, að eins verði tekið á hinni.

Framsögum. minni hlutans (Eiríkur Briem): Áður en eg fer að ræða mál þetta, skal eg taka það fram, að mér skildist svo á framsm. meiri hlutans (Guðl. G.), að hann ætlaðist til, að 10 af kjörbréfunum væru þegar borin undir atkvæði, og er það samkvæmt tilætlun kjördeildarinnar; vil eg því skjóta því til háttv. forseta, að hann láti nú þegar greiða atkvæði um kjörbréf þessi.

Forseti bar þá hin 10 kjörbréf undir atkvæði og voru þau samþ. í e. hlj.

Framsögum. minni hlutans (Eiríkur Briem): Eins og háttv. þm. V. Sk. (G. G.) gat um, var meiningamunur í kjördeild vorri um gildi kosningar þm. Strand. Annars vegar var farið fram á að rannsaka málið betur og taka kosninguna ekki gilda að þessu sinni, heldur skipa nefnd í málið. Hins vegar var því haldið fram, að gallarnir á kosningunni væru svo ljósir, að nefndarskipun væri óþörf, og að hægt væri nú þegar eftir gögnum þeim, sem fyrir hendi væru, að skera úr því, hvort þingið vildi taka kosninguna gilda eða ekki.

Það, sem fundið er að kosningu háttv. þm. Strand., er þetta, að framboð og meðmæli hafi ekki komið fram í tæka tíð. Til þess að skýra málið, skal eg með leyfi háttv. forseta lesa upp úr kjörfundargjörðabók Strandasýslu þá kafla, sem snerta þessi atriði, og eru þeir á þessa leið:

„Til þess að gjörast þingmenn fyrir kjördæmið, hafa boðið sig fram fyrv. alþingismaður Guðjón Guðlaugsson, samkvæmt skriflegu framboði, dags. 26. maí þ. á., og Jósep bóndi Jónsson á Melum, sem mættur er á kjörfundinum.

Gagnvart framboði Guðjóns Guðlaugssonar, sem ekki er mættur, lýsti kjörstjórinn, séra Arnór Árnason, því yfir, að hann áliti það ekki formlegt, né fullnægjandi, en hinir kjörstjórarnir taka það gilt. Bréf það, sem framboðið er í, er framlagt á kjörfundinum, merkist nr. 1, og er svo hljóðandi, hvað snertir framboðið:

„Eg hefi fengið áskorun úr þremur hreppum frá flestum kjósendum, um að eg gefi enn kost á mér til þingmensku. Með því að sá var ekki falur til þessa, sem eg vildi að hefði tekið að sér þingmensku, og með því að eg vil taka hið fylsta tillit til óska hinna fyrri kjósenda minna, þá mun eg verða í kjöri, ef guð lofar, á kjörfundinum 6. júní, þrátt fyrir það, þótt eg megi ekki ýmsra anna vegna fara að heiman. Meðmælendur vel eg mér, þegar á fundinn kemur".

Kjörstjórinn heimtar bókað eftirfylgjandi ástæður fyrir mótmælum sínum:

„Að framboðið er í prívatbréfi til oddvita kjörstjórnarinnar, og að ekki hefir að neinu leyti verið fullnægt ákvæðum 22. gr. kosningalaganna, að því er snertir skriflega yfirlýsingu meðmælenda, né frambjóðanda sjálfs".

Sem meðmælendur Guðjóns Guðlaugssonar gefa sig fram Björn bóndi Halldórsson á Smáhömrum, Gísli bóndi Sigurðsson í Hlíð og Kristján sýslunefndarmaður Gíslason á Borðeyri".

Þetta, sem hér er tekið fram, vona eg að nægi til að skýra málið fyllilega.

Þegar þess nú er gætt, að þingmannsefnið býr ekki langt frá kjörstað, þá er það svo eðlilegt, þótt hann teldi það sjálfsagt, að hann mundi sjálfur verða viðstaddur á kjörfundinum, og áliti því ekki nauðsyn að undirbúa framboð sitt frekara en hann gerði. Hvað framboðið sjálft snertir, þá sýnist það með öllu skýlaust,

því þótt hann segi í því: „ef guð lofar“, þá er það nokkuð, sem er sjálfsagt. Hvað því viðvíkur, að í framboðinu sé ekki tekið fram, að þingmannsefnið ætli ekki að bjóða sig fram í öðru kjördæmi, þá er það satt, að þetta er ekki tekið fram með berum orðum, en þar sem það er tekið fram, að framboðið komi fram eftir ósk kjósenda í þremur hreppum og að þingmannsefnið mundi að öðrum kosti eigi hafa hugsað til þingmensku, þar sem hann vegna ýmissa anna megi í raun réttri eigi vera að því að fara á þing, þá má telja með því á fullnægjandi hátt, þótt óbeinlínis sé, tekið fram, að hann muni alls eigi hafa hugsað til þingsetu fyrir annað kjördæmi. Eini gallinn á framboðinu verður því sá, að meðmælendur frambjóðanda höfðu eigi sent kjörstjórninni yfirlýsingu sína fyrir kl. 9 kvöldið á undan kjörfundardeginum, og verður því ekki neitað, að hér er um formgalla að ræða. En hve lítilfjörlegur er hann eigi, þegar þess er gætt, að þegar á kjörfund er komið, gefa sig fram nógir meðmælendur? Að frambjóðandi sjálfur mætti ekki á kjörfundinum, stafaði af því, að hann átti yfir sjó að sækja; og þeir eru víst margir, er vita, hvernig sjóveður var kjörfundardaginn. Í kærunni er reyndar sagt, að um nóttina eða morguninn hafi menn sótt kjörfund yfir sama fjörðinn, sem frambjóðandi þurfti yfir, en hvað sem því líður, þá er hitt og vitanlegt, að margir settust aftur hinumegin fjarðarins fyrir veðurs sakir.

Þegar litið er á 29. gr. kosningalaganna, þá getur andinn í henni eigi verið annar en sá, að setja alþing sem vörð þess, að réttur kjósenda í landinu sé eigi fyrir borð borinn og að vilji þeirra geti sem bezt komið fram. Samkvæmt þessu hefir alþingi að undanförnu fylgt þeirri reglu, að samþykkja þingmannakosningar, þótt einhverjir formgallar hafi komið fram, hafi þeir að eins verið þess eðlis, að ætla hafi mátt, að þeir hafi eigi haft áhrif á kosningaúrslitin.

Mér er það enn í minni, að eg var áheyrandi á þingi 1869, er rætt var um gildi kosningar Jóns heitins Sigurðssonar. Það var vitanlegt og viðurkent af þinginu, að formgallar væru á kosningunni; kjörskrá eigi legið frammi lögskipaðan tíma. Það var því spursmálið um, hvort taka ætti svo hart á þessari vanrækslu, að kosningin væri ónýtt fyrir þá sök, en svo fór, að kosningin var samþykt þrátt fyrir þennan galla, og það í einu hljóði, að mig minnir.

Sömu reglu finst mér rétt að fylgja hér; og það er enginn vafi á því, að vilji kjósendanna verður bezt tekinn, til greina með því. Eg verð því að leggja það til, að kosningin sé nú þegar samþykt, þrátt fyrir hinn lítilvæga formgalla. Aftur verð eg að halda því fram, að það sé tilgangslaust að setja nefnd til að rannsaka málið, því að hér liggja fyrir allar þær upplýsingar, sem á þarf að halda.

Guðjón Guðlaugsson: Eg játa það, að háttv. frsm. minni hlutans (E. Br.) hefir tekið það fram, sem mestu skiftir í máli þessu. En þar sem svo stendur á, að vafi getur leikið á, hvort eg fæ að sitja lengur á þingi í þetta sinn, en meðan á umræðum þessum stendur, þá vona eg, að það megi virða mér til vorkunnar, þótt mig fýsi að taka til máls, til að skýra málið. Eg get jafnvel búist við, að háttv. þm. muni það kært, því óneitanlega hlýt eg þó að vera kunnugastur þeirra manna, er hér sitja, sumum atriðum málsins.

Mér finst það hálftilfinnanlegt, að finnast skuli menn, er hafa látið siga sér á stað, til að bera fram kæru út af kosningu minni; eg hefði búist við, að þeir mundu heldur vilja láta tala sem fæst um kosninguna í Strandasýslu síðasta vor; kosningabaráttan var ekki svo heiðarleg né hetjuleg, að sæmd geti verið að því, að halda henni á lofti.

Því hefir verið haldið fram, að meiri

hluti kjörstjórnarinnar í Strandasýslu hafi brotið lög við kosninguna. En því verð eg að neita. Kjörstjórnin var skyldug til að skrifa atkvæði þau, er greidd voru, og að gefa þeim kjörbréf, er flest fekk atkvæðin. Það væri líka skárra réttarástandið, ef tveir menn í kjörstjórn gætu svift kjördæmi þingmanni þess, og alþingi úrskurðarvaldi þess um kosningar.

Þegar rætt hefir verið um gildi kosninga hér á þingi, þá virðist mér mest áherzla hafi verið lögð á það, hvort nokkrum ósæmilegum meðulum hafi verið beitt, eða hvort nokkuð það hafi komið fram, er breytt mundi hafa úrslitum kosninganna. Hér er ekki hægt að segja nokkuð slíkt um mína kosningu.

Gallar þeir, sem þykja vera á kosningu minni, stafa af fyrirhyggjuleysi mínu, fyrirhyggjuleysi, sem eg hefi jafnan gert mig sekan í, frá því eg fyrst hefi boðið mig fram til þingmensku. Eg hefi aldrei, fyr en í þetta sinn, boðið mig fram á þing, fyr en á kjörfundi, né heldur kosið mér meðmælendur fyrri en þar. Og hve margir, sem á þingbekkjum sitja og hafa setið, munu hafa gert sig seka í sama fyrirhyggjuleysinu? En máske þetta atvik verði til að kenna meiri fyrirhyggju eftirleiðis, því að í raun réttri getur það komið fyrir, að maður fatlist frá að sækja kjörfund, þótt hann eigi heima á næsta bæ við kjörfundarstað, og um engar torfærur sé að ræða á veginum; ekki þarf annað en maður t. d. fótbrotni.

Hjá mér var í þetta sinn að ræða um forföll af náttúrunnar völdum, eg get jafnvel sagt af guðlegum völdum, og mér finst sannarlega skörin færast upp í bekkinn, ef hinir lítilfjörlegu formgallar, sem á kosningunni urðu fyrir þessar sakir, eiga að verða þyngri á metunum hjá þinginu, en orsakirnar til þeirra.

Ekki verður því neitað, að eigi væri nógur atkvæðamunur milli mín og keppinauts míns, þótt eg hins vegar næstum fyrirverði mig fyrir það, hve fá atkvæði eg fekk. En það er eins og við þekkjum, að þegar menn vita eigi til, að um fleiri en einn frambjóðanda sé að ræða, þá hirða menn lítt um að sækja kjörfund, og svo stóð einmitt á hér. Þess má og geta, að 10 af mínum mönnum teptust ásamt mér frá því að sækja kjörfund.

Það hefir verið tekið fram, að aðrir hafi farið sama dag yfir fjörð þann, sem eg teptist við. Það er þá víst í fyrsta sinn, sem eg hefi setið þar eftir, er aðrir hafa á sjó farið. Það er því eigi úr vegi, að ég skýri þetta dálítið betur. Menn þeir, sem yfir fjörðinn fóru, komu eins og stigamenn af fjöllum ofan; þeir fara heiman frá sér um kvöld, og er um að gera fyrir þeim að komast svo snemma yfir fjörðinn, að fólk sé eigi komið á fætur, svo að eigi kvisist um för þeirra. Þeir koma innar að firðinum, en þar sem eg bý, og er þar styttra yfir hann, ef á þarf að halda að komast undir landið hinumegin. Þeir höfðu og verið svo fyrirhyggjusamir, að tryggja sér flutningaskip þaðan, og af því leiddi aftur, að þó eg hefði reynt að leita mér fars á þeim bæ yfir fjörðinn, sem eg að sjálfsögðu hefði gert — annars kom eg þangað kjördaginn og leitaði flutnings, — þá var þar ekkert skip að fá.

Það er því í raun og veru ekki rétt hermt, að farið hafi verið sama dag og frá sama stað yfir fjörðinn, og eg átti að fara.

Fylgi keppinauts míns sést á því, að úr sínum hreppi fær hann að eins eitt atkvæði — sitt eigið atkvæði — eg geri reyndar ráð fyrir, að hann hafi átt þar von á öðru atkvæði, en eigi þorað að hagnýta sér það af ótta fyrir því, að eitthvað mundi kvisast um ráðabrugg sitt, því þá gat hann átt það á hættu, að 10—20 menn mundu taka sig upp á kjörfund, til að kjósa mig, og það sá hann að ekki borgaði sig fyrir eitt atkvæði. Úr næsta

hreppi kaus enginn hann, og úr þriðja hreppnum að eins einn — einn úr kjörstjórninni — séra Arnór Árnason, sem mörgum mun kunnugt um að er gamall kunningi minn og nágranni. En úr Árneshreppi — fjarlægasta hreppnum — þaðan sem varla hefir nokkurn tíma komið nokkur maður á kjörfund eða þingmálafund, þaðan koma nú 17 manns, til að kjósa keppinaut minn. Og af hverju mun einmitt þessi hreppur hafa lagt slíkt kapp á að koma nú á kjörfund venju fremur? Það er víst ekki sönnu fjarri, að það hafi komið til af því, að einn af burgeisum þess hrepps hafi látið þm N.-Ísf. (Sk. Th.) siga sér af stað, til þess að koma mér fyrir kattarnef (*Skúli Thoroddsen*: þetta er ósatt), og maður þessi vinnur þetta til þess, að h. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) styðji sig með ráðum og dáð í lítilfjörlegum málaferlum, sem hann á í og sprottin eru út af eggjum á aðra hliðina, mest fúleggjum, og selskrokkum á hina.

Til þessa kosningarleiðangurs Trékyllinga var blásið að sögn milli bæja rétt fyrir kjörfundinn, af því engu heimili var trúað til svo mikillar þagmælsku, sem þurfti til þess, að eg eða kjósendur mínir fengju engan grun um vélráðin. Og þarna á sjávarströndinni kvað hafa verið útbýtt ferðakostnaði, 6 kr. á mann, líklega einnig frá örlætishendi þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) eða fyrir hans milligöngu. Eg get að endingu fullvissað háttv. þing um það, að ógildi það kosningu mína, þá treður það undir fótum vilja mjög mikils meiri hluta í kjördæmi minu, en gjörir tilraun til þess, að hefja til valda örlitinn minni hluta, blásinn saman af persónulegum hvötum og á ósæmilegan hátt, og vona eg, að það vilji þó sízt verða til þess.

Framsögumaður fyrstu kjörbréfadeildar (Guðlaugur Guðmundsson): Eg mun taka bendingu h. forseta til greina, að lengja ekki umræður um skör fram, enda er það ekki ómaksins vert að elta fúlegg h. þm. Strand. (G. G.); ræða hans var allsendis óþörf; okkur varðar ekki hót um þau atriði, er hann var að rekja. Það, sem þingið á að gera og er að gera að þessu sinni, er að finna, hvaða gallar eru á kosningunni, og því næst að meta, hvaða þýðingu ber að eigna þeim: Á að ógilda kosninguna? Eða geta gallarnir ekki talist svo stórvægir, að þeir þurfi að koma til greina? — Eg hirði því ekki að eltast við alt það, er h. þm. Strand. (G. G.) taldi fram; eg læt mér nægja að slá fastri þeirri niðurstöðu, er hann komst að, því að henni er eg alveg samdóma: Þetta óheppilega ásigkomulag kosningarinnar stafar af hans eigin fyrirhyggjuleysi. Þingmannsefnið veit af torfæru á leið sinni til kjörfundarstaðarins og hefir þó engar varúðarreglur. Og svo vill hann afsaka sig með því, að svo sé alment um aðra; fæstir gæti slíkrar varúðar. Eg neita, að þar sé með rétt mál farið. Flest þingmannaefni munu hafa alt undirbúið á staðnum fyrir kjördag, ef eitthvað kann að tefja för þeirra. Sjálfur geri eg það ætíð, enda á eg torfæru á leiðinni.

Í sambandi við ummæli háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) um setninguna „mun eg verða í kjöri í vor, ef guð lofar“ — þar sem hann reyndar lagði annan skilning í orð mín en í þeim lá — vitnar háttv. þm. Strand. (G. G.) í að teppa sín hafi verið af „guðlegum völdum!“ Hafi hann bundið framboð sitt við skilyrðið „ef guð lofar“, þá er nú það skilyrði óuppfylt; guð hefir ekkert „lofað“.

Að öðru leyti er óþarft að árétta það frekar, er eg sagði í fyrstu ræðu minni. Hér liggur fyrir skýlaust brot á kosningalögunum. Að vísu hefir þingið vald til að samþykkja kosninguna alt um það; því neita eg ekki. En það stendur hér á hálli braut; þetta vald verður að notast með varúð. Að samþykkja svona lagaða galla á formatriðum, getur dregið illan dilk á eftir sér.

Valtýr Guðmundsson: Eg leyfi mér að mótmæla þeirri skoðun háttv. þm. Strand. (G. G.), að kjörstjórnin í kjördæmi hans hafi ekki gert sig seka í broti á kosningalögunum. Það er bersýnilegt og það í þrennu tilliti: Í fyrsta lagi kemur framboðið ekki í officiellu bréfi, heldur í privatbréfi til sýslumanns. Kosningalögin fyrirskipa officielt bréf til oddvita kjörstjórnar. Í öðru lagi vantar skriflega yfirlýsingu þingmannsefnisins, að hann hafi ekki látið bjóða sig fram annars staðar. Og í þriðja lagi vantar skriflega yfirlýsingu frá meðmælendum, er á að vera komin kvöldinu áður. Þó nú svo væri, að telja mætti sjálft framboðið gilt, þá brýtur þó kjörstjórnin bersýnilega lögin að því, er hin tvö atriðin snertir. Í 22. gr. laga um kosningar til alþingis stendur svo: „Enginn, sem ekki mætir sjálfur á kjörfundi, hvort heldur hann á heimili innan kjördæmis eða utan, getur orðið fyrir kosningu, þegar kjósa á alþingismenn, nema einn eða fleiri af kjósendum í kjördæminu í síðasta lagi fyrir náttmál kvöldinu fyrir þann dag, er kosningin skal fram fara, hafi skriflega skýrt oddvita kjörstjórnarinnar frá, að hann taki kosningu, og lýsi því yfir, að þeir vilji mæla með honum til þeirrar kosningar, sem til stendur, og skal þar með fylgja skrifleg yfirlýsing frá þeim, sem í hlut á, um, að hann sé fús til þess að taka á móti kosningunni og að hann eigi hafi látið bjóða sig fram til kosningar í nokkru öðru kjördæmi“ o. s. frv. Þessi auðsæu brot á lögunum vona eg séu öllum ljós. — Auðvitað hefir alþingi vald til að samþykkja kosninguna. En það tel eg sorglegt tímanna tákn, ef það vald, sem á að setja þjóðinni lög, gengur sjálft á undan í því, að fótumtroða lögin. Og sorglegt þótti mér að heyra, að háttv. 2. þm. Rangv. (M. Steph.) vildi samþykkja kosninguna. *(Magnús Stephensen:* „Hvernig hef eg látið þann vilja í ljósi?“) Með því að taka fram í áðan með einu smáorði, „nei“, sem sýndi að hann áliti kosninguna góða og gilda. *(Landshöfðingi:* „Ósannindi. Eg skora á forseta að hl.fa mér fyrir sífeldum árásum þessa háttv. þm.“). Eg vona, að eg þurfi ekki að vera vitni til, að þeir menn, sem eiga að vernda lög og rétt í landinu, eins og háttv. 2. þm. Rang. (M. Steph.) og 1. kgk. þm. (J. H.). gangi sjálfir á undan í því að fótumtroða lögin. Gangi þeir á undan í því efni, hvers má þá ekki vænta af þeim, sem undir þá eru settir? Lítum á dæmi Íslendinga fyr á öldum á þjóðveldistímanum. Meðan virðingin fyrir lögunum var vakandi hjá þjóðinni, fór alt vel, en þegar hún hvarf, hurfu landinu allar heillir; þá var úti um þjóðina. Nú stendur svo á, að ný kosningalög eru í nánd. Ef kosning háttv. þm. Strand. (G. G.) yrði nú tekin gild af þinginu, þá má skoða það sem bendingu til hinna nýju ólöglærðu kjörstjóra (— hin nýju kosningalög gera ráð fyrir hreppstjórum sem kjörstjórum í hreppunum —) að svona megi þeir fara að við kosningar framvegis, eins og kjörstjórnin í Strandasýslu í ár, það geri ekkert til, þótt forminu sé ekki fullnægt, ef að eins eru nógu margir kjósendur um einn. Það er réttartilfinning þjóðarinnnar, sem hér er í veði. Það situr illa á þinginu, löggjafarstofnuninni sjálfri, að fótumtroða réttartilfinningu þjóðarinnar. Mína réttartilfinningu mundi samþykt á nefndri kosningu meiða í mesta máta og mér mundi þykja sárt ef eg þyrfti að bæta því við í menningarsögu mína, er bráðlega mun koma út á þýzku, að svona væri réttartilfinningu þjóðarinnar misboðið af löggjafarþingi hennar. Eg vona því, að það komi ekki til þess, að þingið samþykki kosninguna. Eg vona, að yfirvöldin, sem gæta eiga laga og réttar í landinu, sjái um, að hlutaðeigandi kjörstjórn, er hefir gert sig seka í lagabrotum, fái maklega sekt og áminningu.

Brotin eru svo bersýnileg. Það hefir verið tekið fram, að náttúruöflin hafi tálmað för þingmannsefnisins. En slíkt kemur ekki málinu við. Hver fyrirhyggjumaður sendir fyrirfram skriflegt framboð sitt og sér um, að meðmæli sín komi í tæka tíð í hendur kjörstjóra. Bæði eg og háttv. samþingismaður minn (Bj. Kr.) sendum skjöl okkar dægi fyrir kjörfund til Hafnarfjarðar, og er þó þangað hvorki langur né torfær vegur úr Reykjavík. En við hugsuðum sem svo: Má vera, að við verðum veikir eða eitthvað ófyrirsjáanlegt beri til tálmunar. Það er því engin afsökun að vitna til eigin fyrirhyggjuleysis.

Pétur Jónsson: Því hefir verið harðlega mótmælt, er háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) og Strand. (G. G.) hafa sagt, að það væri ekki alment, að frambjóðendur sendu til vara skriflegt framboð á undan sér til kjörstjórnar. Eg álít skylt að láta getið skoðanar minnar um þetta efni. Fjórum sinnum hefi eg boðið mig fram til þingmensku, en í ekkert skiftið gætt þeirrar varúðar, að bjóða mig skriflega fram eða senda meðmæli. Það er mikið rétt, að slíkt er ekki forsjált, því að ýmislegt getur borið til farartálma. En þó get eg fullyrt, að menn hafa alment ekki þessa fyrirhyggju. Háttv. 2. þingm. G. K. (V. G.) talaði um kosninguna í Strandasýslu af svo mikilli vandlætingu, eins og þingið hefði aldrei átt við að leiðarétta þannig lagaða galla. Og þó mun marga reka minni til, að þingið hefir áður sýnt hlífni við fult eins skæða formgalla og þessa. Eg vil minna á deiluna, sem eitt sinn varð um kosningu Halldórs bónda frá Langholti; á henni voru ekki minni gallar en á kosningu háttv. þm. Strand. (G G.), en samþykt var hún eigi að síður. — Má vera, að heppilegast væri að samþykkja enga kosningu, er formgalla hefir, og þá ekki heldur þessa. En úr því nú það hefir verið gert áður, þá mun eg fyrir mitt leyti einnig greiða atkvæði til samþyktar þessari kosningu.

Hermann Jónasson: Eg get ekki séð, að það sé rétt, er háttv. þm. V. Sk. (Guðl. Guðm.) og háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) hafa fullyrt, að kjörstjórnin í Strandasýslu hafi gert rangt. Vér verðum að gæta þess, að kjörstjórnin hefir ekkert dómsvald; dómsvaldið er hjá þinginu. Fyrir kjörstjóra liggur privatbréf með framboði þingmannsefnisins. Hvað á hann að gera? Það er ekki hans að fella úrskurð um, hvort þannig lagað framboð sé lögmætt, heldur er það þingsins. Hann verður að taka það gilt í bráðina. Hitt játa eg að sé ekki lögum samkvæmt, að engin meðmæli komu fram innan hins ákveðna frestar. En því til tálmunar voru náttúruöflin. Og ekki var það kjörstjórnarinnar að kveða á um, hvort hafna ætti frambjóðandanum af þeirri sök. Einnig það lá undir úrskurðarvald þingsins. Enda hefir sá, er kæruna reit, skilið þetta rétt; sem meðlimur kjörstjórnarinnar innir hann verk sitt af hendi, en skýtur því svo til þingsins, hvort það, er fyrir liggi, skuli teljast gilt. Að minni skoðun hafa því hvorirtveggja gert rétt, bæði sá, er kærir, og hinir, sem kærðir eru, eða kjörstjórnin öll skilið rétt afstöðu sína. Eg get ekki séð, að kosningunni sé annað ábótavant en þetta eitt, að meðmæli komu ekki fram í tíma sakir ófyrirséðra atvika. Og slíkt hefir oft átt sér stað. Þingið hefir hingað til fylgt þeirri meginreglu um rannsókn kjörbréfa, að taka kosningu gilda, þótt gölluð sé, ef gallarnir eru þannig lagaðir, að þeir geti ekki haft áhrif á sjálf kosningaúrslitin. Nú vita það allir, að háttv. þm. Strand. (G. G.) hefir jafnan haft og hefir enn alment fylgi í kjördæmi sínu; þó einhver annar hafi getað skrapað saman fáein atkvæði nokkurra ósjálfstæðra manna, er óhætt að segja, að $^9/_{10}$ af kjósendum í kjördæminu fylgi honum. Ef því þingið samþykkir ekki kosningu hans,

má segja, að það sé að brjóta rétt á margföldum meiri hluta kjósenda í Strandasýslu og komi einnig í bága við viðtekna reglu þingsins. Náttúruöflin eru valdandi þess formgalla, sem á kosningunni er; kjörstjórnin hefir gert skyldu sína.

Skúli Thoroddsen kvaðst játa, að frá hálfu þingmannsefnisins, Guðj. Guðlaugssonar, væri þetta afsakanleg yfirsjón; hann hefði auðvitað ætlað sér að mæta á kjörfundinum og því ekkert hirt um að senda framboð og meðmæli á undan sér. En er hann nú heyrði h. 1. þm. Húnv. (H J.) tala um „ofboð lítinn formgalla“ á kosningunni, þá þætti sér úr hófi keyra.

Eftir ákvæðum 22. gr. kosningalaganna gæti enginn orðið þingmaður, nema hann mæti annaðhvort persónulega á kjörfundi eða hafi sent til kjörstjórnarinnar skriflegt framboð kvöldinu áður, stutt af meðmælum eins eða fleiri kjósenda.

Nú hafi ekkert slíkt framboð legið fyrir frá Guðjóni Guðlaugssyni, og því hafi í raun réttri að eins einn frambjóðandi verið í kjöri, sem sé Jósef Jónsson bóndi á Melum. Kvað hann kjörstjórnina hafa framið lagabrot, er hún kvað upp þann úrskurð, að tveir væru í kjöri, og væri því Jósef Jónsson að réttu lagi löglega kjörinn þingmaður Strandamanna.

Með því að samþykkja kosningu Guðjóns, kvað hann þingið, eða þann hluta þess, er slíku kæmi til leiðar, gerast samsekt í lagabrotinu. En þar sem sá flokkur, er hann teldist til, vissi, að meiri hlutinn væri einráður í þessu, sæi hann ekki til neins að greiða atkvæði á móti, en mundi mótmæla slíkri lögleysu með því að sitja, er atkvæðagreiðslan færi fram.

Hvar sem hann hefði heyrt minst á þetta mál, hefði það verið einróma skoðun hjá almenningi, að eigi gæti það komið til mála, að kosning þessi yrði tekin gild af þinginu. Kvaðst hann jafnvel hafa heyrt suma þingmenn, er nú mundu greiða atkvæði með henni, hafa talið það vafalaust, að hún mundi verða ónýtt, og hugsað gæti hann það, að alþýðu manna færi ekki að lítast á blikuna, ef þingið úrskurðaði kosningu þessa gilda. Hann kvað almenning líta þannig á málavöxtu, og það eigi að ástæðulausu, að þegar á kjörfund kom, hafi þar staðið tveir andstæðir flokkar, en að eins einn frambjóðandi, og hann af hálfu þess flokksins, er fáliðaðri var á kjörfundinum.

Meiri hluti kjörstjórnarinnar hugsar þá sem svo:

„Þetta má ekki svo til ganga; kjördæmið má embættisflokkurinn fyrir engan mun missa“.

Sýslumaður fer þá að blaða í skjölum sínum, og finnur hjá sér prívatbréf með lauslegri framboðsráðagerð annars þingmannsefnis, er þeim hinum sama mun aldrei hafa dottið í hug að notað yrði í þessu skyni.

En nota flest í nauðum skal.

Kafli úr prívatbréfi þessu er færður inn í kjörfundarbókina, og notaður í stað framboðs, enda þótt hann bæri það með sér, að hann er eigi í þeim tilgangi ritaður, heldur hljóðar bréfið um hitt og þetta, eins og vant er um kunningjabréf. Mætti og geta nærri, að jafnfær maður sem þm. Strand. (G. G.) hefði ekki sent frá sér jafn-ólögulegt skjal, ef hann hefði ætlast til, að það ætti að skoðast sem framboð.

En þá væri spurningin, hvernig á því stæði, að meiri hluti kjörstjórnarinnar úrskurðaði, að prívatbréf þetta skyldi skoðast sem lögmætt framboð, beint ofan í lögin.

Henni bæri svo að svara, að það stæði í beinu sambandi við það, að réttarmeðvitundin hér á landi væri orðin gjörsamlega spilt, eða „demoraliseruð“, sakir áhrifa hinnar núverandi innlendu stjórnar, sem væri farin að komast á þá skoðun, að fyrir hennar vini giltu lögin í raun og veru ekki, og mættu þeir því haga sér, sem hugur byði.

Jafnvel úrskurðir yfirréttarins væru virtir að vettugi, svo sem menn hefðu séð dæmi til síðastliðinn vetur. Kvað hann það skyldu þingsins, að reyna að vernda réttartilfinningu þjóðarinnar; en gerði það hið gagnstæða að slétta yfir framin lagabrot, þá væri illa farið.

Guðjón Guðlaugsson: Mér þótti h. 2 þm. G.-K. (V. G.) fara helzt til langt í því máli, hve nig hægt væri að særa réttarmeðvitundina, þar sem hann eingöngu leit á bókstaf laganna, en tók alls ekkert tillit til anda þeirra, því það mega allir auðveldlega sjá á framsetningu kosningalaganna, að það er andi þeirra, að einungis þau þingmannaefni, er ekki ætla sér að mæta á kjörfundi, skulu uppfylla þessi skilyrði, en um þau þingmannaefni, er ætla sér að mæta, en forfallast einhverra hluta vegna, eru engin ákvæði, og geta þau því átt á hættu, að verða af kosningu, þó engin sök sé hjá þeim, og sýnir þetta bezt, að lögin sjálf eru þannig jafn fyrirhyggjulaus, og okkur sumum þingmannaefnum er legið á hálsi fyrir. Það hefir verið sagt, að þetta framboð mitt hafi verið í privatbréfi og því fundið það til foráttu. Það er nú oft svo með okkur alþýðumenn, að við höfum svo mikið að starfa, að við verðum að láta okkur nægja að skrifa um fleiri málefni í sama bréfinu og höfum ekki tíma til að skrifa sérstakt bréf um hvert einstakt málefni. En ekki einungis er þetta títt hjá alþýðu manna, heldur veit eg einnig dæmi þess, að embættismaður hefir haft þenna sið, og hvað mitt bréf til sýslumanns snertir, þá hljóðaði það um 2 eða 3 opinber mál, og vilji menn kalla það privatbréf, þá má mín vegna vel nefna það svo. Það kunna nú sumir að telja það undarlega fyrirhyggju af mér í þessa einu átt, að hafa sent framboð mitt skriflega, en þó vanrækt að útvega mér meðmælendur, en sannleikurinn er sá, að þetta var alls ekki af neinni fyrirhyggju gert af minni hálfu, heldur var orsökin eingöngu sú, að sýslumaður hafði á fyrri kjörfundum í spaugi oft brugðist ókunnuglega við framboði mínu og spurt mig, hvort eg væri í boði og enga tilkynningu sagst hafa fengið um það. Eg hugsaði mér nú að girða fyrir þetta. Þetta og alls ekkert annað var ástæðan til, að eg sendi framboðið, en alls ekki hitt, að eg ætlaði mér ekki að koma á kjörfundinn, eins og líka beint er tekið fram í bréfi mínu, að eg ætli að mæta. Mér hafði ekki dottið í hug, að þessi fjörður, sem eg hafði nál. farið daglega yfir í alt vor, og stundum 3—4 sinnum, mundi teppa mig svona þennan dag, og í því er öll mín sök innifalin.

Hvað almenningur manna muni segja um þetta mál, veit eg ekki, en eg ímynda mér, að það muni fara mest eftir tilfinningum hvers eins. Þeir, sem lesa Ísafold, munu segja líkt og þm. N. Ísf. (Sk. Th.), en hinir, er ekki gera það, þveröfugt við þá, og hvað hugsið þið, að Strandamenn muni segja? Til þeirra tekur þetta þó mest, og undarlegt er það, að maður, er telur sig formælanda alls yfirgnæfandi vilja og réttinda almennings og er ritstjóri „Þjóðviljans“, skuli virða jafnlítið vilja meiri hluta eins kjördæmis. Að öðru leyti hafði eg í þetta sinn ekki eins sterka hvöt til að leggja kapp á að komast á kjörfund, því eg áleit þetta framboð mitt að öllu löglegt og fullnægjandi, eins og eg gat um við 4 af kjósendum mínum kvöldið áður, en vegna þess eg þá taldi mig vísan á fundinn daginn eftir, valdi eg mér þá ekki meðmælendur, sem svo tilkyntu það sýslum.

Framsögum. minni hlutans (Eiríkur Briem): Eg stend upp eingöngu til að frábiðja mér þann skilning, að eg samþykki lagabrot, þótt eg samþykki kosningu, sem einhverjir formgallar eru við. Það stendur hvergi í kosningalögunum, að sérhver formgalli á undirbúningi einnar kosningar hafi þá þýðingu, að kosn-

ingin sé ógild og að eigi megi samþykkja kosningu þingmanns, hafi nokkrar misfellur verið á; hitt er alt annað mál, og skal eg fyrir mitt leyti ekki hreyfa neinum andmælum gegn því, þótt þeir séu látnir svara til saka, er sök hafa, og annaðhvort ámintir eða látnir borga sekt, ef þeir hafa unnið til þess. Það gæti líka orðið töluvert varasamt, að beita kosningalögunum þannig, að ónýta kosningar fyrir formgalla eina, þar sem þó vilji kjósendanna vitanlega hefir komið fram, því þá gæti kjörstjórn, er andvíg væri þeim, er kosningu hefði hlotið, ónýtt kosningu hans með því að eins, að búa til einhverja formgalla. Þingið hefir einnig marglýst yfir því með atkvæði sínu, að sú skoðun er röng, að sérhver sú kosning sé ógild, sem einhver formgalli er á.

Júlíus Havsteen: Það er ekki í fyrsta sinn nú, sem h. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), reynir að slá sig til riddara með því, að hella skömmum yfir háyfirvöldin og aðra embættismenn, en mér finst hann standa þannig að vígi sem fyrverandi embættismaður, að það væri einhverjum öðrum hentugra en honum. Þar sem hann mintist á aumlegt réttarástand, er óhlýðnast væri úrskurði æðsta dómstóls landsins, þá mun hann hafa átt við það, að yfirrétturinn gæti skipað dómara að víkja úr sæti, og séu allar ástæður fyrir þessu aumlega réttarástandi á jafngóðum rökum bygðar, þá gef eg lítið fyrir þær.

Framsögumaður 2. kjörbréfadeildar (Klemens Jónsson): Önnur deild hafði til meðferðar 10 kjörbréf; við 9 af þessum kjörbréfum hefir deildin ekkert að athuga og leggur til, að þau verði samþykt eða allar kosningarnar, nema 2. þm. Árn. (Ó. Ó.), því að yfir þeirri kosningu hefir komið kæra, og skal eg leyfa mér að leggja það til, að áður en talað er um hana, þá beri forseti upp til atkvæða nú þegar, að allar hinar kosningarnar séu teknar gildar.

ATKV.GR.: Kosningar 9 þm. sþ. í e. hlj.

Framsögumaður 2. kjörbréfadeildar (Klemens Jónsson): Eins og eg tók fram áðan, hafði þessi deild 10 kosningar til meðferðar, og meðal þeirra var kosning 2. þm. Árn. (Ó. Ó.), en um hana hefir komið fram kæra frá 10 kjósendum. Kæran er í 2 aðalatriðum, og skal eg leyfa mér að skýra stuttlega frá innihaldi hennar. Kærendur skýra frá, að þegar allir hreppar sýslunnar höfðu kosið, **ásamt** kjörstjórninni, þá hafi 1. þm. Árn. (H. Þ.) einn náð löglegri kosningu með 206 atkvæðum. Þá hafi 2. þm. Árn. (Ó. Ó.) fengið 176 atkv., Eggert Benediktsson 172 og Pétur Guðmundsson 154; alls hafi þá greitt atkvæði 354 kjósendur, og Ól. Ólafsson því skort 1 atkv. upp á helming atkvæða eða 2 atkvæði til þess að vera kosinn; hafi þá flestir talið sjálfsagt, að kosið yrði um aftur, en að úr því hafi ekkert orðið, heldur hafi nokkrir menn, nokkru eftir að kjörstjórnin kafi verið búin að greiða atkvæði, riðið af stað, til þess að sækja kjósendur, og hafi þeir svo að 2 klukkustundum liðnum komið aftur með gamlan bónda, sem ekki hefði ætlað sér að sækja kjörfundinn, og ýtt honum á undan sér inn í kjörstjórnarherbergið, og hafi hann svo kosið Hannes Þorsteinsson og Ólaf Ólafsson; nokkru síðar hafi svo Ólafur Ólafsson greitt atkvæði þeim Hannesi Þorsteinssyni og sjálfum sér, og síðan hafi Eggert Benediktsson kosið þá Hannes og Ólaf, og að því búnu hafi því verið lýst yfir, að þeir væru rétt kjörnir þingmenn fyrir sýsluna. Annar póstur kærunnar byrjar með því, að þeir Ólafur Ólafsson og Eggert Benediktsson hafi báðir neitað að greiða atkvæði, þegar þeir voru kvaddir til þess fyrr um daginn með hreppsbúum sínum.

Eg skal taka það fram strax, að þetta atriði kærunnar er einskis virði, því að

menn eru eigi skyldir til að kjósa í þeirri röð, sem þeir eru lesnir upp, heldur geta kosið, er þeim sýnist, og kjörstjórnin leyfir það.

Kærendur kæra þá aðallega yfir því, að tekið hefði verið móti atkvæðum 2 tímum eftir að kjörstjórnin hafi sjálf verið búin að greiða atkvæði; sé þetta satt þá er það brot á móti 33. gr. og 34. gr. kosningalaganna og það mjög verulegt. Kærendur telja það vera á allra kjósenda vitund, að kosningaúrslitin mundu hafa orðið alt önnur, ef kosið hefði verið upp aftur. Hvort í þessu á að liggja ásökun til kjörstjórnarinnar fyrir hlutdrægni, skal ósagt látið, og eg skal láta þess getið, að á útskriftinni úr kjörbókinni er ekki annað að sjá, en kosningin hafi verið alveg lögleg; en þó er bókunin um sjálfa kosningargjörðina töluvert styttri en hjá flestum öðrum, og því ófullkomnari og ónákvæmari en vera ætti.

Til þess að taka alt fram, skal eg leyfa mér að geta þess, að hér hefir komið fram yfirlýsing frá oddvita kjörstjórnarinnar, og skal eg með leyfi hæstv. forseta lesa hana upp; hún hljóðar svo:

„Sem kjörstjóri við alþingiskosningar fyrir Árnessýslu að Selfossi 3. f. m. votta eg undirskrifaður hér með, að gefnu tilefni, að kjörstjórnin hafi aldrei lýst því yfir fyrir kjósendum, að kjósa þyrfti upp aftur, að eigi hafi orðið neitt hlé á kosningargjörðinni, til þess að bíða eftir atkvæðagreiðslu síðasta kjósanda, og að kosningarúrslitum hafi eigi verið sagt upp, fyr en síðasti kjósandi hafði greitt atkvæði sitt.

Staddur í Reykjavík 1. júlí 1903.
Sigurður Ólafsson“.

Þannig liggur þá málið fyrir, og er það krafa kærendanna, að kosningin sé dæmd ógild, hvað 2. þm. Árn. (Ó. Ó.) snertir. Því verður nú ekki neitað, að sé kæran sönn, þá er aðferð kjörstjórnarinnar gagnstæð allri venju og efalaust ólögleg; en þar sem ekki er full sönnun fyrir því, sem í kærunni stendur, og af því að hér liggur fyrir yfirlýsing í embættis nafni frá oddvita kjörstjórnarinnar, þó þar reyndar vanti yfirlýsingu um það, hvort kjörstjórnin hafi tekið á móti atkvæðum, eftir að hún var búin að kjósa, sem er aðalatriðið, þá þótti deildinni ísjárvert að neita gildi kosningarinnar, þar sem gallarnir eru kjörstjórninni að kenna, og ákvað því að leggja það til, að kosningin yrði tekin gild; en beina því um leið til landstjórnarinnar, hvort eigi væri ástæða til að höfða rannsókn út af athæfi kjörstjórnarinnar, og að því búnu koma fram ábyrgð gegn henni eftir atvikum.

Eg finn svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um kosninguna að þessu sinni, þótt reyndar væri full ástæða til að beina nokkrum orðum að hinum gífurlegu ákúrum og áburði á kjörstjórn Strandasýslu af hálfu 2. þm. Kjósar- og Gullbr.sýslu, en eg vænti, að hann sjálfur sýni það nú með atkvæði sínu, að hann hefir óspilta og sanna réttartilfinningu, og meti á sama hátt gallana við þessa kosningu, þó flokksmaður hans eigi í hlut, og gallann við kosningu þm. Strand. (G. G.). Mér getur ekki dulist, að það eru gallar á báðum, en á hinn bóginn virðist mér viðurlitamikið að ógilda kosningarnar fyrir það, og svifta með því þingið þingmannskröftum, sem það má ekki missa, einkum úr því það er kjörstjórnin í báðum tilfellum, sem drýgt hefir syndina.

Valtýr Guðmundsson: Mér þótti háttv. framsm. (Kl. J.) ekki orða tillögu sína, eins og ákveðið var í deildinni.

Tillaga mín, sem samþykt var í deildinni að borin yrði fram, var sú, að deildin legði til, að kosning 2. þm. Árn. (Ó.Ó.) yrði tekin gild, og að það væri látið vera á valdi yfirvaldanna, hvort þau vildu láta rannsaka hana. En að því, er snertir afstöðu mína til þessarar kosningar, þá skal eg játa, að nokkur óregla hefir átt sér

stað við hana, en þegar litið er á kosningar þær, sem samþyktar hafa verið á undanförnum þingum, þar sem líkt hefir staðið á, þá álít eg rétt að taka þessa kosningu gilda, þar sem hér er að eins um smáformgalla að ræða, en á hinni kosningunni (kosningu þm. Strand.) eru gallarnir svo miklir, að ekki er hægt að samþykkja hana; en, sem sagt, galla álít eg á þessari kosningu líka, en eg vil, að þingið láti í ljós að slíkt athæfi, sem kjörstjórnin í Strandasýslu hefir sýnt af sér, haldist ekki uppi framar.

Framsögumaður (Klemens Jónsson): Eg þarf ekki að svara h. 2. þm. G.-K. (V. G.) miklu; en samt kunni eg illa við, þar sem hann bar mér það á brýn, að eg hefði borið tillöguna öðruvísi fram en hún var samþykt í deildinni. H. þm. var ekki einn um að orða tillöguna og getur því ekki tileinkað hana sér einum; við vorum fleiri, sem skrifuðum tillöguna, og eg verð algjörlega að neita því, að eg hafi komið fram með tillöguna í öðru formi en hún var samþykt í deildinni, og skýt eg því undir alla deildina.

H. 2. þm. G.-K. (V. G.) gat þess, að á þessari kosningu væri að eins um lítilvægan galla að ræða, en ef tekið er tillit til þess, að kosningaúrslitin hefðu orðið alt önnur, ef kosið hefði verið upp aftur, þá er hér um stórvægilegan galla að ræða; kærendur segjast meira að segja ekki vera í neinum vafa um, að ef tvíkosið hefði verið, þá mundi Ól. Ólafsson hafa fallið, þar sem allmargir af fylgismönnum hans voru farnir burt af kjörfundi, áður en úrslitin voru kunngerð af kjörstjórninni, en aftur á móti hafi kjósendur eins þingmannsefnisins, Pjeturs Guðmundssonar, því nær allir haldið hóp. Hér er því alls ekki um neinn smágalla að ræða; en samt sem áður vil eg leggja það til, að kosningin verði tekin gild, af því að gallarnir á henni eru af hendi kjörstjórnarinnar.

Lárus H. Bjarnason: Mér þótti h. framsm. (Kl. J.) taka nokkuð lint í þetta mál. Hann lagði áherzlu á, að það lægi ekki neinar sannanir fyrir um, að það sé satt, sem kærendur bera fram Það er mikið rétt; en einmitt þess vegna væri í sjálfu sér full ástæða til að setja nefnd í þetta mál. Í hitt málið var ástæðulaust að setja rannsóknarnefnd, því þar voru allir málavextir fullupplýstir.

Eg er ekki í neinum vafa um, að kosning þessi er stórgölluð eftir beinum ákvæðum kosningalaganna. Eg er heldur ekki í neinum vafa um, að réttast væri í rauninni að senda þennan þm. heim aftur.

Þegar kjörstjórnin var búin að færa inn atkv. sín — og kosningarathöfninni átti þar með að vera lokið — þá vantaði þenna þm. 2 atkv., en ekki 1 upp á að hafa meira en helming greiddra atkv. Í stað þess nú að láta ganga til nýrrar kosningar, þá leyfði kjörstjórnin sér að bíða nærri von úr viti eða fulla 2 tíma; þá var einhver sendur af stað — eftir því sem menn segja af kjörstjórninni — til þess að sækja gamlan mann, og þegar hann var kominn og búinn að neita atkvæðisréttar síns, og þm.efnið (Ól. Ól.) hafði greitt sjálfum sér atkv., var því lýst yfir, að hann væri rétt kosinn þm. fyrir kjördæmið.

Það er líka að öllum líkindum lítill vafi á því, að ef kosið hefði verið um aftur, þá hefði þm. ekki náð kosningu, því að margir af kjósendum hans voru þá farnir heim, og því væri í rauninni ástæða til, að hann væri útilokaður frá þingsetu; en enn þá ríkari ástæðu hefðu þeir, 2. þm. G.-K. (V. G.) og þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), sem glamra svo mikið um það, hvað þeir finni sárt til alls ranglætis, haft til að standa nú upp og láta hringla í kvörnunum.

En þótt þessir stóru gallar séu á kosningunni, þá hefi eg bæði í gær og í dag

viljað láta samþykkja hana. Eg álít ekki rétt fyrir oss meirihlutamenn að brjóta niður minni hlutann með því að svifta þennan mann þingmensku. — Við erum í meiri hluta hvort sem er og höfum því ráð á að vera sanngjarnir eða réttara sagt mildir, enda er kosningin í Strandasýslu ekki alveg gallalaus.

Viðvíkjandi tillögu 1. þm. Eyf. (Kl. J.), þá er hún að vísu betri en ekkert, en mér hefði þótt betra, að komið hefði fram tillaga um, að skora á landsstjórnina að ávíta kjörstjórnina alvarlega fyrir þessar gjörðir hennar.

Eggert Pálsson: Það er ekki gaman að sitja yfir slíkum og þvílíkum kærumálum, sem hér er um að ræða, en oft verður að gjöra fleira en gott þykir. Það er eitt af hlutverkum þingsins að skera úr svona löguðum kærumálum, og þarf það að gjörast bæði með réttvísi og sanngirni. Hér liggja sérstaklega fyrir 2 kærur, nfl. út af kosningu þm. Strand. (G. G.) og 2. þm. Árn. (Ól. Ol.), og hefir það verið viðurkent, að í báðum þessum tilfellum séu gallar á kosningunni. En þegar um galla á kosningum er að ræða, þá geta þeir verið mismunandi. Þeir geta í einu tilfellinu verið fremur hjá frambjóðendum eða kjósendum, en í hinu tilfellinu hjá kjörstjórninni sjálfri.

Að því er snertir kosningu þm. Strand. (G. G.), þá er það sannað og viðurkennt, að gallarnir á henni liggja fremur hjá frambjóðandanum og meðmælendunum en hjá kjörstj.; en í þessu tilfelli, er nú liggur fyrir, er ekki að ræða um aðra galla en þá, sem kjörstj. sjálf er höfundur að. Og þegar svo er ástatt, þá er varúðarvert fyrir þingið að samþykkja slíkt orðalaust, því að í framtíðinni gæti það reynst hættulegt, ef kjörstjórninni væri sett í sjálfsvald að setja á þingmannabekkina þann þingmanninn, sem hún sjálf helzt vildi kjósa.

Formgalli sá, sem hér er um að ræða, er fólginn í því, að þingmannsefnið fekk ekki við fyrstu kosningu nægan atkvæðafjölda til þess, að vera rétt kosinn. Í flestum tilfellum mundi þá réttsýn kjörstjórn hafa látið ganga til kosningar að nýju; en í stað þess að gera það, bíður kjörstjórnin í 2 tíma, á meðan verið er að sækja mann neðan eða austan úr Flóa. Ef það er rétt, sem í kærunni stendur, þá ætti vissulega þingið, ef það færi eftir réttvísinni eingöngu, að dæma kosningu þessa ógilda. En þingið á ekki að eins að dæma með réttvísi, heldur líka með sanngirni. Og með trausti til þess, að sanngirni ráði jafnhliða réttlætinu, munu slíkar kærur vera lagðar undir þess úrskurðarvald. Ef því farið væri eftir réttlætinu einu saman í þessu tilfelli, þá yrði að vísa þingmanni þeim, sem hér er um að ræða, heim. En jafnframt mundi þá eitt af hinum stærstu kjördæmum landsins verða þingmannslaust og það valda miklum baga. Og þar sem þessi maður þar að auki er líklegur til að verða mjög nytsamur fyrir kjördæmi sitt, sem og alt landið með setu sinni á þingi, þá virðist eigi rétt, að þingið láti nú réttlætið sitja í fyrirrúmi fyrir sanngirninni. Og legg eg það því til — þrátt fyrir hina mikilvægu galla kosningarinnar — að hinum umrædda þingmanni verði veitt seta á þinginu, svo að sjá megi, að vér beitum ekki valdi, heldur engu síður og miklu fremur sanngirni.

Hermann Jónasson: Eg get ekki fylgst með meðdeildarmönnum mínum í þessu máli, því að ef kæra þessara 10 manna er sönn, þá er þetta efalaust einhver hin svartasta kæra yfir þingkosningum, sem nokkru sinni hefir komið fram; en sterkar líkur eru fyrir því, að kæran sé sönn; því að þar sem um svo þunga ákæru er að ræða, þá er ólíklegt, að 10 nafngreindir kjósendur hefðu ritað nöfn sín undir hana, án þess að hún hefði við full rök að styðjast. Vottorð kjörstjórnaroddvitans, sem liggur einnig fyrir og framsm. las upp, styrkir einmitt þetta,

því að það játar óbeinlínis annað atriði kærunnar, en gengur fram hjá hinu.

Það er einnig tekið fram í kærunni, að það sé bersýnilegt, að úrslit kosninganna hefðu orðið alt önnur, ef kjörstjórnin hefði farið rétt að ráði sínu. Ef kæran er sönn, þá hefir kjörstjórnin drýgt auðsýnilegt lagabrot, til þess að koma þeim manni, sem hún vildi, í þingmannssætið.

Þetta eru svo þungar sakir, að eg álít ekki, að þingið geti samþykt kosninguna, án þess að krefjast af landsstjórninni, að hún taki hér alvarlega í taumana og láti rannsaka þetta mál. Þingið hefir að vísu hingað til samþykt kosningar, þótt gallar hafi verið á þeim, af því að gallarnir hafa verið svo vaxnir, að þeir hafa ekki haft nein áhrif á úrslit kosninganna; en hér er ekki því að heilsa; hér eru gallarnir annars eðlis en nokkru sinni áður. Mér finnst því hvorki réttsýni eða sanngirni mæla með því, að samþykkja þessa kosningu, því að með því að gera það, beygir þingið meiri hlutann, og það er ekki sanngjarnt gagnvart kjördæminu að láta minni hlutann ráða eða láta kjörstjórnina skapa því þingmann. Sá virkilegi meiri hluti átti að ráða, og þenna meiri hluta vill þingið brjóta á bak aftur, ef það tekur kosninguna gilda. Það má enginn skilja orð mín svo, að eg hafi á móti þeim þingmanni, sem hér ræðir um; fjarri fer því; en eg verð að leggja áherzlu á, að svona löguð aðferð af kjörstjórnarinnar hálfu verði ekki að eins harðlega vítt, heldur líka rannsökuð.

Kristján Jónsson: Eg ætla að eins að segja fáein orð í tilefni af því, er 1. þm. Húnv. (H. J.) sagði. Eg ætla alls eigi að tala um gildi kosningarinnar; eg býst við, að hún verði samþykt, en eg tek til máls, af því að þm. Húnv. (H. J.), bar svo þungar sakir á kjörstjórnina, að eg hefi ekki heyrt slíkar áður, og beindist hann aðallega að manni þeim í kjörstjórninni, sýslumanninum, sem eg hefi lengi þekt og tel vin minn, manni, sem er einn af ágætustu embættismönnum þessa lands, manni, sem ekki vill vamm sitt vita, og eg neyðist til að lýsa því yfir, að ef þm. Húnv. (H. J.) eigi tekur aftur þau orð sín, að kjörstjórnin og einnig þessi embættismaður hafi komið þannig fram, sem hún gerði, og hagað kosningunni svo, sem hún gerði, til þess að koma röngu fram, þá hefir hann hér borið fram ákæru, sem hann getur ekki staðið við og sem hann má bera kinnroða fyrir. Áburð sinn studdi h. þm. Húnv. (H. J.) við kosningakæruna, sem fram hefir komið, en það er kunnugt, að slíkar kærur eiga oft rót sína að rekja til persónulegrar óvildar einnar, eru órökstuddar og óáreiðanlegar, og um þessa kæru er það að segja, að hún er með öllu ósönnuð og órökstudd. Undir henni standa 10 nöfn, og þótt eg sé töluvert kunnugur í þessari sýslu, þá þekki eg ekki eitt einasta þeirra. Það er víst, að enginn málsmetandi maður hefir undirritað hana, og vel mætti spyrja, hver sá Jón Jónsson er, sem síðastur hefir undirskrifað kæruna. Þegar nú þm. Húnv. (H. J.) styðst við þannig lagaða kæru eingöngu og ekkert annað, þá finst mér sannarlega hann hafa farið nokkuð langt og harla óvarlega í áburði sínum á kjörstjórnina. Þegar líkum aðdróttunum var hreyft í rannsóknardeildinni, þá tók h. 1. kgkj. þm. (J. H.) svari þessa umrædda embættismanns og bar sakir af honum; eg hafði búist við því, að hann mundi einnig gera það hér í deildinni, en vegna þess að eg sá, að svo ætlaði eigi að verða, þá hefi eg fundið mig knúðan til þess, að koma fram með þessi mótmæli.

Framsögumaður 2. kjörbréfadeildar (Klemens Jónsson): H. 1. þm. Húnv. (H. J.) vék því að mér, að eg hefði látið fyrirfarast að lesa upp, nema annað af vottorðum kjörstjórans. Til þess að verða við tilmælum þm., skal eg með leyfi hv. forseta leyfa mér að lesa upp úr hinu

vottorðinu það, er eg álít geta komið til greina. Þar stendur svo: „Síðan fór kjörstjórnin að bera saman kjörskrárnar og atkvæðaskrána og telja saman atkvæði, og stóð það verk yfir nálægt 2 klukkustundir, en um sama leyti, sem því var lokið, gáfu sig fram 3 kjósendur, er eigi höfðu áður greitt atkvæði, og leyfði kjörstjórnin þeim að kjósa". Eg skal játa það, að orðin liggja hér dálítið á huldu og eru hvergi nærri ljós eða skýr, en um neina játningu á því, að fyrirmælum kosningalaganna hafi ekki verið fylgt, getur þó ekki verið að ræða.

Hvað snertir ræðu háttv. 3. kgkj. (Kr. J.), þá hefi eg ekki annað við hana að athuga en það, að mér dylst það alls ekki, að hann fer með rangt mál, er hann ekki vill taka tillit til kærunnar, af því að hann kannast ekki við nein af þeim nöfnum, er undir henni standa; mennirnir geta verið eins góðir fyrir það, og auk þess mun hann ekki vera gagnkunnugur í þessu kjördæmi. Eg þekki heldur ekki neinn af þessum kærendum, en þar fyrir dettur mér ekki í hug að álíta, að mennirnir geti ekki verið eins góðir fyrir því og kæran á jafngildum rökum bygð. Fyrir hönd kærendanna leyfi eg mér því að mótmæla því, að ákúrur háttv. 3. kgkj. (Kr. J.) séu á rökum bygðar að því, er til kærendanna kemur. Þeir hafa skýrt frá því, hvernig kosningunni hafi verið hagað, og til þess hafa þeir fult leyfi. Yfir höfuð er það ekki rétt, að gera upp á milli kærenda og hinna kærðu; þeir standa allir jafnréttháttt, og sízt á það við af dómara að gera slíkt.

Framsögumaður 3. kjörbréfadeildar (Lárus H. Bjarnason): Þriðja kjörbréfadeild hefir rannsakað þau 9 kjörbréf, er henni voru fengin. Hún fann ekkert að þeim og leggur því til, að þau verði samþykt.

FYRSTI FUNDUR í efri deild miðvikudaginn 1. dag júlímánaðar.

Eftir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum, kom efri deild alþingis saman í þingsal efri deildar.

Þessir þm. áttu sæti í deildinni og voru allir komnir:

Konungkjörnir þingmenn:

1. Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm.
2. Hallgrímur Sveinsson, 2. — —
3. Kristján Jónsson, 3. — —
4. Jónas Jónassen, 4. — —
5. Árni Thorsteinson, 5. — —
6. Eiríkur Briem, 6. — —

Þjóðkjörnir þingmenn:

1. Guðjón Guðlaugsson, þm. Strand.
2. Guttormur Vigfússon, 2. þm. S.-Múl.
3. Jón Jakobsson, 2. þm. Húnv.
4. Sigurður Jensson, þm. Barðstr.
5. Valtýr Guðmundsson, 2. þm. G.-K.
6. Þorgrímur Þórðarson, þm. A.-Sk.

Eftir áskorun landshöfðingja stýrði elzti þingmaður deildarinnar, Árni Thorsteinson, 5. kgk. þm., forsetakosningu og kvaddi sér til aðstoðar sem skrifara Jón Jakobsson, 2. þm. Húnv., og Sigurð Jensson, þm. Barðstr.

Forseti var kosinn *Árni Thorsteinson*, 5. kgk. þm., með 11 atkv.

Síðan var kosinn varaforseti deildarinnar Hallgrímur Sveinsson, 2. kgk. þm., með 6 atkv.; 5 seðlar voru auðir. Að því búnu voru kosnir skrifarar deildarinnar, þeir Jón Jakobsson og Sigurður Jensson, hvor um sig með 6 atkv.; fjórir seðlar voru auðir, en Guttormur Vigfússon og Guðjón Guðlaugsson fengu sitt atkv. hvor.

ANNAR FUNDUR fimtudaginn 2. dag júlímánaðar kl. 1 e. h.

Allir á fundi.

Forseti skýrði frá, að hann eftir að síðasta fundi var slitið, hefði fengið bréf frá landshöfðingja um, að lagt mundi

verða fyrir deildina á fundi í dag eftirfylgjandi frv.

1. Frv. til laga um kosningar til alþingis.
2. Frv. til laga um verzlunarskrár, firma og prókúru.
3. Frv. til laga um vernd á vörumerkjum.
4. Frv. til laga um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitafélög.
5. Frv. til laga um varnir gegn berklaveiki.
6. Frv. til laga um líkskoðun.
7. Frv. til laga um breyting á gildandi ákvæðum um dómsmála og aðrar almennings-auglýsingar.
8. Frv. til laga um breyting á lögum 13. okt. 1899 um skipun læknahéraða á Íslandi.
9. Frv. til laga um breyting á 3. gr. laga 2. nóv. 1885 um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla.
10. Frv. til laga um viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur.

Öll þessi frv. voru lögð fram á fundinum.

Breyting á stjórnarskránni.

FRUMVARP til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874 (C. bls. 217); 1. umr., 16. júlí.

Kristján Jónsson: Þá er þetta frv. enn af nýju komið hér fyrir þessa háttv. deild, og er það að sjálfsögðu alveg samhljóða frv. því, er samþykt var af báðum deildum þingsins í fyrra með öllum atkv. Það mætti því líta svo út, sem eigi væri nein ástæða til þess, að skipa nú nefnd hér í deildinni, til þess að athuga málið af nýju. Málið var í fyrra rækilega athugað hér í deildinni, og frv. þá samþykt í e. hlj., og þar sem nú sitja hér níu hinir sömu menn og þá, þá þykist eg eigi mæla of djarflega, þó ég telji úrslit og forlög þessa frv. hér í deildinni alveg vís. Alt að einu álít eg þó réttara, að málið sé sett í nefnd, og eg vil fyrir mitt leyti leggja það til, að svo sé gert.

Önnur aðalástæðan til þess er sú, að Nd. hefir skipað nefnd, til þess að athuga málið, og þessi nefnd hefir gert nákvæma grein fyrir áliti sínu og afstöðu til málsins. Mér virðist því rett, að vér hér í deildinni fetum í fótspor Nd. að þessu leyti. Þessari deild ber auðvitað sami réttur og sama skylda til þess, að yfirvega málið svo nákvæmlega, sem unt er, eins og h. Nd., og eg álít ekki of mikið aðgert, þó skipuð sé nefnd hér, sem athugi það enn á ný, afstöðu þess nú og horfur þess með tilliti til hagsmuna alls landsins og fyrir framtíð þess.

Þetta er önnur aðalástæðan fyrir því, að eg vil leggja það til, að skipuð sé nefnd í málinu. En jafnframt vil eg geta þess, að fyrir mér vakir einnig önnur ástæða til þess, nfl. sú, að nú á þessu síðasta ári hefir verið vakin deila um það, hvort frv. þetta eigi hefði í sér fólgna skerðingu á landsréttindum Íslands. Þó eg fyrir mitt leyti eigi geti verið þeirrar skoðunar, þá er það þó réttmæt krafa þeirra manna, sem þessu halda fram og sem eru félagsborgarar þessa lands, alveg eins og vér hinir, að tillit sé tekið til álits þeirra á málinu, skoðun þeirra og mótbárur rækilega athugaðar, og sýnt fram á það með rökum, að eigi verði fallist á þær.

Af þessum ástæðum vil eg leyfa mér, þrátt fyrir það, þó eg álíti, að málið hafi í fyrra verið rækilega íhugað af báðum deildum og þó sérstaklega í þessari deild, að gera það að uppástungu minni, að kosin verði 5 manna nefnd, sem falið verði að íhuga málið, og gefa álit um það, eins og það nú horfir við.

Sigurður Jensson: Eg stend hér upp, til þess að lýsa ánægju minni yfir því, að

fram hefir komið uppástunga um að skipa nefnd, til þess að athuga þetta mál enn á ný, og jafnframt til þess að styðja þá uppástungu. Þetta mál, sem hér liggur fyrir og stendur til að ráðið verði til lykta, er svo mikið stórmál og svo þýðingarmikið fyrir landsréttindi Íslands, að það dugir ekki að kasta til þess höndunum, heldur verður að athuga það svo rækilega, sem frekast er kostur á, áður en nokkur endanleg ákvörðun er tekin. Þetta er mál, sem fremur flestum öðrum málum hefir mikla og langvarandi þýðingu fyrir alda og óborna, en því þýðingarmeira, sem málið er, því þyngri hvílir ábyrgðin á þeim, sem ráða því til lykta, að þeir ekki rasi fyrir ráð fram, en athugi málið út í yztu æsar.

Eg hefi haft tal af mörgum þm. um þetta mál, sem hafa viljað álíta, að búið væri að hugsa alt um þetta mál og segja alt um það, sem hægt væri um það að hugsa og segja. En eg get ekki verið á skoðun þessara manna; eg álít, að þetta og þvílík mál verði aldrei of vandlega hugað.

Eg lýsi því hreinskilnislega yfir, að eg vildi helzt geta samþ. þetta frv. nú, eins og í fyrra, en til þess eg geti það, verð eg að vera sannfærður um það, að í því séu engin atriði, sem skerði landsréttindi Íslands. Mér dylst það að vísu ekki, að frv. þetta felur í sér talsverðar breytingar til hins betra, en því að eins vil eg þó ljá því atkvæði mitt nú, að eg sé sannfærður um, að landsréttindum Íslands sé af því enginn háski búinn. Eg hefi reynt að athuga og leggja á metin allar þær ástæður, sem að því geta leitt að sannfæra mig um, að óhætt sé að samþykkja frumvarpið, eins og það liggur fyrir, og að það í þessari mynd eigi geti orðið landsréttindum vorum að tjóni. En það, sem er athugaverðast frá mínu sjónarmiði, er það, að einmitt ástæður þeirra manna, sem mest og bezt hafa reynt að verja frv., einmitt þær hafa orðið til þess að vekja hjá mér sterkastar efasemdir. Mér finst þessar ástæður hafa verið svo á huldu og svo ósannar, að eg fyrir mitt leyti eigi geti á þeim bygt, og einmitt þess vegna vil eg leggja það til eða mæla með því, að nefnd verði skipuð hér í deildinni nú, til þess að athuga frv. enn á ný, nefnd, sem athugi málið sem allra bezt og leggi fyrir deildina þær ástæður, sem hún getur fundið, og eg vil bæta því við, að eg vildi óska, að þær ástæður yrðu veigameiri en ástæður, sem nefndin í Nd. hefir fært fyrir frumvarpinu.

Eg verð að líta svo á, sem nefndinni í Nd. hafi ekki tekist að færa nægilegar ástæður fyrir þeirri niðurstöðu, sem hún hefir komizt að og ráðið deildinni til þess að samþykkja. Eg álít mér sem hverjum öðrum þingmanni heimilt að finna að röksemdum nefndarinnar.

Það má kannske segja, að aðrir hafi betur vit á þessu máli en eg og séu betur til þess fallnir, en eg verð þó að dæma eftir mínu viti, og vil eg þá minnast á nokkurar af hinum helztu ástæðum hinnar háttv. Nd.

Ein ástæðan, sem eg hefi rekið augun í, er sú, þar sem í nefndarálitinu segir: „Vér lítum svo á, að ákvæðið um, að ráðherrann skuli fara svo oft, sem nauðsyn er á, til Khafnar, til þess að bera upp fyrir konungi, í ríkisráðinu, lög og mikilsvarðandi stjórnarákvarðanir, sé slík fyrirkomulagsregla, og það er svo langt frá því, að þar með sé viðurkent gildi danskra grundvallarlaga á Íslandi, að því er þvert á móti slegið föstu með ákvæðinu, að hér sé um fyrirkomulag að ræða, sem taki til hins íslenzka löggjafarvalds að ákveða um, svo sem önnur sérstök málefni Íslands“.

Eg get ekki séð, að það sé með þessu sannað, að ráðgjafi vor sitji ekki í ríkisráðinu samkvæmt hinum dönsku grundvallarlögum. Það hafa þvert á móti verið færð allskýr rök fyrir því, í umræðum um málið á undan þingi, að það verði

einmitt samkvæmt grundvallarlögunum, að ráðgjafinn sitji í ríkisráðinu, og nefndin gerði alls ekkert til að hrinda þessum rökum. Eg veit það vel, að konungur vor getur kvatt ráðgjafa vorn, sem annan danskan ráðgjafa, til setu í ríkisráðinu, en heimildin, sem konungur gerir það eftir, er þá grundvallarlögin dönsku og ekkert annað. En það höfum vér ekki viljað og viljum ekki undirgangast.

Eg fæ nú ekki séð, hvernig hin háttv. nefnd getur kastað þessu fram, því að eg fyrir mitt leyti álít, að þetta atriði sé alls ekki efasamt; en það var annað, sem nefndin átti að rannsaka og færa okkur heim sanninn um, það nfl., hvort þetta atriði, skilið á þann hátt, sem Danastjórn hefir skilið það, sé svo þýðingarmikið, að við þess vegna eigi gætum staðfest frv. Það er einmitt þetta, sem við þurfum að vita með fullri vissu.

Svo er annað atriði í nefndaráliti Nd., þar sem tekið er fram, að ráðherrann hitti konung í ríkisráðinu og beri þar upp fyrir honum — ekki öðrum — mál þau, er hann hefir að flytja. Þetta er sama órökstudda staðhæfingin og hitt. Meiningin með þessum orðum, „í ríkisráðinu“, hlýtur auðvitað að vera sú, að ráðherra Íslands beri þar upp sérmál Íslands fyrir konunginum með ráðgjöfum hans, og er því ekki til neins að vera að setja það með breyttu letri, að ráðgjafi Íslands beri málin þar upp fyrir „honum“ einum, enda játar nefndin svo strax á eftir, að hann beri málin upp fyrir ríkisstjórninni. Eg álít, að það hefði legið miklu nær fyrir nefndina í Nd. að taka það fram, hvort ríkisráðsákvæðið hefði svo verulega þýðingu fyrir sérréttindi Íslands, að þeim gæti með þessu ákvæði verið stofnað í hættu.

Það eru ýms önnur atriði í nefndarálitinu, sem mér virðast viðsjál og bygð í lausu lofti. Þannig stendur til dæmis, að það vinnist nú, að ráðherra Íslands verði til staðar, til þess að standa fyrir máli sínu og Íslands o. s. frv.; þetta skil eg ekki, því að hingað til hefir ráðgjafi Íslands, eins og allir vita, altaf verið til staðar í ríkisráðinu, en eftir þessu frv. kemur hann þar hér eftir ekki nema einstöku sinnum, og þess vegna finst mér ekki ástæða til að taka það fram sem ávinning við frumvarpið; hann verður einmitt sjaldnar í ríkisráðinu eftir en áður, til að standa fyrir málum vorum. Eg vil enn fremur benda á orð í nefndaráliti Nd., að sérstaða Íslandsráðherrans í ríkisráðinu sé nú orðin sjálfsögð og ómótmælanleg. Eg veit nú ekki, hvað meint er með þessum glæsilegu orðum, nema ef það er það, að vér nú höfum fengið sérstakan ráðgjafa í stað þess, að vér áður höfðum part af ráðgjafa, og sé nokkur önnur meining í þessum orðum, þá er hún mér alveg óljós og mér finnast orðin óþarflega hátíðleg. Eg ætla mér ekki að fara að rekja í sundur alt nefndarálitið, en það vil eg segja, að ef vörn nefndarálitsins fyrir frumvarpsákvæðinu er öll bygð svo í lausu lofti, sem mér sýnist vera, þá mun líka fara að losast um ályktanina, sem út af þeim er dregin, nfl. að þetta ákvæði frumvarpsins: „í ríkisráðinu“ geti ekki á neinn hátt skert sérréttindi eða sjálfstæði Íslands o. s. frv.

Eg álít, að það væri réttast, að við tökum frumvarpið, eins og það er, og reynum að skilja það rétt og að við lýsum því yfir fyrir þjóðinni, að við tökum þessu boði af þeim ástæðum, að við álítum, að gömlu kröfurnar séu ekki svo mikils virði, að tilvinnandi sé fyrir okkur að sleppa þeim réttarbótum, sem felast í þessu frv., fyrir þær, og að við vonum, að alt gangi vel og að okkur verði engin hætta búin með því að taka þessu boði. En ef ástæður nefndarálitsins falla og eru í lausu lofti bygðar, þá snýst ályktunin við o: þetta ákvæði skerðir þá einmitt réttindi eða sjálfstæði Íslands.

Eg hefi minst á þessi atriði, af því að

eg vona, að nefnd sú, sem skipuð verður í þetta mál, athugi það rækilega, sérstaklega að því, er þetta eina ákvæði snertir, og að hún færi svo skýr og ljós rök fyrir sínu máli, að menn geti séð, að hún hafi hrakið orð þeirra manna, sem hafa látið þá skoðun í ljós, að það geti verið hættulegt fyrir sérréttindi Íslands að samþykkja frumvarpið með þessu ákvæði um ríkisráðssetuna, og segi eg þetta vegna þess, að eg vona, að nefndin hér taki þetta mál þannig til rækilegrar íhugunar.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.; 5 manna nefnd samþ. í e. hlj.; að viðhafðri hlutfallskosningu voru í hana kosnir:

Eiríkur Briem,
Kristján Jónsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Valtýr Guðmundsson,
Guttormur Vigfússon.

Önnur umr., 27. júlí. (C. bls. 217, 322).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg, sem af nefndinni hefi verið kosinn til þess, að hafa á hendi framsögu þessa máls, mun að þessu sinni og á þessu stigi þess verða mjög fáorður, því frá nefndarinnar sjónarmiði er engin ástæða til nú að fjölyrða um málið. Frv. þetta er orðrétt samhljóða frv. því, sem lá fyrir þinginu hér í fyrra um sama efni. Það var þá sett í nefnd hér í deildinni og komst sú nefnd að hinni sömu niðurstöðu, og nefndin, sem skipuð var í Nd., og gerði þá ítarlega grein fyrir áliti sínu. Nú hefir nefndin hér aftur athugað málið af nýju, og komist enn að sömu niðurstöðu. Þessi 2 nefndarálit, álit nefndarinnar í fyrra sumar, og hið fyrirliggjandi nefndarálit, mynda eina samanhangandi heild, sem framhald hvort af öðru, og ætlast nefndin til, að svo sé á þau litið. Eg sé því enga ástæðu til að fjölyrða um málið nú, enda get eg ekki mælt frekar eða betur með því, en gert er í nefndarálitinu; eg hefi þar engu við að bæta.

Þó er það eitt atriði í málinu, sem eg vildi minnast á með fáum orðum, atriði, sem eigi er minst á í nefndarálitinu, en vakað hefir fyrir mér sem mikilsvarðandi atriði og styrkt hefir þá skoðun mína, að það eigi nú að samþykkja þetta frv. til fulln ðar og ráða þannig til lykta stjórnarmálsbaráttunni. Þetta atriði eða ástæða er öllum full kunn, en það er ófriður sá og óvild og úlfúð, sem átt hefir sér stað meðal þjóðarinnar síðan 1895, og sem hefir haft svo afarill áhrif á þjóðlíf vort, því verri, því lengur sem baráttan hefir staðið, og verst og ógeðslegust hefir baráttan verið nú á síðustu árunum. Þessi barátta hefir verið svo heit og óvægin og siðspillandi og friðspillandi, að eg tel það mjög efasamt, að nokkur ærukær maður muni framvegis vilja gefa sig við stjórnmálum hér á landi, ef hann jafnframt á það á hættu, að lenda í slíkum ófriði; eg tel það mjög efasamt, að nokkur sá, sem vill hafa nafn sitt óflekkað, fáist til að hætta sóma sínum í þess konar deilum. Vitanlega er þessi ástæða eigi ein næg til þess, að mælt sé með því, að frv. sé samþykt, en hún er ein með mörgum öðrum, sem meðmælendur frv. styðjast við, og þar sem frv. óefað felur í sér mjög miklar réttarbætur, þá sýnist mér ekki vera nein ástæða til að slá því á frest, að samþ. það.

Að þessi barátta hafi haft ill áhrif á þjóðina í heild sinni, það munu allir kannast við, sem opin hafa haft augun og eyrun, enda sýna bæði blöðin og ritlingar þeir, sem rignt hefir niður á síðustu árum, að svo er. Menn eru nú alment, bæði í ræðu og riti, hættir að færa skynsamlegar og sannandi ástæður fyrir málum sínum, en hitt er orðin aðferðin, að reyna að vekja tortrygni og hatur, úlfúð og illindi og þyrla upp ryki, til þess að blekkja, í stað þess að saunfæra. Þetta hefir aftur haft áhrif í þá átt, að afvegaleiða

alþýðuna, og það er sannarlega ilt, ef þetta mál skyldi verða til þess, að spilla og afvegaleiða þjóðina í heild sinni. Við megum sannarlega ekki við því, að hún siðspillist; það er þá alt of mikið lagt í sölurnar. Einn ávöxturinn af þessari baráttu er flokkaskiftingin hjá þjóðinni og í þinginu, sem engan skynsamlegan stað á sér nú. Árin 1895, 1897, 1899 og 1901 var flokkaskiftingin í þinginu bygð á viðunanlega réttum grundvelli; þá voru í landinu 2 flokkar, sem héldu fram 2 nokkuð ólíkum stefnum í málinu, flokkar, sem báðir höfðu mikið til síns máls, þótt eg álíti, að annar þeirra hafi fylgt rangri stefnu; en síðan í jan. 1902, er vér fengnum konungsboðskapinn fræga, hefir engin lögmæt flokkaskifting verið til, því að síðan hafa allir verið sammála um það eina atriði, sem flokkaskiftingin bygðist á, nfl. um það, að þiggja bæri stjórnartilboðið; þeir hafa því með réttu ekki getað kallast flokkar, heldur „klíkur", skapaður af óvild, ríg og úlfúð.

Öllum er það augljóst, hvað þetta spillir fyrir framgangi nauðsynjamála vorra á þingi, en eg skal þó ekki leggja eins mikla áherzlu á það, eins og hitt, hversu mjög það hefir spilt alþýðunni, blindað hana og „demóraliserað".

Eg hefi minst á þetta að eins til þess, að benda á, hvað mikla og varhugaverða þýðingu barátta þessi hefir haft fyrir þjóðina, og jafnframt til þess, að gera grein fyrir því, að þetta hefir haft þau áhrif á mig, að styrkja mig í þeirri skoðun, sem haldið er fram í nefndarálitinu. Eg hefi tekið þetta fram hér af þeirri ástæðu, að þess er eigi getið í nefndarálitinu, enda þótti eigi vel við eiga að geta þessa þar. Eg skal svo ekki fjölyrða frekar um málið á þessu stigi þess, en vil leggja það til, að frv. verði samþykt.

Að lokum vil eg leyfa mér, að benda á nokkurar prentvillur, sem eg hefi rekið mig á í frv. Þannig er í 3. gr. „annað hvert" f. annaðhvort og í 7. gr. „hvert" fyrir hvort. Enn fremur hafa í 1. gr. 2 orð skifst á, og þarf að leiðrétta þetta.

Sigurður Jensson: Eg hreyfði því við 1. umr. þessa máls, að mér þætti ísjárvert, að samþykkja þetta frv óbreytt, og eg verð að segja, að efasemdir mínar hafa fremur styrkst en veikst síðan við að hugsa um málið

Eg hugsa ekki, að eg muni standa einn uppi meðal þingmanna með þessar efasemdir vegna þess, sem áður er fram komið í þessu máli, því að í fyrra, þegar frv. kom fyrir þingið og menn sáu, að það hafði þetta margumtalaða ákvæði í sér fólgið, þá var allur þorri þingm. óánægður með það, og þá var því lýst yfir af nefndunum í báðum deildum, að þessi orð ættu ekki að standa í frv. og að þau væru öllum ógeðfeld; að frumv. samt var samþykt óbreytt af öllum þingmönnum í báðum deildum, kom til af því, að mönnum var þá ekki fyllilega ljóst, hvaða þýðingu þetta ákvæði hefði, og mun eg ef til vill síðar koma að því, af hvaða ástæðu þingmenn þá ekki voru búnir að gera sér ljósa grein fyrir þýðingu þessa ákvæðis. Nú heyrist ekki annað, en að það dugi ekki lengur að setja það fyrir sig, að þetta ákvæði stendur í frumvarpinu, og að nú sé of seint að kippa því burt og ekki um annað að tala, en að samþykkja frv. óbreytt, og nefndirnar, sem skipaðar hafa verið, til að íhuga málið, tala nú alls ekki um, að þetta ríkisráðsákvæði sé óheppilegt, heldur telja þær það að minsta kosti meinlaust og jafnvel gott og haganlegt fyrir oss.

Við fyrstu umræðu þessa máls, mintist eg nokkurum orðum á nefndarálit Nd. Nú liggur hér fyrir álit þeirrar nefndar, sem skipuð var, til að íhuga málið í þessari deild, og veit eg, að nefndin öll og sérstaklega háttv. framsm. nefndarinnar muni hafa haft allan vilja á því, að koma fram með allar þær beztu upplýsingar í

þessu máli, sem þeim frekast var unt; þess vegna væri ólíkt léttara fyrir mig, að taka nú orð háttv. framsm. (Kr. J.) góð og gild og fylgja honum, heldur en að fara nú að ganga undan merki og sýna fram á, hvað mér finst sönnunum hans ábótavant í þessu máli.

Eg hef athugað nefndarálitið, eins vel og mér frekast hefir verið unt, og eg verð að segja, að eg finn fleira af fullyrðingum en sönnunum fyrir því, sem eg vildi að hefði verið sannað. Eg skal að vísu játa, að eg tekst á hendur vandasamt verk með því að finna að þessu nefndaráliti, en eg skal gera það svo stutt, sem eg get, og að eins taka fram nokkur atriði, sem mér finst að nefndin hafi ekki skýrt svo fyllilega, að hægt sé að segja, að hún hafi sannað þau. Framarlega í nefndarálitinu, þar sem nefndin minnist á það ákvæði frumvarpsins, sem altaf hefir þótt ísjárvert, segist nefndin ekki kannast við, að frumv. sjálft hafi nokkuð það ákvæði, er bendi til þess eða skilið verði á þá leið, að vér með frv. afsölum oss rétti til þess síðarmeir að krefjast frekari umbóta á stjórnarhögum vorum. Þetta sýnist mér undarlega til orða tekið, því að fyrir mér er það spursmálið, hvort vér ekki einmitt með því að samþykkja það ákvæði, sem hér ræðir um, afsölum oss rétti, sem vér hingað til höfum haldið fram að vér hefðum. Vér höfum, eins og kunnugt er, hingað til haldið því fram, að sérmál okkar eigi að vera óháð atkvæði danskra ráðgjafa í ríkisráðinu, en nú er það beinlínis samþykt og sett ákvæði um það inn í frumvarpið, að sérmál vor skuli borin upp í ríkisráðinu, og þá finst mér vera spursmál um, hvort vér ekki með því afsölum oss réttindum, en hitt liggur aftur á móti fjær og eiginlega fyrir utan spursmálið, hvort vér getum krafist frekari réttinda síðarmeir. Mér finst það spursmál liggja næst, hvort vér með því að samþykkja þetta ákvæði, afsölum oss réttindum, sem vér höfum; ef vér gerum það ekki, því skyldum vér þá ekki síðarmeir geta krafist frekari réttinda? En ef vér nú afsölum oss réttindum, þá er mikill vafi á, hvort vér síðarmeir getum krafist þeirra aftur; vér getum ef til vill beðið um þau aftur, en síður krafist þeirra. Nefndin víkur svo seinna í nefndarálitinu að þessu atriði, þar sem hún tekur upp orð ráðgjafans í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið í fyrra, er hann segir, að það komi ekki til mála, að nokkur hinna ráðgjafanna færi að skifta sér af neinu því, sem er sérstaklegt mál Íslands. Nefndin breytir þessum orðum ráðgjafans og kemst svo að orði, að það sé fullkomin fjarstæða, að nokkur hinna ráðgjafanna hefði afskifti af sérmálum Íslands. Það getur verið, að það eigi að vera sama meining í þessum orðum nefndarinnar, eins og í orðum ráðgjafans sjálfs, en eg sé enga ástæðu til, að nefndin búi til sterkari orð um þetta en ráðgjafinn hefir sjálfur viðhaft.

En þegar svo nefndin segir, að með þessum orðum sé afmörkuð og viðurkend sérstaða Íslandsráðgjafans í ríkisráðinu, og hinir ráðgjafarnir hafi engan rétt til að hafa áhrif á úrslit þessara mála, þá álít eg, að nefndin fari hér lengra en hún hefur heimild til. Þetta er að eins fullyrðing nefndarinnar. Þetta eru hennar orð, en ekki ráðgjafans; ef hann hefði sagt þetta, þá hefði það mikla þýðingu, en það hefir alt aðra þýðingu, þó nefndin leggi þenna skilning í orð hans.

Síðar í nefndarálitinu er nefndin að tala um „annarleg áhrif“, sem konungur vor geti orðið fyrir utan ríkisráðsins. Þetta er alveg málinu óviðkomandi; það er ómögulegt að aftra því, að einhverjir tali við konunginn og hafi áhrif á hann sem mann, en slíkt kemur ekki til greina, þegar verið er að tala um stjórnarskipunarlög. Hér erum vér að tala um konung-

inn sem konung, þegar ráðgjafinn ber upp málin fyrir honum.

Þegar ráðgjafinn talar við hann, þá er það maður, sem hefir rétt til að hafa áhrif á hann, og konungur er skyldur til að taka tillit til hans og láta hann hafa áhrif á sig. Nefndin segir, að afleiðingin af því, að tillögur ráðherrans verði ekki teknar til greina, muni verða sú, að hann leggi niður embætti sitt, og í því liggi tryggingar fyrir því, að þetta muni mjög sjaldan koma fyrir. Það finst mér mjög efasamt, hvort þessi trygging er svo mikil, eins og nefndin ætlar, þegar þess er gætt, að nú eiga Íslendingar að borga eftirlaun ráðherrans. Ef hann leggur niður embættið, af því hann fær ekki komið fram málum sínum, þá lendir kostnaðurinn á oss, en ekki Dönum. Dönum má standa á sama, hvort hann leggur niður embættið eða ekki, og eg get hugsað mér, að svo gæti farið, að Íslandsráðgjafinn léti oftast nær undan og jafnvel að Íslendingar þökkuðu honum fyrir, þar sem þeir þá sleppa við að borga honum eftirlaun. Afleiðingin gæti því orðið sú, að ráðgjafi vor yrði ragur við að halda fast fram málum vorum, og að vér sættum oss við það, þó að hann yrði nokkuð tilhliðrunarsamur.

Svo er annað atriði, sem sé sambandið milli frv. og grundvallarlaganna, og segir nefndin, að ákvæðið geti staðið, þó að grundvallarlögin væru ekki til. Já, get eg líka sagt, væru grundvallarlögin ekki til, þá væri hér öðru máli að gegna, þá gæti ekki legið í ákvæðinu viðurkenning á grundvallarlögunum, en nú eru grundvallarlögin til og ríkisráðið, sem ákvæðið á við, er stofnað með grundvallarlögunum, og skipun á því gjörð með þeim lögum einum, og átti þá nefndin að sýna það og sanna, að stjórnarskrá vor gæti sett ákvæði um þetta ríkisráð. Því geti stjórnarskráin það ekki, þá eru grundvallarlögin viðurkend með ákvæðinu sem gildandi fyrir sérmál vor. Stjórnin hefir hingað til haldið því fram, að grundvallarlögin séu grundvöllurinn undir stjórnarskrá vorri, og inn á þessa skoðun göngum vér með því að samþykkja ákvæðið, því það hjálpar ekki, þó nefndin segi, að grundvallarlögin hafi ekki verið lögleidd á Íslandi; eftir stjórnarinnar skoðun voru þau hér lög, áður en stjórnarskráin varð til, og hún er af þeim sprottin, eins og greinin af trénu.

Í þriðja lagi segir nefndin, að orðin „stjórnarfarsleg nauðsyn“ eigi að skilja þannig, að það sé óhjákvæmilegt samkvæmt stjórnarfyrirkomulagi ríkisins eða sambandi Íslands og Danmerkur, að sérmálin séu borin upp í ríkisráðinu, en að það sé óheimilt að skilja þessi orð ráðgjafans svo, að hann eigi hér við grundvallarlögin. En þess ber vel að gæta, að þetta er einungis skilningur hinnar hv. nefndar, en betra væri að vita, hvern skilning ráðgjafinn eða stjórnin leggja í þessi orð, og þá liggur beinast við að ætla, að stjórnin meini nú það sama, sem fyr, og hún hefir áður sagt, að ráðgjafinn hlyti eftir grundvallarlögunum að sitja í ríkisráðinu, enda liggur beinast við að skilja orðin: „forfatningsmæssig Nödvendighed“ einmitt samkvæmt því. Værum vér vissir um, að skilningur nefndarinnar væri réttur, þá væri ekkert að segja, þá væri frv. gott. En vér þurfum vel að vita, hver skilningur stjórnarinnar er í þessu efni, sökum þess að hún er hinn sterkari málsaðili og það er hún, sem á að beita lögunum. Eg hafði því hugsað mér að leggja nokkurar spurningar fyrir hinn háttv. fulltrúa stjórnarinnar viðvíkjandi skilningi hennar á þesssum vafaatriðum.

Svar hans hefir mikla þýðingu fyrir mig og eg býst einnig við, að svo verði fyrir aðra þingmenn hér í þinginu. Spurningarnar eru þessar:

1. Eru sérmál Íslands lagalega óháð

atkvæði hinna dönsku ráðgjafa, ef þetta frumvarp verður óbreytt að lögum?

2. Er hin núverandi stjórn sömu skoðunar og hægrimannastjórnin áður samkvæmt ráðgjafabréfi 29. maí 1897 og ráðgjafabréfi 26. mai 1899 um nauðsynina á ríkisráðssetu ráðgjafa Íslands samkvæmt 15. og 16. gr. grundvallarlaganna og um ábyrgð hans fyrir ríkisþinginu samkvæmt 14. gr. grundvallarlaganna?

3. Hvaða „stjórnarfarslega nauðsyn“ er átt við í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið í fyrra, þar sem sagt er, að það sé nú, sem fyr, stjórnarfarsleg nauðsyn, að sérmál Íslands séu borin upp í ríkisráðinu.

Landshöfðingi: Eg skal geta þess, að eg get ekki gefið neinar leiðbeiningar um skoðanir stjórnarinnar á þeim spurningum, sem hinn h. þm. Barðstr. (S. J.) bar upp.

Stjórnin hefir álitið, að úr því að málinu var svo vel tekið í fyrra sumar, frv. sþ. í einu hlj. af báðum deildum alþingis, þá þyrfti ekki að gefa neinar sérstakar upplýsingar í málinu, og hún hefir ekki búist við, að þessar vafaspurningar, sem hinn h. þm. Barðstr. (S. J.) bar upp, kæmu fram. En eg skal leyfa mér að svara þessum spurningum frá eigin brjósti.

Fyrstu spurningunni svara eg með hreinu jái. Dönsku ráðgjafarnir hafa aldrei átt að hafa nokkurt atkvæði eða afskifti af sérmálum Íslands samkvæmt stjórnarskránni.

Önnur spurningin var óneitanlega dálítið skrítin um, hvort núverandi stjórn væru sömu skoðunar, og hægrimannastjórnin fyrri, viðvíkjandi setu ráðgjafans í ríkisráðinu. Fyrst og fremst kemur það engum við, hvort hin núverandi stjórn álítur skoðun hægrimannastjórnarinnar sem var látin í ljós, þegar alt öðru vísi stóð á, heldur en nú, rétta, og í öðru lagi leiðir það af flutningi Íslandsráðgjafans frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur, að ráðgjafinn getur ekki verið meðlimur ríkisráðsins. Áður, meðan hann sat í Kaupmannahöfn var hann meðlimur af „Statsraadet“ en nú er það fysiskur ómögulegleiki; maður, sem er búsettur í Reykjavík, getur ekki átt sæti í ríkisráði, sem er haldið í Kaupmannahöfn, ekki fremur en maður, sem er búsettur í Ameríku, getur átt sæti í bæjarstjórninni í Reykjavík.

Þetta síðasta, sem hinn háttv. þm. Barðstr. (S. J.) var að fetta fingur út í, sem sé orðin „forfatningsmæssig Nödvendighed“, meinar ráðgjafinn ekkert annað, en að það sé álitið sjálfsagt í öllum þeim löndum, þar sem er þingbundin stjórn, að hinn æðsti valdsmaður, hvort sem hann heitir keisari, konungur eða „Præsident“, staðfesti lög í ríkisráði sínu.

Að öðru leyti sé eg mér ekki skylt að svara hinum h. þm. Barðstr. (S. J.), því hið annað í ræðu hans virtist vera kritik á nefndarálitinu.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg get ekki kannast við það, að ræða hins háttv. þm. Barðstr., sé kritík á nefndarálitinu. Eg skoða ræðu hans að eins sem rökstuðning fyrir spurningum hans til landsh.; þessar spurningar get eg leitt hjá mér, eins og málið horfir við, enda hefir hæstv. landsh. svarað þeim, hvernig sem á það svar verður litið. Þar sem hinn háttv. þm. Barðstr. var að tala um afsal réttinda, þá fæ eg með engu móti skilið, hvernig þeir menn líta á málið, sem halda því fram, að vér séum að afsala frá oss landsréttindum vorum, og þeir, sem því halda fram, verða að færa einhverjar sönnur á sitt mál; þeir verða að sanna það, að frumv. innihaldi einhver þau ákvæði, sem innihaldi afsal viðurkendra réttinda, eða að minsta kosti geri oss erfiðara fyrir að öðlast frekari réttindi viðurkend síðarmeir. Þetta hafa þeir ekki gert hingað til. En síðan 1897 hefir þetta sífelt verið viðkvæðið, að vér værum að afsala oss réttindum; þetta er búið að berja svo inn í menn, að hver

tekur það upp eftir öðrum, en að sanna það með gildum og góðum rökum hefir enginn gert.

Svo eru menn að tala um það, að með frumvarpinu verði grundvallarlögin leidd í lög fyrir Ísland, en slíkt er fjarstæða, sem margbúið er að hrekja og virðist engin ástæða til að fara frekar út í það mál.

Þar sem vér í nefndarálitinu minnumst á þessi orð ráðherrans, „stjórnarfarsleg nauðsyn“, þá er það þar skýrt tekið fram, að þau verði eðlilega að skilja á þann hátt, að þau þýði hið sama, og þar stæði: „eftir venjulegum stjórnskipulegum reglum“, en það er með öllu óheimilt að skilja orðin svo, að það sé yfirlýsing þess, að ráðherrann álíti dönsku grundvallarlögin gildandi hér á landi.

Nefndin álítur sérstöðu Íslandsráðgjafans í ríkisráðinu auðsæa eftir frumv. sjálfu, því að enginn getur samkvæmt því, borið upp íslenzk mál í ríkisráðinu, nema hann einn eða maður, sem hefir fult umboð hans; enn fremur er það á hinn bóginn víst, að engin ályktun verður gerð um Íslands mál í ríkisráðinu, nema með hans samþykki.

Fleira þarf eiginlega ekki að taka fram um þetta atriði, því að þetta er svo ljóst, að hver maður skilur það. Og er glögg grein gerð fyrir þessu í nefndarálitinu.

Enn fremur segir nefndin í áliti sínu, að hinir aðrir ráðgjafar konungs hafi engan rétt til að hafa afskifti af sérmálum Íslands, nema þegar viss nánari ákvæðin atvik eru fyrir hendi, og segjum vér, að þetta megi lesa út úr ástæðum og athugasemdum þeim, sem fylgja frumv. frá hendi ráðherra vors. Því að hann segir það afdráttarlaust, að það geti ekki komið til mála, að hinir ráðgjafarnir skifti sér af neinu því, sem er sérmál Íslands; nefndin brúkar orðið „fjarstæða“, til þess að tákna hið sama, og þykjumst vér í þessu efni eigi hafa farið rangt með yfirlýsing ráðgjafans, eins og hana verður að skilja, þótt orðin séu nokkuð önnur, enda eru þau þýðing á hinni frumsömdu dönsku klausu.

Eg hefi þá minst stuttlega á helztu atriðin í ræðu háttv. þm. Barðstr. (S. J.), er mér þykir tilefni til að andmæla. Þau eru ekki ný né áður óþekt, og hafa málsatriði þau, er þau lutu að, öll verið tekin til athugunar í nefndarálitinu; svar mitt hefir því orðið í fullri samhljóðan við nefndarálitið, er eg annars vísa til í þessu efni.

Í fyrra hafði alþingi og allur almenningur skapað sér ákveðna skoðun um mál þetta, og hún var sú, að frumv. væri mikilsverð stjórnarbót, að það hefði engin háskaleg eða varhugaverð ákvæði, og að fyrir því bæri að taka því og samþykkja það, og ráða stjórnarmálsstríðinu þar með til lykta um sinn. En síðan hefir eitt ákvæði frumv, verið gert tortryggilegt, og vakinn beygur fyrir því eða hræðsla út af því. En ástæðurnar til þessarar hræðslu eru í mínum augum litlar, eða réttara sagt engar, þótt margar kunni að vera hafðar á lofti. Það er ávalt svo, þegar hræðsla eða beygur hefir vaknað hjá almenningi við eitthvert mál, að þá er reynt á allar lundir að safna saman öllum þeim ástæðum, sem fundist geta, til þess að gera málið iskyggilegt. Þessar ástæður eru þá oft margar hverjar svo lausar við málið og svo út í bláinn, að það er naumast hægt að festa fingur á þeim og hrekja þær.

Að því, er ríkisráðsákvæði frumv. snertir, munu fáir hafa gert sér það ljóst, hvað það er, sem þeir hræðast í ákvæðinu eða við það, hverjar afleiðingar það muni hafa, er séu oss til stórháska, eða yfirleitt, hverja breytingu það mundi gera á réttarstöðu vorri. Því bregður hér fyrir, sem oft hefir komið fyrir áður í þessu máli, að það, sem torskildast er og óljósast, það fær talsvert fylgi almennings, því að hann

gerir sér enga ljósa grein fyrir því, hvað um er verið að ræða, og getur það jafnvel ekki. Eg get skilið það, að þeir, sem enn halda fram landstjóra-fyrirkomulaginu, eins og því var haldið fram alt fram til 1894, séu algjörlega á móti ríkisráðsákvæðinu, en það má óhætt gera ráð fyrir því, að þeir séu nú orðnir fáir, sem halda því fyrirkomulagi fram, og þá er einnig aðalmótbáran gegn ríkisráðsákvæðinu fallin niður.

Svo að eg aftur víki að ræðu háttv. þm. Barðstr. (S. J.), vil eg minnast á það, að hann sagði, að það væri mikið af fullyrðingum og staðhæfingum í nefndarálitu vorn, en eg get ekki verið honum samdóma um það; eg hygg, að vér í því höfum fært fullar ástæður fyrir skoðunum vorum og tillögum, og að vér hvergi höfum látið oss nægja að koma fram með órökstuddar staðhæfingar eða „postulata", nema ef það kallast staðhæfing, er vér höfum neitað „postulatis" mótstöðumanna frumv., af því að þau hafa verið með öllu órökstudd, en sönnunarskyldan lá þó augljóslega þeim megin (t. d. það postulatum, að frumv. sé afsal réttinda vorra). Þá hefir háttv. þm. Barðstr. (S. J.) mikið talað um skoðanir stjórnarinnar á þessu máli, að hún muni hafa þá og þá skoðun. Um persónulega skoðun ráðgjafans getur nefndin náttúrlega ekkert sagt, en nefndin hefir bygt á því, sem hann hefir látið í ljós koma skriflega í aths. sínum við frumv., og það er það, sem hún á og verður að byggja á, og það er það, sem er skuldbindandi fyrir stjórnina. Þessar opinberu, embættislegu yfirlýsingar ráðgjafans, megum vér óhætt skoða á þá leið, að stjórnin (stjórn vor og danska stjórnin) geti eigi vikið frá þeim, eða virt þær að vettugi. Hann sagði enn fremur, að stjórnin skoðaði grundvallarlögin dönsku sem skuldbindandi fyrir Ísland, en þetta getum vér ekki kannast við. Hann vitnaði til tveggja greina í grundvallarlögunum, sem hægrimannastjórnin hefði haldið fram að væru gildandi hér á landi, en að mínu áliti verður að skilja stjórnarbréf þau, er hann vitnar til, þannig, að þau að eins segi, að vegna stjórnarfarskipunar ríkisins verði að fylgja reglum þeim, sem þessar greinir innihalda, einnig að því er Íslandsmál snerti, af því að reglurnar eru almenns eðlis og hafa alment gildi, en eigi fyrir þá skuld, að grundvallarlögin gildi hér, en annars kemur álit stjórnarinnar ekki hér til greina svo, að það geti skuldbundið oss. Það er ekki valdstjórnin, heldur lögfræðingarnir (og ef í nauðirnar rekur dómstólarnir) sem eiga að skera úr því, hvort áminst ákvæði eru gildandi fyrir oss og vor mál, og hvort þau eru það sem ákvæði grundvallarlaganna eða sem almenn stjórnarskipuleg ákvæði.

Eg skal svo ekki fara frekar út í þetta mál. Eg ímynda mér, að háttv. þm. Barðstr. (S. J.), hafi fengið þau svör frá hæstv. landsh., sem honum eru fullnægjandi, en skal þó leyfa mér að taka það upp aftur, að eg get ekki verið hæstv. landsh. samdóma um það, að ráðgjafi vor verði ekki eftir stjórnarskrárfrumvarpinu meðlimur ríkisráðsins. Mín skoðun er það, að hann verði meðlimur ríkisráðsins, en í krafti og eftir ákvæðum stjórnarskrárinnar íslenzku, þegar frumv. er búið að öðlast lagakraft. Ríkisráðið verður þá sameiginleg ríkisstofnun, fyrir Ísland og Danmörku, eins og margar aðrar stofnanir, sem eru sameiginlegar, eg vil t. d. nefna konung, hæstarétt, utanríkisstjórnina o. s. frv.

Sigurður Jensson: Eg og aðrir hinna háttv. þm., hefi nú fengið svar hæstv. landsh. upp á fyrirspurnir þær, er eg lagði fyrir hann, og eg get hugsað mér, að það hafi glatt marga að heyra, hve samdóma hann var nefndinni, en mér fyrir mitt leyti þótti það ábótavant í svari hans, að hann skyldi eigi tala eða geta talað

fyrir munn stjórnarinnar, heldur frá eigin brjósti. Eg veit það, að orð hæstv. landsh. hafa mikla þýðingu, og eg legg mikið upp úr skoðunum hans alment, en í þessu máli nægir mér þó ekki hans álit; mér nægir ekkert, nema skoðun stjórnarinnar á málinu.

Hæstv. landsh. sagði í svari sínu, að af því að frumv. þetta hefði verið samþ. í einu hljóði í báðum deildum þingsins í fyrra, þá hafi hann ekki búist við, að nein þau vafaspursmál mundu koma fyrir, sem hann þyrfti að leita upplýsingar um hjá stjórninni og svara, og því væri hann ekki undir það búinn að svara fyrirspurnum mínum. Það er nú að vísu rétt hjá hæstv. landsh., að frumv. var samþ. í e. hlj. í fyrra í báðum deildum, en þar fyrir virðist mér hæstv. landsh. eigi hafa rétt til að draga þá ályktun, að engin vafaspursmál gætu vaknað upp, vafaspursmál, sem gerðu menn efasama og hikandi um það, hvort nú bæri að samþ. frumv. aftur óbreytt. Eða til hvers er þing rofið, stofnað til nýrra kosninga og þing kallað saman aftur, ef ekki til þess, að yfirvega málið enn á ný? Eftir minni skoðun er meiningin með þingrofi sú, að fá fulla tryggíng fyrir vilja þjóðarinnar og jafnframt, að fá málið sem vendilegast athugað, fá sem mesta trygging fyrir því, að ekki séu á því einhverjir þeir agnúar, sem gera það óhæft eða lítt hæft. Hæstv. landsh. hafði fulla ástæðu til þess, að leita sér upplýsinga hjá stjórninni um þetta mál, og það því fremur, sem mótmælum hefir verið hreyft gegn þessu ákvæði: „í ríkisráðinu“, bæði í fyrra og einkum á þessu ári, mótmælum, sem hafa breiðst talsvert út og haft allmarga fylgismenn. Eg held, að mér muni óhætt að segja. að sú skoðun, sem byggist á þessum mótmælum, hafi nálega verið búin að ráða kosningarúrslitum hér í sjálfum höfuðstaðnum í vor, enda er það líka öllum kunnugt, að það eru margir menn, sem stjórnin hefir skipað í mikilvæg embætti, sem hafa þessa skoðun og fylgja henni fram.

Mín skoðun er sú, að hæstv. landsh. hefði unnið landi og þjóð mikið gagn, ef hann hefði leitað sér þeirra upplýsinga hjá stjórninni, að hann hefði getað talað hér og svarað þinginu fyrir hennar munn. Eða því vill stjórnin eigi koma hreint fram, segja hreint og beint sína skoðun á málinu, eða er þá nokkuru hér að leyna? Því miður lítur svo út, því mer virðist stjórnin vilja í allan máta forðast að láta uppi álit sitt og meiningu um málið.

Þegar eg nú hugsa til hægrimannastjórnarinnar, og framkomu hennar, þá er það óneitanlegt, að vér vorum oft óánægðir með hana, af því hún var svo ósveiganleg og vildi ekkert slaka til í þessu máli, en vér verðum þó að segja, að það var ærleg og heiðarleg stjórn, sagði skoðun sína hreint út og leyndi engu. Nú finn eg það að framkomu stjórnarinnar, að hún segir ekki afdráttarlaust sína skoðun, heldur fer í eins konar feluleik við oss. Fyrst kemur konungsboðskapurinn í janúar í fyrra, og eins og öllum hinum h. alþingismönnum er kunnugt, er oss lofað þar öllu fögru, skilmála- og skilyrðislaust. Þegar svo kosningarnar eru afstaðnar og þingmenn koma á þing og þetta eftirþráða frv. liggur fyrir frá stjórninni, þá er inn í það smeygt þessu ákvæði: „í ríkisráðinu“, þessu ákvæði, sem allir þingmenn voru óánægðir með, af því það gekk beint á móti þeim skoðunum, sem allir Íslendingar hingað til höfðu haldið fast fram, allir ofan frá hæstv. landsh. og niður til hins lægsta. En það er ekki nóg þar með, að þetta ákvæði sé sett í frv., heldur fylgir líka meira með. Það fylgir með frv., að hér sé ekki um samningsmál að ræða. Frv. verði að samþykkjast óbreytt og orðrétt, ef það eigi að ná staðfestingu. „Þar má ekki einu sinni gjöra orðabreytingu“ lýsti landsh. yfir eftir bréfi frá ráðgjafanum. Þetta er

aðferð, sem er óhafandi, því að með því er þinginu misboðið. En ekki nóg með það, því að það er auðséð, hvar hér liggur fiskur undir steini. Í stað þess að segja það hreinskilnislega: það eru í frv. tvö orð, orðin: „í ríkisráðinu“, sem ekki má fella burt, annars verður frv. ekki samþykt, í stað þess segir stjórnin, að það megi alls engu breyta. En það dettur engum í hug nú að trúa því, að frv. hefði ekki verið samþykt, eins fyrir það, þó einhverju öðru hefði verið breytt í því. Það var einn þingmaður, sem hreyfði því um daginn, að það hefði verið hreinn „gapaskapur“ að rýmka kosningarréttinn, eins og gjört er í frv. Ætli stjórnin hefði neitað að samþykja frv., þó þessu hefði verið breytt í fyrra? Víst ekki. Eða ætli stjórnin hefði ekki eins samþykt frv., þó úr því hefði verið felt ákvæðið um 4 nýja þingmenn? Eg tel það alveg víst.

Þar í er eg samdóma hinum h. framsm., að sú pólitiska barátta og flokkadráttur, sem hér hefir átt sér stað um undanfarandi ár, hefir haft mjög ill áhrif á þetta mál, sem önnur. Ef þingið alt hefði í fyrra staðið sem einn maður og mótmælt því, að þetta ákvæði væri tekið inn í stjórnarskrána, þá hefði ákvæðið verið strikað út, og eg er sannfærður um, að frv. hefði verið samþ. alt að einu. En því miður gerði flokkadrátturinn og æsingarnar það ómögulegt, að nokkur skynsamleg yfirvegun og nokkur viturleg samvinna gæti átt sér stað, og því voru þessi orð látin standa, þó öllum væri það ógeðfelt.

Eg skal taka það upp aftur, að eg álít það slæman galla, að hæstv. landshöfðingi skyldi tala hér að eins frá eigin brjósti, en ekki fyrir munn stjórnarinnar, en hins vegar þykist eg vita, að svör hans muni hafa glatt marga og styrkt þá í trúnni.

Þar sem hæstv. landsh. svaraði 1. spurningu minni með hreinu jái, þá gleður það mig að heyra, að hann heldur fast við sína gömlu skoðun; en hversu rétt sú skoðun hans er, og hvort hún er skoðun stjórnarinnar, það er annað mál.

Viðvíkjandi svari hæstv. landsh. upp á aðra spurningu mína, að mér komi ekki við, hverja skoðun stjórnin hafi á gildi grundvallarlaganna, verð eg að segja það, að mér finst þetta svar hæstv. landsh. nokkuð „flott“, þar sem hér er að ræða um atriði, sem skiftir mjög miklu, ekki fyrir mig einan, heldur fyrir alt þingið og alla þjóðina. Eg hygg, að mér sem hverjum öðrum þingmanni, og þjóðinni í heild sinni, komi það við, hvaða skoðun stjórnin hefir nú á þessu máli, hvort hún enn heldur fast við sinn gamla skilning á gildi grundvallarlaganna á Íslandi, eða hvort það er virkilega satt, eins og nefndin virðist ganga út frá, að hún sé nú vikin frá þessari skoðun.

Að Íslandsráðgjafinn verði ekki meðlimur ríkisráðsins, af því að hann sé búsettur á Íslandi, það fæ eg ekki skilið, og eg heyri, að þar hefir landshöfðinginn aðra skoðun en framsm. nefndarinnar.

Skýring hæstv. landsh. á orðunum „stjórnarfarsleg nauðsyn“ er að mínu áliti ekki fullnægjandi, enda gerir það minna til, þar sem það er hans eigin skoðun, sem hann ber þar á borð, en lýsir ekki þessu yfir sem fulltrúi stjórnarinnar.

Háttv. 3. kgk. þm. ætla eg ekki að svara með mörgum orðum. Hann sagði, að ræða mín hefði ekki verið „krítik“ á nefndarálitinu, en hafi það ekki verið, þá var heldur engin ástæða fyrir hann til að svara henni. Hins vegar held eg, að eg geti sagt, að ef mín ræða hefir ekki verið „krítík“ á nefndarálitinu, þá er hans ræða ekki annað en endurtekning á orðum nefndarálitsins. Það var þó eitt, sem eg hjó eftir hjá honum. Hann var nfl. að tala um þau óheppilegu áhrif, sem aðrir gætu haft á konunginn fyrir utan ríkisráðið, og að þessi áhrif gætu einmitt verið miklu hættulegri en þau áhrif, sem konungur yrði fyrir af dönsku ráðgjöfun-

um í ríkisráðinu. Eg skil ekki, hvað það á að þýða að vera að tala um þessi áhrif, sem konungur verði fyrir utan ríkisráðsins; þau koma engum við og hafa enga þýðingu fyrir þetta mál, sem hér er um að ræða. Í stjórnarskrá er að eins að ræða um, hverjir hafi lagalegan rétt til að hafa áhrif á konunginn — og í sérmálum vorum hefir konungurinn ekki einungis leyfi og rétt, heldur skyldu til að láta ráðgjafa Íslands hafa áhrif á sig, og hann einan. — Hann sagði enn fremur, að sig varðaði ekkert um persónulegt álit ráðgjafans á þessu máli, en eg er eigi að tala um það, heldur um skoðun og álit stjórnarinnar, og það kemur oss sannarlega við. Þegar maður á að skrifa undir einhvern samning, og meðsemjandi er sá, sem öll ráðin og öll völdin hefir, þá er það sannarlega betra að vita, hvað hann meinar í samningnum. Mín skoðun er sú, að stjórnin hafi sett þetta ákvæði í frumvarpið, til þess að koma í veg fyrir, að við værum lengur að berjast við að fá sjálfstæðiskröfum vorum framgengt. Það getur vel verið, að þetta ákvæði hafi eigi mikla praktiska þýðingu í svipinn, en eg held þó að það sé ekki hyggilegt, einkum og sér í lagi fyrir þann partinn, sem minni máttar er, að gefa eftir eða sleppa lagalegum rétti sínum. — Ef við værum vissir um, að Danir hefðu slept þeim skilningi, sem þeir áður hafa haldið fram, þá væri öðru máli að gegna, en meðan svo er eigi, þá finst mér, að við getum eigi heldur slept lagalegum rétti vorum. Eg skal að svo stöddu eigi segja fleira, en að eins lýsa því yfir, að eg get að svo stöddu eigi gefið þessu ákvæði atkvæði mitt, og eg mun sitja, þegar greidd verða atkvæði um þessa grein. Og eg mun athuga það betur til 3. umr., hvort eg geri ekki réttast í að greiða atkvæði móti öllu frv., ef engin von er um, að frv. verði breytt.

Valtýr Guðmundsson: Eg ætlaði eiginlega ekki að taka til máls við þessa umræðu, því að eg þóttist ekki þurfa þess, þar eð eg, með því að skrifa undir nefndarálitið fyrirvaralaust, hefi sýnt, að eg er fyllilega samþykkur því, sem þar stendur, og öllum er því ljós afstaða mín í þessu máli.

En það, sem kom mér til þess að biðja um orðið, var svar hæstv. lh. upp á spurningar þm. Barðstr. (S. J.).

Mér þykir leitt að sjá, að lh., sjálfur stjórnarfulltrúinn, gengur burt, en eg get ekki að því gert, þótt hann lítilsvirði svo þetta þýðingarmesta mál þjóðarinnar, að hann gengur út, þegar verið er að ræða það.

Svör háttv. lh. bentu á, að hann, eins og svo margir aðrir, sem gefa þessu frv. atkv. sitt, hefir misskilið það og gefur því atkvæði á skökkum grundvelli. Eg fyrir mitt leyti hefi aldrei verið í vafa um það, hvort eg ætti að gefa frv. atkvæði mitt, en ef eg léti vera að sýna fram á misskilning bæði landsh. og annara, þá gætu menn haldið, að eg hefði líka misskilið frv., og það vil eg ekki.

Eg verð, að taka það fram hér, að mér finst það eðlilegt, að stefna sú, landvarnarstefnan, sem spurningar þm. Barðstr. (S. J.) sýna að hann er hlyntur, kom fram, og eg skil hana vel.

Mig furðar það ekki, að þessi stefna skuli hafa komið fram, því það var búið að brúka þetta ríkisráðsákvæði svo mikið, þyrla upp svo miklu ryki og segja svo margt ósatt um skaðsemi þessa ákvæðis, einmitt af þeim mönnum, sem nú eru einna fúsastir að gefa því atkvæði, að það var von, að einhverjir yrðu eftir í fyrra, þegar þeir, sem hæst höfðu æpt um skaðsemi þessa ákvæðis, snerust á hæl og hnakka. Eg tek það fram, að eg geri ekki gabb að þeim mönnum, sem hafa þessa skoðun nú, því eg hefi alt af virt skoðanir mótstöðumanna minna, og get eg það því fremur í þessu tilfelli, sem eg veit, að þessir menn, sem fylgja land-

varnarstefnunni, hafa barist fyrir því, að þetta ákvæði væri numið burt úr frv., af ást á föðurlandi sínu og með heill þess fyrir augum. Mér virðast þessir menn hafa bæði rétt fyrir sér og rangt. Mér er nefnilega ómögulegt að sjá, að vér með þessu ákvæði játum eða gerum grundvallarlögin gildandi, né heldur hitt, að vér með því afsölum oss nokkuru af landsréttindum vorum, en þeir hafa rétt fyrir sér í mörgu, sem þeir segja um stöðu ráðherrans í ríkisráðinu.

Eg hefi sjálfur fyrir löngu síðan haft svipaða skoðun um skaðsemi ríkisráðssetunnar; en eg er fyrir löngu fallinn frá henni og álít nú ákvæðið alveg hættulaust; og það er ekkert merkilegt við það, þótt einn maður breyti skoðun; en eg verð að segja það, að það er óviðkunnanlegt fyrir heilt þing, að skifta um skoðun alt í einu, einkanlega þegar á því sitja margir sömu mennirnir, sem með hæstum tónum hafa prédikað skaðsemi þessa ákvæðis,

Hæstv. lh. svaraði upp á fyrirspurnir þm. Barðstr. (S. J.) frá eigin brjósti vegna þess, að hann vissi ekkert um skoðun ráðgjafans á málinu, og það var þó einmitt hún, sem þm. Barðstr. (S. J.) æskti eftir að fá að vita hver væri. Þetta finst mér hreint og beint óhæfa, að stjórnarfulltrúinn skuli ekki getað svarað þessum spurningum fyrir hönd stjórnarinnar, því hann gat búist við, að þær yrðu bornar upp; það voru nægar ástæður til þess að grenslast eftir skoðun stjórnarinnar, og þingið átti fulla heimtingu á að fá að vita, hver hún væri.

1. spurning þm. Barðstr. (S. J.) var um það, hvort ráðgjafi Íslands yrði lagalega óháður ríkisráðinu. Landshöfðingi svaraði þessari spurningu með „jái“ og bygði það á því, að ráðgjafinn væri búsettur hér. Þessu verð eg hreint og beint að mótmæla. Búseta ráðgjafans hér hefir engin önnur áhrif á stöðu hans í ríkisráðinu en þau, að hann kemur þangað sjaldnar, en ef hann sæti í Khöfn.

Upp á 2. spurningu sína um það, hverja skoðun ráðgjafinn hefði á því, hvort Íslandsráðgjafinn yrði meðlimur ríkisráðsins, fekk þm. Barðstr. (S. J.) það svar hjá landsh., að hann varðaði ekkert um það.

Um það verð eg að segja, að það er víst eins dæmi í þingsögu heimsins, að þm. hafi fengið jafnkurteist svar og vel orðað hjá nokkrum stjórnarfulltrúa, þegar þingmaðurinn hefir spurt um það, sem hann á fulla heimtingu á að fá að vita. Það er þó vanalega svo, að þegar menn eru að gera samning um eitthvert mál og einhver vafasöm orð koma fyrir, þá verður manni á að spyrja hinn aðilann um, hvað hann meini með þeim. Við þetta kurteisa svar sitt bætti hann svo því, frá eigin brjósti, að ráðgjafi Íslands gæti ekki verið meðlimur ríkisráðsins. Háttv. frsm. (Kr. J.) hefir tekið af mér ómakið að svara þessu, en viðvíkjandi hinu, sem hann bætti við og sem líka kemur fram í Nd. nefndarálitinu, sem sé því, að dönskir ráðgjafar geti ekki látið Íslandsmál til sín taka, þá er þetta að mínu áliti algerlega rangt, og sönnunin fyrir því, að þetta álit mitt sé rétt, eru athugasemdir ráðgjafans við frumvarp þetta í fyrra. Eg tek það fram, að eg skoða þessar athugasemdir sem samning milli Íslands og Danmerkur um það, hvernig eigi að skilja þetta mál. Í þessum athugasemdum stendur, að dönsku ráðgjafarnir séu skyldir til þess að mæla á móti, ef Íslandsráðgjafinn beri fram eitthvað það, sem haggi jafnrétti danskra borgara í ríkinu, og ef hann beri fram eitthvað, er skerði eiginu ríkisins. Eru þetta ekki afskifti? Jú, eg held það. Alveg eins er Íslandsráðgjafinn skyldur til þess að mæla á móti, ef Danir skyldu vilja losa um sambandið við Ísland, eða halla rétti íslenzkra borgara í ríkinu. Hvernig getur ráðgjaf-

inn þetta? Sem sérmálaráðgjafi hefir hann engan rétt til þess. En hann getur það einmitt vegna þess, að hann er ekki einungis sérmálaráðgjafi, heldur og meðlimur ríkisráðsins.

Upp á 3. spurningu þm. Barðstr. (S. J.) um það, hvers vegna það væri stjórnarfarsleg nauðsyn, að ráðgjafinn sæti í ríkisráðinu, svaraði hæstv. lh. því, að það væri svo allsstaðar, að málunum væri ráðið til lykta í ríkisráði. En þetta er ekkert svar, því hvers vegna er þetta álitið nauðsynlegt allsstaðar? Það kemur til af því, að það er ekki álitin nægileg trygging, að einn maður fjalli um málin.

Nefndarálitið frá Nd. segir, að það sé til þess, að ráðgjafarnir fái vitneskju um hvað gerist, en það er hreinn og beinn misskilningur. Til að fá þá vitneskju þyrftu þeir ekki annað en að fá 1 eintak af stjórnartíðindunum. Nei, það er vegna tryggingarinnar og eftirlitsins, sem þeir vilja hafa; en er það nú svo slæmt, að þeir hafi slíkt eftirlit? Nei, það er jafnt trygging fyrir oss og Dani í því. Það gæti orðið bagalegt og jafnvel stórhættulegt fyrir oss, að einn maður gæti komið fram hjá konungi öllu, sem hann vildi. Samkvæmt þessu álít eg, að Íslandsráðgjafinn geti í vissum tilfellum skift sér af dönskum sérmálum og danskir ráðgjafar skift sér af íslenzkum sérmálum, en þetta er mjög takmarkað í athugasemdum stjórnarinnar við frv. í fyrra, og þær skoða eg sem samning. Eg er samdóma nefndarálíti Ed. og hefi skrifað undir alt, sem þar er sagt, en það er ýmislegt, sem ekki er nefnt þar, sem eg hefi aðra skoðun á en margir, sem samþ. frv.

Í nefndaráliti Nd. stendur t. a. m., að ráðgjafinn beri ábyrgð fyrir „alþingi einu“, sem ljóslega sjáist af því, að orðin „fyrir sitt leyti“ í 3. gr. stj.skr. séu feld burt. En þetta sannar ekki neitt. Skyldi ráðgjafinn þá ekki geta borið ábyrgð fyrir konungi? Jú sannarlega. Að minsta kosti mundi það þykja skrítið annars staðar, ef konungur gæti ekki komið fram ábyrgð á hendur ráðgjafa sínum. En eg geng lengra. Eg álít, að hann geti líka orðið kærður af ríkisþinginu í þeim undantekningartilfellum, þegar hann fer út fyrir sérmálasviðið sem meðlimur ríkisráðsins.

Þetta álít eg nauðsynlegt að taka fram, til þess að koma í veg fyrir það, að menn haldi, að eg hafi greitt atkv. með frv. af misskilningi, eins og eg veit, að ýmsir aðrir gera. Ekki get eg heldur fallist á það, sem sagt er í nefndaráliti Nd. um „Ministerraad“ og „Ministerkonferense“. Hvað hinu fyrra viðvíkur, álít eg ekki þörf á að fara út í það hér, því það mun varla koma fyrir, nema svo sem einu sinni á öld, eða máske aldrei; en hann á þar sæti. Um „Ministerkonferensinn“ eru engin lög til, það er að eins privatfundur ráðherranna; en eg vona að minsta kosti, að ráðgjafinn láti ekki vera að taka þátt í þeim, því hann gæti haft mikið hagræði af því, og eg get ekki séð, að það sé neitt hættulegt fyrir sjálfstæði vort og framfarir, nema að síður sé.

Það er miklu fremur annað atriði en ríkisráðsákvæðið, sem eg álít varhugavert og hefi á móti í þessu frumvarpi, og það er einmitt búsetan. En þrátt fyrir það, er eg í engum vafa um að samþykkja frv. samt, af því það er skoðun mín, að vilji þjóðarinnar sé það æðsta, og að hann eigi að ráða. Fyrir honum beygi eg mig, svo framarlega sem hann fer ekki í þá stefnu, sem eg álít beinlínis hættulega fyrir landið. En gangi hann að mínu áliti í þá átt, sem eg tel hættulega, þá er eg auðvitað á móti honum.

Búsetan hefir náttúrlega sína kosti svo sem þann kost, að það er greiðari aðgangur að ráðgjafanum og að hann getur betur fylgst með í málefnum landsins. En hún hefir einnig marga ókosti.

Það hefir eðlilega vakað fyrir öllum að fá innlenda stjórn, bæði fyrir framsóknar-

flokknum og hinum flokknum. Þeir hafa barist báðir fyrir því, að ná sama takmarki; en þar sem annar flokkurinn hefir viljað ná öllu í einu, þá hefir hinn hugsað sér millibilsástand. Og eg er sannfærður um, að það hefði leitt til sigurs, og að við værum nú búnir að fá verulega góða innlenda stjórn, ef það ráð hefði verið tekið nógu snemma — miklu betri en felst í þessu frumvarpi.

Það, sem eg tel til óheppilegar afleiðinga af búsetunni, er í fyrsta lagi það, að þar með er kostnaðurinn við hina æðstu stjórn íslenzkra mála í Khöfn tekinn af Dönum og honum varpað yfir á landssjóð Íslands. Um þetta skyldi eg nú samt ekki mikið segja, ef Danir hefðu borgað þenna kostnað af eigin fé sínu; því í rauninni er það bæði eðlilegt og sanngjarnt, að hvert land borgi sína stjórn. En aðgætandi er, að Danir hafa alls eigi borgað þetta af sínu fé, heldur af íslenzku fé; því að launin til hinnar æðstu stjórnar íslenzkra mála í Kaupmannahöfn hafa, eins og laun hæstv. landsh., verið greidd af tillagi ríkissjóðsins til Íslands. Eins og menn vita, var það svo, þegar gert var upp milli Íslands og Danmerkur, og Íslendingar fengu sinn fjárhag aðskilinn, að þá skuldbundu Danir sig til að greiða vextina af því fé, er inn hafði runnið í ríkissjóðinn, með árlegu tillagi, með stjórnarkostnaði og með gufuskipsferðum. Þetta áttu að vera vextirnir, og var þó ekki nánda nærri af öllu því fé, sem Jón Sigurðsson hafði leitt söguleg rök að, að Íslendingar ættu tilkall til frá Dönum. Í raun réttri erum við því að gefa Dönum þá fjárupphæð, sem áðurgreindur kostnaður nemur fyrir þá.

Í annan stað leiðir það af búsetunni, að ráðherrann getur sjaldnar verið til staðar í ríkisráðinu til að gæta hagsmuna Íslendinga í sameiginlegum málum. Eg gleymdi að taka það fram áðan, að við megum vera þakklátir fyrir, að hann er meðlimur ríkisráðsins, því einmitt þess vegna á hann kost á að gæta hagsmuna vorra; en sem sérmálaráðherra hefir hann engan rétt til að skifta sér af sameiginlegum málum. Af búsetunni leiðir því beinlínis, að hagsmuna vorra verður miður gætt.

Enn fremur leiðir það af búsetunni, að ráðherrann verður veikari út á við; hann kynnist minna hinum ráðherrunum, skiftir sér minna af sameiginlegum málum og eiga þeir því minna undir honum og skoða hann sem utanveltubesefa, er ekki þurfi að taka tillit til; þar sem þeir mundu taka meira tillit til hans, ef hann væri með þeim að staðaldri. Fyrir þetta verður hann veikari út á við; en allir vita, hve stórmikla þýðingu það hefir fyrir hvert land, að stjórn þess sé sterk út á við.

Aftur á móti verður hann alt of voldugur inn á við. Áður, meðan ráðgjafinn var í Khöfn, var landshöfðinginn sterkur milliliður, en nú er alt vald dregið undir ráðherrann, frá amtmönnum, landshöfðingja og ráðaneyti, svo að hann verður næstum því eins og einvaldur Zar. Og má nærri geta, hve holl áhrif þetta hefði á þingið, þegar meiri hluti þingmanna eru embættismenn. Það er ekki meiningin, að eg vilji gera embættismönnum vorum neinar getsakir; en þetta er nú einu sinni svo, hlýtur að vera svo, að slíkt hafi áhrif, án þess það þurfi æfinlega að vera af ásetningi.

Að undanförnu hefir, eins og kunnugt er, ráðgjafinn ekki haft úrskurðarvald, nema í vissum málum; landshöfðinginn hefir veitt flest embætti og úrskurðað flest mál, svo að valdið hefir verið tvískift.

Þetta tel eg mikið óhapp, að stjórnin verði veik út á við, en of voldug inn á við; og vildi eg miklu fremur hið gagnstæða, að hún væri voldug út á við, en veikari inn á við, þó það megi heldur eigi vera um of.

Þá er og hætt við að hér kunni að myndast „klikka“ utan um ráðherrann,

sem ekki mundi hætt við, ef hann sæti í Khöfn. Þar mundi hann og hafa meira víðsýni og menningarstraumar heimsins betur ná að leika um hann.

Enn fremur mun það leiða af búsetunni, að þingræðið verður minna. Því að ef ráðherrann sæti í Kaupmannahöfn og Danir ættu að borga honum, þá mundi þingið ekki hika sér við að steypa honum úr völdum; en grunur minn er það, að ef ekki þingið, þá að minsta kosti kjósendur mundu hika sér við, þegar til kemur, að steypa ráðherranum, ef hann skyti sér undir dóm þeirra. Kjósendurnir mundu segja: „Nei, ekki viljum við setja ráðherrann á eftirlaun; nú skulum við einmitt kjósa menn, sem eru með honum".

Þá er enn eitt. Ráðherranum verður örðugra að sinna löggjafarundirbúningi mála. Þarna á hann að hafa alt á hendi, löggjöf, umboðsvald, „representation"; hann verður svo önnum kafinn, að hann hefir miklu minni tíma til að gefa sig að löggjafarmálunum, en með því að vera í Khöfn. Störf landshöfðingja eru kölluð mikil, og eru það; en miklu meiri verða þó störf ráðherrans. Eg veit það vel, að menn svara mér því, að hann hafi aðstoðarmenn við störf sín, svo sem landritarann og skrifstofustjórana; en ætli það sé gerandi svo mikið úr því? Mun honum ekki verða nauðsynlegt að hafa nefið niðri í öllu, þar sem hann hefir ábyrgðina á öllu saman og á að svara til alls fyrir þinginu.

Enn má nefna flakkið milli Íslands og Kaupmannahafnar, sem hlýtur að skerða vinnukraftinn að miklum mun.

Í síðasta lagi er það, sem eg legg mesta áherzlu á, að búsetan gerir það örðugra að fá bið enska nýlendufyrirkomulag eða landstjóra-fyrirkomulagið, sem allir óska eftir. Eg er sannfærður um, að það hefði reynst miklum mun hægra, ef við hefðum tekið millistigið með búsetu í Khöfn. Þingið mundi þá hafa fleygt á eftirlaun úr ríkissjóði hverjum ráðherranum á fætur öðrum, sem sett hefði sig á móti kröfum landsmanna; og grunar mig þá, að józku bændurnir í ríkisþinginu mundu þá hafa farið að ókyrrast og biðja stjórnina að losa sig við þessa plágu og lofa Íslendingum að sigla sinn eigin sjó, en láta slíkt fyrirkomulag fara til skollans.

En nú verður alt örðugra við að eiga. Látum oss segja, að ráðherrann væri á móti; þá mundu menn verða linir á því að sleppa honum, er eftirlaun hans yrðu að greiðast úr landssjóði. En væri hann með, þá mundi svarið hjá alríkisstjórninni verða: „Nei, nú getið þið verið ánægðir, þið eruð búnir að fá ykkar búsetta ráðherra". Svo, er hann fengi ekki málinu framgengt, yrði hann að fara frá og kæmi á eftirlaun, og svo koll af kolli, unz menn yrðu þreyttir.

Það er þannig margt að athuga við búsetuna; en þrátt fyrir gallana, sem henni fylgja, þá er eg þó með henni, og var það þegar á þinginu 1901, ef hún væri fáanleg; því að bæði hefir hún nokkura kosti, og svo er að líta á vilja þjóðarinnar.

Eg hefi tekið þetta fram, af því eg vil ekki, að menn geti sagt, að enginn hafi séð gallana við búsetuna, heldur hitt, að menn hafi séð þá fullvel og tekið hana samt. Þetta er í fullu samræmi við alla framkomu mína frá byrjun. Eg hefi sem sé ávalt haldið því fram, að samningaleiðin sé hin eina rétta leið, og að það verði að leita þess, er báðir málsaðilar geti orðið ásáttir um; annars verði alt árangurslaust. Nú er að vísu hægt að fá annað betra hjá stjórninni, en það er ekki hægt að fá það betra hjá þjóðinni. Eg álít frv. 1901 betra en þetta, töluvert betra; en samt sé sjálfsagt að taka þetta, af því ekki er hægt að fá hitt hjá báðum málspörtum. Þess vegna er eg með þessu frumv.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Það er að eins eitt eða tvö atriði, sem

eg nú vildi víkja orðum að. Út af ræðu háttv. þm. Barðst. (S. J.), er virtist eg að eins taka upp aftur nefndarálitið, skal eg taka fram, að eg álít það ekki nema rétt; því að í nefndarálitið hefi eg leitast við að leggja niður allar ástæður með frumv. Í ræðu hans var ekkert nýtt, og hafði eg þá ekki annað að gera, en að leitast við að útskýra enn betur ástæðurnar í nefndarálitinu; og vona eg, að háttv. deildarmönnum séu orðin þessi atriði nokkuru ljósari, ef þeim hafa áður verið þau að einhverju leyti óljós, eða þeir verið í vafa.

Háttv. þm. Barðstr. (S. J.) sagði, að við mættum ekki sleppa neinum lagalegum rétti. Eg veit alls ekki hvað hann meinar; líklega hið sama, sem vant er að kalla landsréttindi, þ. e. sá réttur lands vors, sem er trygður með lögum. Eg kannast fyllilega við, að við megum ekki sleppa neinum slíkum réttindum; en við, sem höldum því fram, að engum rétti sé slept, eigum heimting á, að hinir, sem halda fram hinu gagnstæða, bendi á, hvaða rétti sé slept; en til þess að honum sé slept, hinum lagalega eða lögbundna rétti, þarf lagabreytingu, það er, breyting á þeim lögum, sem tryggja réttinn. Eg kannast eigi við, að vér förum fram á svofelda lagabreytingu; að minsta kosti hefir það eigi verið sannað. Og þó er það þeirra að sanna það, sem halda því fram.

En jafnframt og vér tölum um þenna lagalega rétt, skal eg taka það fram, að það eru til landsréttindi í öðrum skilningi, sem sé hin sögulegu landsréttindi. Hér er ekki að neinu leyti slept landsréttindum vorum, heldur er hér þvert á móti að ræða um lögfestingu þeirra landsréttinda vorra, sem vér enn eigi höfum fengið viðurkend, o: að við fáum þau samþykt með lögum.

Um landsréttindi má sem sagt tala í tvenns konar merkingu. Í blöðum og ritum þeim, er út komu á síðastliðnum vetri, voru þessar tvær merkingar brúkaðar, hvað innan um annað; stundum átt við þau sögulegu landsréttindi, sem við eigum eftir að afla oss, en stundum við þau, sem vér höfum.

Til skýringar skal eg benda á eitt tímabil í sögu vorri. Það er árið 1830. Þá höfðum vér, *eftir mínum skilningi*, ekki spor af landsréttindum, það er: í þeim skilningi, að þau væru lögfest eða viðurkend í lögum. En engum dettur í hug, að við höfum ekki þá sem ávalt haft vor eðlilegu, sögulegu landsréttindi. Þetta sem dæmi upp á mismuninn.

Síðan 1831 höfum vér stöðugt verið að afla oss landsréttinda; þau hafa ekki verið ný sem söguleg landsréttindi, heldur ný, af því þau hafa verið færð í letur og lög, það er: lögfest. Það byrjaði með embættismannanefndinni; svo kom alþingistilskipunin, svo konungsbréf 23. sept. 1848 o. s. frv., einlægt bætt við hin viðurkendu landsréttindi; svo stjórnarskráin 1874 og svo eru síðast konungsbréfin í ár, í fyrra og hitt eð fyrra. En hvergi og aldrei höfum við fengið viðurkendan þann rétt, að mál vor eigi að liggja fyrir utan verksvið ríkisráðsins, sem farið var fram á 1897.

Alt þetta tal um afsal landsréttinda og um háska, sem landinu sé búinn, er sprottið af hreinum og beinum misskilningi á orðinu „landsréttindi“, sem oft er viðhaft í röngum skilningi í æsingarskyni. Að nokkurt afsal liggi í nokkuru ákvæði frumv., getur ekki komið til nokkurra mála.

Áhættan við að strika út hin margumræddu orð „í ríkisráðinu“ er sú, að málið falli niður. En áhættan við að láta þau standa mjög svo lítil, sem sé að eins sú, að ástandið haldist óbreytt, eins og það er nú og hefir verið síðan 1848. Eg vil taka það fram, að eg skil ekki annað, en að staða ráðgjafans í ríkisráðinu verði alveg hin sama eftir sem áður, en alt að einu verður hann meðlimur þess, eftir engum öðrum lögum en stjórnarskránni, sem nú verður samþykt, og ber ekki ábyrgð fyrir

neinu öðru þingi en alþingi; fyrir hinu gagnstæða er eigi unt að benda á nokkurt ákvæði. Það gæti eigi orðið með öðru móti en því, að hann færi út fyrir verksvið sitt; og þá er ekki lengur um constitutionella ábyrgð að ræða, heldur um ábyrgð fyrir embættisafglöp.

Hann á ekki eftir stjórnarskránni að fást við annað en sérmálin; almenn mál eru í höndum annara ɔ: hinna konungsráðgjafanna. Að hann þó kunni að hafa og eigi að hafa afskifti af öðrum málum, ef honum virðast þau koma í bága við hagsmuni Íslands, vil eg að eins byggja á því, að hann er Íslendingur og íslenzkur embættismaður, og sá eini, sem getur komið svo fram, að nota stöðu sína til að mæla máli landsins. Og það býst eg við að hann geri, sem góður Íslendingur. En eg álít ekki, að hann geri það officielt sem ráðherra; vona eg, að h. deild skilji mismuninn á skoðun 2. þm. G.-K. (V. G.) og minni, að því er þetta atriði snertir.

Að því er búsetuna snertir, þá er hún að mínu áliti til bóta aðallega vegna þess, að hún færir oss feti nær því að fá það stjórnarfyrirkomulag, sem fyrir oss vakir sem ákjósanlegast og bezt, eins og eg hefi gert grein fyrir í bréfi til ráðgjafans 6. des. 1901, sem eg býst við að flestir hv. þingdm. hafi lesið.

Viðvíkjandi búsetunni að öðru leyti, þá finn eg eigi ástæðu til annars en vísa til athugasemda ráðgjafans sjálfs við frv. í fyrra, þar sem hann annars vegar telur búsetuna sem kost fyrir oss að því leyti, að við fáum oftar að sjá framan í ráðherrann hér heima, en hins vegar ókost að því leyti, að hann getur eigi eins oft verið nærstaddur í Kaupmannahöfn, til þess að gæta þar hagsmuna vorra. — Þetta er hin réttasta lýsing og skýring á þessu búsetuákvæði, sem eg hefi séð. Það kemur alt undir því, hvað mest er litið á og mest áherzla lögð á, eftirlitið í Höfn eða hér heima. Annars eru, eins og eg tók fram áðan, orð ráðgjafans sjálfs sá bezti texti þessu atriði til skýringar; eg ætla svo ekki að segja frekara um málið að svo stöddu.

Guðjón Guðlaugsson: Eg hefi fremur lítið um þetta mál að segja nú, enda hefir oft áður verið rætt svo margt og mikið um það, að eg býst við, að menn séu orðnir þreyttir á því; en það voru sérstaklega nokkrar athugasemdir í ræðu h. 2. þm. G.-K. (V. G.), sem komu mér til að standa upp. Að vísu hefi eg ef til vill ekki nægilega fest minni á öllu því, sem hann sagði, og get eg því ekki svarað öllum athugasemdum hans svo fyllilega sem skyldi.

Hann sagði fyrst og fremst, að þótt hann greiddi atkv. með frv., þá væri það augljóst, að hann gerði það ekki af neinum misskilningi, og að menn gætu ekki sakað sig fyrir að hafa vikið af réttri braut í þessu máli, og fanst mér hann þar eiga við ríkisráðsákvæðið, nfl., að það væri ekki skaðlegt fyrir sjálfstæði Íslands eða sérréttindi þess, að ráðgjafinn bæri sérmálin upp í ríkisráðinu. Hann fór líka nokkrum orðum um landvarnarstefnuna og þann flokk, sem aðhyllist hana, og hefir hann í því rétt fyrir sér, að sú stefna er mjög heiðarleg, að því leyti, sem hún að mínu áliti að eins er bygð á hræðslu fyrir því, að einstök orð og atriði frv. geti haft hættu í för með sér, og sé eg því enga ástæðu til að bera þeim flokki á brýn, að þeim gangi neitt misjafnt til þess; en hitt finst mér óeðlilegt, að sá maður skuli halda uppi vörn fyrir þenna flokk, sem þrátt fyrir það, að hann er samþykkur skaðsemi orðanna „í ríkisráðinu“, greiðir samt atkv. á móti flokknum, en með frv., og kemur það fram hér, að hann er liðsmaður landvarnarstefnunnar, sem ekki verður að notum fyrir hana. Eg er sannfærður um, að þessar skoðanir h. 2. þm. G.-K. (V. G.), á þessu atriði eru ekki til meðal þjóðarinnar og að hann er hér um

bil einn af 70—80 þúsundum, sem heldur því fram, að ríkisráðsákvæðið þýði ekki að eins það, að ráðherra Íslands sitji þar samkvæmt grundvallarlögunum og sé háður ríkisþinginu, en að það um leið sé ekki að eins skaðlaust, heldur líka gagnslaust. Sú skoðun er alveg ein hér á landi, og ekki til nema í höfði h. 2. þm. G.-K. (V. G.). Mér finst þetta vera skylt við fataskifti þau, sem þessi hv. þm. hefir í þessu efni, þar sem hann í öðru orðinu er með skoðun landvarnarmanna, en í hinu á móti henni; og mér er ómögulegt að skilja, hvernig hann hefir getað skrifað athugasemdalaust undir álit nefndarinnar, sem er alveg á gagnstæðri skoðun, því að í nefndarálitinu stendur ekkert um það, að ráðherra Íslands verði danskur grundvallarlagaráðgjafi vegna ríkisráðsákvæðisins, því að ef svo væri, þá mundi nefndin ekki álíta það skaðlaust. Nefndin hefir þvert á móti haldið því fram í nefndarálitinu, að ráðherra Íslands sitji ekki í ríkisráðinu samkvæmt grundvallarlögunum, af því að hann er skipaður eftir stjórnarskránni, og þess vegna geti hann ekki borið ábyrgð fyrir danska ríkisþinginu. Þetta bendir ótvíræðlega á fataskifti h. þm. í þessu efni, þar sem hann fyrir nokkurum dögum staðfesti með undirskrift sinni skoðun nefndarinnar í þessu efni, en reynir nú að kollvarpa því öllu saman. Þá sagði h. sami þm. enn fremur, að það væri sín skoðun, að búsetan væri til skemda en ekki til bóta á frv., og er eg honum þakklátur fyrir þá yfirlýsingu, enda hefir hann líka haldið þeirri skoðun fram áður, og er því gott, að hann setur þessa skoðun sína opinberlega fram hér á þingi; því að um leið og hann hefir lýst því yfir hér, að búsetan sé spilling á frv., þá vona eg, að þessi yfirlýsing hans sé orðin svo vottföst, að menn geti séð það, að búsetan er ekki honum að þakka, heldur einhverjum öðrum. Hann færði mörg rök fyrir því, að búsetan væri til spillis, og leiddi hann þau ekki út af neinum ákvæðum í frv., heldur tilfærði hann fyrir því ýmsa spádóma, kreddur og grýlur í sínum eigin huga. Þetta alt sýnir, að hann er á móti frv., og mér er ómögulegt að skilja, að sá maður, sem finnur búsetunni svo mikið til foráttu, að hann álítur jafnvel, að hún standi oss í vegi fyrir frekari umbótum síðar, skuli hafa getað skrifað undir nefndarálitið eða geta greitt atkv. með frv. Þetta alt saman er næg sönnun fyrir því, að það hafi ekki verið tómar illgetur, þar sem sagt hefir verið um þm., að það hafi ekki verið hans áform að fá stjórnina meira innlenda en farið var fram á í frv. því, sem borið var fram á þingi 1897. Eg þarf ekki að rekja öll þau atriði, sem hann taldi sem galla á búsetunni. Hann mintist fyrst á kostnaðinn við búsetuna og sagði, að við með honum gæfum Dönum eftir fé, sem þeir væru skyldir til að borga, og skal eg ekki deila um það við h. þm. (V. G.); en ef Danir vilja viðurkenna skuldina á annað borð, þá skil eg ekki, að þeir vilji ekki borga hana á annan hátt en láta eta hana út. Eg held að það sé meinið, að Danir hafi aldrei viðurkent, að við ættum meira hjá þeim en tillagið, og þess vegna geti það ekki komið til greina, að við köstum á Dani meiru en því, sem þeir eigi að greiða. Þessi kostnaðaráætða minti mig á ritgjörðir, sem komu fram í einu blaði hér í fyrra og sem voru eignaðar þessum háttv. þm., og enn fremur persónulegt viðtal þm. við mig áður um þetta atriði.

Þá sagði háttv. þm. enn fremur, að búsetan gerði það að verkum, að ráðgjafinn yrði of voldugur inn á við, en of veikur út á við, og fanst mér hann ekki færa neinar gildar ástæður fyrir þessari staðhæfingu. Það getur verið, að hann verði of veikur út á við, í því að njóta áhrifa frá Dönum, en hann verður ekki of veik-

ur í neinu því, sem okkur kemur við og nauðsynlegt er fyrir okkur.

Þá taldi sami þm. það einn ókost við búsetuna, að ráðgjafinn fyrir hana mæti sjaldnar í ríkisráðinu. Þetta stendur í samræmi eða kemur heim við skoðun þm., þegar hann fer í þann búning, að það sé bezt fyrir oss að vera sem trúlegast innlimaðir við Dani og apa alt sem mest eftir þeim. Þessa skoðun hefir þm. haft frá upphafi í þessu máli; en þetta er skoðun, sem Íslendingar ekki geta felt sig við. Eg held að þm. geri alt of mikið úr því, hve nauðsynlegt það sé, að ráðgjafinn eigi sæti í ríkisráðinu vegna alríkismálanna; því að þar sem hann er skipaður eftir stjórnarskránni, þá verður það þó aðalhlutverk hans að hafa sérmálin á hendi, og bezt að hann blandi sér sem minst í þau mál, er snerta alríkið.

Þá sagði háttv. þm. enn fremur, að Hafnarráðgjafinn yrði víðsýnni en sá ráðgjafi, sem er búsettur hér í Reykjavík; en eg verð að líta svo á, að í móti því kæmi aftur það, að sá ráðgjafi, sem væri búsettur hér, yrði víðsýnni hér heima og fengi meiri og víðtækari þekkingu á högum landsins. Þetta alt nægir til að sanna það, að þm. er algerlega á móti búsetunni og þess vegna ætti hann að greiða atkvæði á móti frv.

Þá hélt sami þm. því einnig fram, að vegna þess að ráðgjafinn fengi laun sín og eftirlaun úr landssjóði, en ekki frá Dönum, þá yrði þingið ósjálfstæðara gegn honum, með því að þá kæmi hræðslan um eftirlaunin í veg fyrir, að honum yrði vikið frá völdum, og furða eg mig á, að þessu skuli vera haldið fram af manni, sem vill sníða alt eftir útlendu sniði hér á landi, bæði í búnaðarháttum og öðru; hann ætti þó að vita, að þetta atriði, viðvíkjandi launa- og eftirlaunaspursmálum, á sér stað alls staðar annars staðar á Norðurlöndum; veit hann þá ekki, að í Danmörku eru ráðgjafarnir launaðir af ríkissjóði? Og hefir reynslan ekki sýnt, að nú eru komin stjórnarskifti á í Danmörku, af því að sú stefna varð undir, sem hélt fram því gagnstæða?

Eg skil ekki að Íslendingar séu svo ólíkir öllum öðrum þjóðum, að þeir vilji láta aðra borga þessi laun fyrir sig, og verða með því undirlægja annarar þjóða; enda voru ástæður þær, sem þm. færði fyrir þessari skoðun, næsta ómerkilegar og ekki á neinum rökum bygðar.

En þótt háttv. þingm. (V. G.) telji svo marga galla á búsetunni, þá sagði hann samt, að hann fyrirfram hefði sagt, að hann mundi verða með henni, og furða eg mig á, að hann skuli hafa verið með búsetunni, áður en hann vissi nokkuð um vilja þjóðarinnar í því efni, og skal eg benda á, að hann sagði í byrjun ræðu sinnar, að hann væri með búsetunni, af því að það væri vilji þjóðarinnar; en eg get þá bent honum á, að hann hafði ekki meiri hluta þjóðarinnar með sér, þegar hann fyrst byrjaði að samþykkja þetta ákvæði; því að á þinginu 1901 voru þeir þingmenn í minni hluta, sem vildu hafa ráðgjafann búsettan hér heima, en hinir í meiri hluta, sem vildu hafa hann búsettan í Kaupmannahöfn. Hvers vegna andmælti þingmaðurinn þá ekki búsetunni, undir eins og hún var ráðin? Það eru þess vegna ekki nema spádómar hjá þm. að segja, að hann hefði fyrirfram verið með búsetunni, af því að þjóðin mundi verða henni fylgjandi, og svo þetta, að vera altaf að skifta um skoðanir eftir því, hvað maður heldur muni verða ofan á, það er að mínu áliti alt annað en eftirbreytnisvert. Eg skil þess vegna ekki framkomu háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) í sambandi við þetta mál. Eg skil ekki annað, en að hann hafi skrifað undir nefndarálitið af óskiljanlegu og fágætu ósjálfstæði og jafnvel hreinum aumingjaskap, og mér þykir líklegt, að þar sem háttv. þm. Barðstr. (S. J.). gat þess í upphafi

ræðu sinnar, að fleiri en hann væru á sömu skoðun um ríkisráðsákvæðið, þá er eg hræddur um, að hann hafi átt við 2. þm. G. K. (V. G.), en þó er eg hræddur um, að hann hafi farið feilt, ef hann heldur, að þessi háttv. þm. hiki við að samþykkja þetta ákvæði, þar sem hann telur það til stórra bóta. Annars sé eg ekki ástæðu til að fara frekar út í nefndarálitið, þar sem háttv, frsm. (Kr. J.) hefir rækilega svarað athugasemdum háttv. þm. Barðstr. (S. J.), og hefði eg sízt viljað tala á móti háttv. frsm. (Kr. J.), þar sem við höfum unnið saman í nefndinni; en mér þykir leitt, að hann skyldi dæma svo hart um framkomu flokkanna, ekki af því, að það ekki sé satt, að þeir séu hvorugur lausir við öfgar, heldur hitt, að mér fanst, að háttv. frsm. (Kr. J.) hafi staðið svo nærri öðrum flokknum í þessari baráttu að undanförnu, að eg hefði helzt kosið, að hann hefði ekki minst neitt á framkomu þeirra.

Háttv. frsm. (Kr. J.) sagði, að það væru nú engir flokkar til, og að allir væru sammála; en þetta er ekki rétt, því að hér er einn þm. með allstóran flokk manna, sem ekki vill samþykkja ríkisráðsákvæðið í frv., og því síður ætti háttv. frsm. (Kr. J.) að dæma flokkana hart, sem hann heldur flokkaskiftingunni fram nú. Hann hefir, eins og menn vita, greitt atkvæði til þingsetu með þeim manni, sem fylgt hefir landvarnarstefnunni, og þótt það ekki falli saman við vörn hans í málinu nú, þá sýnir það samt, að hann hefir munað eftir, í hvaða flokki hann var áður, og mun hann því ekki hafa hreinna mjöl í pokanum en aðrir, að því er þetta snertir; en mönnum er vorkunn, þegar þeir komast í dálítinn politiskan hita, þótt þeir fari stundum nokkuð lengra en góðu hófi gegnir.

Valtýr Guðmundsson: Það er leitt að þurfa að hlusta á annað eins algert skilningsleysi á hinu mesta velferðarmáli þjóðarinnar, eins og kom fram hjá h. þm. Strand. (G. G.). Eg varð alveg steinhissa, því háttv. þm. var alveg eins og úti á þekju, og mér þykir það leitt, ekki einungis sjálfs hans vegna, heldur og alls þingsins vegna. Öll ræða hans var ekki til annars, en að „dókúmentera“ þetta skilningsleysi og hreyta ónotum í mig og aðra þingdeildarmenn, og hefði háttv. þm. verið betra að sitja hjá og þegja, eins og hann gerði í nefndinni.

Eg ætla að benda lauslega á fjarstæðurnar, helztu ranghermin í ræðu þm. Hvenær hefi eg sagt, að ríkisráðsákvæðið væri skaðlegt? Það hefi eg aldrei sagt, heldur haldið því fram, að það væri með öllu skaðlaust. Hvenær hefi eg haldið fram skoðun landvarnarmanna? Aldrei, en eg hefi sagt það, að þeir hafi rétt fyrir sér í ýmsum aukaatriðum, svo sem í skýringum um afstöðu ráðgjafans, en aftur á móti sagt, að þeir hafi rangt fyrir sér í aðalatriðunum, nefnilega víðvíkjandi löggildingu grundvallarlaganna og að vér afsölum oss landsréttindum vorum.

Það er engin ástæða til að draga dul á það, að hinir ráðgjafarnir geta skift sér af gerðum ráðgjafa vors, svo framarlega sem hann fer út fyrir það svið, sem honum er markað, en það álít eg ekki hættulegt, heldur miklu fremur heppilegt. En nú kemur Nemesis yfir þessa menn, háttv. þm. Strand. og flokk þann, er hann fylgir; nú kemur alt það ryk, sem þeir þyrluðu upp 1897 og árin þar á eptir út af ríkisráðssetunni, þeim maklega í koll.

Viðvíkjandi ábyrgðinni sagði eg, að ráðgjafinn bæri ábyrgð, ekki eingöngu fyrir alþingi, heldur og líka konungi og í sérstökum tilfellum ríkisþingi Dana, en slíkt er að eins teorí, sem hefir enga praktiska þýðingu, því til þeirrar ábyrgðar mundi aldrei koma í framkvæmdinni. Svo sagði háttv. þm., að eg hefði sagt, að búsetan væri til skemda; það er ekki satt, heldur sagði eg, að á henni væri talsverð-

ir agnúar, og er það sitt hvað. Ekki veit eg heldur til, að eg hafi þakkað mér það sérstaklega, að hún er komin inn í frv., en mínum flokki er það þó að þakka, því í ávarpi því til konungs, sem sent var 1901, er einmitt beðið um það, að fá stjórnina búsetta hér á landi. En mig minnir, að það væri einmitt hans flokkur, sem feldi það í Nd. að senda konungi sams konar ávarp þaðan. Og hér í Ed. gekk háttv. þm. Strand. (G. G.) af fundi, þegar ávarpið var samþykt, til þess að reyna að gera fundinn ólögmætan. Hann getur því naumast þakkað sér, að beðið var um búsetuna. En eins og sjá má af konungsboðskapnum í fyrra, var tilboðið um búsetuna einmitt svar upp á ávarp Ed.

Hann segir, að vér höfum verið á móti búsetu ráðgjafans hér heima 1901, og það er satt, eins og henni var fyrirkomið í tveggja ráðgjafa frumv., því sú búseta var stjórnskipulegt afskræmi. En það er nokkuð annað en að vera á móti búsetunni í sjálfu sér. Síðan fór þm. að tala um skuld Dana til vor Íslendinga, og sýndi hann þar svo algert þekkingarleysi, að ekki væri vanþörf á fyrir þm. að kynna sér stöðulögin og umræðurnar í ríkisþinginu um það mál.

Það var sett finanskomissión, og í henni sátu af Íslendinga hálfu Jón Sigurðsson og Oddgeir Stephensen. Danir viðurkendu skuldina, og var ákveðið að hún skyldi greiðast, eins og eg tók fram áðan, sumpart sem tillagið úr ríkissjóði og sumpart með því að borga hinni æðstu stjórn landsins og sumpart með tillagi til póstferða milli Íslands og Danmerkur o. s. frv. Þetta lítur út fyrir að vera hreinasta hebreska fyrir háttv. þm., því hann veit ekkert um það.

Svo var það viðvíkjandi eptirlaunum ráðgjafans að þm. hélt ekki að Íslendingar væru svo sýtingssamir, að þeir mundu horfa í þau, og ekki sýtingssamari en Danir. Fyrst er nú það, að það er dálítið annað af að taka ríkissjóði Dana, sem hefir 70 miljónir í árlegar tekjur, heldur en landssjóði Íslands, og í öðru lagi er það komið fram í háttv. Nd., að eftlaunin hafa verið færð niður í 3000 kr., þar sem Danir launa sínum ráðgjöfum 6000 krónur í eftirlaun, svo það er engin ástæða til að ætla, að Íslendingar verði eins rausnarlegir í því efni, eins og Danir.

Þar sem háttv. þm. Strand. (G. G.) var að dylgja um það, að eg hefði eitthvað meir eða minna blandað mér inn í landvarnarstefnuna, og þm. Barðstr. (S. J.) hefði fengið landvarnarefasemdir hjá mér, þá þarf eg ekki að taka það fram, að háttv. þm. Barðstr. (S. J.) þarf ekkert til mín að sækja, og á landvarnarstefnuna hefi eg aldrei minst, fyr en nú í dag. Eg stend og hefi staðið í beinni mótsetningu við þá stefnu. Það er ekki af því, að eg áliti, að eg þurfi að taka svari hins háttv. frsm. (Kr. J.), að eg finn ástæðu til að víta þau ónot, sem þm. Strand. (G. G.) var að hreyta að honum, heldur vil eg víta það alment, að geta í engu virt skoðanir sinna mótstöðumanna, og sérstaklega álít eg í því tilfelli, sem þm. mintist á, sem sé atkvæði frsm. við þingmannskosninguna í Reykjavík, að sú framkoma verði honum ávalt til sóma, því það sýnir það, að hann getur viðurkent yfirgnæfandi kosti mannsins, þó hann sé ekki samdóma honum í öllum atriðum.

Eg ætla ekki að fara fleiri orðum um ræðu háttv. þm. Strand. (G. G.), því hún hafði enga þýðingu, og hefði eg máske ekki átt að svara henni einu orði.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. — — í e. hlj.
3. gr. — — - ——
4. gr. — — - ——
5. gr. — — - ——
6. gr. — — - ——
7. gr. — — - ——
8. gr. — — - ——

9. gr. frv. sþ. í e. hlj.
10. — — — - ——
11. — — — - ——
12. — — — - ——
13. — — — - ——
Inng. frumv. sþ. í e. hlj.
Fyrirsögnin sþ. í e. hlj.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 31. júlí (C. bls. 217, n. bls. 322).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Það má búast við því, að frumv. það, sem hér liggur fyrir, verði samþ. hér í deildinni í dag, og stjórnarbótarmálinu þar með ráðið til lykta fyrir all-langan tíma. Eg vona því, að háttv. deild misvirði það ekki við mig, þótt eg nú, þegar við erum að skilja við þetta mál, taki fram nokkur þau atriði í sögu þess, er eg tel þýðingarmest frá minu sjónarmiði.

Það eru nú liðin 9 ár síðan hinni fyrri baráttu — baráttunni um endurskoðunarfrumv. gamla — lauk, og hygg eg, að flestir hafi þá verið komnir á þá skoðun, að þýðingarlaust væri að halda henni áfram í því formi, er henni hafði verið haldið. Eg held að minsta kosti, að á þeirri skoðun hafi ekki að eins verið þeir menn, sem þá greiddu atkv. móti frumv., heldur og margir, sem gáfu því atkvæði sitt. Næsta vor, rétt fyrir þing 1895, var það, að til mín kom merkur maður, sem sat þá og situr nú enn á þingi, og talaði hann þá við mig og líklega ýmsa aðra um það, að nauðsynlegt væri að koma málinu í annað horf eða taka upp aðra stefnu, með því að fara tillöguleiðina í stað frumvarpsleiðarinnar, sem áður hafði verið farin, og þetta var gert á næsta þingi, 1895.

Undirtektirnar undir þingsályktunartillögurnar frá 1895 voru ekki eins góðar af hálfu stjórnarinnar, eins og búast hefði mátt við, því að vér fengum ekkert opinbert eða officielt svar frá stjórninni annað en það, að eigi væri tiltök að taka þær til greina. Samt höfðum vér það upp úr þeim, að vér fengum að vita í kyrþey eða svo sem á bak við tjöldin, að breytingu á stjórnarskránni mætti fá framgengt, og var samkvæmt því á þinginu 1897 borið upp af einum þingmanni frumv, sem vissa var fyrir, að mundi verða staðfest af konungi, og voru í því hin merkustu og þýðingarmestu stjórnarbótar-ákvæði þessa frumv., sem vér nú víst erum einráðnir í að afgreiða í dag sem lög frá alþingi. Um þetta frumv. frá 1897 myndaðist flokkur á alþingi, sem kallaðist stjórnarbótarflokkurinn; en málið var felt þá, og sömu urðu úrslit þess á þinginu 1899, þegar þessi sami flokkur bar upp frumv. frá 1897, nokkuð breytt og endurbætt.

Árið 1901 bar flokkurinn enn upp frumv., og höfðu þá enn verið tekin upp í það nokkur ný ákvæði. Það frumv. var samþ. af alþingi, og voru í því undantekningarlaust öll ákvæði þessa frumv., sem hér liggur fyrir, nema ákvæðið um búsetu ráðgjafans hér, og önnur þau ákvæði, sem beint leiða af henni. En í ávarpi til konungs frá Ed. var það jafnframt skýlaust tekið fram, að það væri ósk almennings hér á landi, að hin æðsta stjórn landsins væri búsett í landinu sjálfu.

Þetta er saga málsins, og sannarlega verð eg að segja það, að það erum vér, tillögumennirnir frá 1895, sem höfum borið málið fram, barist fyrir því og komið því í það horf, sem það nú er komið í, að það nú verður afgreitt sem lög frá þinginu og hefir fult fyrirheiti um að hljóta staðfestingu konungs. Eg hefi aldrei talað um það fyr og aldrei int í þá átt, hverjum þessi heppilegu úrslit væru að þakka en eg hefi nú sagt það, og sagan mun sýna að eg fer hér með rétt mál.

Eg tók það fram áðan, að um frumv. frá 1897 hefði myndast flokkur, er barð-

ist fyrir því að koma frumv. fram, en í honum voru nálega allir tillögumennirnir frá 1895, og má því eiginlega telja aldur hans frá því ári; auðvitað myndaðist þá mótflokkur, er barðist gegn frumv., og hefi eg ekkert út á það að setja, því það var í alla staði réttmæt og eðlileg flokkaskifting. Árið 1895 skiftust menn í flokka eftir því, hvort menn vildu fara tillöguleiðina eða frumvarpsleiðina, og var það eðlileg flokkaskifting. Árin 1897 og 1899 skiftust menn í flokka eftir því, hvort menn vildu taka þeirri stjórnarbót, sem þá var í boði, eða mönnum þótti of lítið vera í boði og þess vegna vildu alls ekki taka því. Að byggja flokkaskiftingu á þessu var fyllilega réttmætt, og sama er að segja um flokkaskiftinguna 1901 — hún var fyllilega réttmæt og eðlileg, og það því fremur, sem mótflokkur minn þá hafði ákveðið prógram — 10 mannafrumv. svo nefnda. Eg fór þá og hefi síðan í ræðu og riti farið hörðum orðum um það frumv., en eg játa, að það hafi verið réttmætt að byggja á því flokkaskiftinguna, og að þeir, sem héldu því fram, höfðu verulegan grundvöll á að byggja, þótt hann væri óheppilegur og misráðinn, að mínu áliti. — Þessi flokkaskifting hélzt svo, þangað til í janúar 1902, þegar konungsboðskapurinn um stjórnarbótarmálið barst hingað; þá, 2 dögum síðar, að mig minnir, lýsir stjórn framsóknarflokksins opinberlega því yfir, að hún fallist á hann og sé honum samþykk, og vilji taka tilboði stjórnarinnar, og enn litlu síðar lýsir aðalmálgagn heimastjórnarflokksins yfir hinu sama. Síðan hefir engin réttmæt flokkaskifting átt sér stað í þessu máli, því með þessum yfirlýsingum hlaut hún að vera fallin úr sögunni.

Eg hefi alt af hingað til barist fyrir því, að önnur mál væru ekki látin ráða flokkaskiftingunni en þetta stærsta velferðarmál vort, en því miður hafa ekki allir gert það svo vel, sem skyldi; og að minsta kosti var sú flokkaskifting, sem haldið var uppi á þingi 1902, í alla staði óeðlileg og óréttmæt, því að hún bygðist eingöngu á gamalli ·óvild og úlfúð. Það var raunar látið í veðri vaka í byrjuninni, að hún ætti ekki að haldast lengur, en þangað til samþ. hefði verið frumv. stjórnarinnar, en raunin varð samt önnur, því þessi flokkaskifting, sem eingöngu miðar til þess að sundra og tvístra kröftunum og afvegaleiða og villa sjónir almennings, helzt enn. En enginn skilur neitt í henni, nema klikkurnar, sem ráða skiftingunni, ef þær þá gera það sjálfar; en að mínu áliti eru pólitiskar „klikkur“, sem eigi berjast fyrir neinum málefnum, er réttlæti tilveru þeirra, hið auðvirðilegasta „fenomen“ í hinu opinbera og pólitiska lífi voru.

Mig furðar þess vegna sérstaklega og stórlega á þeim nýju þingmönnum, er nú fyrst sitja á þingi sem þingmenn, en hafa með kappi kastað sér inn í þenna flokkadrátt, sem byggist á svo illum grundvelli. Mig furðar einkanlega á því, þegar nýjir þingmenn., sem eiga mikið undir sér, eru hátt settir, njóta mikils álits, og gætu gert mikið gagn á þinginu, gera slíkt, kasta sér með ofsa inn í flokksæsinguna og vinna þannig ógagn.

Um leið og eg nú skila af mér framsögunni í þessu máli, læt eg í ljósi þá von mína, að þessi óhappasæla flokkaskifting hætti, og eg óska og vona, að þetta frumv., sem vér að líkindum samþ. hér í dag með öllum atkv., verði þessu landi og þessari þjóð til heilla og blessunar og farsældar í bráð og lengd, og að eigi komi til þess, að vér þurfum fljótt að breyta því aftur. Eg segi þetta af því að eg álít að það sé villukenning, sem haldið var hér fram fyrir nokkurum árum, að stjórnarlög eins lands væru helgari en önnur lög, að því leyti, að þeim mætti eigi breyta, nema þegar alveg sérstök atvik væru fyrir hendi. Að sjálfsögðu á

að breyta þeim, alveg eins og öðrum lögum, þegar reynslan leiðir það í ljós, að þau að einu eða öðru leyti eru eigi eins og æskilegt væri o: fullnægja ekki augnamiði sínu. Eg býst ekki við að tala oftar hér í þessum sal í þessu máli, og eins og sakir horfa, þykir mér eigi líklegt, að eg tali framar á alþingi, að þessu þingi loknu. Mér mun því verða fyrirgefið það, þó eg segi, að síðan 1895 hefi eg lagt fram mína beztu krafta til þess, að mál þetta fengi heppileg úrslit, og eg tek það fram, að eg hefi öll þessi ár aldrei gert neitt það í því, sem eg nú hefði viljað gera öðru vísi, eða sem eg hefi iðrast eftir.

Mér hefir sérstaklega verið kent um það, og það talin mín sök að talsverðu leyti, hver úrslit málsins urðu á þingi 1901, og það hefir verið ráðist mjög ósanngjarnlega, og mér finst enda illmannlega, á mig fyrir það. En eg tek það fram, að eg iðrast ekki eftir afskiftum mínum af stjórnarbótarmálinu á þingi 1901, því eg álít þau úrslit, sem málið fekk þá, mjög heppileg, og hefði því ekki verið ráðið þá til lykta, eins og gert var, þá værum vér vissulega nú ekki að leggja fullnaðarsamþykki á þetta frumv. Eg mundi ótrauður gera það nú aftur, sem eg gerði í þessu máli 1901, ef atvik væru hin sömu fyrir hendi. Sagan hefir fullkomlega réttlætt aðferð Ed. þá í málinu. Það, sem tafið hefir mest fyrir þessu máli, er það, að menn hafa of mjög tekið tillit til smáatriða í því og lagt svo mikla áherzlu á þau, að þeir hafa gleymt aðalatriðunum, hinum eiginlegu pólitisku kjarnaatriðum málsins. Meðal þessara atriða, er hafi tiltölulega litla pólitiska þýðingu, tel eg búsetu ráðgjafans hér á landi; eg álít hana eigi meira virði en svo, þótt eg kannist við ýmsa kosti hennar, að eg vildi ekki gefa fyrir hana eins árs frest á málinu, en hitt hefi eg einlægt talið sjálfsagt, að þiggja hana, þegar hún gat fengist afarkostalaust, og það tel eg að hún fáist með þessu frumv. Bæði í þessu og öðrum velferðarmálum vorum ættu menn að varast að láta lítilfjörleg smáatriði glepja sér sjónir, og verða til þess að standa í vegi fyrir stórmiklum réttarbótum. Eg skal svo ekki fjölyrða meira um mál þetta, en vonast að eins til, að háttv. d. samþ. frumv.

Eiríkur Briem: Mig furðaði á ræðu háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) Hann byrjaði á því, að segja sögu málsins, en þetta hefir ekki komið til tals í nefndinni, og hann hlýtur að vita það, að meiri hluti nefndarinnar hefir aðra skoðun á sögu þessa máls, en hann hefir sett fram í þessari ræðu. En það hæfir ekki nú, á þessari hátíðlegu stund, að fara út í flokkaskiftingar og deilur flokkanna, né heldur að metast um það, hvað hverjum er að þakka og hvað hverjum er að kenna. Um það á sagan að dæma en ekki vér.

Hvað því viðvíkur, sem hann talaði um flokkaskiftinguna, þá ímynda eg mér að þau orð, sem hann talaði, verði ekki til þess að eyða ágreiningnum; eg gæti vel ímyndað mér, að það yrði til hins gagnstæða. En eg vil ekki fara á þessari stund að deila við hann um það, sem hann sagði, en læt mér nægja að taka það fram, að hann hefir ekki talað sem framsögumaður nefndarinnar í þessu máli, heldur fyrir sig persónulega.

Eg hafði alls ekki búist við neinum umræðum um þetta mál, og mér finst það illa tilfallið að láta þessa stund, þegar frá þingsins hálfu er lögð síðasta hönd á stjórnarskrármálið, vanhelgast af persónulegum deilum.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en að eins óska og vona, að frumv. þetta megi verða til heilla og blessunar fyrir land og lýð.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Það var að eins stutt athugasemd, sem eg vildi gera útaf orðum háttv. formanns nefndarinnar (E. Br.). Það gat enginn

misskilið það, að eg talaði fyrir mína eigin hönd áðan, en ekki fyrir hönd nefndarinnar. Eg tók það fram, eða ætlaði að minsta kosti að taka það fram, en rétt til þessa hafði eg vafalaust sem sjálfstæður þingmaður.

Guttormur Vigfússon: Eg hafði beðið um orðið við 2. umr. þessa máls, en féll þá frá því aftur vegna þess, hvað áliðið var orðið og umræður langar. Enda þótt og álíti það lítinn þarfa, að hafa langt þref og umræður um mál þetta, sem vissa er fyrir að gengur óbreytt gegn um deildina, get eg þó ekki látið vera að tala nokkur orð út af ræðu háttv. þm. G.-K. (V. G.) við aðra umræðu.

Ræða þessi líktist svo greinilega hinni löngu ræðu háttv. 3. kgk. (Kr. J.) að því leyti, að það leit út fyrir, að hún væri eingöngu haldin til þess að vekja gamlar væringar milli flokkanna, kasta skugga á mótflokkinn, en hrósa sjálfum sér.

Háttv. þm. G.-K. (V. G.) notaði fyrst nokkurn tíma til þess að sýna mönnum fram á, hve hátt hann stæði yfir þinginu í heild sinni að vísdómi, og hve óumbreytanlegur og stefnufastur hann væri. Hann þóttist standa á sama stað eða sama grundvelli og 1897, að því er snertir ríkisráðsákvæðið; og til að árétta þetta sagði hann, að þingið hefði ekki gætt sóma síns í fyrra, þegar það hringsnerist í þessu atriði. Þm. K.-G. (V. G.) er eins og kerlingarnar, sem stöguðust á orðunum: „klipt er það, skorið er það“, hversu greinilegar ástæður sem færðar eru fram móti honum. Hann getur eða vill ekki skilja, hversu ljóst sem það er skýrt fyrir honum, að það, sem menn höfðu fulla ástæðu til að álíta í mesta máta skaðlegt 1897, getur 1902 álitist og verið óskaðlegt sökum breyttra kringumstæðna.

Þetta gildir einmitt um ríkisráðsákvæðið, og þarf eg ekki að eyða mörgum orðum, til þess að sýna og sanna, að svo sé, því að í nefndaráliti Nd. er glögglega sýnt fram á, að ráðgjafinn hafi alt aðra stöðu í ríkisráðinu eftir þessu frumv., en eftir frumv. 1897, og undir þetta nefndarálit hafa ritað nöfu sín bæði þeir menn, sem fylgdu fram frumv. frá 1897, og þeir, sem þá greiddu atkv. með því, að banna ríkisráðssetu ráðgjafans. Mér finst líka, að ekki þurfi nema meðalskilning til þess að sjá það, að allir hljóta að geta gengið inn á þetta ákvæði nú, þegar kringumstæðurnar eru breyttar. Eftir frumv. frá 1897 átti ráðgjafinn íslenzki að vera aldanskur embættismaður, skipaður af dönsku stjórnarvaldi, ráðaneytisforseta Dana; hann átti ekki að eins að bera ábyrgð fyrir alþingi, heldur einnig fyrir ríkisþingi Dana; að þetta sé fullkomlega rétt, sést ljóslega á því, hvílíkt kappsmál stjórninni var altaf að halda orðunum „fyrir sitt leyti“ í frumv. 1897, 1899 og 1901.

Eftir þessu frumv. verður ráðgjafinn aftur á móti alíslenzkur embættismaður, launaður af landsfé, búsettur á Íslandi og þar af leiðandi íslenzkur borgari, og skipaður af íslenzkum embættismanni; því eg tel sem sjálfsagt, að fráfarandi ráðgjafi innstilli eftirmann sinn, en alls ekki ráðaneytisforseti Dana.

Hér höfum við mann, sem er launaður af okkar eigin sjóði, og sýnir það máske betur en flest annað sérstöðu þessa lands, og að hann er alveg sérstakur eða að staða hans er alveg sérstaklega afmörkuð í ríkisráðinu, að því leyti, hvernig honum er launað. Eftir fyrri frumv átti ráðgjafi Íslands að bera sérmálin upp í ríkisráðinu og málin að ræðast þar, og 1897 var það fullkomin meining þeirra manna, er þá börðust harðast móti ríkisráðssetunni, að í ríkisráðinu færi fram bein atkvæðagreiðsla um málin, og að þau væru þar útkljáð á þann hátt. Að þessi skilningur á afgreiðslu málanna hafi verið mjög ríkjandi, sést ljósast á þeim ákvæðum, er sett voru inn í frumv. við 2. umr. í Nd. og sem síðar voru kölluð ríkisráðsfleygurinn; þar segir svo í annari

málsgrein 1. gr.: „Lög þau og stjórnarathafnir, er snerta sérstök mál Íslands, skulu ekki borin upp í hinu danska ríkisráði, eða lögð undir atkvæði þess". Einmitt þessi skoðun á málinu, og ótti fyrir því, að ráðgjafi Íslands yrði ofurliði borinn með atkvæðagreiðslu um Íslands mál í ríkisráðinu, mun að miklu leyti hafa valdið því, hve mikil áherzla var lögð á þetta atriði. — Eftir að mál þetta með ræðum og ritum, hafði skýrst fyrir mönnum á ýmsan hátt, og sannað var, að slík atkv.-gr., sem hér um ræðir, alls ekki ætti sér stað, var að miklu leyti horfin þessi ástæða, og eins og eg áður sagði, kringumstæðurnar að því leyti alveg breyttar.

Þetta sýnir, að háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), þarf ekki að brigzla þinginu um hringsnúning í þessu máli; og að alt bendi til þess, að Íslandsráðgjafinn verði sérstæðari eftir þessu frumv. en frumv. 1897, skil eg ekki að neinum geti blandast hugur um.

Eg þarf ekki að taka upp öllu fleiri ástæður fyrir þessu, því að þær eru ljóslega settar fram í nefndaráliti h. Nd.

Að því, er snertir seinni kafla af ræðu háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), þá var hann einungis spádómur og ekkert annað; sumpart spádómur um það, sem aldrei getur sannast, svo sem t. d. það, að ef frumv. frá 1901 hefði verið samþykt, þá hefðum vér staðið betur að vígi með að fá stjórnarskrárbreytingu síðar, og bygði hann það á því, að Danir mundu hafa orðið þreyttir á stöðugum ráðherraskiftum frá vorri hendi, þar vér hefðum getað sett hvern ráðherrann af öðrum á eftirlaun upp á ríkissjóðinn. Eg hefi skoðað það svo, að staða Íslandsráðherrans eftir þessu frumv. væri þannig háttað, að það væri ekki eins auðvelt að kasta ráðherranum frá sér á eftirlaun, eins og háttv. sami þm. hélt fram, þar sem vér auðsjáanlega hefðum haft mjög lítil tök á hinum danska embættismanni, sem ekki einu sinni þurfti nema eftir eigin geðþótta að mæta á alþingi, og að öllum líkindum hlaut að vera háður stjórnarskiftum í Danmörku, að miklu eða öllu leyti.

Á hina hliðina er það auðsætt, að eftir þessu frumv. verður ráðherrann, sem er alíslenzkur embættismaður og skyldur til að mæta á alþingi, eingöngu háður áhrifum þess og stendur eða fellur eftir því, hvernig samkomulagið er milli hans og þingsins, án nokkurs tillits til ráðaneytisskifta í Danmörku.

Viðvíkjandi búsetu ráðgjafans hefi eg myndað mér sérstaka skoðun, og komist að alt annari niðurstöðu en háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.). Eg lít svo á, að einmitt búsetan sé það spor, sem við þyrftum að stíga, til þess að komast í það horf og ná því takmarki, sem horfið var frá 1897, nfl. landstjórahugmyndinni; eg hefi þá öruggu von, að svo framarlega sem hin íslenzka þjóð á nokkra framtíð fyrir höndum, þá myndist hér nýtt, sjálfstætt ráðaneyti með tímanum, þar sem einn maður mundi ekki geta annast öll þau störf, sem á ráðherranum koma til að hvíla; en þar af leiðandi muni verða skipaðir hér fleiri ráðgjafar, er með tímanum myndi eins og sérstakt ráðaneyti; Danir muni þá hljóta að sjá, að sambandið milli landanna verði ekki eins eðlilegt og heppilegt, eins og vera ber, en þá muni næsta sporið verða það, að við fáum hér landstjóra, eða með öðrum orðum, það stjórnarfyrirkomulag, sem við vorum að berjast fyrir þangað til 1897, að h. 2. þm. G.-K. (V. G.) kom til sögunnar.

Sigurður Jensson: Eg er samdóma h. 6. kgk. þm. (E. Br.), um það, að þetta er alvarleg stund, og eg skal reyna að varast að vanhelga hana á þann hátt, sem hann átti við, að fara að tala um fornar deilur; en eg fyrir mitt leyti finn mér skylt að tala fáein orð um þetta mál, áður en gengið er til atkvæða um það, til þess að gera grein fyrir atkv. mínu.

Eg tek það upp aftur, að þetta er alvarleg stund, vegna þess, að þetta er síðasta umræða um þessa stjórnarskrárbreytingu, og má ganga út frá því, sem vissu, að þetta mál verði nú samþykt og afgreitt frá þinginu og að það eigi einnig vísa staðfestingu konungs.

Þetta er þá í fyrsta sinn sem Íslendingar samþykkja sjálfir sína stjórnarskrá, því að stjórnarskráin frá 1874 var ekki samin eða samþykt af okkur; hún var okkur gefin eða valdboðin, en við tókum þó með gleði á móti henni, af því að hún færði okkur ýmislegar mikilvægar og góðar réttarbætur. Vér erum nú að sþ. breytingu á henni, sem á að lagfæra gallana, sem á henni hafa verið. Menn skyldu nú halda, að allir væru ánægðir með frv, eins og það nú liggur fyrir, þar sem þingið ekki hefir mátt heyra nefnt, að gerðar væru neinar breytingar á því. Og þó verða allir að játa, að í 1. gr. þessa frv. er samþ. ákvæði, sem hingað til hefir af öllum verið álitið ósamrýmanlegt við landsréttindi Íslands, nfl. ákvæðið um, að sérmál vor skuli borin upp í ríkisráði Dana. Það er víst, að þetta hafa Íslendingar hingað til ekki viljað samþykkja.

Einn mikilsvirtur þm. hefir sagt við mig, að þjóðfundurinn hafi samþykt alveg sams konar ákvæði. Eg hefi kynt mér þetta, og komist að raun um, að þetta er beinlínis ósatt; þjóðfundurinn ákvað þvert á móti, að sérmálin skyldu ekki borin upp í ríkisráðinu. En það þarf ekki að fara svo langt aftur í tímann að vitna til þjóðfundarins að því, er þetta atriði snertir, því að eg held, að mér sé óhætt að segja, að flestir þeir þm., sem nú ætla að sþ. þetta ákvæði í 1. gr. frv., hafa áður haldið því fram, að það væri ósameinanlegt við landsréttindi vor, og að það væri ótækt að setja þetta ákvæði inn í stjórnarskrá vora, að sérmál Íslands skuli borin upp í ríkisráði Dana, því að með því samþ. vér, að grundvallarlögin væru gildandi fyrir sérmál vor. Áður hefir bæði þingið og fulltrúi stjórnarinnar lýst því yfir, að þetta ákvæði væri ósamrýmanlegt við landsréttindin, og mótmælt lögfestingu ráðgjafans í ríkisráðinu, sem það þá var kallað. Stjórnin, sem þá var, sagði það skýrt, að hann ætti að sitja í ríkisráðinu samkvæmt grundvallarlögunum. Nú ætla þessir sömu menn að samþ. þetta ákvæði, og segja nú, að það sé alveg saklaust, og að það geri ekkert til, þótt það sé sett inn í stjórnarskrá vora. Þm. segja þetta og h. landsh. segir það líka, reyndar ekki sem fulltrúi stjórnarinnar, heldur frá eigin brjósti. En hvað segir nú stjórnin um þetta? Hún gætir sín betur en áður og segir ekki hreint út skoðun sína. Skoðun hennar á þessu máli er nú meir á huldu en áður, og hæstv. landsh. sagði jafnvel um daginn, við 2. umr. þessa máls, að þm. varðaði ekkert um það, hvaða skoðun hin núverandi stjórn hefði á þessu ákvæði. Eg hygg, að þar hafi landshöfðingi sagt það, sem er skoðun margra þm. í þessu máli. — Eg hygg, að margur þm. hugsi sem svo, þegar hann greiðir atkv. í þessu máli: eg legg minn skilning í þetta ákvæði, og greiði atkv. eftir því; það er mér nóg, en mig varðar ekkert um, hvaða skoðun stjórnin hefir á því. En svo kemur það merkilega fram, að þegar talað er um hvaða skilning eigi að leggja í þetta ákvæði, þá heldur hver þm. fram sinni skoðun á því. Það kom fram við 2. umr. þessa máls, að h. landsh. hélt sinni persónulegu skoðun fram, nfl. að ráðherra Íslands ætti ekki sæti í ríkisráðinu, vegna þess, að hann yrði búsettur hér á landi. H. framsm., 3. kgk. þm. (Kr. J.), hélt því fram, að sú skoðun landshöfðingja gæti ekki gilt, Íslandsráðgjafinn væri meðlimur ríkisráðsins, en hann væri það samkvæmt ákvæði, sem við settum inn í stjórnarskrána. Ríkisráðið yrði þannig að nokkru leyti íslenzk stofnun; vér settum hann þar inn og gætum tekið hann út, þegar vér vild-

um. Hv. 2. þm. G.-K. (V. G.) var á þeirri skoðun, að ráðherra Íslands væri bæði sérmálaráðherra og ríkisráðsráðherra, og sem ríkisráðsráðgjafi bæri hann ábyrgð fyrir ríkisþinginu. Hvernig h. þm. getur fengið þetta út úr þessu frv., það skil eg ekki, þar sem hér er ekki talað um annað en sérmálin. Eg segi þetta til að sýna, að hver þm. hefir sína skoðun á þessu ákvæði. Um það eitt eru allir samdóma, að sé skoðun stjórnarinnar hin sama nú sem fyr, og eigi sú skoðun að gilda, þá sé þetta ákvæði óhafandi, og þá mundu þm. ekki vilja sþ. frv. með þessu ákvæði. Eg hefi ekki getað tilbúið mér neina „teóríu“ um, hvernig þetta ákvæði eigi að skilja, svo að eg með góðri samvizku geti greitt atkv. með því. Eg get ekki gefið frv. atkv. mitt, nema því að eins ,að eg sé sannfærður um, að það innihaldi ekkert það ákvæði, sem geti skert landsréttindi vor. Eg fæ enga skýringu á skoðun stjórnarinnar á þessu atriði, og þar sem eg hefi ástæðu til að óttast, að hún sé enn þá sömu skoðunar og fyrri stjórn, að því er þetta ákvæði snertir, þá get eg ekki annað en verið á móti frv. í heild sinni, úr því þessu fæst ekki breytt. Ef aðrir þingmenn geta greitt atkv. með frv. í þeirri sannfæringu, að það sé þeirra skoðun, sem gildi, hvað þetta ákvæði snertir, þá álít eg rett, að eg, eftir minni skoðun, greiði atkv. móti því. Þetta atkv. mitt hefir ekki mikla þýðingu fyrir úrslit málsins, en það hefir mikla þýðingu fyrir mig. — Eg skal engu spá um það, hverjar afleiðingar þessi stjórnarskrárbreyting kann að hafa í för með sér, það er ómögulegt um það að segja; til þess þarf margra ára reynslu; en hitt er víst, að það er ekki á okkar valdi að ráða við það, hvaða tálmandi áhrif þetta ákvæði kann að leggja á framfarir og löggjöf þessa lands; það verður alt komið undir hinum málsaðilanum, sem taumhaldið hefir (ɔ: ríkisráðinu), og hvort hann vill beita frjálslega því valdi sínu, sem honum er gefi yfir oss með þessu ákvæði frv.

Guðjón Guðlaugsson: Eg skal játa, að það er oft fróðlegt að heyra sögur þó maður hafi heyrt þær áður, og að það getur verið holt að ryfja þær upp fyrir sér til tilbreytingar; en um leið verð eg líka að játa það, að mér þótti saga hv. frsm. (Kr. J.), ekki sem heppilegust, og enda ekki sögð, eins og hverjum góðum sögumanni ber að segja sögu sína.

Eg tók svo eftir, að hann byrjaði sögu sína á árinu 1895, því að þá vék þingið út af þeirri braut, sem það áður hafði fylgt í baráttunni fyrir endurbótum á stjórnarfari voru. Hann sagði, að þegar þingið hefði afgreitt þingsályktunartillögu til stjórnarinnar um helztu atriði til umbóta á stjórnarfari voru, þá hefði það með því vikið út af hinni fyrri braut sinni. Þetta er líka rétt hermt; en um leið og hann sagði þetta, þá dró hann út þá ályktun, að reynslan hefði sýnt, að þetta væri sú happasælasta leið, sem þingið hefði getað farið í þessu máli. Þetta er ályktun, sem h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) hefir dregið út af þessu máli, en það er ályktun, sem við erum ekki allir samdóma um. Að minsta kosti er eg fyrir mitt leyti alveg á gagnstæðri skoðun; eg er sannfærður um, að ef þingið 1895 hefði ekki vikið út af hinni fyrri braut sinni og aldrei þangað til nú á þessu þingi, þá væri betur komið þessu máli en nú er. Eg er svo sannfærður um það, af því að eg álít, að fyrir hvern, sem berst fyrir að ná einhverju háu takmarki, þá sé bezt að spenna bogann sem hæst og setja markið sem hæst, því að ef menn ekki ná fullkomnum sigri með því móti, þá hygg eg ekki, að þeir geti það með öðru móti; en með því að hopa á hæl á miðri leið í þessu máli sem öðrum, gat aldrei orðið vegurinn til þess, að vér fengjum óskum vorum fullnægt, svo vel væri viðun-

andi. H. framsm. (Kr. J.) hélt svo sögunni áfram og sagði, að afleiðingarnar af þingsályktunartillögunni 1895 hefðu orðið frv. það, sem var fyrir þinginu 1897, og að þessu frv. eða þeim, sem það fluttu, væri að þakka þetta frv., sem nú er verið að samþykkja. Mér þykir ilt að þurfa að taka svo stórkostlegt þakklæti frá honum; en eg get heldur ekki alveg gert það, nema að því er sjálfan mig snertir. — Þá sagði hv. sami þm. enn fremur, að 1897 hefði þingið skifzt í 2 flokka, og að báðir þeir flokkar hefðu verið alveg réttmætir. Það er að vísu satt, að sá flokkur, sem hélt því fram, að samþ. frv. 1897, og sá flokkur, sem var á móti því, voru báðir fullkomlega réttmætir; en eg skal um leið geta þess, viðvíkjandi þingsályktunartiltögunni frá 1895, að sú flokkaskifting, sem hún bygðist á, var meir um form en efni, því að sú tillaga hafði inni að halda öll aðalákvæði um stjórnarbótarkröfur vorar. Eg skal enn fremur geta þess, að það tjáir ekki að blanda tillögunni frá 1895 alveg saman við frv. 1897, eða telja hana sem verk þess flokks, er samþ. það frv., því að sumir flutningsmenn tillögunnar 1895 voru á móti frv. 1897, og aftur aðrir á gagnstæðri skoðun, og þess vegna var flokkaskiptingin alt önnur 1895 en 1897. Svo kemur þingið 1899; þá eru aftur 2 flokkar; annar, sem vildi sætta sig við frv. frá 1897, en hinn, sem ekki gat unað við það. Þessir flokkar voru líka báðir réttmætir, eins og h. frsm., 3. kgk. þm. (Kr. J.), sagði, en svo kom hann að árinu 1901; þá sagði hann, að líka hefðu verið 2 flokkar á þinginu, og að annar þeirra hafi haldið til streytu frv. því, sem þá var samþykt, en hinn flokkurinn haldið fram öðru frumvarpi, nfl. 10 manna frumvarpinu, og að báðir þessir flokkar hafi líka verið réttmætir, og eg að vísu játa, að það er rétt, svo lengi sem 10 manna flokkurinn hélt frv. sínu fram; en 10 manna frv. var að eins uppástunga, sem heimastjórnarflokkurinn bar fram, að eins sem tilraun til þess að fá stjórnina sem mest innlenda og ekkert annað; það var að eins borið fram sem varatillaga, sem allir hefðu vikið frá, ef hinir hefðu með nokkru móti verið fáanlegir til að taka búsetuna upp í frumv. sitt. En þetta var nú alt skiljanlegt, þótt meiri hlutinn þá hafnaði búsetu frv. í Nd.; en svo kom atburður fyrir, um leið og frv. kom til Ed., og það var atburður, sem h. frsm. (Kr. J.) hefði ekki átt að ganga fram hjá, og sem varð þess valdandi, að vér stöndum þar, sem vér stöndum nú, nfl. stjórnarskiftin í Danmörku; og skil eg ekki, að h. frsm. (Kr. J.) og h. 2. þm. G.-K. (V. G.) skuli ekki muna eftir, hvað þá var reynt til þess að fá samkomulag í þessu máli um búsetuna og ekkert annað. Og ekki fæ eg skilið, þegar háttv. þm. G.-K. þakkar sér búsetuákvæðið í frumvarpinu. En hvað segir samvizkan háttv. þm. um samkomulagstilraunir þær, sem gerðar voru af vors flokks hálfu 1901? Ætli hann geti þakkað sér eða sínum flokki þetta ákvæði með góðri samvizku, þegar hann minnist allra þeirra málaleitana og samkomulagsumleitana, sem vor flokkur gerði 1901? Þegar háttv. þm. Barðstr. gekk heilan dag á milli flokkanna með skriflegt tilboð heimastjórnarflokksins um fult samkomulag, ef einungis allir vildu reyna í bróðerni að ná því mesta, sem unt væri að ná, ná umfram alt búsetunni, og hverjir voru það þá, sem hrintu frá sér öllu samkomulagi og vildu halda dauðahaldi í flokkaríginn, ósamkomulagið og illindin? Var það ekki flokkur sá, sem kendur var við 2. þm. G.-K. (V. G.) og sem háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) var mikilsráðandi í? Vér gengum jafnvel svo langt, að lofa að samþykkja frumvarpið, eins og það þá var, svo framarlega sem ekkert fengist annað. En samt segir háttv. 3. kgk. (Kr. J.) í sögu sinni, að 1902 hefðu flokkarnir átt að falla niður og

verða 1 flokkur, og vildi skella sökinni á mótflokk sinn.

En saga hans er ekki óhlutdræg í þessu efni sem fleiru. 1901 voru hinir svo köllnðu Valtýingar í meiri hluta og bægðu þá frá sér öllum samkomulagsumleitunum og jafnvel skirptu vorum flokk frá sér, og 1902 fóru þeir aftur að friðmælast við oss og ganga á eftir oss. Var þá von, eftir því sem á undan var gengið, að saman drægi með flokkunum?

Þegar vér erum dauðir og sagan leggur sinn dóm á aðgerðir vorar, þá er eg sannfærður um það, að sagan hljóðar öðru vísi og verður bæði réttar og betur sögð en saga háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.), og jafnvel 1903 er ekki hægt að hlaupa yfir það, að stjórn hins svo kallaða „Framfaraflokks“ gerir samsæri við „Landvarnarflokkinn“ og reynir með því að eyðileggja frumvarp það, er vér nú samþykkjum. Hvort flokkurinn í heild er hér samsekur, vil eg ekkert um segja, en óhikað bendla eg þar við 2. þm. K.-G. (V. G.). Til þess hefi eg margar og gildar sannanir og þar á meðal mín eigin eyru, bæði á borgarafundi hér í fyrra, á nefndarfundum vorum nú og oftar.

Sú hluttaka, er stjórn hins svo kallaða „Framfaraflokks“ hefir haft í Landvarnarstefnunni, er að mínum dómi miður heppileg og ekki til að auka traust þjóðarinnar á þeim flokki, sem reyndar hefir aldrei verið mikið.

Þetta segi eg ekki til þess að sverta Landvarnarstefnuna, eða eg álíti hana ósæmilega, en eg bjóst ekki við því, að Valtýingar gætu á sómasamlegan hátt gengið undir það merki.

Háttv. þm. G.-K. var mjög reiður og æstur í ræðu sinni við 2. umr. þessa máls og gerði mjög mikið af skilningsleysi mínu um fjárviðskifti Ísl. og Danmerkur fyrir eða um 1870, og þóttist ætla að fræða mig, sagði, að svo liti út, sem það væri hebreska fyrir mér. Hann lét sem hann liti niður á mig, þar sem eg er sléttur og réttur bóndi. Eg þurfti nú ekki þessarar fræðslu með, því mér var þetta engu síður kunnugt en háttv. þm., og því síður þurfti eg þessarar fræðslu hans, sem einmitt þetta sama kom til umtals í nefndinni.

Í stöðulögunum stendur það svo greinilega, að öll skuldaskifti milli Íslands og Danmerkur skuli á enda kljáð með þeim ákvörðunum, sem gerðar eru með téðum lögum.

Með þessum lögum 1871 er bundinn endi á öll skuldaskifti milli ríkissjóðsins og Íslands, og köstum vér því engu frá oss. Þetta er íslenzka en engin hebreska og eg vona, að háttv. þm. skilji það, enda væri það sorglegt, ef móðurmál hans og alt, sem íslenzkt er, er orðið honum hebreska.

Nei, tilfellið var aldrei það, að Danir væru að afplána skuld við oss með því að kosta stjórnarskrifstofu vora í Höfn, heldur af alt öðrum ástæðum, og líklega þar á meðal helzt til þess, að geta heldur tjóðrað oss við sig sem bezt; og hvað laun ráðgjafans snertir, þá gat ekki komið til mála, að vér launuðum honum, meðan vér höfðum að eins lítið brot úr dómsmálaráðgjafanum.

Fjártillag Dana til póstskipanna er ekki þessu neitt viðkomandi, heldur gert vegna þarfa ríkisins í heild sinni, og þar eiga Færeyjar eins mikinn þátt í sem vér, enda aukið nú um 25 þúsundir þeirra vegna.

Sami háttv. þm. þakkaði sínum flokki búsetuákvæðið og skírskotaði til ávarps Ed. 1901. En eg er nú ekki á því, að svo sé.

Með leyfi háttv. forseta ætla eg að lesa línur þær í ávarpi Ed. 1901, sem hann mun eiga við; þær eru svo: „En vér teljum oss jafnframt skylt að láta þess getið, að hin íslenzka þjóð hefir aldrei verið fyllilega ánægð með það fyrirkomu-

lag, sem bygt er á þessum skilningi, og það er sannfæring vor, að sú skoðun sé enn ríkjandi hjá þjóð vorri, að stjórnarskipun Íslands sé þá fyrst komin í það horf, er fullkomlega samsvari þörfum vorum, þegar æðsta stjórn landsins í hinum sérstaklegu málefnum þess er búsett hér á landi, enda hefir þessi skoðun komið fram á þingi í sumar hjá mörgum þingmönnum". Á þessu sést, að hér er um enga ósk eða áskorun til stjórnarinnar að ræða frá deildinni um búsetuna, heldur að eins frásaga um skoðanir ýmsra landsmanna, og þar á meðal nokkurra þingmanna; og svo var eg fræddur um það í dag, sem eg reyndar vissi áður, að háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) hefði barist kappsamlega móti þessu atriði í ávarpinu. Í það minsta vissi eg vel um, að orðin „hjá mörgum þingmönnum" komust inn frá háttv. þm. í stað „helming þingmanna" eins og það stóð í breytingatillögu okkar, og sem var fullur sannleikur; en „margir" var óákveðnara orð og því var það aðgengilegra fyrir hinn flokkinn, svo það hefði ekki of mikil áhrif.

En svo er önnur klausa í ávarpinu, sem er eingöngu frá hjarta háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) og flokksbræðra hans og hún hljóðar svo:

„enda erum vér sannfærðir um, að sú breyting á stjórnarskipun vorri, sem farið er fram á í frumvarpi þessu, feli í sér umbætur á stjórnarfari voru, sem muni reynast oss mikilvægar og heillavænlegar og bezt samsvara högum vorum". Þessi orð, að hafnarstjórnarfrumvarpið „samsvari bezt högum vorum", eru frá hjarta 3. kgk. þm. (Kr. J.) og hans samflokksmanna, en þau eru alt annað en ósk um búsetuna, þar sem því er lýst yfir, að frumv., er ákveður búsetu ráðgjafans í Kaupmh., sé bezt samsvarandi högum vorum, því hvernig á nokkuð að vera betra en bezt? Og þessum mönnum á það að vera að þakka, að við fengum ráðgjafann búsettan hér heima, sem í raun réttri börðust ávalt á móti því.

En þótt háttv. þm. G.-K. (V. G.) brigzli mér um skilningsleysi, þá bæði skil eg og hefi lengi skilið þankagang þingmannsins ótrúlega vel, alt svo flókinn og krókóttur sem hann er í þessu máli, og, sem betur fer, skilja margir Íslendingar, hvað hann hefir viljað, og skilja það því betur hér eftir. Ræða hans skýrði það enn betur, og mun sú ræða hans mörgum fleirum en mér kærkomin, en flokksmenn hans hefðu víst heldur viljað, að hann hefði þagað.

Að svo mæltu skal eg ekki lengja frekar umræðurnar um þetta mál, en lýsi yfir því, að eg mun greiða frumvarpinu atkvæði mitt óhikað, með því eg er þess fullviss, að það er til mikilla bóta, og mér þykir líklegt, að þeir, sem gera hið sama, hvað sem öllu líður á umliðna tímanum, geri það með það fyrir augum, að hér sé um endurbót að ræða, sem verði oss til hamingju, en ekki til skaða né vansa; og ef vonir vorar bregðast í þessu, þá stafar það af engu lakara hjá oss, en mannlegu missýni, eða þá að vér verðum beittir óréttindum frá þeim, sem eru oss sterkari.

Þannig greiði eg svo atkvæði mitt í þessu máli með góðri samvizku, hvort heldur er frammi fyrir guði eða mönnum. Óska eg svo, að þetta nýja fyrirkomulag megi leiða heill yfir land og lýð.

Valtýr Guðmundsson: Mig langar til að gera ýmsar athugasemdir, en þar eð eg er mjög kvefaður og hás, er tvísýnt að menn heyri mál mitt.

Eg hafði hugsað mér að rifja upp sögu málsins í fám orðum, en háttv. framsögum. hefir gert það svo vel, að eg hefi fáu þar við að bæta.

Háttv. þm. S.-Múl. (G. V.) sagði, að eg hefði sagt, að það væri leiðinlegt, að þingið hefði snúist í hring og ekki gætt sóma síns. Þau orð, að þingið hefði ekki gætt sóma síns, viðhafði eg ekki, en hitt sagði eg, að það væri óviðkunnanlegur snúningur hjá

þinginu, þar sem áður álitu allflestir þingmenn, að það væri hættulegt, jafnvel að láta ríkisráðsspurninguna standa opna, en nú væri einróma álit þingsins, að þetta sé ekki eingöngu hættulaust, heldur jafnvel gagnlegt.

Háttv. sami þm. talaði einnig um, að kringumstæðurnar væru breyttar nú frá 1897, og skírskotaði til nefndarálitsins í Nd.; en eg álít, að þetta sé alls ekki rétt, enda hafi oft verið samið betra nefndarálit í háttv. Nd. en álit nefndarinnar í stjórnarskrármálinu.

Staða ráðgjafans í ríkisráðinu er alveg sú sama nú, sem 1897, og eg neita því algerlega, að hún sé annars eðlis.

Enn fremur sagði háttv. þm. S.-Múl. (G. V.), að þá hefði ráðgjafinn átt að verða danskur ráðgjafi. En á hverju byggir háttv. þm. það, þar sem hann bæði átti að vera skipaður samkvæmt stjórnarskránni og átti að bera ábyrgð fyrir alþingi? En þessi ráðgjafi sagði hann að yrði skipaður af íslenzku valdi. En það er alls engin trygging fyrir því, þó eg voni eg óski að svo verði.

Enn sagði hann, að orðin „fyrir sitt leyti“, sem stóðu í frumv. 1899, hefðu sýnt, að sá ráðgjafi hafi átt að bera ábyrgð fyrir ríkisþingi Dana, en eg held því fram, að þessi ráðgjafi eigi engu síður að bera ábyrgð fyrir ríkisþinginu, ef hinn hefði átt að gera það, þó orðin „fyrir sitt leyti“ hafi verið feld burt, enda voru þau ekki í frumv. þingsins 1901. Í stjórnarskránni er að eins sagt, að ráðgjafinn eigi að bera ábyrgð fyrir alþingi, en þar með er ekki útilokað, að hann beri ábyrgð fyrir fleirum, enda vita allir, að hann ber ábyrgð fyrir konunginum. En þetta um ábyrgðina hefir enga praktiska þýðingu, því til hennar kemur aldrei, og eg legg enga áherzlu á annað en það, sem hefir praktiska þýðingu.

Svo kom hann með það, að nú sé ráðgjafinn launaður af íslenzku fé, en áður, samkvæmt frumv. frá 1897, hafi átt að launa hann af ríkissjóði. En það er margbúið að sýna fram á það, að slíkt hafi enga þýðingu, og sérstaklega hefir herra assessor Jón Jensson sýnt ljóslega fram á það. Því þó hann hafi átt að launast af ríkissjóði, þá var það samt íslenskt fé.

Enn þá var einn misskilningurinn 1897, sem töluvert var erfitt að kveða niður. Þá héldu menn því fram, að í ríkisráðinu væri greitt atkv. um málin. En eftir að vor flokkur hafði skýrt það spursmál mjög svo rækilega, var sá misskilningur horfinn 1901.

Enn fremur sló háttv. þm. því fram, að nú yrði ráðgjafinn meira háður þinginu, en eg fæ ekki séð, hvernig það ætti að vera. Eg held miklu fremur, að nú verði hann ofjarl þingsins, heldur en sá ráðgjafi, sem búsettur væri í Kaupmannahöfn.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.), talaði og um, að þingið 1895 hefði vikið frá búsetustiginu, en eg held, að háttv. þm. muni þetta ekki rétt, því að í þingsályktunartill. þeirri, sem þingið sendi stjórninni, var búsetuákvæðið tekið upp og gert þar að aðalatriði.

Þá skal eg svara háttv. þm. Barðstr. (S. J.), nokkurum orðum. Hann talaði um, að ríkisráðsákvæðið hefði áður verið álitið ósameinanlegt við landsréttindi Íslands. Þetta er að vísu rétt, en það stafar af því, að menn hafa misskilið stöðu Íslands í ríkinu. Menn hafa oft blandað saman sögulegum rétti og lagalegum rétti Íslands; það er hinn sögulegi réttur, sem menn hafa haft fyrir augum. Og þjóðin hefir gengið út frá því, að staða Íslands í ríkinu sé persónalúnión, en nú er þetta ekki svo. Vér stöndum í realúnión, en ekki persónalúnión, og þegar á þetta er litið, þá eru landsréttindi Íslands á engan hátt skert, eða hvernig á þetta ákvæði að nema stöðulögin úr gildi, en þau kveða á um sjálfstæð landsréttindi Íslands? Annað mál er það, á hvað föstum fótum þau

standa. Danir segjast geta numið þau úr gildi eða breytt þeim, hvenær sem þeir vilja, án samþykkis Íslendinga, en við höldum því fram, að þeir geti það ekki; en á þessu er engin breyting orðin. Hvor skoðunin stendur móti annari eftir sem áður. Danir mega gjarnan hafa gaman af að halda þessu fram, því meira verður það aldrei; það kemur aldrei til mála, að það komi til framkvæmda af þeirra hlið. Þetta er eins konar hégómaskapur, sem þeir hafa gaman af, og annað ekki.

Þó það ákvæði hafi þannig áður verið álitið ósameinanlegt landsréttindum Íslands, þá er það eigi undarlegt, þó breyting hafi orðið á þeirri skoðun, því nú er búið að gefa skýringu á ýmsum þeim atriðum, er menn áður eigi skildu; t. d. héldu menn þá, að atkvæðagreiðsla færi fram í ríkisráðinu, en nú vita menn, að svo er ekki.

Háttv. þm. Barðstr. (S. J.), sagði enn fremur, að eg hefði talað um, að ráðgjafi Íslands yrði bæði sérmálaráðgjafi og alríkisráðgjafi, og kvaðst hann ekki skilja það, þar sem það væri eigi tekið fram í frumv., að ráðgjafinn væri nema sérmálagjafi. Eg skal leyfa mér að gefa skýringu á þessu.

Það er í frumv. tekið fram, að ráðgj. skuli í ríkisráðinu bera upp lög og aðrar mikilsvarðandi ákvarðanir; en þar sem hann þannig á sæti í ríkisráðinu og er meðlimur þess, þá getur hann látið til sín taka öll mál ríkisins, ef þau að einhverju leyti ná til Íslands, og er þá líka að því leyti til alríkisráðgjafi. Að vísu er hann sérstaklega sérmálaráðgjafi Íslands, og það er aðalatriðið, að enginn nema hann getur skrifað undir íslenzku málin, en þar með er ekki útilokað, að hann þá um leið geti verið alríkisráðgjafi; en eg skoða, að af þessu stafi engin hætta; það er alveg eins með þetta ákvæði og ákvæðið um það, að mál gegn ráðgj. fyrir brot á embættisfærslu hans skuli rekin fyrir hæstarétti. Þetta er ákvæði, sem tekið er fram í stjórnarskránni og þar af leiðandi ákvæði íslenzkra en ekki danskra laga; en það leiðir af sjálfu sér, að fyrir hæstarétti verða þessi mál rekin eftir dönskum reglum; eins er hér ákvæðið í stjórnarskránni, að hann skuli bera íslandsmál upp í ríkisráðinu, en um stöðu hans þar fer auðvitað eftir dönskum reglum, eða þeim reglum, er þar gilda. Við getum nú kannske sagt, að þær reglur séu reglur grundvallarlaganna og að þær séu þá þar með lögleiddar hér, en hvað gerir það til, þó að eitthvert ákvæði, sem snertir einhverja grundvallarlagareglu, væri lögleitt hér á þenna hátt? Það er þá að eins stundarlögleiðing, sem gera má breyting á, hvenær sem vill, með því að breyta þessu ákvæði í stjórnarskránni.

Þá talaði háttv. þm. Strand. (G. G.) um, að það væri bezti eða heppilegasti vegurinn að spenna bogann sem allra hæst, og hopa ekki fyr en full sönnun væri fengin fyrir því, að annað eða meira væri ófáanlegt; en eg held að eg megi fullyrða, að sá flokkurinn, sem eg heyri til, hafi eigi slegið af kröfunum í stjórnarskrármálinu, fyr en full sönnun var fengin fyrir því, að annað og meira væri ekki fáanlegt.

Þá talaði þingmaðurinn um hluttöku okkar í starfi Landvarnarmanna, og gat þess, að eg hefði verið þar með fremstur í flokki, en eg verð að vísa slíkum getsökum frá mér, og eg veit, að þm. er það kunnugt af umræðum þeim, er fram hafa farið um þetta mál, að eg er á móti stefnu Landvarnarmanna; en annað mál er það, að eg vil kannast við það, sem rétt er og satt hjá þeim; eg álít, að heppilegast sé að halda sér að þeirri reglu, er núverandi forsætisráðherra Dana kvaðst hafa fyrir lífsreglu sína: „Ærlighed er den bedste Politik“. Þá talaði þm. Strand. (G. G.) enn fremur um það, að framkoma Framsóknarflokksins miðaði að því, að eyða þessu stjórnarbótarmáli; en þessu verð eg að mótmæla; hann getur með þessum get-

sökum sínum að eins átt við tvent; hann getur í fyrsta lagi átt við það, að Framsóknarflokkurinn studdi yfirdómara Jón Jensson til kosninga í Reykjavík í vor, en þá verður hann að gæta að því, að eftir stefnuskrá flokksins var stjórnarskráin eigi lengur flokksmál, og flokknum kom því ekkert við, hverja skoðun hann hafði á stjórnarskránni, ef hann að öðru leyti var sammála flokknum í flokksmálum.

Í annan stað getur þm. átt við það, að stjórn Framsóknarflokksins gaf sama manni meðmæli sín, að hann næði tali ráðgjafans, er hann sigldi í sumar, en það gerði flokksstjórnin ekki í þeim tilgangi, að það hindraði framgang málsins, heldur til þess að lægja ófriðaröldurnar og koma friði á; stjórn flokksins leit svo á, að það gæti ekki hjá því farið, að ef hann kæmi til ráðgjafans, þá fengi hann það svar, er hún var sannfærð um að væri hið rétta; afleiðingin yrði sú, að hann yrði sannfærður um, að alt væri hættulaust, og ánægðari eftir en áður. Þá talaði háttv. þm. um skuldaskifti vor og Dana, en eg er hræddur um, að hann hafi farið þar helzt til laust yfir sögu. Það stendur að vísu í 5. gr., að með þeim lögum skyldi skuldaskiftum okkar vera lokið, en þetta á náttúrlega við lögin í heild sinni eða öll ákvæði þeirra, og þá er líka auðvitað, að skuldaskiftunum er ekki lokið, fyr en 6. gr. sömu laga er uppfylt, og þar sem h. sami þm. talaði um, að Danir hefðu nú sýnt, að tillagið til póstferðanna væri annars eðlis, með því að hækka nú tillagið til þeirra um 25 þús., þá verð eg að taka það fram, að þessi viðbót er eigi veitt fremur til Íslands, heldur en til Færeyja. Fyrir hækkunina eiga að koma 13 beinar ferðir milli Khafnar og Færeyja.

Eg verð, áður en þetta mál fer héðan úr deildinni og verður samþ. til fullnaðar, að fara nokkurum orðum um það alment. Það gleður mig, að það skuli nú vera komið svo langt, sem það er nú komið. Þegar eg kom hér fyrst, var ástandið á þinginu eigi glæsilegt. Eg kom á þingið með þeim ásetningi, að vinna aðallega að atvinnu- og samgöngumálum, en eg sá brátt, að stjórnarskrármálið var þröskuldur á veginum, og eg sá, að allur áhugi þjóðarinnar snerist um það mál; jafnframt sá eg, að sú aðferð, sem hafði verið tekin upp, gat eigi leitt til sigurs; mér duldist það ekki, að þegar 2 málsaðilar berjast, annar sterkur og hinn veikur, þá getur aldrei orðið samkomulags auðið á þann hátt, að sá veiki fái allar kröfur sínar uppfyltar, en sá sterki gefist alveg upp, heldur verða báðir partar að mætast á miðri leið. Eg sá, að undirbúningur allra mála frá stjórnarinnar hálfu var mjög lélegur, og hún óþjál til samvinnu; þetta hefir sýnt sig öll hin síðustu undanfarin ár og síðast nú hér á þinginu í ár, þegar háttv. þm. Barðstr. (S. J.) gerði fyrirspurnina til hæstv. landsh. Eg sá það, að á öllu þessu var nauðsynlegt að gera breytingu, og að einasti vegurinn var sá að slá af kröfunum og fara miðlunarleiðina eða með öðrum orðum: eg áleit, að opportúnisminn væri hin einasta rétta stefna; sem afleiðing af þessu kom svo frumv. 1897 Þá var sá skilningur ríkjandi, að enginn mætti tala við ráðgjafann, nema landshöfðingi einn; nú er einnig sá skilningur orðinn breyttur, nú fara menn hver um annan þveran til að ná tali hans og þykir alt gott og blessað. Það gleður mig, að þó að þessi stjórnarbarátta hafi verið hörð og að á margt sé að minnast, þá hefir hún samt hreinsað loftið og þroskað skilninginn; það gleður mig, að svo virðist, sem allir séu nú á sama máli og flokkur sá, sem eg hefi fylgt, um það, að ekki dugi að spenna bogann ofhátt, heldur verði að leita samninga og slá af kröfunum; hve langt eigi að fara, getur aftur verið skoðanamál, og skal eg ekki að þessu sinni fara út í það atriði.

Það var eðlilegt, að menn þeir, sem áður höfðu haldið fram landstjórafrumv., litu upp stórum augum og yrðu hissa, þegar frumv. 1897 kom fram, en það hefir sýnt sig, að þetta var einasta leiðin. Það var einasti vegurinn til samkomulags, að vera ekki of frekur í kröfunum. Áður, meðan þingið hélt fram öllum sínum fylstu kröfum óbreyttum, þá veitti stjórnin því ekki einu sinni viðtal; það var því ekki góðs að vænta þar, en svo veitti hún okkur viðtal og tók að semja við okkur, og þá fór svo, að okkur tókst að teygja hana smámsaman lengra og lengra, unz svo langt var komið, sem nú er raun á orðin. Eg skal leyfa mér að taka það upp aftur, að það gleður mig, að allir eru nú samdóma, og eg skal loks óska þess, að þessi stjórnarbót, sem nú er í vændum, megi verða til jafnmikillar blessunar fyrir land og lýð, eins og menn hafa gert sér vonir um.

Auðvitað hafa menn gert sér svo glæsilegar vonir, að ekki má búast við, að þær rætist allar, og sérstaklega þar sem undirbúningurinn undir þessa breytingu er ekki betri en svo, að þjóðin hingað til að eins að nokkuru leyti hefir verið sjálfstæð og frjáls; en eg vona, að einmitt þessi stjórnarbót þroski okkur, svo að hún geti komið að góðu haldi; auðvitað getur frelsið verið hættulegt í þess höndum, sem ekki kann með að fara, en svo er um öll gæði og öll verkfæri; þau geta verið misbrúkuð og þá óheppileg í höndum þeirra, sem misbrúka þau. Eg vil enn fremur láta þá ósk í ljós, að stjórn sú, sem nú kemur til valda, geri sér meira far um samvinnu við þing og þjóð, því að það er mín skoðun, að þetta mál hefði fyrir löngu verið til lykta leitt, ef stjórnarfulltrúinn hefði gert sér meira far um að vinna að framgangi þess, en hann hefir gert, eða jafnvel ekki unnið á móti því. Eg vil óska, að hin nýja stjórn geri sér far um að vera í góðri samvinnu við þingið og að það aftur sýni gegn ráðgjafanum þann þroska og það sjálfstæði, sem þörf er á. Eins og eg gat um við 2. umr., þá er nokkur ástæða til að óttast, að ráðgjafinn kunni að verða þinginu ofjarl og því full ástæða til að brýna fyrir þinginu að gæta sín. Með þessum óskum og vonum greiði eg nú þessu frumv. atkv. mitt í þeirri fullu vissu, að það á engan hátt skerði landsréttindi Íslands, en verði þjóð vorri til hamingju og blessunar á framtíðarbraut hennar.

Jón Jakobsson: Eg álít það eigi ofsagt, að umr. um þetta mál séu orðnar bæði langar og leiðar, svo að varla sé á þær bætandi. En vegna þess, að eg er nýr þm. að því leyti, að eg hefi ekki setið á þingi síðan 1899, þá kann eg ekki við annað en að gera stuttlega grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli.

Það hefir verið talað svo mikið um ríkisráðsákvæðið, að það væri að bera í bakkafullan lækinn, að bæta nokkuru þar við; en svo mikið get eg þó sagt, að eg er óánægður með, að þessi orð: í „ríkisráðinu“ skuli vera komin inn í frumv., því þeim hefir verið smeygt þar inn án vilja og vitundar þings og þjóðar; eg greiddi atkvæði með áskorun til alþingis 1902 um að fella þessi orð burt úr frumvarpinu, á borgarafundi, sem haldinn var hér í Reykjavík, og er viss um, að ef þingið hefði gert það þá, mundi ráðgjafi Íslands hafa samþ. frumv. eins fyrir því, þótt orðin væru strikuð út, vegna þess, að hér var ekki farið fram á neitt nýtt og engin ný krafa gerð, heldur einungis farið fram á það, að halda status quo. En þingið 1902 var því miður á annari skoðun, og eftir að eg í Nd. hlustaði á svar stjórnarfulltrúans upp á spurningar háttv. þm. Snæf. (L. B.) viðvíkjandi þessu atriði, þá fæ eg eigi betur séð, en að þingið hafi að eins tvo kosti að velja á milli, annaðhvort að fella burtu þetta atriði og verða af búsetunni, eða samþykkja frumv. óbreytt, og

kýs eg þá óhikað síðari kostinn, því eg tel búsetuna miklu meira virði en svo, að eg vilji skifta á henni og ríkisráðsatriðinu, enda mun ríkisráðsseta ráðgjafans, þótt mér sé illa við hana, hafa fremur teóretiska en praktiska þýðingu.

Út af ræða háttv. þm. G.-K. (V. G.), skal eg taka fram, að mig furðar á, að hann skuli geta greitt atkv. með búsetu ráðgjafans hér, eftir að hann hefir fundið og talið upp 7—8 atriði henni til foráttu. Eg fyrir mitt leyti mundi hiklaust hafa greitt atkv. á móti henni, hefði eg verið svo sannfærður um skaðsemi hennar, sem þingmaðurinn virðist vera. Hvað hitt atriðið snertir, féð, sem vér eftir hans kenningu köstum frá oss og gefum Dönum, þá hefi eg altaf litið öðruvísi á það mál. Eg hefi aldrei skoðað það sem skuldagreiðslu frá Dana hálfu, heldur að eins sem aukagetu, sem þeir hafa látið oss fá til þess, að þrælbinda æðstu stjórnmál vor undir handarjaðrinum á útlenda valdinu við Eyrarsund, og þetta hafa þeir getað gert sér að kostnaðarlitlu hingað til, með því að láta dómsmálaráðgjafann einnig vera ráðgjafa fyrir Ísland. Hitt er að ala hjá þjóðinni óviðkunnanlegan húsgangshugsunarhátt, að telja henni trú um, að vér eigum ekki að borga ráðgjafanum, því eg tek það fram, að mér virðist það hrein og bein skylda vor — æruskylda — að kosta æðstu stjórn vora sjálfir, þegar vér fáum hana inn í landið.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G) talaði um, að ráðgjafinn verði veikari gagnvart hinum ráðgjöfunum við það, að sitja hér, þá er þar við að athuga það, að hann, sem 1 af 8 ráðgjöfum alls, verður að sjálfsögðu altaf veikari en þeir, ef ágreiningur kæmi upp milli hans og þeirra, og það getur því verið heppilegt, að hann sitji sem oftast hér á landi, en sé sem sjaldnast í Kaupmannahöfn, því að þá er síður hætt við, að hann dragi um of dám af sínum sessunautum í ríkisráðinu.

Að ráðgjafinn verði ofjarl þingsins, virðist mér lítil ástæða til að vera hræddur við. Hin nýja stjórnarskrá veitir oss fult þingræði; auk þess fáum vér einnig ráðgjafaábyrgðarlög, svo að það er þinginu sjálfu að kenna, ef ráðgjafinn verður ofjarl þess.

Hvað eftirlaunum ráðgjafans viðvíkur, þá virðist mér í raun og veru réttast, að þau væru engin eða þá mjög lítil. Sé ráðgjafinn af embættismannaflokki, þá getur hann, eins og oft á sér stað í Danmörku og víðar, haldið óveittu því embætti, sem hann var í, áður en hann varð ráðgjafi, en hvað hina snertir, er verða ráðgjafar úr flokki embættislausra manna, þá missa þeir einskis í af eldri réttindum, þótt eigi fái þeir eftirlaun.

Sami háttv. þm. sagði einnig, að búseta ráðgjafans hér mundi einnig gera það að verkum, að á honum yrði Reykjavíkurklíkulitur. Eg kann illa við þessi orð, af því að þau lýsa einhverju óverðskulduðu vantrausti á þessum bæ, höfuðstað landsins, og hræðslu við það, að hann muni vaxa upp yfir höfuðið á þinginu. Eg hefi þá von, að þessi bær verði og haldi áfram að verða þjóðlegri, eftir því sem hann stækkar, eins og síðari ára reynsla bendir til, og eigi því að sjálfsögðu að verða aðsetur vorrar æðstu stjórnar.

Einu atriði úr ræðu háttv. framsögum. (Kr. J.), verð eg að svara vegna þess, að eg get álitið, að þau séu töluð í minn garð, og það er það, sem hann talaði um hina nýju þingmenn og hluttöku þeirra í pólitiskum æsingum. Eg er einn af hinum nýju þm., en fyrir mína hönd mótmæli eg því, sem hann sagði. Eg hefi ekki æst menn, né efit neinn flokkarig, en þótt eg haldi fram minni skoðun og sé í stjórn Heimastjórnarflokksins, þá er eg enginn æsingamaður fremur fyrir það en hann sjálfur, því að eg veit ekki betur en að hann hafi verið og sé að líkindum enn í stjórn Framsóknarflokksins, og haldi

fram sinni skoðun í stjórnarskrármálinu með engu minna kappi en aðrir. Þegar þessir herrar úr Framsóknarflokknum, svo nefnda, eru að þakka sér stjórnarbótina, þá skil eg ekki röksemdir þeirra. Eg var einn af þeim, sem greiddu atkv. með till. 1895, en það hefi eg aldrei skoðað öðruvísi en sem taktiska breytingu, breytingu á aðferðinni, sem hafa ætti, til að ná takmarkinu, fullu sjálfsforræði, en enga efnisbreytingu, þar sem allar aðalkröfur fyrri þinga í málinu voru fólgnar í tillögunni. En 1897 voru kröfurnar af hálfu annars þingsflokksins færðar svo langt niður, að eg gat ekki fylgst með honum, og eigi að fara að tala um, hverjum sé að þakka þau úrslit, sem málið fær nú, þá álít eg réttara að þakka þau fremur þeim, sem ekki vildu sætta sig við það lítilræði, sem í boði var 1897 og aðallega var í því falið, að ráðgjafinn sæti á alþingi og hefði eigi annað embætti á hendi, heldur en þeim, sem þá gáfu upp alla sókn i málinu og vildu þá þegar útkljá það með því, að samþykkja frumv. 2. þm. G.-K. (V. G.)

Eg greiði atkv. með þessu frumv. vegna þess, að eg álít kostina við búsetuna meira virði en agnúana við ríkisráðsákvæðið, og eg vona, að sú stjórnarbót er vér nú fáum, verði merkissteinn á götu þjóðarinnar fram á leið til nýrra framkvæmda og framfara í andlegum og líkamlegum efnum, og eg vona, að sá kraftur, sem er öllum krafti æðri, gefi oss og þjóðfulltrúum Íslands framvegis krafta til þess, að vinna í skjóli og undir merki þessarar nýju stjórnarskrár af alhuga og í eindrægni að framförum og heill fósturjarðar vorrar.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 10 : 1 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:

Jón Jakobsson,
Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Guttormur Vigfússon,
Hallgr. Sveinsson,
Jónas Jónassen,
Júlíus Havsteen,
Kristján Jónsson,
Valtýr Guðmundsson,
Þorgr. Þórðarson,

Nei:

Sigurður Jensson.

Var frumv. þannig samþ. með 10 atkv. gegn 1 og verður afgr. til landsh. sem stjórnarskipunarlög frá þinginu.

Alþingiskosningalög.

FRUMVARP til laga um kosningar til alþingis. (C. bls. 128); 1. umr., 3. júlí.

Landshöfðingi: Svo sem háttv. þm. munu sannfærast um, er þeir lesa þetta frumv., er það að eins lítið eitt breytt frá frumv. því, er lá fyrir þinginu um sama efni í fyrra. Að undanteknum þeim atriðum, sem koma í bága við gildandi stjórnarskrá, en þau atriði eru feld öll burtu, hafa engar efnisbreytingar verið gerðar á frumv., en að eins smávægilegar orðabreytingar, þar sem það þótti betur fara.

Við frumv. hefir verið gerð ein viðbót, sem hefir talsverða þýðingu og sem að sjálfsögðu mun verða orsök til allharðrar stælu; það er nefnilega ákvæðið um það, hvernig velja skuli þá 4 þm., er samkv. stjórnarskrárfrumv. eiga að bætast við. Stjórnin hefir stungið upp á. að þessum 4 þm. yrði skift niður á kaupstaðina þannig, að Reykjavík fengi 2, Ísafjörður einn og Akureyri einn þm. Eins og eg áður hefi getið um, býst eg við að þessi skifting muni verða þinginu að deiluefni, en á hinn bóginn tjáði ekki að láta bíða með að taka einhverja ákvörðun, þangað til kjördæmaskiftingin alment yrði tekin til meðferðar af þinginu, og virðist þá þessi skifting eftir atvikum heppilegust. Ef til vill hefði verið heppilegast, að kjördæmaskift-

ingin hefði komið fyrir alþingi nú, en til þess er málið eigi nægilega undirbúið. Eg hefi að vísu leitað álita allra sýslunefnda um málið, en ekki fengið neitt svar, nema frá fáum einum, og getur því frv. í þá átt eigi komið fyrir þing fyr en 1905. Þetta hefir að vísu að því leyti til minni þýðingu, að búast má við, að þingmannakosning sú, er fram fór í vor, muni standa um næstu 6 ár. Annars býst eg við að þetta mál verði sett í nefnd, og skal því ekki fara um það fleiri orðum að svo stöddu.

Hallgrímur Sveinsson: Eg skal leyfa mér að stinga upp á því, að þriggja manna nefnd verði skipuð í málið að lokinni þessari 1. umræðu.

Júlíus Havsteen: Eg leyfi mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr í e. hljóði.

Samþykt 5 manna nefnd með 7 samhlj. atkv., og hlutu þessir kosningu:

Eiríkur Briem	með	10	atkv.
Hallgrímur Sveinsson	—	9	—
Sigurður Jensson	—	8	—
Guðjón Guðlaugsson	—	6	—
Guttormur Vigfússon	—	6	—

Önnur umr. (C. bls, 128; nefndarál. bls. 214); 17. júlí.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Eg geri ráð fyrir, að eigi sé þörf á langri framsöguræðu í þessu máli, því bæði er það, að frv. þetta er í öllum aðalatriðum nálega samhljóða frv. því um sama efni, sem lá hér fyrir þinginu í fyrra og þá fekk svo rækilega meðferð, sem föng voru á, en þetta mun háttv. þingdeildarmönnum kunnugt, enda er þess og getið í nefndarálitinu, og í annan stað er í nefndarálitinu gerð rækileg grein fyrir þeim breytingum. sem nefndin hefir gert á frv. Þessar breytingar eru hvorki margar né stórar, en ganga í þá átt að gera frv. aðgengilegra.

Svo sem háttv. þingdeildarmönnum mun vera kunnugt, skiftast þær breytingar, sem stjórnin hefir gert á frv., í tvo flokka. Eins og sjá má af ráðgjafabréfi 12. nóv. 1902, eru ástæðurnar til breytinganna sumpart þær, að í frv. alþingis séu ákvarðanir, sem koma í bága við hina gildandi stjórnarskrá, og sjái stjórnin sér því eigi fært að leggja frv. fyrir konung til staðfestingar. Ákvæði það, sem hér er átt við, er 50 kr. gjald það, sem hverjum þeim, er býður sig fram til þings, var skylt að leggja fram. Okkur nefndarmönnum virtist mjög efasamt, hvort þetta ákvæði kæmi í bága við stjórnarskrána, en það var skoðun stjórnarinnar, að það þrengdi ólöglega að kjörgengi manna, og það er í sjálfu sér nóg, að stjórnin hefir þetta álit, til þess að frv. hljóti ekki staðfestingu, og vill nefndin því ekki þrátta um það atriði, en reyna heldur að ná því sama takmarki á annan hátt. Ákvæðið var sett inn í frv. alþ. í þeim tilgangi, að hindra menn frá að vera að bjóða sig fram alveg ástæðu- og tilgangslaust, og fór það því í þá átt, að hver sá, er byði sig fram, skyldi með framboðinu senda 50 kr., sem svo ætlu að endurgreiðast, ef það sýndi sig síðar, að þingmannsefnið hefði talsvert fylgi í kjördæminu, en reyndist eigi svo, þá þurfti heldur ekki að endurgreiða framboðsféð. Á þenna hátt var auðvitað hægast að koma í veg fyrir ástæðulaust framboð, en nefndin vill þó ekki leggja til, að deildin taki þetta ákvæði aftur upp í frv., þar eð hún telur, að þetta myndi verða frv. til falls. Þetta var aðalástæðan fyrir því, að stjórnin treystist eigi til að leggja frv. fyrir konung til staðfestingar.

Þá voru enn önnur ákvæði í frv. er stjórninni þóttu óviðfeldin og hún ekki gat fallist á, nefnilega ákvæðið um, að menn gætu með vissum skilyrðum haft kosningarrétt í hreppsfélagi, þó þeir eigi hefðu á kjördegi haft þar löglegt heimilisfang í

eitt ár. Nefndin getur nú kannast við, að það var ástæða fyrir stjórnina að vera óánægð með þetta ákvæði í frv., þar sem það eigi er í samræmi við almennar kosningareglur, og vill nefndin því leggja til, að þetta ákvæði verði felt burtu, en af því leiða breytingar á tveimur stöðum í frv., sem sjá má á ástæðum stjórnarinnar. Þá er enn eitt atriði, sem stjórnin eigi hefir getað fallist á, það sem sé, að kjósandi misti atkvæðisrétt sinn, ef hann kysi á tveimur stöðum, og telur hún þetta fara í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar, 17. og 18. gr. hennar, og enn fremur telur hún óviðfeldið, að sá, sem sýni atkvæðisseðil sinn, sé útilokaður frá kosningu að því sinni, og vill nefndin ekki gera þessi atriði að kappsmáli, enda mundi slíkt koma sjaldan fyrir. Þetta eru þær aðalbreytingar, er stjórnin hefir gert á frv., og vill nefndin fallast á þær.

Loks hefir stjórnin gert lítils háttar viðbæti við frv., sem talað er um í nefndarálitinu, og getur nefndin verið flestum þeirra samþykk. Þó getur nefndin eigi fallist á þá tillögu stjórnarinnar, að skjóta inn í nýrri grein um ferðakostnað og dagpeninga alþingismanna, 57. gr. Þessi grein var í fyrra feld úr frv. Það stóð þá svo á, og stendur svo á enn, að eigi er hægt að koma öllum reglum um kosningar til alþingis í eina heild; sökum þeirrar fjölgunar, sem í vændum er á þjóðkjörnum þingmönnum og þar af leiðandi breyting á kjördæmaskipun, varð 18. gr. gildandi kosningalaga að standa óhögguð; en úr því að eigi er hægt að koma öllum kosningalögum í eina heild, þá virðist það litlu skifta, hvort ein eða tvær greinar hinna eldri kosningalaga standa óbreyttar; og með því að nefndin getur enga ástæðu fundið, að gera breyting í þessu frá eldra frv., þá vill hún leggja til, að hér sé aftur fært í sama form; þess ber líka að gæta. að hér er ólíkt og alveg óviðkomandi efni tekið inn í kosningalögin, og eins og nefndin hefir tekið fram, mikið efamál um, hvort það er hagfelt eða heppilegt að taka það ákvæði upp i það frv. Það gæti vel komið fyrir, að mönnum virtust ákvæðin um dagpeninga og ferðakostnað miður heppileg og vildu breyta þeim að einhverju leyti, og ef það yrði ofan á, yrði miklu hægra viðfangs að koma þeirri breytingu á, ef ákvæðin eigi stæðu í sambandi við kosningalögin, sem búast má við að standi óbreytt um lengri tíma, ef ekki finnast á þeim stórvægir gallar, sem nú eru óþektir. Nefndin gat því ekki aðhylst þessa viðbót stjórnarinnar. Þá er sú breyting í 59. gr., að landsh. ákveði dagsektir fyrir vanrækslu kjörstjórna og geri ráðstöfun til að innheimta þær með lögtaki og sjái um, að bætt sé úr vanrækslunni með samningu kjörskrár. Alþingisfrv. hafði ætlað sýslumönnum þetta hlutverk og getur nefndin fallist á, að þessi breyting sé til bóta. Enn fremur hefir stjórnin bætt inn í 61. gr., sem enn frekar er því til tryggingar, að kosningarnar fari fram leynilega, og getur nefndin fallist á, að það sé til bóta. Sama er að segja um 23. gr., sem stjórnin hefir skotið inn í 2 síðustu málsgreinunum til skýringar og nánari ákvörðunar; einnig þessa viðbót álítur nefndin til bóta Það, sem nefndin sérstaklega eigi hefir getað felt sig við, er það, að stjórnin hefir úr 38. gr. felt ákvæðið um, að hver kjósandi skuli í það skifti hafa fyrirgert kosningarrétti sínum, sem láti sjá seðil sinn og seðillinn skuli vera ógildur. Nefndin getur ekki verið stjórninni samdóma um, að þetta ákvæði sé óþarft; það er vel mögulegt, að ekki einungis einn, heldur jafnvel margir kjósendur fari svo að, að hann sýni kjörseðil sinn, ef hann af einhverjum ástæðum vill gefa manni vitneskju um kosningu sína. Eða segjum svo, að einhver hafi lofað atkvæði sínu og vilji láta sjá, að hann hafi efnt loforðið, og staðið við orð sín; ef atkv. hans samt sem áður er gilt, þá yrðum við

litlu nær en nú er, og þetta er undir öllum kringumstæðum alveg gagnstætt anda kosningalaganna, sem er sá, að gera öllum ómögulegt að vita, hvern hver hefir kosið. Nefndin áleit því nauðsynlegt að hafa þetta ákvæði eða eitthvert líkt ákvæði, sem gæti náð sama takmarki, og hyggur hún að þetta geti orðið með þeim ráðum, er hún hefir stungið upp á, nefnilega á þann hátt, að sá maður, er lætur sjá seðil sinn, geti notað kosningarrétt sinn, en þó eigi fyrri en allir aðrir hafa haft löglegan aðgang til að kjósa. Nefndin hefir nefnilega hugsað sér, að ef sá, sem sýnt hefir seðil sinn, stendur framarlega á lista, og ef fleiri gerðu það, hver eftir annan, og þessir menn gætu þegar í stað heimtað nýja seðla, þá gæti vel komið fyrir, að þurð yrði á seðlum. Seðlarnir eiga nfl. að vera jafnmargir og kjósendurnir og $^1/_{10}$ parti fleiri. Ef t. d. 30 kjósendur eru í hreppnum, verða seðlarnir þannig 33, og má þá ekki mikið út af bera til þess, að seðlana þrjóti. Nefndin hefir því stungið upp á því, að þeir, sem af vangá eða af ásettu ráði hafa sýnt eða ónýtt kjörseðil sinn, geti ekki haldið áfram að kjósa og þannig kanske útilokað aðra kjósendur, en að þeir hins vegar geti fengið seðla og kosið, meðan seðlar endast, þegar aðrir hafa notað kosningarrétt sinn. Ef seðlarnir ekki endast, þá eru engir aðrir útilokaðir að kjósa, en þeir, sem af vangá eða ásetningi hafa farið svo með seðil sinn; en viti menn, að slíkt liggur við, þá munu þeir líka fara varlegar með seðlana. Í sambandi við þetta skal eg geta þess, að þar sem alþ.frv. gerir ráð fyrir tvenns konar seðlum, ónýtum og ógildum, þá hefir nú þessum tveimur flokkum verið slegið saman í eitt, en af því leiðir, að umslögin verða tvö nú í stað þriggja: eitt fyrir ónýta seðla, annað fyrir ógilda seðla og hið þriðja fyrir afgangsseðla. Þá hefir nefndin lagt til, að aftan við 22. gr. sé bætt nokkurum orðum, nfl. að kjörbókinni fylgi skýrsla um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram. Þetta ákvæði var ekki í frv. í fyrra og hefir heldur ekki verið tekið uppi í stjórnarfrv., en nefndin álítur, að það sé nauðsynlegt til þess, að það sé ekki leyndardómur, hverjir eru í boði, heldur öllum gert vitanlegt strax. Seðlasendingarnar má ekki opna, fyr en á kjördegi, en ef undirkjörstjórninni er gerð skýrsla um, hverjir hafi boðið sig fram, þá berst það fljótlega út og verður heyrum kunnugt. Þá hefir nefndin gert þá breytingu á 23. gr., að yfirlýsing 12 manna að minsta kosti skuli fylga framboðinu í stað 4 í stjórnarfrumvarpinu. Nefndin hefir gert þessa breytingu til þess að koma í veg fyrir, að menn séu að bjóða sig fram út í bláinn, enda sá nefndin engin vandkvæði á þessari breytingu, því hún telur það víst, að sá, sem að nokkurt fylgi hafi, muni eiga hægt með að útvega sér 12 meðmælendur. Þá hefir nefndin enn fremur gert breytingu við 25, gr., að aftan við málsgreinina bætist: „á undan“. Þessi breyting eða viðbót byggist á því, að það er öllum kunnugt, að fyrir allan almenning er hægra og þægilegra að bregða sér frá heimili á laugardag en á mánudag, og með því að nefndin ekki sá neitt því til fyrirstöðu, að þegar hinn lögákveðna kjördag, 10. sept., bæri upp á sunnudag, væri laugardagurinn næsti á undan notaður til kosninga í stað mánudagsins, þá hefir nefndin lagt til að gera þessa breytingu.

Þá kemur 5. br.till. nefndarinnar, sem eg áður hefi getið um, eða ákvæði um það, hvaða þýðingu það hafi, að kjósendur sýni kjörseðil sinn, og hefir nefndin hugsað sér, að ef greinin yrði orðuð á þann hátt, mundi nálega hið sama nást, sem tilgangurinn var í frv. alþingis; auk þess er hér dregið saman í eina grein það, sem í fyrra var í tveimur, og leiðir það af þeirri breytingu, er eg áður hefi getið um. Af þessari breytingu leiðir aftur breytingin á 40.

gr. sem skýrt tekur fram, hvenær þeir eigi að kjósa, sem sýnt hafa atkvæðisseðil sinn.

7. br.till, nefndarinnar er að eins lítilvæg. Um 8. br.till. hefi eg þegar getið. 9. br.till. fer fram á, að skift sé um málsgreinar, og vona eg, að háttv. deild fallist á þá breytingu.

Þá fer 10. breytingartillaga fram á, að 37. gr. gildandi kosningalaga standi óhögguð, og leiðir þá breyting af þeirri tillögu nefndarinnar, að 57. gr. falli burtu.

Þá koma ákvæðin um stundarsakir, og hefir nefndin hugsað sér að leggja fram nýtt frv. í þess stað, og skal eg ekki fara frekar út í það að þessu sinni. Þá eru enn fremur nokkurar prentvillur í frv.; eg leyfi mér að benda á þær og vona að þær verði leiðréttar við uppprentun þess. Þannig er í 40. gr. rangt skrifað orðið: „en“ á að vera með tveimur n.

Í 46. gr. stendur með tveimur n „atkvæðakassann“ í staðinn fyrir atkvæðakassana.

Í 53. gr. stendur: „kærðan“ fyrir kæran,

Í 58. gr. vantar og á milli „ferðakostnað“ og „fæðispeninga“.

Í frv. sjálfu hefi eg ekki rekið mig á fleiri prentvillur, en í nefndarálitinu munu vera tvær eða þrjár, og er það sérstaklega athugavert, að í 3. br.till. við 23. gr. vantar inn á milli orðanna: „í kjördæmi því, sem þingmannsefni“ o. s. frv. orðið „þar“, sem nefndin þó hafði lagt til að yrði bætt þar inn í.

Að svo stöddu skal eg svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en vona, að það fái góðan byr hjá háttv. deild.

Landshöfðingi: Eg get verið h. nefnd þakklátur fyrir, hve vel hún hefir tekið í þetta mál, þar sem hún hefir samþykt hér um bil allar þær breytingar, sem stjórnin gerði á frv. alþingis í fyrra. Það er að eins ein grein, sem nefndin ekki hefir getað fallist á og sem hún ræður til að falli burt, nfl. 57. gr. frv., þar sem talað er um dagpeninga og ferðakostnað alþingismanna, og get eg ekki hugsað mér, að stjórnin geti haft neitt á móti því, þótt þetta ákvæði ekki sé tekið upp í frumvarpið.

Eg er samþykkur háttv. frsm. um, að það ætti betur við, að þetta ákvæði væri ekki í þessum lögum og að það eigi betur við annars staðar; eg gæti t. d. vel felt mig við, að það stæði í þingsköpunum. Þá hefir nefndin heldur ekki getað fallist á breytingu stjórnarinnar á 38. gr. eða ákvæðið um, að kjörseðill sé ógildur og kosningarrétti fyrirgert, ef kjósandi hefir látið sjá kjörseðil sinn, og skal eg ekki fara frekar út í þetta atriði, en að eins benda á, hvort kjósandi muni ekki alveg eins eftir sem áður geta fengið sitt fram, með því að kjósa seinna, og er eg því hræddur um, að nefndin fái ekki fram það, sem hún vildi, nfl. að það sé gert ómögulegt að láta vita, hvern kjósandi hafi kosið, því að eg geng út frá því, að sá kjósandi, sem látið hefir sjá seðil sinn, haldi áfram að kjósa sama þingmannsefni, þegar hann kýs um aftur; eg er hræddur um, að sama yrði ofan á, þótt ákvæði 38. gr. væri látið standa.

Að öðru leyti felst eg á allar breytingar nefndarinnar. Sama er að segja um II. ákvæði um stundarsakir, að eg álít það alls engan galla á frumvarpinu, þótt það sé felt burt, úr því að það ákvæði verður sett inn annars staðar hvort sem er.

Framsögumaður (Hallgr. Sveinsson): Eg vildi að eins leyfa mér að gera stutta athugasemd viðvikjandi því, sem hæstv. landshöfðingi tók fram um seðil, sem sýndur er, nfl. að kjósandi sá, er það gerði, gæti fengið sitt fram með því að kjósa þann mann, er hann hefði lofað atkv. sínu, er hann kysi aftur; en það er ekkert, sem tryggir það, að hann kjósi eins í annað sinn.

Hvað seðlatöluna snertir, þá munu það

naumast verða nema örfá tilfelli, að kjósendur láti seðla ónýtast, því að kjósendur munu naumlega vilja svifta sjálfa sig atkv. sínu. Setjum svo, að 4 eða 5 seðlar á einhverjum stað ónýtist við það, að 4 eða 5 kjósendur hafa gert einhverjar misfellur; þá hljóta þeir af þeim, sem síðastir eru í röðinni, að verða sviftir atkv. sínu, af því að fleiri seðlar eru eigi til.

Nefndin hefir þess vegna ætlast til, að þetta ákvæði væri svo fullnægjandi, sem frekast er unt í þessu atriði.

Þar sem hæstv. landsh. hefir að eins gert þessa einu athugasemd við breyt.till. nefndarinnar, þá getur nefndin verið honum þakklát fyrir hans góðu undirtektir, og ef frumv. verður samþykt í því formi, sem nefndin hér hefir ætlast til, þá vonar hún, að það fái greiðar og góðar undirtektir og fljóta staðfestingu hjá stjórninni, því að það er kunnugt, að þetta er mikið áhugamál þjóðarinnar, og þótti því mörgum illa farið og söknuðu þess, er frumv. var synjað staðfestingar hans hátignar konungsins í fyrra.

ATKV.GR.:

I. kafli: 1.—6. gr. frv. sþ. í e. hlj.
Fyrirsögn I. kafla sþ. án atkv.gr.
II. kafli: 7.—9. gr. frv. sþ. í e. hlj.
Fyrirsögn II. kafla sþ. án atkv.gr.
III. kafli: 10.—18. gr. frv. sþ. í e. hl.
Fyrirsögn III. kafla sþ. án atkv.gr.
IV. kafli: 19.—21. gr. frv. sþ. í e. hl.
1. brtill. á þingskj. 81 við 22. gr. sþ. í e. hlj.
2. brtill. á þingskj. 81 við 22. gr. sþ. í e. hlj.
22. gr. með áorðnum breyt., sþ. í. e. hlj
Fyrirsögn IV. kafla sþ. án atkv.gr.
V. kafli: 3. brtill. á þingskj 81 við 23. gr. sþ. með 10 atkv.
23. gr. með áorðinni breyt. sþ. í e. hlj.
24. gr. — - ——
Fyrirsögn V. kafla sþ. án atkv.gr.
VI. kafli: 4. brtill. á þingskj. 81 við 25. gr. sþ. í e. hlj.
25. gr. með áorðinni breyt. sþ. í e. hlj.
Fyrirsögn VI. kafla sþ. án atkv.gr.
VII. kafli: 26.—28. gr. frv. sþ. í e. hlj.
Eyrirsögn VII. kafla sþ. án atkv.gr.
VIII. kafli: 29.—38. gr. frv. sþ. í e. hlj.
5. brtill. á þingskj. 81 við 39. gr. sþ. með 10 samhlj. atkv.
39. gr. með á orðinni breyt. sþ. með 10 samhlj. atkv.
Fyrri málsgrein 40. gr. frv. sþ. í e. hlj.
6. brtill. á þingskj. 81 við síðari málsgrein 40. gr. sþ. í e. hlj.
41. gr. frv. sþ. í e. hlj.
42. —, fyrri málsgrein, sþ. í e. hlj.
7. brtill. á þingskj. 81 við 42. gr., síðari málsgrein, sþ. í e. hlj.
43.—45. gr. frv. sþ. í e. hlj.
Fyrirsögn VIII. kafla sþ. án atkv.gr.
IX. kafli: 46.—52. gr. frv. sþ. í e. hlj.
Fyrirsögn IX. kafla sþ. án atkv.gr.
X. kafli: 53. gr. frv. sþ. í e. hlj.
Fyrirsögn X. kafla sþ. án atkv.gr.
XI. kafli: 54.—56. gr. frv. sþ. í e. hlj.
Fyrirsögn XI. kafla sþ. án atkv.gr.
XII. kafli: 8. brtill. á þingskj 81 við 57. gr. frv. sþ. með 10 samhlj. atkv.
Greinatalan breytist eftir því.
58. gr. frv. sþ. í e. hlj.
Fyrirsögn XII. kafla sþ. án atkv.gr.
XIII. kafli: 59.—61. gr. frv. sþ. í e. hlj.
9. brtill. á þingskj. 81 við 62. gr. frv. sþ. í e. hlj.
62. gr. með áorðinni breyt. sþ. í e. hlj.
63. gr. frv. sþ. í e. hlj.
10. brtill. á þingskj. 81 við 64. gr. frv. sþ. í e. hlj.
64. gr. með áorðinni breyt. sþ. með 10 atkv.
Fyrirsögn XIII. kafla sþ. án atkv.gr.
Ákvæði um stundarsakir I sþ. í e. hlj.
11. brtill. á þingskj. 81 við II. ákvæði um stundarsakir sþ. með 10 atkv., og liðurinn þar með fallinn.
Fyrirsögn frumv. sþ. í e. hlj.

Frumv. í heild sinni með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. (C. bls. 262); 21. júlí.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Þar eð frumv. þetta og breyttill. þær, sem nefndin leyfði sér að koma fram með, hafa fengið svo góðar undirtekrir hér í deildinni við 2. umr., þarf eg ekki að fara mörgum orðum um málið sjálft, en óska að eins, að það verði samþ. með sem flestum atkv., eins og það liggur fyrir. Það, sem kemur mér til að taka til máls nú, er því ekki málið sjálft, heldur annað, sem eg rak augun í, þegar eg las frumv. yfir, nefnilega sá mikli aragrúi af prentvillum, sem eru í frumv. á þgskj. 117. Þær eru svo margar, að það gengur hneyksli næst — eg hefi rekið mig á framt að 20, en þær kunna að vera fleiri — og eg verð að bera mig upp undan því, að prófarkir skuli vera svo illa lesnar, því eg álít það ekki rétt, að bæta prófarkalestrinum ofan á önnur störf, sem þm. hafa. Eg skal leyfa mér að benda á þær helztu.

Í. 4. gr. „Egginn“ á að vera „Enginn“.

Í upphafi 12. gr. stendur „einu sinn“, á að vera „einu sinni“.

Í 4. línu 13. gr. stendur fyrra t-ið í orðinu hátt ofar en hinir stafirnir, en þetta er nú smávilla, en í 14. gr. er villa, sem eg alls ekki get hugsað mér, hvernig komist hefir inn í frumv. Orðunum „af þeim“ hefir nefnilega verið bætt inn í og þau hafa mér vitanlega aldrei staðið í frumv., fyr en nú. Þau eru að eins viðbót út í loftið, sem að líkindum hefir átt að vera leiðrétting á efninu, en hefir tekist hraparlega, því þau gefa enga meiningu.

Þá er í 19. gr., 3. línu 4. málsgreinar, í orðinu „hringur“ u-ið á höfði, í sömu línu er prentað „$^2/_4$ úr þuml.“ í staðinn fyrir „$^1/_4$ úr þuml.“

Svo kemur í 23. gr., 2. málsgr., prentvilla, sem, þótt hún sé ekki mikil fyrirferðar, þó verður ekki annað sagt, en að um hana sé ekki einleikið. Mér tókst að fá hana leiðrétta í 3. brt. nefndarinnar, en hún er óðara komin aftur. Prentvillan er „í“, sem er skotið inn í. Málsgreinin á að hljóða þannig: „Framboðum skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti 12 kjósenda í kjördæmi því, þar sem þingmannsefni leitar þingmensku“ o. s. frv., en í frumv. stendur „... kjördæmi því, þar sem þingmannsefni leitar þingmensku í“.

Í 28. gr. stendur „kössum“ en á að vera "kössunum".

Í fyrirsögn VIII. kafla er villa, sem maður sér í bréfum ómentaðra manna; þar stendur „kostningarathöfnin“ fyrir „kosningarathöfnin“.

Í 30. gr. stendur „kjörstjórstjórninni“ fyrir „kjörstjórninni“.

Í 39. grein hefir fallið úr orðið „unz“; þar stendur: „... og atkvæðagr. haldið áfram, allir kjósendur“ o. s. frv., en á að vera: „haldið áfram, unz allir kjósendur“ o. s. frv.

Í 2. línu 40. gr. stendur „fieiri“, en á að vera „fleiri“.

Í 2. málsgr. 48. gr. stendur „m“ á höfði í orðinu „umboðsmönnum“.

Í 3. málsgr., 51. gr. stendur „hreppum“ fyrir „hreppunum“ og í 52. gr. stendur „.. til þess að þeir eigi kost á að vera viðstaddur“ í staðinn fyrir "viðstaddir".

Í fyrirsögn XI. kafla stendur „n“ í stað „a“ í orðinu „kosningar“ og í 54. gr. „jgfuframt“ í staðinn fyrir „jafnframt“.

Að endingu skal eg nefna villu í 22. gr., sem líklega hefir slæðst inn úr frumv. frá í fyrra. Þar stendur í byrjun síðari málsgreinar: „Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund“ o. s. frv., en á auðsjáanlega að vera: „... af hvorri þessari tegund“, því hér er að eins um 2 tegundir að ræða, „ógilda seðla“ og „afgangsseðla“. Í frv. frá í fyrra voru seðlarnir fleiri og þess

vegna hefir þar staðið „hverri“, en stjórnin hefir í sínu frumv. gert málið einfaldara, fækkað seðlaflokkunum, svo að þeir urðu að eins tveir. Sams konar villa er í 43. gr. „hvert“ fyrir „hvort“.

Að þessu leiðréttu læt eg mér nægja, að æskja þess, að frumv. verði samþ.

Forseti: Út af orðum háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.), skal eg geta þess, að eg hefi ámint alla, bæði skrifara og þá, sem á skrifstofunni eru, um að lesa vel prófarkirnar, en eg skal taka það fram, að það er ekki nóg, að prófarkirnar séu leiðréttar, heldur verður að gæta þess, að prentararnir leiðrétti það, sem fundið er að á correctúrunni.

Eg skildi orð háttv. framsm. ekki svo, að hann ætlaðist til, að málið væri tekið út af dagskrá, heldur ætlaðist hann til, að þetta, sem hann benti á, yrði leiðrétt eftir hendinni.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í einu hlj. og sent Nd.

Skifting Kjósar- og Gullbringusýslu.

FRUMVARP til laga um að skifta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög. (C. bls. 217); 1. umr., 15. júlí.

Valtýr Guðmundsson: Frumvarp það, sem hér liggur fyrir þinginu, er komið fram eftir ósk og áskorun Kjósarsýslubúa, sem lengi hafa óskað eftir að fá þessari skiftingu framgengt. Það er enginn nýr gestur; en nærfelt 26 síðustu árin hefir það altaf öðru hvoru legið fyrir þinginu. Þessi ósk Kjósarsýslubúa, að fá sýslunni skift, virðist ekki óeðlileg, þegar til þess er litið, að atvinnuvegir í þessum 2 sýslufélögum eru mjög ólíkir, og félögin geta því illa samlagast, þar sem Kjósarsýsla lifir mest á landbúnaði, en Gullbringusýsla mest á sjávarútvegi.

Það, sem áður hefir sérstaklega orðið þessari skiftingu til fyrirstöðu, er það, að það hefir verið álitið oflítið sýslufélag að hafa að eins 3 hreppa, en hins vegar hefir samþykki sýslunefndarinnar aldrei náð lengra en þar að, að skilja þessa 3 hreppa, Kjósar- Kjalarnes- og Mosfellshrepp, frá, og þetta er svo eðlilegt, þegar þess er gætt, að Gullbr.sýsla, sem hefir 9 menn í sýslunefnd og altaf hefir borið Kjósarsýslubúa ofurliða, hefir séð sér hagnað í, að ekkert yrði af skiftingunni. Hingað til hefir það strandað á því, þegar farið hefir verið fram á að taka Seltjarnarneshrepp, að samþykki sýslunefndarinnar hefir ekki verið fyrir hendi. Upprunalega var nú hér farið fram á, eins og áður, að skifta eftir gömlu takmörkunum milli Kjósar- og Gullbringusýslu, en eftir tillögu hæstv. landsh., hefir 4. hreppurinn, Seltjarnarneshr., verið tekinn með í Kjósarsýslu, og féllst nefnd sú, sem skipuð var í Nd., til þess að athuga málið, á þessa skiftingu, þar eð henni virtist, að svo líkar ástæður væru fyrir þessum 4 hreppum, að þeir eðlilega gætu heyrt saman í sýslufélagi. Það varð því ofan á í Nd., að samþykkja frumv., sérstaklega með tilliti til þess, að hæstv. landsh. lagði eindregið með þessari skiftingu. Frumv. þetta hefir nú fengið svo góðan byr í Nd., að líkur eru til, að því verði vel tekið hér í deildinni; enda virðist það samband, sem nú er milli sýslufélaganna, óeðlilegt, og hefir oft komið mjög illa við fyrir bæði sýslufélögin. Þannig má nefna, að þegar fyrir nokkurum árum var verið að ræða um fiskiveiðasamþyktina alþektu, þá var Kjósarsýsla, sem ekkert þekti til málanna, sem réð úrslitum að koma samþyktinni á, á móti vilja meiri hluta manna í Gullbringusýslu. Dæmi má og nefna slíkt hið sama um Gullbringusýslu gegn Kjósarsýslu.

Af því svo oft er búið að ræða þetta mál, sé eg ekki ástæðu til að stinga upp

á að kjósa nefnd, en óska því góðs gengis hér í deildinni.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Önnur umr. (C. bls. 217); 17. júlí.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 10 samhlj. atkv.
2. — — — í e. hlj.
3. — — — með 10 samhlj, atkv.
4. — — — — 10 — —

Fyrirsögnin sþ. með 10 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 10 samhlj. atkv.

Þriðja umr. (C. bls. 217); 20. júlí.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 9 samhlj. atkv. og verður afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Sala Arnarhóls.

FRUMVARP til laga um sölu jarðarinnar Arnarhóls. (C. bls. 354); 1. umr., 28. júlí.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. (C. bls. 354, 400); 30. júlí.

Kristján Jónsson: Eins og háttv. þm. sjá, þá er frumv. þetta komið frá landsstjórninni, og það fer fram á, að jörðin Arnarhóll verði seld til ágóða fyrir landssjóð og komi að nokkru leyti upp í kostnað þann, sem bygging ráðgjafabústaðarins hefir í för með sér. Það hafa áður verið til heimildarlög um að selja vissa parta af jörðinni, nfl. spilduna austan við Klapparstíg og norðurhlutann af landshöfðingjatúninu.

Eg hefi nú leyft mér að koma hér fram með breyttill. í þá átt, að Rvík veitist forkaupsréttur að jörðinni, af því að mér finst mikið mæla með því, að Reykjavík fái að sitja fyrir kaupinu, ef hún býður jafngóð kjör og aðrir. Það er öllum kunnugt, að Rvík muni eiga fyrir höndum að byggja ýmsar stærri byggingar; t. d. vil eg benda á, að bærinn á ekkert ráðhús og mun bráðlega reka að því, að bærinn þurfi að byggja það; svo má og gera ráð fyrir því, að bærinn þurfi að byggja spítala, áður en langt um líður, en fyrir þessar byggingar og þvílíkar hefir bærinn ekkert gott og þægilegt pláss; mér sýnist því rétt, að bænum veitist kostur á, að sitja fyrir kaupum á þessari jörð. Það er heldur eigi svo að skilja, að landssjóður bíði hér af nokkurn halla, því að það er alls ekki meiningin með þessari breyttill. að veita Reykjavík nokkurn einkarétt, heldur að eins, að hún fái forkaupsrétt, ef hún býður sömu kjör og aðrir. Eg hefi borið mig saman við bæjarfógetann í Reykjavík um þetta atriði, og var hann þessarar skoðunar, að heppilegt væri, að þessi breyttill. væri gerð, og það er í samráði við hann, að eg hefi komið með þessa breyttill. Eg vil því vona, að háttv. deild taki vel undir þessa brt. mína.

Jón Jakobsson: Eg skal leyfa mér að styðja breyttill. háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) á þgskj. 252, því að hún er að mínu áliti í alla staði sanngjarnleg og réttmæt, og eg get bætt því við ástæður hans, að eg tel það mjög heppilegt, að Reykjavíkurkaupstaður yrði eigandi að sem mestu af Arnarhólslandi, ef það á annað borð verður selt, því að með því væri hægt að koma í veg fyrir það, að þessar lóðir lentu í höndum einstakra manna, er kynnu að „spekúlera“ með þær, svo að þær hækkuðu í verði fram úr hófi, og þess vegna álít eg þessa breyttill. í alla staði þarfa og nauðsynlega; en eg stóð upp af öðrum ástæðum eða vegna þess, að eg er ekki alveg viss um, að í 1. gr. frumv. sé girt fyrir, að sala þeirra lóða, sem hér ræðir um, geti farið fram á þann hátt, að landssjóður bíði stórskaða við það.

Eins og háttv. deildarmönnum er kunn-

ugt, hefir landssjóður hingað til átt þessa víðu spildu inn í miðjan bæ, og þar sem þetta svæði er svo „centralt“ og auk þess svo fagurt útsýni frá því, þá er það mjög vel lagað sem byggingarsvæði fyrir opinberar byggingar. Háttv. deildarmönnum er kunnugt um það líka, að landssjóður á ekki annan blett, sem hæfilegur væri til slíkrar notkunar, og ef hann þarf að byggja á honum, þá þarf hann ekki að eiga undir neinum afarkostum með tilliti til verðsins, ef hann er látinn njóta forkaupsréttar að honum. Eg sé, að í 1. málsgr. frumv. er ekkert svæði undanskilið til bygginga þeirra, sem landssjóður á ókomnum tíma þarf að byggja, nema það svæði, sem hús hins núverandi landshöfðingjabústaðar standa á; en í 2. málsgr. stendur, að ef jörðin er seld í einu lagi, þá skuli landssjóður hafa endurkaupsrétt á tilteknum lóðum undir opinberar byggingar; en sé nú jörðin seld smátt og smátt eða í pörtum, þá sé eg ekki, að landsjóður eigi samkvæmt frumv. forkaupsrétt að nægilegum lóðum. Það getur enginn spáð í eyðurnar um það, hversu mörg stórhýsi landssjóður kann að byggja síðarmeir, og þess vegna er frá landssjóðs sjónarmiði heppilegast að undanskilja frá sölu nú þegar eigi alllítinn hluta af norðurhluta Arnarhólsins, til þess að full trygging sé fyrir því, að aðrir ekki byggi á þessu svæði eða að landssjóður þyrfti ekki að neyðast til að byggja opinber stórhýsi á einhverjum öðrum stað, sem óheppilegri væri bæði að því, er fegurð og legu snertir. Það, sem eg hér sérstaklega ber fyrir brjósti, er stór bygging undir söfn landsins, sem lengi hefir legið fyrir, þótt framkvæmdir séu eigi enn orðnar í því máli.

Eins og kunnugt er, sækjast menn í útlendum höfuðborgum eftir því, að slíkar byggingar undir opinber söfn, standi á sem fegurstum stöðum, og þykir hreinasta hnoss, að geta náð í sem beztar og fegurstar lóðir undir þær, þótt þær séu dýru verði keyptar. Þessi lóð, sem hér ræðir um, sýnist vera sköpuð fyrir opinberar byggingar, og ætti því landssjóður sérstaklega að eiga forkaupsrétt að henni; en af því að eg er ekki viss um, að réttur landssjóðs sé eins vel trygður í frumv., og æskilegt væri, þá hefði eg helzt óskað, að þetta mál væri tekið út af dagskrá og athugað betur, ef aðrir háttv. deildarmenn eru því ekki mótfallnir.

ATKV.GR.: Þamþ. í e. hlj., að málið væri tekið út af dagskrá; 2. umr. málsins frestað.

Framh. annarar umr. (C. bls. 354, 400, 461); 3. ágúst.

Kristján Jónsson: Eg mintist um daginn á þetta frumv., þegar eg talaði um breyttill. mína á þgskj. 252 og get eg vísað til þess hér. Annars veit eg, að háttv. 6. kgk. (E. Br.), sem lengi hefir setið í bæjarstjórn Reykjavíkur, getur gefið háttv. deild fallnægjandi upplýsingar í máli þessu.

Breyttill. mín verður á engan veg til þess, að lækka verð lóðarinnar eða draga úr því, að hún verði seld fullu verði, enda er hún eigi ætluð til þess. Hún fer að eins fram á það, að Reykjavíkurkaupstaður geti með kaupum eignast lóðina að öllu öðru jöfnu. Aftur virðist mér breyttill. á þgskj. 335 nokkuð óljós og eigi svo skýr og greinileg, sem skyldi, einkum að því, er snerti takmörk svæðis þess, er hún miðar til að undanskilja sölunni.

Eiríkur Briem: Af því að háttv. 3. kgk. þm, (Kr. J.), vísaði til mín, vil eg taka fram, að fyrir nokkurum árum voru samþykt lög, er snerta þetta mál. Þar var þá ekki um sjálfan hólinn að ræða, heldur framlengingu á Lindargötu, sem gert var ráð fyrir að lægi í bug fyrir norðan hann, en það var gert, til þess að fá þar hallalausa leið fyrir fyrirhugaðan

veg; jafnframt var heimilað að selja húsalóðir við götuna. Þar sem nú er farið fram á, í viðaukatill., að svæðið frá læknum austur að Klapparstíg eigi að vera undanskilið sölu, þá er það eigi heppilega orðað, því að á milli Lindargötu og Hverfisgötu eða framhalds þeirra veit eg eigi til að landssjóður eigi neina lóð lengra austur en austur undir Smiðjustíg, og væri því réttast, að orðin „að Klapparstíg“ væru feld burtu.

Jón Jakobsson: Eg hafði hugsað mér, að fá leiðbeiningu hjá háttv. 6. kgk. þm. (E. Br.) í gær, en hann var þá ekki í bænum. Eg varð því að láta mér nægja kortið yfir þetta svæði, en var sjálfur eigi svo kunnugur, að eg gæti orðað þetta glöggara, en eg hef ekkert á móti því, að þessi orð „að Klapparstíg“ falli burtu. Breiddin norður og suður er svæðið milli þeirrar línu, er Lindar- og Hverfisgata mynda vestur í læk. Ástæðan fyrir því, að eg kom með þessa viðaukatill., er sú, að eg get ekki betur séð, en að landssjóður komist í þrot með lóðir undir sínar eigin byggingar. Nú liggur fyrir, að 2 eða 3 stórbyggingar verði bygðar, sem hann hlýtur að sjá fyrir lóð undir, og þar að auki vitum vér það, að verð á lóðum hækkar ár af ári, og ef því fer fram, þá kemur landssjóður til að margborga að nokkurum árum liðnum, þó að hann hafi forkaupsrétt, þá lóð, sem þarf að kaupa. Til dæmis upp á hækkun á lóðarverði vil eg nefna, að eg þekki lóðir, sem fyrir nokkurum árum voru seldar á liðuga 20 a. □ alinin, en hafa stigið svo í verði, að nú er gangverð þeirra 1 kr. pr. al., og liggja þær þó fyrir utan miðbæinn, en þessi blettur, sem hér er um að ræða, liggur í miðjum bænum og á mjög fallegum stað og mundi því verða afardýr síðarmeir, þar sem lakari lóðir í útkjálkum bæjarins hafa síðari árin víða hækkað ferfalt í verði. Af þessu sjáum við, að allar líkur eru til, að landssjóður yrði að borga feykimikla fjárupphæð, ef hann ætti að borga gangverð fyrir þessa lóð eftir nokkur ár, og einmitt þetta kom mér til að koma fram með þessa breyttill., en vegna ókunnugleika míns hefir hún orðið dálítið skakt orðuð, og virðist mér réttast að fella orðin „að Klapparstíg“ burtu, en að öðru leyti haldist tillagan óbreytt.

Þorgrímur Þórðarson: Mér virðist engin knýjandi nauðsyn á þessari lóðarsölu. Ef lóð sú, sem hér er um að ræða, væri látin standa óseld nokkur ár, mundi hún stíga í verði, en að öðru leyti virðist mér gott og heppilegt fyrir landssjóð að eiga sjálfur lóðina, þar eð hann þarf hennar með undir söfn sín og ýmsar fleiri byggingar, sem í ráði er að verði reistar. En væri leyft að selja lóðina nú, þá gæti svo farið, að landssjóður yrði síðar að kaupa nokkurn hluta hennar aftur undir byggingar sínar, og má ganga að því vísu, að hann yrði þá að kaupa þann hluta lóðarinnar fyrir miklu hærra verð, en hann hefði selt hann. Mér virðist því miklu heppilegra fyrir landssjóðinn, að lokið sé við byggingar þær, sem í ráði er að reistar verði á Arnarhólslóðinni, áður en hún er seld, en þegar þeim er lokið og fullséð er, hve mikinn hluta lóðarinnar þarf til þeirra, þá sé afgangurinn seldur og mun ekki þurfa að kvíða því, að hann verði ekki keyptur fullu verði. Eg er því algerlega á móti frv. í heild sinni og legg helzt til, að það verði felt.

Sigurður Jensson: Mér finst engin þörf vera á þessum lögum. Við höfum sem sé 2 lög um þessa Arnarhólslóð. Lög 21. júní 1900 heimila stjórninni, að leyfa bæjarstjórn Reykjavíkur vegarlagning um Arnarhólstún, og lög 6. nóv. 1902 heimila stjórninni að selja bæjarstjórninni hluta af lóðinni, ef hún æskir þess. Með þessu er eiginlega alt fengið, sem þarf og nauðsynlegt er í þessu efni, til þess að hamla ekki eðlilegum vexti Reykjavíkurkaupstaðar. Í annan stað skil eg eigi, hvaða brýn

þörf er fyrir þingið að selja þessa lóðarspildu.

Reyndar hefi eg heyrt, að þessi sala eigi að vera til þess, að útvega fé til þess, að reisa ráðgjafabústaðinn, sem þó er óvíst að verði bygður fyrst um sinn. En þó að þjóð vor sé fátæk, þá ætti hún samt eigi að þurfa að vera að selja fasteignir sínar, til að koma upp slíkum bústað, og ef hún er svo báglega stödd, þá ættum vér heldur að taka það til íhugunar, hvort það er alveg nauðsynlegt að byggja þetta ráðherrahús. Ef við ættum slíka lóð sjálfir, þá er eg viss um, að vér mundum bíða með að selja hana og vér mundum ekki gera aðra eins ráðstöfun og þessa, að hún skuli nú seld eftir mati óvilhallra manna, og sem ráðsmenn landssjóðs eigum vér að fara eins að, og vér mundum gera fyrir sjálfa oss.

Yfir höfuð finst mér tíminn nú óhentugur til að selja lóðina. Nú sem stendur er eins konar millibilsástand milli gömlu og nýju stjórnarinnar. Mér finst því, að við ættum að bíða með söluna, þangað til nýja stjórnin er sezt að völdum, því að hún á og hlýtur að vernda rétt landssjóðs í þessu, sem öðru tilliti, og ráða þessu máli til lykta sem fjárvænlegast og heppilegast fyrir hann, að kostur er á. Mér finst því, að við megum vel bíða með að taka frekari ákvörðun í þessu máli. Eg legg helzt til, að frv. verði felt; annars, að nefnd verði skipuð í málið og þá heppilegast að vísa því til þjóðjarðasölunefndarinnar.

Valtýr Guðmundsson: Eg er algerlega samdóma háttv. 2 þm., sem síðast töluðu í þessu máli. Eg vil fella frv. Ástæðan til þess, að frv. var samið, er nú fallin burt. Nú er sem sé afráðið í Nd. að byggja engan ráðherrabústað fyrst um sinn. Hvernig sem fer, virðist mér ráðlegast að bíða og láta nýju stjórnina ráða þessu máli til lykta eða að minsta kosti taka það til íhugunar.

ATKV.GR.: Samþ. var í e. hlj., að viðaukatillagan (335) mætti koma til atkv.-greiðslu.

Breyt.till. 252 sþ. með 9 shlj. atkv.

Viðaukatill. 335 sþ. með 10 shlj. atkv.

1. málsrein meginmáls frv. feld með 7 atkv. : 3, og frv. þar með fallið.

Áfangastaðir.

FRUMVARP til heimildarlaga um áfangastaði; 1. umr., 15. júlí (C. bls. 217).

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 8 atkv.

Önnur umr., 17. júlí (C. bls. 217).

ATKV.GR.:

Meginmál frv. sþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögnin — — 10 — —
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj.

Þriðja umr., 20. júlí (C. bls. 217).

ATKV.GR.: Frv. sþ. með 10 shlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Verðlaun fyrir útflutt smjör.

FRUMVARP til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör; 1. umr., 20. júlí. (C. bls. 247).

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hljóði.

Önnur umr., 22. júlí (C. bls. 247).

Sigurður Jensson: Þegar eg las 2. gr. þessa frv., þá virtist mér ekki nógu nákvæmt tekið til orða, þar sem segir, að fyrir smjör, sem seljist 25—21 eyri undir matsverðinu, skuli veittir 5 aurar á hvert danskt pund, en sé smjörið selt 20 aurum eða minna undir matsverðinu, þá 10 aurar á pundið. Þetta er ekki greinilega orðað; en ef það selst fyrir sama verð og danskt

smjör eftir hæsta verði smjörmatsnefndarinnar dönsku, þá fær það engin verðlaun eftir þessu frumvarpi; það gæti þó hugsast, að það tilfelli kæmi fyrir, en í frv. er ekki gert ráð fyrir því. Það var einungis þessi athugasemd, sem eg vildi gera.

Eiríkur Briem: Eg held, að það sé alveg óhugsandi tilfelli, að íslenzkt smjör seldist fyrir hæsta verð smjörmatsnefndarinnar dönsku. Eins og kunnugt er, þá er danska smjörverðið á söltuðu smjöri hið hæsta, sem til er í heiminum; það er að vísu hugsanlegt, að önnur nærliggjandi lönd gætu nálgast nokkuð Dani í þessu tilliti, en alveg óhugsandi, að Ísland gæti það, þótt ekki sé nema vegna vegalengdarinnar milli þess og Englands, sem er aðalmarkaðurinn. Það er því óhugsandi, að við getum selt á erlendum markaði eins nýtt smjör, eins og Danir með flutningnum yfir Esbjerg; auk þess sem hjá þeim eru líka önnur skilyrði fyrir hendi, sem gera það að verkum, að við aldrei getum selt okkar smjör fyrir eins hátt verð og þeir, og má þykja gott, ef við gætum komist nærri ýmsum öðrum löndum í þessu tilliti.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. í e. hlj.
2. — — — með 9 shlj. atkv.
3. — — — — 8 — —
4. — — — — 9 — —
5. — — — — 9 — —

Fyrirsögnin sþ. með 9 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Þriðja umr., 24. Júlí; (C. bls. 247).

ATKV.GR: Frumv. í heild sinni sþ. í e. hlj. og verður afgr. til landsh. sem lög frá alþingi.

Viðauki við lög um tekjuskatt.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 14. des. 1877 um tekjuskatt; 1 umr. 3. ágúst. (C. bls. 418).

Sigurður Jensson: Eg leyfi mér að stinga upp á því, að þessu máli verði, að loknum umræðum um það, vísað til þeirrar nefndar, sem kosin var hér í deildinni um daginn, til þess að íhuga frumv. um gjald af hvalafurðum, með því að mér virðist efni þessa frumv. standa því svo nærri.

Hallgrímur Sveinsson: Mér virðist þetta mál vera svo einfalt, að eg sé alls enga þörf á eða ástæðu til að vísa því til neinnar nefndar; annaðhvort eiga þessir menn að greiða tekjuskatt eða ekki. Þetta er því svo óbrotið mál, að eg get ekki séð, hvaða athugasemdir menn geti haft við það að gera.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj. Tillaga um að vísa málinu til nefndarinnar í hvalafurðamálinu feld með 7 : 3 atkv.

Önnur umr. 5. ág.; (C. bls. 418).

ATKV.KR.: 1. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. með 10 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 7. ág.; (C. bls. 418).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 10 samhlj. atkv., og afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Samþykt á landsreikningnum 1900 og 1901.

FRUMVARP til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1900 og 1901; 1. umr., 23. júlí; (C. bls. 290).

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr.; 28. júlí; (C. bls. 290).
ATKV.GR.: I. Tekjukaflinn sþ. í e. hlj.
II. Útgjaldakaflinn sþ. í e. hlj.
Athugasemdirnar sþ. í e. hlj.
Fyrirsögnin sþ. í e. hlj.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 30. júlí; (C. bls. 290).
ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj., og verður afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Þjóðjarðasala.

FRUMVARP til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkurar þjóðjarðir; 1. umr., 3. ágúst. (C. bls. 421).

Guttormur Vigfússon: Samkynja mál og þetta hafa legið hér fyrir deildinni nálega á hverju þingi um fjölda mörg ár; að vísu hefir það farið svo, að þau hafa flest verið feld á síðari árum og oftast hér í þessari deild, og eftir því sem eg lít á málið, þykir mér það miður farið. Eg skal ekki tefja tímann með því að mæla með eða móti því princípi, sem liggur til grundvallar fyrir þjóðjarðasölunni, en eg vona, að háttv. deild sýni þessu máli að minsta kosti svo mikla athygli, að skipuð verði nefnd, til að íhuga það, og þess vegna leyfi eg mér að stinga upp á því, að 3 manna nefnd verði kosin í málið, að lokinni 1. umr. um það.

Valtýr Guðmundsson: Eg skal ekki á þessu stigi fjölyrða um þetta mál, en með tilliti til uppástungu þeirrar, sem fram hefir komið um, að nefnd verði skipuð í það, þá skal eg leyfa mér að taka það fram, að mér finst töluvert athugavert að selja þjóðjarðir yfir höfuð, þar sem þær eru hinn eini fasti höfuðstóll, sem landssjóður á, og einkum þar sem hér er farið fram á, ekki einungis að breyta þeim úr fasteign í peninga, heldur hreint og beint að kasta þeim burt, því andvirðið gengur ekki í landssjóð, heldur alt í Ræktunarsjóðinn, og yrði það því ekki undir yfirráðum landsstjórnarinnar, nema að litlu leyti; þetta álít eg mjög athugavert. Þar sem því hefir verið haldið fram af þeim, sem eru meðmæltir þjóðjarðasölu, að það hafi svo mikla þýðingu, að jarðir þessar verði sjálfseign vegna þess, að þær verði betur ræktaðar, þá ímynda eg mér, að það liggi töluvert í því, hvernig landsdrottinn landssjóður er; ef jarðir þessar væru haganlega bygðar og umsjón með þeim betur fyrir komið, þá mætti vitanlega bæta þær miklu meir; en breyting í þessa átt verður ekki gerð í fljótu bragði. Mín skoðun er sú, að það verði að gera einhverja nýja ráðstöfun í þessu máli, sem eg treysti ekki þinginu til að gera eingöngu, heldur verði stjórnin að hafa hönd í bagga með og íhuga málið rækilega. Eg held, að sá vegur verði miklu heppilegri en að kasta þessum jörðum frá sér, einkum þar sem landssjóður ekki á að fá neinn arð af þessari sölu.

Sigurður Jensson: Eg skal ekki lengja umræðurnar um þetta mál; eg geng út frá því, að nefnd verði skipuð í það, ef menn ekki vilja fella það strax, því að eg ímynda mér, að enginn háttv. þingd.manna treysti sér til að samþykkja athugunarlaust þær upphæðir, sem nefndar eru í þessu frumv. Annars er það undarlegt, hvernig skoðanir þingsins hafa breyzt í þessu máli. Eg man svo langt, að eg sat á þingi, þegar það var álitið eitt af aðaleinkennum á frjálslyndum þingmanni að vera hlyntur þjóðjarðasölu; svo breyttist sú skoðun algjörlega, en sú skoðun varð aftur á móti ríkjandi, að ekki bæri að selja neinar þjóðjarðir, og að heppilegast væri, að allar jarðir væru eign landssjóðs eða þjóðjarðir. Nú er aftur komin breyting á þetta og sú skoðun nú orðin ofan á, að selja þessar jarðir. Eftir þessu frumvarpi eru 11 þjóðjarðir í Eyjafirði, sem farið er fram á að selja.

Það eina, sem eg hefi heyrt menn telja þjóðjarðasölunni til gildis, er það, að sjálfseignin aukist í landinu; en það þarf ekki að hugsa lengi um þetta mál, til þess að sjá, að sjálfseignin eykst ekki við þjóðjarðasöluna vegna þess, að jarðir þessar geta verið seldar aftur og lent í höndunum á verri landsdrotnum en landssjóður er; því að ef landssjóður er ekki sá bezti landsdrottinn, þá á hann að minsta kosti að vera það. Eg fyrir mitt leyti vildi helzt óska, að þetta frumv. færi ekki lengra; en ef það ekki verður felt nú þegar, þá álít eg sjálfsagt að athuga það í nefnd.

Jónas Jónassen: Eg er einn þeirra manna, sem ekki get felt mig við að selja þjóðjarðir þær, sem hér er farið fram á. Eg er sannfærður um, að allur fjöldi þm. ekki þekkir einu sinni nafnið á þeim jörðum, sem hér ræðir um, og flestum fer því svo, að þeir greiða atkv. alveg út í bláinn. Eg fyrir mitt leyti vildi helzt óska, að þetta frumv. færi ekki lengra, en yrði felt hér strax við þessa umr. En ef menn endilega vilja selja þessar jarðir, þá vildi eg óska þess, að eitthvað væri gert, til þess að þm. gætu kynt sér ástæðurnar, svo þeir þyrftu ekki að greiða atkv. sitt út í bláinn. Áður þekti eg lítið eina þessara jarða, Möðruvelli. Þá þótti sú jörð mikil og góð, en hvort hún nú er 10 eða 11 þúsund króna virði eða meira, skal eg ekki neitt um segja. Eg mun því sitja og ekki greiða atkv. um þetta mál.

Júlíus Havsteen: Eg hefi ávalt verið því mótfallinn, að þjóðjarðir væru seldar, og það fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að eg álít réttast, að landssjóður eigi sem flestar jarðir, sem væri eins og undirstaða og fastur grundvöllur undir eign landsins. Í annan stað er enginn efi á því, að landssjóður er bezti landsdrottinn, en sú sjálfseign, sem myndaðist við þjóðjarðasölu, mundi ekki eiga langan aldur.

Það fyrirkomulag, sem nú er á leigumála þjóðjarða, hefir staðið óbreytt frá því á árinu 1877, og virðist ekki hafa verið neitt verulegt út á það að setja, enda var eftirgjaldið lagt á eftir nákvæma yfirvegun og var borið bæði undir hreppsnefndir og sýslunefndir og lagt á eftir tillögum sýslunefnda og amtsráða. Leigumálinn er hvergi of hár í samanburði við gæði jarðanna, og sauðaafgjald þekkist ekki á jörðum landssjóðs.

Það hefir nú verið mikill munur á því, hvernig þessar jarðir hafa verið setnar; bezt hafa þær verið setnar fyrir norðan og austan, en lakast í Arnarstapaumboði. Eg fyrir mitt leyti mundi nú eigi vera því mótsnúinn, að þær af landssjóðsjörðum, sem lakastar eru, yrðu seldar, en þar er þá aftur sá hængurinn á, að enginn vill kaupa. Aftur á móti get eg eigi verið með því, að góðu jarðirnar séu seldar, og þessar jarðir, sem hér er farið fram á að selja, eru allar góðar. Það er að eins ein jörð, sem eg mundi greiða atkvæði með að yrði seld, sem sé síðasta jörðin, Kirkjubæjarklaustur. Það er bæði, að sú jörð liggur undir nokkurum áföllum, enda er hún vel borguð með 4500 krónum.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 4. kgk. þm (J. J.) sagði, að ekki væri hægt fyrir þm. að dæma um, hvort það verð, sem sett er á jarðirnar, sé sanngjarnt, skal eg taka það fram, að eg get eigi verið honum samdóma. Verð jarðanna má að nokkru leyti reikna út eftir mati þeirra alstaðar, nema í Múlasýslunum, því þar er matið svo afarlágt. Svo eru til nákvæmar skýrslur um kosti og bresti þjóðjarða, að minsta kosti þjóðjarðanna fyrir norðan og austan, og ætla eg, að þessar skýrslur, sem voru samdar til undirbúnings hinum svonefnda nýja leigumála frá 1877, sem eg nefndi áðan, séu á skrifstofu landshöfðingja. Eg ætla líka, að fyrir liggi skoðunargerðir eða álit um þær jarðir, sem hér er spursmál um að selja.

Annars verð eg að álíta það rétt, að nefnd sé skipuð, til að athuga þetta mál.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 8 samhlj. atkv.

Samþ. í e. hlj. 3 manna nefnd og hlutu kosningu:

Valtýr Guðmundsson með 6 atkv.
Þorgr. Þórðarson — 6 — og
Guttormur Vigfússon, með hlutkesti milli hans og E. Briems, er höfðu fengið 5 atkv. hvor.

Önnur umr. 20. ágúst; (C. bls. 421. n. 670).

Framsögumaður (Guttormur Vigfússon): Nefnd sú, er haft hefir mál þetta til meðferðar, hefir gert sér far um að rannsaka það eins vel og unt var.

Nefndin hefir að vísu mismunandi skoðun á því, hvort rétt sé yfirleitt að þjóðjarðir séu látnar falar til kaups, eða hvort landssjóður slepti hendinni af fasteign sinni. Eg ætla ekki að tefja tímann til þess að ræða það hér, því að það hefir verið svo margrætt þing eftir þing, bæði sótt og varið, svo að fara að taka það upp aftur, er ástæðulaust eða ekki til annars en lengja þingtíðindin. Þótt nefndin hafi ekki öll verið á sama máli um þetta atriði, þá hefir hún í sameiningu gert sitt ítrasta til þess, að finna út hið sanngjarnasta verð á hverri jörð, sem föluð er til kaups og nefnd er í frumv.; en sanngjarnast verð álítur nefndin að finnist með því, að leggja til grundvallar tekjur þær, sem landssjóður hefir nú af jörðunum.

Nefndin í Nd. hefir bygt á því sama, og má því virðast einkennilegt, að dálitlu munar hjá nefndunum á söluverði einstöku jarða, dálítið hærra hjá nefndinni hér í deildinni. En þetta kemur af því, að nefndin í Nd. hefir ekki tekið tillit til þeirrar jarðabótar-skyldukvaða, sem liggur á landssjóðsjörðum, því í byggingarbréfum jarða á Norður- og Austurlandi er ábúendum gert að skyldu að gera jarðabætur. Nefndin í Nd. hefir slept þessu, en nefndin hér taldi þetta sem ívilnun á afgjaldinu. Þetta hefir verið aðalreglan hjá nefndinni, en þó hefir verið gerð undantekning t. d. með Grund í Svarfaðardal. Í Nd. var hún virt á 3000 kr., en nefndin hér hefir virt hana á 3500 kr., í nefndarálitinu stendur 3200 kr., sem er annaðhvort ritvilla eða prentvilla.

Þessi jörð rentar sig fyrir 3162 kr., en eftir umsögn umboðsmanns, sem nefndinni virtist mjög samvizkusamur í mati sínu á jörðunum, er þetta of lágt verð, enda hefir umboðsmaður metið jörð þessa á 4—5000 kr., og nefndin hefir ástæðu til að ætla, að afgjaldið af jörðinni sé of lágt.

Þá er önnur jörð, sem nefndin hefir fært upp, sem nokkur vandi var að meta, Það eru Möðruvellir í Hörgárdal.

Eftir frumv. Nd. er ætlast til, að jörðin verði seld fyrir 10 þús. kr.

Fyrir nokkurum árum keypti landssjóður hús á jörð þessari fyrir 4000 kr. og ábúandi tók auk þess við húsum, sem áður stóðu þar og metin voru á c. 700 kr.

Eins og stendur, rentar jörðin sig, þegar reiknað er 25 föld landskuld, fyrir 7750 kr.; þegar við þessa upphæð er bætt húsaverðinu kr. 4,700, ætti verð jarðarinnar að vera kr. 12,450; frá þessari upphæð þykir nefndinni rétt að draga hæfilega upphæð fyrir bæjarhús, sem hverri jörð þurfa að fylgja, eða c. 1000 kr. Þannig áleit nefndin rétt að meta jörðina á 10,500 kr.

Þá eru tvær jarðir, sem nefndin hefir ráðið frá að selja; það eru jarðirnar Munaðarhóll á Hjallasandi í Snæfellsnessýslu og Böggversstaðir í Eyjafjarðarsýslu. Nefndin álítur ekki rétt að selja þær jarðir landssjóðs, sem sérstök ástæða er til að ætla að stigi í verði, t. d. ef líklegt er, að sjávarþorp eða jafn-

vel verzlunarstaðir myndist þar innan ekki langs tíma.

Á Munaðarhóli er þegar löggiltur verzlunarstaður, og á hinni síðarnefndu jörð hefir á síðari árum myndast sjóþorp og nokkurar líkur fyrir, að þar aukist bygging að miklum mun.

Þá hefi eg ekki meira að segja fyrir nefndarinnar hönd, en eg hefi sjálfur komið með breyttill. við þjórðasöluna, sem eg veit að ekki á hægt uppdráttar. Háttv. meðnefndarm. mínir vildu helzt vera lausir við að leggja til að selja þá jörð, en það er Vattarnes í Suðurmúlasýslu. Lýsing umboðsmanns á jörð þessari virðist þeim þannig, að þeir álitu ekki tiltækilegt að selja jörðina fyrir það verð, sem ábúandi vill kaupa hana fyrir. Nefndin í háttv. Nd. hefir bent á, að eins stæði á með þessa jörð, eins og Munaðarhól og Böggversstaði, nefnilega að líkindi væru til, að þar myndaðist sjóþorp innan skamms tíma, og verð jarðarinnar því hljóti að stíga mikið í framtíðinni. En með því að eg þekki vel til þessa, þá álít eg mér skylt að leiðrétta misskilning þenna. Um nokkurt áraskeið var eins og annars staðar á Austurlandi talsvert bátaúthald frá Vattarnesi, með því að útræði er þar fremur gott, en nú er þetta breytt og þeirri atvinnugrein að hnigna. Í beztu aflaárum var 14 bátum haldið út frá allri jörðinni, en síðustu árin að eins 4 bátum, og er eigi að búast við, að það muni batna, því það dylst víst engum, að bátaúthald muni eiga mjög litla framtíð fyrir sér; og ef fiskiveiðar eiga að koma að nokkuru gagni, eða verða reknar sem atvinna í stórum stíl, þá verði menn að nota þilskipin. Sem stendur rentar jörðin sig fyrir 3900 kr. Núverandi ábúandi hefir fengið byggingu á $^1/_4$ hluta jarðarinnar 1894; hinn $^1/_4$ hlutinn var bygður 1899 með að mig minnir 80 kr. landskuld, en 1902 losnaði sá partur aftur úr ábúð og þá féll landskuldin niður í 60 kr. Þar sem nú jörðin er bygð svona á beztu aflaárum með lítilli landskuld, eru litlar vonir um, að landskuldin muni hækka fyrst um sinn að minsta kosti. Hinn núverandi ábúandi og faðir hans hafa búið á þessari jörð nærri í hálfa öld, og þegar faðir hans fekk jörðina í ábúð, var landskuldin af henni hálfri c. 40 kr.. Jörðin er alveg eingjalaus, en allgóð útbeit í fjöru, þegar íslaust er. Jörðin er engin landbúnaðarjörð; fyrir 50 árum fengust af henni 15 hestar af töðu, en nú 90, svo það er auðséð, að það er hinn núverandi ábúandi og faðir hans, er hafa komið jörðinni í rækt. Þar á móti er hún fremur fiskisæl og notadrjúg, af því þar er hægt til sjósóknar á bátum og allgóðar lendingar. Í kringum 1890 varð ábúandinn að leggja mikið í kostnað, til þess að hýsa jörðina; var það nauðsynlegt til þess að geta drifið hana með krafti Nú á hann hús, sem virt eru á 8000 kr., og það eru þau, sem mest knýja hann til að kaupa jörðina, þó hún verði nokkuru dýrari en sem svarar afgjaldinu. Ef börn þessa manns ekki taka við jörðinni eftir hann, sem er öldungis óvíst, yrðu húsin lítil eign. Maðurinn hefir orðið hart úti; þegar hann 1902 fékk annan $^1/_4$ part jarðarinnar, varð hann að ganga að þeim ókjörum að kaupa hús, er stóðu á þeim jarðarparti, fyrir 2000 kr., en við þau hús hafði hann lítið eða ekkert að gera.

Jón Jakobsson: Eg hefi ætið verið og er enn með sölu þjóðjarða, ef þær eru réttilega metnar; en sumar jarðir, sem hér er farið fram á að selja, er eg ekki viss um að séu rétt metnar. Eg vil að eins nefna Möðruvelli í Hörgárdal, sem háttv. nefnd að eins vill hækka um 500 kr. Árið 1893 keypti landssjóður hús, sem stóð á jörð þessari fyrir 4000 kr.; vér, sem þá vorum á móti því á þinginu, að landssjóður bindi sér þenna bagga, vorum allmargir til að byrja með, en þetta breyttist nokkuru síðar á svo undarlegan og sviplegan hátt, eins og stundum vill því mið-

ur verða hér á þingi, að þegar loks kom að endilegri atkvæðagreiðslu, stóðu að eins örfáir upp á móti þessum kaupum. Hvað ber nú landssjóður úr býtum fyrir þessi húskaup? Þegar eg ber þessa jörð saman við aðra jörð, sem eg þekki á norðurlandi, Víðimýri, þá dylst mér ekki, að Möðruvellir eru miklu betri jörð, töðufallið mun vera um helmingi meira en á Víðimýri, og jörðin liggur miklu betur við öllum aðdráttum. Beitin er auðvitað betri á Víðimýri, en beitin er ekki mikils virði, þegar fólksskortur er slíkur í landi, sem nú er. Í samanburði við þessa jörð, fæ eg ekki séð, að Möðruvellir séu rétt metnir, þar sem þeir eiga að seljast á 10500 kr., en Víðimýri hefir tvívegis gengið kaupum og sölum á 10000 kr.

Eg vildi minnast á aðra af þeim jörðum, sem hér er farið fram á að selja. Það er Ægissíða í Húnavatnssýslu, sem í Nd. er metin á 2900 kr., en hefir hér í deildinni verið færð upp í 3200 kr. Það verð, er háttv. Nd. hefir sett á jörðina, er kappnóg; jörðin er ekki eftirsóknarverð, því hún er ekki vel í sveit sett og fremur erfið; að hinn núverandi ábúandi, sem er mesti dugnaðarmaður, sækist eftir jörðinni, hlýtur fremur að liggja í því, að hann hafi tekið trygð við hana, en að hann eigi geti fengið annars staðar jafnhentuga eða hentugri jörð fyrir sama eða minna verð. Landssjóður græðir fremur en tapar á því að selja þessa jörð eftir söluverðinu og leiguskilmálum að dæma og auk þess er einmitt mest hættan á, að örðugar útkjálkajarðir eigi byggist, þegar harðnar í ári. Að endingu verð eg að geta þess, að mér er óskiljanlegt, hvaða meining er í, að láta landssjóð áskilja sér forkaupsrétt að Möðruvöllum í Hörgárdal, en bjóða þá þó um leið til sölu, því að forkaupsrétturinn virðist benda á, að jörðin sé eða geti orðið landssjóðnum metfé, sem hann síðar meir þurfi að eignast og hví skyldi hann þá vera að selja hana?

Sigurður Jensson: Eg talaði nokkur orð við 1. umr. þessa máls og gat þess þá, að eg væri yfirleitt mótfallinn þjóðjarðasölu. Við þessa umræðu á að ræða um hinar einstöku greinar málsins og ekki málið í heild sinni. Eg skal því ekki fara að halda ræðu um ástæður með og móti þjóðjarðasölu, en eg vil að eins geta þess, að eg hefi enga trú á því, sem einlægt er verið að tilfæra þjóðjarðasölunni til meðmælis, að hún auki sjálfseign og sjálfsábúð í landinu; hana er alveg ómögulegt að tryggja, en hins vegar ætti að tryggja bændum góða ábúð og góða byggingarskilmála, og það ætti landssjóður bezt að geta á sínum eigin jörðum. Þegar eg athuga verðið á þessum jörðum, þá verð eg að segja, að mér finst það vera undarlega hátt og gæti verið efamál, hvort það er réttmætt, ef menn á annað borð vilja selja jarðirnar. Að minsta kosti kæmi mér ekki til hugar að kaupa nokkura prívatmanns jörð, þar sem eg þekki, fyrir 25 sinnum afgjaldið, og er þá annaðhvort, að verðið er alt of hátt, eða jarðirnar eru furðanlega lágt leigðar, og sannar það einmitt orð mín, að landssjóður sé og geti verið hinn bezti landsdrottinn.

Landssjóður mundi gera rangt í því að selja jarðir, sem liggja svo vel við, að þar getur myndast mikil bygð, t. d. sjávarþorp, því það, að slíkar jarðir séu í eign prívatmanna, er framförunum til stórrar tálmunar.

Svo var það t. d. með Ólafsvík, að meðan hún var leigð prívatmanni skilyrðislaust, þá áttu þurrabúðarmenn þar við verstu kjör að búa og voru beinlínis kúgaðir, en svo þegar skifti um ábúanda, þá sá amtmaðurinn yfir Vesturamtinu um að kjör þurrabúðarmanna voru bætt, og þeir voru ekki eins háðir ábúandanum, og síðan hefir Ólafsvík orðið stórt og fjölment þorp. Þetta sýnir, að það væri rangt af þinginu að selja slíkar jarðir prívatmönnum.

Eg er á sama máli og háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) um það, að mér er óskiljanlegt, að landssjóður skuli áskilja sér forkaupsrétt að Möðruvöllum; ef menn vilja halda fast við þá athugasemd, virðist mér miklu réttara að selja þá alls ekki.

Valtýr Guðmundsson: Eg hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, af því að eg er ekki mikið fyrir þjóðjarðasölu, enda fær landssjóður ekkert þar í staðinn. En að því er snertir verðið á þessum jörðum, sem hér er farið fram á að selja, þá hefir nefndin rannsakað það ítarlega, og fæ eg ekki séð annað, en að það sé sanngjarnt. Það er bygt á þeirri meginreglu að margfalda afgjald jarðarinnar með 25, og þeirri meginreglu höfum vér haldið alls staðar, einnig við báðar þær jarðir, sem háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) kvartaði yfir að væru rangt metnar, Ægissíðu í Húnavatnssýslu og Möðruvelli í Hörgárdal. Að því er snertir Möðruvelli skal eg játa það, að eg skildi fyrst ekkert í þessu, en þetta er engu að síður rétt; verðið er afgjaldið, margfaldað með 25, + húsinu, sem virt er á 3000 kr. Ef þetta mat er óréttlátt, þá liggur það í leigumálanum, og getum vér nefndarmenn auðvitað ekki sagt um, hve réttur hann er, en vér verðum að ganga út frá, að hann sé það. Annars stendur sérstaklega á með þjóðjarðasölu, þegar dugnaðarmenn eiga í hlut, sem stórum hafa bætt jarðir sínar. En trygging fyrir sjálfsábúð verður þjóðjarðasalan ekki; hún getur ef til vill trygt sjálfsábúð í lífstíð eins manns, en alls ekki lengur. Þetta má sjá af því, að fyrst átti að makaskifta Kirkjubæjarklaustri fyrir 2 jarðir, er áður voru þjóðjarðir.

Það eru annars vandræði, þegar hvert þingið fylgir sínu „principi“ með þjóðjarða sölu; sum þing vilja selja, en sum ekki; væri að minni hyggju bezta ráðið að selja sem minst fyrst um sinn, og fela hinni nýju stjórn að fá eitthvert fast „princip“ í þessu máli.

Að því, er snertir sölu á hálfri jörðinni Vattarnesi í Suðurmúlasýslu, sem háttv. frsm. (G. V.) hefir komið fram með br.-till. um, þá var eg í nefndinni á móti því, að selja þá jörð og var það af sömu ástæðum og með hinar aðrar, nfl. að þar gæti komið upp sjávarþorp með tímanum, og hins vegar get eg heldur ekki álitið lýsingu umboðsmannsins á þessari jörð eins óhæfilega, og háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.), og finst mér umboðsmaður færa margt sennilegt til síns máls, þar sem hann metur þessa jörð á 6000—6500 kr.; það er ef til vill nokkuð hátt mat, en nefndin gat eigi komist að annari niðurstöðu en að jörðin ætti að metast minst 5000 kr., en helmingurinn af uppsáturs-gjaldinu og lóðargjaldinu, fyrir utan landskuld, fer í landssjóð, og getur það verið stundum meira en stundum minna; háttv. sami þm. sagði, að uppsátursgjaldið hefði minkað um undanfarin ár, vegna fiskileysis, en það getur hækkað aftur, þegar betur lætur í ári með fiskiveiðar, og álít eg því ekki heppilegt að selja þessa jörð, þegar hún stendur sem lægst, og mun eg því, í samræmi við háttv. Nd., greiða atkvæði móti því að selja þessa jörð.

Kristján Jónsson: Það hefir æðimikið verið vikið að því í umræðum að þessu sinni, að nú lægi fyrir að ræða um einstakar jarðir eða einstök atriði í þessu máli og er það eðlilegt, þar sem þetta er önnur umræða málsins, en þótt svo sé, þá mun eg nú samt tala um málið alment, vegna þess, að eg hefi ráðið það með mér að greiða atkvæði á móti frumvarpinu öllu, eins og það er.

Framan af var eg meðmæltur þjóðjarðasölu yfir höfuð, en fyrir 5—6 árum breytti eg þeirri skoðun minni á málinu, og nú er eg kominn á þá skoðun, að eigi sé rétt að selja þjóðjarðir yfirleitt; þó get eg ver-

ð því samþykknr, að einstakar jarðir séu seldar, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, einkum ef ábúandi hefir lagt mikið í byggingar á jörðinni, eða yfir höfuð kostað miklu til á jörðinni, svo sem til jarðabóta; þá get eg álitið það eðlilegt, að hann og niðjar hans fái að njóta ávaxtanna af því, sem hann og þeir hafa unnið jörðinni til bóta og lagt í hana af fé og vinnu, fram yfir það, sem leiguliðum er skylt, þannig, að þeir fái að njóta kaups á henni; en það eru ýms önnur atriði, sem að mínu áliti eiga að koma til álita í máli þessu, og skal eg með fáum orðum leyfa mér að benda á þau, og jafnframt ástæður mínar fyrir því, að eg er á móti þjóðjarðasölu yfirleitt; eg skal nú þegar geta þess, að eg eðlilega mun fyrst greiða atkvæði með breyt.tillögum nefndarinnar, en síðan á móti frumvarpinu öllu, þó því verði breytt við atkvæðagreiðsluna.

Fyrst er þá þess að geta, að eg álít það varhugavert, að skerða innstæðu landssjóðs, hvort sem hún er í jarðeign eða í peningum á vöxtum; fremur öllu verður að auka stofnfé landssjóðs, það er að segja viðlagasjóðinn, en stofnfé hans er einnig jarðirnar. Eg er algerlega á móti því að brúka upp viðlagasjóðinn, sem margir tala um að rétt sé; að vísu má segja, að ekki sé farið fram á það, heldur að selja þessar eignir hans fullu verði; en það er sama, sem að brúka upp fyrir landssjóði alt andvirði jarðanna, því að það fé rennur ekki í landssjóð, heldur í Ræktunarsjóðinn, sem hefir annað markmið og er til annars ætlaður en landssjóðurinn.

Hið annað atriði, sem gerir það að verkum, að eg er á móti þessari þjóðjarðasölu, er það, að tíminn er óhentugur til hennar nú. Eins og háttv. þingd.mönnum er kunnugt, þá er kvartað mikið yfir því, að landbúnaðurinn sé í bágu ástandi hér á landi nú sem stendur, og það dregur úr söluverði jarðanna. Ef það er satt, sem sagt er, að landbúnaðurinn hafi í 50 ár aldrei verið eins illa staddur og nú, þá er það rangt að selja jarðeignir landsins, því að þær hljóta þá af eðlilegum ástæðum að vera í lágu verði. Blómgist landbúnaðurinn, sem vér vonum, hljóta jarðir að hækka í verði. Þriðja ástæðan, sem veldur því, að eg er þjóðjarðasölunni mótfallinn, er sú, að eg hefi ekki nokkura trú á því, að hún auki sjálfsábúð í landinu; reynsla undanfarinna tíma bendir ekki í þá átt; það er, að eg ætla, fremur undantekning, að seldar þjóðjarðir hafi haldist í sjálfsábúð, og að eins þegar svo hefir staðið á, að jörðin hefir verið seld ábúanda, sem hefir verið búinn að leggja talsvert fé í hana í húsabótum eða jarðabótum, og sem hefir tekið ástfóstri við hana. Má þá búast við, að hann haldi áfram búskap á henni, og eftirláti hana niðjum sínum. En eg leyfi mér að spyrja: eru mörg dæmi þessa?

Þá held eg, að landssjóður sé hinn bezti landsdrottinn hér á landi, og frá sjónarmiði leiguliða sé þjóðjarðasalan afturför en eigi framför, og einnig af þeirri ástæðu er eg á móti henni. Enn fremur skal eg geta þess, að eftir því sem eg þekki til, þá er ekki lakari ábúð á landssjóðsjörðum en öðrum jörðum yfirleitt; á sumum þjóðjörðum er hún jafnvel framúrskarandi góð, og get eg sem dæmi nefnt Þormóðsdal í Mosfellssveit, sem er landssjóðsjörð; eg hefi ekki þekt betri sjálfseignarábúð en leiguliðaábúðina á þeirri jörð frá 1870—95. Nú heyri eg, að jörð þessi sé lakar setin. Eg gæti tilnefnt fleiri þjóðjarðir, sem hafa verið prýðilega setnar, alveg eins vel og sjálfseignarábúðarjarðir, og get eg nokkuð dæmt um þetta af eigin reynslu, því að eg hefi haft umboð landsstjórnarinnar yfir nálægt því 20 þjóðjörðum í 8 ár.

Enn er ein ástæða, sem ræður því, að eg er mótfallinn þjóðjarðasölu, og hún er

sú, að ávalt eru tíndar úr beztu jarðirnar til sölu, svo að landssjóður situr uppi með hinar lökustu, og tel eg engan efa á því, að eftir svo sem 20 ár mundi landssjóður — ef þessari sölu væri haldið áfram á þenna hátt — sitja uppi með eintóm smákot, sem enginn vildi eiga, og mundu að eins verða til þess, að ala upp sveitarómaga á; eg minnist þess, að ein og stundum tvær af þeim jörðum, sem eg hafði umboð yfir, var ekki hægt að byggja öðruvísi en að láta hreppsnefndirnar hagnýta sér þær fyrir sveitarómaga sína, vitaskuld gegn hinu ákveðna eftirgjaldi; og bendi eg á þetta sem dæmi upp á það, hversu holt það muni vera fyrir landssjóðinn, að halda öllum smákotunum, sem varla borga umboðskostnaðinn, en selja allar góðu jarðirnar.

Eg gat þess áðan, að eg mundi greiða atkv. með breytingaruppást. nefndarinnar, en móti frumv., en eg skal taka það upp aftur, að það geta verið svo sérstakar ástæður fyrir hendi, að eg í einstöku tilfellum greiði atkv. með sölu einstakra jarða, til dæmis þegar svo stendur á, að maður sá, sem býr á jörðinni, hefir beinlínis sanngirniskröfu til að eignast hana fyrir það, að hann hefir aukið verð hennar að stórum mun; og að því er snertir sölu á jörðinni Vattarnesi, þá mundi eg geta gefið þeirri sölu atkv. mitt, ef málið væri nægilega undirbúið, en það virðist eigi vera það. Sama er að segja um Kirkjubæjarklaustur út af fyrir sig, að eg hefði getað verið með að samþykkja sölu á þeirri jörð fyrir verð það, sem ákveðið er í frumv., því að þar hefir mjög mikið verið lagt í byggingar og aðrar umbætur á jörðinni; en jörðin sjálf ekki nein stórkosta-jörð. Mannvirkin á jörðinni munu fullkomlega jafnast við verð hennar sjálfrar.

Með þessum orðum hefi eg þá gert grein fyrir atkv. mínu í þessu máli.

Þorgrímur Þórðarson: Eg heyri að frumv. fær ekki góðan byr hjá háttv. deildarm., og skal eg því leyfa mér að gera stutta grein fyrir skoðun meiri hluta nefndarinnar. Meiri hlutinn áleit, að rétt sé að selja landssjóðsjarðir fyrir sanngjarnt verð, þegar ábúendurnir óska að fá þær keyptar, og svo framarlega sem þeim er ekki þannig í sveit komið, að gera megi ráð fyrir, að kaupstaður eða kauptún rísi síðar upp á jörðinni eða sjóþorp með þurrabúðarmönnum. Meiri hluti nefndarinnar áleit, að það væri hagur fyrir landssjóð að selja þessar jarðir, en háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) áleit það hreint og beint skaðlegt fyrir landssjóð, en eg fæ með engu móti séð, að svo sé. Öll afgjöld af jarðeignum landssjóðs eru nú 32000 kr., en þar frá dragast fyrst og fremst umboðslaun 9000, en af þeim 23000 kr., sem þá eru eftir, er varið til húsabóta á jörðunum 12300 kr., svo að landssjóður hefir þá að eins 10700 kr. í hreinar tekjur af jarðeignum sínum.

Maður verður nú að álíta, að allar jarðir landssjóðs séu bygðar þannig, að landssjóður fái í jarðaafgjöldum $4^0/_0$ rentur af þeim höfuðstól, sem felst í jarðeignunum, en það er svo langt frá, að hann fái sjálfur þessar rentur, því að nettótekjur hans af jörðunum eru ekki meiri en það, að hann fær að eins $1^1/_3{}^0/_0$ rentur af þessum höfuðstól. Eg fæ því ómögulega séð, að þessi höfuðstóll landssjóðs sé heppilega ávaxtaður fyrir hann. Væri aftur á móti jarðirnar seldar og andvirði þeirra lagt í sérstakan sjóð, sem yrði eins konar varasjóður, en ekki eyðslufé, þá hefði landssjóður miklu meiri tekjur af honum en jörðum sínum, því að sá sjóður hefði engan kostnað í för með sér, þar sem jarðeigninni fylgir mikill kostnaður. Eg get því ekki skilið, að það sé skaðlegt fyrir landssjóð að selja jarðir sínar fullu verði.

Þá áleit meiri hluti nefndarinnar, að leiguliðaábúð væri eitt af því, sem stend-

ur mjög í vegi fyrir því, að landbúnaðurinn geti komist í viðunanlegt horf hjá oss. Það er ekki að búast við, að leiguliðar vilji leggja mikið fé í jarðabætur eða húsabætur á leigujörðum og hafa litla eða enga von um að njóta ávaxta verka sinna eða niðjar þeirra, þar sem þeir geta búist við, að þeir þurfi að fara frá jörðinni, og þá sé alt, sem þeir hafi lagt í kostnað við byggingar og jarðabætur, tapaðir peningar. Þegar ábúendaskifti verða á jörðum til sveita, þar sem eg þekki til, þá verður fráfarandi vanalega að selja viðtakanda það, sem hann á á jörðinni, fyrir það verð, sem viðtakandi vill gefa fyrir það, en það er vanalega svo lítið, að það er stórskaði fyrir fráfaranda að selja, og oft neyðist hann til að rífa niður hús sín, þótt þau séu nýbygð og selja viðinn úr þeim sem raft. Þetta er sorglegt en þó satt, og get eg nefnt dæmi þessu til sönnunar og það einmitt af landssjóðsjörð. En ef hann aftur á móti situr á sjálfseign, þá á hann það víst, að hann og niðjar hans fái að njóta ávaxtanna af verkum sínum. Því er eins farið með leiguliða, sem leggur mikið í eða bætir mikið jörðina, sem hann býr á, eins og mann í kaupstað, sem kostaði miklu til upp á hús, sem hann leigir, léti til dæmis mála það, járnklæða o. s. frv., á sinn kostnað. Eg hygg, að þeir mundu víst verða teljandi t. d. hér í Reykjavík, sem kærðu sig um að leggja á sig þann kostnað við hús, sem þeir leigðu, enda væri þeim það heldur ekki láandi; en alveg það sama gerir leiguliðinn, sem bætir jörðina, sem hann býr á, eða leggur fé í byggingar og annað því um líkt. — Í þriðja lagi áleit meiri hluti nefndarinnar, að sala þjóðjarðanna gæti orðið til þess, að efla sjálfseign í landinu og um leið til þess að stemma stigu fyrir hinum alt of tíðu og skaðlegu Ameríkuferðum héðan af landi. Því hverjir eru það, sem flytja úr sveitum með fjölskyldur sínar til Ameríku? Það eru einmitt leiguliðarnir, en sjálfseignarbændurnir fara hvergi, af því að jarðeignin heldur í þá. Að minsta kosti er þessu þannig farið þar sem eg þekki bezt til hér á landi. Eg hefi heyrt marga sjálfseignarbændur segja: „Gæti eg selt jörðina mína, þá færi eg til Ameriku með öll mín börn. Það er jörðin, sem heldur í mig“.

Þess vegna er bezta ráðið til þess að sporna á móti þessum miklu og skaðlegu Ameríkuferðum, að efla sem mest sjálfseignina í landinu.

Háttv. þm. Barðstr. (S. J.) skildi ekki, að það væri rétt að selja þessar jarðir fyrir 25 sinnum eftirgjaldið, en eg verð að álíta, að það sé sá rétti mælikvarði fyrir söluverðinu, því að eins og eg tók fram áðan, þá verður maður að byggja á því, að eftirgjaldið af landssjóðsjörðunum jafngildi nú 4% rentum af höfuðstólnum, eða t. d. að jörð, sem nú er bygð fyrir 40 kr. eftirgjald, sé landssjóði skaðlaust að selja fyrir 1000 kr.

Um Vattarnes er það að segja, að eg gat ekki verið samþykkur háttv. framsögum. (G. V.) um að selja þá jörð, vegna þess að skýrsla umboðsmannsins var í beinni mótsögn við skýrslu ábúandans og kunnugra nábúa, er höfðu þekt jörðina í fjölda mörg ár. Hins vegar er eg í engum efa um það, að ábúandanum ætti að gefast kostur á að fá jörðina keypta fyrir sanngjarnt verð, þegar sannar og greinilegar skýrslur liggja fyrir þinginu.

Ábúandinn hefir falað jörð þessa til kaups sakir þess, að hann hefir lagt svo mikið í kostnað við húsabyggingar á jörðinni, að hann nú á húseignir á henni, sem taldar eru c. 8000 kr. virði. Honum er það fulljóst, sem flestum leiguliðum, að húseignir á annara jörðum eru lítilsvirði, og að þeir miklu peningar, sem hann hefir lagt í þær og jarðabætur, eru að miklu leyti tapaðir, nema því að eins, að hann fái hálflenduna keypta, og þess vegna vill hann heldur gefa meira fyrir hálflend-

una en hann álítur hana verða, en að eiga það á hættu að verða að selja húseignir sínar með miklum afföllum eða máske rífa þær niður, ef hann einhverra orsaka vegna flytti frá jörðinni.

Eftir skýrslu umboðsmanns er hálflendan c. 6000 kr. virði, en eftir skýrslu ábúandans, sýslunefndar og nákunnugra manna, álítur háttv. framsm. (G. V.), að eigi sé hægt að selja hálflenduna meira en 3900 kr, Eg sé mér ekki fært að dæma um, hver þessara manna virðir jörðina réttast, eða hvert sé hið sanna verð hennar, og greiði því atkv. á móti því, að hálflendan Vattarnes sé seld að þessu sinni.

Framsögumaður (Guttormur Vigfússon): Eg hefi ekki mörgu að bæta við það, sem þegar hefir verið tekið fram þessu máli viðvíkjandi, enda hefir það verið skýrt mjög rækilega bæði af háttv. þm. A.-Sk. (Þ. Þ.) og öðrum, sem um það hafa talað. Háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) mintist á Ægissíðu og svaraði háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) þeim aths. hans, og held eg, að það sé rétt, sem hann sagði, að það sé hæfilegt, að verðið sé það sama, sem nefndin hér hefir lagt til í nefndaráliti sínu.

Eg er þakklátur háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) fyrir það, hve vel hann tók í till. mína um sölu á Vattarnesi, því að mér fanst hann taka svo sanngjarnlega í það, sem hans var von og vísa, og þótt hann sé á móti þjóðjarðasölu yfir höfuð, þá lagði hann samt mikla áherzlu á það, að það væri ranglátt, að þeim mönnum, sem hefðu lagt mikið í kostnað við byggingar eða gert stórkostlegar umbætur á þessum jörðum, væri neitað um að kaupa jarðirnar og þar með sín eigin verk fullu verði, þar sem þau verk, sem þeir hefðu unnið á þessum jörðum, mættu kallast þeirra eigin eign. Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), lagði mikla áherzlu á vonir þær, sem liggja í framtíð jarðarinnar Vattarness, og sagði, að það væri upplýst, að þar mundi verða stórt sjávarþorp; en hvernig þá? Það er öllum kunnugt, að um 1890—95 voru hin beztu aflaár, sem dæmi eru til á Austurlandi, og að fiskirí á opnum bátum var þá meira en það hefir nokkuru sinni verið þar eystra, og myndaðist þó ekki sjóþorp þá á Vattarnesi, heldur komu þar að eins upp nokkurir verskálar, en að eins einn þeirra stendur þar enn. Þá sagði háttv. sami þm., að mikið af tekjum jarðarinnar væri innifalið í lóðargjaldi, og er það satt, en það eru lóðargjöld, sem hafa fallið á á beztu aflaárunum, og er þar í innifalið 40 kr. lóðargjald eftir frystihús, sem er þó nokkuð minna en annað frystihús, sem borgað er 20 kr. lóðargjald eftir á annari landssjóðsjörð í sömu sveit; þá er lóðargjaldið enn fremur innifalið í lóðargjaldi fyrir salthús, sem kaupmaður á og sem nú er ekki brúkað, af því hvað fiskiúthald er nú lítið frá þessum stað; þarna eru nú tekjurnar af Vattarnesi.

Væri nú frystihúsið og salthúsið rifið niður, hvað mundi þá verða um söluverðið á Vattarnesi, þegar landskuldin er miðuð við söluverðið? Það er að vísu satt, að umboðsmaðurinn byggir á sömu vonum um framtíð þessarar jarðar, sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), en það eru táldrægar vonir, sem ólíklegt er, að nokkuru sinni rætist.

Að svo mæltu skal eg ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en fel háttv. deild að gera það, sem hún álítur réttast í atkvæðagreiðslu sinni um málið.

ATKV.GR.:

1. br.til. á þskj. 538, við 1. gr. 1, sþ. með 10 samhlj. atkv.
   1. liður 1. gr. feldur með 6 : 5 atkv.
2. br.till. á þskj. 538, við 1. gr. 2, sþ. með 10 samhlj. atkv.
   2. liður, breyttur, sþ. m. 6 : 3 atkv.
3. br.till. á þskj. 538, við 1. gr. 3, sþ. með 10 samhlj. atkv.

3. liður 1. gr., breyttur, feldur með 6 : 5 atkv.
4. br.till. á þskj. 538, við 1. gr. 4, sþ. með 10 shlj. atkv.
4. liður 1. gr., breyttur, sþ. með 6 : 4 atkv.
5. br.till, á þskj. 538, við 1. gr. 5, sþ. með 10 shlj. atkv.
5. liður 1. gr., breyttur, feldur með 6 : 4 atkv.
6. br.till. á þskj. 538, við 1. gr. 6, sþ. með 10 shlj. atkv.
6. liður 1. gr., breyttur, feldur með 6 : 5 atkv.
7. br.till. á þskj. 538, við 1. gr. 7, sþ. með 10 shlj. atkv.
7. liður 1. gr., breyttur, feldur með 6 : 5 atkv.
8. br.till. á þskj. 538, við 1. gr. 8, sþ. með 10 shlj. atkv.
8. liður 1. gr., breyttur, feldur með 6 : 5 atkv.
9. liður 1. gr. feldur með 7 : 4 atkv.

Viðaukatill. á þskj. 553, (nýr liður) feld með 6 : 1 atkv.

9. br.till. á þskj. 538, við 1. gr. 10, sþ. í e. hlj.
10. liður 1. gr. þar með fallinn.
10. br.till. á þskj. 538, við 1. gr. 11, sþ. með 10 shlj. atkv.
11. liður 1. gr., breyttur, feldur með 6 : 5 atkv.
11. br.till. á þskj. 538, við 1. gr. 12, sþ. í e. hlj.
12. liður 1. gr. þar með fallinn.
13. liður 1. gr. feldur með 6 : 4 atkv.
12. br.till. á þskj. 538, við 1. gr. 14, sþ. með 9 : 1 atkv.
14. liður 1. gr., breyttur, feldur með 6 : 5 atkv.
15. liður 1. gr. samþ. með 8 : 2 atkv.
1. gr. frv., breytt, sþ. með 8 atkv.
2. gr. frv. samþ. með 8 shlj. atkv.
3. gr. frv. sþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:

Jón Jakobsson,
Eiríkur Briem,
Gutt. Vigfússon,
Hallgr. Sveinsson,
Júlíus Havsteen,
Þorgr. Þórðarson.

nei:

Sigurður Jensson,
Guðjón Guðlaugsson,
Jónas Jónassen,
Kristján Jónsson,
Valtýr Guðmundsson.

Þriðja umr., 22. ágúst (C. bls. 725; 765).

Júlíus Havsteen: Eg á br.till. á þskj. 596, ásamt 2 öðrum háttv. þingmönnum, sem eg verð að minnast á með nokkurum orðum. Þessi br.till. er gerð við frv. eftir að 2. umr. um það hér í deildinni var lokið. Við þá umr. greiddi eg atkvæði með sölu þeirra jarða, sem eg hugði að landssjóður mundi hafa hag á að selja, og sem hann fengi borgaðar fullu verði, en greiddi atkvæði á móti sölu þeirra jarða, sem mér þótti of lítið boðið í. Samkvæmt þessu greiddi eg atkv. með þeim jörðum, sem nú standa í frv., og enn fremur með 3 jörðum, sem feldar voru, en það voru jarðirnar Reykhús, Seljaland í V.-Skaftafellssýslu og Möðruvellir í Hörgárdal. Það sem vér förum nú fram á í br.till. 596, er það, að Möðruvöllum og Seljalandi sé bætt við 1. gr. frv. Reykhúsum höfum við slept. En ástæðan til þess, að eg greiddi atkvæði með sölu þeirrar jarðar við 2. umr., var sú, að þar er ágætlega vel hagað til kartöfluræktar og var það álit mitt, að sú atvinnugrein mundi eflast þar betur, ef jörðin væri setin af eiganda, en ekki leiguliða.

Að því er Möðruvelli snertir, þá finst mér sú jörð, sem metin er 73,46 hndr. að dýrleika, fullseld á 10,500 kr. Mér finst þetta gott verð fyrir jörðina, og þó að hún hafi verið og sé talin höfuðból, þá er hún samt engin kostajörð. Túnið er ekki neitt fyrirtaks tún, og þó engjar séu töluvert miklar, þá eru þær erfiðar, eins og jörðin yfir höfuð að tala er miklu fremur stór og mannfrek en að hún sé þægileg og notasæl. Beitiland er ekki til.

Hin jörðin, sem vér höfum lagt með að verði seld, er Seljaland í V.-Skaftafellss., og virðist kaupverð hennar, eins og Möðruvalla, fullhátt sett, þegar teknir eru til greina kostir og vankostir jarðarinnar, Mér er eigi eins vel kunnugt um þessa jörð og Möðruvelli, en háttv. sessunautur minn til hægri handar þekkir hana vel og mun gefa deildinni glögga lýsingu á henni.

Þorgrímur Þórðarson: Mér þykir þetta frv. vera orðið æði snubbótt, þar sem að eins 3 jarðir hafa komist í gegn um hreinsunareldinn af 15, sem selja átti. Það virðist nokkuð undarlegt, að sama þing, sem vill veita fé úr landssjóði til þess að flytja útlenda menn inn í landið og veita þeim hluta af þjóðjörðunum til eignar og umráða, að það skuli neita landsmönnum um að fá keyptar ábýlisjarðir sínar fyrir fult verð. Eg fyrir mitt leyti hefi ekki það álit á þeim útlendingum, sem hingað mundu koma og setjast að, að þeir mundu á nokkurn hátt sitja jarðirnar betur eða verða landinu á nokkurn hátt til meiri uppbyggingar en þeir íslenzku bændur, sem nú fara þess á leit, að fá þjóðjarðirnar keyptar fullu verði.

Háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) gat þess, að eg þekti jörðina Seljaland, og skal eg lýsa henni fyrir hinni háttv. deild, að því, er mér er bezt kunnugt. Jörðin Seljaland er í Fljótshverfi í V.-Skaftafellss.; það er lítil jörð og slægjulítil, en útbeit er þar allgóð. En eins og allar útbeitarjarðir, er jörðin eigi örugg landbúnaðarjörð, því þar sem bygt er á útbeitinni, er auðvitað alt af sett á vogun, og allar slíkar jarðir geta orðið fallvaltar fyrir ábúanda, ef illa fer og harður vetur kemur. — Þær litlu engjar, sem fylgja þessari jörð, liggja í Brunasandi og geta þær eyðilagst, hvað lítið sem út af ber. Af því að eg þekki nokkuð til þessarar jarðar, þá virðist mér ekki skoðunarmál að selja hana og eg álít það beinlínis hagnað fyrir landssjóð að losna við hana fyrir þetta verð.

Möðruvöllum hefir háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) lýst, en eg er ókunnugur þeirri jörð. Eg skal svo eigi fara fleiri orðum um mál þetta, en óska að eins og vona, að háttv. deild bæti þessum 2 jörðum við frv., svo það verði ekki eins snubbótt og áður.

ATKV.GR.: Sþ. með 9 atkv., að br.till. á þskj. 596 komist að.

Br.till. 596, 3. liður, sþ. með 7 shlj. atkv.
— — 4. liður, — — 6 — —
— — 5. liður, — án atkv.gr.

Frumv. með áorðnum breyt. samþ. með 6 : 4 atkv. og endursent forseta Nd.

Skipun hinnar æðstu umboðsstjórnar.

FRUMVARP til laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn á Íslandi; 1. umr., 29. júlí (C bls. 374).

Kristján Jónsson: Það gat talist vafamál, hvort kjósa ætti nefnd í 2 næstu mál á undan, en um þetta mál getur enginn efi leikið á því, að skipa skuli nefnd í það. Að vísu hefir þetta mál verið ítarlega rætt í Nd., en þar fyrir finst mér sjálfsagt, þar sem um svo mikilsvert mál er að ræða, að þessi deild sýni því allan þann sóma, sem það á skilið. Að mínu áliti er ýmislegt, sem þarf að laga í tillögum h. Nd., og mun eg því, að loknum væntanlegum umræðum um þetta mál.

stinga upp á því, að 3 manna nefnd verði skipuð, til að íhuga það.

Júlíus Havsteen: Eg skal leyfa mér að stinga upp á því, að þessu máli verði vísað til þeirrar nefndar, sem kosin var til að íhuga stjórnarskrármálið í þessari deild.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. um 3 manna nefnd tekin aftur og málinu í e. hlj. vísað til stjórnarskrármálsnefndarinnar.

Önnur umr. 7. ágúst (C bls. 374; n. 472, 525).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um mál það, sem hér liggur fyrir h. deild, því að ef nokkurt mál hefir verið nákvæmlega yfirvegað, þá er það þetta mál. Þegar í fyrra var það að nokkru leyti athugað og undirbúið, þar sem báðar deildir skipuðu nefnd, til að íhuga það rækilega og létu uppi álit sitt og tillögur um það, og er þetta frumv. að miklu leyti bygt á áliti og tillögum þeirra þingnefnda. Í nefndunum sátu 5 menn úr þessari deild og 7 menn úr Nd. og samþyktu þær báðar nálega samhljóða álit um málið og á því áliti eru tillögur stjórnarinnar bygðar. Síðan hefir stjórnin í Kaupmannahöfn og stjórnin hér á Íslandi haft bréfaviðskifti um málið, og árangurinn af þeim er frv. það, sem hér liggur fyrir. Nú hefir Nd. aftur tekið málið til alvarlegrar íhugunar, svo að það má teljast að öllu vel undirbúið, þegar það nú kemur hingað til deildarinnar.

Eins og sjá má á nefndarálitinu, höfum vér, sem skipaðir vorum í nefndina í þessari deild, í öllum verulegum atriðum getað fallist á tillögur nefndarinnar í Nd. og höfum að eins komið fram með till. til breytinga á 2 eigi mjög mikilvægum ákvæðum í frumv. Nd. Vér höfum getað orðið sammála, bæði landstjórninni og Nd. yfirleitt um skipun þá, sem ætlast er til að verði gjörð á embættafyrirkomulaginu eftirleiðis, og get eg í því efni vísað til athugasemda stjórnarinnar við frumv. og nefndarálits Nd, og þykist eg því ekki þurfa að fara nákvæmlega inn á það, þar sem eg geri ráð fyrir, að h. þingdm. hafi kynt sér tillögur stjórnarinnar í því efni, sérstaklega að því er snertir skiftingu á störfum umboðsstjórnarinnar síðarmeir, og þá einkum að því er snertir amtmannaembættin, sem farið er fram á að afnema.

Eins og h. þingdeildarm. mega sjá, eru 2 leiðir farnar í þessu efni. Sum af störfum amtmannanna er ætlast til að falli til hinna lægri yfirvalda, sýslumanna og sýslunefnda, en sum til stjórnarráðsins; öll þau störf þeirra, sem eigi eru sérstaklega tilgreind, falla að sjálfsögðu til stjórnarráðsins; um þetta þykist eg svo ekki þurfa að fjölyrða frekar.

Að því er snertir stjórnarskrifstofu þá, sem ráðgert er, að vér höfum í Kaupmannahöfn, þá þarf eg heldur ekki að bæta mörgu við það, sem tekið er fram í athugasemdum stjórnarinnar og tillögum Nd. Að eins vildum vér láta það í ljósi, að vér álítum brýna þörf á, að hún sé vel úr garði gerð, með því að vér álítum verksvið hennar mjög mikilsvert fyrir Ísland, og að þess vegna sé mikið undir því komið, að nýtur maður fáist til að veita henni forstöðu. Vér sjáum enga ástæðu til að ætla, að sá maður þurfi að verða ofjarl alþingis og ráðherrans, þar sem vér teljum sjálfsagt, að hann verði skipaður af ráðherranum, og að hann því eigi það á hættu að verða vikið frá, ef hann verður of sjálfráður, og að hann verði þess vegna að gæta þess, að koma sér vel við ráðherrann. En eins og eg tók fram áðan, álítum vér mjög áríðandi, að í þessa stöðu verði settur vel fær maður, sem hafi vakandi auga á þörfum vorum og geti gefið ráðherranum nákvæmar skýrslur og bendingar um alt, sem lýtur

að hagsmunum vorum erlendis, og áríðandi er fyrir ráðherrann að vita deili á, og að hann geti starfað upp á eigið eindæmi, þegar svo ber undir, eða svo stendur á, að eigi næst til ráðherrans; fyrir mér vakir það þess vegna, að það sé mjög áríðandi, að velja svo góðan og nýtan mann í þessa stöðu, að hann geti leyst starf sitt vel af hendi, og að staðan sé svo úr garði gerð (að launakjörum o. s. frv.), að nýtur maður fáist í hana.

Að því er amtsráðin snertir, þá er nefndin þeirrar skoðunar, að sjálfsagt sé að afnema þau sem allra fyrst og að störfum þeirra verði skift á milli sýslumanna og sýslunefnda annars vegar og stjórnarráðsins hins vegar; en jafnframt gerum vér ráð fyrir því, að settar verði betri og tryggilegri reglur um kosningu sýslunefndarmanna en nú eru, svo að sýslunefndir verði styrkari og sjálfstæðari stjórnarvöld en nú og að þær í raun og veru verði kosnar af beztu mönnum héraðanna. Eg álít, að sýslunefndir eigi að vera vor aðalsveitarstjórnarvöld og héraðsstjórnir, og að þess vegna beri að gera þær svo úr garði, að þær geti náð sem fullkomnustu marki og miði og orðið sem hæfastar til að gegna þeim störfum, sem á þær verða lögð framvegis eða þegar hafa verið falin þeim.

Loks skal eg taka það fram, að vér höfum fallist á tillögur h. Nd. um það, að því sé að sinni frestað, að reisa bústað fyrir ráðherrann, en það er alt að einu álit vort, að það verði að vinda bráðan bug að því, að ráðherrann sem fyrst geti fengið sæmilegan bústað, eftir því sem högum hér er háttað, og að þegar á næsta þingi verði að gera ráðstafanir til þess, að koma því í framkvæmd; enn fremur erum vér þeirrar skoðunar, að hús, bygt í þessu skyni, ætti að vera úr varanlegu efni, steini eða steinsteypu. Þetta eru þær athugasemdir, sem eg hefi að gera alment um nefndarálitið. En svo eru tvö atriði, þar sem nefndin í þessari deild hefir gert verulegar breytingar á frá frumv. Nd. Annað atriðið er það, að húsaleigustyrkur ráðherrans sé færður upp úr 1600 kr. í 2000 kr., eins og hann var ákveðinn í stjórnarfrv.; nefndinni virtist þessi niðurfærsla Nd. lítilfjörleg og óverulega og ekki heldur hafa við nein rök að styðjast. Nefndin hafði það fyrir augum, að ef bygður verður ráðherrabústaður, þá geti ekki hjá því farið, að kostnaður landssjóðs árlega verði töluvert hærri en 1600 kr.; og þó að eigi sé gert ráð fyrir, að húsið kosti meira en 40000 til 50000 kr., verða vextir af því fé og viðhaldskostnaður hússins, skattar og gjöld árlega, að minsta kosti um 3000 kr., og þess vegna þótti nefndinni ekki rétt að skera þenna styrk svo mjög við nögl sér, einkum með tilliti til þess, að vér teljum það mjög vafasamt, að ráðherrann komist af með eitt hús, eins og húsum nú er hagað í Reykjavík. En verði hann að leigja 2 hús, mun húsaleigustyrkurinn sízt of hátt settur af oss. Af þessum ástæðum hefir nefndin lagt það til, að þessi upphæð verði færð upp i 2000 kr.; verði þessi tillaga vor samþykt, hefir ráðherrann að launum 8000 kr. + 2000 kr. sem húsaleigustyrk og 2000 kr. til risnu, en þessar upphæðir samanlagðar jafngilda ráðherralaunum í Danmörku, eins og þau eru nú. Hið annað atriði, sem nefndin hefir farið fram á að breyta, er að hækka laun landritarans upp í 6000 kr., eins og þau eru sett í stjórnarfrumvarpinu. Eg skal þessu til stuðnings benda á, að hugsun nefndarinnar var sú, að vér ættum að gera stöðu þessa embættismanns fjárhagslega svo úr garði, að gera mætti sér von um það, að embættismannaefni vildu heldur taka þetta embætti en nokkurt annað embætti hér á landi, sem hið veraldlega veitingarvald á að ráða yfir. Þetta mál stendur í nánu sambandi við stjórnarskrárfrv. það, sem þegar hefir verið samþykt af þinginu, og nefndin vonar, að hún hafi skilið svo við

þetta mál, að þær breytingar, sem hún hefir gert við það, verði því fremur til bóta, og eg efast ekki um, að h. deild vilji skilja svo við þetta mál, að það verði ekki stjórnarmálinu til travala.

Eg sé, að hér er komin fram breyt.till. viðvíkjandi launum ráðherrans og skal eg ekki tala um hana að sinni, en býst við að h. flutnm. hennar geri grein fyrir henni.

Hallgrímur Sveinsson: Eins og h. framsm. tók fram, þá hefi eg leyft mér að koma fram með breyt.till. á þingskj. 374, og fer hún fram á, að laun ráðherrans verði færð úr 8000 kr. upp í 9000 kr. Eg skal strax taka það fram, að mér finst það ekki eiga við, að vera að þrátta um lítilfjörlega upphæð á launum æðsta embættismanns landsins; hér er að eins um einar þúsund krónur að ræða og virðist það hvorki geta dregið til né frá.

Eins og háttv. þingd.mönnum er kunnugt, setti háttv. Nd. niður bæði laun ráðherrans og landritarans um sömu upphæð. Nú hefir nefndin hér hækkað laun landritarans, og þá virtist liggja nærri, að nefndin hefði líka fært upp laun ráðherrans sjálfs um leið, nema hægt sé að benda á einhverjar sérstakar ástæður á móti því. Háttv. framsm. tók það fram, að nefndinni hér hefði ekki þótt ástæða til að færa húsaleigustyrk ráðherrans niður, eins og Nd. hefði gert, og sagði enn fremur, að ef bústaðarkostnaðurinn væri 2000 kr. og ef hann fengi 2000 kr. til risnu, og 8000 kr. að launum, þá hefði hann sömu laun og ráðherrar í Danmörku, en þetta er nokkuð athugavert. Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.), sagði, að bústaðarkostnaðurinn yrði 2000 kr., en þegar búið væri að reisa ráðherrabústað, þá mundi kostnaðurinn verða að minsta kosti 3000 kr. á ári. Er þá ástæða til að segja, að hann fái alls 13000 kr. á ári? Eg neita því. Er ráðherrann að nokkuru færari um, að standa straum af öllum gjöldum til þess, að framfleyta fjölskyldu og sjá þörfum sínum borgið fyrir þessa hækkun? Alls ekki. Því að það fé, sem ætlað er til bústaðar, er óarðberandi; það veitir honum ekki annað en húsaskjól, sem vitanlega er nauðsynlegt til þess, að geta lifað, en gefur engan arð af sér; og það er einnig aðgætandi, að því meiri sem húsakynnin eru, því meira fé gengur til annars, svo sem ljósa, hita, húsgagna o. s. frv. Hækkaður húsaleigukostnaður er því, rétt skoðað, ekki til launaaukningar, heldur til útgjalda Að vísu er gert ráð fyrir, að ráðgjafinn fái nokkur herbergi á landssjóðs kostnað, en væntanlega verða þau aðallega til risnunota; en þá segi eg aftur, að því stærri sem íbúðin verður, því meiri kostnaður hlýtur að verða því samfara og við það rýrna laun þau, sem ráðherranum eru ætluð. Sama má einnig segja um þessar 2000 kr., sem ætlaðar eru til risnu. Þar sem það stendur í nefndarálitinu, að þessar 3 upphæðir samanlagðar jafngildi ráðherralaunum í Danmörku, eins og þau eru nú, og launum landshöfðingjans, þá má við það gera þá athugasemd, að því, er landshöfðingjann snertir, að hann hefir bæði húsa- og jarðarafnot, og þetta síðara arðberandi fé. Það eru stór hlunnindi að hafa Arnarhólstúnið til leigulausra afnota; það er hrein og bein viðbót við laun landshöfðingjans, og þegar þess er gætt, þá verð eg að segja, að mér finst ráðherrann vera miður settur með 8000 kr. laun, 2000 kr. húsaleigustyrk og 2000 kr. til risnu, en landshöfðinginn er nú; því að það verður þó ekki litið öðruvísi á, en að ráðherrann hljóti að hafa eins mikinn, ef ekki meiri kostnað til risnu en landshöfðinginn; því að það lætur þó alstaðar meira í eyrum að vera ráðherra en umboðsmaður ráðherrans, og því virðist mér óviðurkvæmilegt, að ráðherranum séu ætluð minni laun en landshöfðinginn hefir nú. Það er ekki svo að skilja, að eg áliti, að lands-

höfðinginn hafi ofmikil laun; eg álít, að þau séu sæmileg, eins eg þeim nú er háttað, og megi naumast minni vera. En laun þessa æðsta valdsmanns verða tiltölulega ekki eins mikil við hina væntanlegu stjórnarbreytingu.

Enn er eitt atriði, sem eg vildi minnast á. Eins og kunnugt er, hefir í umræðunum um stjórnarskrármálið, bæði á þingi, í ræðum á fundum og í blöðum verið lögð mikil áherzla á það, að það væri krafa okkar að fá að launa ráðherrann sjálfir; en þá megum við ekki láta hann geta fært þá sögu af okkur í Kaupmannahöfn, að alþingi hafi notað tækifærið til þess að færa niður laun hans; en ef hann hefði verið launaður af ríkisfé, þá mundu honum ekki hafa verið ætluð minni laun en öðrum ráðgjöfum konungs; og það virðist fremur vera til vanvirðu en virðingar fyrir þingið, að láta þá sögu berast til Danmerkur, að alþingi Íslendinga hafi klipið svo naumt laun ráðherrans, að hann verði í launalegu tilliti töluvert miður settur en dönsku ráðherrarnir, og af þessum ástæðum hefi eg leyft mér að koma fram með þessa breyttill. mína, og vona eg, að þingdeildin geti við nánari athugun fallist á, að það sé ekki rétt, að færa niður launaupphæð ráðherrans frá því, sem stjórnin hefir ákveðið, og það því síður, sem nefndin hefir farið fram á, að færa laun landritarans upp í 6000 kr., eins og stjórnin hefir stungið upp á. Eg vonn því, að þingið geri sér sóma með því, að láta ráðherrann ekki vera miður íhaldinn í launalegu tilliti sem launaðan af landssjóði, en hann hefði orðið, ef hann hefði verið launaður af ríkissjóði.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Það er öðru nær en að eg ætli að gera þetta atriði málsins að nokkuru kappsmáli, en eg ætla mér að eins að benda á það, sem vakti fyrir nefndinni hér í deildinni, þegar hún sá sér ekki fært að taka launaupphæð stjórnarfrumv. til greina gegn niðurfærslu Nd. Meiri hluta nefndarinnar fanst ekki ástæða til að hækka laun ráðherrans úr því, sem nefndin í háttv. Nd. hafði sett þau. Það, sem fyrst kemur til samanburðar við laun ráðherrans, eru laun landritarans, sem hefir afarþýðingarmiklu starfi að gegna. Þegar tekið er tillit til launa þeirra, sem þeim embættismanni eru ætluð, virtist það nægilega mikill munur á launum hans og ráðherrans, að setja ráðherralaunin einum fjórðungi hærri. Mennirnir þurfa eðlilega jafnt eða líkt til persónulegra heimilisþarfa, því að gera má ráð fyrir því, að þeir báðir geri svipaðar kröfur til lífsins. Enn fremur er þessi launaupphæð að minsta kosti sæmilega há, þegar tekið er tillit til launakjara annara embættismanna hér á landi.

Þess ber að gæta, að vér erum ekki að búa til neinn jarl eða landsstjóra, er sé hér í konungsstað, heldur er það meiningin, að ráðherra vor lifi meðal vor, eins og hver annar borgari sæmilega og heiðarlega.

En önnur spurning er það, hvort risnufé það, sem ráðherranum er ætlað, ekki sé of lítið, það er nær mínu skapi að álíta, að svo kunni að vera. En þar við er þó það að athuga, að fyrir ferðir hans til útlanda og veru hans þar, á að borga sérstaklega eftir reikningi. Til þessa er ekki ákveðin nein sérstök upphæð, og er ekki ástæða til að halda, að það verði klipið við nögl sér, því ráðherrann verður að sjálfsögðu að geta komið fram í útlöndum með eins mikilli rausn og hann hefir skap til, og þjóð vorri og landi sæmir. Eg get búist við, að þessi kostnaðarupphæð verði töluvert há, ef ráðgjafinn dvelur oft og langdvölum erlendis, sem eg geri ráð fyrir að nauðsynlegt verði, ef hann vill eigi láta Dani einráða um það, hvernig málum vorum sé skipað hinumegin við hafið.

Eg hefi nú bent á ástæðurnar til þess,

að nefndin vill ekki leggja það til, að færa upp launa-ákvæðið. Mér virðist ekki ástæða til, að bera þetta embætti saman við landshöfðingjaembættið, eins og það hefir verið; það yrði þá að skygnast eftir því, hvort landsh. hefir haft nóg að launum eða of mikið eða of lítið.

Vér getum ekki heldur sanngjarnlega borið ráðherra vorn saman við dönsku ráðherrana, því að þar í landi eru alt aðrar kröfur gerðar til þeirra, en hér verða gerðar til hans, og félagslegir lifnaðarhættir eru allir aðrir.

Vor ráðgjafi verður að sjálfsögðu að hafa nóg risnufé, þegar hann dvelur erlendis, og getur það orðið allmikið fé og mikill kostnaðarauki, en þegar hann er hér, á hann að lifa, eins og hver annar borgari og eins og tíðkast hjá oss fyrir menn, er standa framarlega í þjóðfélaginu. Eg held því eigi, að hann þurfi ýkja-mikið risnufé hér, en vel má þó vera, að 2000 kr. séu heldur lítið í þessu skyni. Í Danmörku eru ráðgjafalaun nú 12000 kr. og þykir það alt of lágt; að minsta kosti eru það lægri laun en ráðherrar fá í öðrum ríkjum, jafnvel á Norðurlöndum, að minsta kosti í Svíþjóð. 12000 krónur eru víða álitnar fremur lítilfjörlegar tekjur fyrir háttstandandi sýslunarmenn þjóðfélagsins, með tilliti til þess, að margir kaupmenn, bankastarfsmenn og aðrir atvinnurekendur af ýmsu tagi, hafa miklum mun meiri tekjur.

Eg hefi nú tekið fram þær athugasemdir, sem nefndin þóttist hafa viðvíkjandi þessu atriði. Nefndinni er að vísu ekkert kappsmál um þetta atriði, og getur hin háttv. deild skorið úr þessu á þann hátt, er henni þykir heppilegast.

Eg hefi leitað upplýsinga hjá háttv. þm. í Nd., og bjuggust þeir ekki við, að þær breytingar, sem nefndin hér í deildinni vill gera á frumv., mæti neinni mótstöðu þar, en eg er hræddur um, að breytingin á launaupphæð ráðherrans, hækkun þessi, geti orðið til þess, að talsverð þræta og þras verði milli deidanna um það efni.

Valtýr Guðmundsson: Eg ætla ekki að lengja umræðurnar um þetta mál, en að eins geta þess, að í þessu launaatriði var eg ósamþykkur háttv. meðnefndarmönnum mínum, og ætla að lýsa yfir því, að eg mun samþ. breyttill. (374).

Mér finst það hálfóviðkunnanlegt fyrir þingið, þegar það hefir krafizt þess, að fá að launa ráðherranum, að fara þá að skera laun hans svo mjög við neglur sér, því þó hann eigi að hafa 2000 kr. í risnufé, þá eru það ekki laun, heldur eingöngu endurgjald fyrir það, sem hann þarf að eyða til þess, að „repræsentera“ í landsins þjónustu. Sama er að segja um 2000 kr. til bústaðar, að það verður enginn afgangur af því, því hann þarf að leigja dýran bústað fyrst um sinn á tveim stöðum, og get eg algerlega fallist á orð háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv) um þetta atriði.

Mér er kunnugt um það, að Nellemann ætlaði ráðgjafanum, þegar átti að launa hann úr ríkissjóði, 12000 kr. og 6000 kr. í ferðakostnað milli Danmerkur og Íslands og til risnu, meðan hann dveldi hér, og mér er kunnugt um, að fjárlaganefndin danska var búin að fallast á þetta.

Auk þess átti að reisa honum bústað hér og hann mátti vera hér, eins lengi og hann vildi.

Aftur á móti var honum ekki ætlað neitt sérstakt til risnu í Kaupmannahöfn.

Þar sem háttv. framsögum. lét í ljós, að launahækkunin gæti orðið málinu til tafar og aukið þras milli þessarar deildar og háttv. Nd., þá skal eg geta þess, að eg hefi talað við marga þm. úr. Nd., sem ekki vilja færa launin niður úr því, sem upphaflega stóð í stjórnarfrumv.

Hallgrímur Sveinsson: Það var sá vafi, sem kom fram hjá háttv. nefnd, sem gaf mér ástæðu til að vona, að hún setti sig ekki mikið á móti breyttill. minni.

Viðvíkjandi því, sem háttv. framsögum. sagði um, að Nd. mundi ekki fallast á þessa breyt., þá finst mér ekki vel við eiga, að þessi deild skuli endilega verða að laga gerðir sínar eftir velþóknun annara en sjálfrar sín. Eg get ekki gert mér að góðu, að Nd. sé svo harður húsbóndi yfir oss, að hún segi: „2 breytingar megið þið gera við frv., en alls ekki 3“.

Þá væri betra að hafa að eins eina málstofu í þinginu, ef ekkert tillit á að taka til annarar deildarinnar. Eg fyrir mitt leyti sé ekkert á móti því, að senda málið aftur til Nd. og láta þá háttv. deild rannsaka málið af nýju, því vera má, að hún sjái, að hér er ekki farið fram á neitt ósanngjarnt. Að vísu geri eg þetta ekki að neinu kappsmáli, en vona þó, að þessi háttv. þingdeild samþykki uppástunguna.

Þar sem háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) sagði, að ekki væri hægt að bera saman laun ráðgjafa vors við laun danskra ráðgjafa, þá er það ekki rétt athugað að mínu áliti, því hann verður að geta haldið sig ámóta og stéttarbræður hans í Danmörku, ef það ætti ekki að verða oss til vansæmdar.

Sami háttv. þm. talaði mjög fagurlega um, að ráðherrann ætti að vera mjög rausnar- og höfðinglegur, þegar hann brúkaði risnuféð, en annars einfaldur og óbrotinn.

En eg hygg, að sambandið milli eins manns, þegar hann er í sparifötunum, og þegar hann er í hversdagsfötunum, sé svo nátengt, að örðugt sé að að skilja.

En þegar verið er að vitna í ráðherralaunin í Danmörku, þá kemur þar eitt atriði til greina, sem vert er að veita eftirtekt. Þar er það tíðast, að í þau embætti hafa valist auðugir menn, sem hafa getað varið sínu eigin fé til þeirra útgjalda, sem launin hafa ekki hrokkið til, en hér mun ekki því að heilsa, því hér eru ekki þeir auðmenn til, og er ekki rétt að ætlast til, að ráðherra vor sýni mikla rausn og höfðingsskap af því fé, sem hann ekki á til; vegna þess álít eg rétt að ákveða launin ekki svo lág, að honum verði ómögulegt að koma fram með þeirri risnu, sem stöðu hans sómir. Eg vil fastlega ráða háttv. deild til þess, að samþykkja breyttill. mína, enda er málinu ekki stofnað í hina minstu hættu með því, þar sem málið þarf hvort sem er að fara aftur til háttv. Nd., ef breyttill. nefndarinnar ná fram að ganga.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg skal engu spá um það, hvernig málinu reiðir af í háttv. Nd.

En eg ætla að eins að gera örlitla athugasemd. Eg held, að háttv. þm. hafi ekki fyllilega skilið orð mín áðan, og ætla eg því að taka það enn greinilegar fram, er eg þá vildi segja.

Nefndin áleit, að eftir atvikum gætu 8000 kr. verið viðunanleg laun fyrir ráðherrann, en ef 9000 kr. hefðu staðið í frumv., eins og upprunalega var í stjórnarfrumv., þá hefði hún ekki komið með tillögu til að breyta því; henni sýnist hvortveggja upphæðin geta réttlæzt. Eg álít að vísu, að 8000 kr. sé nægileg launaupphæð, en með því móti, að allur kostnaðarauki, sem leiðir af embættisstöðu mannsins (aukin húsaleiga, veizlukostnaður, yfir höfuð það, sem kallað hefir verið repræsentatións-kostnaður), greiðist af almannafé, og kemur það þá undir liðinn risnufé, en það er að mínum dómi of lágt. Það hefði sjálfsagt verið réttara að koma fram með tillögu um að hækka það, t. d. um 1000 kr. En launin sem laun eru allvel viðunanleg, enda má ekki vera alt of mikill munur á launum hans og annara embættismanna vorra, svo að hann sé settur upp á hátt fjall, en þeir séu látnir hýrast niðri í djúpum dal.

Annars er mér þetta ekkert kappsmál; en vona, að háttv. deild samþykki br.till.

nefndarinnar, en um hina breyt.till. á þskj. 374 er mér nokkuð sama, og læt deildina alveg sjálfráða um hana.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
Breyt.till. (374) feld með 8 : 3 atkv.
— (353) við 2. gr. sþ. m. 9 : 2 atkv.
2. gr. breytt samþ. með 9 atkv.
3. — samþ. með 10 shlj. —
Breyt.till. (353) við 4. gr. sþ. með 7 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:

Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Hallgrímur Sveinsson,
Jónas Jónassen,
Júlíus Havsteen,
Kristján Jónsson,
Valtýr Guðmundsson.

nei:

Jón Jakobsson,
Sigurður Jensson,
Guttormur Vigfússon,
Þorgr. Þórðarson.

4. gr. breytt sþ. með 9 shlj. atkv.
5. — — í e. hlj.
6. — — — — —
Fyrirsögnin — — —
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 11. ágúst (C. bls. 543.

ÁTKV.GR.: Frv. sþ. í e. hlj. og verður afgreitt til forseta Nd., til að leggjast aftur fyrir þá deild.

Ráðherraábyrgð.

FRUMVARP til laga um ábyrgð ráðherra Íslands; 1. umr., 29. júlí (C. bls. 375).

Júlíus Havsteen: Eg skal leyfa mér að stinga upp á því, að þessu máli verði líka, að loknum umræðum um það, vísað til sömu nefndar, og undanfarið frumvarp; sú nefnd hefir nú lokið ætlunarverki sínu, og getur því tekið bæði þessi frumvörp til meðferðar af fullum kröftum.

Valtýr Guðmundsson: Eg skal leyfa mér að stinga upp á sérstakri 3 manna nefnd.

ATKV.GR: Frv. vísað til 2. umr. í e. hljóði.

Samþykt var með 6 samhljóða atkvæðum að skipa 3 manna nefnd í málið og voru í hana kosnir:

Júlíus Havsteen með 6 atkv.
Kristján Jónsson — 6 —

og Jón Jakobsson, að viðhöfðu hlutkesti milli hans og Eiríks Briem, er hvor um sig höfðu fengið 4 atkvæði.

Önnur umr., 10. ágúst (C. bls. 375, 479).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Þetta er eitt af þeim málum, er standa í sambandi við stjórnarskrárfrv., sem samþ. var hér fyrir skömmu. Eg og nefndin gerum ekki svo mikið úr þeirri júridisku eða lagalega ábyrgð, sem frv. leggur á ráðherrann, en til skaða getur frv. ekki verið, og það er gert ráð fyrir því í stjórnarskrárfrv., að ráðgjafaábyrgðarlög séu sett; fyrir því leggur nefndin það til, að frv. sé samþ., enda þótt ábyrgðarákvæði hafi ekki eins mikla þýðingu fyrir ráðherrann, eins og önnur ábyrgð, sem eg mun seinna minnast á.

Auðvitað ber ráðgjafinn, eins og hver annar embættismaður, ábyrgð á gjörðum sínum samkvæmt hinum almennu hegningarlögum, en þetta frv. fer lengra og ákveður honum sérstaklega ábyrgð fyrir ýmislegt, sem hegningarlögin ekki ná til.

Í stjórnarskrárfrv., sem orðið er að lögum, er gert ráð fyrir, að um þetta séu settar reglur með lögum, og því er eðlilegt, að þetta frv. sé komið fram, en eg álít, að hin pólitiska ábyrgð eða hin siðferðislega ábyrgð hafi meiri þýðingu — það er að segja sú ábyrgð, sem hann hlýtur að

finna til að hann hefir á gjörðum sínum yfirleitt gagnvart þingi og þjóð og öllum almenningi. Þessi ábyrgð vona eg að verði nægilega þung og tilfinnanleg fyrir hvern góðan og samvizkusaman mann. Frv. fer í þá átt, að ákveða þau tilfelli, þar sem ráðgjafinn á að sæta ábyrgð að lögum fyrir embættisathafnir sínar. Í þessu efni má fara 2 leiðir, annaðhvort þá, að telja upp hvert einstakt afbrot, sem hann á að sæta lagalegri ábyrgð fyrir, eða að gefa almennar reglur um þau eftir flokkum. Í þessu frv. er farin síðari leiðin, enda getur hitt aldrei orðið tæmandi, því það er ómögulegt að telja upp öll hugsanleg tilfelli, er um ábyrgð gæti verið að ræða, en undir þá flokkun, sem gerð er í þessu frv., get eg ímyndað mér að öll tilfelli geti komist.

Í fyrsta flokki eru talin brot á stjórnarskránni, í öðrum flokki eru talin brot á öðrum landslögum, og í þriðja flokki eru þau afbrot talin, er ráðherrann brýtur á móti þeim reglum, sem heimta má að hver samvizkusamur og góður stjórnandi fylgi í embættisfærslu sinni; þessi brot eru kölluð „Conduite“-brot, og hafa ákvæðin um þau langmesta þýðingu í þessu máli. Þingið verður að sjálfsögðu að meta það, ekki sem dómari, heldur sem ákærandi, hvenær svo lagaðar reglur eru brotnar.

Ef til vill er þessi gr. (4. gr.) of alment orðuð og nefndin hefir athugað það, en ekki getað fundið annað betra.

Nefndin hefir gert nokkurar br.tillögur, sem raunar ekki raska efninu, að neinu leyti, en miða til þess, að bæta orðfærið á frv.

1. brt., er sú, að í stað „hins opinbera“ komi „almennings“. Það virðist liggja beint við, því það á að vera mótsetning til orðsins „einstaklings“, sem fer á eftir.

2. brt. er að eins orðabreyting, en hefir samt þýðingu. Sömuleiðis 3. brt., að í stað orðanna: „að bera undir konung“ komi: „að bera upp fyrir konungi“. Það er orðin venja nú að segja að „bera upp“, en ekki að „bera undir“ og er líka réttara.

4. brt. er, að í stað orðanna: „að útvega konungsundirskrift undir“ komi: „að leggja fyrir konung til undirskriftar.

Það er auðsjáanlega meiningin, að hann á að leggja málið fyrir konung, en sé ráðherrann á annari skoðun en þingið um málið, þá er það ekki rétt að láta hann verða sekan eftir þessari grein fyrir að hafa ekki útvegað undirskrift konungs undir það mál, sem hann sjálfur er mótfallinn.

Stjórnskipulega er hann skyldur til að leggja málið fyrir konung, en hann er ekki stjórnskipulega skyldur til þess að leggja það til við konung, að ályktanin verði staðfest, eða til þess að útvega samþykki konungs, en verði það til tjóns, að samþ. hefir ekki fengist, er hægt að ákæra hann fyrir að hafa hagað sér pólitiskt rangt (það er fyrir Conduite-brot), en þá á að ákæra hann fyrir brot á móti 4. gr.. en ekki fyrir brot á 3. gr. a. Brotið verður þá alls annars eðlis, og heyrir til öðrum flokki.

Valtýr Guðmundsson: Það var að eins örlítil fyrirspurn, sem eg vildi gera. Hvernig hugsar nefndin sér, að þessi orð í 4. gr. verði skilin: „Hið sama er og, ef hann lætur farast fyrir, að framkvæma það, er fyrirsjáanlega gat forðað hinu opinbera eða einstaklingi frá tjóni“? Eg á bágt með að skilja þetta ákvæði, því eg ímynda mér, að það verði örðugt fyrir ráðgjafann að vaka yfir öllum einstaklingum þjóðarinnar.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Þetta kom til umræðu í nefndinni, en nefndin áleit ákvæðið ekki háskalegt, vegna þess, að orðin verður að skilja í sambandi við 1. gr., það er að segja þannig, að ráðherrann hafi annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi orðið

valdur að tjóni fyrir almenning eða einstakling, tjóni, sem hann sá eða að minsta kosti átti að sjá fyrir. Annars verður hann ekki ákærður. Þannig skilin held eg, að orðin séu ekki athugaverð.

Það, sem ráðherrann verður kærður fyrir samkvæmt þessum lögum er:

I. Brot á stjórnarskipunarlögum landsins.

II. Brot á öðrum landslögum.

III. Brot á þeim almennu reglum, sem hver góður embættismaður á að fylgja í embætti sínu, og geta brot þessi bæði verið framkvæmdar- og vanrækslubrot, eftir því, hvort hann framkvæmir eitthvað, sem rangt er, eða hann lætur eitthvað ógert, sem honum bar að gera, og í öllum tilfellunum verður athöfn hans eða vanræksla að vera annaðhvort af ásettu ráði eða samfara og stafa af stórkostlegu hirðuleysi. Eg sé þess vegna ekki, að þetta ákvæði, sem háttv. 2. þm. G.-K. talaði um, sé hættulegt, þegar athuguð eru skilyrðin fyrir refsingar-ábyrgð raðherrans.

Valtýr Guðmundsson: Mér þótti vænt um að fá þessa skýringu hjá h. 3. kgk., því það getur haft þýðingu seinna meir, að sjá, hverja þýðingu hann og nefndin hefir lagt í þetta ákvæði. Aftur á móti verð eg að álita, að pólitiskur dómstóll og slæm oppósitión í þinginu gæti misbrúkað það, en fyrir júridiskum dómstóli væri eg óhræddur við það.

ATKV.GR.:

1. brt. á þskj. 359 við 1. gr. sþ. í e. hlj.
   1. gr. breytt sþ. í e. hlj.
2. brt. á þskj. 359 við 2. gr. a. sþ. í e. hlj.
3. brt. á þskj. 359 — 2. — — — —
   2. gr. breytt sþ. í e. hlj.
4. brt. á þskj. 359 við 3. gr. a. sþ. í e. hlj.
   3. gr. breytt sþ. í e. hlj.
5. brt. á þskj. 359 við 4 gr. sþ. í e. hlj.
   4. gr. breytt sþ. með 9 atkv.
   5. — sþ í e. hlj.
   6. og 7. — — — —
   8. og 9. — — — —

Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 12. ágúst (C. bls. 572, 619).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Að því er snertir br.till. á þskj. 474, þá skal eg leyfa mér að geta þess, að hún er í samræmi við þær breytingar, sem gerðar voru á frv. við 2. umr.

Viðvíkjandi br.till. við 7. gr., skal eg geta þess, að það var af vangá um daginn, að breytingin var þá ekki látin ná til 7. gr. Hin breytingin er að eins leiðrétting á prentvillu. Eg hefi svo ekki frekara um þetta mál að segja; þegar þessar breytingar eru samþyktar, vona eg, að frumvarpið fái að ganga til háttv. Nd. aftur.

ATKV.GR.:

1. br.till. á þskj. 474 við 3. gr. a. samþ. með 8. shlj. atkv.
2. br.till. á þskj. 474 við 7. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Frv. þannig breytt sþ. með 9 shlj. atkv. og verður endursent til Nd.

Ein umr., 20. ág. (C. bls. 664, 675).

Framsögumaður (Kristján Jónsson). Eg þarf ekki að vera margorður um frv. að þessu sinni; eg get látið mér nægja að vísa til nefndarálitsins, sem þó er ekki heldur langt. Hin eina breyting, sem háttv. Nd. hefir gert á frv., síðan það fór héðan, er, að hún hefir bætt inn í frv. nýrri grein, sem er 8. gr., um fyrning ákæruréttar alþingis, og með því að nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að þessi viðbótargr. sé til bóta og eigi við rétt rök að styðjast, þá hefir hún ekki annað að gera en að óska, að háttv. deild sþ. frv., eins og það liggur fyrir.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ í e. hlj. og verður afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Fjáraukalög 1900 og 1901.

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1900 og 1901, 1. umr., 23. júlí; (C. bls. 289).

Eiríkur Briem: Mér virðist réttast að athuga þessi fjármál í nefnd og væri þá heppilegast, að það yrði sama nefndin. Í dag eru menn ekki undirbúnir til þess að kjósa í hana, en eg hafði hugsað mér við 2. umr. að stinga upp á nefndinni.

Hallgrímur Sveinsson: Eg get ekki séð, að það sé ástæða til að setja nefnd í þetta mál, þar sem það er fremur einfalt. Eg hygg, að menn geti sþ. málið, eins og það liggur fyrir, og þurfa ekki að breyta út af venju með nefndarkosningu í þetta sinn. Enda er viðkunnanlegra, að kjósa ekki fjárlaganefndina, fyr en fjárlögin eru komin fyrir deildina.

Eiríkur Briem: Mál þetta stendur í nánu sambandi við fjárlögin og í Nd. eru fjáraukalögiu í sömu nefndinni.

Kristján Jónsson: Eg fyrir mitt leyti álít ekki þörf á að setja þetta mál í nefnd. Það væri helzt 4. liður frumv., sem þyrfti athugunar við, en nú vill svo vel til, að í athugasemdunum við landsreikningana er gerð glögg grein fyrir honum. Annars finst mér óviðkunnanlegt og get eigi fallist á, að kosin sé fjárlaganefnd hér í deildinni, áður en fjárlögin eru komin hingað.

ATKV.GR.:. Frumv. visað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 28. júlí.: (C. bls. 289).

ATKV.GR.:

2. gr. sþ. í e. hlj.

3. — — - ——

4. — — - ——

1. — — - ——

Fyrirsögnin sþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 1. ágúst; (C. bls. 289).

ATKV.GR.: Frumv. sþ. í e. hlj. og verður afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Fjáraukalög 1902 og 1903.

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903. 1. umr., 24. júlí (C. bls. 314).

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 28. júlí; (C. bls. 314).

Eiríkur Briem: Eg gat þess um daginn við 1. umr. málsins, að eg hefði hugsað mér að stinga upp á nefnd í málinu við þessa umræðu, en eftir að hafa átt tal við nokkura h. þingdm., hefi eg fallið frá því aftur.

ATKV.GR.: 2. — 6. gr. samþ. í e. hlj.

1. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 1. ágúst (C bls. 314, 397, 398, 408, 423).

Guðjón Guðlaugsson: Eg á hér viðaukatillögu á þgskj. 243., sem eg vildi fara nokkurum orðum um. Eins og h. þingdm. sjá, fer tillaga þessi fram á, að í 4. gr. eftir 1. tölul. bætist einn nýr liður, þess efnis, að 809 kr. og 3 aurar veitist til borgunar á eftirstöðvum skulda fyrir brúargerð yfir Laxá á þjóðveginum meðfram Hrútafirði að vestan. Það liggur þannig í þessari fjárósk, að 1895 var gerð brú yfir Laxá á þessum sama stað. Þá var þessi vegur sýsluvegur Strandasýslu. Brúin kostaði 1064 kr. 69 aur. Veturinn eftir tókst svo óheppilega til, að flóð kom í ána og braut brúna af. Til þess að rannsaka brúarstæðið, hafði verið fenginn verkfróður maður, sem réð til að hafa brúna þannig, sem hún þá var, og stóð fyrir brúarsmíðinni að öllu leyti, og hafði látið setja stöpul í miðja ána, sem rótað-

ist undan í flóðinu. Upp úr leifum brúarinnar höfðust einar 170 kr., svo skaðinn varð æði mikill. Sýslan lagði samt ekki árar í bát, heldur arkaði upp á nýjan stofn, því þessi á liggur á aðalleið til Borðeyrar og er oft mjög erfið yfirferðar og illur þröskuldur á leið þeirra, sem reka fjárrekstra á Borðeyri, og annara, er þangað eiga leið. Áhuginn á því, að fá brú á ána, minkaði því ekki, þó sýslan biði þetta fjártjón, og var svo bygð aftur brú á sama stað 1896. Til þeirrar brúar voru af einstökum mönnum gefnar kr. 899,25, en kostnaður allur við brúarsmíðina var kr. 1937,60. Til þess að geta klofið þann kostnað, sem af báðum þessum brúm leiddi, sem var samtals kr. 3002,29, varð Bæjarhreppur að taka lán, sumpart hjá kaupmanninum á Borðeyri og sumpart í Landsbanka Íslands, en þar tók hann 1896 1000 króna lán, sem veitt var til 10 ára. Af öllu þessu fé er nú búið að endurborga kr. 2193,26, en eftir standa kr. 809,03, sem enn þá eru óborgaðar í Landsbanka Íslands, að hálfu leyti, en hjá kaupm. R. P. Riis að hálfu, og það er þessi upphæð, sem farið er fram á í tillögunni að veitt verði. Þar sem nú þessi vegur og brúin er orðin þjóðvegur, virðist mér sanngirni mæla með því, að þessu láni verði létt af.

Menn kunna nú að koma með þá mótbáru gegn þessari fjárveitingu, að landssjóði beri engin skylda til þess, að borga fyrir þá vegi, sem gerðir voru, áður en vegurinn varð þjóðvegur. Þetta er að vísu satt. En hins vegar skal eg taka það fram, að þetta gjald er þung byrði, því að það er lagt á sýsluvegasjóð Strandasýslu og hreppsvegasjóð Bæjarhrepps, sem báðir hafa mjög takmarkað gjaldþol. Úr sýluvegasjóði greiðast 50 kr, og þar sem eigi er um nema 150 dagsverk að ræða, þá gefur að skilja, að þessi upphæð er talsvert tilfinnanleg. Svo gengur helmingur af tekjum hreppsvegasjóðsins í Bæjarhreppi upp í þessa skuld, og það, sem þá er eftir, greiðist af sýsluvegasjóði.

Ef þessi breyting nær fram að ganga, þá er afleiðingin ekki beint sú, að það létti verulegu gjaldi af sýslubúum, heldur er það miklu frekar til þess, að styrkja þá til þess að endurbæta sína sýsluvegi og hreppavegi. Hreppavegir og sýsluvegir eru margir og afarlangir og sýslubúum veitist full erfitt að halda þeim við, þó þeir ekki þurfi að leggja af mörkum til annara vega.

Eg skal einnig geta þess, að það mælir enn fremur með þessari fjárveitingu, að áður en lög þau voru samþ., er lögðu þenna veg á landssjóð sem þjóðveg, hafði þingið veitt Strandasýslu 5000 kr. styrk til sýsluvega. Það var fyrsti styrkurinn, sem sýslan hafði fengið til nokkurra vegagjörða. Hann var því þakksamlega þeginn, og jafnframt eðlilegt og sanngjarnt, að hann gengi í þenna veg. En þá ber þess að gæta, að til þess að sýslan fengi þenna styrk, varð hún sjálf að leggja til 2500 kr. á móti landssjóðsstyrknum. Hún tók því 2500 kr. lán til 15 ára. Auk þess lagði hún til fé úr sýsluvegasjóði, og ýmsir hreppar gáfu fé til; þannig tók einn hreppur 500 kr. lán og annar 200 kr. Sýslan lagði því til að sínum parti yfir 3200 kr., svo að alls var það fé, er varið var til sýsluvega, rúmar 8200 kr., og af því fór meir en helmingur einmitt í þenna veg. Mér virðist því, að sýslan hafi af sinni hálfu lagt nægilegt til þessa vegar, og finst það sanngjarnt, að þingið taki tillit til þessa og veiti því hina umræddu upphæð til lúkningar skulda Laxárbrúarinnar.

Menn kunna nú ef til vill að hugsa, að ef þessi skuld verði gefin eftir, þá muni sýslan koma síðar, og vilja fá eftirgjöf á því láni, sem hún tók til sýsluvega og lagði í þenna veg. En eg hygg, að nægileg trygging muni fyrir því, að svo verði ekki. Að minsta kosti mun eg

aldrei flytja slíka styrkbreiðslu, ef þessi brúarskuld verður eftir gefin. Annað mál er það, að ef þingið vildi að einhverju leyti létta vegaskuldinni af, þá mundi sýslubúum það jafnkært, sem lúkning á brúarskuldinni, en fyrir landssjóð kæmi það alveg í sama stað niður, því eins og eg áður hefi tekið fram, mun aldrei verða farið fram á eftirgjöf á vegaskuldinni, ef brúarskuldin verður eftir gefin; enda á þá þingið hægra með að neita þeirri málaleitun, ef það nú gefur eftir þessa skuld.

Júlíus Hafsteen: Eg á, ásamt 2 öðrum háttv. þm., litla breyt.till. á þskj. 246, sem fer í þá átt, að inn í frumv. bætist ný grein, 2. gr., þess efnis, að aðflutningsgjald af tollskyldum vistaforða, er landmælingadeild hins danska herstjórnarráðs hefir flutt inn 1902—1903, til afnota við störf sín hér á landi, 252,25 kr., falli burt. Af þessum 252,25 kr. falla 100,15 kr. á tolltekjur í Reykjavík, nefnil. 87 kr. í fyrra og 13,15 kr. á yfirstandandi ári. Hin upphæðin hefir fallið til í Skaftafellssýslu. Auðvitað ber að innheimta þetta innflutningsgjald samkvæmt gildandi lögum, en mér virðist margt mæla með því, að það sé látið falla niður. Það er sanngjarnt, þar sem þessir menn eru komnir hingað til þess, að vinna eingöngu í landsins þjónustu, og sérstaklega þar sem ríkissjóður greiðir kostnaðinn við starf þeirra.

Annars sýnir þskj. sjálft, hvaða þýðingu þessi breyting hefir í för með sér á frumv. að öðru leyti, og sé eg því eigi ástæðu til að fjölyrða frekar um þessa breyt.till. að sinni.

Landshöfðingi: Eg hefi leyft mér að koma með viðaukatill. á þskj. 247. Það stendur svo á henni, að forstöðumaður gagnfræðaskólans, sem áður var á Möðruvöllum, hefir fært undan að greiða afborganir og vexti af láni því, sem honum var veitt 1883 til vegagerðar frá Gæsum að Möðruvöllum. Hann hafði þann sið, að flytja alla aðdrætti til skólans sjóveg fra Akureyri til Gæsa, en landveg þaðan. En með því að vegur var mjög illur yfirferðar frá Gæsum að Möðruv., þá fekk hann úr landssjóði 1000 kr. lán 1883 til þess, að gera akbraut á þessum vegi. Hann hefir síðan borgað afborganir og vexti þar til nú, að hann skorast undan því, eftir að hann er fluttur á Akureyri; og eg skal taka það fram, að mér virðist það ósanngjarnt, að honum sé gert að skyldu að borga þetta framvegis, þar sem hann eigi getur haft þess nein not, en þetta fé hefir einungis komið jörðinni til nota, og kemur að sjálfsögðu fram í andvirði hennar.

Eg hefi leyft mér að flytja þessa viðaukatill., af því mér virðist það sanngjarnt, að þessar eftirstöðvar sé eftir gefnar.

Valtýr Guðmundsson: Eg hefi leyft mér, ásamt 2 öðrum þm., að koma fram með breyt.till. viðvíkjandi þessum sama skóla. Eins og mönnum er kunnugt, er sá skóli nú lagður niður á Möðruvöllum og fluttur á Akureyri, og í frumv. því, sem ákveður flutning hans og nú liggur hér fyrir þinginu, er það ákveðið, að 1. og 2. kennari við skólann skuli framvegis fá 400 kr. uppbót á ári fyrir flutninginn. Þetta er nú í alla staði eðlilegt, því það er miklum mun dýrara að lifa í kaupstað en í sveit, og hefir því háttv. Nd. fallist á þetta ákvæði. En þá kemur það spursmál fram, hvort það sé þá ekki líka sanngjarnt, að þeir fái uppbót fyrir þann tíma, sem liðinn er frá því, að þeir fluttu á Akureyri. Að þetta sé sanngjörn krafa, sýnist engum efa bundið. En það er einnig spursmál, hvort það ekki jafnframt er réttarkrafa, sem þeir geta gert. Að minsta kosti er þeim veitt embættið á Möðruvöllum, og það er mikið spursmál, hvort þeir eru skyldir til að flytja á annan stað endurgjaldslaust. Það er og augljóst, að fyrir þann kennarann, sem bú hafði á Möðruvöllum, er það mjög óþægi-

legt að þurfa að búa á Akureyri og þannig hafa bú á 2 stöðum.

Eg hefi því leyft mér að koma fram með breyt.till. um, að þeim yrði veitt eins konar uppbót fyrir þenna liðna tíma. Þegar eg bjó til till. mína, hélt eg, að tíminn væri lengri en eg síðar hefi komist að raun um að hann er, nefnil. $1^1/_2$ ár í stað $1^1/_4$ ár. Eg hefi því komið með breyt.till. við breyt.till. mína, að 600 kr. verði færðar niður í 500 kr., og er það í fullu samræmi við þá launaviðbót, sem háttv. Nd. hefir samþ. þeim til handa framvegis.

Eg vona, að háttv. þingd. taki þessari breyt.till. minni vel, því eg fæ ekki betur séð, en að sanngirni mæli eigi síður með henni en breyt.till. hæstv. landsh., sem eg þó ekki skal mæla á móti. Að eins skal eg taka það fram, að eg tel það mjög efasamt, að þessi vegagerð geti talist að koma jörðinni til góðs, eða að hún muni að nokkru auka verðmæti hennar, þar sem vegurinn er sagður alveg ófær.

Viðvíkjandi breyt.till. á þskj. 246, er það að segja, að eg fyrir mitt leyti er henni meðmæltur. Eg álít það sjálfsagt, að þessi tollur sé gefinn eftir, einkum og sér í lagi ef það er tollur af nauðsynjavörum, sem þessir menn, er unnu hér fyrir annara fé í landsins þjónustu, þurftu á að halda við starf sitt. Mér þætti því æskilegt að fá að vita, hvort þetta er tollur af nauðsynjavöru eða munaðarvöru, svo sem vínum, því ef svo er, virðist mér málið horfa nokkuð öðru vísi við.

Júlíus Havsteen: Sem svar upp á fyrirspurn háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) skal eg gefa þær upplýsingar, að þessi upphæð er, að því, sem mér frekast er kunnugt, tollur af öli og brennivini. Auðvitað hefi eg ekki séð skrá yfir þær vörur, sem þeir fluttu með sér. En eftir því, sem þeir hafa sagt mér sjálfir, þá fluttu þeir með sér talsvert af matvælum og eitthvað af drykkjarföngum, sem notast við mat, og er hér spursmál um toll af þessu áfengi og ef til vill af tóbaki. Það mun eingöngu hafa verið öl og brennivín og svo hafa þeir ef til vill flutt með sér eitthvað lítið af tóbaki, en alls ekki vín í eiginlegri merkingu orðsins.

Valtýr Guðmundsson: Eftir þeim upplýsingum, sem háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) hefir gefið, að þetta sé mest tollur af öli og brennivíni, sé eg ekkert á móti því, að þessi upphæð sé eftir gefin; því eftir matarræði í Danmörku verður það hvorttveggja að skoðast sem nauðsynjavara, þar sem öllum er kunnugt, að Danir geta eigi borðað, án þess að hafa snaps og öl með matnum, og þar sem eigi hefir verið flutt inn meira en góðu hófi gegnir til neyzlu, þá sé eg ekkert við það að athuga.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 246, stafl. 1 samþ. með 10 samhlj. atkv.

Brtill. á þskj. 246, stafl. 2—4 sþ. án atkv.

— - — 243, við 4. gr., — með 6 samhlj. atkv.

Brtill. á þskj. 305 við brt. á þskj. 267, sþ. með 8 samhlj. atkv.

Viðaukatill. á þskj. 267, breytt, sþ. með 8 : 3 atkv.

Viðaukatill. á þskj. 247 sþ. með 9 samhlj. atkv.

1. gr. breytt sþ. með 10 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni sþ. með 10 atkv. og verður endursent Nd.

Ein umr., 15. ágúst; (C. bls. 634).

Guðjón Guðlaugsson: Sú breyting, sem háttv. Nd. hefir gert á þessu frumv., er í því fólgin, að hún hefir felt burt 2. lið í 4. gr. um, að landssjóður taki að sér eftirstöðvar af láni til brúargerðar á Laxá.

Þessi liður var settur inn hér í deildinni og samþ. með miklum meiri hluta atkv., svo eg gæti vel hugsað mér, að þessi háttv. d. mundi vilja setja hann inn aftur. Afleiðingin yrði þá sú, að málið kæmi fyrir sameinað þing. En af því að

eg veit, að Nd. mundi strika liðinn út aftur, ef yfirgnæfandi meiri hluti væri eigi með honum í þessari deild, þá álít eg réttast að láta við svo komið standa, því Strandasýsla stendur nokkurn veginn jafnrétt eftir, sem áður. Á hinn bóginn er það auðsætt, að Strandasýsla er ekki óskabarn þingsins eða sérstaklega háttv. Nd.

Á þessu þingi hefir sýslan farið fram á, að bætt væri úr læknaskorti hennar og með því endurnýjað margítrekaðar kröfur um sanngjarnt mál. En þetta frumv. var felt. Í öðru lagi hefir verið farið fram á á þessu þingi, að létt væri ósanngjörnu árgjaldi af brauði í sýslunni; það var einnig eyðilagt. Og þriðja málið var þessi brúarskuld, einar 800 kr. til léttis fyrir héraðið, sem háttv. Nd. lagði í gröfina, enda eru þá upptalin öll mál, er snerta Strandasýslu, sérstaklega á þessu þingi.

Það lítur annars svo út, sem Strandasýsla sé ekki komin inn í það hreppakerfi, sem pólitík háttv. Nd. virðist snúast um í fjármálum, og þeirri pólitík vil eg sýna maklega fyrirlitningu, með því að láta hana óhreyfða að því, er þetta mál snertir.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og verður afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Bráðabirgðarþingsköp fyrir alþingi.

FRUMVARP til laga um þingsköp til bráðabirgða fyrir alþingi; 1. umr., 4. ágúst. (C. bls. 440).

Kristján Jónsson: Nefnd sú, sem skipuð var hér í deildinni, til að athuga stjórnarskrármálið, sá, að þegar það frumv. yrði að lögum, væri nauðsynlegt að gera breyting á þingsköpum alþingis, sérstaklega að því leyti, sem af frv. leiddi fjölgun þjóðkjörinna þingmanna og breytingu á skipun deildanna. Nefndin hefir leyft sér að koma fram með þetta frumv., sem hún vonar að bæði þessi deild og þingið í heild sinni vilji samþykkja. Sér til fyrirmyndar hafði nefndin 3. ákvæði „um stundarsakir“ í hinni núgildandi stjórnarskrá vorri. Með nefndu ákvæði „um stundarsakir“ var konungi falið að gefa út til bráðabirgðar þingsköp fyrir alþingi, og komu þau út í tilskipun 11. apr. 1875. Þessi tilskipun var svo lögð fyrir þingið í frumvarpsformi og varð að lögum 1876, og eru lög þau hin núgildandi þingsköp alþingis; á sama hátt hygg eg, að farið verði að nú; eg býst við, að konungur, samkvæmt þessari heimild, gefi út tilskipun, er skipi málinu til bráðabirgða, og verði þingsköp alþingis, er það kemur saman næst; og að stjórnin svo leggi fyrir þingið nefnda tilskipun í frumvarpsformi, og það frumv. taki ekki að eins upp þær breytingar, sem leiða af stjórnarskrárbreytingunni, heldur einnig hverjar aðrar breytingar á þingskapareglunum, sem reynslan hefir sýnt, að æskilegar séu; í stuttu máli býst eg við, að það frumv. inni haldi gagngerðar og tæmandi þingskapareglur fyrir alþingi.

Í þessu sambandi get eg ekki leitt hjá mér að taka það fram, að mér virðist það dálítið einkennilegt og athugavert, að stjórnin skuli ekki hafa talið sér skylt að undirbúa bæði þetta mál og ýms önnur mál, sem standa í sambandi við stjórnarskrárbreytinguna, og sem hefðu átt að vera lögð fyrir þetta þing; fyrir utan þetta mál, um þingsköpin, get eg tilnefnt málið um kjördæmaskiftinguna, er mér virðist undarlegt að stjórnin skuli ekki hafa haft tíma, ráðrúm eða elju til að undirbúa svo, að frumv. um fullnaðarskipun hennar gæti orðið lagt fyrir þingið nú, og sé eg ekki, að landsstjórnin geti haft neina afsökun í þessu tilliti. Sama

má segja um kosningalagafrumvarpið, sem nú er komið á góðan rekspöl í þinginu, að það er þetta komið án verulegrar aðstoðar af hálfu stjórnarinnar; það kom ekki frá henni upphaflega, heldur frá einstökum þingmönnum án liðsinnis landsstjórnarinnar. Mér datt í hug að minnast á þessi 2 mál í sambandi við þetta mál, af því að þau standa öll í sambandi við stjórnarskrárbreytingu þá, sem búið er að samþykkja hér á þinginu; alt bendir þetta á, að hún, stjórnarskrárbreytingin, hafi eigi verið stjórn vorri áhugamál.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e hlj.

Önnur umr., 6. ág.; (C. bls. 440).

ATKV.GR.: Meginmal frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 10. ág. (C. bls. 440).

ATKV.GR.: Frv. sþ. í e. hlj. og verður afgreitt til Nd.

Bæjarstjórn í Hafnarfirði.

FRUMVARP til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði; 1. umr., 8. júlí (C. bls. 183)

Flutningsmaður (Valtýr Guðmundsson): Frumvarp þetta er þannig tilkomið, að á almennum sveitarfundi í Garðahreppi, sem haldinn var 25. febr. síðastliðinn, var það tekið til umræðu og atkvæðagreiðslu, að fá verzlunarstaðnum skift út úr Garðahreppi, og var meiri hluti fundarmanna því samþykkur, að skiftingin færi fram, en vísaði því til fundar Hafnfirðinga sjálfra, hvort biðja skyldi um bæjarréttindi. Sá fundur var haldinn 1. marz þ. á. og var þar samþykt með yfirgnæfandi atkvæðafjölda, að biðja um bæjarréttindi fyrir Hafnarfjörð.

Eins og háttv. þingdm. er kunnugt, er Hafnarfjörður orðinn stór verzlunarstaður með nálega 800 íbúum, og hefir nú fleiri íbúa en Seyðisfjörður, þegar honum voru veitt bæjarréttindi; auk þess fer hann óðum vaxandi, og er einn af stærstu útgerðarstöðum landsins.

Það er því sýnilegt, að bær, sem vex svo fljótum fetum, muni að öllum líkindum innan skamms eflast svo mjög, að gera megi þar ráð fyrir 1000 íbúum, og þá er óþægilegt og ósanngjarnt, að bæjarbúar geti ekki ráðið málum sínum sjálfir eða haft stjórn út af fyrir sig. Það leggur hreint og beint haft á menningu þeirra. Þannig er t. d. ekkert eftirlit með því, hvernig og hvar menn skuli byggja hús sín; þau eru bygð hingað og þangað af handa hófi, eftir því sem hverjum þóknast; engin fyrirhyggja um heilsusamlegt og þægilegt vatnsból, engin lýsing á götunum eða skipulegar og almennilegar götur. Það er svo ótal margt, sem leiðir af því fyrir bæinn að hafa ekki sérstök bæjarréttindi, og sem stendur honum fyrir þrifum. Ef litið er nú til þess, hvað frv. þetta felur í sér, þá er auðsætt, að það getur ekki verið nokkurum manni til meins, að þessum bæ séu veitt bæjarréttindi, og er það því blátt áfram meinsemi að lofa ekki bæjarbúum að ráða sínum málum sjálfir. Ekki verður heldur sagt, að landssjóði sé íþyngt með því að veita þessi bæjarréttindi, því að hér er að eins um 500 kr. árleg útgjöld úr landssjóði að ræða sem laun handa bæjarfógeta. En eg skal um leið geta þess, að hér um bil þessi sama upphæð gengur nú til barnaskólans, sem mundi missa þenna styrk, ef bærinn fengi kaupstaðarréttindi.

Svo er líka annar útvegur mögulegur, nfl. að bærinn launaði sjálfur bæjarfógetanum. Í sambandi við þetta skal eg benda háttv. þingdm. á, að sú stefna mun ef til vill ryðja sér til rúms í ríkinu, að allar bæjarstjórnir velji sjálfar sína oddvita.

Að öðru leyti er frumvarp þetta samið

næstum algerlega eftir fyrri bæjarstjórnarlögum, einkum lögum um bæjarstjórn á Seyðisfirði. Það eru fá ný ákvæði tekin upp í það.

Að því er kosningarréttinn snertir, þá hefir verið tekið tillit til laganna um kjörgengi kvenna, og fáeinar smábreytingar gerðar, svo sem t. d. slept ákvæði um grunnskatt og sett nýtt ákvæði um reikningsárið.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um frumvarpið að svo stöddu. Eins og eg tók fram áðan, þá hefir það mikla þýðingu fyrir framtíð bæjarins að fá þessu máli framgengt, en hins vegar getur það ekki verið nokkurum manni til meins.

Eg vonast svo eftir, að málið verði sett í nefnd til þess að athuga það betur, ef það skyldi fela í sér einhver þau ákvæði, sem mönnum þætti athugaverð.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, sökum óljósrar atkvæðagreiðslu og sögðu

já:

Sigurður Jensson,
Hallgr. Sveinsson,
Júlíus Havsteen,
Kristján Jónsson,
Valtýr Guðmundsson.
Þorgr. Þórðarson.

nei:

Jón Jakobsson,
Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Gutt. Vigfússon,
Jónas Jónassen,

3 manna nefnd sþ. með 6 samhlj. atkv. og í hana kosnir:

Kristján Jónsson	með	8 atkv.
Valtýr Guðmundsson	—	7 —
Júlíus Havsteen	—	6 —

Önnur umr., 17. júlí (C. bls. 183, n. 230).

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Nefnd sú, sem kosin var, til að íhuga þetta mál, hefir rætt það með sér og tekið flest það fram í nefndarálitinu, sem henni virtist þörf á. Viðvíkjandi því, hvort gildar ástæður séu til, að veita Hafnarfirði bæjarréttindi, þá eru þær aðallega bygðar á skýrslum, sem liggja á lestrarsalnum þessu máli viðvíkjandi, og geri eg ráð fyrir, að háttv. þingdeildarmenn hafi kynt sér þær. Að því er snertir frumv. sjálft, þá er það algerlega sniðið eftir lögum 8. mai 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði og í flestum greinum orðrétt, eins og þau lög, að svo miklu leyti, sem við getur átt, en við samningu þessa frumvarps hefir þó verið vikið nokkuð frá þeim lögum og hefir nefndin álitið réttara að taka upp í frumvarpið einstöku ákvæði úr áðurnefndum lögum, sem hér hafa verið feld burt eða orðuð á annan veg. Þannig hefir t. d. sérstaklega verið tekið upp í frv. nýtt ákvæði um, að konur hafi kjörgengi samkvæmt lögum um kjörgengi kvenna; sömuleiðis er felt úr frv. ákvæðið um heimild bæjarstjórnar til að leggja á grunnskatt.

Það hafa verið færðar ástæður fyrir því, að heppilegra væri, að lagður væri skattur á menn eftir verðmæti lóðarinnar en eftir stærð hennar, og þar sem ýmsar raddir hafa látið til sín heyra í þá átt undanfarið, þá þótti heppilegra að sleppa alveg þessu ákvæði úr frumv. að sinni, en láta það bíða seinni tíma, þangað til tillögur milliþinganefndarinnar í sveitarstjórnar- og fátækramálum vorum væru komnar fram. Að öðru leyti er frumv., eins og eg gat um áðan, algerlega sniðið eftir lögunum um bæjarstjórn á Seyðisfirði, en þó er vikið frá þeim í einstöku atriðum; þannig er t. d. í 4. gr. bætt inn í frv. ákvæði um, að landshöfðingi megi breyta tölu fulltrúanna, ef þörf gerist, eftir tillögu bæjarstjórnarinnar; nefndinni þótti þetta ákvæði heppilegt, til þess að koma í veg fyrir að þurfa að leita nýrrar lagaheimildar, þótt aukin væri tala full-

trúanna. Í 7. gr. þótti nefndinni líka heppilegt og nauðsynlegt að á eftir orðinu „nýár“ bætist inn í: „nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf aukreitis“.

Við 8. gr. hefir nefndin lagt til, að gerð væri sú breyting, að á undan orðunum „hálfa stund“ bætist inn í orðin: „að minsta kosti“, og er ástæðan til þess sú, að því hefir stundum verið haldið fram, að kjörstjórnin megi alls ekki bíða lengur en hálfa stund, eftir að allir, sem viðstaddir eru, hafa greitt atkvæði, og þótti nefndinni því heppilegra að láta það vera á valdi kjörstjórnarinnar, hvort hún vildi hafa frestinn lengri.

Í 10. og 11. gr. og víðar hafa þeir, sem samið hafa frumvarpið, álitið rétt að setja orðið „ráðherra“ fyrir „landshöfðingja“ vegna þess, að þegar þetta væri orðið að lögum, þá væri komin breyting á stjórnarfyrirkomulagið; en nefndin áleit ekki rétt að fara þessa leið, því að nú þegar frumv. er til meðferðar á þinginu, verðum vér að miða við hið núgildandi stjórnarástand og þá stjórnarskrá, sem við nú höfum við að búa. Annað væri ekki fyllilega löglegt.

Við 14. gr. hefir verið gerð sú breyting, að í staðinn fyrir orðin: „formaður barnaskólanefndarinnar“ komi: „sóknarpresturinn“. Þetta er breyting frá eldri bæjarstjórnarlögum, og þar sem nefndinni ekki er kunnugt um, að barnaskólanefndir enn hafi alment verið skipaðar, þá þótti henni heppilegast að halda hinu gamla ákvæði um, að sóknarpresturinn mætti á bæjarstjórnarfundum.

Í 18. gr. er líka vikið frá eldri bæjarstjórnarlögum, þar sem bætt er aftan við greinina ákvæði um, að lögreglubjónar og næturverðir skuli settir af bæjarstjórn eftir tillögu bæjarfógeta, en hann einn veiti þeim lausn. Í hinum eldri bæjarstjórnarlögum nær ákvæðið líka til fangavarðar, en óþarft virtist að taka hann með.

Nefndinni þótti rétt, að þessir sýslunarmenn væru skipaðir á sama hátt og á sér stað í öðrum kaupstöðum, og því hefir hún tekið þetta ákvæði upp í frv.

Hinar aðrar brt., við 19.—22. gr., eru að eins lítilfjörlegar og varla nema breytingar á orðum; en viðvíkjandi breytingunni á 23. gr., þá hafa þeir, sem samið hafa frumv., gengið út frá því, að ráðgjafi og landshöfðingi yrði eitt og hið sama, og þess vegna yrði enginn mismunur á þessum ákvæðum, þegar um ágreining væri að ræða milli íslenzkra sveitarfélaga og sveitarfélaga annars staðar í ríkinu; en nefndinni þótti nauðsynlegt að taka það fram, að þegar ágreiningur yrði milli Hafnarfjarðar og annars íslenzks sveitarfélags, þá skuli landsh. skera úr því, en verði þessi ágreiningur milli Hafnarfjarðar og sveitarfélags í Danmörku, þá skuli ráðherra Íslands leggja úrskurð sinn á málið. Þessi breyting þótti nefndinni nauðsynleg, af því að hún gekk út frá því stjórnarástandi sem nú er, þegar frumvarpið er samið.

Í 26. gr. frv. er gert ráð fyrir, að allar ávísanir skuli vera undirritaðar af oddvita bæjarstjórnarinnar og að minsta kosti 3 bæjarfulltrúum; en nefndinni virtist óþarfi að hafa þá svo marga, og áleit nægilegt, ef 2 þeirra skrifuðu undir.

Brt. nefndarinnar við 29. gr. er að eins orðabreyting og sama má segja um allar þær, sem á eftir koma.

Þá kem eg að br.till. nefndarinnar við 1. gr. sem er veruleg efnisbreyting, þar sem farið er fram á að færa laun bæjarfógeta úr 500 kr. niður í 300 kr.; það kom fram við 1. umr., að málið hefði ekki góðan byr hér í deildinni, og hélt nefndin, að þetta launaspursmál gæti máske hafa orðið þess valdandi; en þess ber að gæta, að meðan fylgt er sömu reglu og hingað til um styrkveitingu til barnaskóla, þá yrðu þessi 500 kr. útgjöld aðallega á pappírnum; því að ef Hafnarfjörður yrði gerður að kaupstað, félli styrkurinn til barnaskóla þar niður, en sá styrkur nemur nú því sem næst sömu upphæð og farið er

fram á í frv., að veitt sé til að launa bæjarfógeta. Samt sem áður vill nefndin leggja það til, að laun bæjarfógetans séu færð niður í 300 kr., og mundu þau þá nema töluvert minna en sá styrkur, sem nú er veittur til barnaskóla þar, svo að landssjóður hefði ekki einungis engin útgjöld, heldur beinlínis hagnað af því, að Hafnarfjörður fengi bæjarréttindi.

Annars skal eg til frekari skýringar því, hve mikla þýðingu það hefir fyrir Hafnarfjörð að fá bæjarréttindi, geta þess, að eg hefi snúið mér til héraðslæknis Guðm. Björnssonar og spurt hann, hvaða þýðingu hann áliti það hafa fyrir Hafnarfjörð í heilbrigðislegu tilliti, að bærinn fengi bæjarréttindi, og hefir hann svarað fyrirspurn minni með bréfi, dagsett 16. þ. m., sem eg með leyfi hæstv. forseta skal leyfa mér að lesa upp; bréfið hljóðar svo:

„Þér hafið, háttv. herra alþingismaður, skorað á mig að tjá yður skoðun mína á því, hvort nokkuru sé um vert fyrir Hafnarfjörð í tilliti til heilbrigðisframfara, að bærinn fái kaupstaðarréttindi. Síðan eg varð héraðslæknir í Reykjavikurhéraði, haustið 1895, hefi eg haft náin kinni af Hafnarfirði. Þar hefir jafnan verið margt um framtakssama menn, sem hafa haft fullan vilja á því, að efla framfarir bæjarins; en þeir hafa litlu sem engu getað áorkað vegna mótspyrnu utanbæjarmanna í Garðahreppi.

Þar er mikil þörf á alls konar heilsubótar- og þrifnaðarráðstöfunum: Milli húsa eru víðast engar götur og engin fráræsla frá húsunum. Neizluvatn sækja bæjarbúar í læk, sem rennur gegn um miðjan bæinn; en vatnsvegurinn langur frá flestum heimilum, vatnið skolmórautt í leysingum og engin trygging fyrir því, að óhreinindi ekki geti borist í lækinn frá næstu húsum. Og hreppurinn í heild sinni vill ekki leggja fram fé til vatnsveitu eða brunna, hins vegar engin heimild til að jafna slíkum kostnaði á bæjarbúa eina saman.

Ef taugaveiki kæmi í bæinn, er við búið, að hún yrði að voðafaraldri.

Húsaskipan er þar mjög ábótavant, þau hús flest illa gerð, sem reist hafa verið á síðari árum, og sett niður án nokkurs skipulags. Úr þessu verður ekki bætt, nema því að eins, að bærinn fái kaupstaðarréttindi og öðlist þar með heimild til að fá sér byggingarsamþykt. — Það er því álit mitt, að Hafnarfirði sé að öllu leyti, og ekki sizt í heilbrigðislegu tilliti, stór hagur og mikil nauðsyn á því, að fá kaupstaðaréttindi og öðlast þar með fult sjálfstæði í framfaramálum sínum.

Virðingarfylst.

G. Björnsson“.

Eins og sjá má af þessu erindi er það álit kunnugra manna, að stór nauðsyn sé á, að Hafnarfjörður fái bæjarréttindi. Sumir segja, að hér um bil sama takmarki mætti ná með því, að verzlunarstaðnum yrði skift út úr Garðahreppi. En nú hafa Hafnfirðingar tekið fram í skýrslu, er þeir sendu þinginu, að þeir legðu enga áherzlu á að fá það, þótt svo færi, að þeim væri neitað um bæjarréttindi.

Eins og eg tók fram við 1. umr., verð eg að álíta, að hér sé um mikla hagsmuni að ræða fyrir stórt bæjarfélag; og þar sem það hins vegar getur ekki verið neinum til meins, að því sé veitt sjálfstjórn, þá er engin ástæða til að neita um hana. Sama er að segja um alla stærri verzlunarstaði landsins. Það hefir stórmikla þýðingu fyrir þá, að mega skipa málum sínum sjálfir, og fyrir landið hefir það ekki minni þýðingu, að kaupstaðir eflist. Sumir hafa haldið því fram, að það mundi verða til hnekkis fyrir landbúnaðinn. Slíkt er misskilningur. Með því að kaupstaðir komi upp og blómgist, fæst innlendur markaður, og hann mundi fult eins happadrjúgur og hinn útlendi. Menn verða að gæta þess, hversu miklum kostnaði og erfiðleikum það er bundið að ná á útlend-

an markað. Og eini vegurinn til, að innlendur markaður fáist, er einmitt þetta, að bæir eflist í landinu. Að neita Hafnarfirði um sjálfstjórn af hlífð við landssjóð, er engin ástæða til. Það er ekki mikið í sölurnar lagt, þótt landssjóður greiði árlega einar 300 kr. til þess, að þessi staður megi sjálfur skipa málum sínum sér til hagnaðar og framfara.

Við 1. umr. málsins talaði enginn á móti því. En við atkvæðagreiðsluna kom það í ljós, að nokkurir voru því mótfallnir. Eg vona, að þeir láti nú heyra ástæður sínar, svo að nefndin geti tekið þær til íhugunar. Mætti þá vera, að miðlað yrði málum. Skal eg svo ekki fjölyrða meira að sinni, heldur að eins óska málinu góðra undirtekta hjá háttv. deild.

Eiríkur Briem: Eg var einn af þeim, er greiddi atkv. móti þessu máli við 1. umr. þess. Það gerði eg af þeirri ástæðu, að mér virðist félag það, sem hér er um að ræða, svo lítið, að það taki því ekki að veita því bæjarréttindi. Að vísu hefir Hafnarfjörður verið í uppgangi síðustu árin, en það ber mest á því, af því að fyrir fáum árum hafði honum hrakað svo mikið. Þessi uppgangur verður því að skoðast sem nokkurs konar jöfnuður eftir undanfarin lasleika, enda er óvíst, að hann verði varanlegur. Og með öllum þessum uppgangi er hann enn svo lítill, sem raun ber vott um.

Enn fremur sé eg ekki þá hagsmuni, er Hafnfirðingar að ætlan háttv. flutnm. (V. G.) mundu hafa af að fá þessari ósk sinni framgengt. Eg fæ ekki séð neina hagsmuna von í því fyrir lítið sveitarfélag að setja sig í þann kostnað og umsvif, er kaupstaðarréttindunum eru samfara. Þá sjálfstjórn, sem Hafnfirðingar óska eftir, mundu þeir að miklu leyti geta fengið með því að verða sérstakt hreppsfélag, og undanfarin reynsla bendir til þess, að það mundi eigi mæta neinni fyrirstöðu hjá landsstjórninni, að skifta Garðahreppi í tvö sérstök sveitarfélög, þar sem Hafnarfjörður væri annað.

Háttv. frsm. hélt því fram, að það hefði ekki nein sérlega mikil útgjöld fyrir landssjóð í för með sér, þótt Hafnarfjörður fengin bæjarréttindi. Þetta held eg sé misskilningur. Þótt barnaskólastyrkur til Hafnarfjarðar félli burtu, þá þyrfti þó eftir sem áður, að greiða styrk til barnaskóla í Garðahreppi. Og að því er snertir niðursetning nefndarinnar á launum tilvonandi bæjarfógeta, þá get eg þess til, að svo lág launaviðbót mundi naumast standa til lengdar.

Eg tek það fram enn, að ástæðan til, að eg er frv. mótfallinn, er sú, að eg tel það ekki mundu leiða til hagsmuna fyrir hlutaðeigandi stað. Og þótt Hafnfirðingar hafi á fundi samþykt með yfirgnæfandi atkvæðafjölda að fara þessa á leit, þá efast eg um, að það hafi verið tekið ljóst fram á fundinum, að hann t. d. færi þá á mis við styrkinn til barnaskólans.

Jónas Jónassen: Eg ætla að leyfa mér að taka í sama streng og háttv. 6. kgk. Mér er allsendis ókunnugt um, að Hafnarfjörður sé í miklum uppgangi, eins og haldið er fram í nefndarálitinu, eða að þar sé svo stór skipastóll. Það var fyrir fáum árum, að Hafnarfjörður tók dálítinn kipp, en nú er það að hverfa aftur. Einu verzlanirnar þar núna eru víst Flygenrings og Brydes *(Kristján Jónsson:* En Thorsteinsson?) Þar eru að mestu leyti tómir fátæklingar, varla nokkur stöndugur maður. Þeir, sem eitthvað hafa átt, hafa flestir farið til Reykjavíkur. Eg er því alveg mótfallinn að gera þetta litla kauptún að kaupstað.

Kristján Jónsson: Eg hefi talsverðan kunnugleik á þessu héraði, en hefi ekki verið því mjög meðmæltur, að þessi breyting yrði gerð, þegar hún áður hefir verið tekin til íhugunar. En af því mér er kunnugt um það, að þetta er mikið áhugamál Hafnfirðinga, sjálfra hlutaðeig-

enda, þá sé eg ekki ástæðu til, að þingið sé á móti því, ef ekki leiðir af því verulegan kostnað fyrir landssjóð, því þá sýnist mér, að þetta eigi að vera sveitamálefni eða innanhéraðsmálefni. Eg held ekki, að landssjóður þyrfti að borga bæjarfógetalaun, hvorki 500 kr. né 300 kr., það mætti ef til vill fella alt þetta gjald niður, ef þess þyrfti til samkomulags. En það var ræða háttv. 6. kgk. þm. (E. B.), sem kom mér til að standa upp.

Eg þekki sögu þessa verzlunarstaðar um 25 ár full. Mannfjöldi þar hefir að jafnaði verið um 600 og komst einu sinni ofan í nærfelt 400. Þegar eg var þar, voru íbúar flestir um 600 og nú eru þeir orðnir um 800. Svæðið, sem ætlað er til kaupstaðarlóðarinnar, er nokkuð stærra en það, sem nú er kallað verzlunarstaður. Bær með 800 íbúum er ekki eins lítill og fámennur, og háttv. 6. kgk. þm. (E. B.) vildi telja hann, því bæði Akureyri og Seyðisfjörður höfðu miklu færri íbúa en Hafnarfjörður, er þau fengu kaupstaðarréttindi -- eitthvað 3—4 hundruð manns. Reykjavík hafði að mig minnir 3—5 hundruð, og Seyðisfjörður hefir aldrei haft fleiri íbúa en Hafnarfjörður hefir nú, og nú hefir hann að eg ætla eins marga. En þegar háttv. 6. kgk. þm. (E. B.) talaði um ástæðurnar fyrir því, hvers vegna bæjarbúar í Hafnarfirði vildu fá kaupstaðarréttindi, þá sýndi hann, að mér virtist, það, að hann hefði ekki íhugað málið né rannsakað eins vandlega, eins og við hefði mátt búast af honum. Þeir vilja fá kaupstaðarréttindi til þess, að eiga hægra með að sjá um og bæta vegi sína, til þess að koma upp vatnsleiðslu, götulýsing o. s. frv. fyrir sig (c: í Hafnarfirði). Eins og kunnugt er, ganga nú þau gjöld, sem brúka mætti til þessa, sýslusjóðsgjald og sýsluvegasjóðsgjald, til sýslufélags Kjósar- og Gullbringusýslu, það er að segja út úr bænum, upp í Kjós og í aðrar áttir, en bæjarbúar vilja, eins og eðlilegt er, að þessi gjöld gangi til þeirra eigin þarfa, til þess að bæta vegi og annað hjá þeim sjálfum. Hingað til hafa prívatmenn mestmegnis lagt fé til þess, sem gert hefir verið að vegum og að öðrum opinberum mannvirkjum í Hafnarfirði, með samskotum, og fátækir menn hafa lagt til vinnu sína.

Þessu vilja bæjarbúar fá kipt í lag með lögunum.

Þó eg hafi aldrei verið mikið með því, að skapa nýja kaupstaði, þá verð eg að vera því fremur hlyntur í þessu tilfelli, þar sem það þarf eigi að baka landssjóði nokkurn eða nokkurn verulegan kostnað. Taki bæjarbúar of þunga byrði á herðar sér, þá er það á eigin ábyrgð þeirra, og eg álít, að það væri eigi rétt af þinginu, að vilja vera forráðamaður þeirra í þessu efni.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Eg gleymdi að geta þess, að í frumv. eru nokkurar prentvillur, og skal eg benda á þær:

Í fyrirsögninni „bæjarstjóru“ fyrir bæjarstjórn.

Í 1. gr. „Árfjalls“ á að vera Ásfjalls og í næstu línu fyrir neðan „heina“ fyrir beina.

Í 12. gr. stendur„ fundalok“ fyrir fundarlok og „fnndi“ fyrir fundi.

Í 22. gr. stendur „kæru“ fyrir kærur og „skriflegar“ fyrir skriflega.

Í 26. gr. stendur „mánuð“ fyrir mánuðum.

Í 30. gr. stendur „bæjafógetanum“ fyrir bæjarfógetanum.

Í 31. gr. „ráðstafianir“ fyrir ráðstafanir.

ATKV.GR.: Fyrri kafli 1. gr. feldur með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, sökum óljósrar atkvgr., og sögðu:

já:

Hallgrímur Sveinsson,
Júlíus Havsteen,
Kristján Jónsson,
Sigurður Jensson,
Valtýr Guðmundsson.

nei:

Jón Jakobsson,

Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Guttormur Vigfússon,
Jónas Jónassen,
Þorgrímur Þórðarson.

Frv. þar með fallið.

Kosning 4 nýrra þingmanna.

FRUMVARP til laga um kosning fjögurra nýrra þingmanna; 1. umr., 18. júlí. (C. bls. 246; n. 245).

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Mál það, sem hér liggur fyrir, er mjög stutt og einfalt og lítið fyrirferðar, og munu því háttv. þingdeildarmenn hafa haft nægan tíma til að átta sig á því, enda mintist eg á það í gær við framsögu mína í kosningalagamálinu. Eg sé því ekki ástæðu til að segja hér mörg orð, áður en eg heyri undirtektir þær, sem tillögur nefndarinnar fá hjá háttv. deild. Að eins skal eg leyfa mér að taka það fram, sem getið er um í nefndarálitinu, að í nefndinni kom fram talsverður skoðanamunur um það, hvernig kjósa ætti þessa 4 þingmenn. Sú skoðun kom fram í nefndinni og hafði þar talsverðan stuðning, að sá máti, sem stjórnarfrv. fer fram á, væri hinn heppilegasti. Þó gat nefndin öll eigi að svo stöddu fallist á tillögur stjórnarinnar, og hefir því komið fram með nýja uppástungu, sem hún þó ekki, ef annað heppilegra skyldi bjóðast, vill gera að neinu kappsmáli, og það því síður, sem hér er að eins um kosning í eitt skifti að ræða, og því ekki svo mjög mikið undir því komið, að sá allrafullkomnasti grundvöllur sé fundinn fyrir kosningunni. Töluvert er, sem mælir með því, að sá grundvöllur, sem stjórnarfrv. bendir á, sé hinn heppilegasti, og vitanlegt er það, að Reykjavík á heimting á að fá fleiri þingmenn en hún nú hefir, og það er eftir fólkstölu alls eigi um of, þótt hún fengi 2 af hinum nýju þingmönnum, eins og stjórnin ætlast til. Eigi er það heldur að neinu leyti misrétti, eða óeðlilegt, að hinir kaupstaðirnir, Akureyri og Ísafjörður, fái sinn þingmanninn hvor. En menn kynnu að spyrja: Hví má þá ekki Seyðisfjörður vera með? Því má svara, að það væri misrétti gegn Rvík, að Seyðisfj. fengi 1 þingmann, en Rvík ekki nema 1 í viðbót, og þegar fólksfjöldinn á Seyðisfirði er athugaður í sambandi við fólksfjöldann í Rvík, þá hefir Seyðisfj. sannarlega ekki farið varhluta. Þó að sumir þannig álitu, að ákvæði stjórnarfrv. væri heppilegust, þá kom þó líka sú skoðun fram í nefndinni, að ekki væri rétt að láta þessa viðbót koma niður á einstökum stöðum, heldur ættu sem flestir að taka þátt í kosningunni. Frá almennu sjónarmiði lítur nú þessi aðferð vel út, og því var það, að nefndin kaus þann veginn. Þessu til meðmæla þótti einnig mega telja, að hér, við þessa litlu kosningu á einum 4 þingmönnum, gæfist kostur á að fá nokkra reynslu á því, hvernig gangi að beita hinum væntanlegu nýju kosningalögum. Mönnum gæfist þá kostur á að setja hina nýju kosningavél í gang og sjá, hvort öll hennar hjól pössuðu hvert inn í annað, hvort þau gripu hvort annað eða sleptu, eða þá nerust fast saman, svo að vélin stöðvaðist. Þó að nú nefndin ekki áliti, að þessi grundvöllur sé sá einasti rétti, þá hefir hún samt komið sér saman um, að bera frv. fram í þessu formi, en eg skal taka það fram, að nefndin eigi vill gera þessa uppástungu sína að neinu kappsmáli eða halda fast við hana, heldur leggur hún það á vald háttv. þingd., hvað hún vill gera í þessu máli.

Landshöfðingi: Það lítur svo út, sem erfitt ætli að verða að koma niður þessum 4 þingmönnum, sem við eiga að bætast, samkv. stjórnarskránni, enda er ekki ólíklegt, að þetta ákvæði um fjölgun þingmanna reynist óheppilegt. Eg fyrir mitt

leyti hefi ávalt litið svo á, og frá mínu sjónarmiði hefði það verið heppilegast að fjölga ekki þjóðkjörnu þingmönnunum, heldur að fækka þeim kgk. um 2 og bæta 8 við í Ed. úr Nd.

Annars get eg verið háttv. frsm. (H. Sv.) þakklátur fyrir það, hve vel hann hefir mælt með stjórnarfrv., því að mér skildist á ræðu hans, sem hann áliti, að ákvæði stjórnarfrv. væru heppilegri en þau, sem nefndin hefir sett í staðinn. Um þetta get eg verið háttv. frsm. samdóma. Eg get með engu móti felt mig við frv. nefndarinnar, og vil eg því ráða háttv. deild til að samþykkja frv. stjórnarinnar óbreytt.

Valtýr Guðmundsson: Eg get verið hæstv. landsh. samdóma um það, að sú aðferð, sem stjórnarfrv. bendir á, kynni að vera einföldust og óbrotnust, og gæti eg því verið því samdóma, en þó því að eins, að allir 4 kaupstaðirnir fengju að taka þátt í kosningunni, en á hinn bóginn eru þau vandkvæði á þessari kosningu, að með henni fá þessi kjördæmi tvöfaldan kosningarrétt á við önnur kjördæmi, og þó að hins vegar Rvík ef til vill ætti heimtingu á að fá 2 þingmenn til, þá finst mér þó ekki rétt, að taka þá fjölgun til greina, fyr en hin nýja kjördæmaskipun er komin á. Jafnréttið verður auðvitað mest, ef öllum kjördæmum landsins veittist kostur á, að taka þátt í þessari kosningu, og get eg því að því leyti fallist á hugsunina í tillögum nefndarinnar, en á hinn bóginn verð eg að finna það að, að þessi aðferð setur alt of mikið „apparat“ í hreyfingu og hefir alt of mikinn kostnað í för með sér; og þar sem hér er verið að ræða um aukakosningu, sem eigi á að búa við til frambúðar, heldur kannske að eins stendur örskamman tíma, þá verð eg að álíta, að önnur aðferð sé heppilegri. Eg hafði hugsað mér, að kosning þessara 4 þm. mætti fela hinum 4 amtsráðum og að með amtsráðunum kysi einn maður úr bæjarstjórn þriggja kaupstaðanna og 2 menn úr Rvík; með því yrði grundvöllurinn hinn almenni kosningarréttur, en kostnaðurinn aftur á móti miklum mun minni, og eg verð að álíta það, eins og eg tók fram áðan, ábyrgðarhluta við bráðabirgðarkosningu, eins og þessa, að leggja mjög mikinn kostnað á kjósendurna. Eg vil því leyfa mér að leggja það undir álit háttv. nefndar, hvort hún ekki vill athuga tillögu mína.

Kristján Jónsson: Eg skal leyfa mér að taka það fram, að eg get verið hæstv. landsh. samdóma um það, að tillögur þær, sem farið er fram á í stj.frv., séu hinar heppilegustu, sem enn þá hafa fram komið, og mun eg á síðan koma með br.till. í líka átt og stjórnarfrv. fer, og hinn hæstv. landsh. gat um. Þegar þess er gætt, að hér er um millibilsfyrirkomulag að ræða, þá sé eg ekki annan veg heppilegri en þann, sem stjórnin hefir bent á eða vill fara; og sé tekið tillit til mannfjölda aðallega, þá er enginn efi á því, að Rvík á heimtingu á að fá 3 þingmenn; en það er ekki einungis það, að Rvík vegna fólksfjöldans eigi heimtingu á að fá 3 þingmenn, heldur leggur hún einnig — það fullyrði eg — langmest allra kjördæma til allra opinberra þarfa, svo miklum mun meira, að það réttlæti einnig þessa þingmanna-tölu; auk þess má ætla, að hún hafi völ á flestum mönnum, sem vænta má um að séu vaxnir þingmenskustarfinu. Þar sem nú þessi kjördæmaskipan, sem hér er ráðgerð, að eins á að standa örskamman tíma, þá get eg eigi séð neina ástæðu til þess, að setja allan þenna útbúnað í hreyfingu og baka mönnum þenna mikla kostnað, sem frv. gerir ráð fyrir, en auk þess skal eg geta þess, að sú kosningaraðferð, sem nefndin hefir stungið upp á, er að mínu áliti mjög óheppileg, og það er hrein og bein hugsunarvilla, að láta kjósa 30 þingmenn á þann hátt, sem hingað til hefir verið, það er í eins manns

kjördæmum, en láta ömtin kjósa hina 4. Öðru máli væri að gegna, ef þessir 4 þingmenn væru kosnir til annarar deildar þingsins eingöngu, nfl. Ed., þá mætti ef til vill bótmæla því, svo framarlega sem allir þjóðkjörnir þingmenn væru kosnir til þessarar deildar eftir sömu reglu. En að kjósa þjóðkjörna þingmenn til sama þingsins eða sömu þingdeildarinnar eftir 2 gagnólíkum principum, það tel eg rangt, og kalla það hugsunarvillu.

Að svo mæltu skal eg ekki fjölyrða um þetta að svo stöddu. Eg vildi að eins geta þess, að eg mun síðar koma með breytingartillögu í þá átt, sem eg áður gat um.

Guttormur Vigfússon: Eins og sjá má af nefndarálitinu, og meðnefndarmönnum mínum er kunnugt, gat eg ekki orðið þeim fylgjandi að þessu frv., og var aðalástæðan sú, að mér fanst, eins og bent hefir verið á, að hér væri settur alt of mikill óþarfaútbúnaður í hreyfingu, þar sem allur landslýður á að vera kvaddur til þess, að kjósa þessa 4 þingmenn. Þess utan hefir fyrirkomulag þetta í för með sér ýmsa vafninga og talsverðan óþarfa kostnað; mætti benda á margt því til sönnunar, sem eg þó ekki kæri mig um að gera að svo stöddu. Ef á hinn bóginn allir 4 kaupstaðirnir fengju að kjósa sinn þingmanninn hver, þá skal eg að vísu játa, að Seyðisfjörður fengi tiltölulega meiri þátt en hinir kaupstaðirnir í kosningu þessari, en eg get alls ekki séð ástæðu til að öfundast yfir því í þetta eina sinn. Á hinn bóginn verð eg að álíta sanngjarnt, að kosningarnar komi ekki allar niður á kaupstöðunum einum, því þeir hafa þegar tekið þátt í þeim kosningum, sem nú eru fram farnar. Mér hefir því dottið í hug, hvort ekki mundi vera rétt, að koma fram með breytingartill. í þá átt, að kjördæmi það, sem kaupstaðurinn heyrði áður til, skyldi nú kjósa með kaupstaðnum, ef ekki færu fram almennar kosningar, því eins og eg býst við, að allur Rvíkurbær tæki þátt í kosningu þess þingm., sem þar væri kosinn, eins álít eg líka rétt, að kjördæmin öll tæku líkan þátt í kosningum hinna þriggja. Eg vildi ekki kljúfa nefndina á þann hátt að koma með frumv. í þessa átt, en hafði hugsað mér að ráðgera við nefndina að koma fram með breyt.till. í þessa átt við frumv. hennar. Mér er þetta að vísu ekki kappsmál og eg álít, að það hafi ekki mikla þýðingu, af hverjum þessir 4 þingmenn verða kosnir að þessu sinni, en eg vildi fyrir mitt leyti reyna að koma þeim fyrir með sem allrahægustu og hagfeldustu móti.

Það hefir oft verið sagt, bæði í nefndinni og deildinni, að Reykjavík hefði réttmæta kröfu til þess að fá 2 af þessum nýju þingmönnum. Þetta má að vísu til sanns vegar færa, þegar litið er til mannfjöldans eins, en það er ein önnur hlið á málinu, sem bendir í þá átt, að Rvík, þó hún fengi ekki nema 1 þenna nýja þingmann, sé ekki ver sett en önnur kjördæmi landsins, því altaf má ganga að því sem vísu, að hinir 6 kgk. þm. verði flestallir úr Reykjav. og auk þess margir aðrir þingmenn úr ýmsum kjördæmum landsins; má þessu til sönnunar benda á, að nú er meir en $^1/_8$ allra þingmanna búsettur í Rvík, og munu því margir ætla, að þeir gætu komið fram sínum málum, ef þeir vildu léttann á leggja. Eg fyrir mitt leyti vil ekki í neinu traðka rétti Rvíkur, en eg skil ekki, að hægt sé að segja, að hún verði út undan með fulltrúa á alþingi, meðan 13 þingmenn eru þar búsettir af 36.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Eg skal játa það, að eg er dálítið vant við kominn, þar sem eg er framsm. þessa máls fyrir nefndarinnar hönd og mér því ber að halda fram till. hennar, þótt eg fyrir mitt leyti tæki það fram í nefndinni, að eg feldi mig engu síður við till. stjórnarinnar en till. nefnd-

arinnar, og fyrir mér er það aðalspursmálið, að málinu verði ráðið til lykta á sem heppilegastan og haganlegastan hátt. Eg gæti jafnvel felt mig við, að Reykjavík að eins fengi einn þm. og Seyðisfj. einn, ef þá væru meiri líkur til, að kosningunum yrði fram komið hagkvæmar og án mikils kostnaðar, og eg skal enn fremur geta þess, að þó að tillaga nefndarinnar fari meir í þá áttina að sjá jafnaðarhugmyndinni borgið, þá er stjórnarfrumv. að því leyti til betra, að kostnaður sá, er kosningunum yrði samfara, yrði stórum minni eftir því.

Viðvíkjandi þeirri athugas. frá háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.), að frumv. feli í sér hugsunarvillu, þar sem það láti kjósa þessa 4 þingmenn af ömtunum, en hina 30 af einstökum héruðum (*Kristján Jónsson:* Frumv. er ein hugsunarvilla frá upphafi til enda). — Nei! Það er þó ekki hugsunarvilla, að hina 4 nýju þingmenn verður að kjósa; spurningin er að eins um, hvern kosningagrundvöll heppilegast sé að velja. Frumv. stingur upp á einni sérstakri aðferð, og eg fyrir mitt leyti fæ ekki séð, að þessar tvær kosningaraðferðir séu ekki samrýmanlegar.

Viðvíkjandi þeirri athugas. frá háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.), að Rvík sé betur sett en öll önnur kjördæmi að því leyti, að þar séu fleiri þingmenn búsettir en í nokkuru öðru kjördæmi, þá skal eg taka það fram, að það kann að vísu að líta þannig út, en eg verð að mótmæla því, að það í sjálfu sér hafi nokkur áhrif á framkomu þeirra. Þessir þingmenn eru ekki fyrir Reykjavík eina, heldur fyrir alt landið; flestir þeirra eru valdir af konungi og eg þykist óhætt mega fullyrða, að þessir menn gera sér alt far um að gera rétt og líta á hag landsins í heild sinni, og geri líka rétt, eftir því sem við verður búist af breyskum mönnum. Eg þykist mega fullyrða, að þessir menn vilja sýna alla sannsýni og ekki draga taum eins héraðs frekar en annars, enda er líka störfum þeirra flestra þannig varið, að það gefur enga ástæðu til slíkrar hlutdrægni; starfsvið þeirra er ekki bundið við Reykjavík eina, heldur er það alt landið. Eg vil þannig nefna: amtmann, landfógeta, yfirdómara, biskup, landlækni og kennara við prestaskólann, þetta eru starfsmenn ekki neins eins kjördæmis, ekki heldur þessa bæjar, heldur alls landsins. Þessir menn hafa og hljóta að hafa alt landið fyrir augum. Eg verð því að álíta það varhugavert að benda því að þessum mönnum, að þeir sérstaklega séu þingmenn fyrir Reykjavík og þeir sérstaklega hafi hennar hag fyrir augum, og hið sama hygg eg megi segja um þá þjóðkjörnu þingmenn, sem búsettir eru í Reykjavík. Annars skal eg leyfa mér að taka það upp aftur, að hvorki mér né nefndinni er það neitt sérlegt kappsmál, að einmitt frumv. hennar verði samþ., ef menn gætu bent á eitthvað betra.

Guðjón Guðlaugsson: Eg skal ekki vera margorður og eg býst ekki við, að það verði margt eða nýtt, sem eg kem hér fram með, enda hefir háttv. framsm. (H. S.) tekið fram flestar ástæður nefndarinnar. Að eins vildi eg vekja máls á frumv. frá dálítið annari hlið. Frá nefndinni hefir komið fram frumv., sem gengur í þá átt, að sem flestir eða allir gætu tekið þátt í kosningu þessara 4 nýju þingmanna. Það hafa komið fram raddir um það, að frumv. stjórnarinnar væri ekki heppilegt, bæði af þeirri ástæðu, að það væri misrétti á móti öðrum kjördæmum landsins, að láta þessa 3 kaupstaði kjósa alla 4 þingmennina. Þess ber líka að gæta, að þessi kosning er að eins bráðabirgðarkosning, og það er mikið efamál, hvort sú viðbót, sem þessi kjördæmi þannig fengju, fengi að halda sér, og þá ber þess að gæta, að það væri óviðfeldið og særandi fyrir þessi kjördæmi, ef þau innan allskamms tíma yrðu

svift þeim rétti, sem þau þannig hefðu fengið, og að sjálfsögðu gjört sér von um að þau fengju að halda. Mitt álit er því það, að réttast sé að festa þessa þingmenn hvergi að svo stöddu, það getur þá eigi valdið neinni óánægju og enginn orðið ófundaður.

Það hefir enn fremur verið minst á þann kostnað, sem nefndarfrumv. hefði í för með sér, og eg skal að vísu játa, að það er óhjákvæmilegt, að sá kostnaður yrði nokkur; en eg skil hins vegar ekkert í þeim mönnum, sem haldið hafa fram kosningalagafrumv. og samþykt það, að þeir skuli láta sér þenna kostnað í augum vaxa. Kostnaðurinn eftir þessu frumv. verður þó aldrei meiri, heldur en eftir kosningalagafrumv., en samkvæmt því vilja þeir leggja þenna kostnað á okkur um aldur og æfi. Hins vegar ber þess að gæta, að hér er um alveg nýja kosningaraðferð að ræða; málið hefir verið rætt talsvert núna síðustu árin og er nú í fersku minni. Mér virtist ekkert á móti því að reyna þessa aðferð nú strax; hún kæmi mönnum þá ekki eins ókunnuglega fyrir, eins og eftir 5 ár, þegar þekkingin á aðferðinni yrði minni, þegar frálíður. Eg álít því, að frumv. nefndarinnar hefði þá kosti í sér fólgna, sem jöfnuðust á við þann kostnað, sem frumv. hefði í för með sér.

Eg er að vísu ekki eins lögfróður, eins og háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) en hins vegar get eg ekki skilið í þeirri lagaskýringu hans, að kosningin eftir frumv., svo sem hann skýrir frá, yrði ólögleg. *(Kristján Jónsson:* Eg sagði ekkert í þá átt). Eg heyrði þó ekki betur en háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) talaði þessi orð, og eg trúi því ekki, að hann hafi eigi sagt það; skyldi gleðja mig, ef þetta væri misskilningur hjá mér á orðum þingmannsins.

Hins vegar skal eg játa, að eg er á sama máli og hæstv. landsh., að það hefði verið miklu heppilegra, að hinum kgk. þingmönnum hefði verið fækkað, en þjóðkjörnum fjölgað, og jafnframt, að heppilegast væri, að þingmenn væru kosnir beinlínis til deildanna, því það er altaf óeðlilegt að þingið sjálft kjósi í efri deild, en það er ekki það mál, sem hér liggur fyrir, heldur að eins hitt, hvernig eigi að koma þessum 4 þingmönnum fyrir, og eg skal geta þess, að þó að það sé óþekt hjá öðrum þjóðum að kjósa á líkan hátt og hér er farið fram á, nefnilega að kjósa 4 þingmenn af 4 ömtum, ofan á 30 þingmenn, sem kosnir eru af einstökum héruðum innan amtanna, þá ber þess að gæta, að þetta eru að eins ákvarðanir um stundarsakir, sem ekki er til ætlast að haldist nema um stundarsakir og er því ekki við að búast, að maður hafi dæmi fyrir sér annars staðar frá.

Þá skal eg víka að því ákvæði stjórnarfrumv., að 2 þessarra nýju þingmanna skuli kosnir í Reykjavík, sem og þeirri breytt.till., að þessir 4 þingmenn verði kosnir af 4 kaupstöðunum, og skal eg þá taka það fram, að eg sé enga ástæðu til að setja einn þingmann niður á Seyðisfjörð. Í samanburði við fólksfjölda hafa Austfirðingar sannarlega ekki orðið varhluta hvað þingmannatölu snertir, heldur þvert á móti; og að því er Reykjavík viðvíkur, þá er það að vísu svo, að ef fara á eftir fólksfjöldanum eingöngu, þá væri það sanngjarnara, að þar væru 3 þingmenn, en þess ber að gæta, að það er ekki fólksfjöldinn einn, sem á að ráða þeim úrslitum, þó eg játi fúslega, að hann verður altaf að teljast með, sem mjög eðlileg ástæða, en það er og verður líka að taka annað til greina, t. d. staðhætti, atvinnuvegi og lifnaðarhætti, sem oft greinist sundur eftir skiftingu héraðanna. Eg fæ heldur ekki skilið, að nokkur skuli halda því fram, að það sé þýðingarlaust fyrir Reykjavík, að svo margir þingmenn eru þar búsettir. Það er vitanlegt, að þar eru nú búsettir 14 af 36 þingmönnum landsins, og eg get ekki trúað því, að

þessir menn, sem þar eru búsettir, fylgi ekki fremur fram rétti Reykjavíkur en annara kjördæma; eg fyrir mitt leyti skal fúslega játa, að mér myndi vilja verða að fylgja fremur fram réttindum míns heimkynnis en annara héraða, hvort sem maður er sérstaklega þingmaður þess eða ekki. Það hefir ekki aðra þýðingu en þá, að viðkomandi þingmaður er ekki þingmaður til að framfylgja neinum heimskulegum uppástungum, sem þingmaður kjördæmisins verður fram að bera eftir áskorun kjósendanna. Mín skoðun er því sú, að sá maður, sem er búsettur í héraðinu, án þess hann sé kjörinn þingmaður þess, sé verulega þingmaður þess í þeim rétta og verulega skilningi, einungis í öllu, sem er réttlátt og heiðarlegt

Kristján Jónsson: Eg vildi að eins leyfa mér að segja fáein orð útaf ummælum háttv. þm. Strand. (G. G.), þar sem hann hélt því fram, að eg hefði sagt, að kosning þessara 4 þingmanna, á þann hátt, sem nefndarfrumv. fer fer fram á, væri ólögmæt. Eg hefi aldrei sagt eitt einasta orð í þá átt, en hitt sagði eg, að það væri óviðfeldið og óviðeigandi að kjósa þessa 4 þingmenn af öllu landinu, þar sem 30 þingmenn eru kosnir af einstökum héruðum landsins. Eg tók það fram, að samvinna milli þessara þingmanna væri óviðfeldin og óviðeigandi og þetta princip við frumv. nefndarinnar væri hugsunarvilla.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2 umr. með 10 shlj. atkv.

Önnur umr., 21. júlí (C bls. 246; n. 245; 276, 285).

Framsögumaður (Hallgr. Sveinsson): Eg skal taka það fram viðvíkjandi þessu frumv., að þótt það sé frá nefndinni, sem hafði kosningalögin til meðferðar, þá voru skiftar skoðanir um frumv. í nefndinni sjálfri, og það var langt frá því, að allir væru sannfærðir um, að með frumv. þessu væri fundinn bezti eða sanngjarnasti vegurinn til þess að ráða fram úr þessu máli.

Það, sem mælir með því, að láta alt landið kjósa þessa 4 þingmenn, er t. d. það, að það mundi sýna, hvernig hin nýja kosningavél reynist í framkvæmdinni. Þessi kosning yrði að nokkuru leyti prófsteinn, sem sýndi, hvort nokkuru þyrfti að breyta í lögunum sökum þess, að það væri óhaganlegt hér a landi. Í öðru lagi mundi það gera minna til, þótt einhverjar misfellur yrðu á kosningu þessara 4 þingmanna, heldur en ef þær kæmu fram yfirleitt við næstu aðalkosningu. Menn gætu þá varað sig á þeim næst. Það hefir komið fram sú mótbára, að með þessu væri lagður óþarfakostnaður á sveitarfélögin. Nefndin lofaði að taka þessa athugasemd til greina, og hefir því íhugað málið, en ekki séð sér fært að koma með breyttill. um þetta. Hvað viðvíkur breyttill. h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) á þgskj. 122, þá miðar hún til þess, að færa frumv. í sama form og það var í í frumv. stjórnarinnar um kosningar til alþingis, nefnilega að láta að eins 3 kaupstaðina stærstu kjósa þessa 4 þm., þar af Reykjavík 2, Ísafjarðarkaupstað 1 og Akureyrarkaupstað 1. Eg vil taka það fram, að mér virðist svo, sem aftan af breyttill. þessari hafi fallið ákvæði um það, að 2., 3., 4., og 5. gr. frumv. falli burt. Eg lít að minsta kosti svo á, sem það hljóti að vera meiningin. Í nefndinni var þetta álitið einfaldast og ekki alveg ósanngjarnt, ef miðað er við fólksfjölda, en fyllilega sanngjarnt er það ekki, og eg tek það fram, fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar, að hann óskar, að frumv., en ekki þessi br.-till. verði samþ.

Sumum þótti það of takmarkað, að láta að eins 3 kaupstaði kjósa, og svo hefir það verið tekið fram, að Reykjavík væri vel birg að þingmönnum á þinginu, þar eð margir þeirra væru

búsettir hér, en við það er það að athuga, að þeir eru ekki þm. Rvíkur. heldur þess kjördæmis, sem kýs þá, eða þá landsins alls. Frá einum nefndarmanni kom uppástunga um það, að láta alla fjóra kaupstaðina kjósa sinn þingmanninn hvern, og getur það vel verið rétt meginregla, en þar við mætti þó koma með þá athugasemd, að þá fengi fólksfæsti kaupstaðurinn, Seyðisfjörður, eins mörg atkvæði og sá fólksflesti, Reykjavík. Annars er mér þetta ekkert kappsmál og eg vona, að enginn geri það að kappsmáli.

Kristján Jónsson: Eg tek það fram, að eg álít, að mál þetta hvorki eigi né megi nú vera kappsmál neinum þingmanni, því að hér er ekki að ræða um ráðstöfun, sem á að standa um lengri tíma, heldur er hér að eins um bráðabirgðarráðstöfun að tala.

Þegar eg athuga málið frá þessu sjónarmiði, get eg ekki látið vera að láta í ljós þá skoðun, að mér þykja tillögur stjórnarinnar heppilegastar, og að eg get ekki fallist á niðurstöðu nefndarinnar.

Eg get ekki fallist á, að það sé rétt, að þessir þingmenn séu kosnir á gagnólíkan hátt þeim, sem aðrir þingmenn verða kosnir eftir og það eftir talsvert flóknum, kostnaðarsömum og erfiðum reglum. Eg get yfir höfuð ekki séð nokkura minstu ástæðu til þess, að kjósa á tvennan hátt, þegar almennar kosningar eiga fram að fara, því að fyrir hinni nýju væntanlegu kjördæmaskipun hlýtur mannfjöldi aðallega að verða lagður til grundvallar, og því eigum vér þá ekki að taka það til greina nú þegar?

Eftir síðasta manntali var:

í Reykjavík	c.	7500	manns,
í Ísafjarðarsýslu og á Ísafirði	c.	7000	—
í Eyjafjarðarsýslu og á Akureyri	c.	6300	—
en í Norður-Múlas. og á Seyðisfirði	c.	3415	—

Að meðaltali verður því í hinum þrem fyrtöldu kjördæmum nálægt því 7000 íbúar í hverju þeirra, eða $^1/_{10}$—$^1/_{11}$ hluti allra landsmanna. Það virðist því ekki með öllu óréttlátt, að þau hafi 3 þingmenn hvert, því þá hafa þau hlutfallslega rétta tölu þjóðkjörinna þingmanna, þó að Eyjafjörðurinn þá að vísu beri tiltölulega mest úr býtum. Reykjavík hefir fullkomlega eins mikinn rétt og aðrir landshlutar til þess, að vera í fullum mæli pólitiskt representeruð, því að hún ber hlutfallslega frekari byrðar til almennra þarfa, en aðrir landshlutar; það er mér óhætt að fullyrða. Eg gæti sannað það, ef eg vildi hafa fyrir því, að Reikvíkingar borga hlutfallslega mest af þeim tollum landsins, er mesta þýðingu hafa fyrir landssjóðinn, og eg vona, að hattv. deild taki orð mín trúanleg í því efni, þó að eg leggi ekki nú fram sannanir fyrir þeim, því að eg hefi fyrir mér skýrslu þeirra manna um þetta, sem fengist hafa við fjármál landsins, og sjálfur hefi eg fyrir nokkurum árum rannsakað þetta atriði nokkuð ítarlega. Mér finst það ekki rétt að breyta svo til, að kosningar þessar verði fyrirhafnarsamar, erfiðar, flóknar og kostnaðarsamar, úr því að tillögur stjórnarinnar eru vel viðunanlegar til bráðabirgða. Næsta ár fáum vér ný kosningalög og innan skamms eigum vér að fá algerlega nýa kjördæmaskipun. Grundvöllurinn fyrir henni verður að sjálfsögðu mannfjöldi, eða kjörstaðafjöldi, kjördæmin ef til vill stækkuð og kosnir fleiri þm. í senn fyrir stór svæði, jafnvel einir 7—12. Breyttill. mín er að vísu ekki bygð á þessari skoðun eingöngu, en hún byggir á ástandinu, eins og það nú er, og miðar að eins til þess, að gerð verði viðunanleg bráðabirgðarráðstöfun á þessu máli. Eg vona nú, að hún verði samþykt, enda mælir það með henni, að hún tekur þó aðallega tillit til kjósendafjölda. En verði hún feld, mun eg greiða atkvæði með breyt.till. háttv. þm. S.-Múl. (G.-V.).

Annars er mér, eins og eg tók fram í byrjun ræðu minnar, þetta ekkert kappsmál. Eg óska þess eins, að málið, sem er mikils vert, fái viðunanlegar lyktir á þessu þingi.

Guttormur Vigfússon: Eg get tekið það fram strax, að mér er þetta mál alls ekki neitt kappsmál; en það, að eg hefi komið fram með breyt.till. við það, eða að eg ekki gat orðið samferða nefndinni, kemur til af því, að mér fanst, eins og h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) tók fram, að þetta mál mundi horfa undarlega við, ef það yrði samþykt í því formi, sem nefndin hefir lagt til, þannig, að þeir 4 þingmenn, sem hér ræðir um, yrðu kosnir alt öðruvísi til þingsins en allir aðrir; og í öðru lagi finst mér, eins og eg tók fram við 1. umr. þessa máls, alt of mikið „apparat“ sett í hreyfingu með því að stofna til almennra kosninga um alt land, til þess að koma þessum 4 þingmönnum niður; að eg hefi komið fram með breyt.-tillöguna á þgskj. 134 við breyt.till. h. 3. kgk. þm. (Kr. J.), kemur til af því, að eg hefi fyrst og fremst komist að því, að það sé alment álitið alls eigi rétt, að Reykjavík fái 2 þingmenn, ekki af því, að hún hafi ekki nægan mannfjölda til þess, — því að eg skal játa það satt, sem fært hefir verið fram í þá átt — en eg hygg, að margir muni hallast að minni skoðun að því leyti, að þó að Reykjavík hafi réttarkröfu til 2 þingmanna að fólksfjöldanum til, þá sé hún samt svo vel „representeruð“, að ekkert kjördæmi landsins sé betur sett en hún, þótt þau aldrei hafi nema 2 þjóðkjörna þingmenn. Það var tekið fram við 1. umr. þessa máls, að Reykjavík hefði 14 þingmenn hér búsetta í borginni, en svo var það tekið fram sem mótbára, að þeir væru ekki þingmenn Reykjavíkur sérstaklega, heldur alls landsins. Mér dettur ekki í hug að færa það fram, að þessir þingmenn, sem búsettir eru í Reykjavík, sýni neina hlutdrægni gagnvart öðrum kjördæmum landsins, þótt þeir séu búsettir hér í Reykjavík; en við höfum strax dæmi af h. 3. kgk. þm. (Kr. J.), þar sem hann hefir mjög rækilega tekið fram allar ástæður til stuðnings því, að Reykjavík fái 2 þingmenn, og skal eg ekki þar með segja, að þessar ástæður séu ósanngjarnar eða bendi á neina hlutdrægni, en styrkurinn liggur í því, að geta fylgt málinu því fastar fram, sem kunnugleikinn er meiri, og þar í liggur styrkurinn fyrir Reykjavík, þar sem hún hefir svo marga þingmenn búsetta í samanburði við önnur kjördæmi landsins, sem fáliðaðri eru. Mér þótti vænt um að heyra h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) lýsa því yfir, að hann næst sinni eigin breyt.till. vildi styðja breyt.till. okkar 2 þingmanna á þingskj. 134, enda finst okkur breyt.till. okkar fara í líka átt og hans, þar sem við viljum, að þessir 4 þingmenn verði fulltrúar fyrir sérstaka stétt í landinu, sem sé kaupstaðarbúa og kaupstaðarborgara.

Það er kunnugt, að í kaupstöðunum víkur því talsvert öðruvísi við en í sveitunum að því, er ýms landsmál snertir; því að í kaupstöðunum eru kaupmenn og iðnaðarmenn beztu borgararnir. Þar sem nú breyt.till. mín fer fram á, að einn af hinum 4 nýju þingmönnum verði kosinn af Seyðisfjarðarkaupstað, þá er það að vísu satt, sem sagt hefir verið og tekið fram sem mótbára móti þessu, nefnil., að Seyðisfjörður væri fámennari en hinir kaupstaðirnir, og skal eg fúslega játa, að ýmsar fleiri mótbárur, sem fram hafa komið, eru á nokkurum rökum bygðar; en á hinn bóginn bætist þetta aftur upp við það, að þótt Seyðisfjörður sé fámennastur, þá hefir hann samt alt annað sameiginlegt við hina kaupstaðina, þarfnast sömu lífsskilyrða, sem þeir, og þarfleiðandi kýs að sjálfsögðu einkum til þingsins mann, er hann treystir bezt til að standa fyrir málum sínum og kaupstaðanna í heild sinni. Eg vona því, að breyt.till. okkar

fái mestan byr í þinginu. Það er eitt enn þá, sem hefir vakað fyrir mér í nefndinni og sem gerir það að verkum, að eg er ekki vel ánægður með frumv. í þeirri mynd, sem það nú er, nefnil. það, að mér finst sjálfsagt, að kjördæmi þau, sem kosið hafa með kaupstöðunum áður, ættu að kjósa með þeim nú, því að eins og það er sjálfsagt, að þessir þingmenn, sem kosnir eru í Reykjavík, verða kosnir af öllum kjósendum bæjarins, eins ættu líka hinir að vera kosnir af öllum kjósendum í kjördæmum þeim, sem bæirnir liggja í

Eg hefi ekki sett þetta inn í breyt.till. mína, af því að það er nægur tími til að gera það við 3. umr., ef breyt.till. kemst að, en verði hún ekki samþykt, þá hefði það að eins verið til þess að eyða pappír, að bæta þessu ákvæði inn í hana.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Eg skal ekki tefja umræðurnar út af athugasemdum þeim, sem fram hafa komið við breyt.till. þær, sem hér liggja fyrir. Meginefni þeirra hefir þegar verið tekið fram áður, en nú eru þær að eins ítarlegar rökstuddar; en eg skal geta þess um leið, að það kom fram í nefndinni, að sumir nefndarmenn voru ekki fúsir til að einbinda sig við frumv. í því formi, sem það nú liggur fyrir, og vildu því hafa atkvæði sitt óbundið, þannig, að hver einstakur nefndarmaður hefði óbundnar hendur til að aðhyllast eitthvað annað, sem fram kynni að koma í þessu máli og sem honum þætti æskilegra eða aðgengilegra en það, sem nefndin hefir stungið upp á. Eg fyrir mitt leyti hefi þegar áður látið í ljós, að eg vildi hafa mitt atkvæði frjálst og óbundið í þessu máli, og skal eg þá strax taka það fram, að eg get ekki neitað því, að eg hefi töluverða velþóknun á br.till. h. 3. kgk. þm. (Kr.J.) á þgskj. 122, þar sem eg finn ekki ástæðu til að mótmæla þeim rökum, sem hann færði fyrir henni.

Þar sem h. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) gat þess, að styrkurinn fyrir Reykjavík lægi í því, að þessir mörgu búsettu þingmenn hér gætu fylgt málunum því fastar fram, sem kunnugleiki þeirra væri meiri en annara út í frá, þá finst mér það ekki vera rétt skoðað af h. þm. Grundvöllurinn undir kosningunni er hér nefnil. tvöfaldur; á aðra hliðina eru það kaupstaðirnir, sem kjósa, af því að þeir eru kaupstaðir, án tillits til mannfjölda, og á hina hliðina kaupstaðarbúar eftir mannfjölda; svo að hér er ekki á samfeldum grundvelli bygt, heldur tvöföldum og breytilegum; en eg skal játa, að hvor grundvöllurinn fyrir sig hefir sitt til síns ágætis.

Þar sem h. sami þm. tók það enn fremur fram, að Reykjavík ætti að láta sér nægja með einn þingmann, þar sem hún hefði svo marga búsetta þingmenn, þá er það sama athugasemdin, sem hann og fleiri settu fram við 1. umr. þessa máls, og get eg því nú svarað þeirri mótbáru með þeirri sömu athugasemd og þá, og sem hefir eigi verið hrakin, sem sé þeirri, að þessir búsettu þingmenn hér eru ekki sérstaklega þingmenn Reykjavíkur, heldur alls landsins; en hér kemur líka annað atriði til greina, sem eg vildi leyfa mér að benda á. Eins og h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) tók fram, þá eigum við nýja kjördæmaskiftingu í vændum og eftir henni má búast við, að mannfjöldi verði látinn ráða; gerðum við nú ráð fyrir, að þetta kjördæmi (Seyðisfjörður) við hana héldist óskift með 1 þingmanni, á þá að gera undantekningu fyrir Reykjavík, þannig, að 7000 manns í Reykjavík séu jafnt settir í þessu tilliti, sem t. d. 3000 manns í öðrum kjördæmum landsins?

Eg get ekki hugsað mér, að nokkur skuli vilja koma með breyt.till. í þá átt, að Reykjavík, sem er fjölmennasta kjördæmi landsins, fái ekki að kjósa sér þingmann, nema eftir takmörkuðu tilliti til kjósendafjöldans, sökum þess, að hún hafi marga og færa þingmenn hér búsetta. Það

verður að láta sér lynda, að Reykjavík á mesta heimtingu á fleirum en einum þingmanni, af því að hún hefir mest mannval, án nokkurs persónulegs tillits til þeirra þingmanna, sem hér eru búsettir. Að hún hafi mörgum og vel hæfum þingmannaefnum á að skipa, fremur flestum öðrum kjördæmum, er öldungis eðlilegt, þar sem hún er höfuðstaður með mörgum almennum stofnunum og skólum. Hefði hún ekki slíkt mannval, þá væri hún ekki höfuðstaður, heldur hlyti að vera heillum horfin kaupstaðarhola. Það er því eðlilegt, að héðan komi margir þingmenn, og er öðrum kjördæmum landsins ekki þar með gert lágt undir höfði, þótt þetta sé sagt sem faktiskur sannleiki. H. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) sagði enn fremur, að hann vildi ekki bera neinar ákúrur á þm., sem búsettir eru hér, fyrir hlutdrægni, en hann sagði enn fremur, að af því að atkvæðamagnið væri svo mikið, þá væri það þungt á metunum og þess vegna væri Reykjavík í því tilliti betur sett en önnur kjördæmi landsins; en hvað er að því? Ef þeir þingmenn, sem eru búsettir í Reykjavík, eru kunnugir annars staðar, þá má búast við, að þeir taki tillit til þeirra kjördæma, sem þeir eru fulltrúar fyrir, og ef þeir hafa ekki jafna þekkingu á staðháttum, þá má gera ráð fyrir, að þeir láti leiðbeina sér.

Eg vona þess vegna, að h. þm. láti ekki þessa grýlu fæla sig frá því, að láta Reykjavík fá fulltrúa í réttu hlutfalli við mannfjölda hennar.

Guðjón Guðlaugsson: Eg þóttist hafa fært fullar sannanir fyrir því, sem eg sagði við 1. umr. þessa máls, að það væru allar líkur til þess, að þingmenn fyrir búsetuna héldu fram kröfum þess kjördæmis, sem þeir væru búsettir í, framar öðrum, og eg get ekki skilið annað, en að þetta kappsamlega fylgi háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) sé töluvert af þessari ástæðu sprottið, án þess að eg þar með vilji bregða honum um hlutdrægni eða rangsleitni, því að það dugir ekki, þótt ástæðurnar fyrir þessu séu góðar að einu leyti, ef þær eru það ekki að öllu leyti. Eg held, að það verði líka hægt að sanna þessi orð mín enn þá betur, með því að benda á hringsnúning h. framsm. í þessu máli, þar sem hann nú er kominn á alveg gagnstæða stefnu við það, sem kom fram hjá honum í nefndinni; og einna helzt sannar uppástunga h. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) þessi orð mín, þar sem hann með henni er að leitast við að koma inn nýjum þingmanni, þar sem eru langflestir þingmenn eftir mannfjölda, og það gengur yfir mig, að hann skuli þá ekki vilja halda fram sínu eigin kjördæmi, t. d. Eskifirði; en þetta bendir aftur á áhrif búsetunnar, þar sem þm. er búsettur í Norður-Múlasýslu. Þótt maður skoði þetta ekki sem neina hreppapólitík, þá er eg sannfærður um, að h. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) hefði ekki borið þessa breyt.till. fram, ef hann ætti heima á Vestfjörðum eða Suðurnesjum.

Eg held, að það sé fullkomin ástæða til að ætla Reykjavík ekki nema 1 þingmann til viðbótar, þar sem hún hefir svo marga búsetta þingmenn, og er það ekki nein tilviljun og ekki nema sjálfsagt, að svo sé, þar sem hún er höfuðstaður landsins, og að því er hina kgk. þm. snertir, þá er það ófrávíkjanleg regla, að þeir eru flestir búsettir hér; og held eg því, að það sé enginn skaði, að því væri slegið föstu, að Reykjavík hefði ekki nema 15 þingm. í staðinn fyrir 16.

H. 3. kgk. þm. (Kr. J.) tók það enn þá fram, sem hann tvítók við 1. umr. þessa máls, að það væri óeðlilegt, að kjósa þm. þannig, þar sem engin stéttaskipun væri, nfl., að kjósa fyrst 30 og svo 4 þm.

Eg tók það fram við 1. umr. þessa máls, og skal taka það fram nú aftur, að það eru að eins staðhættir, sem hér koma til greina, en ekki stéttir, því að það á hér

ekki við, og eg álít rétt, að kjósa þessa 4 þingm. af öllum stéttum.

Að því er fólkstöluna snertir, þá hefi eg lýst skoðun minni á því áður, nefnil., að þótt nokkurt tillit beri að taka til hennar, þá skuli hún ekki tekin gild að öllu leyti, og stendur sú skoðun mín óhögguð enn þá, þrátt fyrir fólksfjölda Reykjavíkur. Eg held, að þetta kapp sé meira af öðrum ástæðum, nefnil., hvar flutnm. eiga heima, og svo af þessu kaupstaðardekri og af þessu áliti, sem menn hafa á því, að kaupstaðirnir eflist svo mjög vegna sjávarútvegsins, sem aldrei getur orðið nema til niðurdreps fyrir landbúnaðinn.

Það hefir enn fremur verið fært fram sem ástæða fyrir því, að Reykjavík fengi fleiri en einn þingm. til viðbótar, að hér væru fleiri mentaðir menn en annars staðar, og skal eg ekki neita því, að hér séu betri kraftar en annars staðar, en á hinn bóginn hefir þeim ekki verið beitt betur en annars staðar, og ekki verið viðhöfð fegurri meðul í kosningabaráttunni, og þurfa Reykjavíkurbúar ekki að miklast af því, að þeir hafi farið betur með kosningarrétt sinn en kjósendur út um landið, og hafa ekki þingmannskosningarnar altaf lánast hér svo vel.

Það var sérstaklega eitt, sem knúði mig til að standa upp, nefnil. það, að h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) sagði, að það þyrfti að stækka kjördæmin og kjósa 3, 4, 5 eða jafnvel 7 þingm. í hverju, og varð eg hissa á því, þegar hann miðar það við þessa breyt.till. sína; því að hér er gerð tilraun til hins gagnstæða, og held eg, að það væri fróðlegt að sjá, hvernig kosningar færu, ef sú uppástunga kæmist í framgang. Eg skal geta þess, að í mínum augum er stækkun kjördæmanna algerlega óhugsandi og ómöguleg, nema því að eins, að kosningarréttinum verði breytt. Það væri sannarlega að bæta gráu ofan á svart, að um leið og hver, sem borgar 4 kr. í útsvar, er látinn hafa kosningarrétt, að hann þá um leið geti kosið svo marga þm. Það kemur að mínu áliti ekki til nokkurra mála að stækka kjördæmin, nema með hlutfallskosningum, og eg skal játa það, að hlutfallskosning er sú kosningaraðferð, sem eg álít að sé heppilegust, og sem við megum til að ganga inn á bráðlega fyrir þann gapaskap, sem hefir verið sýndur með því að setja þetta ákvæði inn í stjórnarfrv, þetta eina 4 kr. útsvar sem einasta skilyrði fyrir jafndýrmætum rétti, sem kosningarrétturinn er.

Kristján Jónsson: Það er rétt skilið, eins og tekið hefir verið fram, að allar greinar frv. eiga að falla burt, ef mín brt. kemst að, en tillaga um þetta hefir fallið aftan af br.till. minni af vangá. Br.-till. h. þm. S.-Múl. (G. V.) mun eg gefa fylgi mitt við 3. umr., ef svo fer, að mín br.till. fellur. Það hefir verið minst á það, að Reykjavík ætti 14 eða 15 fulltrúa á þingi, en eg verð að taka það fram, að þetta á ekki við rök að styðjast, því að þeir Reykvíkingar, sem kosnir hafa verið þingmenn fyrir önnur kjördæmi landsins, koma jafnan fram sem fulltrúar þeirra héraða, og án tillits til hagsmuna Reykjavíkur, og hinir konungkjörnu þingmennirnir skoða sig jafnan sem þingmenn fyrir alt landið, sem þeir og eru í raun og veru

Sá grundvöllur, sem eg vil að bygt sé á eftir br.atkv. mínu, er að mínu áliti hinn eini rétti, eins og málið nú liggur fyrir, og hann gefur Reykjavík sinn rétt og ekki meira. — En verði mín br.till. feld, mun eg hallast að br.till. háttv. þm. S.-Múl. (G. V.), því að hún er skárri en tillaga nefndarinnar.

Það er ekki rétt hjá háttv. þm. Strand., að br.till. mín sé sprottin af meðhaldi með Reykjavík, heldur held eg því fram, sem eg álít réttast og sannast, og sem eftir atvikum er hagkvæmast og brotaminst.

Eg ætla mér að gera eina athugasemd út af orðum háttv. þm. Strand. Þar sem hann lét í ljós þá skoðun, að kaupstað-

irnir væru landbúnaðinum og þar með landinu til skaðsemdar, og að ekki væri rétt að gera neitt til þess að efla þá, þá er þetta sprottið af miklum misskilningi. — Kaupstaðirnir eru hvarvetna mjög mikilvægur þáttur í félagsskipuninni, og hjá oss verða þeir það og vafalaust. Með þeim mun skapast sú stéttaskipun og stéttaskifting, sem verður grundvöllur fyrir flokkaskipuninni á þingi framvegis, sem sé kaupstaðarborgarar, embættismenn, iðnaðarmenn, útvegsmenn og aðrir slíkir atvinnurekendur annars vegar, en sveitabændur, eða þeir, sem aðallega hafa landbúnað að atvinnuvegi, hins vegar.

Eg hefi lengi haft þessa skoðun á væntanlegri flokkaskiftingu hjá oss, en ekki látið hana í ljós fyr opinberlega eða hér á þingi, en nú fekk eg tækifæri til þess, út af orðum háttv. þm. Strand. (G. G.). Kaupstaðirnir verða mikilsverður liður í þjóðmenningunni, því að það fer hér, sem annars staðar, að þeir verða merkisberar allra framfara, bæði verklegra og í listum og vísindum, og það verður frá þeim, en ekki sveitunum, sem menningin berst út til þjóðarinnar. Þess vegna eigum vér að óska þess, að bæirnir fái sem mestan þroska, og ekki gera neitt það, er hefti vöxt þeirra og viðgang. Um stækkun kjördæmanna, sem eg mintist lauslega á í ræðu minni áðan, ætla eg ekki að fara frekar orðum að sinni, en að eins bæta því við, að eg álít það réttlátast, að jafnframt stækkun kjördæmanna verði hlutfallskosning leidd í lög. Setjum svo, að í kjördæmi, sem hefir 10 þúsund kjósendur, eigi að kjósa 5 þingmenn, og að flokkum sé svo skipað, að 5500 séu í öðrum, en 4500 í hinum; þá er það augljóslega ranglátt, að þessir 5500 kjósi alla þingmennina, en hinir 4500 fái engan þingmann.

Eg hefi margítrekað það, að eg vil ekki gera þetta að neinu kappsmáli, heldur að eins benda á það, sem eg álít réttast og skynsamlegast og heppilegast í málinu.

Valtýr Guðmundsson: Eg tók það fram, að eg væri ekki ánægður með tillögur nefndarinnar í þessu máli, en hallast heldur að tillögu háttv. þm. S.-Múl.

Kostnaðurinn við það, að láta alla landsmenn kjósa, verður að sjálfsögðu mjög mikill, og mér virðist óþarfi að vera að baka mönnum mikinn kostnað, þar sem þetta verður eingöngu bráðabirgðarástand.

Eg get ekki séð, að nein ástæða sé til að láta þessar aukakosningar fara fram eftir mannfjölda, þar sem kjósendatala í kjördæmunum á annað borð er svo misjöfn eftir núverandi kjördæmaskipun.

Það er erfitt að greiða atkv. í þessu máli, þegar maður er ekki ánægður með fyrirkomulagið, en málið hins vegar má ekki falla.

Nefndin vill hafa 1 þm. úr hverjum fjórðungi og er það að vísu gott, ef ekki væri afarmikill kostnaður því samfara; virðist því heppilegast að láta aðalkaupstaðina í fjórðungnum kjósa þá, því með því fær hver fjórðungur sinn þingmann, en kostnaðurinn sama sem enginn.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Mér er mál þetta alls ekki neitt kappsmál. Það eru smámunir einir, sem um er að ræða og engin ástæða til að þrefa mikið um það fram og aftur.

Eg fyrir mitt leyti gæti hér um bil gengið að öllum tillögunum, sem fram eru komnar í málinu, þó máske ein sé lítið eitt betri en önnur. Háttv. þm. Strand. (G. G.) sagði, að eg hefði farið í hring í þessu máli, og vona eg, að hann hafi ekki sagt það í niðrandi tilgangi. Í sjálfu sér er það ekki neitt ilt í því, að ganga út frá einhverjum ákveðnum punkti, smáfæra sig svo áfram og athuga alt nákvæmlega, unz maður kemur aftur að útgangspunktinum, en eins og orðin eru skilin í daglegu máli, getur legið í þeim, að maður hafi farið einhver ástæðulaus gönuhlaup,

og eigi vitað, hvert ferðinni var heitið.

Ef það hefir verið meiningin hjá háttv. þm. Strand., að eg fylgdi ekki fast fram frv. nefndarinnar, þá eru það óþörf orð, því eg tók það fram í nefndinni, að eg vildi hafa mitt atkvæði óbundið, en þar sem eg var gerður framsögumaður nefndarinnar, reyndi eg að mæla fram með tillögu hennar, frá sjónarmiði meiri hluta hennar.

En eg vona, að þessi orð hafi ekki verið sögð í niðrandi tilgangi.

Sigurður Jensson: Eg á nokkurn þátt í frv. nefndarinnar og vil því leyfa mér að segja nokkur orð. Menn hafa helzt fundið frv. það til foráttu, að það væri sett of mikið apparat í gang og of mikill kostnaður þessu samfara fyrir kjósendur. Eg get ekki séð, að þetta sé rétt, því að hvaða kostnaður er það fyrir kjósendur, sem hér er um að ræða? Jú, að ómaka sig á kjörfund, en þeir eru ekki skyldugir til þess, heldur er kjósendum gerður kostur á að koma og kjósa, ef þeir vilja, en ef þeir ekki vilja ómaka sig, þá fara þeir hvergi og bakast því enginn kostnaður. Þeir, sem hafa áhuga á landsmálum, fara og kjósa og telja ekki eftir kostnaðinn, en hinir láta vera. Hér er því ekki um annan kostnað eða fyrirhöfn að ræða en þá, sem hver og einn er sjálfráður um, hvort hann vill á sig leggja. Mönnum er gefinn kostur á að taka þátt í kosningu þessara þingmanna, en þeir eru sjálfráðir, hvort þeir nota sér þessi réttindi eða ekki. Það er satt að vísu, að Reykjavík á, fyrir fólksfjölda sakir, stærstan rétt til að fá þingmann fyrir sig, en af því þar er hægast fyrir kjósendur að neyta kosningarréttar síns og af því þar eru svo margir kjósendur, þá eru öll líkindi fyrir því, að Reykjavík ráði úrslitum kosninga í sínum fjórðungi. Grundvöllur nefndarinnar er að mínu áliti réttur og held eg mér því að frv. óbreyttu, en eg mun haga svo atkvæðagreiðslu minni, að eg greiði fyrst atkvæði með br.till. við br.till., en greiði atkvæði móti br.till. sjálfri, hvernig sem hin fyrri atkvæðagreiðsla fer.

Guðjón Guðlaugsson: Háttv. 3. kgk. (Kr. J.) mintist á það í ræðu sinni, að grundvöllur flokkaskipunarinnar yrði framvegis skiftingin í kaupstaðarbúa og sveitabændur. Eg er sömu skoðunar, og háttv. þm., en þetta bendir mér ekki til þess, að gera alt til þess, að efla annan flokkinn og það þann flokkinn, er eg síður mundi fylgja.

Einmitt þetta gefur mér hvöt til þess, að vera ekki að pota 2 þm. í Reykjavík eða lítið kauptún, eins og Seyðisfjörð, við hliðina á sterkum landsveitum, og furðar mig á því, að slík uppástunga skuli koma frá sveitamanni.

Þegar talað hefir verið um menningu eftir atvinnuvegum, þá eru akuryrkjuþjóðir taldar fremstar, en eins og kunnugt er, fást kaupstaðirnir ekki við hana.

Það hefir verið talað um kostnað, sem af þessu leiðir, en háttv. þm. Barðstr. (S. J.) sýndi svo ljóslega fram á það, að hann er ekki nema eftir því, sem hver vill á sig leggja. Enda ætti kostnaðurinn ekki að vera þyngri á metunum en rétturinn, og þeir, sem á annað borð vilja nota kosningarrétt sinn, meta kostnaðinn einskis. Til dæmis að taka, getum vér þingmenn lagt niður þingmensku af einhverjum ástæðum og boðið oss fram aftur og þannig bakað kjósendum kostnað.

Ef eg man rétt, horfði háttv. þm. G.-K. (V. G.) ekki í að óska eftir þingrofi að óþörfu 1901 og þá um leið ekki einungis að leggja kosningarkostnaðinn á alla landsmenn, heldur þingkostnaðinn líka, og kemur mér því undarlega fyrir, að hann skuli horfa svo mjög í kostnaðinn í þessu máli Ef vér Strandamenn t. d. ættum að taka þátt í kosningu þingmanna fyrir amtið og hefðum von um að geta komið því þingmannsefni að, sem vér álitum heppi-

legast, mundum vér ekki telja eftir oss kostnaðinn við kosninguna, og svo mundu líklega fleiri vera.

Eg hefi svo ekki meira að segja að sinni um þetta mál.

Kristján Jónsson: Það er að eins örstutt athugasemd, sem eg þarf að gera út af orðum háttv. þm. Strand. (G. G.) um menning og framfarir þjóðanna. Eg kann ekki við, að hann haldi því fram, að eg fari með alrangt og rakalaust mál, þar sem eg sagði, að kaupstaðir séu alls staðar og ávalt taldir miðdepill menningarinnar, þaðan er hún berst út, því að þetta er rétt og hvarvetna viðurkent um hinn mentaða heim, enda staðfest af mannkynssögunni í fylsta mæli. Þar sem hann mintist á akuryrkju í sambandi við þjóðarmenningu, var dæmið og samanburðurinn rangt hjá honum, því að sagan sýnir það eigi, að akuryrkjuþjóðir hafi staðið kaupstaðarbúum framar að siðmenningu, heldur hitt, að þær hafi staðið hjarðmannaþjóðum framar í þessu efni. Milli þeirra hefir samanburðurinn verið frá alda öðli, og sá samanburður sannar ekkert um siðmenningarlega stöðu kaupstaðanna. Dæmi háttv. þm. var þá bygt á misskilningi eða röngum grundvelli, og sannar ekki það, sem það átti að sanna, sem eigi heldur var von. — Ef annars háttv. þm. Strand. kannast við rétt kaupstaðanna, þá á hann ekki að berjast á móti honum. —

ATKV.GR.:

Br.till. 1 á þskj. 134, við br.till. á þskj. 122 feld með 6 : 4 atkv.

2. tl. á þskj. 134 þar með fallinn.

Br.till. á þskj. 122 feld með 6 : 4 atkv.

1. gr. frv. á þskj. 102 samþ. með 6 shlj. atkv.

2.—5. gr. sþ. með 6 : 4 atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. með 7 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 8 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 23. júlí (C. bls. 246, 313).

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson). Mál þetta hefir verið töluvert rætt við 1. og 2. umr. málsins. Það er komin fram ný br.till. og kemur þar fram ein af þeim stefnum, sem bent hefir verið á að væri möguleg.

Hér í br.till. er farið fram á að láta kaupstaðina alla hafa sinn þingmanninn hvern þeirra. Nefndin hefir ekki getað fallist á þessa br.till., en vill láta samþykkja frv. óbreytt. Eg hefi ekki neitt frekar að segja um þetta mál, en fel svo frv. og br.till. úrskurði háttv. deildar.

Guttormur Vigfússon: Háttv. frsm. nefndarinnar hefir lagt næsta vægan dóm á br.till. mína og eg þarf ekki að fjölyrða um hana. Eg ætla ekki að gera þetta að neinu kappsmáli, en eg álít samt sem áður, að sú stefna sé rétt, sem farið er fram á í br.till., og sérstaklega umsvifalitla.

Það var talað um það af einum háttv. þm. við 2. umræðu þessa máls, að eðlilegra hefði verið, ef eg hefði barist fyrir því, að einum þm. yrði bætt við fyrir Eskifjörð, þar sem hann væri í mínu kjördæmi, en þar við er það að athuga, að bæði er Seyðisfjörður töluvert stærri kaupstaður en Eskifjörður, og svo hefir Eskifjörður ekki enn fengið bæjarréttindi, en br.till. miðar sig eingöngu við þá staði. Sömuleiðis hefir það verið sagt, að br.till. miði til þess, að skerða rétt landsveitabúa til þess, að koma sínum mönnum að, en þetta er ekki rétt, því færi almennar kosningar fram eftir br.till., vinna landsveitabúar mikið við þetta fyrirkomulag.

Eg viðurkenni gjarna, að mikið tillit eigi að taka til mannfjöldans á hverju svæði, þegar ný kjördæmaskipun kemst á, en eg held, að erfitt verði að fara eingöngu eftir þeim mælikvarða, því það mundi leiða til þess, að kaupstaðirnir og sjávarsveitirnar hlytu að fá óeðlilega

marga þingmenn í hlutföllum við landsveitirnar, og landbúnaðinum að verða með því mikil hætta búin. Eg ætla ekki að fara frekari orðum um þetta mál, og geri það sem sagt ekki að neinu kappsmáli.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 163, 1. tl., sþ. m. 7 : 4 atkv.

Breyt.till. á þskj. 163, 2. tl., sþ. m. 6 : 3 atkv.

Frumv., með áorðnum breytingum, samþ. m. 8 : 2 atkv. og verður afgreitt til forseta Nd.

Lántaka fyrir landssjóð.

FRUMVARP til laga um heimild til lántöku fyrir landssjóð. 1. umr., 21. ágúst (C. bls. 688).

Valtýr Guðmundsson: Eg held, að bezt væri að láta þetta frumv. ekki fara lengra. Mér finst ekkert vit í þessari lántöku. Utan lands mundi slík lántaka fyrir heilt þjóðfélag, sem ekki nemur nema $^1/_2$ milljón kr., gera oss hlægilega í augum þeirrar þjóðar, sem við leituðum láns hjá, en innan lands hygg eg að lánið mundi varla fást með þeim kjörum, sem landssjóður gæti gengið að, sér að skaðalausu, því enginn banki getur staðið sig við að lána fé með 4% vöxtum, og meira ætti landssjóður, undir engum kringumstæðum, að þurfa að gefa. Hvernig sem eg lít á málið, finst mér það fráleitt, og lítt framkvæmanlegt.

Enn fremur virðist mér það nokkuð undarlegt, að þingið skuli fara fram á slíka lántöku, án þess að stjórnin hafi beðið um hana. Slíkt hygg eg aldrei hafi komið fyrir áður, á nokkuru þingi, enda hygg eg, að sá gangur málsins væri eðlilegri, að þingið fremur letti en hvetti stjórnina til slíkrar lántöku.

Eg held, að þetta frumv. sé fram komið af því, að háttv. Nd. hafi verið nokkuð bruðlunarsöm í fjárveitingum sínum í ár, og eg heyri sagt, að hún muni vera óánægð með fjárlagafrumv., eins og það kom frá Ed., og vilji nú umsteypa því öllu aftur. Eins og frumv. var, þegar það fór héðan, hygg eg, að landssjóður mundi hafa komist af, án þess að taka lán, og mundi því gott, að þetta lántökufrumv. væri felt strax, og yrði það háttv Nd. til aðvörunar, svo hún gæti hófs í breytingum á fjárlagafrumv.

Júlíus Havsteen: Eg legg það til, að frumv. þetta fái að minsta kosti að ganga til 2. umr. Alt lítur út fyrir það, að landssjóður þurfi á meiru fé að halda en hann hefir nú til umráða, ef á að taka allar þær fjárveitingar til greina, sem nauðsynlegar eru og ekki er mögulegt að sleppa, á þessu þingi. Eg ætla því að greiða atkv. með þessu frumv., og mér finst ekkert gera til, þó útlendingar hlægi að því, að lánið sé lítið. Við Íslendingar erum ekki svo stórir enn þá, og finst mér því, að smátt hæfi smáum.

Valtýr Guðmundsson: Eg get ekki sannfærst um það af orðum háttv. 1. kgk. þm. (J. H.), að lánið verði ekki hlægilegt í augum útlendinga, en jafnvel þó að svo færi, að stjórnina skorti fé, sakir þessara miklu útgjalda, sem þingið kynni að samþ. í sumar, þá getur hún altaf kallað saman aukaþing, til þess að bæta úr fjárskortinum, annaðhvort til að fá heimild til lántöku, eða með því að samþykkja ný lög um skatta- eða tollaálögur, til að útvega nýjar og auknar tekjur.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr., m. 9 : 2 atkv.

Önnur umr., 24. ágúst (C. bls. 688).

Kristján Jónsson: Við 1. umr. þessa máls greiddi eg atkv. með þessu frumv., að það fengi að ganga til 2. umr., en var þó þá þegar í miklum vafa um, að það væri rétt, að samþ. frumv. En nú er eg í engum vafa um það, að eg á að

greiða atkv. á móti frumv. Eg vona það, að ef vér förum skynsamlega að ráði voru, og eins og gætnum og ráðdeildarsömum mönnum sæmir, þá þurfum vér alls ekki á þessari lántöku að halda, en ef vér sóum út fé voru í ráðleysu, þá getur auðvitað illa farið, og þessi lántaka ekki orðið að gagni fyrir oss, heldur til skaða. Eg fyrir mitt leyti vil ekki, með því að samþ. þetta frumv., styðja þá fjármálastefnu, sem virðist vera ríkjandi á þingi í sumar, en að samþ. þetta frumv. er einmitt það, að hlaða undir og styrkja og styðja þá gengdarlausu bruðlunarsemi og útsóun á landsfé, sem þingið alt er nú að samþ. og helga með fjárlögunum, og mun eg því óhikað greiða atkv. á móti frumv., enda er það, á allar hliðar skoðað, vanhugsað, og getur ekki verið fjárstjórn alþingis til nokkurs sóma.

Júlíus Havsteen: Eg er á sömu skoðun, og háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.), viðvíkjandi hinum afarmiklu útgjöldum landssjóðsins og þeirri fjármálastefnu, sem menn virðast fylgja á þessu þingi, en hins vegar get eg ekki verið honum samdóma í því, að við eigum ekki að taka lán.

Eg álít, að ekki verði hjá því komist.

Ef fjárlagafrumv. verður samþ., eins og Nd. hefir gengið frá því, þá verðum við að sjá stjórninni fyrir nægu fé, til þess að hún geti fullnægt þessum kröfum, sem gjörðar eru, og til þess er lántakan eini vegurinn. Eg fæ eigi með nokkuru móti séð, að þetta sé til að hvetja menn til eyðslusemi, heldur að eins til þess, að sporna við því, að stjórnin komist í vandræði.

Tilhneigingar manna í eyðsluáttina verða þær sömu, hvort sem lánið er tekið eða ekki, og hverfa eigi fyr en í óefni er komið, og þá verður að hækka gjöld og álögur, en þær geta orðið svo þungar, að menn rísi ekki undir þeim, og afleiðingin verður sú, að menn stökkva af landi burt. Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) sagði, að stjórnin gæti kallað saman aukaþing, ef í harðbakkana slægi, til þess að fá leyfi til lántöku, en það get eg ekki fallist á, sökum þess, að því er svo afarmikill kostnaður samfara.

Eg greiði frumv. þessu atkv. mitt, jafnvel þótt mér sé meinilla við þá bruðlunarsemi, sem komið hefir fram í fjármálum á þessu þingi.

Valtýr Guðmundsson: Eg er ekki á sömu skoðun og háttv. 1. kgk. þm. (J. H.). Eg álít, að það væri mementó til þingsins að fara dálítið gætilega í fjármálunum, ef vér feldum þetta frumv.

Það er ekki rétt, á þessum tímamótum, að fara að brjóta í bág við þá sparnaðarstefnu, sem vér ávalt höfum fengið hrós fyrir. En nú er það ekki að eins að brjóta í bág við hana, heldur að kasta öllu frá sér.

Ef einhver merkileg fyrirtæki væru með höndum, þá er ekkert að segja, en þegar þessu er öllu fleygt út í smábitlinga, þá er þetta mjög athugaverð fjármálastefna, sem vér erum komnir inn á. Enda er það ekki rétt af okkur, að gefa hinni nýju stjórn undir fótinn með því, að ýta undir hana með eyðslusemi.

Svo veit eg ekki hvernig menn hafa hugsað sér að taka þessa $^1/_2$ miljón króna; líklega ætla menn að gefa út skuldabréf fyrir upphæðinni, en að taka svona lítið lán, er ekki til annars en að eyðileggja lánstraust okkar og gera okkur hlægilega.

Í banka getum við ekki fengið lán þetta gegn 4%, en meira mættum vér ekki borga fyrir lánið. Ef menn ætluðu að biðja ríkissjóð að hlaupa undir bagga með okkur, þá kann eg ekki við, á þessum tímamótum, að við förum að kvabba á ríkissjóð um þessa litlu upp hæð.

Hallgrímur Sveinsson: Það, sem ræður minu atkvæði um þetta mál eru svipaðar ástæður og hjá háttv. 1. kgk. þm. (J. H.).

Eg get ekki séð, að neitt í sé húfi, þó vér samþykkjum þessi lög, þar sem þau eru að eins heimildarlög.

Ef stjórnin þarf ekki á fénu að halda, tekur hún ekki lánið.

En ef fjárlögin, þegar þau fara frá þinginu, líta út, eins og þau koma núna frá Nd. hendi, þá er ófært fyrir stjórnina að hafa ekki neitt fé fyrir hendi, nema viðlagasjóð, sem vitanlega er bundinn og væri ógagn mikið fyrir landsmenn, ef lánum úr honum væri sagt upp snögglega.

Því hvaðan ættu þeir, sem hafa lán úr viðlagasjóði, að fá fé, ef viðlagasjóðslánum væri sagt upp? Landsbankinn er félaus, svo ekki er í það hús að venda.

Það er erfitt fyrir stjórnina að framkvæma fjárlögin, ef fjármálastefna Nd. skyldi verða ofan á, og næsta ískyggilegt, að láta hana verða í vandræðum á miðju fjárhagstímabilinu.

Valtýr Guðmundsson: Eg held, að sú skoðun, sem háttv. 2. kgk. þm. (H.Sv.) heldur fram, sé ekki rétt. Eg er hér um bil sannfærður um, að ef frumv. yrði felt núna, þá mundi það draga úr bruðlunarsemi Nd. og hún draga saman seglin. Því mér er kunnugt um, að mörgum hinum gætnari mönnum þar ofbýður þessi óhóflega eyðslusemi, sem komið hefir fram þar í deildinni í sumar.

Enn fremur held eg, að engin vandræði þyrftu af því að hljótast, þó þetta frumv. yrði ekki samþykt, sökum þess, að maður getur gert ráð fyrir, að tekjurnar verði talsvert meiri en áætlað hefir verið. Eins og t. d. í fyrra urðu þær 176000 krón. hærri en ráð var gert fyrir, svo maður skyldi ætla, að eins gæti farið á næsta fjárhagstímabili, sérstaklega þar sem samþykt verða lög nú frá þinginu um útflutningsgjald af hvalafurðum, sem munu auka tekjur landssjóðs að miklum mun.

En aftur á móti, ef frumv. þetta verður að lögum, þá fer það fram á, að auka útgjöldin um 40 þús. kr., svo þetta er spor í þveröfuga átt, að ganga lengra í bruðlunaráttina, en þegar er búið að ganga.

Enn vil eg taka það fram, að ekki dugar að eyðileggja lánstraust landsins með svona hlægilegri lántöku.

Landshöfðingi: Eg er að mörgu leyti samþykkur h. 2. þm. G.-K. (V. G.) í þessu máli, og álít, eins og hann, að það sé lúalegt fyrir landssjóð, að fara þess á leit, að fá eina hálfa miljón að láni á útlendum peningamarkaði. Auk þess þarf ekkert lán til þess, að fullnægja 18 fyrstu greinum fjárlaganna, jafnvel þótt þau verði samþykt í því formi, er háttv. Nd. gekk frá þeim. Landssjóður á um næsta nýár $^1/_2$ miljón í sjóði, sem mun nema þeim tekjuhalla, er fjárlögin gera ráð fyrir. En það, sem er ískyggilegt, er 19. gr. með öllum þeim lánum, sem þar eru, og háttv. Nd. getur þess, að þær lánveitingar séu eins bindandi fyrir stjórnina, eins og fjárveitingarnar í hinum greinunum. En eg verð að líta öðruvísi á þetta mál en h. Nd. Það stendur í 19. gr.: „Úr viðlagasjóði má lána“ o. s. frv., og er af því auðsætt, að ef þetta fé er ekki til í viðlagasjóði, verður 19. gr. ómöguleg til framkvæmda, og það verður hún, því tekjur viðlagasjóðs geta ekki orðið meiri en 100,000 kr.

Eiríkur Briem: Eg stend að eins upp, til þess að gera grein fyrir atkv. mínu. Eg er alveg samdóma háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) og háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) um það, að þessi stefna, sem h. Nd. hefir tekið í fjárlögunum, er mjög óheppileg, og að það séu vandræða-úrræði, að taka lán. En við þessa stefnu getum vér ekki ráðið, og ekki dugir að setja stjórnina í vanda í þessu máli. Hæstv. landsh. sagði, að mögulegt væri að komast hjá lántöku, — það getur verið, en hræddur er eg um hið gagnstæða, og

hvernig sem því er varið, þá er hér að eins um lántökuheimild að ræða, sem auðvitað ekki verður notuð, nema þess gerist full þörf. Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) talaði um, að tekjur landssjóðs mundu geta orðið meiri en gert er ráð fyrir, — það er að vísu satt, en þær geta líka orðið minni; þingið verður alt af að renna nokkuð blint í sjóinn með þess konar áætlanir, því margt getur haft þýðingu fyrir það; þannig getur t. d. verðfall á fiski haft feykilega afturför fyrir tekjur landssjóðs í för með sér. Eg sé því ekki annað, en að það sé rétt, að veita stjórninni þessa heimild, enda mun það ekki hafa nein áhrif á fjárlögin, þótt það yrði felt.

Kristján Jónsson: Eg gat þess í fyrri ræðu minni, að eg væri á móti þessu frv., en nú virðist mér málið enn ljósara fyrir oss, úr því að hæstv. landsh. hefir lýst því yfir, að engin þörf væri á þessu láni. *(Landshöfðingi:* Til þess að fullnægja 18 fyrstu greinum fjárlaganna.). En engum er kunnara en honum um hag og þörf landssjóðsins; — en að því er snertir lánveitingarheimildirnar í 19. gr., þá hefir þessi deild tekið það skýlaust fram, að þær lánveitingaheimildir væru ekki skuldbindandi skipun um útborgun fjárins frekar en ástæður viðlagasjóðs leyfðu, og kæmu eigi til framkvæmda frekar en svo, enda er það ljóst af orðalagi greinarinnar, eins og hæstv. landsh. tók fram. Það er engin þörf fyrir þingið, að veita þessa almennu lántökuheimild til handa landsstjórninni. Þegar á fé þarf að halda, til þess að reka búskap landsins, hefir landsstjórnin að sjálfsögðu heimild og skyldu til þess að útvega féð, og ef á þarf að halda, taka lán með sem beztum kjörum og munu engin vandkvæði verða á því fyrir stjórnina að útvega sér þannig lagað „Kassa-lán", en það eru að eins illa stjórnuð lönd, sem taka eiginleg ríkislán, eins og þetta á að vera, að eins til að eta út, það er sem menn segja, fyrir munn og maga, og ekki geta fengið „kredit", nema þau séu styrkt af löggjafarvaldinu til þess. Eg skyldi ekki hafa neitt á móti landssjóðslántöku, ef hún væri gerð í því skyni að koma í framkvæmd eða styrkja reglulega arðbært fyrirtæki, en nú er síður en svo sé; þetta fé á að ganga til daglegra þarfa landssjóðsins; það á að eta það upp. Í byrjun þingsins var mikið rætt um túngirðingamálið, og um að taka lán til þess að kaupa fyrir gaddavír, og þótt eg fái ekki annað séð, en að það mál sé rangt, varhugavert og allsendis óundirbúið og óhugsað, þá var þó sú lántökuheimild miklu betri og skynsamlegri en þessi, því hér er að eins farið fram á að taka lán til þess að eta það upp á morgun.

Eg get þá ekki heldur fallist á, að brúka viðlagasjóðinn upp sem eyðslueyri; það er rangt að eyða uppsparaðri innstæðu landssjóðs, og til þess mundi þurfa að segja mönnum upp lánum hópum saman, svo til stórvandræða mundi reka fyrir lánþega, en eftir orðum hæstv. landsh. er engin þörf á þessu, og það þykir mér sennilegast.

ATKV.GR.: Meginmál frv. samþ. með 7 : 4 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. með 7 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 : 3 atkv

Þriðja umr., 26. ág. (C. bls. 688).

Kristján Jónsson: Eg álít að vísu að þessi háttv. deild hafi látið sér yfirsjást er hún afgreiddi síðasta frv. og samþykt það, frumv. um túngirðingarnar, en enn þá meiri yfirsjón verður það, ef hún nú samþykkir þetta frumv., er hér liggur fyrir til umræðu. Eg hefi áður tekið fram ástæðurnar fyrir því, að eg vil ráðleggja þessari háttv. deild, að hafna þessu frumv og fella það, og hirði eg ekki að endurtaka þær, en eg vil að eins leyfa mér að ítreka þessa tillögu mína. Þó vil eg geta þess í sambandi við það, sem eg tók fram um daginn, að þetta frumv. inniheldur

ekkert af því, sem það ætti að innihalda og þörf væri á, heldur það eitt, sem óþarft er, því að eins og hæstv. landsh. tók fram við síðustu umræðu þessa máls, þá þarf stjórnin, eins og á stendur, ekki að taka neitt lán, til þess að standast útgjöldin á fjárlögunum, en þó svo væri, að hún þyrfti þess, þá hefði hún að sjálfsögðu heimild til, án sérstakrar lagaheimildar, að taka það lán, sem útheimtist til þess að reka búskap landsins; frumv. er því með öllu óþarft; en á hinn bóginn vantar alveg þau ákvæði í frumv., er nauðsynleg væru —, ef til þess kæmi að taka lánið, sem sé, með hvaða kjörum mætti taka það, að því er vaxtaborgun og endurborgunarskilmála snertir.

Jafnframt skal eg geta þess, að eg er því fyllilega samþykkur, sem tekið hefir verið fram áður, að vér hljótum algerlega að spilla lánstrausti landsins með þessari vanhugsuðu og heimskulegu lántökuráðstöfun, því að hver sá, er þetta sér og heyrir, hlýtur að segja við sjálfan sig, að það land, sem þurfi lagaheimild til að tryggja sér þessa lítilfjörlegu lántöku, það hljóti að vera á hausnum, og algerlega ósjálfbjarga í fjármálum sínum.

Júlíus Havsteen: Eg vildi spyrja, hve stórt lánið ætti að vera til þess, að það væri ekki skömm að taka það. Eg hefi aldrei heyrt, að það væri skömm að taka lítið lán.

Það, að vér þurfum að taka lán, kemur af því, að vér höfum brúkað meira en vér höfum ráð á, og þá er lántakan eini vegurinn. Þetta eru að eins heimildarlög og eg tek það fram, að stjórnin hefir ekki leyfi til að taka lán, án þess að þingið samþykki það.

Það er engin þörf á því, að setja í frv., með hvaða skilyrðum stjórnin eigi að taka lánið, því hún tekur það auðvitað með þeim beztu borgunarskilmálum, sem unt er að fá.

Kristján Jónsson: Það eru að eins örfá orð, sem eg vildi segja. Það hefir hvergi og aldrei átt sér stað meðal siðaðra þjóða, er vilja kallast hafa sæmilega stjórn, að þing þjóðarinnar sé að troða fjárveitingum og lántökuheimildum með lögum upp á landsstjórnina, að henni fornspurðri, án beiðni hennar og á móti vilja hennar, eins og hér á sér stað. Hæstv. landsh. hefir ekki beðið um þessa lántökuheimild, og hann er hinn eini, sem í nafni stjórnarinnar gæti farið fram á, að þingið veitti stjórninni heimild til lántökunnar. Getur háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) komið með nokkurt dæmi þess, að slíkt eigi sér stað hjá siðuðum þjóðum, sem vilja stjórna málum sínum eftir skynsamlegum reglum? Það er hvarvetna landsstjórnarinnar, að biðja um fé, en þingsins að veita það.

Jónas Jónassen: Mér þykir mjög kynlegt að heyra háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) segja önnur eins orð eg þessi, er hann sagði, um leið og hann settist niður. Hvað þekkir hann um venju hjá öllum þjóðum, sem hafa þingbundna stjórn? Að segja þetta er bara að tala út í loftið. Hvaða skömm getur það verið fyrir okkar fátæku og fámennu þjóð að taka svona lítið lán, til þess að bæta úr brýnustu þörfinni, til þess að hjálpa okkar atvinnuvegum á leið.

En það eru sumir menn svo gerðir, að þeir vilja ekki hafa neinar framfarir, vilja standa á móti öllum þeim fyrirtækjum, sem til þjóðþrifa horfa, vilja ávalt standa í stað. Eg álít enga skömm fyrir okkur fremur en aðrar þjóðir, að taka lán, til þess að efla og styðja framfarafyrirtæki.

Júlíus Havsteen: Eg ætla ekki að fara að þrefa við háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) út af þessu, en ef hann man mannkynssöguna rétt, þá hlýtur hann að hafa rekið sig á, að ekki er svo óalgengt, að þing hafi verið frumkvöðull að lántöku.

Eg hefi nú nógu rækilega tekið fram þær ástæður, sem mæla með því, að þessi lög fái fram að ganga og ætla ekki að fara að tvítaka það.

Eg óska að eins að frumv. fái fram að ganga.

ATKV.GR.: Frv. sþ. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:

Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Guttormur Vigfússon,
Jónas Jónassen,
Júlíus Havsteen,
Þorgrímur Þórðarson,

nei:

Jón Jakobsson,
Sigurður Jensson,
Hallgrímur Sveinsson,
Kristján Jónsson,
Valtýr Guðmundsson,

og verður afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Ellistyrkur embættismanna.

FRUMARP til laga um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa geymdan lífeyri; 1. umr., 6. júlí (C bls. 181).

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Þetta frumv. hefir eigi verið jafndaglegur gestur á þingi, og síðasta frumv. eða frumv. um eftirlaun, en í fyrra var það fylgifiskur þess frumv. og er það enn. Nefnd sú, er þá hafði bæði málin til athugunar, sá þá og benti á, að embættismenn oft mundu illa staddir, er þeir færu frá embættum, ef eftirlaunin yrðu lækkuð, og áleit því nefndin réttast, að gera eitthvað til þess, að embættismenn hefðu eigi öllu minna en þeir nú hafa, er þeir færu frá embætti, en á hinn bóginn áleit hún rétt, að embættismaðurinn stuðlaði að því að einhverju leyti sjálfur, legði eitthvað til hliðar. Af þessum ástæðum er þetta frumv. fram komið.

Eins og frumv. ber með sér, geta embættismenn safnað á 2 máta, með því að kaupa sér geymdan lífeyri og með því að safna sér ellistyrk. Kjósi menn þann veginn, að kaupa lífeyri, þá eru prósenturnar árlega eða hin árlegu útgjöld nokkuru lægri, en ef ellistyrkur er keyptur. Um þessa tvo vegi má velja eftir vild, en hvor vegurinn sem tekinn er, verður niðurstaðan hin sama, eða að minsta kosti nokkuð lík; til dæmis getur sá, er keypt hefir ellistyrk, keypt sér lífeyri fyrir hann. (*Landshöfðingi:* Ekki fyrir alla upphæðina).

Ef embættismaður fer gætilega með fé sitt, þá er upphæð sú, er hann þannig verður að leggja af mörkum, svo hverfandi, að það verður lítið tilfinnanlegt fyrir hann, en kjör hans á hinn bóginn vel við unandi, er hann fer frá embætti. Fari hann eigi gætilega, eyðist féð á annan hátt og kemur þá í sama stað niður. Til dæmis vil eg taka embættismann með 3000 króna launum, sem setið hefir í embætti 30 ár. Hafi hann keypt sér geymdan lífeyri, verða eftirlaun hans 2300 kr. Þetta er svo veruleg upphæð, að engin hætta er á, að hann fari á vonarvöl. Þetta er að eins eitt dæmi af mörgum; en annars er frumv. svo skýrt og fekk svo ítarlega útlistun hér í deildinni í fyrra, að eg finn ekki ástæðu til að fara frekar út í það að þessu sinni. Annars býst eg við, að þessu frumv. verði að lokinni þessari umr. vísað til sömu nefndar og undanfarandi frumv.

Landshöfðingi: Háttv. flutnm. (G. G.) gat þess, að þetta frumv. væri dilkur, sem fylgdi með frumv. um eftirlaun, en því er það þá látið ná til allra embættismanna, líka þeirra, sem nú sitja í embættum og því eiga að fá eftirlaun eftir núgildandi lögum? Því á eg t. d. að borga 160 kr. á ári í ellistyrk? Eg kæri mig ekkert um meiri eftirlaun en eg fæ að lögum, og eg skil ekki, hvers vegna á að neyða þá menn, sem nú sitja í embættum

og fá eftirlaun eftir núgildandi lögum, til þess að leggja þessa byrði á sig.

Hallgrímur Sveinsson: Viðvíkandi aths. hæstv. landsh., skal eg geta þess, að það, sem hann fann að frumv., stafar eflaust af villu, sem hefir slæðst inn óvart. Eg skildi háttv. flutnm. (G.G.) svo, sem að hann vildi, að frumv. þetta væri alveg í sama formi, og það var síðast. En þá hefir sú vangá verið á, að ein grein, 6. gr., hefir fallið aftan af frv., en þar var það tekið fram, að lög þessi næðu ekki til þeirra embættismanna, sem nú sætu í embættum. Eg hygg, að þetta hafi orðið af vangá, og að ósamkvæmnin sé við hana fram komin.

Valtýr Guðmundsson: Eg vil leyfa mér að geta þess, að þó frumv. þetta sé að vísu gott, að efni til, þá er samt með því lögð talsvert þung byrði á embættisstétt landsins. Þegar embættismaðurinn á bæði að borga í ekkjusjóð, kaupa sér geymdan lífeyri eða ellistyrk, og þar ofan á bætast öll opinber gjöld, sem hann geldur af fullum launum, þá fara tekjur hans talsvert að skerðast. Þetta virðist mér athugavert. Enn fremur finst mér ekki vert, að binda þessa skyldu við rikisstofnun; mér finst þvert á móti óeðlilegt, að ekki skuli vera hér á landi stofnun, sem tæki þetta að sér. Í annan stað furðar mig á, að embættismönnum skuli eigi heimilt, að kaupa sér geymdan lífeyri, fyrir allan ellistyrkinn. Eg sé enga ástæðu til að meina honum það, ef hann vill verja honum á þann hátt.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Háttv. 2. kgk. þm. (H. S.) hefir að mestu svarað fyrir mig og tekið af mér ómakið. Viðvíkjandi þeirri ósamkvæmni, sem hæstv. landsh. gat um að væri í frumv., skal eg geta þess, að hún er minni vangá að kenna. Eg tók frumv. upp úr skjalasafni frá í fyrra eins og það var upprunalega, en gáði þess ekki, að frumv. hafði verið breytt í nefndinni, þannig að 6. gr. hafði verið bætt við, og sé eg því ekki ástæðu til að svara hæstv. landsh. fleiru.

Að því er snertir þann skilning, bæði hæstv. landsh. og háttv. 2. þm. G.-K. (V.G.), að embættismenn geti eigi varið öllum ellistyrknum til þess að kaupa fyrir hann lífeyri, skal eg geta þess, að í frumv. stendur, að þeir geti varið meiri eða minni hluta hans á þann hátt, og hefi eg litið svo á, að í því væri einnig innifalið, að þeir gætu keypt lífeyri fyrir hann allan. Eg held því, að þessi skilningur sé að eins hártogun á lagabókstafnum.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj. Frumv. vísað í e. hlj. til sömu nefndar, og frumv. um eftirlaun.

Önnur umr., 20. júlí (C. bls. 181; n. 225; 227).

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Það er eins um þetta mál, og hið undangengna að ekki þarf mikið um það að segja. Það hefir nálega engum breytingum tekið hjá nefndinni, og efnið verið ítarlega rætt áður hér í deildinni. Að eins er hér lítilfjörleg breyt.till. við 5. gr., sem hvað breytinguna snertir er fólgin í því, að tekið er fram með berum orðum, að þegar embættismaður fær lausn frá embætti, getur hann farið að fá alla vexti af ellistyrknum, og farið að taka til lífeyrisins, og getur svo þá keypt sér æfilangan lífeyri fyrir ellistyrkinn allan eða hluta af honum, en þetta var orðað öðruvísi í frumv. Reyndar fann nefndin ekki ástæðu til, að orð frumv. yrðu misskilin, en gjörði þessa breyt.till., til að fyrirbyggja það algerlega. Þá hefir nefndin bætt inn í 6. gr. sem af ógáti hafði fallið burt hjá mer, um að lögin nái ekki til þeirra embættismanna, sem komnir eru í embætti, þegar þau öðlast gildi.

Svo hefir nefndin samið dálitla töflu, til að sýna, hve mikið embættismenn geta

búist við að fá í ellistyrk og geymdan lífeyri, þegar þeir eru komnir á eftirlaun. Sé hún borin saman við fyrri töfluna, þá má sjá, hve mikinn lífsforða uppgjafaembættismenn hafa, er þeir fara frá embættum. Eg skal t. d. benda á, að embættismaður, sem fengið hefir embætti 30 ára, og þjónað því í 35 ár, og nú hefir 4000 kr. í laun, hann fær í lífeyri 609 kr.; við það leggjast 1700 kr. eftirlaun, og verður það samtals rúmar 2300 kr., og eg ímynda mér, að allir, sem taka vilja nokkurt tillit til efnahags og ástæðna þjóðarinnar, verði að játa, að það er fyllilega nóg; að öðrum kosti meta menn ekki fátækt þjóðarinnar, né styðja óskir hennar og vilja. En ef embættismaðurinn, sem eg tók t. d., hefir verið 40 ár í embætti (frá 30—70 ára), þá er lífeyrir hans orðinn 1212 kr., sem með eftirlaununum verða 2900 kr., og hljóta allir að sjá, að það er nóg fyrir mann, sem svo lengi hefir lifað við svo há laun. Eg segi fyrir mig, að eg á miklu bágra með að verja það gagnvart þjóðinni, að eftirlaunin séu ekki of há, heldur en að þau séu of lág. En móti frumv. má nú segja það, að hér sé ekki að ræða um styrk af opinberu fé, heldur eigi hlutaðeigandi það fé sjálfur, sem hér er um að ræða. En það er í fylsta máta rétt, að hver maður leggi eitthvað fyrir, til að tryggja framtíð sína í ellinni. Það er skylda, sem ætti að hvíla á hverjum manni og ekki að þurfa lög til, en það gengur með embættismenn, eins og aðra, að þeir vanrækja það, sé það ekki lögboðið, og þess vegna verður löggjafarvaldið í þessu, sem öðru, að sýna þá fyrirhyggju, sem einstaklingana vantar. Þar eð ellistyrksgjaldið er að eins 2% af launununum, þá er það svo lítil fjárupphæð, að engar líkur eru til, að hagur manna standi ver eftir en áður. Eg skal benda á, að eg og aðrir hafa lagt á verzlun sína miklu meir en þetta, og staðið jafnnær eftir, sem áður. Eg vona því, að háttv. þm. sambykki frumv., hvaða skoðun sem þeir hafa á eftirlaunum. Þeim, sem þykir eftirlaunin of lág, hljóta að vera með þessu, og þeir, sem vilja hækka eftirlaunin, ættu að vera með því, vegna þess að hér er ekki farið fram á, að taka fé úr vasa þjóðarinnar, heldur að skylda hvern einstakan til að hafa fyrirhyggju fyrir elli sinni.

ATKV.GR.: 1.—4. gr. frumv. sþ. m. 10. shlj. atkv.

2. Breyt.till. á þskj. 90, við 5. gr. sþ. m. 10 shlj. atkv.

3. Breyt.till. á þskj. 90, að bætt sé við nýrri grein, 6. gr., sþ. m. 9 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. m. 9 atkv.

Frumv. með áorðnum breytingum, sþ. m. 10 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3 umr., m. 10 atkv.

Þriðja umr., 21. júlí. (C. bls. 285).

Hallgrímur Sveinsson: Eg ætla mér að eins að benda á þá villu, að í 5. gr. hefir fallið burtu orðið „allan“ á eftir orðinu „ellistyrkinn“. Þetta álít eg að megi laga án breyt. atkv.

Sambandið milli þessa máls og málsins á undan er þannig, að ef þetta mál félli, þá álít eg atkv. mitt óbundið, með tilliti til fylgis við hitt málið; þætti mér því betur við eiga, að þetta mál væri á undan á dagskrá, og ætla að beina þeirri beiðni til háttv. forseta að setja þetta mál á dagskrá á undan eftirlaunafrumv., ef málið kemur aftur frá Nd. fyrir þessa háttv deild.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. í e. hlj. og verður afgreitt til forseta Nd.

Eftirlaun.

FRUMVARP til laga um eftirlaun. 1. umr., 6. júlí (C. bls. 179).

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Mál það, sem hér liggur fyrir, er

ekki nýr gestur á alþingi. Það hefir verið borið upp á undanförnum þingum og síðast á þinginu í fyrra, og þarf eg því ekki að fara mörgum orðum um það. Eg skal taka það fram, að það liggur hér fyrir orðrétt, eins og það var samþykt í nefnd í þessari deild á síðasta þingi og afgreitt til Nd., en dagaði þar uppi.

Að vísu mætti það nokkurri mótspyrnu í Nd., að nefndin hér hafði hækkað eftirlaunin eftir því, sem farið var fram á eftir hinu upphaflega frumv.. og er sú skoðun ef til vill enn þá ríkjandi hjá sumum og liggur það til athugunar; en eg sé ekki ástæðu til að gera breytingu á því, og það því fremur, sem það er mín skoðun, að það takmark, sem hér er sett, sé eftir öllum atvikum heppilegt, og af því að eg hélt, að meiri hluti þessarar deildar muni ekki vilja setja takmarkið lægra en hér er farið fram á. Það er auðvitað altaf hægt að deila um það, hvaða takmark sé rétt; það verða um það, eins og svo mörg önnur mál, eins margar skoðanir, og mennirnir. Það er mín sannfæring, að takmarkið megi ekki vera hærra sett en hér er farið fram á, og mín skoðun er sú, að það sé til töluverðra bóta frá hinum gildandi lögum; því að annars vegar er það töluverður sparnaður fyrir landssjóð, en hins vegar eru eftirlaunin eftir þeim mælikvarða, sem hér er settur, fullkomlega viðunandi, og um leið meiri jöfnuður og sanngirni en eftir hinum gildandi lögum. En á hinn bóginn er eg ekki jafnsannfærður um, hvort ekki væri máske rétt, að setja takmarkið lægra. Eg skal um leið taka það fram, að það getur líka verið margt, sem mælir með því, að það sé einmitt heppilegt, að takmarkið ekki sé sett lægra en hér er gert, því að oflág eftirlaun mundu verða til þess, að valda sífeldum bænum til þingsins og gæti það reynt um of á þolrif þess, og ef oflágt eftirlaunatakmark skyldi verða þess valdandi, að embættismenn yrðu að lifa hungurlífi, þá væri það líka stórgalli á lögunum. Eg hefi hér fyrir mér útreikning, sem lá fyrir síðasta þingi, og sýnir hann, að á 5 mismunandi launaupphæðum, sem þar eru teknar upp, nfl. 1500—2500—3000—4000 og 5000, verður sparnaðurinn eftir 30 ára þjónustu 3665 kr. eftir þessu frumv., og verð eg að álíta það verulegan sparnað fyrir landssjóð; vitanlega er það ekki stórmikil upphæð á ári, en það getur orðið stór upphæð á mörgum árum, og safnast, þegar saman kemur. Eg verð að líta svo á, að í þessu frumv. sé sýnt á milli skers og báru, þannig, að embættismönnum sé annars vegar gerð viðunanleg eftirlaunakjör, en á hinn bóginn sparað fé landssjóðs.

Það væri ef til vill rétt að setja nefnd í þetta mál að lokinni fyrstu umræðu um það; en eg fyrir mitt leyti álít það ekki beinlínis nauðsynlegt, þar sem það var ítarlega rætt á síðasta þingi, en tel samt æskilegt, að umræður verði um það nú, og ef menn óska að nefnd verði skipuð í það, þá mun eg ekki verða því mótfallinn, þótt eg ekki vilji stinga upp á henni sjálfur. Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið að svo stöddu.

Valtýr Guðmundsson: Eftirlaunamálið hefir lengi verið á döfinni hér á þingi, og sú stefna hefir verið ofan á hjá þjóðinni að afnema helzt öll eftirlaun, en sú stefna kemur alveg í bága við þá stefnu, sem er ríkjandi víða annars staðar í heiminum, að koma öllum landslýð á eftirlaun. Þannig hefir því verið komið á á Nýja-Sjálandi, og á Englandi hefir mikið verið rætt um þetta mál og hefir því máli verið sint af ensku stjórninni og hún ráðgert að koma fram með tillögur um það; en hér á landi er sú stefna ríkjandi, að afnema með öllu eftirlaun embættismanna, og það er skrítið að sjá, að margir embættismenn vilja reyna að gera sig þjóðlega með því, að afnema eftirlaunin; en það kemur auðvit-

að ekki niður á þeim sjálfum, heldur á þeim, sem á eftir þeim koma.

Þegar eg nú lít á þetta frumvarp, sem hér liggur fyrir, þá virðist mér ýmislegt athugavert við það. Þannig er t. d. ákveðið í 2. gr., að þegar embættismaður slasast, meðan hann er að gegna embætti sínu, þá skuli hann ávalt fá $^2/_3$ af embættistekjum sínum í eftirlaun; en sá embættismaður, sem er á eftirlaunum, fær, þegar hann er orðinn sjötíu ára, ekki nema $^1/_4$+20 kr. fyrir hvert embættisár. Ef embættismaður, sem hefir 3000 kr. laun, slasast eftir $^1/_2$ ár, þá fær hann þannig 2000 kr., en embættismaður, sem er orðinn sjötugur, fær eftir 35 ára þjónustu með sömu launum ekki nema 1450 kr. Er nú nokkur sanngirni í því, að embættismaður, sem búinn er að vinna í 35 ár, fái svo miklu minna en hinn, sem að eins hefir unnið t. d. $^1/_2$ ár? Eg sé enga sanngirni í þessu. Það getur auðvitað verið rétt, að tryggja embættismönnum, sem slasast, vissa upphæð; en eftir þessum mælikvarða gæti það verið tilvinnandi fyrir embættismenn, að reyna að slasast, til þess að fá almennileg eftirlaun.

Ef læknir með 1500 kr. slasast eftir $^1/_2$ ár, ef til vill fyrir óreglu sakir, af því að hann er drukkinn, þá fær hann 1000 kr.; en sá, sem hefir þjónað embætti í 30 ár með sömu launum, fær ekki nema 975 kr. Þetta get eg ekki séð að sé sanngjarnt; eg tala nú ekki um, ef tekinn er hærri launamælikvarðinn, þá verður ójöfnuðurinn enn þá meiri. Ef embættismaður með 4000 kr. launum slasast eftir $^1/_2$ ár, þá fær hann 2666 kr. í eftirlaun; en eftir 35 ára þjónustu með sömu launum, fær hann ekki nema 1700 kr. Eg verð því að álíta, af þessum ástæðum, sem eg nú hefi tekið fram, að það sé nauðsynlegt, að þetta mál sé athugað í nefnd, og skal eg því, að loknum umræðum um það, stinga upp á, að nefnd verði skipuð í það. Eg held, að það þyrfti að gera viðbótina töluvert hærri en hér er farið fram á fyrir hvert embættisár, ef nokkur sanngirni á að vera í því.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Mér heyrðist 2. þm. G.-K. álíta, að eftirlaun þau, sem hér er farið fram á, séu of lág, en eins og eg tók fram áðan, gat eg ekki fallist á það. En þar sem hann aftur á móti tók það til dæmis, að maður, sem búinn væri að vinna í svo og svo mörg ár, fengi svo og svo miklu minni eftirlaun en hinn, sem slasaðist eftir stuttan tíma, þá skal eg líka játa, — ef gengið er út frá, að embættismaðurinn eftir svo margra ára þjónustu sé blásnauður, — að eftirlaunin séu hér ákveðin of lág; en mér finst, að því lengur sem embættismaðurinn hefir verið í embætti og því betri laun sem hann hefir haft, því meiri líkur séu til, að hann geti lagt upp nokkuð af launum sínum.

Auk þess er líka annað meðal til þess, að hann geti safnað sér nokkuru, nfl. að honum sé gert að skyldu að safna sér ellistyrk og tryggja með því framtíð sína í ellinni, eins og sjá má á frv. því, sem hér kemur á eftir og sem ætti að geta orðið til þess, að bæta nokkuð úr þörfinni.

Þar sem háttv. sami þm. gat þess, að það væri ekki sanngjarnt, að embættismaður, sem slasaðist eftir stuttan tíma, fengi hærri eftirlaun en hinn, sem unnið hefði lengur, þá skal eg játa, að hann í þessu hefir talsvert til síns máls. En min skoðun er sú, að sá embættismaður, sem slasast eftir t. d. $^1/_2$ ár, sé svo illa staddur, að honum veiti ekki af þeirri upphæð, sem hér er gert ráð fyrir, án þess að hann hafi verðskuldað hana.

Því að þegar embættismaður er nýkominn úr skóla, þá er hann venjulega öregi. Þetta er, eins og menn vita, algild regla, og því hefir þessi mælikvarði verið settur í frv. Það er óneitanlega leiðinlegt fyrir embættismann, sem slasast, er hann er ný-

kominn í embætti, að þurfa að verða blátt áfram sveitarþurfi eða þá handbendi ættingja sinna. Þetta er sem sagt ástæðan til þess, að eftirlaunin í þessu tilfelli eru ákveðin hærri fyrir þann embættismann, sem slasast, en fyrir hinn, sem lengur hefir þjónað.

En eins og eg tók fram áðan, skal eg játa, að verðleikarnir eru ekki jafnir. Eg skal ekki segja neitt um, hvort eg held þessu fast fram; en eins og frumv. nú liggur fyrir, gengur það í sparnaðar- og jafnaðaráttina.

Þar sem 2. þm. G,-K. gat þess, að þjóðin vildi afnema öll eftirlaun, þá veit eg ekki, hvort hann hefir rétt fyrir sér í því. Að vísu hafa heyrst nokkurar allháværar raddir í þá átt, en eg held þó, að meiri hluti þjóðarinnar sé farinn að átta sig á, að það sé of langt farið, og veit til þess, að nokkur kjördæmi landsins eru fullkomlega ánægð með frv. í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir. En á hinn bóginn álít eg ekki, að þessi þjóð þurfi endilega að apa alt eftir öðrum þjóðum, þótt sú stefna, að setja alla á eftirlaun, hafi rutt sér til rúms annars staðar. Og svo er það að athuga við þessa almennu eftirlaunastefnu, að hún er aðallega bygð á því, að þeir, sem eftirlauna njóta, hafi sjálfir lagt til efnið í eftirlaunasjóðinn að mestu eða öllu leyti með árlegu iðgjaldi eða einni upphæð í eitt skifti fyrir öll, og þá eftirlaunastefnu viljum vér styðja, sem þó viljum takmarka föst eftirlaun frá landssjóðs hálfu eingöngu. Þetta sannast bezt af frv. því, sem kemur næst til umræðu, og það á að styðja þetta mál, en er því alls ekki gagnstætt.

Ræða 2. þm. G.-K. (V. G.) hefir gefið mér tilefni til að ætla, að heppilegt sé að setja þetta mál í nefnd, og skal eg leyfa mér að mæla með því, að svo verði gert.

Landshöfðinginn: Eg leyfi mér að styðja uppástungu háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) viðvíkjandi því, að nefnd verði skipuð í þetta mál, því að það er ýmislegt athugavert við það, ekki að eins við nýmælin í því, heldur einnig sumt af því, sem tekið hefir verið upp í það úr gildandi lögum.

Háttv. 2. þm. G.-K. tók til dæmis, að ef embættismaður slasast eftir $^1/_2$ ár, þá fær hann eftir þessu frv. hærri eftirlaun en sá, sem þjónað hefir embætti í 35 ár. En það er annað, sem líka er athugavert, þegar miðað er við eftirlaunin, nfl. það, að þegar embættismaður með eftirlaunum seinna fær nýtt embætti, þá á hann að fá eins há laun í því, eins og í hinu fyrra; þetta er ósanngjarnt. Ef t. d. ráðgjafi í Danmörku með 12000 kr. launum, sem færi frá því embætti, síðar yrði settur í amtmannsembætti, þá ætti hann, eftir þessu ákvæði, að hafa 12000 kr. laun sem amtmaður.

Ef eg t. d. færi frá embætti og seinna fengi nýtt embætti, þá ætti eg að fá í því 8000 kr. laun. Þetta er óviðkunnanlegt; en það, sem er sérstaklega athugavert við frv., er það, að alt of mikill munur er gerður á eftirlaunum eftir því, hvort embættin eru há eða lág,

Sá embættismaður, sem hefir haft 4000 kr. laun og hefir þjónað í 35 ár, fær 1700 kr., en maður, sem hefir 1500 kr. laun, fær eftir 35 ár 1175 kr. Þetta er ekki sanngjarnt.

Háttv þm. Strand. (G. G.) kom með þá speki, að flestir embættismenn mundu leggja upp fé af launum sínum, og veit eg ekki, hvaðan hann hefir það. Reynslan sýnir, að þeir eru félausir, þegar þeir deyja. Launin eru ekki svo há, að þeir geti lagt upp af þeim.

Eg fyrir mitt leyti get ekki felt mig við, að embættismenn fái minna en helminginn af launum sínum í eftirlaun, þegar þeir eru orðnir 70 ára. Eg skal gjarnan ganga inn á, að eftirlaunin séu lækkuð nokkuð, en ekki um skör fram.

Valtýr Guðmundsson: Hæstv. landsh.

hefir tekið af mér ómakið að svara þm. Strand. (G. G.) nfl. því, að ef embættismenn eiga að geta safnað sér fé til elliáranna, þá þurfa embættislaunin að vera hærri; yfir höfuð held eg að sú regla ætti að vera ráðandi, að embættin væru sem fæst, en embættismenn væru alment gerðir sæmilega úr garði að því, er launin snertir.

Eg gleymdi að taka það fram áðan, að viðvíkjandi eftirlaunum þeirra embættismanna, sem slasast, þá er með þessu frv. raskað því princípi, sem verið hefir gildandi í eldri lögum, nfl. að þeir fengju hin hæstu eftirlaun, sem lögin heimiluðu, miðuð við embættistekjurnar og embættisárafjölda; en hér verður það miklu hærra eftir almennum útreikningi.

Svo er eitt, sem eg er í dálitlum vafa um — en ef til vill er það ekki rétt hjá mér — nfl, hvort prestar ekki hafa konungsveitingu til embætta, þótt öðrum sé falið á hendur að veita þeim embættin.

Í tilskipun 31. maí 1855 stendur, að prestar séu undanteknir, en samkvæmt 12. gr. frv. er sú tilskipun öll úr lögum numin og þá undantekningin líka; en það má ef til vill binda það við það, að þeir fá ekki laun sín úr landssjóði, þó sumir fái þau reyndar að nokkru leyti þaðan. Þetta er, ef til vill, ekki rétt hjá mér, en eg vildi samt vekja athygli á því.

Guðjón Guðlaugsson: Við ræður þær, sem fram hafa farið, bæði hæstv. landsh. og annara, verð eg að gera þá athugasemd, að eg hygg, að þær hafi gengið helzt til mikið inn á einstök atriði málsins, og þess vegna ætla eg ekki að svara hæstv. landsh. upp á þessi einstöku atriði nú, þar sem mér finst það ekki eiga við á þessu stigi málsins, en eg vildi að eins lýsa gleði minni yfir því, að landsh. er þó orðinn dálitið hlyntari því en áður, að lækka eitthvað eftirlaun embættismanna, og get eg ekki þakkað þessa breytingu öðru en því, að hann nú er sambland bæði af þjóðkjörnum þingmanni og landsh. En þar sem hann sagði, að eg hefði komið með þá speki, að embættismenn safni fé af launum sínum, þá hélt eg ekki, að hann gæti misskilið mig, eða að minsta kosti mætti ætla, að hann ekki hefði gert það. Hann segir, að reynslan hafi ekki bent á það hingað til. Eg veit ekki, hvort svo muni vera, að því er hina lægra launuðu og lægst launuðu embættismenn snertir; en frv. fer fremur í þá átt, að lækka eftir launin hjá hinum hæstlaunuðu embættismönnum en hinum; og hygg eg, að þess séu fá dæmi, að þeir hafa dáið sem öreigar. En ef það er regla að embættismenn deyi frá þrotabúum, þá er sannarlega undarlegt, að nokkur skuli vilja verða embættismaður; og ef það er satt, þá er það af því, að launin eru of lág, en það er dálítið annað. Viðvíkjandi þrotabúum embættismanna, þá má segja um þau, að ekki eru allar syndir guði að kenna; það er ekki alt af lágum launum að kenna, heldur á stundum af óvarkárum lifnaðarhætti og öðrum ástæðum. Þar sem 2. þm. G.-K. vildi halda því fram, að frv. þetta snerti eftirlaun presta, þá skil eg ekki í þeim misskilningi; því að þó að tilskipun 31. maí 1855 sé úr lögum numin með lögum þessum, þá veit hann þó líklega, að það eru sérstök eftirlaunalög fyrir presta, og þess vegna getur það ekki komið til mála, að nokkur láti sér detta í hug, að prestar geti heyrt undir þetta frv., þótt það verði að lögum, og lögin um eftirlaun presta eru ekki úr lögum numin með þessu frumvarpi, þó það yrði að lögum.

Landshöfðingi: Eg vil leyfa mér að leiðrétta þá villu hjá háttv. síðasta ræðumanni, þingm. Strand. (G. G.), að eg hafi altaf verið á móti þessu frumv., eða lækkun eftirlauna yfirleitt. Eg vil í þessu sambandi minna háttv. þingm. á, að hann að minsta kosti var hér í deildinni, þegar frumv. um sama efni lá hér fyrir og h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) stakk upp á þeirri

breytingu, að $^1/_4$ kæmi í stað $^1/_5$ af launum embættismanna. Eg lýsti því þá yfir að eg væri frumv. samþ. með þeirri breytingu, svo ummæli háttv. þingm. Strand., að eg hafi skift skoðun í þessu máli, eru alls eigi rétt.

Á hinn bóginn verð eg að taka það fram, að þó svo hefði verið, að skoðun mín hefði breyzt í þessu máli, þá álít eg það engan galla eða vanvirðu. Skoðanir manna geta eðlilega tíðum breyzt með nýrri þekkingu og nýjum tímum og þá er líka sjálfsagt, að breyta afstöðu sinni til málanna.

Hallgrímur Sveinsson: Viðvíkjandi þeirri athugasemd frá háttv. 2. þingm. G.-K. (V. G.), að það sé lítt skiljanlegt, að embættismenn þeir, er sæti eiga í þinginu, skuli vera hvað fúsastir til þess, að lækka eftirlaunin, að þeir megi að vísu frómt um tala, því þeirra réttur sé trygður og þeir bíði engan halla, þar sem þeirra eftirlaun verði ákveðin eftir eldri lögum, og að þeir geti verið glaðir og ánægðir, þar þó lækkunin að eins hafi þýðingu fyrir eftirmenn þeirra, vil eg geta þess, að það kann að vísu að líta svo út, sem þessar ástæður vaki fyrir þeim embættismönnum á þinginu, sem verið hafa því samþykkir, að eftirlaunin væru færð niður, en eg verð fyrir mitt leyti að mótmæla því, að sú skoðun sé rétt. Þó það að vísu sé mín skoðun, að kjör embættismanna séu eigi svo góð, að þau þoli mikla rýrnun, þá vil eg samt leyfa mér að spyrja, hvort það væri rétt af embættismanni, af „princípi“ að setja sig móti öllri lækkun eftirlauna ef slík lækkun eftir atvikum þætti vel gjörleg og jafnvel nauðsynleg af meiri hluta þingsins. Eg held ekki. Eg hygg, að maður á þann hátt ekki vinni embættisstéttinni neitt gagn. Það má ekki gleyma því, að þegar um slíka lækkun er að ræða, þá er þeim, sem þar um eiga að ákvarða, mikill vandi á höndum. Á aðra hliðina verður að gæta þess, að ganga ekki um of á rétt einstaklingsins, og á hina, að eftirlaunin verði eigi hærri en svo, að almenningur megi við una og að eftirlaunabyrðin verði eigi of þung fyrir landssjóð. Eg álít því réttast, að reyna að þræða meðalveginn, slaka nokkuð til, ef sanngirni mælir með eða nauðsyn ber til, en gæta þess hins vegar, að lækkunin verði eigi of mikil. Það er þetta, sem fyrir mér hefir vakað, og þessi hugsun mín hefir ráðið afskiftum mínum af meðferð málsins á þinginu og verið þess valdandi, að eg hefi eigi alveg viljað synja slíkum frumv. um samþ. mitt, en hefi á hinn bóginn reynt að draga úr þeirri gífurlegu lækkun, sem á rót sína að rekja til Nd. Með tilliti til þessa hefir mér virzt, að maður ynni embættisstéttinni meira gagn með því, að reyna að draga úr þessari gífurlegu lækkun, en með því að setja sig algert á móti henni, synja um alla samvinnu í málinu og neita um alt samkomulag. En eg skal á hinn bóginn ekki neita því, að það getur vel verið, að þetta samkomulag hafi verið keypt of dýru verði, en það byggist á því, að eg fyrir mitt leyti áleit, að eigi væri hægt að ná betri kostum, og það mundi gleðja mig, ef breyting kæmi á þá stefnu, sem nú er kölluð almenningsálit, að færa niður öll eftirlaun að mjög miklum mun.

Ef á hinn bóginn er á það litið, sem alment er kallað almenningsálit, mun reyndin oft verða sú, að það er ekki sannur vilji alls almennings. Það er þvert á móti vanalega fáir menn, sem bera uppi það, sem kallað er almenningsálit. Einstöku menn og einstöku raddir kveða upp úr, og ef því þá eigi er mótmælt eða raddirnar kveðnar niður, þá er almenningsálitið myndað, og ef stefnan þá gengur í frjálslynda átt, sem kallað er, þá er hún og þeir, sem henni fylgja, góðir og gildir, án tillits til þess, hvort stefnan er sannsýn eða ekki.

Eg fyrir mitt leyti vil nú enn sem fyr fara miðlunarveginn; eg get að vísu verið með nokkurri lækkun, en vil ekki fara of langt. Þetta álít eg, enn sem fyr, heppilegasta veginn, án þess þó að eg að svo stöddu vilji binda mig að nokkuru. Annars væntir mig, að tækifæri muni verða til þess að skoða þetta mál rækilega, þar eð eg býst við, að það muni sett í nefnd.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Eg skal að þessu sinni eigi vera margorður. Mér þykir slæmt, hafi eg borið rangar sakir á hæstv. landsh, þar sem eg sagði, að hann hefði ávalt verið frv. mótfallinn. En mér til afsökunar skal eg geta þess, að það, sem eg einkum hafði fyrir augum, var það, að í fyrra, þegar frumv. var hér fyrir deildinni og því lá á samþ. hæstv. landsh. til undanþágu frá þingsköpunum, til þess að það gæti komist á dagskrá, þar eð því ella var bráður bani búinn að því sinni sökum tímaleysis, þá synjaði landsh því um aðgang. Þetta skoðaði eg sem svo alvarlegan niðurskurð á frumv., sem frekast var unt, og áleit, að þessi aðferð sé alls ekki réttlætandi, enda mun hæstv. landsh. sjaldan eða aldrei hafa beitt valdi sínu í þannig löguðum tilfellum jafnfreklega og það mikilsverðu máli til tjóns.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj. Þriggja manna nefnd samþ. og hlutu kosningu:

Hallgr. Sveinsson með 9 atkv.
Eiríkur Briem — 6 —
Guðj. Guðlaugsson — 6 —

Önnur umr., 20. júlí (C. bls. 179, n. 225; 227, 252, 262).

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Sem sjá má á nefndarálitinu, þá er frumv. þetta komið frá nefndinni með litlum breytingum, og gerist því ekki þörf, að fara mörgum orðum um frumv., enda er mál þetta orðið kunnugt í deildinni og eg býst við, að flestir háttv. þingm. hafi myndað sér fastar skoðanir um það. Sú eina breyting, sem nefndin hefir stungið upp á við það, er við 12. gr., og er efni þeirrar breytingar það, að börn embættismanna, sem hafa eftirlaunarétt, samkv. lögum 1855 geti notið styrks til 18 ára í stað 16 ára, og þótti nefndinni þetta vera í samræmi við þau ákvæði frumv., sem fara fram á það, að embættismenn, sem nú sitja í embættum, fengju eftirlaun eftir gildandi lögum, en á því ákvæði felst nefndin á að eigi væri ástæða til að gera breytingu. Þó að nú nefndin eigi hafi gert fleiri breytingar við frumv., þá hefir hún samt tekið öll ákvæði þess enn á ný til allnákvæmrar yfirvegunar, og þá fyrst og fremst upphæð eftirlaunanna, og hefir hún komist að þeirri niðurstöðu, að eigi sé ástæða til að breyta frumv. í þá átt. Þegar nefndin leit á það frá annari hlið, að ýmsar háværar kröfur hafa komið fram um það um mörg undanfarin ár, að nauðsyn bæri til að lækka eftirlaun embættism. eða jafnvel afnema þau með öllu, þá duldist henni ekki, að hér þurfti að gera einhverja breytingu og áleit nefndin þá tiltækilegast að koma á jöfnuði og miðla málum, þannig, að launin væru að vísu lækkuð, en þó jafnframt litið á hag embættismannsins svo, að kjör hans yrðu viðunandi, þó hann færi frá embættinu. Við 1. umr. þessa máls kom fram sú athugasemd hér í deildinni, að eftirlaun þeirra embættismanna, sem slösuðust í embættisferðum eða embættisverkum, væru ótilhlýðilega há, en nefndin getur nú að vísu fallist á, að eftirlaun þessara manna eru há í samanburði við þá embættismenn, er lengi hafa setið í embættum, en þegar það er athugað, hve bágborinn hagur þeirra manna, sem slasast, þegar þeir eru nýkomnir í embætti, er, og hve illa þeir yfirleitt eru staddir, þá blandaðist nefndinni ekki hugur um, að eftirlaun þessara manna þyrftu að vera talsvert há. Hér í

deild kom og fram sú ástæða gegn þessu ákvæði, að það gæti verið spekúlatión hjá embættismanni, að hann slasaðist, til þess að fá hærri eptirlaun, en nefndin var á þeirri skoðun, að þessi tilgáta væri bæði ótilhlýðileg og ólíkleg; hún áleit það heimskulega tilgátu, að nokkur færi að vinna sjálfum sér slys af þeim ástæðum, þar eð eftirlaun þau, er hann fengi, yrðu þó ávalt minni en launin sjálf, og jafnframt ólíklegt, að nokkur vildi vinna það til eða eiga það á hættu, því að eins og sjá má á frv., þá er það ekki nóg, að hönd eða fótur brotni eða viðkomandi slasist þannig, að hann sé útilokaður frá að gegna embætti sínu um stundarsakir, heldur verður hindrunin frá að gegna embættinu að vera æfilöng, og mundi því sá, er gerði sig sekan í slíkum spekúlatiónum, eiga það á hættu, að missa embættið, sem hann sæti í, og væri betra en það, sem hann gæti gert sér von um síðar; nefndin áleit því þessa spekúlatión, ef hún ætti sér stað, eins heimskulega, og hún væri að eðli sínu óærleg, og gat því ekki verið samþykk þeirri breytingu, sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) hafði stungið upp á við fyrstu umr., nefnilega að lækka eftirlaun þessara manna.

Þá er önnur athugas., sem var gerð við þetta frumv. við 1. umr. þess, að ef embættismaður fyrst yrði settur á biðlaun, svo á eftirlaun og því næst yrði settur í embætti, þá þyrfti að hækka laun hans þannig, að þau yrði ekki lægri, svo þau næmi ekki minni upphæð en því, sem embættismaðurinn fengi í eftirlaun eftir hið 1. embætti. Einnig þetta atriði hefir nefndin athugað, og hún komst að þeirri niðurstöðu, að það væri í samræmi við stjórnarskrána; og nefndin áleit rétt, að ei væri hægt að svifta þann embættismann, er fengið hefði eitthvert embætti, því, og setja hann í eitthvert annað embætti, er minkaði laun hans eða færði niður eftirlaunin.

Þá skal eg geta þess, að eg sé, að sú breyt till. hefir komið fram, að eftirlaun yrðu færð niður úr $^1/_4$ í $^1/_5$. Þessi breyting fer fram á hið sama, og ákvæði frumv. voru, þá er það fyrst kom fram, og gæti eg fyrir mitt leyti aðhylst þessa breytingu, en þar sem mér er það kunnugt, að meiri hluti nefndarinnar, og sumir af hinum háttv. deildarm. eigi vilja ganga svo langt í lækkun eftirlaunanna, þá get eg fyrir mitt leyti eigi verið með þeirri breytingu, þar eð eg geng út frá, að hún yrði frekar frumv. til falls en til nokkurs gagns, en mér á hinn bóginn er það kappsmál, að frumv. nái fram að ganga. Hvað hinum einstöku eftirlaunaupphæðum og tölum viðvíkur, eftir þessu frumv., þá skal eg geta þess, að þær eru áður nefndar, sem sjá má af þingtíðindum undanfarandi þinga, og geta menn lesið þær þar, og skal eg því ekki fjölyrða frekar um frumvarpið.

Sigurður Jensson: Háttv. framsm. (G. G.) mintist á breyt.till. okkar, um að færa eftirlaun úr $^1/_4$ í $^1/_5$, og mun hann fara rétt í því, að lítil von muni vera um, að sú breyting verði samþ. hér í deildinni, þar sem hún gengur lengra en uppástunga frumv., sem mun eiga full-erfitt upppdráttar hér í deildinni. Það, sem okkur gengur til að koma með þessa breyt.till., er það, að við vildum eiga kost á að greiða atkv. með þeirri upphæð eftirlaunanna, er okkur fellur bezt í geð, og um leið gefa kost á sama þeim. þingdeildarmönnum, sem okkur kunna að vera samdóma. Eg er alveg sannfærður um, að verði breytingartillaga okkar samþykt, þá verður það ekki máli þessu til falls, heldur þvert á móti til þess, að flýta fyrir málinu hér á þingi. Það má, hvort sem er, telja það víst, að okkar uppástunga verður samþ. í Nd., og er þá heppilegast, að frumv. komist strax í það horf, sem það á að komast í á þinginu. Þessi till. okkar er,

eins og allir sjá, miðlunartillaga milli þeirra, sem vilja með öllu afnema eftirlaunin, og hinna, sem helzt vilja halda þeim, eins og þau eru, eða lækka þau sem minst. Eg get ekki verið á því, að afnema eftirlaunin, því að eg hygg ekki, að það muni verða neitt betra og ekki spara landssjóði nein útgjöld. Eg hygg að þingið mundi þá veita eftirlaun eins fyrir það og engu órífari. Því sé bezt að ákveða með lögum eftirlaunin, en hafa þau lág. Þessi er mín skoðun, sem eg hefi lýst yfir áður, bæði hér á þingi og fyrir kjósendum mínum.

Jón Jakobsson: Af því að eg hefi skrifað undir breyt.till. á þskj. 116, þá finn eg mér skylt að fara nokkurum orðum um hana, og af því að eg býst við, að sumir af meðdeildarmönnum mínum kunni ef til vill að misskilja nafn mitt undir henni á þann hátt, að eg sé meðmæltur eftirlaunum, ef eigi sé hærri en þar er farið fram á, þá skal eg geta þess, að eg hefi eingöngu skrifað undir hana samkvæmt þeirri gömlu reglu, að af tvennu illu ber að velja hið skárra. Eg skal um leið strax taka það fram, að frá því eg fyrst var kosinn á þing 1892, hefi eg ekkert lært og engu gleymt að því, er þetta mál snertir, eða frá því eg fyrst fór að taka þátt í opinberum málum; og þegar eg í fyrsta lagi tek þetta mál frá forretningslegri hlið, þá sé eg, að Ísland er hið dýrasta administreraða land álfunnar, sem leiðir af öllum staðháttum þess og fámenni, og því ástæða að meiri til að viðhafa allan sparnað, jafnt að því, er snertir eftirlaun embættismanna, sem laun þeirra. Eg skal enn fremur taka það fram, að mér þótti það leitt, að einn af mínum beztu pólitísku vinum skyldi verða til þess að flytja þetta mál hér á þingi, af því að mér virtist það bera ljósan vott þess, að þjóðin sé orðin þreytt á þessu máli í því formi, sem hún hefir áður haldið fram, eins og öðru máli, sem seinna mun verða talað um hér í deildinni. Eg get ekki betur séð, en að hin gamla krafa þjóðarinnar um afnám eftirlauna sé fullkomlega rettmæt og sanngjörn, auk þess sem það er fjárhagsleg nauðsyn, að fá meira samræmi milli gjaldþols landsbúa og embættismannakostnaðarins.

Eg man eftir því, að þegar þetta mál fyrst kom fram hér í þessari deild, þá gat háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.) þess, að það væri ekki almenningsálitið að afnema beri öll eftirlaun; en eg þykist þekkja almeningsálitið, eins vel og hann, og það þori eg að segja, að ef almenningsálitið er til í nokkuru máli, þá er það í þessu máli, og þetta almenningsálit gengur í þá átt, að þeir menn, sem hér ræðir um, nfl. embættismennirnir, séu ekki rétthærri en aðrir borgarar mannfélagsins, að því er til eftirlauna kemur, einkum þar sem landssjóður kostar stórmiklu fé úr sínum vasa til þess að ala þá upp; en til hvers? Til þess síðar að geta veitt þeim tryggingu fyrir betri lífskjörum en aðrir borgarar þjóðfélagsins hafa; og þess vegna getur almenningsálitið ekki skilið, að þessir menn eigi þar að auki að fá þau aukahlunnindi, að lifa á landssjóði, eftir að þeir eru búnir að vinna sitt verk eða geta ekki lengur unnið það.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) gat þess við 1. umr. þessa máls, að það væri misræmi að afnema öll eftirlaun hér á landi, þar sem sú stefna væri að verða ríkjandi í öðrum löndum, að setja alla á eftirlaun; þetta getur nú að vísu satt verið; en þar með er ekki sagt, að við eigum ekki að taka burt það misræmi, sem virkilega er til staðar. Hitt sé fjarri mér að segja, að það sé ekki sanngjarnt, að hver sá borgari, sem unnið hefir heiðarlega og vel í hverri stöðu sem er, hafi beinlínis kröfu til, að hann sé ekki látinn fara á sveitina; það er mannleg skyldukrafa þjóðfélagsins, en hún á ekki fremur við embættismenn en aðra.

Við 1. umr. þessa máls, gat hæstv. landsh. þess, að reynslan hér á landi sýndi, að embættismenn með háum launum, hefðu ekki meira til að bita og brenna en aðrir, sem lægra eru launaðir; en hvað sýnir þetta dæmi? Það sýnir, að þeir eyða meiru og kunna ekki að sníða sér stakk eftir vexti. Þegar við lítum á dánarbú embættismanna hér á landi, þá sjáum við, að stærstu þrotabúin eru hjá þeim, sem mest hafa að bíta og brenna, nfl. sýslumönnunum, en að prestarnir aftur á móti hafa komist fult eins vel af, þótt laun þeirra séu miklu lægri, og sýnir það, að þeir hafa betur kunnað að sníða sér stakk eftir vexti. Eg held þess vegna, að þessi sérstaka umhyggja fyrir hinum hærra launuðu embættismönnum landsins sé algerlega óþörf, því að það leiðir af sjálfu sér, að sá, sem meira hefir til að lifa af, getur lagt meira upp handa sér og sínum. Eg veit að vísu, að representatións-kostnaðurinn er meiri hjá flestum hinna hærra launuðu embættismanna, en hann er þó ekki meiri en svo, að þeir geti tekið skynsamlegt tillit til efna sinna og ástæðna. Eg skal taka það upp aftur, að eg álít, að embættismenn séu ekkert rétthærri en aðrir, þegar um það er að ræða, að þeir fari á sveitina, en um leið og eg segi þetta, þá segi eg það í þeirri von og í því trausti, að ekki líði mörg ár, þangað til alþing Íslands tekur það til meðferðar, hvernig fara skuli með alla borgara þjóðfélagsins, sem ekki geta komist af að afloknu dagsverki sínu. Þið þekkið vel, háttv. þm., þenna örðuga sívaxandi lið í fjárlögunum, og þarf eg því ekki að eyða orðum um hann; en eitt er víst, að þeir, sem borga þessi háu laun, það eru þeir, sem stríða og strita, án þess að hafa nokkur aukahlunnindi eða sérstaklega trygða stöðu í þjóðfélaginu. Af þessum ástæðum vildi eg helzt fella þetta frumv.; en eg tek upp aftur það, sem eg sagði í byrjun ræðu minnar, að af tvennu illu kysi eg heldur það, sem skárra er, og mun eg því verða með frumv., ef þessi breyt.till. okkar háttv. þm. Barðstr. (S. J.) verður felld.

Valtýr Guðmundsson: Háttv. þm. Húnv. (J. Jak.) talaði margt og mikið fyrir því, að bezt væri að afnema öll eftirlaun, og skal eg játa, að hann hefir talsvert fyrir sér í því, að það sé almennings vilji; en þó svo væri, þá er eg alls ekki sannfærður um, að sú stefna sé svo holl. Hann tók það líka fram, að það væri óeðlilegt, að láta embættismenn fá eftirlaun, þar sem varið væri svo miklu fé til ókeypis kenslu og uppeldis handa þeim, til þess síðar að koma þeim í tryggari stöðu en öðrum; en hver er þessi trygga staða, ef eftirlaunin eru afnumin? Ef þessir menn nú missa heilsuna eftir nokkur ár, hvað liggur þá fyrir þeim? Ekkert nema sveitin, og það væri sannarlega ekki til þess, að auka virðingu embættisstéttarinnar, ef embættismenn ættu það á hættu, að þurfa að lenda á sveitinni, en það gæti auðveldlega komið fyrir, ef eftirlaunin væru afnumin. Það er heldur ekki rétt, sem sami háttv. þm. tók fram, að embættismenn hér á landi séu betur settir en margir aðrir í efnalegu tilliti, því að þótt þeir ef til vill hafi verið það áður, þá á það ekki að verða svo hér eftir, eða að minsta kosti vonum við, að svo verði, svo framarlega sem þetta land á nokkura framtíð fyrir höndum.

Embættismenn eru í öllum löndum ver settir í efnalegu tilliti en margir aðrir borgarar þjóðfélagsins, sem standa á líku menningarstigi; þannig hafa t. d. „forretningsmenn“ margfalt meiri tekjur og geta lagt marfalt meira upp handa sér og sínum.

Eg þekki embættismenn, sem orðið hafa „forretningsmenn“ hér á landi og fengið margfalt meiri tekjur en meðan þeir voru í embætti; þetta vonar maður að verði

tíðara og tíðara, og þess vegna get eg alls ekki verið með því að afnema öll eftirlaun, að minsta kosti ekki fyrst um sinn, heldur gæti eg miklu fremur fallist á þá stefnu, sem nú er lögleidd á Nýja-Sjálandi og verið er að ræða um á Englandi, að allur landslýður hafi rétt til eftirlauna, en auðvitað geta verið skiftar skoðanir um, hversu há eftirlaunin eigi að vera.

Þegar eg nú sný mér að þessari brt. minni, þá fæ eg ómögulega skilið, hvernig nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að taka upp alt annað „princip“ fyrir embættismenn, sem slasast í embættum, en hingað til hefir verið fylgt.

Eins og lögin nú eru orðuð, er „princípið“, sem liggur til grundvallar fyrir því á þann veg, að sá embættismaður, sem slasast, fái þau hæstu eftirlaun, sem hann gæti fengið eftir lögunum og 35 ára embættisþjónustu; því enginn getur fengið hærri eftirlaun en $^2/_3$ af embættistekjunum; en hér er farið fram á, að hann fái miklu hærri laun en þau gætu hæst orðið samkvæmt almennum reglum. Eg get ómögulega séð, að það sé nein sanngirni í þessu. Eg skal taka eitt dæmi. Við eigum, eins og háttv. þm. vita, von á ráðherra fyrir Ísland, og eg geri ráð fyrir, að við gerum hann úr garði líkt og aðra ráðherra ríkisins að því, er launin snertir. Ef hann nú slasast eftir $^1/_2$ ár, þá fær hann 8000 kr. í eftirlaun með 12000 kr. embættistekjum; en ef hann fer frá eftir 20 ára embættisþjónustu, þá fær hann ekki nema 3400 kr. í eftirlaun. Er nú nokkur sanngirni í þessu? Það er í mínum augum svo mikið misrétti, að eg get alls ekki gefið þessu ákv. frumv. atkv. mitt. Eg skal taka annað dæmi: Eftir uppástungu stjórnarinnar eru landritaranum ætlaðar 6000 kr. í laun. Ef hann slasast eftir $^1/_2$ ár, þá fær hann eftir þessu frumv. 4000 kr. í eftirlaun alla æfi; en ef hann fær lausn frá embætti eftir 30 ára þjónustu, þá fær hann ekki nema 2100 kr. í eftirlaun. Nú hefir háttv. flutnm. tekið það fram, að embættismenn, sem slasast, eftir að þeir eru nýkomnir í embætti, verði í efnalegu tilliti alloftast illa staddir og geti haft konu og börn að sjá fyrir; en embættismaðurinn getur líka mist heilsuna á ungum aldri, án þess að slasast, meðan hann er að gegna embætti sínu, og verður hann þá jafnilla settur. Háttv. framsm. (G. G.) tók það líka fram, að það gæti ekki álitist svo, sem embættismaður slasaðist frá embætti sínu, þótt hann meiddi sig í hendi eða fæti, en hér í frumv. er það ekki tekið fram. En ef embættismaður t. d. meiddi sig svo mikið í hægri hendi, að hann yrði með öllu ófær til að skrifa, þá yrði hann að fá lausn frá embætti, þótt hann hefði beztu heilsu að öðru leyti. Eg get því ekki séð nokkura ástæðu til að innleiða nýtt „princip“ fyrir þá embættismenn, sem slasast, og sem sagt get eg ekki gefið frumv. atkv. mitt, ef þetta ákvæði ekki verður numið burt, af því að eg álít svo mikla ósanngirni í því fólgna.

Jón Jakobsson: Eg skal leyfa mér að svara að eins fáum orðum því, sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) talaði í minn garð. Reyndar get eg ekki séð, að hann hafi hrakið neitt það, er eg sagði. Hann sagði, að staða embættismannanna væri engu tryggari en annara borgara þjóðfélagsins, ef eftirlaunin væru afnumin. Hvernig getur þm. sagt slíkt? Það getur altaf komið fyrir menn í hverri stöðu sem er, að þeir missi heilsuna eða fatlist á einhvern hátt án eigin sakar, og verði með því svíftir lífsbrauði sínu, án þess að þeir hafi nokkuð fyrir sig að leggja, en að segja það, að embættismenn séu engu betur settir í efnalegu tilliti en aðrir borgarar þjóðfélagsins, þótt þeir séu trygðir með vissum árlegum launum, það kallar maður á óvandaðri íslenzku bull, og þar sem hann sagði, að embættismenn,

hvort sem þeir nú eru erlendir eða hérlendir, væru ver settir í fjárhagslegu tilliti en allur þorri manna, þá er sú staðhæfing hans algjörlega röng; eg held þvert á móti, að lífskjör alls þorra manna séu langt fyrir neðan lífskjör embættismanna í öllum löndum, því að embættismennirnir hafa trygð laun fyrir vist verk, og eg held ekki, að það sé hægt að segja, að það sé alment hlaðið á þá meiri vinnu en hver ötull maður fær afkastað; og að því er snertir þessar miklu tekjur af atvinnugreinum sumra forretningsmanna, sem þm. mintist á, þá er algerlega óviðurkvæmilegt að bera það saman við laun embættismanna, því að þær tekjur eru svo óvissar, að forretningsmaður, sem eitt ár hefir t. d. 40, 50 eða jafnvel 100 þúsund kr. í tekjur, getur jafnvel orðið svo óheppinn, að verða gjaldþrota á næsta ári og staðið uppi alsnauður. Eg verð þess vegna að halda því fram, að embættismannastaðan sé tryggari en nokkur önnur, og að þess vegna sé ekki ástæða til að gera hana enn þá tryggari með því, að ákveða eftirlaun þeirra hærri en frumv. fer fram á, og með þessu hefi eg þá svarað andmælum 2. þm. G.-K. (V. G.)

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Eg játa að vísu, að háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) hefir talsverðar ástæður fyrir sínu máli, en þó eru þær naumast svo þungar á metunum, að takandi séu til greina. Að embættismenn slasist á ungum aldri, er svo fágætt, að ekki er líklegt, að þessi sparnaður, er breyt.till. háttv. þm. miðar til, nemi nokkuru fyrir landssjóð. Þar sem hann segir, að hæglega geti svo farið, að embættismaður fatlist á hendi eða fæti, þá lítur ekki út fyrir, að hann hafi lesið 3. gr. frumv., þar sem tekið er fram, að embættismaður, er orðið hefir fyrir meiðslum, skuli skyldur að taka við embætti aftur, þegar hann er orðinn fær til þess fyrir heilsu sakir. Því að óhugsandi er, að öll slík meiðsli væru þannig löguð, að þau gætu ekki batnað og embættismaðurinn orðið starfsfær aftur. Mér virðist því ekki næg ástæða til að taka þessa brt. til greina.

Enn fremur ber þess að gæta, að hin tilvonandi lög um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa geymdan lífeyri geta ekki komið til greina fyrir þann embættismann, er slasast hefir á ungum aldri og orðið ófær til embættisstarfa. Hann verður að eins að lifa á sínum eftirlaunum. Hinn aftur á móti, er gegnir embætti um 30 ár, fær svo góða viðbót við eftirlaunin, að elli hans ætti að vera borgið. Einnig af þessari ástæðu tel eg nefndina ekki geta fallist á þessa brt.

Hallgrímur Sveinsson: Umræðurnar um þetta mál eru orðnar alllangar og því naumast á þær bætandi. En sakir þess, að mér virtist háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) beina sérstaklega orðum sínum að mér, og það með svo mikilli alvöru og áherzlu, að furðu gegndi, þá get eg ekki látið hjá líða að svara honum nokkuru. Hann kvaðst geta fullvissað mig um, að hann væri eins kunnur almenningsálitinu, og eg. Eg gæti sagt það sama fyrir mitt leyti við hann. Slíkar fullvissanir verða í rauninni staðhæfingar hjá báðum. Háttv. sami þm. tví- eða þrítók, að hann hefði engu gleymt og ekkert lært síðan hann kom á þing (*Jón Jakobsson:* Í þessu efni!). Já, þó ekki sé nema um þetta eina atriði að ræða, þá hefði eg samt hugsað, að slíkt gæti ekki talist neinum til frægðar. (*Jón Jakobsson:* Eg taldi mér það heldur ekki til frægðar. Annars vil eg geta þess, að eg er dauður!) Fremur hefi eg heyrt það talið mönnum til ámælis, að þeir ekkert lærðu, heldur en hitt, að það væri álitinn sérstakur kostur (*Jón Jakobsson:* Eg tók það að eins fram sem faktum!).

Að embættismenn hafi betri aðstöðu en fólk alment, tel eg álitamál. Það mun

rétt, að staða þeirra er að vissu leyti tryggari. En að reikna þeim til syndar, að þeir hafa mentast á landsins kostnað, er í öllu falli rangt. Fleiri hafa notið þeirra hlunninda en embættismenn einir; það vitum við sjálfir.

Yfir höfuð stefndi ýmislegt í ræðu háttv. 2. þm. Húnv (J. Jak.) í þá átt, að afnema öll eftirlaun, enda kvaðst hann mundu greiða atkv. móti frv. (*Jón Jakobsson:* Misheyrn! Eg kvaðst mundu greiða atkv. með því!). Þá bið eg afsökunar. En orð hans gengu þó að minsta kosti í þá átt, annaðhvort að fækka embættunum eða lækka launin. Í því efni bar hann fyrir sig staðháttu landsins. Mér er spurn, er það embættismönnunum að kenna, hvernig staðhættirnir eru? Stendur það í mannlegu valdi að breyta þeim, að taka burtu fjöll og firnindi? Og yfirleitt fanst mér ræða hans vera svo áköf og æst, að eg átti ekki von á slíkri. Eg man ekki til, að háttv. þm. hafi nokkuru sinni áður verið svo heitur. Veit eg þó, að hvorki hefir framkoma nefndarinnar né deildarinnar í þessu efni gefið ástæðu til þvílíks hita. Auðvitað má segja, að þessi skoðun, er hann barðist fyrir, sé almenningsálit. En þá má líka segja, að það sé almenningsálit að minka sem flest gjöld, er á almenningi hvíla, hverju nafni sem nefnast, svo sem tiund, tolla o. s. frv. Varla mun erfitt að fá atkvæði almennings fyrir lækkun slíkra gjalda! Hluturinn er, að maður verður að fara dálítið varlega með almenningsálitið svo nefnda. Öllum er kunnugt, hvernig það vanalega myndast. Stundum byggist það á skoðun eins manns, er breiðist út, eins og eldur í sinu, af því málið er lítt athugað af fjöldanum, og margir verða til að gjalda jáyrði við þessari skoðun athyggjulaust, af því hún er talin svo girnileg, svo frjálsleg, svo fögur. Þannig er grundvöllur almenningsálitsins einatt valtur. Lítum við á, hvernig þingmálafundargerðir alment eru, má sjá, að töluvert af þeim tillögum, er þar koma fram, eru þannig til komnar. Notum því almenningsálitið með gætni. Auk þess hefir nefndin bent á, að almenningsálitið í því efni, er hér er um að ræða, væri ekki fult svo eindregið, sem áður. Auðvitað líta menn misjafnt á þetta, sem annað. Einn breytir þar skoðun sinni eftir rökum og ástæðum, þar sem öðrum þykir betra að halda fast í sína gömlu meiningu. En þeir af háttv. deildarmönnum, sem vilja framgang þessa máls, mega ekki vera of erfiðir og ósanngjarnir við aðra, er vilja koma því fram að vísu, en í öðru formi.

Valtýr Guðmundsson: Eg vildi að eins gera stutta athugasemd við ræðu háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.). Hann sagði, að staða embættismanna væri tryggari en annara í þjóðfélaginu, enda þótt eftirlaunin væru afnumin. Eg fæ ekki betur séð, en að tryggingin við stöðu þeirra byggist aðallega á eftirlaununum. Væri þau ekki, hver er þá munur á stöðu embættismanns og t. d. verzlunarstjóra? Verzlunarstjórinn getur orðið settur af, þegar minst varir, þó því að eins, að hann standi illa í stöðu sinni. Sama er að segja um embættismanninn; landsstjórnin getur líka vikið honum frá, ef hann vanrækir störf sín. Báðir eru jafnvaltir í sessi. Hins vegar má segja um margar aðrar stöður í þjóðfélaginu en stöðu embættismanna, að þær séu öruggar fyrir þá, er gegna vel og samvizkusamlega störfum sínum.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um ræðu háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.), því að bæði er hann „dauður“ og svo var hún miður parlamentarisk. Eg hefði haldið, að orð eins og „bull“ ætti eigi við á þingi; en má vera, að nú eigi að fara að innleiða slík orð!

Háttv. framsm. (G. G.) gat þess um breyt.till., að hún væri eigi á nægum rökum bygð. En eg fæ ekki betur séð en,

að menn, sem „slasast“, geti eins fengið heilsuna aftur, eins og þeir, er fyrir meiðslum verða. Hvers vegna þarf að gera þenna mikla mismun? Hér getur ekki verið um annað en þrákelkni að ræða af nefndarinnar hálfu, því að hún hlýtur að sjá ósanngirnina í þessu. Hitt er mér allsendis óskiljanlegt, hvers vegna háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) er á móti breyt.till. minni, þar sem hún þó gengur í sparnaðaráttina.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþ með 6 : 3 atkv.

Brt. á þskj. 116 feld með 6 : 3 atkv.

— á þskj. 107 feld með 7 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:

Sigurður Jensson,
Guttormur Vigfússon,
Kristján Jónsson,
Valtýr Guðmundsson,

nei:

Jón Jakobsson,
Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Hallgrímur Sveinsson,
Jónas Jónassen,
Júlíus Havsteen,
Þorgrímur Þórðarson.

2. gr. frv. sþ. með 6 : 3 atkv.

3. — — — — 7 : 1 —

4.—11. gr. samþ. með 7 : 1 atkv.

Brt. á þskj. 90, við 12. gr., samþ. með 6 samhlj. atkv.

12. gr. frumv. þar með fallin.

Fyrirsögn frv. samþ. með 6 shlj. atkv.

Frumv., með áorðnum breytingum, sþ. með 6 : 3 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 7 : 4 atkv.

Þriðja umr. 22. júlí. (C. bls. 283).

Frumv. í heild sinni samþ. með 6 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkv.gr., og sögðu:

já:

Sigurður Jensson,
Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Guttormur Vigfússon,
Hallgr. Sveinsson,
Þorgrímur Þórðarson,

nei:

Jónas Jónassen,
Júlíus Havsteen,
Kristján Jónsson,
Valtýr Guðmundsson,

og verður afgreitt til forseta Nd.

Ein umr., 17. ág. (C. bls. 620; n. 643).

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Það lítur svo út, eftir þessu frv. að dæma, að þingtíminn sé ekki of langur. Hér er það að eins til einnar umr., á svo eftir að fara ofan í Nd. aftur og kannske að leggjast fyrir sameinað þing, og þetta er þó mál, sem mikið hefir um verið fjallað á umliðnum þingum, og langfyrsta málið, sem lagt var fyrir þingið frá þingmanna hálfu.

Háttv. Nd. hefir gert 3 brt. við frumv. þetta.

Fyrsta brt. er við 2. gr., þar sem hún færir eftirlaunin úr $^1/_4$ niður í $^1/_5$ af embættislaunaupphæðinni.

Önnur brt. er sú, að lækka eftirlaun þeirra embættismanna, sem slasast, þannig að í stað $^2/_3$ komi hæstu eftirlaun, sem viðkomandi embættismanni geta borið að lögum.

Þriðja brt. er viðvíkjandi hámarki eftirlauna ekknanna; þar ákveður Nd. hæstu eftirlaun 1000 kr. í stað 1200 kr. Allar þessar breytingar stefna í sparnaðarátt, og nefndin vill ráða háttv. deild til þess að samþykkja 2. og 3. brt. Nd. í þessu máli. En hvað 1. breytt. á 2. gr. snertir, þar sem eftirlaunin eiga að lækka úr $^1/_4$ ofan í $^1/_5$, þá var meiri hluti nefndarinnar mótfallinn þeirri lækkun og vildi gera það beint að skilyrði fyrir atkvæði sínu, að þessi breyting Nd. væri eigi sþ. — Eg vildi aftur á móti helzt, að frv.

hefði verið sþ. með þeim breytingum öllum, sem Nd. hafði við það gert, en vildi samt ekki gera þetta að ágreiningsefni, með því eg veit, að sú tilslökun er skilyrði fyrir framgangi málsins hér í deildinni.

Kristján Jónsson: Eg hafði ekki búist við því, að þetta mál kæmi aftur fyrir þessa deild, eða að oss gæfist kostur á að ræða það af nýju, en nú, er háttv. Nd. hefir sent frv. hingað aftur með breytingum, vil eg ekki láta hjá líða, að lýsa enn einu sinni skoðun minni á málinu, en hún er í stuttu máli sú, að eg álít ekki tiltækilegt eða ráðlegt, að samþ. þetta frv., eins og það liggur fyrir. Eg álít ekki rétt að gera neina breyting á eftirlaunum embættismanna í þá átt að lækka þau, nema því að eins, að ýms önnur mál, sem standa í nánu sambandi við eftirlaunin, séu jafnframt athuguð og nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til breytinga á þeim. Það, sem þá fyrst yrði að koma til álita, eru launakjör embættismanna, hvort þau eru svo viðunandi, að tiltækilegt sé að lækka eftirlaunin. Það er engum efa bundið, að laun flestra embættismanna eru eigi ríflegri en svo, að þeir einir geta lifað við þau sæmilegu lífi, sem hafa litla fjölskyldu eða hafa eitthvað annað við að styðjast t. d. búskap. Ljós dæmi þess eru það, að það er hrein undantekning, að embættismenn græði eða leggi fé fyrir, nema því að eins, að þeir fái það að erfðum eða við kvonfang, eða séu framúrskarandi búforkar og dugnaðarmenn. Um alla aðra er það eitt að segja, að þeir rétt að eins komast af, ef þeir þá gera það, en geta ekki safnað einum eyri til elliáranna. Það er því nauðsynlegt, að eftirlaun þessara manna, sem eigi má búast við að hafi safnað fé á embættisþjónustuárunum, séu svo rífleg, að þeir fyrir þau ein geti lifað nokkurn veginn sama lífi, eftir að þeir fara frá embættum og áður, því það er of hörð krafa að heimta það, að menn breyti lifnaðarhætti sínum, þegar þeir eru orðnir 70 ára og þar yfir. En sú yrði þó afleiðingin, ef eftirlaunin væru lækkuð, eins og farið er fram á. Hin ráðgerðu eftirlaun verða yfirleitt eigi nægileg til sómasamlegrar framfærslu fyrir uppgefið og örvasa gamalmenni, sem hefir fyrir fjölskyldu að sjá, og eigi hefir getað lagt fé, sem neinu nemur, upp af launum sínum. Annaðhvort verða launin að verða viðunanlega há, hærri en nú er, eða eftirlaunin verða að vera viðunanlega há, hærri en í frv. Frv. virðist ganga út frá þeirri alröngu hugsun, að embættismenn auðgist alment í embættum sínum, eða að það sé létt fyrir þá að auðgast, og að þeir því að öllum jafnaði séu efnaðri menn eða eigi að vera það, er þeir láta af embættum, en það er öðru nær en svo sé.

Þetta er annað atriði, sem eg vildi taka fram, og sem er því valdandi, að eg get eigi verið þessu frv. fylgjandi. Eg skal reyndar bæta því við, að eg mundi nú sem fyr eigi vera því mótfallinn, að öll eftirlaun yrðu afnumin, allur eftirlaunaréttur numinn úr lögum. Eg hefi oft tekið það fram áður, að eg mundi eigi hafa neitt á móti því, en þó því að eins, að launakjör embættismanna yrðu bætt áður svo, að dugandi menn fengjust í embættin eftir sem áður. Launin verða að sjálfsögðu að miðast við það, og þá mundi hverfa alt þetta arg um eftirlaunin. Náttúrlega ætti það eigi að vera útilokað, að löggjafarvaldið í stöku tilfellum veitti sérstök eftirlaun fyrir staka þörf og staka verðleika.

Þá er annað atriðið, sem eg vildi taka fram, áður en þettta frv. verður samþ. Það er viðvíkjandi undirbúningskostnaðinum undir embættisstöðuna. Þessi kostnaður er auðvitað nokkuð misjafn, en þó allajafna mikill. Mér finst það engin von, að nokkur vel hæfur maður vilji leggja sig í að ganga embættisveginn og búa sig undir embættisstöðuna, og leggja fram afarfé og mikinn tíma, mörg ár af lífi sínu

til þess, ef hann á það eitt í vændum, fyrst að fá lítil laun, meðan hann situr í embættum, svo lítil, að hann að eins getur lifað á þeim, og svo eftirlaun svo skorin við nögl sér, að hann getur ekki lifað áhyggjulausu lífi í elli sinni, ekki lifað svo, að hann sé óhræddur um að komast á vonarvöl eða fara á sveitina.

Námstíminn er hjá flestum 12—15 ár, og er það vissulega ekki of í lagt, þegar námi er lokið við háskólann, og margir verða að bíða 2—3 ár eftir embætti að náminu loknu. Þegar þessir menn svo loksins komast í embætti, eru þeir flestir stórskuldugir, og eru búnir að eyða sínum beztu árum í þetta undirbúningsstarf. Eg álít það því mjög nauðsynlegt, að þessi undirbúningskostnaður verði minkaður að mjög miklum mun eða sem frekast, að verða má, áður en eftirlaunin eru færð niður, eða breyting yfirleitt gerð á embættunum þannig, að þau verði lakari eða miður útgengileg. Eg mintist á þetta um daginn, þegar lagaskólinn var hér til 1. umr., því hvergi er meira mein að því, hvað undirbúningurinn er langur, dýr og erfiður, heldur en hjá lögfræðisnemum vorum. En á því mundi lagaskóli hér á landi ráða nokkura bót fyrir þau embætti, sem hann veitir undirbúning undir. Í þriðja lagi hefir mér aldrei getað skilist, að þeir menn, sem mest hafa barist fyrir þessu eftirlaunamáli, hafi tekið nauðsynlegt tillit til þess, hvernig hagur og fjárhagsleg ástæða embættismanna hefir breyzt síðan 1855, er hin núgildandi eftirlaunalög gengu í gildi. Það var þá miklum mun ódýrara að lifa hér á landi en nú er, og embættismenn voru þá svo að segja gjaldfrjálsir til allra stétta eða opinberra þarfa. Nú hvílir sama gjaldskylda á embættismönnum, og öðrum borgurum landsins; síðan 1877 greiða þeir tekjuskatt af embættislaunum sínum, og er það allveruleg upphæð fyrir hina launahærri embættismenn, frá 40—100 kr. um árið, og auk þess er nú í ráði, að leggja á þá nýjan skatt, lífeyrisgjald, alt að því 2% launanna. Þeir embættismenn, sem gjalda tekjuskatt í hærra lagi hér í Rvík, gjalda meira til opinberra þarfa en nokkur bóndi á landinu, því flestir greiða þeir, eins og eg gat um áðan, 40 kr., og svo upp eftir, alt upp undir 100 kr. Embættismaður með 3000 kr. geldur 25 kr., en með 4000 kr. launum geldur hann 45 kr. og með 5000 kr. launum 70 kr., o. s. frv. Þetta virðist mér ekki hafa verið athugað, þegar hagur embættismanna hefir verið til umræðu, eins og heldur ekki hitt, að á embættismönnum hvílir mjög þungt gjald, þar sem lífsábyrgðargjaldið er. Flestir konunglegir embættismenn, sem svo eru kallaðir, verða að borga frá 150 alt upp að 600 kr. í ekkjusjóð, og komið hefir það fyrir, að skattur þessi hefir farið upp fyrir 1000 kr. á ári fyrir einn embættismann, og þess ber hér einnig að gæta, að ef kona deyr á undan manninum, þá er þetta með öllu tapað fé.

Eg hefi nú dregið fram nokkurar ástæður fyrir því, að hagur embættismanna vorra er eigi glæsilegur í efnalegu tilliti, og að það er eigi von til, að hann sé það. En þetta leiðir beint til þess, að það er ekki tilefni til, og enda mjög óráðlegt, að færa niður eftirlaun þeirra. Embættunum mun þá verða lakar þjónað, og í þau munu eigi fást aðrir en þeir, sem eigi geta fengið aðra betri stöðu, t. d. góða faktorsstöðu; það er að segja, þjóðin verður að sætta sig við að fá úrganginn í embætti sín, og eftir því mun þeim verða gegnt. — Það er fyrir þessar sakir, að eg nú, sem fyr mun greiða atkvæði á móti þessu frumv.

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Það hefir svo oft verið tekið til máls um þetta mál, og búið að ræða það svo ítarlega, að eg get búist við, að menn séu orðnir þreyttir á því. Eg skal samt leyfa mér að geta þess, að ræða háttv. 3.

kgk. þm. (Kr. J.) snerti ekki frv. nema lítið eitt. Hún gekk aðallega út á að sýna fram á, að laun embættismanna væru of lág og að íþyngingá á gjöldum þeirra væri svo mikil, að hún leyfði ekki, að laun þeirra væru lækkuð. Eg skal að vísu játa það, að ef svo er, að laun þeirra séu of lág eða kjör þeirra miður góð, svo að þeir ekki geti komist sómasamlega af með laun sín, þá standi það í sambandi við eftirlaunin; en á hinn bóginn er aðgætandi, að hér í þessu frv. er ekki svo mjög farið fram á að lækka eftirlaunin, heldur jafnframt að gera þau jafnari, og hjá þeim, sem lakast eru launaðir, er lækkun eftirlaunanna lítil frá gildandi lögum; aftur á móti er lækkunin meiri hjá þeim embættismönnum, sem hafa hærri laun, og hygg eg ekki, að gott sé að sannfæra þjóðina um, að laun hinna hæstlaunuðu embættismanna séu of lág, en aftur á móti hygg eg, að margur alþýðumaður hafi ekkert á móti því, að laun hinna lægra launuðu embættismanna séu helzt til af skornum skamti; en mér finst þetta ekki koma málinu við, þar sem frv. ekki fer fram á neina lækkun eftirlaunanna hjá hinum lægst launuðu embættismönnum; eg verð því að ætla, að það sé fullkomlega rétt, að samþykkja þessa lækkun á eftirlaununum, sem frv. fer fram á; það kemur ekki beint þessu máli við, hvort launin eru of lág. Að því er undirbúninginn undir embættin snertir, þá hygg eg að ungir menn leggi meiri áherzlu á launin en eftirlaunin. Eg álít, að fyrir þeim sé það aðalatriðið að vera sómasamlega launaðir, meðan þeir eru í embættum. Eg skal að vísu játa, að undirbúningur embættismannaefna er bæði langur og kostnaðarsamur, og að til hans gengur mikið af þeirra beztu árum; en þetta á sér stað með fleiri unga menn en þá, sem ætla sér að verða embættismenn með eftirlaunarétti.

Eins og kunnugt er, þá er það allur helmingur af stúdentum frá latínuskólanum, sem leggur stund á alt annað en það, sem gefi þeim aðgang að embættum með eftirlaunarétti; heldur taka þeir fyrir sig eitthvað það, sem geti gefið þeim lífvænlega stöðu síðar meir, svo sem verkfræði og annað því líkt í praktiska stefnu, og sýnast þær vera allálitlegar lífsstöður, og skal eg í þessu sambandi minna á, að ingeniör-stöðunni og fleiri praktiskum lífsstöðum fylgir enginn eftirlaunaréttur, og þó fer nú á síðari árum ávalt fjölgandi þeim ungum mönnum, er búa sig undir slíkar stöður og gera þær að lífsstarfi sínu.

Eg verð því að álíta, að rétt sé að samþykkja frv. í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir, og ræða háttv. 3. kgk. þm (Kr. J.) snertir það ekki beint, eins og eg tók fram áðan. Þær athugasemdir, sem hann gerði, geta verið réttar út af fyrir sig og haft við nokkur rök að styðjast, og skal eg ekki fara út í að hrekja þær.

ATKV.GR.:

Brt. á þskj. 511, sþ. með 7 : 2 atkv.

Frv. breytt — — 7 : 3 —

og verður afgreitt til Nd.

Ein umr. í sameinuðu þingi 25. ág. (C. bls. 776, 842, 846).

Ólafur Briem: Þeir menn, sem sátu í nefnd þeirri, er skipuð var í Nd., til að athuga eftirlaunamálið, hafa komið með brt. við 12. gr. frv. og er hún á þskj. 635. Hún gengur út á það, að þessi lög skuli ekki ná til ekkna, er menn þeirra eru í embættum, þegar lögin öðlast gildi.

Í 12. gr. frv, er það tekið fram, að þeir menn, er í embættum sitji nú, þegar lögin öðlast gildi, skuli halda eftirlaunum samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, en þar er eigi tekið fram, að ekkjur þeirra njóti sama réttar. Oss virtist það réttmætt, að þær fengju að njóta að sínu leyti sömu kjara og menn þeirra í þessu tilliti, og því komum við fram með þessa brt., sem heim-

ilar þeim það. Eg vona, að eg þurfi eigi að fara fleiri orðum um þessa brt., en býst við að háttv. þingm. gefi henni atkvæði sitt.

Guðjón Guðlaugsson: Eg kom fram með viðaukatill. við frv. þetta á þskj. 640. Hún er orðuð alveg á sama hátt, og brt. á þskj. 635, en munurinn að eins sá, að mín brt. kemur inn í 12. gr. á eftir orðunum „þeirri tilskipun“. Eg sá, að það var galli á frv., að hér var ekki tekið tillit til ekkna embættismannanna, og nauðsyn var á, að því væri kipt í lag; þess vegna kom eg fram með þessa brt., án þess að vita af hinni brt. á þskj. 635. En þar sem eg nú sé, að hún fer alveg í sömu átt og er eins góð og mín, þá tek eg mína brt. aftur.

Klemens Jónsson: Eg tek upp viðaukatil. á þskj. 640; mér þykir hún fara betur en hin.

ATKV.GR.:

Viðaukatill. á þskj. 640 sþ. með 23 shlj atkv.

Brt.till. á þskj. 635 þar með fallin.

Frv. með áorðnum breytingum sþ. með 29 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:

Hannes Þorsteinsson,
Lárus H. Bjarnason,
Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,
Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,
Einar Þórðarson,
Guðjón Guðlaugsson,
Guðl. Guðmundsson,
Gutt. Vigfússon,
Hannes Hafstein,
Hermann Jónasson,
Jóhannes Jóhannesson,
Jóhannes Ólafsson,
Jón Jakobsson,
Jón Magnússon,
Jónas Jónassen,
Klemens Jónsson,
Magnús Andrésson.
Ólafur Briem,
Ólafur Ólafsson,
Ólafur Thorlacius.
Pétur Jónsson,
Sigurður Jensson,
Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorgr. Þórðarson,
Þórhallur Bjarnarson;

nei:

Árni Thorsteinsson,
Hallgr. Sveinsson,
Júlíus Havsteen,
Kristján Jónsson,
Magnús Stephensen,
Valtýr Guðmundsson.

Frumv. afgreiðist til landsh. sem lög frá alþingi.

Fjárlög 1904 og 1905.

FRUMVARP til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905; 1. umr., 12. ágúst (C bls. 579).

Landshöfðingi: Eg vona, að h. þdm. hafi tekið eftir því, að fjárhagurinn er kominn í mjög iskyggilegt horf. Samkvæmt 18. gr. er tekjuhallinn 419,230 kr. 41 eyrir og auk þess eru c. 300,000 kr. til lánveitinga til ýmissa fyrirtækja.

Hvaðan á að taka þetta fé, er ekki gott að segja.

Háttv. Nd. hefir tekið fyrir of mikið í einu, þar sem hún ætlar í senn að taka öll vor mestu þjóðarmein og ráða bót á þeim. Hún tekur ekki að eins fyrir samgöngumálin, landbúnaðinn og fjárkláðann, heldur og mentamálin.

Það dugir ekki að ætla sér að taka þannig alt í einu.

Til samgöngumálanna eru áætlaðar rúmar 700 þúsund og liggur það í því, að veitt er fé til stórkostlegra brúargerða,

svo sem á Jökulsá í Axarfirði og til Lagarfljótsbrúarinnar og gætu víst hvorttveggja þessi fyrirtæki beðið betri tíma. Viðvíkj. brunni á Lagarfljóti er mjög efasamt, hvort sá staður, þar sem áætlað er að byggja hana, sé alls kostar heppilegur, og hvort það mál hefir hlotið nægan undirbúning.

Eg býst við því, að nefnd verði kosin til að íhuga málið, og vona eg, að hún kosti kapps um að koma fjárhagnum í það horf, að stjórninni verði mögulegt að framkvæma lögin.

Kristján Jónsson: Það er ekki að furða, þótt hæstv. landsh. tali þessi viðvörunarorð til deildarinnar, því að fjárhagur landsins er nú sem stendur eða eftir fjárlagafrumvarpinu næsta ískyggilegur.

Tekjuhallinn er eftir frumv. yfir 400000 kr., og þar við bætast margvísleg gjöld, sem ráðgerð eru í lagafrumvörpum þeim, sem þingið hefir nú til meðferðar, þar á meðal 2 fjáraukalagafrumvörpum, og enn bætast hér við lánveitingar þær, sem gert er ráð fyrir í 19. gr.; alt þetta samantalið mun nálgast 800 þúsund krónur fyrir fjárhagstímahilið.

Eg veit, að deildin mun kunna hæstv. landsh. þökk fyrir ræðu hans og bendingu um þá stefnu, sem taka ber í málinu að svo stöddu.

Framan af var það ekki venja að kjósa nefnd í fjárlögin hér í deildinni og var þá venjulega bygt á grundvelli þeim, sem Nd. hafði lagt fyrir málið, en nú um nokkur undanfarin ár hefir ávalt verið kosin nefnd í málið, einnig hér í deildinni. Nú þegar svo stendur á, að gert er ráð fyrir stórkostlegum tekjuhalla, og fjárhagurinn yfirleitt er harla ískyggilegur, er hin fylsta ástæða til þess að setja nefnd, til þess að íhuga málið, er reyni til að koma nokkuð meiri jöfnuði á tekjur og gjöld landssjóðsins, færa tekjuhallann niður, svo sem unt er, og gera hann nokkurn veginn viðráðanlegan. Eg vil því að umræðum loknum leyfa mér að stinga upp á því, að 5 manna nefnd sé kosin í málið og að umræðunni sé frestað.

Eiríkur Briem: Eg álít ekki rétt að fresta umræðunni, heldur að láta frv. ganga til 2. umr. nú þegar og að því búnu kjósa nefndina, því það sparar tíma, með því að tíminn er orðinn svo naumur, enda álít eg réttast og heppilegast að flýta sjálfri 1. umr., sökum þess að við hana er ekki hægt að fara út í einstök atriði, en allar umræður um fjárlögin hljóta að vera um einstök atriði.

Kristján Jónsson: Það verður þá að minsta kosti að setja einhvern ákveðinn frest, innan hvers allar breyt.till. við frv. til 2. umr. skuli vera komnar fram, t. d. 24 tímum áður en umræðan byrjar. Það er alveg ómögulegt fyrir nefndina og þingmenn yfirleitt að átta sig nægilega á breyt.till., nema þetta sé gert, og má frestur inn eigi vera of stuttur. Með því móti get eg samþykt till. háttv. 6. kgk. þm. (E B.) og leyfi eg mér samkvæmt þessu að mælast til þess, að háttv. forseti geri ráðstöfun til þess, að breyt.till. komi í tæka tíð.

Forseti: Það er mjög erfitt að gera við því, þó að breyt.till. komi seint, en eg skal gera það, sem í mínu valdi stendur, til þess að gera deildarmönnum sem hægast fyrir í þessu efni.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. 5 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Eftir beiðni 4 þingmanna var hlutfallskosning viðhöfð og hlutu kosningu:

Jón Jakobsson,
Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Kristján Jónsson og
Galtýr Guðmundsson.

Önnur umr., 19. ágúst (C bls. 579; n. 650; brt. 659, 669, 673—675, 679; atkv.skrá 681).

Tekjukaflinn allur og útgjaldakaflinn 7.—13. gr.

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Eg býst við, að háttv. deildarm. hafi kynt sér þau skjöl, er fjárlaganefndin hefir látið útbýta, sem sé nefndarálitið, breytingartill. og skrá yfir þær fjárbænir, er nefndinni hafa borist. Það fór nú, eins og vant er, að fjárlögin komu hingað svo seint frá háttv. Nd., að nefndin hefir orðið að hraða málinu sem framast var auðið, og er það tilfinnanlegt, hve þingtíminn er stuttur, að ekki skuli vera tími til að íhuga slík mál rækilega.

Þegar frumv. kom hingað frá háttv. Nd., var það svo drekkhlaðið af útgjöldum, að tekjuhallinn var 419,230 kr. 41 eyrir. Þar að auki bætast hér við lánveitingar, er nema 229,000 kr., svo útgjöldin verða 648,230 kr. 41 eyri hærri en tekjurnar og eru þó ekki reiknuð ný lög, er hafa í för með sér alvarleg útgjöld fyrir landssjóð. Nefndin hefir reynt að lækka þenna tekjuhalla og athugað, hvað strikast megi út og hvað helzt megi bíða af þeim fjárveitingum, er háttv. Nd. hefir samþykt. Það skarð, sem nefndin hefir höggvið í útgjaldaupphæðina, er kr. 139,250 og auk þess aukið tekjurnar um 1000 kr. (eftirgjöf af láni til sýslusjóðs Rangárvallasýslu, er nefndin vill minka um 1000 kr.), en aukið útgjöld um c. 14,470 kr., svo nettósparnaðurinn verður c. 125,800 kr. Þegar tekjuhallinn á þessum fjárlögum er borinn saman við tekjuhalla fyrri ára, vex manni í augum, hvað hann er gífurlegur; 1899 var hann 99 þúsund og 1901 130,000, svo það er bersýnilegt, að hér er stigið stórum skrefum, þar sem tekjuhallinn nú er meira en þrefaldur við það, sem hann var 1901 og meir en fjórfaldur við tekjuhallann 1899, og ef haldið verður áfram á næsta þingi á sama hátt, horfir til vandræða fyrir landssjóð. Þá verða ekki önnur úrræði en að leggja á nýja og þunga skatta, og er þá líklegt, að gjaldendur kunni þinginu litlar þakkir fyrir ráðsmenskuna. Viðvíkjandi tekjukaflanum, hafa mjög litlar breytingar orðið á frumv. Nd. hefir fært einstaka liði nokkuð upp frá því, sem þeir voru áætlaðir í stjórnarfrumv., og ætlar nefndin, að þótt nokkuð mikils sé vænst af sumum tekjugreinum, muni það vinna sig upp aftur á öðrum. Á 4. gr. 1., síðari málsl., höfum vér gert óverulegar breyt.; í staðinn fyrir orðalag Nd. höfum vér sett eftirgjöf af 200 kr. hvort árið af afborgun og vöxtum, til þess að varna þeim misskilningi, að öll skuldin væri gefin upp.

4. gr. 2 fer fram á 4000 kr. uppgjöf af því 6000 króna láni, er sýslusjóði Rangárvallasýslu var veitt, til þess að hlaða fyrir Þverá. Í stað 4000 viljum vér setja 3000 kr., sem er í samræmi við orð, er féllu hér í deildinni í fyrra um, að jafnvel upp í helmingseftirgjöf væri viðlit að fara, sökum óhapps þess, er sýslan hafði orðið fyrir.

Við 5. gr. 1., um árgjaldið af Staðastað, hefir nefndin bætt inn í ákvæði um, að fénu skyldi varið eftir nánari ákvæðum kirkjustjórnarinnar, því henni fanst, að kirkjustjórnin ætti að hafa „vótum“ í þessu máli.

6. gr. Tillagið úr ríkissjóði er fastákveðið árlegt gjald og á því orðið „talið“ að sjálfsögðu að falla burtu.

8. gr. Í stað 13600 kr. til æðstu stjórnar innanlands, viljum vér setja hina vanalegu upphæð, 12400 kr. og auk þess: til húsnæðis fyrir landshöfðingja og skrifstofu hans 150 kr. á mánuði, alt að 1200 kr.; er það til þess, að þessi upphæð komi fram sem sérstakur liður, sem hann eftir eðli sínu á að gera, en á hinn bóginn er þetta engin efnisbreyting.

11. gr. 6. a. Lækkun sú, er háttv. Nd. hefir gert á þessum pósti, liggur í því, að hún álítur gjaldkerastörf við holdsveikraspítalann óþörf, en um þetta getum vér ekki orðið samdóma háttv. deild, því þá

hyrfi sú trygging fyrir réttum fjárgreiðslum, er leiðir af sérstöku gjaldkerastarfi við spítalann. En á hinn bóginn hyggjum vér, að þetta starf sé nægilega launað með 300 kr. í stað 500 kr., sem hingað til hefir verið.

11. gr. 8. d. Hér vill nefndin bæta inn nýjum lið, um 2000 kr. fjárveitingu f. á. til sjúkrahúss á Patreksfirði, með því skilyrði, að sýslufélag Vestur-Barðastrandarsýslu taki sjúkrahúsið að sér. Nefndinni hefir borist beiðni um þetta frá háttv. þm. Barðstr. og sér enga ástæðu til að synja henni. Sjúkrahús þetta hefir verið meira notað af utan- en innanhéraðsmönnum, aðsóknin mikil til Patreksfjarðar af fiskiskipum og mikil nauðsyn fyrir sjúkrahús þar. Auk þess hefir húsið verið notað sem sóttvarnarhús og kemur þannig að gagni fyrir alt landið, og háttv. þm. Barðarstr. (S. J.) hefir lofað, að það skuli einnig vera framvegis. Nefndin leggur því til, að þessi liður verði samþyktur, með því fylsta þörf er á sóttvarnarhúsi á stað, þar sem mörg útlend skip koma, eins og á Patreksfjörð.

11. gr. 10. Háttv. Nd. leggur það til, að veittar verði 800 kr. seinna árið til þess, að koma upp sjúkraskýli á læknissetrinu Brekku í Fljótsdal. Nefndin hlýtur að mæla á móti þessari fjárveitingu; eigi af því að hún ekki viðurkenni, að sjúkraskýli víða upp til sveita séu nauðsynleg, heldur af því, að ef þessi veiting yrði samþykt, mundi hún draga þann dilk á eftir sér, að næstu þingum bærist hver fjárbænin á fætur annari um hið sama frá öðrum sveitum, en oss virðist málið ekki svo rækilega athugað, að rétt sé að leggja fram útgjöld til þess að sinni.

Viðvíkjandi 12. gr. A. 4. a. og b., þá fer fyrri liðurinn fram á 400 kr. fjárveitingu hvort árið til póstflutninga með mótorbátum milli Arngerðareyrar og Ísafjarðar, en síðari liðurinn, 400 kr. hvort árið, til póstflutninga með sömu flutningatækjum milli Stykkishólms og Flateyjar. Nefndin áleit réttast að leggja það til, að báðir þessir liðir séu feldir, ekki af því, að hún „principíelt“ sé á móti þessu, heldur vegna þess, að hún álítur, að þetta mál taki til póststjórnarinnar, og ræður nefndin því til, að póststjórninni sé heimilt að nota þessi samgöngufæri til póstflutninga á þann hátt og á þeim stöðum, er hún álítur heppilegt, og megi síðan verja til þess af fé því, sem veitt er til póstflutninga undir tölulið 2 í þessari grein.

Við 12. gr. B 1 hefir meiri hluti nefndarinnar leyft sér að gera þá lítilfjörlegu breytingu, að tekin sé upp aftur athugasemd stjórnarfrumv. um, að verkfræðingi landsins skuli undir yfirumsjón landsh. falin á hendur öll framkvæmd á vegagerðum landsins og ráðning verkstjóra og verkamanna, en þessa athugasemd hafði fjárlaganefnd Nd. felt burtu. Ástæðan til þess, að nefndin hér í deildinni ræður til, að hún sé tekin upp aftur, er sú, að ef þetta ákvæði væri felt burt, þá gæti það orðið skilið svo af hinni væntanlegu nýju stjórn, sem verkfræðingur landsins eigi mætti hafa á hendi þær framkvæmdir, sem hér ræðir um, þar sem þingið hefði beinlínis felt burtu þetta atriði úr frumv.

Við 12. gr. B. 3 hefir nefndin leyft sér að gera þá breytingu, að sú upphæð, sem þar er ætluð til flutningabrautar á Fagradal fyrir fjárhagstímabilið, verði lækkuð úr 30,000 kr. niður í 27,000 kr., en í sambandi við þessa breytingu stendur sú breyting, sem nefndin hefir gert á síðasta undirlið 4. liðs, þar sem hún hefir lagt það til, að tillagið til vegabóta á þjóðvegum í Austuramtinu verði hækkað úr 12000 kr. upp í 15000 kr. — Tilefnið til þessarar síðastnefndu breytingar var það, að fyrir nefndinni lá beiðni frá þm. Austur-Skaftfellinga um, að veittar yrðu 4—5000 kr. til bráðnauðsynlegra endurbóta á þjóðveginum í Suðursveit í Austur-Skaftafellssýslu, og með því að nefndin hefir fengið vitneskju um, að vegur sá,

sem hér ræðir um og er póstleið, sé ófær á köflum, þá viðurkennir hún, að brýna nauðsyn beri til að bæta hann, en álítur hins vegar eigi ráðlegt að lækka styrkinn til þjóðvega nm þessa upphæð, en kýs heldur að þetta fé sé tekið af því fé, sem ætlað er til flutningabrautar í Austfirðingafjórðungi, með sérstöku tilliti til þess, að Austfirðingafjórðungur hefir eigi farið varhluta af fjárveitingum til samgöngubóta á þessu þingi; þess ber einnig að gæta, að þessar 3000 kr. geta komið Suðursveit að stórmiklum notum, til að bæta verstu ófærurnar á þjóðveginum, en hinsvegar litlar líkur til, að flutningabrautina á Fagradal muni mikið um það, hvort til hennar er varið 3000 kr. meira eða minna á fjárhagstímabilinu.

Þá hefir nefndin lagt það til, að 12. gr. B. 7 o: fjárveitingin til brúargerðar á Jökulsá í Öxarfirði, falli burt. Auðvitað er það stórt álitamál, hvort það sé rétt að fella burt þenna lið, og eg skal fyrir mitt leyti játa, að það er enginn útgjaldaliður í fjárlögunum, sem mér fellur þyngra að strika burt en þenna. Það eru mörg ár, síðan farið var að tala um brúargerð á Jökulsá í Öxarfirði, og eins og kunnugt er, þá hefir það hérað, sem brúarinnar á að njóta, verið saunarlegt olbogabarn þingsins í tilliti til styrks af almannafé til samgöngubóta, í samanburði við önnur héruð landsins; en á hinn bóginn leit nefndin svo á, að nauðsyn bæri til að spara þessar 50,000 kr., að þessu sinni, með því að landssjóði væri ætluð of þung byrði með hinum gífurlega tekjuhalla á frumv. Nd., og þar sem héraðið hefir beðið svo lengi eftir að fá þessa á brúaða, þá álítur nefndin, að það muni ekki miklu, þótt þessi fjárveiting sé látin bíða til næsta fjárhagstímabils, en þá teljum við sjálfsagt, að þessi brú gangi fyrir öllum öðrum brúm á landinu.

Þá hefir nefndin einnig lagt til, að feldur verði burt næsti (8.) liður, eða 6000 kr. fjárveiting til brúargerðar á Sogið hjá Alviðru, því að ef ástæða er til að strika út fjárveitinguna til brúargerðar á Jökulsá í Öxarfirði, þá er því fremur ástæða til, að fella burtu þenna lið, því að það er sannast að segja, að það hérað sem hér á hlut að máli, hefir ekki farið varhluta af fjárveitingum á síðari árum, hvorki til brúargerða né vegagerða.

Þá er einn liður, um brúargerð á Lagarfljóti, 12. gr. B. 9, sem nefndin að vísu ekki hefir gert neina breytingu á, en eins og tekið er fram í nefndarálitinu, þá ofbýður nefndinni samt sú fjárupphæð, sem landssjóður verður að leggja til þessarar brúar, og má segja um þetta mál, að það sé sannarlegt vandræðamál. Þegar fyrst var gerð áætlun um, hve mikið fé mundi þurfa til þessarar brúargerðar, þá var áætlunin of lág, eins og oft vill ganga, þegar smeygt er inn fyrirtækjum á landssjóðinn; menn vona, að hægt sé að koma þeim á stofn fyrir einhverja vissa upphæð, en þegar til framkvæmdanna kemur, þá vill oft verða annað upp á baugi, og er það sérstaklega óheppilegt, hve slysalega hefir tekist til með þá brú, sem hér ræðir um. Nefndin áleit, að af tvennu illu, væri betra, að taka þessum neyðarkjörum, sem verksmiðja sú býður, er samið var upphaflega við um brúarefnið, en að frekum 50 þús. kr. væri eytt til ónýtis, meðal annars 9 þús. kr. í skaðabætur til verksmiðjunnar; en víst er um það, að dýr verður þessi brú landssjóðnum, þar sem búist er við, að allur kostnaðurinn verði um 106 þús. kr.

Þá hefir nefndin lagt það til, að 12. gr. B. 10., liðirnir a. og b., verði feldir burt, o: tillagið til sýsluvegarins frá Laxárdalsheiði að Höskuldsstöðum í Laxárdalshreppi í Dalasýslu, og tillagið til sýsluvegarins frá Hofsós að Ökrum í Skagafjarðarsýslu, 1000 kr. hvort árið til hvors um sig. Að vísu játar nefndin, að full ástæða sé til, að bæta sýsluvegi

víða á þessu landi, en hún getur með engu móti séð, að landssjóður hafi efni á því, enda geti verið varhugavert að samþykkja þannig lagaða útgjaldaliði, þar sem búast mætti við, að 10—20 líkar fjárbeiðnir færu í kjölfarið á eftir, ef þessir liðir yrðu samþyktir, auk þess sem landssjóði er bundinn svo þungur baggi með þeim flutningabrautum og þjóðvegum, sem hann hefir að annast, að varlega er gerandi að taka sýsluvegina með inn í það mikla útgjaldakerfi.

Þá hefir meiri hluti nefndarinnar lagt það til, að 12. gr. B. 12, eða liðurinn um 2800 kr. tillag hvort árið til aukapóstvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa, verði feldur burt, og gilda þar sömu ástæður, sem um hina vegina, er nefndir voru næst á undan. Það fé, sem hér er farið fram á að veita, gegn því, að jafnmikið komi annars staðar frá, virðist alsendis ónógt til að bæta þann veg, sem hér er um að ræða, svo í nokkuru lagi sé, því að eftir því sem eg hefi komist að, mundi hann verða afardýr, ef hann ætti að vera gerður haldgóður og svo góður, sem nú tíðkast um nýja vegi. Auk þess er það að athuga, að á þessum vegi er tiltölulega lítið um flutninga á landi, en mestallir flutningar að og frá því svæði, sem þessi vegur liggur um, eru á sjó.

Þá hefir nefndin leyft sér að leggja það til, að aftan við 12. gr. C. 1 komi viðbætir, sem fer fram á, að tilskilja það, að sameinaða gufuskipafélagið flytji innflytjendur (immigranta) til Íslands fyrir samsvarandi fargjald því, sem það hingað til hefir tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi, milli Íslands og Skotlands, með því að nefndin lítur svo á, að þessu félagi eigi að vera jafnhægt að gefa mönnum ívilnun í fargjaldi frá Skotlandi til Íslands, sem frá Íslandi til Skotlands, og að þessu félagi, sem um mörg undanfarin ár hefir fengið stórfé úr landssjóði til þessara ferða, ætti að vera kærara að flytja menn inn í landið, en að rýja landið að fólki; og viðvíkjandi þessu félagi, skal eg í sambandi við þetta taka það fram, að mér er persónulega illa við stórkostlega hækkandi útgjöld til þessa félags úr landssjóði, og að eg greiddi með vondu geði í samgöngumálanefndinni atkvæði með 75 þús. kr. tillagi til þess á næsta fjárhagstímabili og einungis út úr neyð, þar sem ekki var hægt að snúa sér til annara. Það er margreynt, að þegar samið hefir verið við þetta félag um undanfarin ár, þá hefir því verið tamara að leika herrann en þjóninn við fjáveitingarvaldið, þótt þess sé í raun eg veru jafnan þágan, og mun eg vandlega skoða huga minn um það á næsta fjárlagaþingi, ef eg sit þá á þingi, hvort eg muni leggja til að veita þessu félagi einn eyri úr landssjóði framvegis. Það mætti geta þess í sambandi við þetta, að þingið hefir nú á síðustu stundu fengið annað tilboð frá gufuskipafélaginu Thore, um nokkurar gufuskipaferðir fyrir mjög sanngjarnt gjald, en nefndin hefir ekki, sökum tímaskorts, tekið það tilboð til sérstakrar athugunar, enda munu að líkindum aðrir hreyfa því máli.

Þá hefir nefndin leyft sér að koma fram með breyt.till. við 12. gr. C. 2 a., og er breytingin að eins fólgin í því, að skifta þessum lið í tvær upphæðir, til þess að koma í veg fyrir, að hin nýja fjárveiting, 4000 kr., til þess að halda uppi vetrarferðum milli Borgarness og Reykjavíkur, geti orðið þess valdandi, að eigi næðust samningar um ferðirnar á Faxaflóa yfir höfuð. og þess vegna ræður nefndin til, að upphæðin 10,300 kr. standi undir a. 1 til gufubátaferða í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, en auk þess undir a. 2 til sömu ferða 4000 kr., að því tilskildu, að stöðugum ferðum sé haldið uppi um Faxaflóa, sérstaklega milli Borgarness og Reykjavíkur árið um kring.

Að því, er snertir fjárveitinguna undir 12. gr. C. 2. c, 10,000 kr. til gufubáts-

ferða um Breiðaflóa seinna ár fjárhagstímabilsins, þá vill nefndin leggja til, að hún verði samþykt, í því trausti, að sá bátur geti með tímanum sparað strandferðir inn um Breiðafjörð. Aftur á móti gat nefndin ekki sannfærst um nauðsynina á, að landssjóður styrkti gufubátsferðir um Eyjafjörð, því að öllu samlögðu, þá er það hérað betur sett í tilliti til skipaferða, en flestar aðrar sveitir þessa lands; er þar mikið af góðum höfnum; þar er centralstöð strandferðabátanna, sem koma þar við á 6 stöðum í firðinum og auk þess ganga síldar- og fiskiskip þar út og inn um fjörðinn. Af þessum ástæðum sá nefndin eigi ástæðu til, að taka tillit til þessarar styrkbeiðni, enda er varasamt og óréttlátt, að hrúga peningum í sum kjördæmi landsins, en afskifta önnur, þar sem þörfin er brýnni.

Þá hefir nefndin leyft sér að gera óverulega orðabreytingu við D-kafla, að í staðinn fyrir orðið „hraðskeytafleygir" komi: „hraðskeytasamband", sem nefndinni þótti viðkunnanlegar að orði komist.

Þá hefir nefndin leyft sér að stinga upp á þeirri breytingu við 12. gr. E. i, að styrkurinn til vörðuvitans á Gerðatanga, verði hækkaður um 25 kr. á ári, eða upp í 100 kr. hvort árið úr 75 kr., samkvæmt beiðni, sem legið hefir fyrir nefndinni frá hreppsnefndinni í Vatnsleysustrandarhreppi, og hyggur nefndin það réttmætt og sanngjarnt, og skal eg enn fremur benda á, að þessari beiðni fylgja meðmæli margra skipstjóra í Reykjavík, svo að þessi beiðni kemur ekki að eins frá mönnum í þeirri sveit, þar sem vitinn er, heldur frá sjómannalýðnum og fiskiútgerðarmönnum yfirleitt.

Þá komum við að 13. gr., og þar hefir nefndin stungið upp á, að aftan við 13. gr. A b 3 komi nýr liður, um uppbót til séra Jóns Jónssonar á Stafafelli, að upphæð 120 krónur, fyrir missi á umboðstekjum fardagaárið 1901—1902 (fyrra árið); beiðni frá þessum presti, hefir legið fyrir þinginu um þessa uppbót, og fær nefndin ekki betur séð, en að þessi beiðni sé á góðum rökum bygð; annars skal eg ekki fjölyrða um þenna lið, með því að hér í deildinni situr þm., sem er þessu máli kunnugur, og getur leitt deildina í allan sannleika um þetta atriði.

Þá hefir nefndin lagt það til, að strika út 13. gr. A. b. 8, styrkinn til séra Magnúsar Þ. Magnússonar, til að halda uppi íslenzkri guðsþjónustu í Kaupmannahöfn og til líknarstarfsemi þar, að upphæð 250 kr. á ári. Nefndin hyggur, að þessi styrkur sé í fyrsta lagi alt of lítill til líknarstarfsemi, ef hann ætti að geta orðið að nokkurum notum; en að því, er íslenzka guðsþjónustu í Kaupmannahöfn snertir, þá fær nefndin eigi skilið, að nein þörf sé á íslenzkum prédikunum við Eyrarsund, með því að flestir Íslendingar í Kaupmannahöfn muni fljótt verða svo færir í danskri tungu, að þeir geti haft gagn af danskri prestþjónustu, og að sérstaklega hinir lægri flokkar, iðnaðarmenn og vinnufólk, verði fljótt bænabókarfærir á danskri tungu og jafnvel fljótar en stúdentar á Regensen, enda er það eðlilegt, þar sem þeir, iðnaðarmenn og lægri flokkar manna, sem koma til Danmerkur, heyra vanalega ekki annað talað en dönsku, og komast því fljótt upp á að skilja hana.

Þá hefir nefndin leyft sér að stinga upp á því, að liðirnir undir 13. gr. B. II. c. og d. séu feldir burtu, en að í þeirra stað komi nýr liður, sem fer fram á, að leigja hús Reykjavíkurspítala handa læknaskólanum fyrir 1000 kr. á ári, í stað þess að kaupa það með lóð fyrir 15000 kr., eins og frumv. gerir ráð fyrir, með því að álitamál er, hve hentugt húsið er til þess augnamiðs án stórra breytinga, og virðist því ástæða til að gefa stjórninni færi á að athuga málið.

Þá hefir nefndin leyft sér að gera at-

hugasemd við 13. gr. B. VI. a 3 og 5 eða styrkinn til kvennaskóla Húnvetninga og Eyfirðinga og nemendastyrkinn til beggja skólanna. Vér álítum, að þessi tvískifting kvennaskólahaldsins norðlenzka sé til ills eins og geri það að verkum, að það, sem landssjóður getur látið af hendi rakna, komi að minni notum en ella mundi verða. Vér getum því undirskrifað það, sem fjárlaganefndin í Nd. segir um, að á Norðurlandi eigi einungis að vera 1 kvennaskóli, og þar sem nú er á Blönduósi nýtt skólahús, stórt og veglegt, virðist oss skólinn eiga að standa þar, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að nú verður settur gagnfræðaskóli á Akureyri, sem verður bæði fyrir konur og karla.

Þá er 13. gr. B. VI. b. 1 og 2, það er að segja styrkurinn til barnaskóla og sveitakennara. Nefndin leggur til, að þessi liður sé færður niður í það sama, sem upphaflega stóð í frumv. stjórnarinnar, enda getum vér ekki séð, að fjárlaganefnd Nd. hafi í því tilliti haft neitt við frumv. að athuga.

Viðvíkjandi 13. gr. B. VI. c., skal eg taka það fram, að fari svo, að kennaraskóli verði setur á stofn í Reykjavík, og kennarafræðslan í Flensborg þar af leiðandi verði lögð niður, þá ætlast samt nefndin til, að styrkur sá, sem veittur er gagnfræða- eg alþýðuskólanum þar, sé látinn halda sér út fjárhagstímabilið.

Þá hefir nefndin lagt til, að feldur væri burt liðurinn, 13. gr. B. VIII. 2, eða styrkurinn til Stefáns Eiríkssonar, til að kynna sér kensluaðferðir í skólaiðnaði erlendis. Nefndin viðurkennir að vísu, að maður þessi, sem er mesti völundur, sé alls góðs maklegur, en fyrst og fremst er þetta svo lítill styrkur, að hann getur varla komið að notum, og í öðru lagi sér nefndin ekki ástæðu til þess, að fá fleiri menn að sinni til þess að kenna þetta, en þá, sem bæði nú eru kennarar eða eru að búa sig undir kenslustörf í þessari grein.

Þá er 13. gr. B. VIII. 3 eða styrkurinn til Guðm. Finnbogasonar magisters. Nefndinni hefir borist erindi frá honum, þar sem hann fer fram á hækkun á launum sínum. Nefndin kannast við, að laun hans séu nokkuð lág í samanburði við laun annara starfsmanna landssjóðs, þar sem líkt stendur á, en nefndin sér sér hins vegar ekki fært að hækka þá upphæð — 2200 kr. — sem varið er til þessa starfs. Vér höfum því stungið upp á að færa laun hans sjálfs úr 1200 kr. upp í 1400 kr., en færa niður úr 1000 kr. í 800 það, sem honum er veitt sem ferðastyrkur.

Þá á eg eptir að geta einnar breyt.till. við þenna kafla fjárlaganna eða 13 fyrstu greinarnar, sem eg óska að verði ræddar sér. Það er sú till. fjárlaganefnd. að fella burt styrkinn til skólans í Búðardal. Nefndin getur ekki séð, að mentunarástandið hér á landi sé rannsakað svo, að ástæða sé til nú þegar að leggja út í að stofna nýja tegund af skólum, lýðháskóla svo nefnda. Þótt það standi ekki í frv., að ætlast sé til, að þetta verði lýðháskóli, þá höfum vér fulla ástæðu til að halda það, því vér höfum fengið erindi frá hr. Sig. Þórólfssyni, sem mun vera ráðinn kennari við skólann; hann getur þess þar, að þetta eigi að verða lýðháskóli, en nefndin álítur, að þetta mál verði að íhugast betur, áður en landssjóður fari að leggja fé í það.

Hvað viðvíkur þeim pata, sem nefndin hefir fengið, um að þessi maður hafi verið ráðinn sem kennari við skólann, þá skal eg lýsa því yfir, að það mál er óviðkomandi fjárlaganefnd Ed., hún hefir ekki verið kvödd til ráða, og hafi einhverjir leitt þenna mann á glapstigu, þá verða þeir að bera ábyrgð á því; það kemur hvorki fjárlaganefnd Ed. við né mentamálanefnd

þessarar deildar, með því þær hafa engin loforð gefið í þá átt.

Þá held eg, að eg hafi minst á þær breytingar, sem Nd. vill gera við þenna kafla, sem eg vona að verði ræddur sér.

Hvað viðvíkur þeim breytingartillögum, sem fram hafa komið frá öðrum, skal eg geta þess, — og skal eg þá byrja á þingskj. 542 — að nefndin getur gengið að breyt till. við 12. gr. B. 11. um að fella burt liðinn til dragferjuhalds á Héraðsvötnunum. Viðvíkjandi breyt.till. við 11. gr. á sama þingskj. um að veita G. Björnssyni lækni 800 kr. styrk til að launa aðstoðarlækni í Hafnarfirði, þá getur nefndin sem slík látið það mál hlutlaust.

Breyt.till. við 13. gr. A. b. 4, um að hækka um 500 kr. það, sem veitt er sem viðbót við eftirlaun fátækra presta og prestsekkna, hygg eg að standi í sambandi við breyt.till á sama þingskj. við 16. gr. Eg álít það ef til vill rétt, að sþ. þessa br.till., því eg álít þessa liði um persónulegar fjárveitingar vandræðaliði, og hygg, að það hafi verið misráðið, þegar þingið byrjaði á, að leiða þá inn í fjárlögin. Menn ættu hér í þessum sölum ekki að þurfa að ræða um persónur, heldur að eins málefni. Hvað viðvíkur breyt.till. á þessu sama þingskj. (542) við 12. gr. C. 2. c. um, að fella burt styrkinn til gufubátsferða á Breiðaflóa, þá er eg á móti þeirri breyt.till. og svo mun vera um meiri hluta nefndarinnar.

Breyt.till. á þingskj. 546 frá háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.) virðist fremur vera orðabreyting, en efnisbreyting. Nefndin leggur, ímynda eg mér, ekki kapp á, að þessi breyt.till. sé feld, en þó hygg eg, að hún við 3. umr. vildi heldur koma með br.till. sem hljóðaði þannig: „til að kaupa og útbúa lóð“ o. s. frv.

Breyt.till. á þingskj. 547 ímynda eg mér að nefndin hafi ekki á móti, þegar h. 1. kgk. þm. (J. H.) hefir talað fyrir henni og skýrt hana.

Breyt.till. á þingskj. 545 verður meiri hluti nefndarinnar á móti og breyt.till. á þingskj. 552 býst eg ekki við að neinn greiði atkv. Þessi breyt.till. fer hvorki fram á meira né minna en það, að enginn styrkur sé lagður frá þeim, sem börnin eiga, og gengur hún því í bága við allar skynsamlegar meginreglur. Það getur þó ekki verið meiningin, að aðstandendur barnanna, sem eru sveitarsjóðirnir, þegar foreldrar eru öreigar, eigi engu til að kosta, því væri svo, mætti eins vel afnema alt sveitarsjóðstillag og slengja öllu líkamlegu og andlegu uppeldi fáfækra barna yfir á landssjóðinn

Forseti: Eg skal geta þess, að eftir tillögu hattv. framsm. verða 13 fyrstu gr. ræddar sér.

Landshöfðingi: Eg hefi leyft mér að koma fram með nokkurar breyt.till. og þykir mér vænt um, að háttv. framsm. hefir tekið vel undir þær yfirleitt.

Hvað viðvíkur breyt.till. minni við 11. gr., þá geng eg út frá, að háttv. deild samþ. hana, því hún hefir samþ. frumv. um sama efni, en það var felt í Nd. Í Nd. kom eg með breyt.till. um þetta sama efni, munurinn var að eins sá, að í þeirri br.till. var farið fram á 1000 kr. styrk, en hér er að eins um 800 kr. að ræða. Brt. þessi var feld í Nd. með 12 : 11 atkv., eg skil ekki, af hvaða ástæðum, nema ef vera skyldi, að það stæði í sambandi við það, að aukalæknirinn á Ákureyri hefir að eins 800 kr. í laun. Eg er ekki vanur að koma með breyt.till. um að auka útgjöldin, en í þetta sinn vík eg frá reglunni, vegna þess, að hér er um nauðsynlega fjárveitingu að ræða. Læknirinn í Rvík verður að vera laus við utanbæjarhéraðið vegna kenslunnar á læknaskólanum.

Hvað viðvíkur breyt.till. við 12. gr. B. 11. um að fella liðinn burt, þá skal eg

að eins geta þess, að það er dragferja á póstleiðinni hjá Ökrum og mér finst ekki ástæða til fyrir landssjóð að leggja fé til dragferjuhalds nema á þjóðvegi eða akbraut.

Þá hefi eg lagt það til, að fella burt styrkinn til gufubátsferða á Breiðafirði. Í nefndaráliti Nd. segir svo: „að sá bátur geti sparað strandferðir inn um Breiðafjörð“, en eg sé enga ástæðu til þess fyrir þingið, að veita 10,000 kr. til þess að létta á „Sameinaða gufuskipafélaginu“, því styrkurinn til þess verður 75,000 kr. hvort sem er.

Auk þess hefi eg enga trú á því, að bátur fáist. Þegar Faxaflóabáturinn ekki borgar sig og vita þó allir, hvernig hann er notaður, bæði til mannflutninga og annars, þá hefi eg enga von um, að bátur á Breiðafirði borgi sig. Báturinn yrði mest notaður til skemtiferða, en ekki til vöru- eða mannflutninga, því eg hefi enga trú á því, að menn innan úr Dölum færu að sækja út í Stykkishólm, þótt gufubátur gengi um fjörðinn.

Viðvíkjandi breyt.till. við 13. gr. A. b. 4. um að hækka viðbótina við eftirlaun fátækra presta og prestsekkna um 500 kr., skal eg taka það fram, að það var rétt athugað hjá háttv. framsm., að hún stendur í sambandi við breytingartillögur mínar við 16. gr. Eg kann ekki við að nafngreina menn undir þessum lið, en stjórnin mun skilja það svo, sem þessar ekkjur, sem ræðir um, eigi að fá styrk.

Svo á eg ekki fleiri breytingartillögur við þenna kafla, en eg vildi fara fáeinum orðum um breyt.till. fjárlaganefndarinnar. Mér fellur vel við flestar þeirra, sérstaklega sparnaðartendensinn, sem kemur fram í þeim, því mér fellur ekki peningabrutl háttv. Nd.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu hefir farið fram á að fá allt þetta lán upp gefið. Mér finst aftur á móti ekki farandi lengra, en að láta sýsluna fá $^2/_3$ af því, eða 4000 kr. Vona eg, að þessi háttv. deild verði eigi á móti þessu ákvæði, sem Nd. hefir samþykt, með því líka að Rángárvallasýsla hefir eigi orðið mikilla fjárveitinga aðnjótandi frá þinginu í ár, og þetta er eina vegabeiðnin, sem hún mundi fá, ef henni yrði veitt þetta.

Viðvíkjandi breyt.till. við 12. gr. A. 4 b., um að móttorbátar milli Flateyjar og Stykkishólms verði burtu feldir, þá finst mér ekkert á móti því, með því að samgöngur eru þar allgóðar áður, en öðru máli virðist mér vera að gegna með næsta lið þar á undan, um mótorbát á milli Arngerðareyrar og Ísafjarðar. Þar hefði eg álitið miklu meiri þörf á slíkum bátum til póstflutninga. En þar sem nú háttv. framsm. hefir skýrt þetta mál, og gert grein fyrir því, að póststjórnin hafi óbundnar hendur í þessu máli, og geti gert, hvað hún vilji í þessu, þá sætti eg mig við breyt till.

Viðvíkjandi 12. gr. B. 1. hafði Nd. samþykt að fella burtu þá athugasemd, sem stendur í stjórnarfrumv., um að verkfræðingur landsins hafi á hendi framkvæmd á vegagerðum og ráðning verkamanna og verkstjóra undir yfirumsjón landshöfðingja. Fjárlaganefndin í Ed. hefir aftur tekið upp þessa athugasemd, sem eg skil ekkert í; þetta ákvæði er með öllu ónauðsynlegt, það er nóg, að ekkert ákvæði sé til, sem bannar stjórninni að fela verkfræðingnum slíkt starf, og því finst mér alveg ástæðulaust að setja þessa aths. inn aftur.

Viðvíkjandi breyt.till. við 12. gr. B. 10 a. og b. finst mér rétt að fella liðinn b; dálítið öðru máli er að gegna með sýsluveg í Dalasýslu, því að kunnugt er, að sú sýsla hefir sýnt sérstakan dugnað í vegabótum undanfarin ár, og væri því ef til vill rétt að láta hana njóta þess að einhverju leyti. Aftur á móti er eg eindregið með því, að B. 12. falli burt. Reynd-

ar er þessi vegur frá Hafnarfirði til Vogastapa mjög illur og erfiður, en fé, sem farið er fram á, er alt of lítið til að bæta hann svo, að að nokkuru liði komi. Þar að auki er hann eigi orðinn svo fjölfarinn nú, því að skreiðarferðir eru eigi eins tíðfarnar um hann, sem áður fyrri.

Viðvíkjandi breyt.till. við. 13. gr. B. II. c. og d., þar sem fjárlaganefndin vill eigi, að spítalahúsið sé keypt, heldur leigt, þá langar mig til að spyrja fjárlaganefndina, af hverjum hún ætli að leigja húsið. Eg er einn í spítalastjórninni og hefi aldrei heyrt það orðað, að húsið mundi verða leigt. Vilji landið ekki kaupa húsið, verður það selt, hverjum sem hafa vill, líklega á uppboði. En spítalastjórninni virðist rétt að láta landssjóð ganga fyrir öðrum, en gangi hann frá, þá býst hún við, að hún geti selt húsið og líklega fengið meira fyrir það en 15,000 kr.

Eg felli mig vel við aths. fjárlaganefndarinnar um kvennaskólana, og er henni samdóma um það, að að eins einn kvennaskóli ætti að vera fyrir Norðurland, á Blönduósi, og eg er á móti því, að öðrum kvennaskólum, bæði í Rvík og á Akureyri, sé veittur styrkur, því að mér ofbýður alveg það fé, sem rutt er í kvennaskólana. Sérstaklega finst mér ónauðsynlegt, að vera að styrkja kvennaskólann á Akureyri, þar sem nú er í ráði að verja miklu fé til gagnfræðaskóla, þar sem karlar og konur eiga jafnt aðgang að.

Júlíus Havsteen: Eg á nokkurar brt. með öðrum fleiri, sem eg verð að minnast á með nokkurum orðum.

1. breyt.till. er á þgskj. 545, og er þar farið fram á, að við 13. gr. B. VI. h. sé bætt nýjum lið, 400 kr. styrkveitingu til að kenna organslátt og sönglist í Rvík. Eins og kunnugt er, hefir í mörg ár staðið fjárveiting til organistans í Rvík og til kenslu í söng og organslætti 1000 kr., en nú þegar kirkjan er að fá nýtt og vandað orgel, þá hefir þessi upphæð verið færð mjög niður, sem sé í 100 kr., sem veittar eru fyrir orgelspil við ýmisleg tækifæri í þarfir þess opinbera. Þessi breyt.till. mín fer ekki fram á, að fá neitt fé veitt handa organistanum, því að söfnuðurinn sjálfur mun annast um það, en af því að mér þótti nauðsyn á, að orgelspil væri kent, þá hefi eg komið með þessa breyt.till. Og þó að margir kunni að leika á harmonium, þá eru þeir ekki allir færir um að kenna þá list og virðist því rétt og tilhlýðilegt, að til þessa séu veittar þær 400 kr., sem vér förum hér fram á. Auk þess finst mér landið geta eigi án þess verið, að hafa einhvern mann hér í höfuðstaðnum, sem gefi sig beinlínis við því, að kenna orgelspil. Mér heyrðist á háttv. framsm., að hann ekki tæki vel undir þessa breyt.till., en eg vona samt, að háttv. deild styðji þetta mál og gefi því atkv. sitt.

Þá er 2. breyt.till., frá mér og tveimur öðrum þm., við 13. gr. A. b. 7. Hér er ekki farið fram á neina breyt. í fjárveitingunni, heldur viljum við fá breytt formálanum fyrir veitingunni og viljum við hafa þetta orðað svo, að 6800 kr. séu veittar til að stækka kirkjugarðinn í Reykjavík. Eg hefi heyrt sagt, að þessi fjárveiting hafi átt erfitt uppdráttar í Nd., en mér þykir það ótrúlegt, því að lög eru til fyrir því, að kirkjueigandi, sem hér er landssjóður, eigi að sjá fyrir nægilega stórri kirkjugarðslóð. Um þetta virðist háttv. Nd. ekki hafa sannfærst, þar sem hún gerir þá breytingu á formála stjórnarinnar, að hún vill láta veita fé að eins til að kaupa lóðina, en ekki til þess, að undirbúa hana svo, að hún sé hæfilegur grafreitur. Með þessu er útilokað, að landssjóður leggi fram það lögboðna gjald, sem honum ber að greiða. Að ætla að leggja þetta gjald á Reykvíkinga sjálfa, er með öllu rangt, og vil eg því fastlega mæla fram með því, að þessi breyting sé tekin til greina, sem við

förum fram á í breyt.till. Formáli stjórnarinnar er efalaust réttari og lögunum samkvæmari en hinn, og það virðist eigi nema sjálfsagt, að landið kosti svæði, sem sé hæfilegt fyrir kirkjugarð. Eg fer ekki um þetta fleiri orðum, en vona, að breyt.-till. fái fram að ganga.

Þá er enn eftir 3. breyt.till., og er hún á þgskj. 547, og það eru 400 kr. f. á. og 300 kr. s. á., sem farið er fram á að veittar séu til kenslu handa blindum dreng, Erlendi Páli Jónssyni. Eg gat ekki komið þessu máli að í Nd. og því kemur það fyrst fram hér. Málið er svo vaxið, að faðir drengsins, sem Jón heitir, bláfátækur maður, ættaður af Skeiðunum, kom til mín og bað mig að reyna að koma þessum dreng, sem blindur hafði orðið út úr veikindum 3 ára gamall, til kenslu á blindrastofnunina í Khöfn. Hann hafði farið með drenginn til augnlæknis hér, sem hefir útvegað allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru í þessu tilliti. Eg skrifaði svo stjórnarnefnd blindra stofnunarinnar Kaupmannahöfn og sendi bréfið í janúar í vetur. Í vor fekk eg svo bréf frá landshöfðingja, með bréfi frá kirkju- og kenslumálaráðgjafanum um það, að þeir, sem ekki ættu heima í Danmörku, yrðu að borga 300 kr. á ári í kenslukaup. Því miður hefi eg engin skjöl um þetta hjá mér, því að eg hefi sent þau aftur til landsh., en hann til ráðgjafans. Mér hefði nú samt virst það næst, að þetta barn fengi að sæta sömu kjörum, hvað styrkveitingu snertir, og heyrnar- og málleysingjar. Um heyrnar- og málleysingja eru lög, sem ákveða, að þegar foreldrar séu of fátæk til að kosta börnin til kenslu, þá eigi landssjóður að gera það. Aftur á móti eru því miður engin lög, sem ákveða, að blindum börnum sé veitt slík kensla af almanna fé. En allir hljóta að sjá það, að nauðsynin er eins mikil á því, að þau fengju styrk, svo þau geti lært að hafa ofan af fyrir sér, og í Danmörku er t. d. margur blindur maður, sem kent hefir verið svo vel, að hann hefir getað unnið fyrir sér. Eg leyfi mér því að fara fram á, að þessum dreng séu veittar 300 kr. auk 100 kr. ferðakostnaðar f. á. og 300 kr. síðara árið, og er þetta þó minna fé, en borgað er með heyrnar- og málleysingjum, sem eru nær 370 kr. á ári. Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta, en vona, að háttv. deild taki vel undir þessa breyt.till.

Guttormur Vigfússon: Eg á hér eina breyt.till., en því miður heyrðist mér hún ekki fá sem beztan byr hjá háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar, en það hygg eg mest sprottið af því, að hann misskildi þessa breyt.till. mína, sem eins og hún ber með sér, miðast að eins við tillag til sveitakennara, en alls ekki kennara í kauptúnum eða sjóþorpum. og eg hygg, að háttv, framsm. hefði eigi tekið svo ómjúkt í tillögu þessari, ef hann hefði munað eftir því, að sams konar tillaga hefir verið sþ. tvisvar, ef ekki þrisvar, áður í þessari deild og framsm. sjálfur þá greitt atkv. með henni.

Eg byggi þessa brt. á því sama, sem oft hefir verið tekið fram áður. Eg skoða farandkennarastyrkinn sem liðsinni og hvatningu, sem fátæklingum sé veitt til þess, að þeir geti mentað börn sín, og sem annars yrðu að fara á mis við slíka fræðslu, sem sveitakennarar geta í té látið. Mér finst hreint og beint rangt, að leggja kvaðir á þessa menn aftur á móti, einmitt menn, sem oft hafa fult í fangi með að útvega sér og sínum hið allra nauðsynlegasta lífsviðurværi.

Mér er kunnugt um það, hvernig sveitakenslunni hagar til hér á landi. Í sömu sveit eru oft fleiri kennarar en einn, þeir eru ýmislega ráðnir, alt eftir efnum og ástæðum aðstandenda barnanna og eftir þeim kröfum, sem gerðar eru til kennaranna. Sumum er borgað töluvert fram yfir landssjóðsstyrkinn, aftur á móti öðr-

um borgað minna, alt eftir því sem um semur, enda eiga víða þeir fátæklingar í hlut, sem hvorki geta goldið kaup né veitt fæði þeim mönnum, sem frekari kröfur gera til fæðis og aðbúnaðar en alment er á sveitaheimilum; þessir menn hljóta því eðlilega að fara á mis við það, að njóta tilsagnar hinna betri og mentaðri kennaranna, sem þeir efnuðu halda og launa eftir föngum. Þessir fátæklingar gætu alls eigi haldið þá kennara, sem miklar kröfur gerðu, en þeir geta þó haldið kennara, sem við þeirra hæfi eru og þægt þeim svo, að vel megi við það una.

Kemist aftur á móti ákvæði fjárlagafrv. á. þá mundi það íþyngja mjög mikið einmitt þessum fátæklingum, svo mikið, að þeir mundu alls ekki geta tekið kennara með þeim kjörum, sem frv. ákveður, og afleiðingin hlýtur að verða sú, að þeir hætta að hugsa um að taka nokkura kennara, og það verða að eins efnamennirnir, sem njóta landssjóðsstyrksins.

Ástæður sveitakennaranna yfir höfuð eru heldur eigi svo bágar, eins og orð er á gert. Mér er það kunnugt, að margir þessir kennarar eru ólærðir menn, sem litlu hafa kostað til að menta sig, en þegar þeir hafa verið kennarar um nokkur ár, hefir þeim farið svo fram, að þeir eru færir um að búa börn undir fermingu og kenna þeim það, sem þau nauðsynlegast þurfa með. Þessir menn kenna á vetrum, taka gott kaup á sumrin og hafa yfir höfuð að tala hin beztu kjör, sem ólærðir menn geta haft til sveita. Þessar og aðrar fleiri ástæður eru til þess, að eg hefi komið fram með þessa brt., og vona eg, að háttv. deild líti á hana og þær ástæður, sem eg hefi fært fyrir henni, og gefi sþ. sitt til þess, að hún fái fram að ganga.

Úr því eg stóð upp, þá ætla eg að fara nokkurum orðum um brt. þær, sem háttv. fjárlaganefnd hér í deild hefir stungið upp á og gert grein fyrir í nefndaráliti sínu.

Háttv. nefnd á að sjálfsögðu hrós skilið fyrir það, að hún hefir viljað hag landsjóðs í öllum greinum og lagt sérstaka áherzlu á að færa niður hinn mikla tekjuhalla, er fjárlögin komu með frá Nd. Þetta hefði nú verið því meira gleðiefni, ef nefndinni hefði tekist að finna og strika út einhverja liði, sem verulegur sparnaður hefði að verið bæði í bráð og lengd, en ef breytingartill. nefndarinnar eru aðgættar, þá eru þær flestar þannig lagaðar, að nefndin telur einmitt það, sem hún ræður til að fella í burtu, sérstaklega stærstu liðina — mikil nauðsynjamál, sem að sjálfsögðu eigi að ganga fyrir öllu öðru á næsta þingi, og þess vegna verður þessi sparnaður, sem framsögum. benti á, aðallega í orði, en ekki á borði.

Eg fyrir mitt leyti verð að álíta, að ef eitthvert verk er mjög nauðsynlegt, þá sé ekki rétt að draga það, heldur eigi að ljúka því af sem fyrst, ekki sízt, ef kostnaðurinn verður hinn sami.

Það er annars ekki margt, sem eg hefi að athuga við brt. n., enda taka fæstar þeirra til mín; þó er ein brt., sem eg vildi fara nokkurum orðum um, nfl. sjúkraskýlið á Brekku. Það lítur út fyrir, að n. hafi hér viljað fylga gamla máltækinu að hengja skóara fyrir skraddara, því að það, sem tekið er hér af Brekku, er skotið inn á næsta lið á eftir; það er ekki svo að skilja, að eg hafi neitt á móti spítalanum á Patreksfirði. Eg trúi þvert á móti háttv. frsm., að spítali sé þar nauðsynlegur, en eg fæ ekki skilið, að hann þurfi eða eigi að koma inn á kostnað annara, Nefndin hefir tekið það fram, að þó að sjúkraskýli til sveita að vísu væri heppileg, þá vantaði enn þá ýmisleg skilyrði og ákvæði til þess, að þau gætu komið að fullum notum; þannig vantað fastákveðin læknissetur, svo að trygging væri fyrir því, að sjúkraskýlin væru undir hendi læknanna. Eg skal nú taka það fram, að hér er enginn minsti efi á því, að þessi

staður verður fast læknisaðsetur, því að jörðin er sú langheppilegasta, sem kostur er á, liggur vel í héraði og er þess utan landssjóðsjörð; enn fremur eru fleiri ástæður, sem taka mætti fram þar, að Fljótsdalshéraðið er eins og kunnugt er umkringt af fjöllum á allar hliðar, oftast ófærum vegna snjóa og óveðra mestan hluta vetrar; það má því óhætt segja, að margur hefir mátt deyja hjúkrunarlítið eða fyrir hjúkrunarleysi og skort á læknishjálp. Þetta hefir mönnum lengi verið ljóst þar eystra, og þegar svo vildi til, að í læknishérað þetta kom ungur maður, einn af hinum allraefnilegustu ungu læknum landsins, fundu menn margfalda nauðsyn að koma upp sjúkraskýli í héraðinu og mun þegar langt komið að útvega það fé, sem til vantar, ef þessi litli landssjóðsstyrkur fæst.

Þessi læknir, sem hér ræðir um, hefir þegar gert svo marga skurði (operationer), bæði holskurði og aðra skurði, og er búinn að sýna, að hann er dugandi læknir, svo það er bæði synd og skömm, að hann skuli þurfa að fást við slíkt hingað og þangað, og þá oft í misjöfnum húsakynnum, eins og menn þekkja.

Það er enn eitt atriði sérstaklega, sem mælir með þessu sjúkraskýli; berklaveiki er nfl. óvíða magnaðri en þar, bæði fyrir brjósti og í útlimum, en sá sjúkdómur krefst þess sérstaklega, ef hann er í útlimum, að viðkomandi sjúklingur sé undir læknis hendi, og það eru þegar fleiri dæmi þess, að þessi ungi efnilegi læknir okkar hefir bjargað öðrum mönnum frá bráðum dauða úr útvortis berklaveiki með því, að gera skurði og taka af limi.

Eg vona nú að háttv. deild átti sig á, að það er ekki rétt að fella þenna litla sjúkraskýlisstyrk niður, og eg vona, að þó hún geri það, þá vona eg, að það verði ekki til aldauða fyrirtæki þessu, þar sem háttv. Nd. hefir tekið eins vel í málið og hún hefir gert.

Þá kem eg að 2. brt., er nefndin hefir gert, nfl. viðvíkjandi Fagradalsakbrautinni, það hefði mátt segja um þá brt. sama, og hina, sem eg áðan gat um, að það lítur út fyrir, að nefndin hafi viljað hengja hér skóara fyrir skraddara; eg skal að vísu játa, að það gerir ekki svo mikið til, hvort 3 þús. kr. meira eða minna eru veittar til akbrautarinnar, en úr því nefndin álítur, að brautin sé nauðsynleg, þá virðist ástæðulaust að vera að klípa af fjárveitingunni á þessu fjárhagstímabili einar 3 þús. kr. Í raun og veru getur það líka haft nokkura þýðingu, hvort fé er veitt nú eða á næsta fjárhagstímabili; það stendur svo á, að byrjað er að leggja veginn frá Búðareyri og upp á Fagradal. Þegar komið er upp á fjallið og upp í svo kallaða Þuríðarstaðadali, þá er hið versta af og þá hægt að aka alla leið, þó að brautin nái ekki lengra að sinni; ef þessi 3 þús. kr. fjárveiting hrykki til þess, að koma veginum upp í Þuríðarstaðadali, þá gæti brautin sjálf komið að nokkurum notum strax eftir 2 ár, en ef þar á móti þessi 3 þús. kr. vöntun yrði til þess, að lítinn spotta vantaði til þess, að brautin næði yfir fjallið, þá yrði það til þess, að tekið væri fyrir alt gagn af brautinni, þar til búið væri að veita fé til þess aftur; eg hefi ekkert á móti því, að Skaftafellssýslunum verði veitt fé til vegagerða, en það er trú mín, að það væri skaðminna, að það fé væri tekið af þjóðvegafé einhvers staðar frá, því að þar mundi sjá minna á, eða jafnvel alls ekki neitt.

Þá vil eg minnast með nokkurum orðum á 12. gr. B. 7, um brúargerð á Jökulsá, sem nefndin hefir lagt til að falli í burtu. H. frsm. játaði, að brú þessi væri talsvert áríðandi fyrir héraðið, enda mun enginn þora að neita því. En auk þess, sem þetta er hið mesta nauðsynjamál, verð eg að líta svo á, að það hafi ekki svo litla politiska þýðingu fyrir landið og í þriðja lagi ætti að hafa það hugfast, að fjárfram-

lög til viðkomandi sýslufélags úr landssjóði þekkjast víst alls ekki, eða hafa aldrei þekst. Eg sagði, að enginn mundi efast um nauðsyn þess, að brúa Jökulsá í Axarfirði, sem nokkuð þekkir til, og eg efast um, að nokkur af þeim háttv. þm., sem hér sitja, kæmist með nokkuru móti yfir hana, þó hann hefði ferju á bakkanum, því önnur eins handarvik, og að róa yfir Jökulsá, eru ekki fyrir aðra en þá, sem þar eru uppaldir og margvanir ferjumenn. Í annan stað vil eg leggja áherzlu á. eins og eg hefi áður tekið fram, að eg álít, að þetta mál geti haft töluverða pólitiska þýðingu, því að þar eystra er sú mesta gróðrarstöð ameríkufara og þreyjaleysis í landinu, og það er einmitt á þessu svæði, að Ameríkuagentar tæla fólk til utanfarar, ekki sízt með þeirri kenningu, að framfaramál landsins og þessa héraðs sérstaklega séu látin afskiftalaus, en mestu landsfé eitt til óþarfa. Ef nú þingið neitaði að leggja fram þessa nauðsynlegu fjárveitingu, þá mundi það verða það bezta vopn í höndum agentanna og hafa mikinn útflutningsstraum í för með sér.

Kristján Jónsson: Með því að samkomulagið í nefndinni var gott, eins og lög gera ráð fyrir, og ágreiningur var lítill, sé eg ekki ástæðu til þess fyrir mig að fjölyrða um málið, og eru því að eins örfá átriði, sem eg vil minnast á. En eg álít mér skylt að gera grein fyrir því eina atriði, þar sem eg gat ekki orðið samferða meðnefndarmönnum mínum og eg á þar við till. nefndarinnar um að fella burtu styrkinn til sýsluvegarins í Gullbringusýslu suður að Vogastapa (12. gr. B 8); eg lýsti því yfir í nefndinni, að eg gæti ekki verið þessari tillögu samþykkur, og eg mun greiða atkvæði á móti henni. Eg fæ ekki betur séð en, að það sé fremur ósanngjarnt að fella burt þessa styrkveitingu, sem samþ. var af háttv. Nd., því að fyrst og fremst er hún því skilyrði bundin, að jafnmikið fé komi annars staðar frá til vegarins; og í öðru lagi hefir sýsla þessi notið mjög lítils styrks úr landssjóði til vega eða annara opinberra mannvirkja, og hefir þó á hinn bóginn lagt afarmikið fé til almenningsvega og brúa, sem hafa komið öðrum sýslufélögum að miklum notum. Þannig lagði sýslan fyrir nokkurum árum fram fé til akfærs vegar frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, og sá vegur kostaði bara fullar 10 þús. kr. Sýslan fekk ekki 1 eyri úr landssjóði eða annars staðar frá til þessa vegar og varð auðvitað að taka lán, til þess að ljúka við hann.

Þessi vegur kemur þó Reykjavík nærfelt að sömu notum, eins og Hafnarfirði; enn fremur gerði þessi sýsla og kostaði Elliðaárbrýrnar fyrir mörgum árum, sem þá án efa var hin mesta samgöngubót, er gerð hafði verið á Suðurlandi; brýrnar kostuðu um 8000 kr., og þar af fekk sýslan einar 2000 kr. úr landssjóði; hitt greiddi hún af eigin fé; hún varð þá einnig að fá lán til þessa, sem hún að vísu fekk með allgóðum kjörum, og hefir hún endurgreitt alt það lán síðan. Þessar brýr liggja nú á þjóðvegi og aðalpóstleið, og mér virðist sanngjarnt, að það að einhverju leyti verði séð við sýsluna, að hún kostaði þær; annars veit eg ekki til, að Gullbringusýsla hafi fengið 1 eyri til samgöngubóta, og eru vegir þar þó bæði langir og illir yfirferðar; þeir eru auðvitað ekki eins fjölfarnir nú, eins og var fyr, meðan útræði var mikið syðra og skreiðarferðir tíðkuðust þangað, en þó er óhætt að fullyrða, að þeir séu mikið notaðir enn, því að sýslan er mannmörg, og hefir enn viðskifti við önnur sýslufélög, einkum austursýslurnar. Eg skal játa, að það þarf mikið fé til þess, að fullgera veg úr Hafnarfirði og suður að Vogastapa, en sýslan er þó betur sett að því, er vegagerð þessa snertir, ef hún fær nokkurn styrk, heldur en alls engan. Það væri strax mikil bót, ef vegur væri lagður

úr Hafnarfirði og suður fyrir Vatnsleysu, og jafnvel þó það væri ekki lengra en suður að Hvassahrauni; þessu hygg eg að sýslunni væri mögulegt að koma til vegar á nokkurum árum, ef hún fengi nokkurn, eigi mjög óverulegan styrk, til þess, og það, að henni væri veittur þessi styrkur, yrði henni uppörfun og hvöt til að hefjast handa. Eg vil því leggja það til, að háttv. deild samþykki þessa styrkveitingu. Þetta er annað atriðið, sem eg vildi minnast á.

Hitt atriðið, sem eg vildi taka til máls um, er styrkurinn til gufubáts á Breiðaflóa; það var rætt um þetta mál í nefndinni, og var meiri hluti hennar á því, að ekki væri rétt, að fella burt þenna styrk, en fyrir mitt leyti gat eg eigi, og get eigi verið því samþykkur, því eg held, að það mál sé nú mjög vanhugsað. Eg var þessari styrkveitingu fylgjandi 1901, af því, að eg hélt þá, að mikill áhugi væri manna a meðal þar vestra, að koma á gufubátsferðum um flóann, og að það mundi bráðlega koma til framkvæmda, en eftir þeim skýrslum, sem eg hefi fengið, býst eg ekki við, að styrkveitingin verði notuð, því að það mun ekki vera mikill áhugi fyrir þessum ferðum í héraðinu, og þá er sannarlega engin ástæða til að veita hana. Afleiðingin af því, að þessi styrkur væri veittur, og sérstakur gufubátur látinn fara um Breiðaflóa, Hvammsfjörð og Gilsfjörð á kostnað landssjóðs, yrði vafalaust sú, að ferðum strandferðaskipanna yrði fækkað um Breiðaflóa, og þau að sjálfsögðu eigi látin fara inn á Hvammsfjörð, og þá væri ver farið en heima setið. Héraðsbúar mundu þá eigi kunna okkur miklar þakkir fyrir þetta framlag, og mundu óska þess, að Flóabáturinn yrði það bráðasta lagður niður aftur. Eg mun því fyrir mitt leyti greiða atkv. með breyt.till. hæstv. landsh., sem fer fram á að fella niður þessa styrkveitingu.

Hvað brúargerð á Jökulsá viðvíkur, skal eg taka það fram, að eg er henni hlyntur og hefi verið henni meðmæltur áður á þinginu, þegar lögin um brúargerðina voru til umræðu, en nú get eg ekki veitt því atkv. mitt, að fé sé lagt fram til brúargerðar á þessum fjárlögum, og er ástæðan sú, að eg álít á engan hátt tiltækilegt, að leggja svo mikil útgjöld á landssjóð nú sem stendur, en hér er um mjög verulegan gjaldalið að ræða, enda virðist þörfin ekki vera svo afarbrýn á því, að leggja brú nú þegar yfir ána á þessum stað, og sýnist þetta eitt með öðru, enn geta beðið um tveggja ára bil; yfirferð yfir ána er ekki mjög mikil, að minsta kosti ekki nálægt því eins mikil, eins og yfir Þjórsá, Hvítá og jafnvel Blöndu, því að héruðin, er að liggja, eru ekki fjölbygð, og vörumagn þeirra lítið, en sæmilegir ferjustaðir á ánni niðri í bygð, og er hún þar eigi háskalegur farartálmi; öðru máli væri að skifta, ef í ráði væri að brúa hana uppi á Fjöllum, þar sem aðalsamgönguvegurinn liggur yfir hana milli norður- og austurlands; það er langt frá öllum mannabygðum, að minsta kosti vestan-megin, og áin er þar mesta foraðsvatn bæði sumar og vetur, enda leggur aldrei á vetrum, svo að örugg sé; verða póstar og aðrir ferðamenn, að leggja hesta sína þar í hana, í hvaða veðri sem er, og er það harla háskasamlegt. Þarna væri þörf á brú!

Þá vil eg minnast á Fagradalsbrautina, og vil eg um hana láta það í ljós, að mér þykir það að vísu leiðinlegt, að það skuli þurfa að klípa af fénu, sem ætlast var til að veitt yrði til hennar; hér í þessari deild hefir það áður verið útlistað, hve mikla þýðingu þessi braut hafi fyrir stór og víðlend héruð þar eystra, en þar sem nefndin hafði sett sér þá meginreglu, að hækka ekki fjárveitingarnar til vega yfirleitt, þá gerði hún þessa breytingu sökum þess, hve bráðnauðsyn-

leg endurbótin á veginum í Suðursveit er, en til hennar ætlar hún 3000 kr. Að vísu álít eg, að það hefði verið réttara, að taka þessar 3000 kr. af þjóðvegafé í Norðuramtinu eða Vesturamtinu, báðum þessum liðum, eða öðrum hvorum þeirra, en við það var ekki komandi í nefndinni, og var því ráðist á Fagradalsbrautarveitinguna.

Að því, er snertir helmings uppgjöf á láni til Rangárvallssýslu, út af skemdum af völdum Þverár, þá mælir víst sanngirni með því, að þessi uppgjöf sé veitt, og er það samkvæmt því, sem ályktað var um sama mál í þessari deild í fyrra; en að veita frekari eða meiri uppgjöf að svo komnu, sýnist mér vera nokkuð athugavert. Eg sé eigi, að sýslan hafi tilgreint þær ástæður fyrir beiðni sinni, er sýni, að eftirgjöfin geti eigi orðið henni að gagni, ef hún er minni en $^2/_3$ upphæðarinnar.

Að því, er snertir tillögur nefndarinnar, snertandi leigu á Reykjavíkurspítala-húsi, þá vil eg geta þess, að þessi tillaga var gerð af nefndinni með tilliti til þess, að hún hafði fengið vilyrði manns þess, sem að voru áliti hefir þar mest um að segja, fyrir því, að fá spítalahúsið leigt handa læknaskólanum fyrir 1000 kr. á ári. En úr því ekki verður kostur á því, eftir því sem nú hefir heyrst, þá verður að athuga þann lið nákvæmar til 3. umr., og gera ráðstafanir fyrir því, að læknaskólinn verði ekki húsnæðislaus.

Enn er eitt atriði, sem eg vildi leyfa mér að minnast á, og það eru samningarnir við Sameinaða gufuskipafélagið, sem óneitanlega er súrt epli að bíta í. Styrkurinn úr landssjóði er hækkaður um þriðjung og er nú 15 þús. kr. hærri en tillagið úr ríkissjóði.

En nú ber þess að gæta, að Danmörk eða ríkissjóðurinn er skyldur til að halda uppi póstferðunum milli Íslands og Danmerkur, oss að kostnaðarlausu, og vér eigum að sjálfsögðu heimting á, að þessar póstferðir, millilandaferðirnar, séu sæmilegar og fullnægi þörfum vorum, eins og þær nú eru. Að þessu athuguðu sýnist mér vor kostur vera harður, er vér verðum að greiða hærra tillag til allra ferðanna, millilandaferðanna og strandferðanna, en ríkissjóður, og dýrar verða strandferðirnar oss þá. En á þessu mun engin bót verða ráðin á þessa þingi. En það gæti komið til íhugunar, hvort ekki væri tiltækilegt að styrkja eitthvert annað félag til að halda uppi strandferðum og flytja póstflutninga umhverfis landið, og held eg, að vel væri tilvinnandi að verja nokkuru fé til þessa, svo að gufuskipafélagið sameinaða, þó gæti haft hugmynd um það, að það væri eigi að sjálfsögðu eitt um hituna hér um alveg óákveðinn tíma, og að það gæti boðið oss hverja þá kosti, sem því líkaði. Það hefir komið tilboð í þessa átt frá öðru félagi, sem og kunnugt er, og ætti að athuga það vel til 3. umr.

Sigurður Jensson: Eg er þakklatur háttv. nefnd fyrir, hve vel hún hefir tekið í málaleitan mína um að veita fé til sjúkrahússins á Patreksfirði. Spítalinn þar hefir mjög mikla þýðingu, sem sjómannaspítali, því þangað sækja sjómenn hvaðanæfa og er því ekki síður spítali alls landsins, heldur en fyrir Barðastrandarsýslu, Ef menn líta á listann yfir sjúklinga, sem legið hafa á þessum spítala þann tíma, rúmt ár, sem hann hefir verið notaður, þá munu menn sannfærast um, hvað almenna þýðingu spítali á þessum stað hefir. Til spítalans hefir verið skotið saman um 8000 kr. og sýnir það líka, að þörfin er brýn á spítala hér á þessum stað, því menn skjóta ekki saman stórfé að nauðsynjalausu. Á Patreksfirði er gott lægi fyrir þilskip og hæg innsigling. Eg hefi aldrei haft hugmynd um, hve mikinn þilskipaflota Ísland á, fyr en eg kom einu sinni á Patreksfjörð og hitti svo á, að fjöldi þilskipa var að sigla inn

fjörðinn í byrjun norðangarðar. Spítalinn þar er mjög mikið notaður, eins og sjá má af því, að frá í apríl 1902 til marz 1903 lágu á honum 50 sjúklingar, mest alt sjómenn frá ýmsum stöðum, innan lands og utan. Það eru mjög mikil þægindi og sparnaður fyrir þilskipaeigendur, að skipstjórar geta komið veikum mönnum til Patreksfjarðar, heldur en að þurfa að sigla með þá til Reykjavíkur eða Ísafjarðar, og getur það oft numið miklu fé, sem tapast mundi, ef þeir þyrftu að tefja sig frá fiskiveiðunum. Háttv. framsm. tók það fram, að meining nefndarinnar væri, að sýslufélag Vestur-Barðstrendinga tæki að sér sjúkrahúsið og vona eg, að það muni verða svo. Hingað til hefir sýslufélagið ekki verið fúst á það, sökum þess, að sýslufélagið er fátækt og hefir mikil útgjöld til vega, sökum þess, að samgöngur eru þar ógreiðar mjög og margir vegir, sem til þarf að kosta.

Sýslufélag þetta hefir aldrei fengið styrk úr landssjóði til vegabóta, eins og sumar aðrar sýslur, og aldrei farið fram á að fá slíkan styrk. Eg vona því, að háttv. deild sjái, að ekki er sanngjarnt, að setja spítalann upp á sýslufélagið án nokkurs tillags, einkum þar sem hann er ekki síður í þarfir alls landsins, heldur en þessarar sýslu. Svo er komin till. frá hæstv. landsh. um, að fella burt styrkinn í 12. gr. C. 2. c. til gufubátsferða um Breiðafjörð seinna árið 10,000 kr. og háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) tók í sama strenginn.

Hæstv. landsh. sagði, að það væri réttara að láta strandferðabátana koma á þær hafnir við Breiðafjörð, sem menn sérstaklega óskuðu. En eg get ekki fallist á þetta, því viðkomustaðir strandferðabátanna eru alt of margir, en ef sérstakur gufubátur væri styrktur til þess, að halda uppi ferðum á Breiðafirði, þá þyrftu strandferðabátarnir ekki að koma á nærri því eins marga staði, og strandferðirnar gengju því miklu liðlegar.

Hæstv. landsh. og háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) sögðu, að enginn bátur mundi fást til þessara ferða, en við það er að athuga, að ef engin bátur fæst, þá gerir ekkert til, þó þessi styrkveiting standi. Að fella hann burtu, þýðir þá ekki annað en, að fjárlögin líta dálítið betur út á pappírnum, og hefir það ekki mikið að þýða.

Á sérstökum bát á Breiðafirði er mjög mikil þörf og þurfa menn ekki annað en að líta á kortið og líta á þessa löngu firði inn úr flóanum, til þess að sannfærast um það, að bátur, sem eingöngu væri til þess, að halda uppi ferðum þar, hefði þar nóg að gera, og það er engan veginn rétt, sem hæstv. landsh. sagði, að þessi bátur yrði eingöngu notaður til skemtiferða; það er einmitt til vöruflutninga, að þörf er á þessum bát.

Enn fremur vildi eg í fám orðum minnast á fjárveitinguna til þess, að kaupa lóð handa kirkjugarðinum í Reykjavík. Eg er ekki í neinum vafa um, að landssjóður eigi að leggja söfnuðinum til kirkjugarð, en mér finst, að það ætti að semja reglugerð um sölu á grafreitum, einkum þar sem menn taka sér grafreiti fyrir langan tíma og áskilja sér víst svæði til grafreita fyrir ættingja sína. Þessi lóð er landssjóðnum svo afardýr og það er engin ástæða til, að selja mönnum leg ódýrara en landssjóður hefir keypt þau. Þar að auki er það aðgætandi, að utanþjóðkirkjumenn eru grafnir í þessum sama kirkjugarði, og landssjóður hefir enga skyldu til að útvega þeim kirkjugarð. Nú þegar búið er losa utanþjóðkirkumenn við öll gjöld til þjóðkirkjunnar, þá ættu þeir sjálfir að sjá sér fyrir kirkjugarði, eða að minsta kosti ættu þeir að borga svo fyrir, að nota kirkjugarðinn, að landssjóður væri skaðlaus. Eg tek þetta fram í þeirri von,

að kirkjustjórnin vilji taka það til íhugunar.

Þá vil eg minnast á tillögu nefndarinnar um að fella burt fjárveitinguna til Jökulsárbrúarinnar. Mér finst þetta ekki hafa mikla þýðingu, úr því nefndin tekur það fram með sterkum orðum, að sjálfsagt sé sem fyrst að byggja þessa brú. Eg álít ekki þessa brú sérlega nauðsynlega, og var á móti því í fyrra, að lögin um brúarbygginguna væru samþykt, en úr því það er ákveðið, bæði með lögum, og nú lýst yfir af stórum meiri hluta þingsins, að byggja skuli brúna hið allra fyrsta, þá sýnist mér það gera minna til, hvort þetta er gert nú eða síðar.

Enn fremur er eg nefndinni ekki samþykkur í því að fella burt liðinn í 12. gr. B. 10. a., styrkveitinguna til sýsluvegarins frá Laxárdalsheiði að Höskuldsstöðum í Laxárdalshreppi í Dalasýslu, því sá vegur hefir talsverða þýðingu.

Jónas Jónassen: Eg skal ekki lengja umræðurnar mikið að þessu sinni. Eg stóð að eins upp til að minnast á eitt atriði, Reykjavíkurspítalann. Eg hafði búist við, að framsögumaður mundi minnast á það mál og geta þess, að þess væri enginn kostur, að fá húsið til leigu. Einn af fjárlaganefndarmönnunum spurði mig um, hvort húsið mundi fáanlegt til leigu, og sagði eg honum, að það væri mögulegt, en að eg auðvitað ekki gæti gefið neitt fast svar upp á það. Síðan lét eg viðkomandi vita, að húsið ekki fengist til leigu. Eg vil leyfa mér að leggja með því, að hús þetta verði keypt, eins og Nd. fór fram á; annars er læknaskólinn alveg húsnæðislaus frá 1. jan. 1904, og það er með öllu ómögulegt að fá hús leigt, sem dugi fyrir læknaskóla landsins og er það einkum af því, að líkhúsið vantar. Af því mér er málið kunnugt, vil eg leyfa mér að mæla með því, að landssjóður kaupi húsið, enda þarf enga útborgun fyrst í stað, því spítalinn skuldar landssjóði c. 5000 kr. Aðalatriðið fyrir mér er það, að læknaskólinn verði ekki húsnæðislaus, en það myndi hann annars verða, því þó svo ólíklega kynni til að takast, að hús væri einhvers staðar til, mundi enginn vilja leigja það handa læknaskólanum, því ærsl og hávaði, söngur og læti er alt af mikill hjá ungum mönnum, en slíkt mundi vera nægileg uppsagnarsök.

Að því er snertir gufuskipaferðir, gleymist mönnum oft, að mest er varið í það, að skipin séu traust og góð, og skipin frá Sameinaða gufuskipafélaginu eru góð skip, þótt þau séu nokkuð dýr, og sást það haustið 1902, þegar „Hólar“ komust klakklaust af í versta veðri hjá Vestmannaeyjum. Ef vér þá hefðum haft Tuliniusarskip, mundi annað hafa orðið uppi á teningnum. Vona eg, að menn fari ekki að vinna það fyrir nokkurn peningasparnað að fá lítt nýtar fleytur hingað upp, er geta orðið fjölmörgum mönnum að fjörlesti.

Þá ætti sjúkraskýlið á Brekku ekki að falla; þess konar sjúkraskýli eru mikilsverð, eins og nefndin líka játar. Væri það undarlegur sparnaður, að horfa í einar 800 kr., þar sem um líf manna er að tefla, en fleygja fé svo þúsundum króna skiftir í þessi blessuð skáld, sem varla er hægt að þverfóta fyrir og liggur við að séu orðin að landplágu.

Hallgrímur Sveinsson: Það eru að eins örfá eða réttara sagt að eins tvö atriði, sem eg vildi minnast á, því eg get yfirleitt vel felt mig við álit háttv. nefndar. Annað atriðið er vegurinn frá Hafnarfirði til Vogastapa. Virðist mér það varhugavert, að synja um þessa litlu upphæð, þar sem á það er litið, að Gullbringusýsla hefir gert allmikið að vegabótum, en þó ekki fengið fé svo neinu nemi úr landssjóði, enda er vegurinn örðugur og torsóttur og flutningar eftir honum talsverðir, þótt ekki séu þeir eins miklir og áður.

Hitt atriðið er 13. gr. A. VI. 8., styrk-

urinn til séra Magnúsar Magnússonar. Hér er um mjög lítið fé að ræða, og eins og málinu nú er komið, óska eg, að það fái að standa. Þegar rætt hefir verið um þetta mál, hefir reyndin jafnan orðið sú, að allir hafa lagt til góð orð, en enginn fé. Það er ekki rétt, að hér sé um lítið atriði að ræða. Það er að vísu satt, að stúdentar og fleiri ættu að geta fært sér danska guðsþjónustu í nyt, en annað mál er það, hvort þeir hafa nokkura sérlega tilhneigingu til þess, en ef mönnum gæfist færi á að hlýða guðsþjónustu á móðurmálinu, er það líklegt, að tilhneigingin mundi vaxa, og hve mikla þýðingu móðurmálið hefir fyrir menn, er víst öllum ljóst og sérstaklega þeim, er verið hafa í öðrum löndum og sjaldan heyrt móðurmál sitt. — Vildi eg því leyfa mér að mælast til þess, að háttv. deild lofaði þessum litla styrk að standa, því fáist ekki fé, verður ekkert úr tilrauninni.

Þorgrímur Þórðarson: Háttv. frsm. fjárlaganefndarinnar skírskotaði til mín í framsögu sinni um upplýsingar viðvíkjandi breytingu nefndarinnar við 13. gr. A. b. 3. um uppbót til prófasts séra Jóns Jónssonar á Stafafelli fyrir missi á umboðstekjum fardagaárið 1901—1902. Eg er fús til að verða við þessari ósk h. framsm. og skal skýra málið með fáum orðum, því að mér er það nokkuð kunnugt. Þessi uppbótarbeiðni prófastsins er að nokkuru leyti óbein afleiðing af lögunum frá 8. des. 1897, um að nokkurar landssjóðskirkjur skuli afhentar söfnuðunum. Á meðal þessara kirkna var Bjarnaneskirkja og var söfnuðinum boðið að taka að sér fjárhald hennar með þeim hluta Bjarnaness, sem landssjóður átti, en það voru 7 hjáleigur. En svo óheppilega vildi til, að umboðsmaður Bjarnanessumboðs, prófastur Jón Jónsson á Stafafelli, hafði í umboðslaun landskuldir og leigur af þessum 7 hjáleigum.

Þegar kirkjumál þetta var borið undir Bjarnanessöfnuð af stjórnarinnar hendi, var hann fús til að taka að sér kirkjuna með þessum 7 hjáleigum, en á héraðsfundi mætti málið megnri mótspyrnu af hendi prófasts, og tafði hann svo fyrir málinu, að það var fyrst útkljáð 1901 með ráðgjafaúrskurði, sem ákvað, að kirkjan skyldi afhent söfnuðinum með $^1/_2$ Bjarnanesinu: þessum 7 hjáleigum. Einnig var ákveðið með landshöfðingjabréfi, að kirkjunni skyldi fylgja allar tekjur hennar fyrir árið 1901 og landskuldir og leigur af hjáleigunum fyrir fardagaárið 1901—1902. En umboðsmaður hafði bygt flestar þessar hjáleigur svo, að landskuldir af þeim skyldi greiða í sumarkauptíð og leigur fyrir lok októbermán. ár hvert. Þessi umboðslaun sín var hann því búinn að innheimta, áður en úrskurður kom um það, að kirkjunni bæri þetta jarðarafgjald af hjáleigunum; varð hann því að greiða þau aftur til kirkjunnar.

Umboðsmaður áleit, að hann þannig hefði verið sviftur þessum umboðslaunum, sem honum hefði með réttu borið árið 1901, og fór því fram á það við þingið að fá þau uppbætt úr landssjóði með 120 kr. Þessa beiðni umboðsmanns hefir hv. fjárlaganefnd tekið til greina í breyt.till. sinni og leggur til, að honum verði veittar 120 kr. fyrra árið.

Eg álít þetta mjög sanngjarnt, því að mér finst, að umboðsmaðurinn hafi orðið heldur hart úti árið 1901, eg vona því, að háttv. deild samþykki till. nefndarinnar.

Þá vildi eg minnast á sjúkraskýlið á Brekku. Eg get ekki séð, að háttv. frsm. hafi þar rétt að mæla, því að sjúkraskýlin eru bráðnauðsynleg fyrir lækna til sveita. Það er mjög alment, að sjúklingar eru fluttir heim til læknisins, honum alveg að óvörum, en það gefur að skilja, að læknar oft eiga erfitt með að taka á móti þeim og geta það alls ekki, bæði sakir þess, að þá skortir hæfilegt húsrúm fyrir þá og

hafa heldur ekki fólk til að stunda þá eins og þarf, því að hin tilfinnanlega vinnufólksekla kemur eigi síður niður á læknunum en öðrum. Þeir neyðast því oft til að vísa þessum sjúklingum frá sér og verða þeir þá eða aðstandendur þeirra að fara bæ af bæ, til þess að koma þeim fyrir. Eg hygg, að öllum sé ljóst, hvílík vandræði þetta eru, bæði fyrir sjúklingana og læknana. En afleiðingin af því, að sveitalæknar hafa engin sjúkraskýli nálægt sér, er sú, að þeir geta alls ekki veitt sjúklingunum þá læknishjálp, sem þeir annars gætu, og verða heldur að láta þá deyja drotni sínum, en leggja út í að gera hættulegar óperatiónir í baðstofum, sem enginn maður með fullu viti getur álitið hentugar óperatiónsstofur. — Eg álít það beina skyldu þingsins, að styrkja læknahéruðin til þess að reisa sjúkraskýli á læknasetrunum, eða mjög nálægt þeim, ef það ætlast til, að þjóðin hafi fult gagn af læknum sínum. Það kostar að vísu nokkurt fé, en það margborgar sig fyrir þjóðina, því að sjúklingarnir geta þá fengið bót meina sinna hjá héraðslækni sínum með margfalt minni tilkostnaði, en ef þeir yrðu að leita til fjarlægra spítala, eins og þeir verða nú oft að gera, af því að engin sjúkraskýli eru til. Eg vil því leyfa mér að mælast til þess, að háttv. deild felli tillögu háttv. nefndar, um að nema þenna styrk í burtu, því sjúkraskýlin eru hin mesta nauðsyn, bæði fyrir lækna og sjúklinga.

Valtýr Guðmundsson: Eg vildi minnast á eitt atriði, sem eg ekki er samdóma nefndinni um, þótt eg sjálfur eigi sæti í henni; það er vegurinn frá Hafnarfirði til Vogastapa. Eg skal leyfa mér að geta þess, að þar sem háttv. framsm. sagði, að litlir flutningar væru á veginum, þá er það að vísu satt, að þeir eru ekki eins miklir nú, og þeir voru fyr meir, en umferðin er þó afarmikil um veginn, sérstakega af mönnum úr öðrum héruðum. Árnesingar og Rangæingar fara oft í skreiðarferðir suður með sjó, þó minna kveði að því en áður. Vegurinn er afarvondur; hæstv. landsh. játaði, að hér væri þörf á umbótum, og töluverðar umbætur geta þó fengist fyrir það fé, sem hér er farið fram á; að minsta kosti mætti þó bæta hann á kafla. Hæstv. landsh. lagði með sýsluveginum í Dalasýslu, af því sú sýsla hefði lagt fram mikið fé til vega, en Gullbringusýsla hefir einnig lagt mikið á sig í þessu efni, eins og háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) tók fram; má þar nefna Hafnarfjarðarveginn, sem kemur fleiri mönnum til gagns, en íbúum þessarar sýslu, og brýrnar á Elliðaánum, sem beinlínis koma landssjóði til gagns, þar sem þær liggja á þjóðveginum. Sýslan yrði hart úti, ef þetta fé yrði tekið af henni. Í stjórnarfrumv. stendur, að leggja skuli nýjan veg um Mosfellssveit, en þingið tekur 4000 kr. af vegafénu, sem einmitt áttu að ganga til þessa. Það er ástæða til að styrkja alla þessa þrjá sýsluvegi, líka í Skagafirði, sem hefir lagt mikil útgjöld á sig, þar á meðal mikla brúartolla. Það er auðvitað álitamál, hvort þingið ekki hefir í svo mörg horn að líta, að réttast væri að leggja ekkert fé til sýsluvega, en úr því þingið ekki hefir tekið það „princíp“, þá er sjálfsagt, að styrkja þær sýslur, sem mest vinna til þess.

Þá mælti hæstv. landsh. á móti aths. um verkfræðinginn, sem nefndin hefir tekið upp. Þar talar hæstv. landsh. víst ekki sem stjórnarfulltrúi, því aths. stendur á stjórnarfrv. Það er auðvitað ekki meiningin, að stjórninni sé óheimilt að fela verkfræðingnum þetta starf á hendur, heldur af því að svo virtist, sem þingið væri mótfallið athugas., ef það færi að nema hana burtu. Um vegina á verkfræðingurinn að ráða mestu, því hann er þar „fagmaður“, en stjórnin ekki. Annað mál er það, að ef þingi eða stjórn ekki líkar verkfræðingurinn, er hægt að fá annan, en það er verk-

fræðingurinn, sem á að ráða vegagerðinni og ráða verkafólk til hennar.

Þá kem eg að breyt.till. hæstv. landsh., á þingskj. 542 við 11. gr. um, að aftan við greinina bætist sem 3. liður styrkur til Guðm. héraðslæknis Björnssonar til að launa aðstoðarlækni, er sé búsettur í Hafnarfirði, 800 kr. hvort árið, og vil eg leyfa mér að mæla með þeirri tillögu, en hefði heldur viljað, að hún væri orðuð þannig, að það stæði til aukalæknis í Hafnarfirði.

Eg er enn fremur samþykkur athugasemd hæstv. landsh. um kvennaskólann á Norðurlandi, því að það er skrítið, að á hverju þingi kemur fram sú athugasemd, að þingið vilji ekki hafa nema einn kvennaskóla á Norðurlandi, en aldrei verður neitt af því að sameina þá og að þingið striki út aðra fjárveitinguna og veiti að eins öðrum skólanum styrkinn. Eg fyrir mitt leyti er fúslega með því, að veita að eins einum kvennaskóla styrk á Norðurlandi, og álít þá ef til vill réttast, að það væri kvennaskólinn á Blönduósi; reyndar var hann stofnaður í trássi, en nú sem stendur mun hann vera beztur allra norðlenzku kvennaskólanna.

Að því er snertir breyt.till. háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) um að fella burtu skilyrðið fyrir styrkveitingunni til sveitakennara, þá er svo langt frá því, að eg sé þeirri tillögu hlyntur, að eg vildi helzt, að sveitakennararnir fengju jafnt úr sveitarsjóði við landssjóðsstyrkinn, því að eg lít svo á, að ef mentamál alþýðu eiga að komast í viðunanlegt lag, þá eigi hún að borgast algerlega af sveitunum, en ekki af landssjóði; en aftur á móti álít eg nauðsynlegt, nú sem stendur, að leggja ríflega til hennar úr landssjóði, á meðan hún er að komast á.

Að því er snertir spítalahúsið hér í Reykjavík, þá álít eg það enga hættu þótt breyt.till. nefndarinnar verði samþykt, því að einhvers staðar verður altaf hægt að fá húsnæði handa læknaskólanum.

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Eg er h. deild þakklátur fyrir nefndarinnar hönd fyrir það, hve mjúkum höndum hún hefir farið um brt. vorar, því að það gefur ástæðu til að ætla, að þær séu á rökum bygðar og í samræmi við hugsunarhátt annara hátthv. deildarmanna. Vegna þess að *tíminn* er svo naumur, þá skal eg ekki fara mikið út í ræður þeirra háttv. þingdm., sem talað hafa í dag, en að eins leyfa mér að drepa á einstök atriði

Eg er þakklátur h. 1. kgk. þm. (J. H.) fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf viðvíkjandi blinda piltinum, Erlendi Jónssyni, og skal eg þegar lýsa því yfir fyrir nefndarinnar hönd, að hún muni vera samþykk þeirri styrkveitingu, sem farið er fram á handa honum á þskj. 547. Aftur á móti get eg ekki verið samþykkur háttv. sama þingm. um brt. hans á þskj. 545 um 400 kr. styrk hvort árið til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík, og hygg eg, að nefndin muni heldur ekki vilja aðhyllast þessa tillögu, því að eg lít svo á, að það eigi að vera privat-sök, hvernig fræðsla í tónlist á að fara fram, og skal eg í þessu sambandi taka það fram, að nú er alt öðruvísi ástatt í þessu tilliti, en þegar hinum núverandi organista við dómkirkjuna fyrst var veittur styrkur til kenslu í organslætti. Þá voru að eins örfáir menn, sem höfðu nóga þekkingu til að kenna að leika á harmonium, en nú hefir fjöldi manna kenslu á hendi í þeirri list.

Viðvíkjandi því, sem h. 1. kgk. þm. (J. H.) sagði, að sú kensla, sem menn nú gætu fengið í organslætti, mundi vera kák, þá þótti mér það nokkuð freklega að orði komist; en víst er um það, að ekki eru allir jafngóðir, sem við þá kenslu fást, og sumir eru efalaust lítt hæfir til þess, en eg skal um leið taka það fram, að hér eru nú maður í bænum, sem um mörg ár hefir kent fjölda mörgum að leika á harmo

nium, og hefir hann áður tekið 50 aura fyrir tímann, en nú tekur hann 75 aura, og hygg eg ekki, að landssjóð skifti það neinu, hvaða kaup hann tekur; en það er engin þörf á að styrkja hann til þessarar kenslu, því að aðsóknin að honum er svo mikil, að hann getur sett upp svo hátt kenslukaup, að hann verði vel haldinn af því.

Að því er snertir læknaskólahúsið, þá hefir h. 2. þm. G.-K. (V. G.) tekið af mér ómakið að svara athugasemdum h. 4. kgk. þm. (J. J.) því viðvíkjandi, og er eg honum fullkomlega samdóma um, að ekki geti verið neinir óyfirstíganlegir erfiðleikar á að fá húsnæði handa læknaskólanum.

Að því er snertir ummæli h. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) um styrkinn til sveitakennara, þá skal eg ekki svara þeim mörgum orðum. Eg get ekki verið honum samdóma um að fella burtu skilyrðið um tillagið frá sveitunum, og þar sem hann bar það fyrir sig, að fátækum foreldrum væri ómögulegt að nota farandkensluna, ef þeir ættu að leggja nokkurt fé af mörkum til hennar, þá hygg eg, að þau ummæli séu ekki á góðum rökum bygð, því að þar sem eg þekki til, þá veit eg það fyrir víst, að hrepparnir hlaupa undir bagga, ef foreldrarnir eru svo fátækir, að þeir ekki geti staðið straum af kenslukostnaði barna sinna; en það verð eg að álíta lífsskilyrði, — ef annars nokkuð á að verða úr alþýðufræðslunni hér á landi, — að foreldrarnir verði knúðir til að leggja sinn skerf, auðvitað í skynsamlegum mæli, til hennar fyrir börn sín, því að landssjóður getur ekki einn saman risið undir þeirri þungu byrði, sem sú kensla hlýtur að hafa í för með sér.

Þá gat h. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) þess, að það væri ekki sparnaður, að láta fjárveitinguna til brúargerðar á Jökulsá í Öxarfirði bíða til næsta fjárhagstímabils; sér hann þá ekki, að það fé, sem ekki kemur til útgjalda, er landssjóði sparað fé? Eða vill hann láta gera alt í einu? Eftir hans kenningu væri þá líka rétt að hrúga á þessi fjárlög útgjöldum til allra þeirra fyrirtækja og umbóta, sem þörf er á í þessu landi, en það hygg eg þó að allir séu mér samdóma um að væri óðra manna æði. Eg verð að telja æskilegast, ef unt væri, að geta skilið svo við fjárlögin, að vér þyrftum ekki að vera nauðbeygðir til að taka lán, en til þess er enginn annar vegur en sá, að strika út að þessu sinni einhverja þá útgjaldaliði, er nokkuru nema. Mér dettur ekki í hug að ætla, að Jökulsárbrúin geti orðið neitt politiskt atriði, því að hvort brúin kemur 2 árum fyr eða síðar, þá getur það ekki haft nein áhrif á útflutninga til Ameríku, eins og h. 2. þm. S.-Múl. vildi halda fram, og get eg í því tilliti tekið dæmi úr hans feðrasveit, því að eg veit ekki til, að útflutningarnir til Ameríku hafi verið minni úr Norðurmúlas., síðan menn fengu von um brú á Lagarfljóti og byrjað var á henni; þvert á móti streymir fólk nú hrönnum saman til Ameríku úr þeirri sýslu.

Eg skal geta þess út af sýsluvegunum, sem minst var á af h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) og h. 2. þm. G.-K., að eg álít, að þingið sé nauðbeygt til að gæta allrar varúðar að leggja ekki nýjar álögur á landssjóð að því, er snertir sýsluvegina, vegna þess að þingið befir nóg á sinni könnu, þar sem það einu sinni er búið að löggilda á landssjóð flutningabrautirnar, sem verða óþolandi byrði, ef þær verða framkvæmdar í þeim mæli, sem vegalögin ætlast til, og er þá því minni ástæða til að gæta ekki allrar varúðar viðvíkjandi sýsluvegunum, sem þingið hefir ekki eins bundnar hendur með. Háttv. þingd.-mönnum er kunnugt, hve stór útgjaldaliður vegamálin eru á fjárlögunum og að það er lífsnauðsyn að ofbjóða ekki gjaldþoli landssjóðs í þessari grein; þetta er heldur ekki „rentabelt“ fyrirtæki í eiginlegum skilningi; gróðinn á flutningabraut-

unum verður lengi að koma og óvíst hve lengi, af því að skilyrðið fyrir að græða á flutningabrautunum er enn þá langt í burtu, en skilyrðið er það, að hægt sé að nota vagna til að flytja á hey af engjum upp til sveita; því að það segir sig sjálft, að þegar menn þurfa 6—15 hesta undir hey, þá eru menn ekki svo fíknir í að kaupa vagna til þess, að flytja nauðsynjar og afurðir sínar frá og til kaupstaðarins. Þegar eg var bóndi á Víðimýri, þá þurfti eg 12—15 hesta undir heyburð og munaði mig ekki um, þó eg færi 2—3 ferðir út á Sauðárkrók á ári, til að flytja að mér nauðsynjar mínar og frá mér búsafurðirnar; en meðan bóndinn kýs þetta heldur, þá er lítill arðurinn af flutningabrautunum.

Að því er snertir sjúkraskýlið á Brekku, þá skal eg taka það fram og leggja áherzlu á það, að sú fjárveiting er lítil í samanburði við þann dilk, sem hún hlýtur að draga á eftir sér á næsta þingi, það er að segja, að þá munu koma margar fjárbænir í sömu átt, ef þessi verður nú samþykt, En það, sem vakti fyrir nefndinni, er það, að áður en þingið veitti fé til þess konar fyrirtækja, þá þyrfti alt málið í heild sinni að fá svo góðan undirbúning, að það gæti orðið að tilætluðum notum, og að fyrst þyrfti að ákveða föst læknasetur í læknaumdæmunum og að læknunum væri gert að skyldu að taka sjúkraskýli að sér, því að þó að t. d. sá læknir, sem nú er í því umdæmi, sem hér er um að ræða, vilji gera það, þá er ekki sagt, að eftirmaður hans gæfi um það.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, en vænti, að atkvæðagreiðslan fari líkt og umræðurnar; eg veit, að þær hafa verið nefndinni hliðhollar, og vona eg því, að atkvæðagreiðslan verði það einnig.

ATKV.GR.:

2. gr. frv. sþ. í e. hlj.

3. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 524) við 4. gr. 1. sþ. með 10 atkv.

Breytt. (þskj. 524) við 4. gr. 2. sþ. með 8 atkv.

4. gr. breytt sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 524) við 5. gr. 1. sþ. með 10 atkv.

5. gr. breytt sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 524) við 6. gr. samþ. í e. hljóði.

6. gr. breytt sþ. í e. hlj.

1. gr. frv. sþ. í e. hlj.

1. breytt. (þskj. 524) við 8. gr. sþ. í e. hljóði.

2. breytt. (þskj. 524) við 8. gr. sþ. í e. hljóði.

8. gr. breytt sþ. í e. hlj.

9. gr. frv. sþ. í e. hlj.

10. gr. frv. í heild sinni sþ. í e. hlj.

11. gr., tl. 1.—2., sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 542) við 11. gr. 2. sþ. með 7 : 4 atkv.

11. gr., tl. 3.—5., sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 524) við 11. gr. 6. a. sþ. með 10 atkv.

Tl. 6. við 11. gr., breyttur, sþ. í e. hlj.

Tl. 7. við 11. gr. sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 524) við 11. gr. 8. d. sþ. í e. hlj.

11. gr., tl. 8., breyttur, sþ. í e. hlj.

11. gr., tl. 9., sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 524) við 11. gr. 10. sþ. með 6 : 4 atkv.

Tl. 10. við 11. gr. þar með fallinn.

11. gr. breytt sþ. í e. hlj.

12. gr. A., tl. 1.—3., sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 524) við 12. gr. A. 4. a. sþ. með 7 atkv.

Breytt. (þskj. 524) við 12. gr. A, 4 b., sþ. með 8 atkv.

12. gr. A. 4. a.—b., þar með fallin.

12. gr. A., tl. 5.—7., sþ. í e. hlj.

12. gr. B, 1. a.—b., sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 524) við 12. gr. B. 1. b. sþ. með 6 atkv.

12. gr. B. 2., sþ. í e. hlj.
Breytt. (þskj. 524) við 12. gr. B. 3. sþ. með 9 : 1 atkv.
12. gr. B. 3., breytt, sþ. í e. hlj.
Breytt. (þskj. 524) við 12. gr. B. 4. sþ. með 9 atkv.
12. gr. B. 4., breytt, sþ. í e. hlj.
12. gr. B. 5.—6. sþ. í e. hlj.
Breytt. (þskj. 524) við 12. gr. B. 7. sþ. með 8 : 1 atkv.
12. gr. B. 7., þar með fallin.
Breytt. (þskj. 524) við 12. gr. B. 8. sþ. með 10 atkv.
12. gr. B. 8. þar með fallin.
12. gr. B. 9. sþ. í e. hlj.
Breytt. (þskj. 524) við 12. gr. B. 10. a. feld með 6 : 4 atkv.
Breytt. (þskj. 524) við 12. gr. B. 10. b sþ. 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:

Jón Jakobsson,
Sigurður Jensson,
Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Júlíus Havsteen,
Kristján Jónsson,

nei:

Gutt. Vigfússon,
Hallgr. Sveinsson,
Jónas Jónassen,
Valtýr Guðmundsson,
Þorgr. Þórðarson.

12. gr. B. 10, breytt, samþ. með 7 atkv.
12. gr. B. 10., aths., samþ. með 7 atkv.
Breytt. (þskj. 542) við 12. gr. B. 11., feld með 7 : 3 atkv.
Breytt. (þskj. 524) við 12. gr. B. 12, feld með 8 : 3 atkv.
12. gr. C. 1., samþ. með 8 : 2 atkv.
Breytt. (þskj. 524) við 12. gr. C. 1., sþ. með 10 atkv.
Breytt. (þskj. 524) við 12. gr. C. 2. a. samþ. í e. hlj.
12. gr. C. 2. b., sþ. með 8 atkv.
Brt. (þskj. 542) við 12. C. 2. c. feld með 7 : 4 atkv.
Breytt. (þskj. 524) við 12. gr. C. 2. d., samþ. með 8 atkv.
12. gr. C., aths., samþ. með 9 shlj. atkv.
Breytt. (þskj. 524) við 12. gr. D. samþ. með 10 atkv.
12. gr. D., breytt, sþ. í e. hlj.
12. gr. E. a.—h. sþ. í e. hlj.
Breytt. (þskj. 524) við 12. gr. E. i. sþ. með 10 atkv.
12. gr. E. k.—l. sþ. í e. hlj.
12. gr., breytt, sþ. í e. hlj.
13. gr. A. a. og b. 1.—3. samþ. í e. hljóði.
Breytt. (þskj. 524) við 13. gr. A. b. 3 sþ. með 10 atkv.
Breytt. (þskj. 542) við 13. gr. A. b. 4. sþ. með 9 atkv.
13. gr. A. b. 5. og 6. sþ. í e. hlj.
Breytt. (þskj. 546) við 13. gr. A. b. 7. feld með 6 : 5 atkv.
13. gr. A. b. 7. sþ. með 10 atkv.
Breytt. (þskj. 524) við 13. gr. A. b. 8. sþ. með 8 atkv.
13. gr. A. b. 8. þar með fallin.
13. gr. B. I. sþ. í e. hlj.
13. gr. B. II. a.—b. sþ. í e. hlj.
Breytt. (þskj. 524) við 13. gr. B. II. c. d. sþ. með 8 atkv.
13. gr. B. III., IV., V., samþ. með 10 shlj. atkv.
13. gr. B. VI. a. 1., 2. og 3. sþ í e. hljóði.
13. gr. B. VI. a. 4. samþ. með 7 : 4 atkv.
13. gr. B. VI. a. 5. samþ. með 7 : 2 atkv.
Breytt. (þskj. 524) við 13. gr. B. VI. b. 1. samþ. með 10 atkv.
Breytt. (þskj. 524) við 13. gr. B. VI. b. 2. samþ. með 7 : 2 atkv.
Breytt. (þskj. 552) við 13. gr. B. VI. b. 2. feld. með 7 : 3 atkv.

13. gr. B. VI. b. 2. aths. samþ. í e. hljóði.

13. gr. B. VI. c—g, samþ. í e.

Breytt. (þskj. 524) við 13. gr. B VI h. sþ. með 8 atkv.

Breytt. (þskj. 545) við 13. gr. B VI. h. sþ. með 6 : 2 atkv.

13. gr. B. VI. i. j. sþ. í e. hlj.

Viðaukatill. (þskj. 547) sþ. með 10 atkv.

13. gr. B. VI. k. sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 524) við 13. gr. B. VI l. sþ. með 9 atkv.

13. gr. B. VI. l. þar með fallin.

13. gr. B. VII. sþ. með 10 shlj. atkv.

13. gr. B VIII. 1. sþ. með 8 samhlj. atkvæðum.

Breytt. (þskj. 524) við 13. gr. B. VIII. 2. sþ. með 6 : 2 atkv.

13. gr. B. VIII. 2 þar með fallin.

Breytt. (þskj. 524) við 13. gr. B. VIII. 3., fyrri lið, samþ. með 10 atkv.

Breytt. (þskj. 524) við 13. gr. B. VIII. 3., síðari lið, sþ. með 8 atkv.

13. gr., þannig breytt, sþ. í e. hlj.

14.—19. grein.

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Vér erum þá komnir að hinni titt um töluðu 14. gr., og sting eg upp á, að hún og greinar þær, sem eftir eru, verði ræddar í einu lagi.

Eg skal taka það fram, að eg álít, að þingið hafi unnið óhappaverk, þegar það tók frá stjórninni féð til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, þar sem bæði er þingtíminn naumur, og eins og eg tók fram í dag, hefir það engin holl áhrif á þingið, að þurfa sífelt að vera að meta manngildi styrkbeiðenda; það er betra að eiga að dæma um málefnið en um menn.

Nefndin hefir lagt það til, að liðurinn 14. gr. A. 1. a. verði hækkaður um 100 kr. eða með öðrum orðum, að laun bókavarðarins við landsbókasafnið verði færð upp í 1800 kr. úr 1700 kr., sem frumv. ætlar honum. Nefndinni finst 200 kr. launaviðbót vera of lítið, þar sem sú kvöð er lögð á hann, að vinna $2^1/_2$ tíma meira á hverjum degi en hingað til hefir átt sér stað. Geri maður ráð fyrir 300 vinnudögum á ári, þá fengi hann fyrir þá tíma, sem hann bætir við sig, 27 aura hér um bil um tímann. Þetta finst nefndinni of lítil borgun, og hún hefir því lagt það til, að hann fengi 100 kr. meira; með því móti fengi hann 40 aura um tímann og það er varla hægt að segja, að það sé of há borgun.

Næsta brt. er að eins orðabreyting, að í stað „samnings“ komi „samningar“, sem er réttara mál.

Þá hefir nefndin lagt það til, að liðurinn 14. gr. A. 3., styrkurinn til sýslubókasafnanna, 100 kr. á ári til hvers þeirra, falli burt. Nefndin álítur, að hann sé of lítill til þess, að koma að verulegum notum, og nefndin álítur jafnvel heppilegra að styrkja þessi söfn með bókagjöfum, því að það má búast við því, að til þess að velja bækurnar, yrðu valdir af stjórninni fult svo færir menn, sem þeir, er sýslurnar hafa á að skipa, og þá væri fengin meiri trygging fyrir, að peningum þessum yrði varið til nytsamra bóka.

Næsta brt., sem nefndin hefir leyft sér að koma með, er við liðinn 14. gr. A. 4. a., er fer fram á, að fyrir 1400 kr. til landsskjalavarðarins komi 1200. Nefndinni fanst engin ástæða til þess að hækka þenna lið úr því, sem verið hefir, því bæði fanst henni þetta starf sæmilega borgað, miðað við skyldustarfstíma skjalavarðarins, einkum þar sem búast má við, að störf hans fari minkandi, en ekki vaxandi eftir því, sem minna berst til safnsins, og svo er einnig hér við að athuga, að árið 1899 voru launin fyrir þetta starf færð úr 1000 kr., sem stjórnin hafði áætlað, upp í 1200 kr., svo nefndinni fanst það of fljótt að hækka þau aftur, því þótt sá maður, sem nú hefir þetta starf á hendi, sé þess fyllilega maklegur,

að fá þessa launaviðbót, þá er ekki víst, að eftirmaður hans verði það, en þá er örðugra að lækka launin aftur. Það er vanalega svo, að það er hægra að hækka en að lækka útgjöldin.

Þá hefir nefndin lagt það til, að fella burt ferðastyrkinn til Guðmundar Magnússonar skálds. Nefndin efast ekki um, að hann sé hæfileikamaður, en það eru margir fleiri, og svo er nefndinni ekki ljóst, hve mikið gagn hann getur haft af þessum styrk, þar eð útlit er fyrir, að hann þyrfti að vera lengur í burtu en styrkurinn leyfir, ef hann ætti að hafa verulegt gagn af förinni. Í staðinn fyrir þenna lið leggur meiri hlutinn það til, að komi nýr liður: Til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal 6000 kr. fyrra árið. Eg segi meiri hluti, því eg er 1 í minnihluta í nefndinni í þessu máli. En meiri hlutinn álítur að Torfi eigi þetta skilið, sem viðurkenningu fyrir alt það mikla gagn, sem hann hefir unnið sínu föðurlandi.

Enn fremur hefir nefndin lagt það til, að liður 14. gr. A. 18. til „Bindindissameiningar Norðurlands“, 300—300, falli burt. Nefndin áleit að réttara væri, að ein centralstjórn réði, til hvers því fé, sem veitt er til eflingar bindindi, væri varið. En stórstúka G.-T. er svo vel organiseruð og hefir svo lengi fengist við þetta mál, að nefndin áleit, að þetta fé væri bezt komið í hennar höndum.

Þá hefir nefndin lagt það til, að liðurinn 14. gr. A. 20 orðist þannig: „til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins“ o. s. frv. Nefndinni fanst það skýrara að bæta þessu orði „landsyfirréttarins“ inn í.

Við 14. gr. A. 23., „til Lúðrafélags Reykjavíkur 500 kr.“, vill nefndin bæta orðunum: „í eitt skifti fyrir öll“, til þess að taka af öll tvímæli um, að þetta verði ekki veitt aftur. Vér vildum ekki gera þá tillögu, að fella liðinn burt, því vér vissum, að félagið er í fjárþröng og á það skilið, að það sé styrkt, en það er ekki landssjóður heldur Reykjavík, sem á að styrkja þetta félag, því að lúðrarnir munu heyra bænum til.

Þá hefir nefndin stungið upp á að fella burt styrkinn til Sighvats Grímssonar Borgfirðings (14. gr. A. 26.) Vér höfum raunar heyrt, að hann riti mikið sagnfræði viðvíkjandi, en vér höfum einnig heyrt, að það, sem hann skrifar, sé meira að vöxtum en kostum og ráðum því deildinni til að fella þenna lið.

Enn fremur leggur nefndin til, að feldur sé 34. liður þessarar greinar, styrkurinn til þeirra Karls Finnbogasonar og Sigurðar Sigurðssonar, 400 kr. til hvors, og meiri hluti nefndarinnar leggur sömuleiðis til að fella burt styrkinn til Konráðs Stefánssonar, stúdents, og byggir þá tillögu sína á því, að nú séu 2 menn styrktir til þessa náms, og auk þess sé nú farið að kenna þessa fræðigrein við háskólann í Höfn og að það sé því affarasælla fyrir hann að leita þangað, sem íslenzkir stúdentar eru styrktir til náms. Eg hefi aðra skoðun á þessu en meiri hlutinn og mun greiða atkv. með þessari 700 kr. styrkveitingu Nd., því eg þekki elju og dugnað þessa manns og er viss um, að því fé er ekki á glæ kastað, sem varið er til þess að styrkja hann

Þá hefir nefndin lagt það til, að Halldóri Lárussyni væru veittar 400 kr. til þess að kenna hraðritun og afrita 2 handrit af kenslubók sinni í hraðritun og afhenda þau Landsbókasafninu. Nefndinni hefir borist beiðni frá þessum manni um 1000 kr. styrk til þess að fara til London og gefa þar út þessa kenslubók, en sökum þess að nefndin áleit, að fáir mundu lesa þessa bók, hefir hún tekið þetta ráð, að láta þessi 2 handrit liggja á Landsbókasafninu til afnota fyrir almenning og jafnframt að láta fara fram kenslu í hraðritun, sem að undanförnu.

Þá hefir hæstv. landsh. komið með 1 breyt.till. við þenna kafla, 14. gr., á þgskj.

542, um að bæta inn nýjum lið, styrk til S. Blöndals, til þess að semja íslenzk-danska orðabók, en nefndin sér sér ekki fært að mæla með þessari styrkveitingu.

Þá er komið að 14. gr. B. Þar hefir nefndin leyft sér að stinga upp á að færa styrkinn til búnaðarskólanna niður í það, sem farið var fram á í stjórnarfrumv. Nefndin sér ekki ástæðu til að hækka þann styrk fram úr því, sem hann er þar, og hvað viðvíkur Hvanneyrarskólanum, þá hefir nefndin lagt það til, að hann fái jafnt og hinir, því þær 400 kr., sem farið var fram á að fá að auki til hans í stjórnarfrumv., stóðu í sambandi við fyrirhugaða kenslu í kláðalækningum, en nú hefir þingið samþ. lög, sem gera þessa fjárveitingu óþarfa.

Hvað viðvíkur skólanum í Ólafsdal, þá vill nefndin að hann fái sama styrk og hinir, því þótt það sé privatskóli, þá hafa sveinar þaðan ekki staðið að baki þeim, sem útskrifast hafa frá hinum búnaðarskólunum.

Þá leggur nefndin það til, að styrkurinn til Búnaðarfélags Íslands verði hækkaður um 2500 kr. hvort árið og að styrkurinn til skógræktartilrauna verði hækkaður um 1000 kr. hvort árið. Þessar hækkanir standa í sambandi við það, að nefndin sér sér ekki fært að mæla með styrknum til „Ræktunarfélags Norðurlands“. Nefndin álítur, að það fé, sem veitt er til landbúnaðarins, komi að minna gagni, ef því sé skift í marga staði, en ef það er notað eftir vissu „plani“ af einni yfirstjórn, en eg skal taka það fram, að nefndin ætlast ekki til, að Norðurland verði að neinu leyti afskift fyrir því, heldur að það fái sinn hluta, bæði til eflingar búnaði og til skógræktar.

Þá hefir nefndin lagt það til, að liðurinn 14. gr. B. 1. j., til rannsóknar á byggingarefnum landsins, verði færður niður um 500 kr. fyrra árið. Hún álítur, að það megi komast af með minni ferðakostnað og að hlutaðeigandi þurfi ekki að vera eins lengi utanlands og gert hefir verið ráð fyrir.

Þá er styrkurinn til Hólmgeirs Jenssonar; nefndin hefir lagt það til, að hann verði færður niður í 300 kr. seinna árið, en upphæðin látin halda sér fyrra árið, af því hún gerir ráð fyrir, að hann verði að kaupa sér nokkur verkfæri, sem honum eru nauðsynleg við lækningastörf hans.

Þá vill nefndin gera þá breytingu á styrkveitingunni í 14. gr. B. 6, til að rannsaka lungnadrep og skitupest í sauðfé, að í stað 2000—500, komi 1500 kr. fyrra árið. Nefndin gerir ráð fyrir, að skitupestin sé alls staðar á hinu sýkta svæði sú sama og þurfi því ekki að fara eins víða til að ransaka hana, og gert hefir verið ráð fyrir, en við það sparast ferðakostnaður að miklum mun.

Að því er snertir tl., 8., til Handiðnamannafélagsins á Ísafirði, þá hefir nefndin leyft sér að koma með þá breyt.till., að hann verði færður niður um 200 kr., þar eð þessi maður, sem senda á til útlanda, getur fengið ívilnun í fargjaldi hjá „Sameinaða gufuskipafélaginu“ eins og aðrir handiðnamenn, sem fara til útlanda, til þess að afla sér frekari fræðslu í iðnaði.

Þá leggur nefndin til, að (14. gr. B. 10.) styrkur til þriggja manna til að stunda skóggræðslu, 1. og 2. borgun af 3 ára styrk, 900 kr. hvort árið, sé fluttur fram, svo að þessi liður komi næst á eftir 14. gr. B. 1. h., styrknum til skógræktunartilrauna. Nefndinni fanst eðlilegast, að liðir þessir stæðu saman, þar sem báðir þessir styrkir stefna að sama takmarkinu, eflingu skógræktunar á landinu.

Þá hefir nefndin leyft sé að stinga upp á, að töluliður 11. undir B, styrkurinn til að stofnsetja og reka efnarannsóknastofu í Reykjavík, sé feldur niður. Það kvað hafa valdið háttv. Nd. talsverðum erfiðleikum, að koma þessari efnarannsókna-

stofu fyrir hér í bænum, og uppástunga hennar um að setja hana ásamt læknaskólanum í fyrverandi Reykjavíkurspítala hefir ekki fundið náð fyrir augum læknanna, sem ekki var heldur að vænta, því læknaskólinn hefir fulla þörf fyrir alt það hús. Bæði af þessari ástæðu, að ekki er völ á hentugu húsrúmi hér í bænum, en þó einkanlega af því, að til þess að veita slíkri rannsóknastofu forstöðu, þarf mikla verklega æfingu, sem engin völ er á sem stendur, þá leggur nefndin til, að liðurinn sé alveg feldur burtu. en að í hans stað sé settur inn nýr liður, styrkur til cand. polit. Ásgeirs Torfasonar, til að stunda verklegar æfingar í efnarannsóknum erlendis, 1500—1500. Nefndin gengur nefnilega út frá því, að styrkur sá, sem háttv. Nd. hefir veitt til þessa í frumv., sé alt of lítill og einnig tíminn, sem ætlaður er til æfinganna, se of stuttur og að ekki megi gera ráð fyrir styttri æfingatíma en 2 árum.

Að því er snertir breyt.till. nefndarinnar við 12. liðinn (14. gr. B. 12.), þá er hún eingöngu til þess að taka af allan efa um, hve margir matsmennirnir skuli vera, nefnilega 2, en ekki fleiri, og þess vegna er tillaga vor orðuð þannig, að í staðinn fyrir: „í Reykjavík og Ísafirði“ komi „öðrum í Reykjavík og hinum á Ísafirði“, því þá verður það ekki misskilið, að ekki er nema um einn matsmann að tala í hvorum þessara staða. Annars skal eg taka það fram, að það kom til orða í nefndinni, að það mundi varla vera tilvinnandi að skera um of við meglur sér styrkinn til þessara manna, því það er stórmikið undir því komið, að þessir menn séu sem allra sjálfstæðastir og ekki fjárhagslega háðir ef til vill þeim, sem þeir eiga að meta hjá, eins og stundum vill verða.

14. liðinn, styrkinn til skipakvíar við Eyjafjörð, leggur nefndin til að strika út. Eins og tekið er fram í nefndaralitinu, þá er svo langt frá því, að nefndin beri fram þessa tillögu af því, að hún sé þessu fyrirtæki andvíg, sem hún álitur þarflegt og gott og þess vert, að það sé styrkt af landssjóði, heldur er það af fjárhagslegum ástæðum og einkum sökum þess, að henni sýndist málið hvergi nærri vera svo undirbúið, sem skyldi, eins og einnig var sýnt fram á í nefndaráliti háttv. fjárlaganefndar í Nd.

Hvað 15. liðinn, styrkinn til mótorvagnanna snertir, þá ræður nefndin til að strika þann lið út af fjárlögunum. Nefndin hefir enga trú á því, að mótorvagnar, eftir því sem hér er háttað vegum og brúm, geti komið að nokkuru verulegu gagni. Eg hefi heyrt, að slíkir vagnar, er ætlaðir eru til vöruflutninga, vegi milli 4 og 5 smálestir og geta þá allir ímyndað sér, hvernig fara muni um vegi, sem ekki eru betur „púkkaðir“ en okkar vegir eru, þegar annar eins þungi á að renna eftir þeim. Auk þess eru vegirnir hér á landi ekki breiðari en svo, að af þessum vögnum getur bæði mönnum og skepnum, sem um vegina þurfa að fara, staðið hinn mesti voði, enda eru slíkir vagnar bannaðir víða erlendis á breiðari þjóðbrautum en hér eru.

Að því er snertir 16. liðinn, 4700 kr. seinna árið til stórskipabryggju í Stykkishólmi, þá treystir nefndin sér eigi til að mæla með honum, og er það af hinni sömu ástæðu, og nefndin ræður deildinni til að fella styrkinn til skipakvíar við Eyjafjörð. Eg verð að taka það fram, að nefndin áleit, að það væri ákaflega mikið undir því komið með öll slík fyrirtæki, að þau væru sem vandlegast undirbúin og það af fagmönnum, þar sem að öðrum kosti hætt sé við, að kastað verði út stórfé til alls einskis gagns með því að hrapa hvatvíslega að slíkum stórvirkjum.

Þá hefir nefndin leyft sér að koma fram með nokkurar breyt.till. við 16. gr. Eg skal ekki fara langt út í þær, en að

eins geta þess, viðvíkjandi styrknum til Hannesar Hanssonar pósts, að nefndin varð að leggja til, að hann væri strikaður út, vegna þess, sem hann hefði dregið á eftir sér. Nefndinni bárust sem sé tvær umsóknir fyrir aðra tvo pósta, önnur frá póstmeistaranum og frá landshöfðingjanum, sem báðir telja sjálfsagt, að svo framarlega sem þessi styrkur sé veittur, þá sé einnig hinum öðrum tveim póstum veittur slíkur styrkur, eigi sízt öðrum þeirra, sam hefir gegnt póststöðu í 30 ár og er því eldri póstur en Hannes.

Með því að búið er að samþykkja hér í dag breyt.till. frá hæstv. landsh. um hækkun á viðbót við eftirlaun fátækra uppgjafapresta og prestsekkna (13. gr. A. b. 4.), þá mun eg greiða atkv. með brt. hæstv. landsh. á þgskj. 542, við 16. gr., um að strika út styrkinn til þeirra tveggja prestsekkna, sem hér er um ræða, í því trausti, að stjórnin muni sjá um, að þær fái af þessari umgetnu viðbót þann styrk, sem þingið hefir ætlað þeim. Að öðrum kosti mundi eg ekki geta gefið þessari breyt.till. atkv. mitt, því um aðra þeirra, Lilju Ólafsdóttur, er mér það að minsta kosti kunnugt, að hún á við mjög bág kjör að búa og efnahagur hennar er hinn sorglegasti.

Þá kem eg að síðustu grein fjárlaganna, 19. gr. Við hana hefir nefndin leyft sér að stinga upp á 3 breyt.till.

Fyrsta breyt.till. er við 7. málsgrein, viðvíkjandi tryggingu á viðlagasjóðsláni til verksmiðjufélags á Akureyri, sem tryggjast á með 1. veðrétti í stofnuninni. Nefndin leggur til, að á eftir orðunum „1. veðrétti í stofnuninni“ sé bætt við: „og má eigi (þ: lánið) fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar, nema því að eins, að Akureyrarkaupstaður eða Eyjafjarðarsýsla ábyrgist það, sem umfram er“. Þessum orðum er bætt inn eingöngu til að tryggja það, að nægilega trygt veð sé fyrir því fé, er landssjóður leggur út að láni.

2. breyt.till. nefndarinnar er við 11. málsgrein um, að þær 4000 kr., sem veittar voru 1893 til Þilskipaábyrgðarfélags Vestfirðinga, er mun hafa sálast í fæðingunni, megi nú ásamt viðbættum vöxtum leggjast til bátaábyrgðarfélags í Ísafjarðarsýslum og Ísafjarðarkaupstað; þessi málsgrein leggur nefndin til að sé látin vera síðasta málsgrein 19. greinar, þar sem hún er töluvert annars eðlis en hinar aðrar málsgreinar þessarar greinar, sem allar hljóða um lánveitingar, þar sem hér aftur á móti er ekki um neitt lán að ræða, heldur hreinan og beinan styrk.

3. og síðasta breyt,till. nefndarinnar, um að fella burtu síðustu málsgrein 19. gr., lánið til skipakvíarinnar við Eyjafjörð, er að eins í samræmi við þá breyt.till. nefndarinnar, að strika út styrkinn til þessarar skipakvíar, og hefi eg minst á þá breyt.till. áður.

Guttormur Vigfússon: Það eru að eins fáir liðir, sem eg ætla að minnast á að þessu sinni; það er ekki tími til annars. Það, sem eg ætla fyrst að minnast á, er 14. gr. A. 34, styrkurinn til þeirra Karls Finnbogasonar og Sigurðar Sigurðssonar. Háttv. framsm. (J. Jak.) tók það fram, að háttv. nefnd hefði ekki verið kunnugt um menn þessa, og get eg vel trúað því; skal eg því skýra háttv. deild nokkuð frá þeim. Þeir eru báðir efnilegir og námfúsir, og hafa þeir báðir klofið það, að ljúka námi á Möðruvallaskóla með loflegum vitnisburði, þótt bláfátækir væru. Síðan voru þeir í fleiri ár kennarar, annar, Karl Finnbogason, barnakennari í sveit, en hinn fyrst barnakennari í sveit, en síðan kennari við búnaðarskólann á Eiðum. Til þess nú að gera sig enn hæfari til kenslu, réðust þeir í það að sigla til Kaupmannahafnar og ganga þar á kennaraskóla. Þar hafa þeir dvalið tvo vetur við nám, og eiga nú að eins eftir herzlumuninn að ljúka sér af og taka burtfarar-

próf. Háttv. framsm. (J. Jak.) sagði, að þeir væru langt komnir í náminu, og fanst mér hann skoða það þannig, að minni ástæða væri að veita þeim styrkinn fyrir það; en mér finst aftur á móti það, að þeir hafa barist svo langt áfram styrklausir, vera meðmæli með því, að þeim sé rétt hjálparhönd nú, þegar þeir eru að þrotum komnir; því fremur er ástæða til að styrkja þá nú, þar sem þeir hafa kostað miklu meira upp á sig en önnur kennaraefni hér á landi, kennaraefni, sem þó hafa sízt getað fengið betri mentun, heldur öllu fremur minni. Mér finst það ekki réttlátt, að kippa burtu þessum styrk, sem háttv. Nd. vill veita piltum þessum. Þá mintist háttv. framsm. (J. Jak.) á það, að háttv. nefnd vildi draga úr styrknum, sem ætlaður er dýralæknunum til að rannsaka lungnadrep og skitupest í sauðfé í Norður- og Austuramtinu. Eg held að það sé ekki rétt af háttv. nefnd, að leggja kapp á að rýra styrk þenna mjög mikið. Í fjárlaganefnd háttv. Nd. er það tekið fram, að fé þetta skuli borgað eftir reikningi, er landshöfðingi úrskurði, svo að eigi sýnist mikil hætta á, að meira verði borgað út af fénu en þörf gerist. Eg ætla, að fjárupphæðin og skilyrðin fyrir útborgun hennar séu sett í samráði við dýralæknunn. Það getur vel verið, að 1500 kr. nægi til rannsóknanna, en það væri slæmt, ef féð þryti, svo að rannsóknunni yrði að hætta í miðju kafi, því að hér er mikið í húfi. Veiki þessi er orðin svo mögnuð, að ef eigi finnast varnir gegn henni, þá mun hún öðru fremur verða til þess að reka gilda sauðfjárbændur af landi burt. Eg veit um einn bónda á Austurlandi, sem misti nú síðari hlut vetrar milli 30 og 40 vel fóðraða gemlinga, að hann átti ekki spönn eftir að bregða búi og flytja til Ameríku, og líkt mun verða með fleiri, er fyrir svipuðu stórtjóni verða.

Það mun líka vera eftir samráði við dýralæknunn, að 500 kr. eru ætlaðar til rannsókna síðara árið. Það er mjög hyggilegt að halda þeirri fjárveiting, því að vel getur það komið fyrir, að rannsóknunni geti ekki orðið lokið að fullu á einu ári; það geta vel komið fyrir vafaspurningar, sem eigi verður leyst úr á svo skömmum tíma, og að nauðsyn sé á, að dýralæknirinn bregði sér austur aftur árið eftir.

Það má ganga út frá því sem vísu, að dýralæknirinn verður að vera fastur við rannsóknirnar frá því í nóvember og fram í júní eða júlí, því að veikin kemur fram í ýmsum myndum allan þenna tíma; og til þess að háttv. þingdm. þurfi ekki að blöskra, eða halda að hér sé of mikið gert úr, þá skal eg geta þess, að í síðustu bréfum, er eg fekk frá Austurlandi, var skýrt frá því, að ærnar væru að hrynja niður í kvíunum úr veiki þessari. Eg vona, að er háttv. deild gætir þess, hvað mikið liggur hér við, þá muni hún ekki vilja hætta á það, að hefta rannsókn þessa, til þess að spara fáeinar krónur.

Það er þá ekki margt fleira, sem eg ætla að minnast á; eg býst við, að það muni hvort sem er ganga sinn gang; að eins vil eg benda á það, að mér þykir það ekki viðkunnanlegt, að nafn prestsekkjunnar Sigríðar Þorkelsdóttur sé strikað út úr 16. gr. fjárlaganna. Eg man það, að fyrir fám árum var manni hennar veitt óbeðið fé úr landssjóði, og var víst ekki meiningin, að það ætti að skoðast sem fátækrastyrkur, heldur sem heiðurslaun í viðurkenningarskyni fyrir starf hans. Er það þá ekki hálfóviðkunnanlegt, að ekkjan skuli ekki fá að njóta einhvers af hinum hlýja hug, sem ríkti til manns hennar hér í deildinni?

Landshöfðingi: Eg á tvær breyt.till. á þingskj. 542, sem snerta þenna kafla fjárlaganna. Fyrri breyt.till. fer fram á það, að cand. mag. Sigfúsi Blöndal séu veittar 500 kr. hvort árið til að semja ís-

lenzk-danska orðabók, og sé það 1. og 2. borgun af 5 ára styrk. Þessi styrkur stóð í frumv. stjórnarinnar, og legg eg töluverða áherzlu á, að upphæðin sé veitt. Mér finst vera mikil þörf á slíkri bók sem þessari, og svo mun fleirum finnast. Vér eigum, nú sem stendur, enga íslenzk-danska orðabók, er fullnægi kröfunum; það er ekki nóg að eiga dansk-íslenzka orðabók; þörfin á hinni er alveg jafnmikil. Eitt er það, sem sérstaklega mælir með styrkveitingu þessari. Sigfús Blöndal hefir fengið loforð fyrir jafnmiklu fé úr ríkissjóði til orðabókarsamningarinnar, eins og veitt sé úr landssjóði; fái hann ekkert þaðan, fær hann ekki heldur neitt úr ríkissjóði Þeir háttv. þm., sem þekkja mann þenna, telja hann sjálfsagt vel hæfan til verksins; hann hefir og vottorð, bæði frá prófessorum við Kaupmannahafnarháskóla og vísindamönnum hér á landi um það, að þeir álíti hann vel hæfan til verksins. Hér er heldur ekki um eins dæmi að ræða; það hefir áður verið veitt eigi minna fé en hér er farið fram á, til að semja fyrst ensk-íslenzka orðabók og síðan íslenzk-enska; og það liggur fult eins nærri að styðja samningu þessarar orðabókar, eins og hinna. Eg álít líka, að þessum 500 kr. sé öllu betur varið, en þótt þær væru veittar til að læra fyrir söng eða málaralist; það er svo afartvísýnt um slíkar fjárveitingar, hvort þær verða landinu að nokkuru gagni.

Síðari breyt.till. mín er við 16. gr. og fer fram á, að þar sé feldur burtu styrkurinn til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur og Lilju Ólafsdóttur. Þessi br.till. stendur í sambandi við breyt.till. þá, sem eg bar fram við 13. gr. A. b. 4, um að viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum, sé hækkuð úr 3000 kr. hvort árið upp í 3500 kr.; og úr því að sú breyt.till. hefir þegar verið samþykt, þá vona eg, að þessi verði það líka, því að eg ætlaðist til, að þær stæðu eða féllu hvor með annari. Það eru einstakir liðir í þessum kafla, sem eg get ekki felt mig við meðferð h. nefndar á, en með því að nú er orðið áliðið og farið að skyggja, þá mun eg sleppa að fara frekara út í það mál.

Júlíus Havsteen: Háttv. framsm. tók það fram, til varnar niðurfærslu nefndarinnar á launum landskjalavarðarins, að fyrst framan af hafi hann haft mikið að gera, meðan safnið var að myndast og komast í röð og reglu, en framvegis mundi hann hafa lítið við það að starfa. Það er að vísu satt, að nú sem stendur er minna við það að starfa en í fyrstunni. En að minni hyggju hlýtur það, er tímar líða fram, að fara vaxandi við stækkun safnsins og af því leiðir aftur aukning á störfum skjalavarðarins. Eg sé því enga ástæðu til, að færa laun hans niður úr því, er áætlað var í frumv. háttv. Nd.

Þá hefir og nefndin lagt það til, að lækkuð verði fjárveitingin til Hvanneyrarskólans. Eg get ekki betur séð, en að háttv. nefnd hafi gert sig þar seka í misskilningi, er hún leggur til, að 1500 kr. fallið niður af fjárframlaginu til skólans fyrra árið, af því að kláðalækningakensla á ekki að fara fram á Hvanneyri. Hluturinn er, að í stjórnarfrumv. er um tvennar 1500 kr. til þessa skóla að ræða. Önnur fjárveitingin er í 14. gr. B. 1. a. 4., en hin er fólgin í þeim 4750 kr., er veittar voru í 14. gr. B. 5. a. En hin síðarnefnda fjárveitingin er fallin niður við breytingu þá, er gerð var á kláðamálinu, og það var einmitt hún, sem átti að ganga til kláðalækningakenslu. Þess vegna álít eg að skólinn eigi að halda hinni. Eg skal líka taka það fram, að Hvanneyrarskólinn er langstærsti og bezti búnaðarskólinn, sem vér eigum á landi voru, enda hefir ekkert verið til sparað, að gera hann sem bezt úr garði. Þar eru byggingar fleiri og betri en á hinum skólunum; aðsókn að honum hefir verið mikil; síðastliðið ár voru þar 13 lærisveinar; þá er

hann og einkar vel útbúinn að öllum verkfærum. Þess má líka geta, að hann hefir tekið að sér kenslu í mjólkurmeðferð fyrir Búnaðarfélagið, og haft skaða af. Því er ástæða til að láta hann hafa meiri styrk en hina. Um Hólaskóla er jafnvel efamál, hvort hann má teljast búnaðarskóli. Er hann ekki á veturna í rauninni bændauppfræðsluskóli? *(Jón Jakobsson:* Kenslan á veturna er að eins teóretisk.). — Eg vona, að háttv. deild taki tillit til þessara orða minna og láti Hvanneyrarskólann halda styrknum óskertum, jafnframt með lilliti til þess mikla tjóns, er hann beið á síðastliðnu ári, þegar kirkjan fauk. Einmitt þetta hefir líka vakað fyrir stjórninni, er hún færði styrkinn upp í 4000 kr.

Þá vil eg einnig minnast fám orðum á sama málið og háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) ræddi um, sem sé fjárveitinguna til dýralæknisins, til þess að rannsaka lungnadrep og skitupest í Norður- og Austuramtinu. Mér finst þetta skilyrði fyrir fjárveitingunni að vísu miður vel orðað. Dýralæknirinn fer sem sé ekki norður og austur eingöngu til þess, að „rannsaka“ þessa sýki, heldur jafnframt til þess að kenna mönnum góð ráð gegn henni. Í nefndarálitinu er gengið út frá, að hann geti fengið tækifæri til að rannsaka pestina nær sér og þurfi ekki að fara norður og austur á land til þess. En þess ber að gæta, að miklu meira ber á henni fyrir norðan og austan, og þar ber því brýna þörf til að berjast gegn henni með ráði og dáð. Héðan af Suðurlandi hafa engar skýrslur borist mér um þessa pest, nema úr Borgarfirði í fyrra. Eg held því, að réttast sé að láta fjarveitinguna til dýralæknisins standa.

Um prestsekkjurnar skal eg geta þess, að eg held, að þær standi sig bezt við að hafa þann styrk ákveðinn, er þeim er ætlaður í fjárlögunum.

Hallgrímur Sveinsson: Það eru að eins örfá atriði, sem eg vildi minnast á, sérstaklega styrkveitingar undir 14. gr.

Fyrst er þá styrkurinn til Guðm. Magnússonar, sem nefndin hefir ráðið til að fella. Það er vitanlegt, að Nd. hefir þózt hafa einhverjar ástæður til að láta þann styrk standa, og eg verð, eftir þeirri þekkingu, sem eg hefi af manninum, að styðja þá skoðun, að hann sé styrksins maklegur. Mér virðist ástæða að taka tillit til þess, þegar einhver af lágum stigum og litlum efnum hefir fyrir sterkan og einbeittan áhuga komist áfram og sýnt töluverða hæfileika. Það ber vott um einhverja andlega þrá, er leitar sér fullnægingar, og þá er það oftast gott og göfugt verk að styðja hann til að ná takmarkinu, í stað þess að bæla hana niður. Það getur farið svo, að maðurinn fari á mis við lífsmarkmið sitt, missi kjark sinn og starfslöngun og ekkert verði úr honum, ef hann fær ekki fullnægt sinni sterkustu þrá, og þá er það ísjárvert að synja um lítinn stuðning. Þingið verður hvort sem er að veita styrk til margra, sem vilja reyna að komast áfram, í eina eða aðra stefnu, og eg held að það væri ekki missráðið, þó þessum manni væri veittur styrkur. Að miklu leyti hið sama mun mega segja um styrkveitinguna undir 14. gr. A. 34., til Karls Finnbogasonar og Sigurðar Sigurðssonar. Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.), sem er þessum mönnum kunnugur, hefir lýst ástæðum þeirra og hvernig þeir hafi komist áfram af sárlitlum efnum, og hefir hann borið þeim bezta orð. Og eg veit, að háttv. nefnd mundi vilja styðja menn, er sýnt hafa slíkan dugnað, en hún hefir að eins sparnaðarins vegna leiðst til að ráða til að fella styrkinn. En sparnaðurinn er nú ekki stór, þar sem hér er að eins um 400 kr. að ræða til hvors þeirra, og það í eitt skifti. En þessi fjárveiting getur haft mikla þýðingu fyrir þá.

Það getur auðvitað verið, að þeir gætu einhvern veginn komist áfram, þó þeim væri synjað um þenna styrk, en það getur líka verið, að þeir geti ekki lokið námi sínu, af því þá vantar þessa litlu hjálp. Það er oft erfitt fyrir slíka menn að fá hjálp hjá privatmönnum og þá er eðlilegt, að þeir snúi sér til hins stóra styrkveitanda, landssjóðsins, og biðji hann hjálpar Af lýsingunni af þeim efast eg ekki um, að þeir séu góð mannsefni og verðir að fá þenna styrk.

Þá hefir Sighv. Borgfirðingur óskað eftir dálitlum styrk, til að vera hér í Rvík um tíma, til að bera saman uppskriftir sínar við handrit á söfnum hér, fullkomna þær og leiðrétta. Hér er um litla fjárveitingu að ræða. Safn hans er stórt og hann hefir áður lagt fram vottorð frá málsmetandi mönnum um, að það er ekki hégóminn einber. Væri honum það veruleg hjálp, ef þessi styrkur væri veittur.

Þá skal eg minnast á 14. gr. B. 15. um styrkinn til að útvega og reyna mótorvagn. Nefndin er ekki trúuð á, að mótorvagnar megi verða að gagni hér á landi, og má vera, að vantrú hennar sé á rökum bygð. En aðrir hafa nú trú á þessu, svo þar stendur staðhæfing móti staðhæfingu, já á móti jái. Hér er óljós spurning, sem menn óska að fá úrlausn á, og því hefir verið farið fram á að veita fé til þess. Mér er kunnugt um, að hér stendur einkennilega á. Nd. hefir gert þetta að áhugamáli sínu, og konsúll D. Thomsen hefir þegar, eftir sterkum hvötum frá fjarlaganefnd Nd., gert ráðstafanir til að koma því í framkvæmd og keypt þessleiðis mótorvagn, sem mestar líkur eru til að kæmi að haldi hér, en hann er ekki stór og ekki eins þungur og nefndin hér hefir gert ráð fyrir, vegur naumast eitt tonn að eg ætla, hvað þá 4—5. En sagt er, að hann muni bera $2^1/_2$ tonn. Má vera, að tilraunin verði til að sýna, að hér sé ekki unt að nota mótorvagn, en þá hafa menn fengið vissuna um það, og verður því hughægra í þessu efni á eftir. Mér virðist því málið standa svo af sér, að athugavert sé að fella þessa fjárveitingu. Breyt.till. um styrkinn til prestsekknanna skil eg svo, að meiningin sé, að tekið verði tillit til þeirra þriggja, sem nefndar eru. Að vísu hrekkur líklega ekki fjárveitingin til að veita þeim öllum eins góða úrlausn með því móti, og ef þær fengju sérstaka fjárveitingu á fjárlögunum, en hins vegar get eg kannast við, að það eigi miður við, að taka einstakar prestsekkjur út úr og veita þeim styrk í sérstakri grein, þar sem öðrum í sömu stöðu er veittur styrkur undir annari grein. Og eg hygg, að á þessu gæti vel farið. Að eins kynni það að vera, að þetta vekti óánægju hjá þeim ekkjum, er minna fá, er þær sæju, að aðrar fengju hærri styrk. Eg held þó ekki að sérleg ástæða sé til að óttast það.

Eg hefi svo ekki fleira að athuga, en vil að eins skjóta því til nefndarinnar og skrifarans, hvort ekki væri ástæða til að líta yfir texta þessarar greinar (14. gr.) og koma meira samræmi á ritháttinn. Sumstaðar eru félaganöfn skrifuð með stórum staf, sumstaðar með litlum staf. Eg skoða öll þessi nöfn, „Ræktunarfélag“, „Iðnaðarmannafélag“ o. s. frv., sem eiginnöfn og þess vegna beri að rita þau með stórum upphafsstaf, og væri því viðkunnanlegra, að komið yrði samræmi á rithátt textans.

Jónas Jónassen: Það er sérstaklega viðvíkjandi einu atriði, er eg vildi víkja orðum að háttv. fjárlaganefnd. Hvernig víkur því við, að hún, sem vill spara á allar lundir, vill fara að fleygja út 6000 kr. að gjöf? Á bls. 6 í nefndarálitinu stendur svo: „Nefndin leggur til, að á eftir þessum lið komi nýr liður, er fer fram á 6000 kr. fjárveitingu til skólastjóra Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal

fyrra árið í viðurkenningarskyni við hann fyrir störf í þarfir búnaðarins og ýmissa gagnlegra fyrirtækja. Það er þetta, er mér virðist næsta undarlegt, að veita prívatmanni 6000 kr. að gjöf, sem eins konar hónórar fyrir auðsýndan dugnað. Sómamaður er herra skólastjóri Torfi Bjarnason; það vitum vér allir. En þess ber að gæta, að hann hefir þegar borið mikið úr býtum. Þannig hefir hann fyrir fám árum fengið að gjöf 17500 kr. og síðar hafa honum verið gefnar 3000 kr. Hann hefir með öðrum orðum fyrir ekki löngu síðan verið sæmdur 20500 kr. gjöf. Og nú er farið fram á, að honum skuli enn gefnar 6000 kr.! Alt svo á nokkurum árum á að gefa honum hvorki meira né minna en hér um bil 30000 kr. Auðvitað er maðurinn sómamaður, en alt um það finst mér undarlegt að vera sífelt að hrúga í hann gjöfum, sérstaklega nú, er menn þó vilja spara hvern eyri, sem auðið er. Og illa þykir mér þetta koma heim við aðrar aðgerðir háttv. fjárlaganefndar. Til sjúkraskýlis vildi hún ekki veita nokkur hundruð krónur, en hér horfir hún ekki í þúsundir. Má eg spyrja háttv. framsm., hvernig á þessu stendur.

Þá hefir nefndin lagt til, að sá 200 kr. styrkur, er læknisekkjunni Magneu Ásgeirsson var ætlaður í frumv. háttv. Nd., verði feldur burtu. Eg vil leyfa mér að mæla á móti þessari till. Hér á blá-fátæk ekkja í hlut, sem ekki á eyri til í eigu sinni. Ef hún hefði verið svo heppin að vera gift manni, sem hefði haft rétt til eftirlauna, stæði hagur hennar öðru vísi. En nú var hún svo óheppin að hafa ekki verið gift slíkum manni. Auðvitað hvílir engin skylda á þinginu til þess að styrkja hana. En mér finst þó hart, að veita henni ekki nokkurn eyri.

Eg er alveg samdóma háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.) um fjárveitinguna til Guðmundar Magnússonar skálds. Eg þekki að vísu ekki ritverk hans, en eg hefi heyrt einn af okkar beztu skáldum segja, er hann hafði lesið þetta síðasta rit hans, að það væri eitthvert hið bezta skáldrit á íslenzka tungu. Þetta tel eg næga ástæðu til þess, að höfundinum sé sýndur sá sómi, að veita honum lítilfjörlegan styrk af opinberu fé. Þetta unga skáld er mesti reglumaður, alinn upp við einstaka fátækt, en hefir þó brotist þetta áfram upp á eigin spýtur, án þess landið hafi þurft nokkuru til hans að kosta. Nú langar hann, sem eðlilegt er, að afla sér meiri mentunar, og væri því rétt gert af þinginu að rétta honum nú hjálparhönd. Það mun ekki fá ástæðu til að iðra þess.

Aftur á móti get eg ekki verið með, að Sighvati Grímssyni verði veittar 250 kr. til handritarannsókna; eg þekki manninn dálítið; þetta er grúskari, sem skrifar alt upp, sem hann getur náð í, en hvert gildi það hefir, það er annað mál. Að veita þenna styrk er hið sama, sem að fleygja peningum í sjóinn.

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Það er að eins örstutt athugasemd, sem eg þarf að gera í þetta sinn. Mér virtist sem sé, að háttv. 4. kgk. þm. (J. J.) gera of mikið úr ósamkvæmni meiri hluta nefndarinnar, með tilliti til þess, að hún vildi veita Torfa í Ólafsdal þessar 6000 kr. Eg gat um þetta atriði við framsöguna í dag og get ekki farið að færa fleiri ástæður nú fyrir þessari veitingu en eg gerði þá. Ástæðurnar voru þær, að nefndinni fanst, að hér ætti sá nytsemdarmaður hlut að máli, sem landið ætti í mörgu tilliti mikið að þakka, og að hann væri þess fullkomlega maklegur, þótt hann fengi þenna styrk. Það er svo margt, sem mætti telja upp, sem landið á þessum manni að þakka. Öllum er t. d. kunnugt um skozku ljáina, sem sparað hafa landinu sjálfsagt svo skiftir tugum þúsunda króna, auk þess sem það er notkun þeirra að þakka, að sá skrælingja-

háttur er niður lagður, sem fylgdi notkun gömlu ljáanna, að skógarnir voru svo hirðulaust eyðilagðir (viðarkolaeyðsla, denging). Margt fleira mætti telja þessum manni til gildis, eins og það t. d., að skólasveinar frá þeim skóla, sem hann stýrir, hafa yfirleitt verið taldir fremri þeim búnaðarnemum, sem útskrifast hafa frá öðrum búnaðarskólum. Alt þetta var nefndinni vel ljóst og því lagði meiri hluti hennar til, að veita honum þenna styrk í viðurkenningarskyni.

Þau orð, sem háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.) talaði um styrkveitingu til Guðm. Magnússonar, virtist mér á nokkurum rökum bygð, og get eg að nokkuru leyti undirskrifað þau, en þar sem hann talaði um hina miklu andlegu þrá slíkra manna, sem varúðarvert væri að fullnægja ekki, þá get eg ekki séð, að þingið geti ávalt tekið hana til greina. Eg hygg, að allir menn hafi meira eða minna af slíkri þrá, en óhugsandi að fullnægja öllum slíkum tilhneigingum manna með fjárframlagi af almanna fé. Yfir höfuð að tala, þá hygg eg, að þingið hafi framið eitthvert hið mesta hefndarverk á sjálfu sér, þegar það tók styrkveitingarnar af stjórninni og fór að vafsast sjálft í þeim. Fjárlaganefndir þingsins eru á hverju fjárlagaþingi í standandi vandræðum með tímann, sem alls eigi er nægilegur til að athuga svo vel, sem æskilegt væri, hin nauðsynlegustu útgjaldafyrirtæki; en ofan á þetta bætist svo öll sú mikla tímaeyðsla, sem fer í að veita og neita þessum bitlingum, sem einnig hafa að mínu áliti siðferðislega skaðleg áhrif á þingið. Eg tel því bráðnauðsynlegt, að horfið sé aftur sem allra fyrst til fornrar venju við úthlutun þessa fjár.

Ef þessum unga manni, Guðm. Magnússyni, væri nú veittur þessi styrkur, þá álít eg, að öðru ungu skáldi, Guðmundi Guðmundssyni, væri óréttur ger, og hann ætti þá engu síður skilið að fá fjárstyrk, því að hann er óefað okkar efnilegasta unga „lýriska“ skáld, bæði hvað stíl, kveðandi og málfegurð snertir. Að gera upp á milli manna í þessum efnum, finst mér mjög örðugt, og álitamál hlýtur jafnan að verða, hvar á að draga strikið og segja: hér hættum við. Viðvíkjandi umr. 1. kgk. þm. (J. H.) um Hvanneyrarskólann, þá virðist mér óneitanlega margt af því, sem hann sagði, þungt á metunum, en get ekki að svo stöddu lofað meiru, fyrir hönd nefndarinnar, þessari hækkun viðvíkjandi, en eg skal á morgun færa þetta atriði í tal við meðnefndarmenn mína og sjá um, að það verði tekið til frekari íhugunar.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um tillögur nefndarinnar um þenna kafla fjárlaganna, en vona, að h. deild taki þeim eins vel, og hún tók í morgun breytingum nefndarinnar við fyrri kafla fjárlaganna.

Valtýr Guðmundsson: Það er eitt atriði, sem eg vildi minnast á með örfáum orðum, nfl. brt. nefndarinnar við 14. gr. A. 34, þar sem hún samþykkir 400 kr. styrkveitingu hvort ár til Halldórs Lárussonar til kenslu í hraðritun m. m.

Eg var þar ekki á sama máli og háttv. meðnefndarmenn mínir og mér fanst nefndinni þar mislagðar hendur, þegar hún tók þessa beiðni til greina, en slepti mörgum fjárveitingum, sem bersýnilega voru miklu nauðsynlegri.

Án efa gerði þingið stórt glappaskot, þegar það réðst í að styrkja mann til þessa fyrirtækis, sem enginn gat vitað um hvort nokkurt vit var í eða ekki. Hver veit nú t. d., hvers virði sú bók er, sem þessi maður hefir samið, og hvort nokkurt gagn verður að henni? En það er eitt atriði, sem gefur bendingu um, að þessi hraðritun sé ekki mikils virði, og það er það, að þessi maður, sem áður var þingskrifari, kemst nú ekki að í ár; forsetarnir vilja ekki hafa hann, heldur taka þeir aðra í staðinn. Og nú á samt að halda áfram og styrkja manninn til að kenna

þetta, sem ekki getur orðið sjálfum kennaranum að liði við ritstörf, enn sem komið er.

Ef endilega á að verja fé til þessa fyrirtækis, þá á að senda manninn út og fá vottorð um, að eitthvert vit sé í þessu, en eins og málið liggur nú fyrir, þá er eg algerlega á móti þessari fjárveitingu.

Kristján Jónsson: Það er nú einkum eitt atriði í frv. eða í máli þessu, sem eg vildi minnast á. Þegar þetta frv. kom til deildarinnar, benti eg þegar á tekjuhallann og sýndi fram á, að það ætti að vera hlutverk nefndarinnar að reyna að minka hann, svo sem mögulegt væri, og að koma meiri jöfnuði á milli tekna og útgjalda en er í frv., og hvað mig snertir, þykist eg hafa fylgt þeirri reglu afdráttarlaust, að stuðla að því, að útgjöldin væru lækkuð sem mest og miður nauðsynleg útgjöld feld alveg niður. — Og það hefir verið minn vilji og ætlun, að koma frv. í það horf, að það gæti kallast nokkurn veginn sæmilegt fjárlagaverk, er vér gætum verið þektir fyrir að bjóða stjórninni.

Þegar fjárlögin komu frá háttv. Nd., þá var tekjuhallinn nærfelt 420 þúsund kr.; þótti þessi tekjuhalli, þessi munur á gjöldum og tekjum, óviðunanlegur og óviðurkvæmilegur.

Við höfum því reynt að færa niður þenna mikla halla, svo sem okkur hefir verið frekast mögulegt, og að öðru leyti sem sanngjarnlegast. Fyrir mitt leyti hefi eg athugað hverja fjárveitingu nákvæmlega og verið henni mótfallinn, hafi mér virst það tiltök að sleppa henni. Eg tek þetta fram, jafnframt og eg vil gera grein fyrir atkvæði mínu viðvíkjandi tveim gjaldaliðum, sem eg hefi greitt eða ætla að greiða atkvæði með; mætti þar ef til vill segja, að eg hafi brotið reglu þá, er eg hefi sett mér, og svo ítarlega gert grein fyrir. En að því er báðar þessar fjárveitingar snertir, eru það alveg sérstakar ástæður, sem ráða atkvæði mínu, og sem eg vona að réttlæti það til fulls.

Önnur fjárveitingin var styrkveitingin til sýsluvegar G.-K.sýslu, sem samþykt var hér í deildinni í dag, og gerði eg þá nokkurn veginn ítarlega grein fyrir atkvæði mínu um þann gjaldlið. — Um hina fjárveitinguna er enn óútkljáð, en það er styrkveitingin til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal. Það er vitaskuld, að eg á að réttlæta atkvæði mitt um þenna all-verulega útgjaldalið fyrir deildinni, þar sem eg annars hefi verið andvígur nýjum fjárveitingum, af þeim ástæðum, sem eg hefi gert grein fyrir, og lagt töluverða áherzlu á. Háttv. frsm. fjárlaganefndarinnar hefir tekið fram þá ástæðu fyrir styrkveitingunni til þessa manns, að hann sé alls góðs maklegur af alþingi, landsstjórninni og landssjóði, fyrir ýmsar framkvæmdir hans, er til þjóðþrifa hafa miðað, og sem sumar hverjar hafa borið verulegan árangur fyrir almenning, enda hefir enginn andmælt þessu hér í deildinni, en þetta er þó ekki aðalástæðan fyrir því, að eg gef þessari fjárveitingu atkvæði mitt. Margur er styrks vel verðugur, en fær þó engan, vegna hins örðuga fjárhags landssjóðsins.

Í hitt eð fyrra ætlaði þingið þessum manni 10,000 kr., sem aldrei voru útborgaðar, og var eg einn af þeim mönnum, sem þá greiddi atkvæði með fjárveitingunni. Að vísu hljóðaði fjárveitingin um styrk til Vesturamtsins til þess að kaupa Ólafsdal, en það var vitanlegt, að ætlast var til þess, að Torfi fengi þeim mun meira fyrir eign sína, það næmi þessari upphæð. Eg þykist nú í fullu samræmi við þessa fjárveitingu 1901, sem þá gekk liðugt gegn um þingið, en sem hefir sparast að öllu leyti, geta samþykt miklu minni fjárveitingu til sama manns, sem sé að eins 6000 kr.; sparast þá 4000 kr. af fjárveitingunni frá 1901. Samt sem áður

mundi eg ekki greiða atkvæði með þessari fjárveitingu, ef eg eigi þættist hafa fulla vissu um það, að hún er sem stendur mjög nauðsynleg fyrir styrkþega, svo nauðsynleg, að hann mun ekki vel geta komist af án hennar. Fjárhagur hans er vissulega þröngur og á völtum fæti, en það er eg viss um, að oss verður eigi talið það til ábyrgðar, þótt vér á þenna hátt hlaupum undir bagga með honum, og styrkjum hann til þess að standa á réttum fótum.

Eg fer svo ekki um þetta fleiri orðum, en vona, að háttv. deild trúi mér til þessa, og að hún samsinnni það með mér, að hér sé um nauðsynlega styrkveitingu að ræða.

Eg skal þá leyfa mér að minnast á breytingu þá á 16. gr., sem brt. hæstv. landsh. fer fram á. Breytingin á að verða sú, að styrkurinn til ekkjufrúar Valg. Þorsteinsdóttur verði tekin út úr þessari grein fjárlaganna, og að henni verði úthlutaður styrkur með öðrum prestsekkjum (13. gr. A b. 4.). Ætlan þingsins í hitt eð fyrra var vafalaust sú, er þessi styrkur var fyrst veittur, að þessi prestsekkja skyldi njóta hans sem eftirlauna, meðan hún lifir, en styrkurinn var þá ákveðinn 250 kr. Upprunalega var farið fram á 300 kr. árlega fjárveitingu, en af einhverjum vesaldómlegum hugsunarhætti var klipið af upphæðinni, og hún ákveðin 250 kr. En þessa fjárveitingu ber eigi að eins, og eigi aðallega, að skoða sem styrkveiting til ekkjunnar, — eg held ekki, að hún sé styrkþurfi — heldur sem viðurkenningu bæði fyrir störf þessarar heiðurskonu sjálfrar og manns hennar látins, sem eg þekti fyrir mörgum árum og hlaut að virða og elska, sem einn af ágætustu sonum þessa lands.

Hvað snertir styrkveitinguna til Hvanneyrarskólans, þá mun eg athuga það undir 3. umræðu, hvort eg get orðið samþykkur hækkuðum styrk til hans, eða aukastyrk til hans, og þykir mér líklegt, að eg geti orðið það, því að miklu fremur ber að styrkja þenna skóla af landsjóði, en alla hina búnaðarskólana.

ATKV.GR.:

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. A. 1. a. sþ. með 8 atkv.

14. gr. A. 1. b. c. d., sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. A. 1. e., sþ. án atkv.gr.

14. gr. A. 1. e.—2. c, sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. A. 3. sþ. með 7 atkv.

14. gr. A. 3. þar með fallin.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. A. 4. a. sþ. með 6 atkv.

14. gr. A. 4. b. c. d. til A. 15. incl. sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. A. 16., (fyrri liður), feld með 7 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:

Jón Jakobsson,
Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Kristján Jónsson,

nei:

Sigurður Jensson,
Gutt. Vigfússon,
Hallgr. Sveinsson,
Jónas Jónassen,
Júlíus Havsteen,
Valtýr Guðmundsson,
Þorgr. Þórðarson.

Brt. (þskj. 524) við 14. gr. A. 16. (síðari liður) feld með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:

Eiríkur Briem,
Guðj. Guðlaugsson,
Hallgr. Sveinsson,
Kristján Jónsson,
Valtýr Guðmundsson,

nei:

Jón Jakobsson,
Sigurður Jensson,

Guttormur Vigfússon,
J. Jónassen,
Júl. Havsteen,
Þorgr. Þórðarson.

14. gr. A. 17. sþ. með 8 atkv.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. A. 18. sþ. með 9 atkv.

14. gr. A. 18. þar með fallin.

14. gr. A. 19. sþ. með 6 atkv.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. A. 20. sþ. án atkv.gr.

14. gr. A. 20., breytt, sþ. í e. hlj.

14. gr. A. 21—22 sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. A. 23. sþ. með 9 atkv.

14. gr. A. 23., breytt, samþ. með 10 atkv.

14. gr. A. 24.—25. sþ. með 8 atkv.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. A. 26, sþ. með 7 atkv.

14. gr. A. 26. þar með fallin.

14. gr. A. 27.—33. sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. A. 34. feld með 6 : 4 atkv.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. A. 35. sþ. með 7 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:

Eiríkur Briem,
Hallgr. Sveinsson,
J. Jónassen,
Júl. Havsteen,
Kristján Jónsson,
Valtýr Guðmundsson,
Þorgr. Þórðarson,

nei:

Jón Jakobsson,
Sig. Jensson,
Guðjón Guðlaugsson,
Guttormur Vigfússon.

Breytt. (þskj. 524), að á eftir 33. lið komi nýr liður, sþ. með 6 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:

Jón Jakobsson,
Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Guttormur Vigfússon,
Júl. Havsteen,
Kristján Jónsson,

nei:

Sigurður Jensson,
Hallgr. Sveinsson,
J. Jónassen,
Valtýr Guðmundsson,
Þorgrímur Þórðarson.

Viðaukatill. (þskj. 542) við 14. gr. A. (nýr liður) sþ. með 6 : 3 atkv.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. B. 1. a. 1., sþ. með 8 atkv.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. B. 1. a. 2. sþ. með 7 atkv.

14. gr. B. 1. a. 2 þar með fallin.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. B. 1. a. 3. sþ. með 8 atkv.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. B. 1. a. 4. sþ. með 6 : 5 atkv.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. B. 1. a. 5. sþ. með 8 atkv.

14. gr. B. 1. b., sþ. með 8 atkv.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. B. 1. c. sþ. með 6 atkv.

14. gr. B. 1. d. og e., sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. B. 1. f. sþ. með 7 atkv.

14. gr. B. 1. f. þar með fallin.

14. gr. B. 1. g. sþ. með 7 atkv.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. B. 1. h. sþ. með 8 atkv.

14. gr. B. 1. i. sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. B. 1. j. sþ. með 8 atkv.

14. gr. B. 2. a. og b. sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. B. 3. sþ. með 7 atkv.

14. gr. B. 4. og 5. sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. B. 6. sþ. með 7 : 1 atkv.

14. gr. B. 7. sþ. í e. hlj.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. B. 8. sþ. með 9 atkv.

14. gr. B. 9. sþ. með 6 atkv.

Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. B. 10. sþ. án atkv.
14. gr. B. 10., breytt, sþ. með 9 atkv.
Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. B. 11., fyrri liður, sþ. með 10 atkv.
Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. B. 11. síðari liður, sþ. með 8 atkv.
14. gr. B. 11., 1. og 2. liður, þar með fallinn.
Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. B. 12. sþ. í e. hlj.
14. gr. B. 12., breytt, og aths. sþ. með 8 atkv.
14. gr. B. 13. sþ. í e. hlj.
Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. B. 14. sþ. með 10 atkv.
14. gr. B. 14. þar með fallin.
Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. B. 15. sþ. með 6 : 2 atkv.
14. gr. B. 15. þar með fallin.
Breytt. (þskj. 524) við 14. gr. B. 16. sþ. með 8 atkv.
14. gr. B. 16. þar með fallin.
14. gr., breytt, sþ. í e. hlj.
15. gr., sþ. í e. hlj.

1. Breytt. (þskj. 542) við 16. gr. sþ með 6 atkv.
1. Breytt. (þskj. 524) við 16. gr. samþ. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:

Jón Jakobsson,
Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Hallgr. Sveinsson,
Kristján Jónsson,
Valtýr Guðmundsson,

nei:

Sigurður Jensson,
Gutt. Vigfússon,
J. Jónassen,
Júl. Havsteen,
Þorgr. Þórðarson.

2. Breytt. (þskj. 524) við 16. gr. samþ. með 8 atkv.
2. Breytt. (þskj. 542) við 16. gr. samþ. með 7 atkv.
3. Breytt. (þskj. 524) við 16. gr. samþ. með 9 atkv.
16. gr., breytt, sþ. í e. hlj.
17. og 18. gr. með áorðnum breytingum sþ. í e. hlj.
19. gr., 1.—6. málsgrein, samþ. með 7 atkv.
Breytt. (þskj. 524) við 19. gr., 7. málsgr., sþ. með 10 atkv.
19. gr., 7. málsgrein breytt, sþ. í e. hlj.
19. gr., 8.—10. málsgr., sþ. í e. hlj.
Breytt. (þskj. 524) við 19. gr., 11. málsgr., sþ. með 8 atkv.
19. gr., 11. málsgr., samþ. í e.
19. gr., 12. málsgr., samþ. í e. hljóði.
Breytt. (þskj. 524) við síðustu málsgr. 19. gr. samþ. með 6 atkv.
7. gr. frumv., breytt, samþ. í e. hljóði.
Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 20. ág. (C. bls. 696—722, 725).

Landshöfðingi: Eg hefi komið með nokkurar breytingar við frv., eins og það var samþ. við 2. umr., og skal eg leyfa mér að fara um þær nokkurum orðum.

1. brt. (þskj. 578) er um það, að athugasemdin við 12. gr. B. 1. falli burt. Orsökin til þess, að eg kem með þessa brt., er sú, að mér finst ekki ástæða til þess fyrir þingið, að fara inn á verksvið landsstjórnarinnar og segja henni fyrir um það, hvenær hún skuli nota verkfræðing landsins. Eg er sannfærður um það, að hver stjórn mun nota hann út í yztu æsar og mér finst þess vegna rangt að segja henni fyrir um, hvenær hún skuli brúka hann. Mér finst því rétt að fella þessa

athugasemd burt; verkfræðingurinn verður látinn sjá um sömu störfin eins fyrir því.

Næsta br.till. er á þingskj. 569 við 12. gr. B. 3.. til flutningabrauta, og í sambandi við hana er breyt.till. á sama þgskj. við 12. gr. B. 4. Nd. hafði veitt 64,000 kr. til flutningabrautanna og 70,000 kr. til þjóðvega. Hér í deildinni var þessu breytt við 2. umr. þannig, að til flutningabrauta voru veittar 61,000 kr., en til þjóðvega 73,000 kr. eða með öðrum orðum, þessar 3000 kr., sem bætt var við það, sem ætlað var til þjóðvega í Austuramtinu, voru teknar af því fé, sem ætlað var til flutningabrauta. Mér finst ekki ástæða til þess, að klípa af því fé, sem ætlað er til flutningabrautanna, sízt til Fagradalsbrautarinnar, og eg hefi því stungið upp á því, að þessar 3000 kr. væru teknar af því fé, sem ætlað er til þjóðvega í Norðuramtinu, því það fær mest fyrir því, þar sem því nú eru ætlaðar 30,000 kr. til þjóðvega, en Suðuramtinu 8,000 kr., Austuramtinu 15,000 kr. og Vesturamtinu 20,000 kr. Þó þessar 3,000 kr. séu teknar frá því, fær það samt 7,000 kr. meira en það af hinum ömtunum, sem mest fær.

Þá hefi eg ekki komið með breyt.till. við neinn lið, fyr en við 13. gr. B. VI. a. 4. og 5. Eg hefi komið með þessar br.till., vegna þess, að eg vildi láta það sjást í frv., hvenær ætti að hætta að styrkja meira en 1 kvennaskóla á Norðurlandi, en nú sé eg, að nefndin hefir komið með breyt.till. sem eg get eins vel felt mig við, við þessa sömu liði, og tek eg því aftur mínar breyt.till. við þá.

Þá hefi eg leyft mér að koma með brt. á þgskj. 577 við breyt.till. nefndarinnar á þingskj. 572 við 13. gr. B. IV. a. um, að á eftir þeim lið komi nýr liður: „Uppbót til 1. og 2. kennara Möðruvallaskólans“ o. s. frv. Eg skil ekki, hvers vegna nefndin vill vera að ausa fé í þessa menn. Hvað 1. kennaranum viðvíkur, þá hefir hann alls ekki frían bústað, heldur verður hann að leigja og auk þess er hann þessa mánuði, sem hér getur verið um að ræða, hér í Rvík og hann mundi hafa dvalið hér eins fyrir því, þótt skólinn hefði verið kyrr á Möðruvöllum. Eg álít því, að hann ætti alls enga uppbót að fá. Hvað hinum kennaranum viðvíkur, þá hefir hann auðvitað frían bústað, þar eð hann er ábúandi á jörðinni, en þessa mánuði, sem hann á frí, dvelur hann auðvitað þar, en ekki á Akureyri og á þess vegna ekki heldur neina uppbót skilið að fá.

Þá hefi eg breyt.till. við 14. gr. B. 10. á þgskj. 570. Það er um styrkinn til cand. polyt. Ásgeirs Torfasonar. Nd. hafði ætlað þessum manni 1,000 kr. styrk til þess að stunda utan lands verklegar æfingar í efnarannsóknum, en nú hefir Ed. fært þenna styrk upp í 1500 kr. Þetta finst mér nokkuð mikið stökk og þar eð hann 2 síðastliðin ár hefir að eins haft 600 kr. styrk og komist af með það, þá álít eg nóg að tvöfalda þá tölu nú. Eg hefi þess vegna leyft mér að stinga upp á 1200 kr.

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Af þeim 6 þingskj., sem fram hafa komið við þessa umr., á nefndin 2 (þingskj. 572 og 583), og skal eg leyfa mér að fara nokkurum orðum um breyt.till. á þeim.

1. breyt.till. á þingskj. 572 við 13. gr. A. b. 8. fer fram á það, að í stað orðanna: „til að kaupa lóð til stækkunar kirkjugarðinum í Reykjavík“ komi: „til að kaupa og undirbúa hæfilega lóð o. s. frv.“ Þessi breyt.till. er í samræmi við það, sem talað var um hér í deildinni við 2. umr. þessa frumv. og mætir hún á miðri leið breyt.till., sem þá kom fram frá háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.).

2. breyt.till. á sama þingskj. við 13. gr. B. II. c. um að verja 1000 kr. til þess að leigja hús Reykjavíkurspítala handa

læknaskólanum, fer fram á, að orðið „Reykjavíkurspítala“ falli burt. Það er, eins og menn vita, agnúi á því, að hús þetta fáist, en nefndin sér samt ekki ástæðu til þess, að hætta við að leigja hús fyrir skólann, þar eð óhætt mun vera að gera ráð fyrir því, að nóg hús fáist til leigu hér í Reykjavík fyrir skólann, þegar svona mikið fé er í boði.

Við 3. breyt.till. nefndarinnar á þessu þingskj. (572) hefir hæstv. landsh. komið með breyt.till. og skal eg geta þess, að nefndin felst á þessa breyt.till. hæstv. landsh. og fellur frá sinni.

Þá er breyt till. frá nefndinni á þingskj. 572 við 14. gr. B. 1. a. 3., um að á eftir þeim lið komi nýr liður svo hljóðandi: „Til sama skóla aukastyrkur sökum skemda á kirkjunni fyrra árið 1000 kr.“ Þetta kom til orða við 2. umr. þessa máls, og eg veit, að mönnum eru i minni þau rök, sem háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) færði fyrir þessari styrkveitingu, svo það er óþarft fyrir mig að fara út í það mál. En eg skal taka það fram, að nefndin sá sér ekki fært, að veita hærri styrk til viðgerðar á kirkjunni og hún vill hafa þetta sem sérstakan lið, til þess að sýna, að það sé ekki meiningin, að gera þessum skóla hærra undir höfði en hinum búnaðarskólunum framvegis.

Þá hefir nefndin á þingskj. 583 komið með breyt.till. við 13. gr. B. VI. a. 4. og 5. um að færa niður styrkinn til kvennaskóla Eyfirðinga síðara árið. Þessi br.till. er í samræmi við það, sem kom fram hér í deildinni við 2. umr. Nefndin áleit ekki rétt að kippa burt styrknum við árslok eða á miðju skólaárinu og hefir því lagt það til, að styrkurinn yrði veittur út skólaárið, en síðan numinn burt, til þess að sýna, að það væri ekki meiningin framvegis, að styrkja meira en 1 kvennaskóla á Norðurlandi; er þessi tillaga nefndarinnar í fullu samræmi við yfirlýstan vilja fjárlaganefnda beggja deilda og væntum vér því, að hún verði samþykt.

Þá á nefndin ekki fleiri breyt.till.; en á þingskj. 570 hefir hæstv. landsh. komið fram með breyt.till. um að færa niður styrkinn til Ásgeirs Torfasonar úr 1500 kr. í 1200 kr. Eg get lýst því yfir fyrir hönd nefndarinnar, að hún getur ekki gengið að þessari br.till.

Vér ætluðum, þegar vér lögðum það til, að hætt væri að sinni við að setja kemisku rannsóknastofnunina á fót, að tryggja það, að sá maður, sem ætti að standa fyrir henni, fengi þann undirbúning, sem nauðsynlegur væri, því maðurinn verður að vera vel að sér í verklegri kemi, ef stofnunin á að geta komið að fullum notum. Þann vilja vorn vildum vér sýna með því, að klípa ekki við nögl styrkinn. En í nefndarálitinu er það tekið fram, að nefndin ætlast til þess, að styrkþega sé gert að skyldu að skýra landsstjórninni frá því, hvernig hann verji styrknum, til þess að koma í veg fyrir, að honum sé á glæ kastað.

ATKV.GR.: Brt. (þgskj. 578) við 12. gr. B. 1. sþ. með 6 shlj. atkv.

Brt. (þgskj. 569) við 12. gr. B. 3. samþ. með 6 : 3 atv.

Brt. (þgskj. 569) við 12. gr. B. 4. samþ. með 8 : 1 atkv.

Brt. (þgskj. 572) við 13. gr. A. b. 8. sþ. með 10 shlj. atkv.

Brt. (þgskj. 572) við 13. gr. B. II. c. sþ. með 9 shlj. atkv.

Brt. (þgskj. 577) við brt. á þgskj. 572 sþ. með 10 shlj. atkv.

Brt. (þgskj. 572) við 13. gr. B. IV. a., þannig breytt, sþ. með 10 shlj. atkv.

Brt. (þgskj. 569) við 13. gr. B. VI. a. 4. tekin aftur.

Brt. (þgskj. 583) við 13. gr. B. VI. a. 4. sþ. með 6 : 3 atkv.

Brt. (þgskj. 569) við 13. gr. B. VI. a. 5. tekin aftur.

Brt. (þgskj. 583) við 13. gr. B. VI. a. 5. sþ. með 6 : 1 atkv.

Brt. (þgskj. 572) við 14. gr. B. 1. a. 3. sþ. með 9 shlj. atkv.

Brt. (þgskj. 570) við 14. gr. B. 10. tekin aftur.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj. og verður endursent forseta Nd.

Ein umr., 25. ágúst (C bls. 781, 808).

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Eins og háttv. deildarmönnum er kunnugt, þá var tekjuhallinn á þessu frumv. 419 þús. 230 kr., þegar það kom hingað fyrst frá Nd., en þegar frv. fór héðan, þá var tekjuhallinn ekki orðinn nema 289,350 kr. Mismunurinn á fjárveitingaupphæð deildanna var þá 129,880 kr. Þegar frumv. var svo á ný lagt fyrir háttv. Nd., þá þótti henni Ed. ekki vera nægilega ríflega í fjárveitingunum. Var frumv. því aftur fært í sitt fyrra lag af h. Nd. og tekjuhallinn hækkaður á ný upp í 398,599 kr. Þegar nefndin hér í deildinni tók síðan frumv. til athugunar, gat hún ekki sætt sig við þenna tekjuhalla. Henni þótti þessi ívilnun frá hendi háttv. Nd., liðugar 20,000 kr., alt of lítil til þess, að hægt væri að sætta sig við hana og hefir nefndin því gert nokkurar breytingar við frumv. enn á ný, til þess, ef unt væri, að minka tekjuhallann dálítið, og eru þær þessar:

1. breyt.till. við 4. gr. að því, er snertir 2. aths. hennar. Þar hefir nefndin stungið upp á, að sýslusjóði Rangárvallasýslu skuli vera upp gefinn helmingur lánsins eða 3000 kr. Þarf engin frekari rök að færa fyrir þeirri breyt.till. nú, en nægir að eins að vísa til umr. um þetta mál hér í deildinni um daginn.

Þá er 2. breyt.till. við 11. gr. 11. viðvíkjandi sjúkraskýlinu á Brekku. Nefndin er á sömu skoðun um þetta mál og áður, að eigi sé enn þá tímabært að sþ. þessa fjárveitingu, því að samkvæmt fyrri reynslu í öðrum málum muni þegar á næsta þingi koma fram fjölmargar slíkar beiðnir, sem jöfn ástæða væri að taka til greina og þessa, en sem óhugsandi væri fyrir landssjóð að fullnægja, þar sem þetta mál enn vantar allan nauðsynlegan undirbúning.

Þá er 3. breyt.till. við 12. gr. B. 7. Vill nefndin fella þann lið burtu. Þetta er stærsti liðurinn, sem nefndin fer fram á að breyta. Það eru 50,000 kr. til brúar á Jökulsá í Öxarfirði. Auðvitað verður eigi móti því mælt, að nauðsyn sé á brú þessari, en þar sem upphæðin er mjög há og útgjöld úr landssjóði feykimikil á þessum fjárlögum, þá virðist nefndinni réttara að láta þessa styrkveitingu bíða eitt fjárhagstímabil, og álítur hún, að slík bið geti eigi orðið til stórhnekkis fyrir þá, er brúarinnar eiga að njóta.

Þá er 4. breyt.till. við 12. gr. 8., er fer fram á að fella þann lið burtu. Eg þarf eigi að taka fram neinar ástæður fyrir því, en nægir að eins að skírskota til 2. umr. hér í deildinni um þetta mál.

Þá er 5. breyt.tlll. við 12. gr. D., og vill nefndin þar fella 2. aths. burtu. Hún lítur svo á, að þessi aths. verði að eins til þess að tefja fyrir málinu og því sé ekki rétt að láta hana standa í frumv.

Við 13. gr. B. VI. a. 4. hefir nefndin stungið upp á þeirri breytingu, að styrkurinn til kvennaskóla Eyfirðinga síðara árið verði færður úr 1500 kr. niður í 900 kr., eins og samþykt var við aðra umr. þessa máls hér í deildinni um daginn, og fáum við ekki betur séð, en að nú sé kominn tími til að sýna, að sú óánægja, sem átt hefir sér stað hjá þinginu yfir hinum norðlenzku kvennaskólum, skuli vera bæði á borði og í orði, enda verðum við að álíta, að þessi tillaga nefndarinnar sé fullkomlega sanngjörn, og þar sem þessum skóla er veittur fullur styrkur fyrra ár fjárhagstímabilsins, þá álítur nefndin, að hann sé fullsæmdur með 900

kr. fyrir síðara árið, þar sem skólinn þá fær fullan styrk eða 200 kr. á mánuði út skólaárið, en ef honum væri veittur 1500 kr. styrkur fyrir bæði árin, þá áleit nefndin, að þingið gæfi þar með undir fótinn með að halda skólanum áfram, en það væri sama, sem að vinna á móti þeirri skoðun, sem þingið hefir í þessu mali.

Þá hefir nefndin leyft sér að stinga upp á þeirri breytingu við 13. gr. B. VI. a. 5., að sá styrkur, sem þar ræðir um, til beggja hinna norðlenzku kvennaskóla: 40 kr. fyrir hvern nemanda, verði færður niður úr 3000 kr. í 2400 kr. síðara árið, og þarf eg ekki að gera frekari grein fyrir þessari breyt.till., með því að hún stendur í nánu sambandi við þá fyrri.

Þá hefir nefndin stungið upp á, að liðurinn undir 13. gr. B. VI. j. falli burt eða styrkurinn til kennara í organslætti og sönglist á Akureyri. Við verðum að halda fast við okkar fyrri skoðun, að eigi sé brýn ástæða til að veita fé úr landssjóði til þessa augnamiðs, og skal eg um leið taka það fram, að þar sem þessi styrkur eigi er veittur upp á nafn, þá gefur það öðrum kaupstöðum undir fótinn með að sækja um sams konar styrk úr landssjóði, enda veit eg ekki, hvort sá maður, sem styrkur þessi er ætlaður, hefir svo mikla hæfileika til að bera í þessari list, að ástæða sé til að styrkja hann af opinberu fé. Það er þó víst ekki meining þingsins að styrkja organleikara í öllum kauptúnum landsins, til þess að kenna organslátt og söng.

Þá hefir nefndin stungið upp á þeirri breytingu við 13. gr. B. VI. p., að sá liður falli burt, nefnilega styrkurinn til skólans í Búðardal í Dalasýslu, og hafa ástæðurnar fyrir þessari tillögu nefndarinnar verið teknar fram áður hér í deildinni og engum mótmælum mætt, og sé eg því eigi ástæðu til að fjölyrða frekar um þenna lið.

Við 13. gr. B. VIII. 3. hefir nefndin lagt til, að sú breyting væri gerð, að styrkurinn til Guðmundar Finnbogasonar., mag. art., til þess að kynna sér alþýðufræðslu og mentunarástand hér á landi, verði færður úr 2400 kr. niður í 2200 kr. hvort árið, og að fyrir 1000 kr. innan striks komi 800 kr. til ferðakostnaðar.

Deildinni er kunnugt um, að vér fórum fram á það um daginn, samkvæmt beiðni um launahækkun frá þessum manni, að sú 200 kr. hækkun, sem nefndin hér í deildinni lagði til að hann fengi og báðar deildir hafa samþykt, væri tekin af ferðastyrknum, af því að nefndin hér áleit, að 800 kr. væru nægilegur ferðastyrkur fyrir hann; en Nd. hefir litið öðruvísi á þetta atriði og hefir, um leið og hún samþykti þessa hækkun á launum umsækjanda, einnig bætt 200 kr. við ferðastyrkinn.

Eg skal ekki dæma um, hvort Nd. hefir gert rétt eða rangt, að því er þetta atriði snertir, en að eins taka það fram, að mér virðist heppilegra, þegar um ungan óreyndan mann er að ræða, að hefja eigi flugið alt of hátt í fjárframlögum, en bæta heldur við þau síðar, þegar hann er búinn að ganga í gegn um eldraun reynslunnar.

Við 14. gr. A. 3. leggur nefndin til að sú breyting verði gerð, að styrkurinn til sýslubókasafna, alt að 100 kr. á ári til hvers eða alt að 1000 kr. alls hvort árið, falli burt. Það er enn sem fyr skoðun nefndarinnar, að þessi fjárveiting sé alt of lítil til þess að hún geti orðið að nokkurum verulegum notum, og í öðru lagi álítur nefndin þetta mál of lítið undirbúið, til þess að veita til þess fé úr landssjóði, og eins og eg tók fram áður hér í deildinni þessu atriði viðvíkjandi, þá er spursmál, hvort ekki væri heppilegra að styrkja sýslubókasöfn með því að gefa þeim bækur en að afhenda þeim fe úr landssjóði til bókakaupa.

Þá hefir nefndin lagt það til, að 14. gr. A. 19. eða styrkurinn til „Bindindis-

sameiningar Norðurlands“ falli burt. Það er síður en svo, að vér höfum neitt á móti hinni lofsverðu viðleitni þessa félags til að efla og auka bindindissemi í landinu, en eg hefi þegar áður tekið það fram, að vér álítum haganlegra fyrir þetta málefni, að öll vinna í þarfir þessa máls hlýði sömu aðalstjórn, með því að þá er trygging fyrir meiri samræmi, og það hefir sýnt sig, að „organisation“ Stórstúku Íslands er hin bezta og hentugasta til eflingar þessu málefni.

Þá leggur nefndin til, að liðurinn 14. gr. A. 27., styrkurinn til Sighvats Borgfirðings, falli burt. Við fáum eigi séð, að þessi maður, eftir því sem kunnugir menn segja um safn hans, sé verður styrks af opinberu fé, því að það, sem hann hefir safnað, kvað vera kritik-laust hrafl; auk þess er þessi styrkur svo lítill, að hann gæti ekki komið þessum manni að neinu verulegu gagni.

Að því er snertir 14. gr. B. 1. c., nefnilega styrkinn til Búnaðarfélags Íslands, þá hefir nefndin lagt til, að hann væri lækkaður um 2000 kr. hvort árið, og stendur það í sambandi við þá breytingu, sem gerð var hér í deildinni um daginn, er strikaður var út styrkurinn til Ræktunarfélags Norðurlands. Nd. hefir fallist á þá skoðun Ed., að heppilegast væri að láta allan styrkinn ganga til Búnaðarfélagsins og láta það svo úthluta af honum, en þótti hins vegar viðbót sú, sem samþykt var hér í deildinni, of lítil, og hefir því hækkað styrkinn aftur. Vér sjáum oss eigi fært að leggja það til, að öll þessi upphæð Nd. verði veitt einu félagi, og leggjum því til, að tillagið verði lækkað úr 29000 og 31000 niður í 27000 og 29000 kr.

Þá hefir nefndin leyft sér að ráða til, að fella burtu styrkinn til mótorvagna. Það er merkilegt, með hve miklu kappi þetta mál hefir verið sótt af háttv. Nd., því að eg fæ ekki séð, að þessi fjárveiting yrði til annars en myrða bæði fólk og fé, þar sem þessir vagnar mundu naumlega geta verið notaðir, án þess að slys yrði að, þar sem sömu vegirnir eru notaðir bæði fyrir reiðar, akstur og lestir.

Eg skal svo að endingu leyfa mér að láta það í ljósi sem mína persónulegu skoðun, að þetta fjárlagafrumv. hefir skemst að mun í háttv. Nd. frá þeirri mynd, sem það fór í héðan úr deildinni, og er varla hægt að vera óánægðari með fjárlög en eg er með þessi, ekki sízt að því er snertir sýsluvegina, því eg tel það stórkostlega háskalegt atriði fyrir landssjóð að kasta þessum vegum upp á hann, og eg verð að líta svo á, að hann sé kominn í nógu miklar ógöngur með flutningabrautunum, þótt hann eigi taki að sér sýsluvegina líka. Eg álít, að við eigum að gera öllum vegunum jafnt undir höfði, og strika þá alla út, sem ekki eigandi sæti á fjárlögunum. Meiri hluti nefndarinnar leit svo á, að fjárhagshorfurnar, eftir frumv. Nd., séu svo ískyggilegar, að eigi sé tiltækilegt að samþykkja frumv. óbreytt, eins og það nú liggur fyrir frá háttv. Nd. Að vísu hyggur nefndin ekki, að það muni batna í sameinuðu þingi, en hún lítur svo á, að ef þessi deild samþ. frumv., eins og það nú kemur frá Nd., þá geri öll deildin hér sig samseka Nd. í þeim fjáraustri, sem nú lítur út fyrir að verði ofan á í fjárlögunum, og þá um leið samseka Nd. í þeim afleiðingum, sem verða óumflýjanlegar af því skrefi, sem háttv. Nd. hefir tekið í fjármálum landsins, þ. e. a. s. nýjum álögum og lántökum.

Eg skal svo, að svo stöddu, ekki fjölyrða meira um frumv., en að eins taka það fram, að það hryggir mig stórkostlega, ef það verður ofan á á þessu þingi, að vér höldum innreið vora í hina margþráðu Jerúsalem fullrar sjálfstjórnar og þingræðis með hálfrar milljónar króna tekjuhalla á bakinu, og tel það, síður en ekki vænlegt til þjóðþrifa; en öll ábyrgðin

hvílir upp frá þessu á vorum eigin herðum, og það verður þinginu sjálfu að kenna, ef fjárhagur landsins lendir í ógöngum vegna þeirrar bruðlunarsemi, er nú virðist vera farin að gagntaka þingið. En þegar efnalegt sjálfstæði þjóðarinnar er horfið og landið komið í skuldir, þá mun hið pólitiska sjálfstæði eiga skamt eftir ólifað.

Eiríkur Briem: Eg vil leyfa mér að geta þess, að eg gat ekki orðið meðnefndarmönnum mínum samdóma um þær breyt.till., er hér liggja fyrir frá nefndinni, ekki af því, að eg sé þeim ekki samdóma um, að frumv. þyrfti umbóta við, heldur af hinu, að afleiðingin af þessum breytingum hlýtur að verða sú, að fjárlögin þá koma fyrir sameinað þing. Það mun nú lítill efi á því, að allar eða flestar þessar brt. verða feldar í sameinuðu þingi, og er þá ver farið en heima setið, því það er reynsla fyrir því, að þegar fjárlögin komast í sameinað þing, þá slæðast inn fleiri eða færri óheppilegar breytingar.

Landshöfðingi: Það er ein breyt.till. hér frá háttv. nefnd, á þskj. 623, sem eg alls eigi get verið samþykkur, heldur verð að mæla sterklega á móti. Eg á við breytinguna á 2. aths. við 4. gr., að 3000 kr. komi í stað 4000 kr.

Eg hefi áður tekið það fram hér í deildinni, að þessi íhleðsla í Valalæk úr Þverá, hefir orðið sýslusjóði Rangárvallasýslu afarþung byrði. Kostnaður allur við fyrirhleðsluna, sem mistókst svo hrapallega, var 8000 kr.; af því fé veitti Búnaðarfélagið 1500 kr. og úr landssjóði tók sýslan 6000 kr. lán; það, sem á vantaði, varð sýslusjóður að borga.

Nú er í ráði að gera nýja tilraun til þess að hlaða í ána og verður sýslan þá að sjálfsögðu að taka nýtt lán.

Þetta sýnir, að sýslan með þessu bæði hefir bakað sér og mun baka sér þunga byrði, og var því farið fram á við okkur þm. kjördæmisins, að fá lánið alt eftir gefið, en okkur þótti það fulllangt farið, fórum því fram á, að $^2/_3$ hlutar lánsins yrðu gefnir eftir, og á það félst háttv. Nd.

Hins vegar skal eg geta þess, að mig furðar, hve þessi háttv. deild er þessu máli andvíg, og eg fæ ekki séð, hverjar ástæður hennar eru gegn þessari sanngjörnu eftirgjöf.

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Eg skal geta þess, út af ræðu hæstv. landsh., að sú niðurfærsla á eftirgjöf á láni til Rangárvallasýslu, sem nefndin hefir ráðið til, alls eigi sta'ar af neinum undirróðri gegn því kjördæmi, heldur af því, að það var skoðun nefndarinnar, að tekjuhallinn á fjárlögunum væri óhæflega mikill og að það væri skylda hennar, að minka hann, svo sem unt væri; þá varð þessi lækkun einhvers staðar að koma niður og þá að sjálfsögðu á þeim liðum, sem að nefndarinnar áliti helzt máttu missa sig. *(Landshöfðingi:* Þetta minkar ekki tekjuhallann). Jú óbeinlínis, því það eykur tekjurnar.

Eg skal hins vegar játa, að það var sorglegt slys, að þessi fyrirhleðsla skyldi mislukkast svo hrapallega, en mér virðist landssjóður hafa nægjanlega látið í ljósi hluttekningu sína, með því að gefa eftir helming af láninu.

Guttormur Vigfússon: Eg býst að vísa við, að það verði til lítils að tala hér, en þó er eitt atriði, sem eg ekki vil láta hjálíða að minnast lítið eitt á, atriði, sem eg sé að talsverður skoðanamunur er um á milli þessarar deildar og háttv. Nd. Eg á við sjúkraskýlið á Brekku. Háttv. framsm. (J Jak.) tók það fram, að nefndin hefði lagt til að fella styrkinn til þessa skýlis, af þeirri ástæðu, að það mundi draga dilk á eftir sér, ef þetta fé væri veitt, því á eftir mundu þá koma beiðnir úr öllum áttum um fjarveitingar í sama augnamiði. Þetta kann nú satt að vera, en eg fyrir mitt leyti gæti ekki

talið það neitt óhapp; eg segi það ekki af því, að þessi beiðni er fyrst framkomin frá mínu kjördæmi, heldur af þeirri ástæðu, að eg álít nauðsynlegt, að þess háttar skýli komi á sem flestum stöðum, og það sem allra fyrst. Það er enginn hægðarleikur fyrir sjúklinga að ná í lækna oft og einatt, eða fyrir læknana að vitja sjúklinganna, sem er bráðnauðsynlegt að hafa þá undir hendi eða vitja daglega. Við þekkjum allir, hversu afarmiklum erfiðleikum þetta er bundið, og hversu margur hefir dáið af því, að geta ekki verið undir læknis hendi og notið stöðugrar aðhjúkrunar. Eg verð því að álíta, að það sé nauðsynlegt, að sem víðast sé sjúklingum gert mögulegt að njóta stöðugrar aðhjúkrunar læknisins, en það getur á engan hátt komist á hagkvæmar eða billegar en með því, að reist verði sjúkraskýli.

Í háttv. Nd. var gert ráð fyrir, að leggja 800 kr. til hvers sjúkraskýlis, og ef það fé þá yrði lagt til 30 læknishéraða, þá yrði sú upphæð 24 þús. kr. (*Jón Jakobsson:* Það er nú laglegur skildingur). Það er að vísu satt, en því fé álít eg einkar vel varið, því að þá væru fengin 120 rúm fyrir sjúklinga, og eg er sannfærður um, að margri einni fjárveitingu hefir verið ver varið úr landssjóði en þeirri.

Eg veit vel, að margir háttv. kaupstaðarbúar, er sitja hér á þingi, og aðrir þeir menn, sem eru á móti þessum lið frv., þekkja alt of lítið til, hvernig hagar alment til í sveitum bæði með húsakynni, tíðarfar og umferð á vetrum, þegar ómögulegt er að koma sjúklingunum frá sér og húsakynnin eru þannig, að oft er ómögulegt að veita sjúklingum þá læknishjálp, sem bráðnauðsynleg er til að bjarga lífi og heilsu. Menn fundu ekki til þessa eins mjög, meðan læknarnir voru ekki eins vel búnir undir lífsstarf sitt, og allra sízt eins öruggir að brúka hnífinn til lækninga, og þeir eru nú, og það er hart fyrir aðstandendur, að sjá ástvini sína deyja að eins vegna þess, að það vantar húsakynni, sem gera mögulegt að bjarga þeim. Eg gæti nefnt nokkur dæmi, sem eg veit um að það stóð á mannslífinu, að það fengist nægilega góð húsakynni, til þess að gera skurðarlækningu, og slík tilfelli geta allir, sem nokkuð þekkja til sveita, vitað að oft geta og hljóta að koma fyrir Það er ekki til mikils, að hafa góða lækna og vel að sér, ef þeim er ómögulegt að nota kunnáttu sína, og eg álít, að læknishjálpin, sem vér Íslendingar getum fengið nú, verði ekki að hálfum notum, fyr en búið er koma upp sjúkraskýlum á hverju læknissetri.

Jónas Jónassen: Eg get tekið undir það með háttv. þm. S.-M. (G. V.), að menn, sem greiða atkv. með að fella þenna lið, 800 kr. til sjúkraskýlis á Brekku, þeir hafa ekki gert sér ljóst, hve afarnauðsynlegt það er, að sjúkraskýli komist upp sem allra fyrst. Dæmin, sem sanna þetta, koma fyrir daglega; eg skal t. a. m. nefna það, þegar Þjóðverjana kól í Skaftafellssýslu í vetur. Læknirinn hlýtur að hafa lent í stökustu vandræðum. Það er ekki nóg, að þingið veiti fé til að launa svo og svo marga lækna, en tíma svo ekki að veita fé til þess, sem er skilyrði fyrir því, að þeir geti orðið til gagns, einkanlega þegar um eins litla upphæð og hér er að gera, og mjög flinkur læknir á í hlut.

Eg held að það væri nær að fella einhvern af óþarfaliðunum í 14. gr., en lofa þessum lið að halda sér.

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Mér þykir leitt, að ástæður þær, sem eg færði fyrir því, að fella þenna lið, virðast hafa farið fyrir ofan garð og neðan hjá hattv. 2. þm. S.-M. (G. V.) og háttv. 4. kgk. (J. J.)

Eg tók það fram, að mál þetta væri ekki undirbúið, og þó ekki sé um meiri

fjárveiting en 800 kr. að ræða í þetta skifti, þá getur það dregið dilk á eftir sér, ef öll hin læknishéruðin koma á eftir og heimta það sama. Það verða að minsta kosti 24,000 kr. og þótt það sé ekki afarhá upphæð, þá er þó ekki rétt að flana að því að kasta henni í fyrirtæki, sem er með öllu óundirbúið.

Það er t. a. m. ekkert á það minst, hver eða hverjir eigi að halda við þessum skýlum, og finst mér það eitt út af fyrir sig næg sönnun fyrir því, að mál þetta sé ótímabært vegna undirbúningsleysis.

ATKV.GR.:

Breytt. (þskj. 623) við 4. gr. 2. feld með 7 : 4 atkv. að viðh. nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
Jón Jakobsson,	Sigurður Jensson,
Guðj. Guðlaugsson,	Eiríkur Briem,
Kristján Jónsson,	Guttormur Vigfússon,
V. Guðmundsson.	Hallgr. Sveinsson,
	Jónas Jónassen,
	Júlíus Havsteen,
	Þorgrímur Þórðarson.

Breytt. (þskj. 623) við 11. gr. 11. sþ. með 6 : 4 atkv.

Breytt. (þskj. 623) við 12. gr. B. 7. sþ. með 7 : 1 atkv.

Breytt. (þskj. 623) við 12. gr. B. 8. sþ. með 7 shlj. atkv.

Breytt. (þskj. 623) við 12. gr. D. samþ. með 8 shlj. atkv.

Breytt. (þskj. 623) við 13. gr. B. VI. a. 4 sþ. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
Jón Jakobsson,	Sigurður Jensson,
Eiríkur Briem,	Guttormur Vigfússon,
Guðjón Guðlaugsson,	Jónas Jónassen,
Hallgr. Sveinsson,	Júlíus Havsteen,
Kristján Jónsson,	Þorgr. Þórðarson.
V. Guðmundsson,	

Brt. (þgskj. 623) við 13. gr. B. VI. a. 5. sþ. með 7 shlj. atkv.

Brt. (þgskj. 623) við 13. gr. B. VI. j sþ. með 8 shlj. atkv.

Brt. (þgskj. 623) við 13. gr. B. VI. þ sþ. með 7 shlj. aikv.

Brt. (þgsk. 623) við 13. gr. B. VIII. 3 sþ. með 7 shlj. atkv.

Brt. (þgskj. 623) við 14. gr. A. 3. sþ með 9 shlj. atkv.

Brt. (þgskj. 623) við 14. gr. A. 19. sþ með 9 shlj. atkv.

Brt (þgskj. 623) við 14. gr. A. 27. sþ með 6 shlj. atkv.

Brt. (þgskj. 623) við 14. gr. B. 1. c. sþ með 6 shlj. atk.

Brt. (þgskj. 623) við 14. gr. B. 15. sþ með 6 shlj. atkv.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. : e. hlj. og verður afgreitt til forseta Sþ.

Ein umr. í sameinuðu alþingi, 26. ágúst. (C. bls. 816, 847—850; atkv.skrá 852; 854.

Pétur Jónsson: Við fjárlaganefndarmenn í Nd. og nokkurir fleiri þingm. höfum leyft okkur að koma með nokkurar breyt.till. á þskj. 643, og álít eg óþarft að fara um þær mörgum orðum, því að þær hafa verið ræddar áður og gildar ástæður færðar fyrir réttmæti þeirra. Breyt.till. þessar hljóða um ágreinings-atriði í fjárl.frumv. milli Ed. og Nd. Eg held því fram, að allir liðirnir séu sanngjarnir og nauðsynlegir, en fer svo eigi um þá frekari orðum, því að eg vil stuðla að því, að umr. um þetta mál verði svo stuttar, sem hægt er.

Valtýr Guðmundsson: Enda þótt mér dyljist það eigi, að fjárlögin þetta ár séu helzt til rífleg í mörgum greinum, þá hefi eg samt komið fram með 2 brtl., sem heldur fara í þá átt að auka útgjöldin

Önnur breyt.till. er við 12. gr. A. 2. og miðar hún að því, að hækka fjárveitinguna til póstflutninga um 5000 kr., og er það ætlun mín, að þessu fé væri varið

til þess, að fá gufuskipafélagið „Thore“, til að halda uppi strandferðum hér við land, samkvæmt samningi milli þess og landsstjórnarinnar. Það tilboð, sem Sameinaða gufuskipafélagið hefir gert, er alls óaðgengilegt, þar sem það fer fram á 25,000 kr. hækkun, til að halda uppi sömu strandferðum og áður. Væri því æskilegt að losna sem fyrst frá þessu félagi, sem bindandi samningar eru gjörðir við fyrir 2 ár í einu. Virðist mér þess vegna heppilegt, að undirbúningur væri gjörður til þess að semja við aðra framvegis.

Það hefir nú komið tilboð frá félaginu „Thore“ til þingsins í sumar, en það þótti ekki ráðlegt að sinna því, og fundu menn það helzt til, að skipaferðir þessa félags reyndust eigi sem áreiðanlegastar. En þó að svo væri, að nokkur misbrestur væri á ferðum þeim, er félag þetta lætur nú fara hingað til landsins, þá er það ekki nema eðlilegt, þar sem enginn styrkur er veittur til þeirra. Fengi það aftur á móti einhvern styrk, er eg viss um, að slikt mundi lagast. Þá ber og að líta á það, að þetta félag býður ólíkt betri kosti en hitt. Þar að auki er æskilegt að hafa keppinaut, sem getur hamlað því, að alt of háar kröfur séu gerðar, og virðist mér og eigi sé sjáandi í að leggja fram þessar 5000 kr., þar sem svo mikill hagnaður er í aðra hönd. Eg skal nú sýna fram á með tölum, hve miklu betri kosti félagið „Thore“ býður. Fargjald með skipum Sameinaða gufuskipafél. er 90 kr. á 1. pl. og 60 kr. á 2. pl., milli Íslands og Kaupmannahafnar. Á beztu skipum „Thores“ er fargjald 65 kr. á 1. pl. og 40 kr. á 2. pl. Með hinum skipum félagsins enn þá minna. Lægst mun fargjaldið vera á skipum „Thores“ 50 kr. á 1. pl.

Gangi maður út frá því, að 50 manns fari landa á milli með hverri ferð, og eg veit, að margoft eru um 100 farþegar með póstskipunum, t. d. með þessari ferð „Ceres“, þá sparast í fargjald á 20 ferðum, ef 30 farþegar eru á 1. pl. 30,000 kr., en séu 20 farþegar á 2. pl. 20,000 kr. Samtals sparast þá 50,000 kr., ef þessi skip yrðu notuð. Á skipum „Thores“ er fæðið kr. 2,50, en með skipum Sam. gufuskipafél. 4,00 kr. Nú er meðalferð milli Íslands og Khafnar 12 dagar. Sparnaðurinn verður þá 18 kr. fyrir hvern farþega. og fyrir 50 farþega með áðurgreindum 20 ferðum 36,000 kr. Verður þá fargjalds- og fæðissparnaður með „Thores“ skipunum samtals 86,000 kr., og til slíks hagnaðar er ekki of mikið að verja 5000 kr. úr landssjóði, ef sá undirbúningur, sem hægt væri að gera með þessu fé, yrði til þess, að framvegis gætum vér komist inn á samninga við félag, sem býður þeim mun betri kosti.

Eg sé, að Samein.gufuskipafélagið hefir fært sig upp á skaftið í ár, þar sem það krefst þess, að farþegar séu skyldir til að kaupa fæði á 4 kr. milli hafna landsins, sem menn hafa hingað til mátt vera lausir við, ef menn vildu. Sömuleiðis hefi eg heyrt, að félagið hafi sett þau skilyrði, að engu öðru gufuskipafélagi yrði veittur styrkur til að annast póstferðir við Ísland. Get eg varla trúað því, að samgöngumálanefndin hafi gengið að þessu, enda hefði hún alls enga heimild haft til þess; það er þingið eitt, sem gat gengið inn á slíkt skilyrði. — Eg álít þetta rangt, en þó hefi eg tekið dálítið tillit til þessa í breyt.till. minni, því að þar er sagt, að styrkurinn eigi að vera veittur til strandferða og póstflutnings samkvæmt samningi milli hlutaðeigandi félags og landsstjórnarinnar. Hygg eg, að þessi styrkveiting þurfi eigi að koma í bága við þetta skilyrði, sem samgöngumálanefndin kvað hafa fallist á, og sé því eigi hægt að hamla fjárveitingunni með því að bera það fyrir.

Önnur breyt till., er eg á hér, fer fram á, að tónskáldinu Sveinb. Sveinbjarnarsyni

verði veittar 2000 kr. hvort árið til kenslu í sönglist og hljóðfæraslætti í Reykjavík. Á fjárlögunum (13. gr. B. 6. i.) hefir verið samþykt að veita styrk í þessu skyni, 400 kr. hvort árið; en sú fjárveiting er ekki miðuð við ákveðinn mann. Um undanfarin ár hefir organleikara Jónasi Helgasyni verið veitt fé til að kenna þetta. Og eg álít þess fulla þörf, að styðja að slíkri kenslu. En þá vil eg að þingið tryggi sér, að sá maður, er henni gegnir, sé verulega hæfur maður, er geti starfað til gagns og gróða fyrir sönglistina hér á landi. Þess vegna hefi eg lagt til, að Sveinbirni Sveinbjarnarsyni, sem er viðurkent tónskáld og framúrskarandi söngmentamaður, verði falinn þessi starfi. Það er enginn efi á því, að ef vér fengjum hann til að setjast hér að, þá væri það stór greiði fyrir söngmentir vorar. Hann mundi ekki einungis vekja líf og framför í sönglistinni hér á landi, heldur einnig snúa sér meir en hingað til að kompósitionum við íslenzka texta. Nú kunna sumir að segja, að þessi tillaga mín sé út í bláinn, að engin sönnun sé fyrir því, að þessi maður, sem kunnugt er um að hann lifir á Englandi við góðan orðstír, mundi vilja setjast hér að. En þá skal eg geta þess, að þessi hugmynd er fyrst komin upp í Kaupmannahöfn hjá dönskum mentamanni, er leggur stund á íslenzku. Hann vakti fyrstur máls á þessu og því næst kom upp hreyfing meðal íslenzkra stúdenta þar í þá átt, að fá Svb. Svb. til að setjast að heima á Íslandi. Síðan færði eg þetta í tal við hann sjálfan. Hann kvað það vera sína innilegustu ósk að geta horfið heim aftur. Mér datt ekki í hug, að hann væri fáanlegur til þess, nema gegn háum launum. En hann sagði, að ef þingið vildi að eins í viðurkenningarskyni veita sér svo sem 2000 kr. á ári, þá væri ekkert til fyrirstöðu af sinni hálfu, því að hann hefði nóg efni sjálfur að lifa af. Eg hefi 3 bréf í höndum frá honum sjálfum, er eg get sannað með mál mitt. Auk þess er mér kunnugt um, að hann hefir einnig skrifað hæstv. landsh. um þetta efni, því að hann getur þess í bréfi til mín. Enn fremur veit eg, að hann hefir selt hús sitt í Edinborg, og ætlar nú að flytja burt þaðan, annaðhvort til Íslands eða til Lundúna.

Ef þingið yfir höfuð vill verja nokkuru fé til eflingar sönglistarinnar hér á landi, þá getur það ekki varið því betur á annan hátt en til þess að fá þenna mann til þess að setjast hér að. Allir vita, hversu mikla hæfilegleika hann hefir til að bera fram yfir aðra hér á landi, að því er til sönglistar kemur. Og allir vita, hve afarmikla þýðingu það hefir fyrir hverja þjóð, að sönglistin sé glædd og framin. Það er hún, sem einna mest hefir hleypt lífi og þroska í lýðháskólana dönsku; þar hefir ættjarðarást og framfarahvöt verið sungin inn í æskulýðinn, því að eins og nærri má geta, eru ættjarðarkvæðin ólíkt áhrifameiri, þegar þau eru sungin undir fallegum og fjörugum lögum.

Auk þess mundi það gefa sönglist vorri meira álit út á við, að hafa annan eins mann eins og Sveinbjörn á meðal vor, sem er þektur um allan hinn mentaða heim. Hingað til hefir hann, sakir búsetu sinnar í Skotlandi, verið eignaður oss að eins að hálfu leyti. Nú getum vér fengið hann algerlega sem vorn eigin mann.

Skal eg svo ekki fara fleiri orðum um þetta efni að sinni.

Aðrar breyt.till. mínar læt eg ganga leiðar sinnar, án þess að gera þær sérstaklega að umtalsefni.

Forseti: Í þessum svifum hefir mér borist ný br.till. (þgskj. 658). Í þingsköpunum er gert ráð fyrir, að tillögum sé útbýtt prentuðum eigi síðar en í fundarbyrjun. Eg get því ekki betur séð, en að þessi till. geti því að eins komið til greina, að samþykt verði afbrigði frá

þingsköpunum af hæstv. landsh. og þinginu.

Leyft af landsh., að brt. komi til umr. Brt. feld frá umr. af þinginu með 17 : 12 atkv.

Kristján Jónsson: Eg á hér nokkurar breyt.till. á þgskj. 645, sem eg reyndar ætla ekki að fara mörgum orðum um, því að eg þóttist vita, er eg samdi þær, að þær mundu lítinn byr fá, eftir þeirri stefnu, sem ráðandi hefir verið á þinginu, enda eru þær ekki aðallega frambornar með þeirri von, að þær gangi fram, heldur til þess, að mér gæfist kostur á að greiða atkvæði um ýmsa liði fjárlaganna, sem eg tel athugaverða og álít misráðið að samþykkja. Með öðru móti gefst mér eigi kostur á að greiða atkvæði um þessa útgjaldaliði, og í efri deildinni gafst mér eigi heldur kostur á því, er suma þeirra snertir, af því að eg sat þar í fjárlaganefnd og fylgdi þeirri reglu, að gera ekki ágreining í nefndinni; en meiri hluti hennar var á því máli, að eigi skyldi hreyfa við þessum liðum.

Þessar breyt.till. mínar eru alls ekki sprotnar af því, að eg áliti þau fyrirtæki, sem þær snerta, ónauðsynleg, heldur af hinu, að eg tel þau ekki svo bráðnauðsynleg, að endilega þurfi að veita fé til þeirra á þessum fjárlögum. Eg tel þau flest eða jafnvel öll vel mega bíða um 2 ár; verði þá fé fyrir höndum, má alt af taka til íhugunar, hvort leggja skuli fram fé til þeirra.

Eg álít það mjög varhugaverða og enda háskalega stefnu, er ríkjandi hefir verið á þessu þingi, að því er fjármálin snertir. Tekjuhallinn á fjárlögunum hefir aldrei verið svo geigvænlegur sem nú, og það mun sannast við atkvæðagreiðsluna í dag, eftir þeirri þekkingu, sem maður er farinn að fá á þessu þingi og aðferð þess, að hann mun aukast enn meir við þær breyt.till., sem nú liggja fyrir. Það munu að öllum líkindum verða úrslitin, að hann nemi á fjárlögunum sjálfum yfir 400000 kr. Þegar nú þar við bætist gjaldauki sá, er leiðir af nýsamþyktum lögum og nema mun um 300000 kr., þá verður tekjuhallinn að öllu samtöldu um 700000 kr. eða þar yfir. Þessi viðaukaútgjöld, er eg drap á, eru fólgin í eða lögleidd með fjáraukalögum, fjárkláðalögum, ráðherralögum, lögum um stofnun nýrra embætta, gaddavírslögum, gagnfræðaskólalögum o. s. frv. Það vantar ekki, að samþykt hafi verið á þessu þingi lög, sem leggja nýjar byrðar á landssjóð. Og þykir mér, sem hinn nýi stjórnarbúskapur vor ætli hvorki að byrja vel né gætilega í fjárhagslegu tilliti; ef haldið yrði áfram á sama hátt, hlyti það innan skamms að leiða til hinnar mestu ófarsældar fyrir landið. Það er yfir höfuð að tala miður hyggilegt búskaparlag, að taka lán til fyrirtækja, sem eru ekki alveg nauðsynleg, sérstaklega, þegar engin arðsvon er af þeim. Líti maður á fjárlög þessa þings, þá má með sanni segja, að þar sé ekki eitt einasta fyrirtæki sett á stofn eða stutt með fjárframlagi, er sé beinlínis arðvænlegt fyrir landssjóð, og jafnvel ekki heldur eitt einasta fyrirtæki, er óbeinlínis sé arðvænlegt, með því að auka skattgreiðslu-„basis“ eða skattbært fjármagn í landinu, svo að þar af leiðandi renni meiri tekjur í landssjóð.

Það væri alt annað mál, ef um arðvænleg fyrirtæki væri að ræða; þá væri eg því ekki mótfallinn, að lagðar væru auknar byrðar á hendur alþýðunni, í von um, að það mundi endurborga sig.

Það verður og að gæta hins, að horfurnar hjá oss eru nú ekki glæsilegar að því, er almennings-fjárhag snertir. Um landbúnaðinn þarf ekki að tala, því að engar raddir eru háværari en þær, sem kvarta um, að hann liggi í kalda koli, og heyrist það ekki sízt hér á þinginu, og er þá ekki von, að hann geti borið þyngri álögur, og erfitt að réttlæta það að hrúga á hann útgjöldum á útgjöld ofan. Sjávarútvegurinn er ekki heldur í neinum veru-

legum blóma. Sé litið til landsins í heild sinni, mun það rétt hermt, að afli úr sjó hafi ekki verið þetta ár meiri en í meðallagi, að eins meðalvertíð. Þetta voru nú landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn; hvorugur þessi atvinnuvegur hleður mjög undir gjaldþol landsmanna. — En svo er þriðji þátturinn í þjóðarbúskapnum, sem verður að líta á, en það er, að landið í ár hefir orðið fyrir stórmiklum hnekki af mannflutningum í aðrar heimsálfur, sem nú hafa verið með allra mesta móti, og það úr beztu landbúnaðarsveitunum á Norðurlandi og Austurlandi. Sú blóðtaka, sem landið hefir beðið við þetta, er svo mikil, að þingmenn munu naumast hafa gert sér grein fyrir, hve mikla þýðingu hún hefir, því engin tilraun hefir verið gerð af þinginu til að stöðva þetta voðamein. Yfirleitt eru útflutningarnir til Ameríku hið voðalegasta skaðræði í nútíðarlífi þjóðar vorrar, og er því alt of lítill gaumur gefinn, bæði af þinginu og landsstjórninni.

Af þessum sökum er það, að eg hefi komið fram með brt. mínar, til þess mér gefist færi á að greiða atkv. gegn þeim fjárframlögum, sem ekki eru beint nauðsynleg, eða miður nauðsynleg eða mega bíða. Mér virðist sú stefna, er þingið nú hefir tekið í fjármálapólitík sinni, miða beint að því að gera landið gjaldþrota. Framan af gætti þingið þess lengi vel að áætla ekki tekjurnar of hátt, en nú hefir það ráð verið tekið á síðari árum, að teygja tekjurnar sem mest. Eg segi ekki, að þær séu verulega of hátt áætlaðar fyrir gott ár eða meðalár, en það er vafalaust við ákveðningu þeirra ekki gert ráð fyrir neinum óhöppum né fyrir neinum laklegum árum, því síður neyðarárum, sem vér þó megum muna, og vér getum ekki búist við því, að nokkur tekjugrein fari að verulegum mun fram úr áætlun. Þá skal eg taka það fram, að það er að mínu áliti hið mesta óráð og enda barnaskapur, að vera ár eftir ár að taka upp á fjárlögin útgjöld í þeirri vissu von, að þau komi ekki til útborgunar. En því er stundum varpað fram, að þetta og þetta muni eigi koma til útborgunar. Mér virðist þetta bera vott um alvöruleysi, er eigi sæmir fjárveitingarvaldinu.

Eg hefi sem sagt komið með þessar breyt.till., til þess að sýna atkvæði mitt, er eg gat ekki sýnt á annan hátt, og þó mér væri það auðvitað kært, að einhverjir aðrir háttv. þingm. yrðu með mér, þá er eg þó vel ánægður með að vera einn, og mun eg alt að einu óhikað greiða atkvæði mitt með breyt.till., þótt eg verði einn að standa upp með þeim.

En eg vil þó minnast sérstaklega á tvö atriði í breyt.till., af því að eg hygg, að allir hinir liðirnir hafi áður verið ræddir í annari hvorri þingdeildinni, en eg minnist þess eigi, að þessir liðir hafi komið sérstaklega til umræðu. Hið fyrra atriðið er till. um að fella niður styrk til mag. Boga Melsteðs fyrir sagnfræðisstörf hans. (*Landshöfðingi:* Það hefir komið fram áður). Það er langt frá því, að eg hafi horn í síðu þessa manns, eins og oft verður álitið, ef maður greiðir atkvæði móti einhverri persónulegri styrkveitingu hér á þinginu. Eg hefi ekkert annað en gott um hann að segja og virði vísindalegan áhuga hans mikils. En eftir að eg hefi lesið rit hans, sérstaklega hefti það, sem út er komið af ritverki því, er hann nefnir Íslendingasögu, þá þykir mér hann ekki eiga skilið vísindalega viðurkenning fyrir þetta rit, — og fyrir annað verður viðurkenningin eða styrkurinn ekki veittur. Vér höfum heldur ekki efni á því, að styrkja tvo sagnfræðinga og ef vér eigum að styrkja einn, þá virðist mér sjálfsagt, að það sé Jón Jónsson, því starf það, sem hann hefir leyst af hendi síðan síðasta þing með ritverkum og fyrirlestrum, tel eg mjög sæmilegt, til gagns fyrir oss og sóma fyrir hann sjálfan, en að hinu leytinu virðist mér, sem sagt, hin vísinda-

lega starfsemi Boga Melsteðs eigi svo vaxin, að hann verðskuldi verðlaun af opinberu fé fyrir hana. Sérstaklega er ekki ástæða til þess að veita honum styrk, ef Bókmentafélagið hefir tekið að sér útgáfu bókarinnar, því það mun borga rífleg ritlaun fyrir hana.

Hin tillagan, er eg vildi minnast á sérstaklega, er sú, að fella burt styrkinn til dráttarbrautarinnar í Reykjavík. Þetta mun ef til vill þykja undarlegt, af því eg hefi í vetur veitt samþykki mitt til þess, að þetta félag fengi 4000 kr. styrk af almenningsfé úr annari átt. Það var af fé, sem landsbankastjórnin hafði til umráða.

En eg vil ekki og mun ekki greiða atkv. með frekari styrk til þessa fyrirtækis, því eg álít, að félag það, sem stendur fyrir eða bak við fyrirtækið, hið volduga Útgerðarmannafélag hér í Reykjavík, þurfi þess ekki, að þingið leggi út þetta fé til að koma fyrirtækinu í framkvæmd. Mér er ekki ljúft að segja þetta, af því eg veit, að háttv. vini mínum, þm. Rvk. (Tr. G.), er þetta mikið áhugamál, en eg álít það mjög athugavert mál, að kasta út svo miklu fé til þessa fyrirtækis, eins og því er nú komið. Það væri annað mál, að veita félaginu nokkurn styrk í viðurkenningarskyni, þegar það væri búið að koma dráttarbrautinni upp, svo að hún væri til gagns. En það er, sem eg hafi nokkurn ugg eða grun um það, að það eigi nokkuð langt í land, áður en þetta fyrirtæki verður að verulegum notum, enda hafa vaknað hjá mér talsverðar efasemdir um það, hvort það hafi verið rétt stofnað með fyrstu, og hefi eg þó fylgt því með nokkurri athygli frá upphafi þess, en hvort þetta er á réttum rökum bygt, skal eg nú ekkert um segja frekar.

Eg vona nú, að allir háttv. þingmenn skilji það, að þessar breyt.till. mínar eru aðallega bornar fram til þess, að eg geti látið í ljósi þann vilja minn, að landsbúskapurinn haldi áfram í góðu horfi, hyggilega og gætilega, eins og framan af var. Mér finst, að inn á síðustu þingin hafi komist ný og verri stefna í fjármálum vorum en áður var, því áður var fjárhag landsins vel stjórnað, að mínu áliti. En nú verður annað uppi á teningnum, ef haldið verður áfram þeirri aðferð, er þetta þing hefir tekið upp á. Hið fyrsta áhugamál vort á að vera það, að vera sjálfbjarga, en það verðum vér ekki með því að eyða öllu því fé, sem safnað hefir verið að undanförnu. Fyrst fer peningaforði landssjóðs, „kassebeholdningen“, svo etum við upp viðlagasjóðinn smátt og smátt, og nú er verið að gera alvarlega tilraun til að eta upp þjóðjarðirnar, stofnfé landssjóðsins, en fyrir heppilega rás viðburðanna er það nú stöðvað *(Klemens Jónsson:* Fyrir óheppilega rás viðburðanna og seinlæti Ed.) Eg bið þingið alvarlega að íhuga það, að vér erum komnir á þann rekspöl, að eta upp þá viðlagasjóði, sem vér eigum, en sem vér ættum ekki að skerða, heldur auka eftir mætti, ef vér viljum kallast góðir búhöldar og greindir fjármálamenn.

Þórhallur Bjarnarson: Næst á eftir úrfellingarununni frá háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.), sem nú settist niður, er lengsta rollan hjá mér og háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) á þskj. 647, sem fer fram á, að 8 liðir falli burt í 14. gr. A. Meðflutningsmaður minn, háttv. 1. þm Húnv. (H. J.), biður mig þó að geta þess, að hann er ekki samdóma mér að því, er einn liðinn snertir, sem fram mun koma við atkvæðagr.

Eg lít nokkuð öðru vísi á þetta mál en háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) og er ekki eins hræddur og hann við þessar stóru upphæðir, og þótt eitthvað sé gengið á viðlagasjóðinn, þá vona eg samt, að það þurfi ekki að stofna okkur í neinar ógöngur, og að geta vor fari vaxandi og tekjuhallinn verði langt frá svo stór að

lokum, og hann nú er á pappírnum. En eg er hræddari við annað, og það er að sjá, hve halinn er nú orðinn langur á 14. gr., sem var skift í tvent í hitt eð fyrra og lengist og lengist í báðum liðum. Eg er ekki nærri því eins hræddur við, að 14. gr. sem næst tvöfaldast að upphæð frá því, sem hún var 1901, því að inn á hana eru komnar stórar, nýjar og bráðnauðsynlegar fjárveitingar undir B flokkinn „til verklegra fyrirtækja", eins og að sjá liðafjöldann undir A,, því að hann er sannarlega ekki skemtilegur, þar sem við nú hoppum úr 23 liðum 1901 upp í 34.

Þar sem við á þgskj. 647 höfum vegið að nokkrum liðum, þá er það styrkur til einstakra manna, þar sem þeirra ýmist gerist eigi þörf, eða það er fyrirsjáanlegt, að þeir muni ekki bera neina verulega ávexti fyrir landið, og skal eg ekki lengja umræðurnar um það, með því að fara mörgum orðum um þá, en samt get eg ekki komist hjá að víkja lítið eitt að hverjum einstökum.

Fyrst og fremst höfum við þá farið fram á, að strika út styrkinn til beggja skáldanna, Guðmundar Guðmundssonar og Guðmundar Magnússonar, og verð eg að segja, að mér ofbýður að sjá fjárlögin fara út úr þinginu með allan þenna skáldastyrk, fimm skáld, launuð úr landssjóði! Þetta land vantar annað fremur en skáld, og hér er þó verið að veita fé að allega til að bæta úr þörfunum. Skáldastyrkur var fyrir á fjárlögunum og við það átti að sitja og sízt að bæta við, og um leið vil eg geta þess, að eg átti engan þátt í því, að skáldin, sem fyrir eru, voru sett inn á fjárlögin, en það er nokkuru öðru máli að gegna um menn, sem einu sinni eru komnir inn á fjárlögin, því að þá er það altaf leiðinlegt að kippa að sér hendinni. Eg fyrir mitt leyti ber ekki við, að gera upp á milli þessara tveggja skálda, sem nú eiga að bætast við, en eg get þó ekki neitað því, að á minn smekk er sá af þeim fremri, sem örðugra hefir átt uppdráttar; en eg vona fastlega, að báðum þessum mönnum verði létt af fjárlögunum; nóg er eftir samt af ýmsu tagi.

Þá kem eg að næsta liðnum, sem fer fram á að strika út styrkinn til Lúðrafélags Reykjavíkur, og finst mér það standa næst bæjarfélagi Reykjavíkur, að leggja fé í lúðrana, þar sem lúðrarnir eru eign bæjarins, en þinginu gersamlega óviðkomandi. Því þá ekki að veita bæjarsjóði Reykjavíkur?! Eg veit ekki betur en, að sams konar félög séu á Ísafirði og Akureyri, og þekki eg þá illa Svein, ef þau félög verða ekki líka sett inn á fjárlögin næst, að minsta kosti Lúðrafélagið á Akureyri.

Eg skal fúslega játa, að þessir menn eru maklegir launa fyrir að skemta bæjarmönnum; en þetta er beint bæjarmál. Eg lít alt öðruvísi á þenna styrk, en styrkinn til Leikfélags Reykjavíkur, því að Leikfélagið er listafélag fyrir alt landið; mér er það hreinasta ráðgáta, hvernig þessi styrkur til Lúðrafélagsins er kominn inn, og veit ekki til, að þm. Reykvíkinga hafi flutt þetta mál hér á þingi, eða þingmenn úr Reykjavík hafi sérstaklega stutt það. Og svo er þetta svo kátlegt, að leggja kvöð á bæjarfélagið, þegar það hefir ekki í minsta máta óskað þessa styrks. Sem sagt, fjárveitingin er alveg fráleit.

Þá kem eg að næsta lið, sem er styrkurinn til Stefáns Björnssonar til þess að læra teikning og skólaiðnað, og mætti þar núa mér því um nasir, að sá liður hefði verið tekinn upp af fjárlaganefnd Nd., en eg skal um leið taka það fram, að það var ekki með mínum góða vilja, að sá liður var settur inn á fjárlögin. Orsökin til þess, að þessi maður var settur inn á fjárlögin, var sú, að það hét svo, að hann ætti að verða tímakennari við hinn fyrirhugaða gagnfræðaskóla á Akureyri, en í

gær segir mér gagnkunnugur og skilorður þm. af þeim slóðum, að annar maður sé þar fyrir til þess starfa, og Stefán verði vart notaður, og þá á þetta að falla burt, því að það er bygt á röngum upplýsingum.

Að því er snertir næsta liðinn, nefnilega að styrkurinn til stud. jur. Sigfúsar Einarssonar falli burt, þá hefi eg fengið ákúrur hjá sumum samþingismönnum mínum fyrir að koma fram með tillögu um að fella þenna lið burt, og skil eg það svo, að háttv. þingmenn hafi sérstaklega góða trú á þessum manni; en það höfðu líka þingmennirnir hér á árunum, þegar þeir samþyktu sams konar styrkveitingu handa konu til að fullkomna sig í söng-list og söngkenslu, án þess að nokkur minsti ávöxtur yrði af því. Þegar um þess konar styrkveitingar er að ræða, þá hættir þingmönnum við að festa augun of mikið við elskulega framkomu, fátækt eða þarfir styrkbeiðenda; en það er annað, sem væri gott að þingmenn vildu festa augun betur við, nefnilega alla þá rollu af styrkbeiðnum, sem af slíku tagi hafa komið og enginn minsti ávöxtur hefir fengist af. Það væri ekki illa til fallið, að skrifstofustjóri byggi út rollu frá seinustu 10 þingum. og hún hengi hérna í salnum, þegar á liði þingtímann, þar sem í fremsta dálkinn væri ritað nafn styrkþiggjanda, í miðdálkinn upphæðin og í aftasta dálkinn árangurinn eða ávöxturinn af styrkveitingunum. Eg er hræddur um, að eyðurnar yrðu nokkuð margar í aftasta dálki.

Næsti liðurinn er styrkurinn til Halldórs Lárussonar til að kenna hraðritun. Hraðritun er góð list, en eg hefi ekki orðið var við neinn árangur af þeim styrk, frá því hann var settur inn á fjárlögin. Þegar þetta kom fyrst til, vildi eg hafa styrkinn svo, að þessi maður fengi góða borgun ávísaða af forsetum þingsins fyrir þá menn, sem hann hefði gert færa til hraðritunar fyrir þingið. Í því var meining. En hafi einhverjir lærisveinar verið hjá þessum manni, þá hefir ekkert framhald orðið á því til gagns, og er þetta því og verður ein ávaxtalausa fjarveitingin.

Þá er 400 kr. styrkurinn til hvors þeirra Karls Finnbogasonar og Sigurðar Sigurðssonar til að ljúka námi við Blaagaards Seminarium í Kaupmannahöfn. Að vísu heyri eg sagt, að þetta séu góðir, efnilegir menn, en eg álít of smávægilegt að veita slíkan styrk, enda skildist mér í fjárlaganefnd, að þeir mundu geta lokið námi sínu án hans. Sama er að segja um styrkinn til vitfirtu stúlkunnar, að eg álít hann alt of smávægilegan, auk þess sem hann er beint styrkur til sveitar viðkomandi; þó nenti eg ekki að gera breyt.till., af því að þetta minnir oss á þjóðfélagsskylduna við slíka aumingja. Meðan engin stofnun er fyrir þá hjá oss, væri vísast rétt, að stjórnin hefði dálitla upphæð til að hlaupa undir bagga með sveitunum til að senda þá út úr landinu.

Loks kem eg að 34. liðnum, styrknum til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til að semja íslenzk-danska orðabók, 500 kr. hvort árið. Hér stendur auðvitað nokkuð öðruvísi á, þar sem um styrk er að ræða fyrir ákveðið verk; en eg álít samt, að það eigi að vera án tilhlutunar af fjárlögunum; verkið er styrkt utan lands og bókin kemur út, hvort sem þingið styrkir það eða ekki, og fyrirtækið er ekki óarðvænlegt, svo að útgefandi fæst.

Mér finst, að þm. yfir höfuð, og einkum háttv. samdeildarmenn mínir, hafi verið of góðir á að segja „já“; að vísu á eg sjálfur bágt með að segja nei við sumu, svo sem við fjárveitingum til brúa eða annara verklegra fyrirtækja, sérstaklega er héruðin vilja mikið á sig leggja á móti; en eg á ákaflega gott með að segja nei við hinum og þessum smápóst-

um eða bónakvabbi einstakra manna, og það er það góða, að þegar maður er kunnur að því, að segja sitt nei í þingsalnum, er maður laus við að þurfa að vera að segja það utan þings; maður er látinn í friði.

Með því að segja þetta litla orð „já“, gengur altaf dálítið út úr vösum landsmanna, og það er oft ekki síður varið í sparnað í því smáa en í því stóra. Menn bera hér fram góðar vonir til hinnar nýju stjórnar, og eg vona nú í vertíðarlokin sérstaklega, að hún haldi fastar um fjárlögin, velji úr það nauðsynlegasta og hafi nóg fylgi til þess að láta ekki alt reka á reiðanum með það, hverju demt verði inn á fjárlög með ýmsu móti; og eg vona líka, að þeir háttv. þingmenn, sem áður hafa verið svo fúsir á að segja já við mörgu og alt of mörgu á fjárlögunum, bregðist nú ekki með jáið sitt, þegar kemur að þskj. 647. Við þeim breyt.till. er óhætt að segja já.

Júlíus Havsteen: Eg vil leyfa mér að gera fáeinar athugasemdir við tillögu háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) um að strika út styrkinn til Halldórs Lárussonar, til þess að kenna hraðritun. Eg held, að háttv. þm. hafi eigi íhugað, hvaða þýðingu það hefir að kunna þessa ment, því að hann bygði á því, að hraðritun að eins væri notuð eða kæmi að haldi á þingum, en þýðing hennar nær langt um lengra. Það er alment viðurkent um allan hinn mentaða heim, að menn þurfi að læra þessa ment; og hún er kend í öllum verzlunarskólum, og það er ekki að eins álitið, að verzlunarmenn þurfi að læra hana, heldur líka blaðamenn, og yfir höfuð allir þeir, sem vilja fylgjast með því, sem fram fer á opinberum fundum, þar sem ræðuhöld fara fram; hér er því um kenslu að ræða í þeirri grein, sem menn þurfa að læra og sem getur borið ávöxt. Eg álít, að það sé bæði gott og gagnlegt að hafa íslenzkan mann, sem geti kent íslenzka hraðritun, því að þessi ment er bundin við hvert einstakt mál. Það er ekki til neins að fá danskan, enskan eða þýskan mann, til þess að kenna okkur hraðritun; eg fyrir mitt leyti mun því greiða atkvæði með því, að þessi styrkur verði veittur, og vona að hann verði samþyktur.

Að því er snertir breyt.till. háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) á þskj. 646 viðvíkjandi 2000 kr. fjárveitingu til tónskáldsins Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar, þá skal eg að eins geta þess, að ekkert mundi gleðja mig meira, en að hann settist að hér á landi, svo að við gætum fengið að njóta hans til fulls; en eg get ekki séð, að þar fyrir þurfi að falla niður sá litli styrkur, sem ætlaður er til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vona eg því, að sá liður fái að standa eftir sem áður, hvort sem aðalbreyt.till. verður samþ. eða ekki.

Björn Kristjánsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með litla breyt.till. á þskj. 654, og er hún fram komin af því, að háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) hefir komið fram með breyt.till. líks efnis á þskj. 647.

Satt að segja hafði eg ekki búist við, að hreyft yrði við þessum lið nú í sameinuðu þingi, þar sem þessi styrkveiting hafði gengið þegjandi og hljóðalaust gegn um báðar deildir þingsins, og á eg hér við styrkinn til Sigfúsar Einarssonar, til þess að fullkomna sig í tónfræði og söng; en af því að breyt.till. kom fram, um að fella þenna styrk, þá hefi eg leyft mér að koma fram með breyt.till. um að fella burtu líka styrkinn til séra Bjarna Þorsteinssonar til þess að fullkomna söfnun íslenzkra þjóðlaga í Kaupmannahöfn. Það væri sannarlega ranglátt, að veita séra Bjarna þenna styrk, en synja hinum um styrkinn.

Eg lýsti því við 2. umr. fjárlaganna í Nd., hvernig styrk þessum væri varið, og að hann gæti alls ekki komið að tilætl-

uðum notum, bæði af því að hann væri of lítill, og af því að ekki væri hægt að safna íslenzkum þjóðlögum, nema því að eins, að maðurinn ferðaðist um landið og setti lögin sjálfur á nótur; en þingið hefir haldið, að þess þyrfti ekki við, en að það mætti safna þessum lögum, eins og þegar menn taka afskrift af skjölum, sem maður geti látið hina og þessa gera.

Eg skal taka það fram, að þessi maður hefir ekki ferðast fyrir 1000 kr. styrk þann, sem honum var veittur 1897, heldur hefir hann orðið að nota sér óhæfari menn til þess að safna þessum íslenzku lögum; enda sýnir það sig, að árangurinn er tortryggilega mikill, þar sem hann segist hafa safnað c. 600 þjóðlögum, og efast eg um, að það séu íslenzk þjóðlög að helmingnum til. Nú er farið fram á, að veita þessum manni styrk til að ferðast til K.hafnar til þess að safna íslenzkum þjóðlögum, en eg hefi bent á, að það mætti gera þetta á annan hátt. Annars skal eg ekki gera þessa breytt. mína að neinu kappsmáli, ef ekki verður raskað við styrknum til Sigfúsar Einarssonar. Eg heyrði á ræðu háttv. þm. Borgf. (Þ. B.), að honum væri ekki kappsmál með sína breytt., en þar sem hann tók það fram, að þingmenn hefðu oft ástæðulitla trú á mönnum, sem þeir styddu með styrkveitingum, eins og þeirri, sem her ræðir um, þá skal eg benda honum á, að hér stendur alt öðruvísi á en með stúlku þá, er hann átti við og sem veittur var styrkur af alþingi til þess að læra sönglist, því að hún var alveg óreynd, eins og margir fleiri, er styrks njóta, og af því að svo var, þá er ekki hægt að bera hana saman við þann mann, sem hér ræðir um, því að sá, sem hefir lesið meðmæli Sigfúsar Einarssonar, hlýtur að sjá, að hann er töluvert reyndur í sinni ment, enda hefir hann lagt stund á hana í 5 ár samtímis með lögfræðisnámi sínu. Það lítur annars út fyrir, að menn haldi alment, að menn geti lært tónfræði, eins og reikningslist eða hvað annað; en það er mesti misskilningur; sjálfa tónfræðina getur maður lesið á einum degi, litið á sjálfa grindina, sem smíða á utan um, en slíkur lestur út af fyrir sig er harla þýðingarlaus; það, sem menn verða að læra að því, er 'harmonium'-fræði snertir, er að ala upp eyrað, og til þess þarf mörg, 5—10, ár, og það er þessi maður þegar búinn að læra í 5 ár, og það höfum við mesta þörf á að læra. Hins vegar þarf maður líka að kunna að nota röddina sjálfur og kenna öðrum að beita henni, sem hann einnig hefir lært. Af þeim ástæðum, sem eg nú hefi tekið fram, verð eg að leggja það til, að þingið samþykki styrkveitinguna til þessa manns; en ef hann verður feldur, þá álít eg sjálfsagt að fella styrkinn til síra Bjarna Þorsteinssonar, því að þótt hann fullkomnaði söfnun íslenzkra þjóðlaga og gæfi þau út á prenti, þá efast eg stórlega um, að margir söngvinir notuðu þá bók.

Þá vildi eg að eins víkja fáum orðum að breytt. háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) á þskj. 646 viðvíkjandi fjárveitingunni til tónskáldsins Sveinbj. Sveinbjörnssonar, og skal eg taka það fram, að eg er alveg á sömu skoðun, og háttv. sami þm. um, að nauðsynlegt sé að fá þenna mann inn í landið, til þess að kenna hér sönglist og hljóðfæraslátt, en eins og háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) tók fram, þá álít eg, að þó sá styrkur yrði samþyktur, þá eigi samt þessi litli styrkur til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík að halda sér.

Viðvíkjandi breytt. á þskj. 643 við 14. gr. B. 15. um styrkinn til mótorvagnsins, þá skal eg láta þess getið, að eg verð að halda fram sömu skoðun og áður um það, að þannig lagaður skilyrðislaus styrkur sé svo ómótíveraður, að eigi sé ástæða til að samþykkja hann.

Lárus H. Bjarnason: Eg stend upp

nánast sem framsögumaður samgöngumálanefndarinnar, til þess að bera blak af henni. Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) fann þeirri nefnd það til foráttu, að hún hefði verið heldur lin í viðureigninni við erindreka Hins sameinaða gufuskipafélags. H. þm. (V. G.) fann meðal annars að því, að nefndin hefði samþykt það, að farþegum væri gert það að skyldu að kaupa fæði á skipum félagsins á ferðum þeirra hafna á milli hér við land. En einkum hafði hann þó út á það að setja, að nefndin hefði gengið inn á það, að engum öðrum skyldi veittur styrkur úr landssjóði til að halda uppi gufuskipaferðum hér. Eg get verið fáorður um þessar aðfinslur h. þm. (V. G.), því að þær hafa ekki við rök að styðjast. Af nefndaráliti samgöngumálanefndarinnar má sjá, að hendur þingsins eru að engu leyti bundnar í þessu, og eg vona, að h. þm. (V. G.) sjái, er hann fer að hugsa sig um, að hér er um ekkert glapræði að ræða af hálfu samgöngumálanefndarinnar, ekki einu sinni um nokkuð misjafnt; og þó svo hefði verið, að nefndin hefði að einhverju leyti gert sig seka, þá bitnaði sú sök ekki á henni einni, heldur á þinginu öllu, og þar á meðal á háttv. þm. (V. G.). Eða því hefir hann ekki komið fram með brt., og því hefir hann og þingið samþykt 12. gr. C. 1 athugasemdalaust? Annars get eg upplýst þingmanninn um, að skyldan til að kaupa fæði nær að eins til farþega á 1. farrými á millilandaskipunum og að ekki var vikið að því með einu orði í samgöngumálanefndinni, að Sameinaða félagið hefði einkarétt til ferðanna. Eg kannast annars við, að vel mætti veita gufuskipafélaginu „Thore“ styrk vegna samninganna við hið Sameinaða gufuskipafélag, væri styrkveitingin bundin við millihafnaferðir.

Þá vildi eg víkja nokkurum orðum að ræðu h. 3. kgk. þm. (Kr. J.). Það var margt satt og rétt í henni. En þó get eg ekki neitað því, að mér þótti kynlegt að annar eins „framsóknarmaður“ skyldi prédika svo freklega sparnað og frestun framkvæmda á fyrirtækjum, að hann skyldi veifa svo mjög tekjuhallanum sem grýlu framan í þingið. H. þm. (Kr. J.) gætti þess ekki, að meiri hluti tekjuhallans er að kenna fjárveitingum, sem búast má við að ekki gangi aftur. Þannig á nú að veita 50000 kr. til Jökulsárbrúarinnar, 40000 kr. til Lagarfljótsbrúarinnar, 94000 kr. til útrýmingar fjárkláðans. Þetta eru samtals 184000 kr. Þegar svo þar við bætist. að við því má búast, að eigi komi til útborgunar á fjárhagstímabilinu styrkurinn til ritsímalagningarinnar samtals 70,000 kr., þá fara framtíðarhorfurnar ekki að verða svo iskyggilegar.

Það þótti mér annars kynlegt, að háttv. þm. (Kr. J.) beindist í ræðu sinni jafnt að framfærafyrirtækjunum, og hinum, sem kalla má glingursfyrirtæki og bitlinga. Eg skil meðal annars ekki í því, hvers vegna háttv. þm. (Kr. J.) virtist svo mikið áhugamál., að fá numinn úr fjárlögunum styrkinn til dráttbrautar hér í Rvík, til skipakvíar við Eyjafjörð og til stórskipabryggju í Stykkishólmi; þessar styrkveitingar getur háttv. þm. þó varla kallað ónauðsynlegar.

Mig furðar það stórum, að þeir framfaramennirnir, háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) og háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.), skuli gera svo mikið úr tekjuhallanum. Þeir mega þó vita það, að framfarir kosta peninga, ef það eiga að vera annað og meira en framfarir í orði. Hitt get eg betur skilið, að háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) vill slá öllu þessu á frest; það er ekki ný lífsregla hjá honum. Þótt eg geti ekki fylgt h. þm. (Kr. J.) í því að eyða framfarafyrirtækjunum, þá get eg verið honum sammála í því að skera niður að miklu hinar persónulegu styrkveitingar, einkum skáldastyrkinn. Það hefir hingað til verið talin góð og gild lífsregla, að fyrst bæri að afla hins nauðsynlega, en láta

glingrið sitja á hakanum. Þessi lífsregla er líka viðurkend meðal einstaklinganna. Það er hlegið að uppskafningunum, sem ganga horaðir í slitnum görmum en með hring á öðrum hverjum fingri, en hún á engu síður við fátæku þjóðina. Vér þingmenn hefðum gott af að hafa þessa reglu hugfasta, þegar vér eigum að greiða atkvæði um skáldastyrkina á fjárlögunum. Mér virðist hér vera verið að troða upp á þjóðina 5 hringum, og það verð eg að segja, að mér er ekki mikið um hringastáss gefið, einkum ef hringarnir eru þá ekki allir ekta, og um þessa hringa er ekki of mikið sagt, þótt sagt sé, að vér eigum aðra betri í eigu okkar en suma af þeim. Helzt hefði styrkurinn til allra þessara skálda átt að vera strikaður út, nema skáldlaunin eða eftirlaunin til Matthíasar Jochumssonar, og ef til vill styrkurinn til Þorsteins Erlingssonar; og þessi skáldastyrkur vor er því hlægilegri, þegar vér lítum til annara þjóða, t. d. til Dana, sem eru framt að 40 sinnum fleiri en vér, og sjálfsagt miklu meira en 40 sinnum ríkari; þeir veita að eins tveim skáldum sínum skáldastyrk á sínum fjárlögum. En það er ekki að eins hlægilegt að ganga inn á þetta óektahringa-princíp; það er líka hættulegt, það er hætt við, að þessir hringar muni líkjast Draupni í því að fæða af sér 9 aðra hringa og þá færi nú skörin að færast upp í bekkinn.

Eg hafði hugsað mér að koma fram með tillögu um að nema burt styrkinn til allra skáldanna, nema Matthíasar, eða þá til vara, að öllum skáldum vorum væru veitt skáldalaun, en eg hætti við það, því að eg bjóst ekki við, að hún mundi fá byr í þinginu, en eg greiði að sjálfsögðu atkvæði með því, að Guðmundarnir verði feldir úr.

Stefán Stefánsson: Eg óska þess, að eigi þyrfti hér á þingi að halda hrókaræður um einstaka menn; eg óska, að aftur verði tekin upp gamla reglan, að fá stjórninni nokkurt fé til umráða til þessa, svo að þingið þyrfti ekki að vera að hafa einstöku menn milli tannanna. Það er neyðarbrauð fyrir heiðvirða og sómakæra menn að sækja um fjárstyrk til þingsins, því að þeir mega búast við að verða lagðir í einelti, oftast af persónulegum ástæðum. Eg hefði nú ekki staðið upp, ef h. 1. þm. G.-K. (Bj. Kr.) hefði eigi neytt mig til þess með ræðu sinni og tillögu um það, að fella burtu 1000 kr. styrkinn til séra Bjarna Þorsteinssonar. Þessi liður hefir alt af staðið óhaggaður frá því fjárlaganefndin tók hann upp og neðri deild samþykti hann. Styrkur þessi á að vera til þess að fullkomna og ljúka við mjög merkilegt safn, sem séra Bjarni hefir um mörg ár unnið að með mestu elju, en til þessa þarf hann að sigla til Kaupmannahafnar, til þess að rannsaka þar handrit og afskrifa. Það var rætt töluvert um styrk þenna við 2. umr. í Nd. af sama manni, sem nú hefir tekið hann fyrir. Þá hélt hann því fram, að 1000 kr. væru óþarflega há styrkveiting til starfs þessa, en kom þó ekki með brt. um að lækka styrkinn. Nú hefir hann aftur á móti komið með brt. í þá átt, að færa styrkinn niður í 100 kr. Þetta er því undarlegra, sem háttv. þm. (Bj. Kr.) var annað veifið að tala um, að 1000 kr. styrkurinn væri of lágur. Þetta alt sýnir, hve ráð h. þm. (Bj. Kr.) er á reiki í máli þessu. Eg reyndi við 2. umr. í Nd. að fara mjög varkárlegum og lofsamlegum orðum um h. þm. (Bj. Kr.), af því að eg heyrði, að hann mundi bera miklu meira skyn á þetta mál en eg. En brt. hans ber vott um, að maðurinn hefir litla hugmynd um, hvað hann er að fara með, þar sem hann stingur upp á, að veita einar 100 kr. til að afskrifa íslenzk þjóðlög í Kaupmannahöfn. Það er auðséð, að hann heldur að þetta sé mjög auðunnið verk, sem hver og einn geti leyst af hendi. En eg get frætt h. þm. (Bj. Kr.) um, að það er langt frá, að

svo sé; verkið er afarvandasamt, og ekki nema einstöku manna meðfæri. Hin gömlu lög eru rituð með alt öðrum nótum en nú tíðkast, og þarf samfara góðri söngfræðisþekkingu mikla sérmentun til að geta afritað lög þessi, svo rétt sé. Það á í raun og veru miklu betur við að kalla það verk þýðing en afritan. Þetta starf útheimtir svo mikla sérþekkingu, að jafnvel góðir söngfræðingar geta ekki lesið fornu lögin. Eg hefi fengið glöggar og áreiðanlegar upplýsingar um þetta nú fyrir skömmu. Dr. Jón Þorkelsson yngri hefir getið um eitt mjög merkilegt handrit í safni Árna Magnússonar, sem á eru ritaðar Þorlákstíðir. Til þess að afrita þetta eina handrit, mundi ekki veita af mörgum vikum fyrir vel æfðan sérfræðing; um aðra væri ekki að tala. Textinn við lög þessi er á latínu og bundinn mjög, svo að eigi ráða aðrir fram úr honum en góðir latínumenn. Nú vill svo heppilega til, að séra Bjarni Þorsteinsson er, jafnframt því að vera söngfræðingur og manna fróðastur um forna nótnaskrift, einn af vorum beztu latínumönnum, og hefir þegar fengist allmikið við þessa bundnu miðaldalatínu.

Eg vona, að mönnum skiljist af þessu, að það sé allsendis rangt hjá háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), er hann heldur því fram, að það megi fá einhvern íslenzkan stúdent til að vinna verk þetta, og eg þykist hafa sýnt fram á, hvílík fjarstæða breyt.till. háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) er, með svo ljósum rökum, að eg skil ekki í, að nokkur háttv. þm. verði til þess að fallast á hana. Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði, að séra Bjarni Þorsteinsson hefði áður fengið oflitinn styrk til að leysa af hendi verk sitt. Þetta er satt, að í sjálfu sér hefir styrkurinn verið alt of lítill, en hann hefir verið svo óvenjulega vel notaður, að hann hefir fyrir þá sök komið að verulegu haldi. Það er ekki satt, að hann hafi látið aðra eingöngu safna fyrir sig íslenzkum þjóðlög um; sjálfur hefir hann safnað miklu a þeim, og að öðru leyti stendur han mjög vel að vígi með að fá safnað því sem hann nær ekki til sjálfur, á sen tryggilegastan hátt, því að hann stendu í sambandi við söngfróða menn um lan alt.

Það er komin fram tillaga um, að fell niður styrkinn til tveggja ungra og efni legra Íslendinga, sem stunda nám á kenn araskóla í Kaupmannahöfn. Mér þyki það undarlegt, að maðurinn, sem mest be fyrir brjósti stofnun kennaraskóla hér landi, skuli leggja það til, að feldur se niður styrkurinn til þessara tveggja efni legu manna, nú eftir að kennarskólinn hefir verið sæfður í háttv. Ed. Það ga verið skiljanlegt, þótt hann hefði borið fram tillögu þessa, ef kennaraskólinn hefði komist á í þeirri mynd, sem til va ætlast, en fyrst nú er útséð um það, að engin fullnægjandi kennarafræðsla verður hér á landi næsta fjárhagstímabil, þá skil eg ekki í, hvað komið hefir háttv. þm. Borgf (Þ. B.) til að koma fram með tillögu þessa. Það get eg sagt háttv. þm. Borgf. (Þ. B.), að eg er alls eigi hræddur við, að segja nei við nokkurri þeirri fjárveitingu, sem eg tel eigi réttmæta. Það er ekki til neins fyrir háttv, þm. (Þ. B.) að gefa þetta í skyn, en það játa eg, að nokkuð hafa nei háttv. þm. sjálfs komið dræmt stundum.

Þá sný eg mér að tillögunni um, að nema burt styrkinn til Stefáns Björnssonar frá Borgum. Þetta er ein af þeim styrkveitingum, sem óhögguð hefir staðið, síðan fjárlaganefndin, og þar á meðal flutningsm. breyt.till. (Þ. B.), tók hana upp. (*Þórhallur Bjarnarson:* Breyt.till. er bygð á nýjum upplýsingum). Eg veit, að háttv. þm. Borgf. (Þ. B.), muni eiga við mig, þar sem um eldri upplýsingarnar er að tala, því að eg skaut því fram á fjárlaganefndarfundi, að við þyrftum að fá

kennara í slöid og teikningu við Akureyrarskólann. Þetta finst háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) nú vera rangt. En hvað hefir hann svo fyrir sér? Getur hann bent á nokkurn mann á Norðurlandi, sem sé fær um að kenna slöid, og getur hann bent þar á mann, sem lært hafi teikningu svo, að hann sé fær um að kenna hana frá sér í skólum? Fyrri en hann getur þetta, hefir hann ekki heimild til að segja, að hann hafi fengið nýjar upplýsingar, gagnstæðar upplýsingum mínum. Eg veit, að því muni hafa verið slegið fram, að á Akureyri sé maður, sem kent hafi teikning í barnaskólanum þar, og að þessi maður muni geta tekið að sér teiknikensluna í gagnfræðaskólanum. Eg játa það, að maður sá, sem hér er átt við, er furðu vel að sér í teikningu og það fram yfir vonir, þegar þess er gætt, að hann hefir ekki numið hana af öðrum. En vér þurfum að fá mann, sem reglulega hefir lært teikning, og auk þess vantar með öllu slöidkennara. Mig furðar það stórum, að háttv. þm. Borgf. (Þ. B.), sem er svo öflugur meðhaldsmaður slöidsins, og sem vill, að Stefáni Eirikssyni sé veittur styrkur til að fullkomna sig í slöidkunnáttu, skuli vera á móti því, að þessum manni, sem er lærisveinn Stefáns og því getur varla staðið honum framar, skuli einnig veittur styrkur í sama skyni, þar sem búast má við, að full þörf muni vera á að hagnýta sér kunnáttu hans hér á landi, er hann hefir lokið náminu.

Stefán Björnsson hefir bæði beztu meðmæli, og fjárlaganefndin hefir átt kost á að sjá eftir hann bæði útskurð og teikning, sem hvorttveggja ber vott um mjög góða hæfileika, svo að ekki er hætt við því, að styrkurinn til hans muni ekki geta komið að góðu haldi, þar sem hann hefir til að bera bæði góða hæfileika, og hefir þegar fengið mjög góðan undirbúning.

Eg mundi líklega ekki hafa minst á þetta, ef eg hefði ekki skoðað orð háttv. þm. Borgf (Þ. B.) sem brigzl til mín, fyrir að hafa gefið fjárlaganefndinni rangar upplýsingar. En eg stend við það, að enginn maður á Norðurlandi se fær um að taka að sér teiknikenslu og slöidkenslu við gagnfræðaskólann á Akureyri.

Skúli Thoroddsen: Eg ætla fyrst að minnast á breyt.till. mína á þskj. 641, að læknisekkju Magneu Ásgeirsson séu veittar 200 kr. á ári í eftirlaun. Það hafa komið fram á þessu þingi umsóknir frá tveim prestsekkjum um sams konar styrk, og svo frá ekkju þessari. Þessum umsóknum hefir verið ráðið svo undarlega til lykta, að prestsekkjunum hefir báðum verið veitt úrlausn, á þann veg, að fé það, sem ætlað er til viðbótar við eftirlaun þau, sem fátækir prestar og prestsekkjur fá, var hækkað einmitt í því skyni, að prestsekkjur þessar nytu góðs af; hafa þær þó samkvæmt lögum dálítil eftirlaun auk þessa. En sú ekkjan, sem engan eftirlaunarétt á samkvæmt lögum, er látin verða útundan; þingið virðist því hafa tekið þá stefnu, að styrkja þær ekkjurnar, sem öllu síður þurftu styrksins við, og er sú aðferð all ómannúðleg, og mannúðlegri verður hún ekki við það, er þess er gætt, að maður hennar hafði örðugu læknisembætti að gegna, og lagði svo á sig við það, að óhætt má segja, að það hafi stytt honum aldur. Síðasta daginn, sem hann lifði, var hann kallaður til sjúklings, og treysti hann svo á fremsta hlunn, að hann fór sársjúkur til hans, og lifði, eftir að hann kom frá sjúklingnum, að eins 1—2 stundir við harmkvæli. Hann hafði að eins stuttan tíma gegnt embætti, og haft lítil laun, enda varð bú hans þrotabú. Eg hefi nýlega fengið bréf að vestan, þar sem mér er skýrt frá, að fái ekkjan engan eftirlaunastyrk, þá liggi ekki annað fyrir, en að sveitarsjóður Mýrahrepps verði að leggja henni styrk. Það kann sumum að virðast undarlegt,

að hún skuli ekki geta haft ofan af fyrir sér og einu barni, en eins og kvenfólki er borgað hér, þá er þetta skiljanlegt, einkum þegar þess er gætt, að barnið er kornungt. Það hefir verið borið fram sem agitatiónsmeðal gegn styrkveitingu þessari, að vísu ekki inni í þinginu sjálfu, að ekkja þessi væri ung og mundi brátt giftast aftur. Færi svo, þá mundi styrkur þessi hverfa af sjálfu sér, en auk þess er það allsendis rangt, að byggja nokkuð á slíkum hviksögum. Og svo vitum vér það karlmennirnir, að það er oft langt stig milli þess, að maður fari að gefa konu auga og að hann giftist henni, og eigi dæmalaust, að vonir þær, sem við það vakna, verði eigi annað en tálvonir. Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um tillögu þessa, en vona að eins, að þingið sýni ekki þá ósamkvæmni, að það láti ekki eitt ganga yfir allar ekkjurnar þrjár.

Þá verð eg að fara nokkurum orðum um styrkveitinguna til Sighvatar Grímssonar, þótt oft sé búið að minnast á hana áður. Það er nokkuð undarlegt, að háttv. Ed. skyldi fara að fella styrk þenna niður, þar sem hann hefir verið samþyktur tvisvar í Nd. og það meira að segja með miklum atkvæðafjölda. Fyrst samþykkir Nd. hann með 15 atkv., en Ed. fellir hann niður, svo samþykkir Nd. hann aftur við eina umr. fjárlaganna, en Ed. lætur sér ekki segjast, og fellir hann aftur. Mér finst koma fram nokkur ósamkvæmni í þessari þrákelkni háttv. Ed., þegar eg lít á aðra styrkveitingu, sem hún hefir barist fyrir, styrkveitinguna til hraðritarans. Mér þætti fróðlegt að vita, hver hefir óskað eftir því, að hér væri sett á stofn kensla í hraðritun; eg hefi ekki orðið var við þær óskir. En háttv. Ed., með allan spærnaðinn sinn, finst þetta aldeilis bráðnauðsynlegt. En hitt finst henni óhæfa, að veita lítinn styrk alþýðumanni, sem er einn af hinum fáu mönnum hér á landi, sem telja má meðal fræðimanna, manni, sem kominn er um 70, og um mörg undanfarin ár hefir með elju mikilli unnið að því, að leysa af hendi ritverk mikið um æfir presta hér á landi. Rit þetta er þegar orðið 8--900 bls. í 4to, en nú vantar það til þess, að því geti orðið lokið, að maður sá, sem hér ræðir um, eigi kost á að fara til Reykjavíkur og dvelja þar um tíma, til að hagnýta sér Landsbókasafnið. Til þessa á að verja styrknum, og mér finst þinginu fara ómannúðlega, ef það vinnur að því, að gera hálfónýtt aðalæfistarf eljumanns þessa, með því að synja honum um styrkinn. Hann er einyrki og verður að fá mann í sinn stað á heimilið, ef hann fer hingað suður, en til þess hefir hann ekki ráð af eigin rammleik.

Mér skilst, að mótþróinn gegn tillögu þessari sé mjög sprottinn af þeirri skoðun, sem alt of mjög er ríkjandi á þinginu og hjá þjóðinni, að maður verði að hafa á sér prófstimpil, til þess að honum sé treystandi til að leysa ritverk af af hendi; ef svo er ekki, þá kveður við í þeirri bjöllu, að maðurinn sé ókritiskur og óáreiðanlegur; það er miklu minna gert með það, þótt hann hafi vottorð merkra manna við að styðjast, eins og maður þessi hefir, sem hefir vottorð fyrir því, bæði frá prófessor Finni Jónssyni og Dr. Jóni Þorkelssyni, að ritverk hans séu þess virði, að hann verðskuldi það, að honum sé veittur styrkur til að ljúka þeim af. Þessi vottorð láu fyrir þinginu 1901, og geri eg ráð fyrir, að ýmsir háttv. þm. muni kannast við þau.

Nú skal eg snúa mér að fjárveitingunni til hraðritarans. Háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) sagði, að það væri gott og þarflegt fyrir ýmsar stéttir, svo sem verzlunarmenn og blaðamenn, að kunna hraðritun. En fyrst er að vita, hvort sá, sem kenna á, kann sjálfur.

Þessi maður sótti um þingskriftir í sumar, en forsetunum hefir ekki þótt

tiltækilegt að taka hann, heldur tekið aðra, sem ekki kunna hraðritun, enda vitum vér, hvernig það gekk, enda þótt annar maður væri uppi á pöllunum til þess að fylgjast með í umræðunum og hjálpa hraðritaranum eftir á með ræðurnar. Þessi fjárveiting er óþörf, og eg er viss um, að hún mun mælast illa fyrir.

Þá skal eg leyfa mér að minnast á breyt.till., sem komin er frá háttv. þm. Borgf. (Þ. B.), um að fella burtu styrkveitingarnar til skáldanna Guðmundar Guðmundssonar og Guðmundar Magnússonar.

Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) sagði, að sér ofbyði að fleygja þannig út landsfé, en mér þykir vænt um, að við skulum eiga þau skáld, sem eru þess verð, að vert sé að styrkja þau.

Háttv. þm. sagði, að slíkar styrkveitingar bættu ekki úr neinni landsþörf, en svo framarlega sem háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) viðurkennir fleiri þarfir, en hinar líkamlegu (materíellu) þarfir, þá getur þetta ekki verið meining hans

Eg trúi því vart, þó háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) sé forstöðumaður búnaðarfélags, að hann álíti það, að læra að mjólka og safna í safnforir, hið eina nauðsynlega.

Maðurinn lifir ekki á einu saman brauði og álít eg hverju því þjóðfélagi illa farið, sem ekki vill leggja neitt af mörkum til þess að glæða andlegt líf.

Þm. Snæf. (L. B.) sagði, að Danir styrktu ekki nema 2 skáld á sínum fjárlögum, en þetta er villandi, því þeir veita ákveðna upphæð á ári til eflingar lista og vísinda, og af því fé veita þeir mörgum fleiri skáldum. Ef okkar þing veitti þannig fé til vísindalegra fyrirtækja, þá værum við lausir við þetta langhvimleiðasta atriði fjárlaganna, þá úthlutaði stjórnin því, eins og einnig átti sér stað hjá oss alt fram að 1887, en þá tók þingið þetta úthlutunarstarf að sér, sökum þess, að stjórnin varði fénu miður heppilega.

En áður en þingið afsalar sér þessu úthlutunarstarfi og fær stjórninni það aftur í hendur, er vissara að vita, hvernig nýja stjórnin verður.

Eg finn svo ekki ástæðu til að fara út í aðrar breyt.till.

Pétur Jónsson: Eg stend upp aðallega út af ræðu háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.). Eins og háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) tók fram, mun það hafa verið skoðun nefndanna í Nd., sem um það mál fjölluðu, að skilyrði um, að engar gufuskipaferðir milli landa mætti styrkja, nema Hins sameinaða gufuskipafél., hafi þegar í öndverðu fylgt öllum tilboðum stjórnarinnar, og ekki hafi verið um að gera, nema hafna tilboðunum eða taka þeim með þessum ábögli. Þetta síðara varð niðurstaðan, ekki einungis í fjárlaganefnd og samgöngumálanefnd, heldur og í báðum deildum, og er því báðar deildir að saka um það. En það getur vel verið, að það riði eigi í bága við samþyktir í tilboði gufuskipafél., þó stjórninni sé heimilað að verja af póstflutningafénu einhverri upphæð til póstflutninga með skipum „Thores"félagsins. Stjórnin notar væntanlega þá heimild því að eins, að hún komi í engan bága. En hækkun sú, sem stungið er upp á á póstflutningafénu samkv. þingskj. 646, er ekki endilega nauðsynleg fyrir því. Þessi liður er áætlaður og má standa óbreyttur þó athugasemdin sé samþ.

Eg vil því leyfa mér að stinga upp á því, að br.till. 646 verði borin upp í tvennu lagi, hækkunin á liðnum sér og athugasemdin sér.

Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) mintist á þá stefnubreytingu, sem þingið hefði gert í sumar í fjármálum, og talaði aðvörunarorðum um að fara ekki of langt í að bruðla með landsins fé. Eg álít það miklu þarflegra að tala þannig alment um málið

en að tala um einstakar breyt.till., því um þær er margrætt áður; menn eru nokkurn veginn ráðnir í því nú, hvernig þeir greiða atkvæði um þær. En samt get eg ekki verið samdóma háttv. þm. um það, að hér sé um nokkura stefnubreytingu að ræða hjá þingi eða þjóð. Það væri vissulega mjög athugavert, ef hér væri um verulega stefnubreytingu að ræða á þessu þingi, því sökum þess, að vér erum á tímamótum, mun þessu þingi sérstaklega gefið auga. Síðan eg kom á þing, hafa útgjöldin ávalt verið hækkuð um 50—100 þús. kr. við meðferð þingsins á þinginu frá því, sem áætlað hefir verið í stjórnarfrumv.

Þetta er ekki nema eðlilegt, því þingið sjálft hefir orðið að bindast fyrir öllum framfarafyrirtækjum, sökum þess að vér höfum átt að búa við afarihaldssama stjórn.

Eg vil því halda því fram, að þingið hefir haldið fram sömu stefnu og hin undanfarandi þing. Hvernig er nú hinum margumrædda tekjuhalla varið? Eftir fjárlagafrv. þingsins, eins og eg býst við því að lokinni þessari umr., verður tekjuhallinn ca. 400,000 kr. Hvað er það þá, sem gerir hann? Stjórnarfrv. var með 218,000 kr. Þar næst er Lagarfljótsbrúin og Jökulsárbrúin, sem báðar tilheyra eldri þingum, en ekki þessu. Þar eru 90000 kr. Þá er eftir 90,000 til 100,000 kr. hækkun og er það svipað og áður hefir átt sér stað.

Nú er komið kapp í menn að ráða bót á ýmsum þeim meinum, sem mest hafa bagað okkur, og álít eg, að við höfum vel ráð á því, sökum þess að fjárhagurinn er ekki eins bágborinn, og oft er látið hljóma. T. d. eigum við allálitlega sjóði og sömuleiðis græðist landssjóði ca. $^1/_2$ miljón sem afleiðing af frímerkjabreytingunni. Mun hægt vera að selja frímerkin með sem svarar nafnverði, auðvitað á nokkurum árum.

Þetta tek eg að eins fram, til að benda á það, að við stöndum ekki svo illa að vígi. Á þessu þingi hefir komið fram sú skoðun hjá fjárlaganefndinni í Nd., að æskilegast væri að finna ráð til þess, að tekjur og árleg gjöld standist á, og er það í fullu samræmi við fjármálaskoðun háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.).

Þing og stjórn eiga að finna ráð til þess að auka tekjur landssjóðs, og vonum vér að hin nýja stjórn láti ekki dragast undirbúning þess máls og alþingi að sínu leyti skyldugt að vinna að því við næstu samkomu. En þó þessu yrði eigi komið við á þessu þingi og tekjuhalli hafi því myndast, þá verð eg að halda því fram, að aldrei hefir landssjóður verið betur við því búinn að taka, um tveggja ára bil, á móti tekjuhalla, og til bráðabirgðalántöku sýnist hann hafa góð ráð.

Klemens Jónsson: Það er búið að margtaka það fram, að fjárlögin fyrir þetta fjárhagstímabil, sem í hönd fer, verði með afarmiklum tekjuhalla, þegar þau fara frá þinginu, og það hefir verið spurt, hvar þetta eigi að lenda, og það er von, að menn spyrji; eg fyrir mitt leyti álít það ekki heppilegt, ef það færi svo ár eftir ár, að altaf væri tekjuhalli, þegar þingið hefði lagt síðustu hönd á fjárlagafrumv.; en þetta getur ekki orðið svo framvegis, því hver stjórn, og sérstaklega ný stjórn, sem nú er í aðsigi, hlýtur að finna ráð til þess að auka tekjurnar, svo að það getur ekki komið oftar fyrir, að tekjuhalli verði á fjárlögum eftirleiðis, sízt að nokkurum mun.

Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) hefir komið fram sem siða- og tiptunarmeistari þingsins, og það lítur svo út, að hann álíti sig vel kjörinn til þess, en eg álít, að margur væri betur kjörinn til þess en hann; en úr því hann gerir sjálfan sig að tiptunarmeistara, þá finst mér heimtandi af honum, að hann skýri rétt frá, en því miður fer því fjarri, að hann geri það. Hann sagði í ræðu sinni, að það væri þingið, sem hefði farið inn á þessa háskalegu braut, en þetta er ekki rétt, því þeg-

ar fjárlagafrumv. kom fram frá stjórninni, þá var tekjuhallinn 218 þús. kr., og stjórninni hlaut að vera það ljóst, að hann mundi aukast á þinginu, því það er þingið, sem hefir allajafna orðið að gangast fyrir framfaramálum þjóðarinnar, sem stjórnin hefir látið afskiftalaus, og því orðið að auka útgjöldin.

Þó nú stjórnin hefði þetta fyrir augum, þá gerir hún þó engar ráðstafanir til þess að auka tekjurnar, en það er ekki neitt nýtt, afskiftaleysið hjá þessari stjórn. Auðvitað hefði alþingi átt að finna harðlega að þessu, en það, sem veldur því, að það var ekki gert, er að þetta er deyjandi stjórn, sem menn vilja lofa að loganast út af í friði. Eg er ekki þeirrar skoðunar; eg álít að stjórnin hefði átt að fá sterka aðfinslu, og eg álít, að gamli málsháttur inn, „de mortuis nil nisi bene", eigi ekki hér við. Það er því stjórnin, sem hefir byrjað á þessari háskalegu braut, og þingið hefir orðið að fylgja á eftir.

Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) sagði, að tekjuliðirnir í þessu frumv. væru settir svo hátt, að það væri ómögulegt að þeir gætu orðið hærri. (*Kristján Jónsson:* Það hefi eg aldrei talað). Það þýðir ekki að neita þessu, því eg skrifaði orðin upp eftir h. þm. Hann kom ekki fram með neina sönnun fyrir þessu, heldur sló því bara fram. Tekjurnar eru ákveðnar alveg á sama hátt og áður, og undanfarandi ára reynsla hefir ætíð sýnt, að tekjurnar hafa orðið hærri en áætlað. Það var margt fleira athugavert við ræðu háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.), en eg nenni ekki að eltast við það alt saman. Aðalkjarninn í ræðu þessa Framsóknarflokksmanns var, að bezt væri að fresta öllum helztu framfarafyrirtækjunum, sem frumv. þetta veitir fé til að koma á fót, það átti, eftir hans orðum, að fresta öllu því, sem menn gætu frestað. En eg skal taka það fram, að það er mikill munur á því, hvað menn þykjast geta gert í dag, og hvað menn í raun og sannleika geta, ef þeir vilja leggja eitthvað á sig. Einn embættismaður lýkur starfi sínu í dag með því að leggja talsvert á sig, þótt hann hafi nóg að gera annað; hinn frestar því til morguns og dag eftir dag, svo að það ef til vill gleymist alveg. Nei, þessi lífsregla háttv. þm., að fresta og fresta, hún er ekki holl, hvorki í þingstörfum né embættisstörfum.

Viðvíkjandi því, sem hann talaði um sagnfræðingana, datt mér í hug þetta: Lofa þú svo einn, að þú lastir ekki annan. Hann gat að makleikum lofað Jón Jónsson, án þess að lasta Boga Melsteð. Eg álít að Jón eigi að fá styrk þrátt fyrir það, þótt hann sé ekki eins alfullkominn og háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.), vill láta í veðri vaka. Það er margt rangt og einhliða í fyrirlestrum Jóns. Eg skal nefna t. d., að hann leggur mikla áherzlu á, hve mikið af Keltum hafi fluzt hingað á landnámsöldinni, og hverja þýðingu þetta hafi haft á íslenzkt þjóðerni, og fullyrðir, að fullur helmingur Íslandsbygða sé kominn vestan um haf. Þetta er að vísu kenning eins vísindamanns í útlöndum, en það er búið að sanna hið gagnstæða, að að eins örlítill hluti landnámsmanna var frá Írlandi, og það er ómögulegt, að Jóni Jónssyni hafi verið ókunnugt um rit þessara manna; að halda þessu fram, eins og Jón gerir í riti sínu um íslenzkt þjóðerni, sem er gersamlega rangt, það kalla eg ekki gott hjá einum sagnfræðingi.

En úr því háttv. 3. kgk. þm. (K. J.) fór að skera niður á annað borð, því tók hann þá ekki fleiri liði með? Því tók hann ekki hann Brynjólf Jónsson? Það er hálfbroslegt, að veita manni, sem er hálfblindur að sögn, styrk til fornmenjarannsókna. Og ef þetta á að vera fátækrastyrkur handa þessum manni, þá er landssjóður enginn sveitarsjóður. Og því

tók háttv. þm. ekki Pál Ólafsson? Þá hefði hann þó kipt einum hneykslislið út.

Að öðru leyti verð eg að taka undir með þeim háttv. þm., sem hafa látið það í ljós, að það sé ógjörningur fyrir oss að vera að tala hér um einstaka menn, því að á endanum verður það til þess, að enginn heiðarlegur maður getur fengið af sér að vera að sækja um styrk til þingsins (*Landshöfðingi:* O!). Eg heyri að hæstv. landsh. segir „o“! við því, en eg get sagt honum það, að eg þekki menn, sem ekki vilja sækja um styrk til þingsins, eins og nú er. Almennilegir menn vilja ógjarna eiga það á hættu, að verið sé að þrefa um hæfileika þeirra, einkum þegar þeir geta búist við því, að á þinginu komi fram menn, sem annaðhvort af persónulegri óvild eða öðrum ástæðum hella sér yfir þá, eins og komið hefir fyrir á þessu þingi. Eg ímynda mér, að flestir kjósi þá heldur að láta vera að leita styrks til þingsins, hversu nauðsynlegt sem þeim þó kynni að vera það. Eg fyrir mitt leyti álít miklu nær, eins og hér hefir verið nefnt, að fá stjórninni vissa upphæð í hendur, sem hún svo gæti útbýtt til einstakra manna, sem þá sæktu um styrkinn til hennar en ekki til þingsins. Eg sé ekki að af því þyrfti nein hætta að stafa, og þó menn segi, að stjórnin hafi misbrúkað þetta vald fyrir 1887, meðan hún hafði það, þá efast eg um, að hún hafi fremur misbrúkað það en alþingi hefir gert. Það ætti því, að vera það fyrsta, sem fjárlaganefnd Nd. gerði næsta ár, að strika út alla bitlinga á fjárlögunum, og fá stjórninni fé í hendur til útbýtingar, komi stjórnin ekki sjálf með þá breytingu, sem eg vil vona að hún geri. Eg kom fram með þessa skoðun á þingi 1899, en það fekk þá ekki áheyrn, en mér hefir nú skilist svo á mörgum, að þeir væru þessu meðmæltir.

Háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) lenti í stælum við háttv. þm. Borgf. (Þ. Bj.) út af styrknum til Stefáns Björnssonar frá Borgum, og sagði að hann ætti, er hann væri orðinn fullnuma, að verða kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri í teikningu, en hvar stendur þetta í fjárlögunum? og hvar er nokkuð fé áætlað til slíkrar kenslu? Eg neita því algerlega, að slíkt liggi fyrir, og álít, að þessu sé lauslega kastað fram. Eg sé því enga ástæðu til að aðhyllast þetta, og sé ekki annað en að þetta sé bitlingur, sem verðskuldar ekki betra en hann sé nefndur sínu rétta nafni, en sigli ekki undir fölsku flaggi. Auk þess virðist mér engin þörf á að styrkja þenna mann í slíku skyni, því að við höfum mann á Akureyri, sem getur vel kent að teikna, og finst mér, að það væri nær, að styrkja þá þenna mann til þess að fullkomna sig. Eg get því ekki gefið þessari tillögu atkvæði mitt.

Eg á að vísu enga breyt.till., en það eru ýmsar till. komnar fram, sem miða til þess að fella burtu fjárveitingar, er snerta mitt kjördæmi, og er mikil freisting fyrir mig að tala um þær, þar sem eg hefi ekki komið því við áður, en eg ætla þó ekki nú, á síðasta augnabliki þingsins, að fara inn á öll slík atriði, en að eins fara fám orðum um eitt, og það er viðvíkjandi styrknum til kvennaskólans á Akureyri. Það hefir verið klipið af þeim styrk, svo að það er farið fram á, að hann sé ekki nema 900 kr. síðara árið. Eg hefði fullkomna ástæðu til að fara ítarlega út í þetta mál, en eg sleppi því nema lauslega. Við Eyfirðingar höfum haldið því fram, að það ætti að vera sameiginlegur skóli fyrir Norðurland og höfum ekki drifið þar neina hreppa- eða sýslupólitík. Við höfum hvað eftir annað leitað samkomulags við Húnvetninga, en þeir neitað og sagt, að báðir skólarnir gætu vel staðið, en nú þegar þeir í trássi við guð og góða menn eru búnir að koma upp skóla á Blönduósi, þá halda þeir því fram,

að nú eigi að vera sameiginlegur skóli, þ. e. þeirra skóli; það er því sannarlega nokkuð undarleg öll framkoma þeirra í þessu máli, en eg skal ekki fara frekar út í það að þessu sinni. En að því er snertir kvennaskólann á Akureyri, þá finst mér undarlegt, að fara nú að takmarka þann styrk, sem hann hefir haft, úr því að hann á hvort sem er innan skamms að leggjast niðar. Það liggur nú í augum uppi, að skólinn verður ekki lagður niður svona á svipstundu; það má ekki ætla til þess minna en tvö ár. Eg get eftir atvikum fallist á, að kvennaskólinn á Akureyri verði lagður niður, einkum úr því gagnfræðaskólinn komst í gegn svo fullkominn, eins og hann loks náði fram að ganga, en eg heimta, að það sé ekki hrapað svo að niðurlagningu kvennaskólans, að bein vandræði verði út úr því. Eg þykist því mega fulltreysta því, að bæði þessi styrkur og aðrar veitingar til míns kjördæmis, einkum til skipakvíar, fái að standa óhaggaðar.

Hallgrímur Sveinsson: Eg á breyt.-till., sem eg veit að ekki muni þurfa að mæla mikið með, því hún er bein afleiðing af því, að þingið hefir skipað millibinganefnd í kirkjumálum. Eg veit vel, að engum dettur í hug að mæla á móti því, að sá kostnaður, sem hún hefir í för með sér, verði endurgoldinn, en eg álít þó, að réttara sé, að hann verði tekinn upp á fjárlögin. Vona eg, að háttv. þm. taki vel í þetta mál.

Úr því eg á annað borð stóð upp, þá vil eg minnast örfáum orðum á nokkur ummæli, sem hafa komið fram. Mörg vandlætingarorð hafa heyrst hér viðvíkjandi fjárveitingum til einstakra manna. En ekki má gleyma því, að þó það líkamlega hafi mikla þýðingu, þá er þó það andlega engu síður þýðingarmikið. Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) var borið á brýn, að eðlilegt væri, að hann sakir starfa síns legði mikla áhverzlu á það líkamlega og verklega, en eg vil þá benda á, að háttv. þm. hefir aðra hlið, sem sérstaklega lýtur að því andlega. Og þó hann hafi lagt það til, að margar af þessum persónulegu styrkveitingum væru feldar burt, þá mun það ekki vera af því, að hann vanti augu fyrir hinu andlega, eða hann sé ófús að veita styrk til andlegrar starfsemi, heldur af því, að hann telur fjárhaginn nú sem stendur ekki leyfa slíkt. Og auðvitað er alt of erfitt að ákveða, hvað af vísindum, listum og fögrum mentum sé svo mikils vert og gefi svo góðar vonir, að það verðskuldi opinberan styrk; en þó finst mér það þing geti ekki verið upplitsdjarft, sem að eins hugsar um munn og maga. Og ekki mun sú þjóð sigla beint í menningarstrauminn, sem ekki hefir nein andleg áhugamál. Eg vil ekki vera á móti því líkamlega, en eg vil líka biðja um það andlega. Hingað til hefir verið álitið, að sálin sé og eigi að vera herra líkamans. Vér verðum í samkomulagi að vinna að því, að styrkja bæði vorar andlegu og líkamlegu þarfir; en enga ástæðu sé eg til þess, að hnífilyrði falli í þeirra garð, sem vilja vinna að því, að glæða vort andlega líf. Og þegar þjóðin er nú svo heppin, að eiga marga unga, efnilega menn, þá álít eg að sómi hennar liggi við, ef hún styrkir þá ekki eftir mætti. Eg er fullkomlega samþykkur því, að stjórnin fái vissa og ekki mjög óríflega upphæð til styrkveitinga, svo þingið þurfi ekki að metast um slíka hluti. Í flestum öðrum löndum eru margar stofnanir og sjóðir, sem veita styrk til verklegra og vísindalegra framkvæmda, en finni menn hér sérstaka hæfileika til einhvers, þá verða menn annaðhvort að reyna að komast inn á fjárlögin, eða kúldast þar sem þeir eru og þá venjulega veslast upp og koma eigi áhugamálum sínum í framkvæmd, því að hér er, auk landssjóðsins, því nær um enga styrktarsjóði að ræða, sem geta hjálpað slíkum

mönnum. Eg vík þessum orðum meðal annars til tveggja ungra, efnilegra manna, sem vantar eitt ár til að ljúka af kennaranámi sínu. Eg álít, að það sé hreint og beint skylda þingsins, að veita þessum ungu mönnum þenna lítilfjörlega styrk, sem þeir sækja um. Fyrir þá er þessi styrkur lífsskilyrði, en landið munar sáralítið um hann. Sama er að segja um skáldastyrk þann, sem hér er verið um að ræða. Þjóðin má ekki vera börnum sínum slæm fóstra. Og þó uppskeran fáist ekki strax, þá verðum vér að starfa ótrauðir undir merkjum vonarinnar og með fastri trú á landið.

Kristján Jónsson: Eg verð að gera stutta aths. við ræðu háttv. 1. þm. Eyf. (Kl. J.). Kom mér það mjög á óvart, að hann skyldi koma með tvenn ósannindi í ræðu sinni, sem snerta mig persónulega, þar sem hann beindist að ræðu minni, og kvað mig hafa sagt það rétt áðan, sem eg alls ekki sagði. Annað var það, er hann kvað mig hafa sagt um tekjurnar í fjárlagafrv, að þær væru settar „heimskulega hátt"; það sagði eg ekki, og mér kom ekki til hugar að tala svo ókurteislega, né að móðga nefnd þá, sem mestan þátt á í fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir, með jafnóviðeigandi einkunnarorði, en eg kvað þær settar „svo freklega hátt", að það væri harla vafasamt, að þær reyndust svo miklar; og lýsti eg óánægju minni yfir því.

Hitt snertu orð mín um Boga Melsteð. Háttv. þm. sagði, að eg hefði brúkað hörð orð um mann þenna eða jafnvel lastyrði, en eg lýsi það hrein og bein ósannindi. Eg fór að vísu nokkuð ómjúkum eða óvægilegum orðum um ritverk hans, aðallega þó eitt þeirra, og lét í ljósi, að mér þætti ekki mikið í það varið, og til þessa hafði eg fulla heimild, þegar verið var að ræða um að verðlauna rit þetta með fjárstyrk af almanna fé. Um þenna heiðraða herra sjálfan fór eg hinum vinsamlegustu orðum, og talað svo mjúklega um hann, sem eg kunni hann á heldur ekki annað skilið af minni hálfu.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Snæf. (L. B.) sagði um breyt.till. mínar, að þær væru ekki því líkar, að þær væru frá framsóknarmanni, og vildi þar með gefa í skyn og sneiða mig með því, að eg væri ekki framsóknarmaður, þá kannast eg við það, að eg mun eigi fylgja þeirri fjármálapólitík, sem stefnir landssjóðnum og landinu í fátækt, fjárþröng, fjárþrot og fallít, en það gerir þetta fjárlagafrumv. að mínu áliti, eins og eg í dag, og annars fyr á þessu þingi, hefi leitast við að leiða rök að. Eg álít þessa pólitík ekki framsóknarpólitik eða framsóknarstefnu, heldur þá pólitik, sem stefnir að því, að koma föstum fótum undir fjárhag landsins. En verði það ofan á, að þessi fjármálastefna þingsins sé framsóknarstefna, þá kysi eg samt heldur að vera utan við þann flokk, er henni fylgir, og eiga það á hættu að vera kallaður afturhaldsmaður.

Björn Bjarnarson: Eins og kunnugt er, þá var samþ. milliþinganefnd í landbúnaðarmálinu, Ed. gerði nokkrar brt. við ákvæði Nd. um nefnd þessa, en samþ. hana samt. Báðar deildirnar voru sammála um nauðsyn milliþinganefndar, til þess að endurskoða landbúnaðarlögin og koma fram með frumv., sem leggja mætti fyrir þingið. Þó að engin tillaga liggi fyrir frá þinginu í heild sinni, þá hefi eg samt von, og hana bygða á góðum rökum, um það, að nefnd verði skipuð í þessu máli, eins og háttv. Nd. hefir farið fram á. Mönnum kann að virðast það undarlegt, að við í landbúnararnefnd höfum eigi komið fram með neina breyt.till. til þess að útvega fé til þess, að borga með kostnað þann, sem leiddi af því, að slík milliþinganefnd yrði skipuð. En eg skal taka það fram, að oss virtist það á-

stæðulaust, að koma fram með breyt.till. í þessa átt, því að beinast liggur við að fá fjárstyrk til þessarar nefndar af fjáraukalögunum.

Sem formaður landbúnaðarnefndarinnar, tek eg það fram, að eg vona, og hefi fylstu ástæðu til þess að vona, að þessi milliþinganefnd verði skipuð og að það fé, sem til hennar þarf, verði veitt síðar meir á fjáraukalögunum.

Eg ætla að nota tækifærið til þess, að minnast dálítið á breyt.till. við 13. gr. B. VI. m., þgsk. 643, það er styrkurinn til skólans í Búðardal í Dalasýslu (1000 kr.). Þessi fjárveiting hefir verið samþ. áður í Nd. og geri eg mér von um, að háttv. þm. muni enn þá gefa þessu máli atkv. sitt. Enda mundi Dalasýslubúum koma það undarlega fyrir, ef þeir væru sviftir þessum styrk, sem þingið veitti í upphafi og sýslunefndin tók náttúrlega tveim höndum, og lagði líka fram fé til skólans, keypti áhöld og alt, sem þurfti með til eflingar kenslunni, sem líka hefir borið hinn bezta árangur. Enn fremur hefir sýslunefndin veitt fé í vor til þessa skóla, og væntir að sjálfsögðu eftir sama styrk og áður af þingsins hálfu. Svifti þingið nú þessari fjárveitingu af skólanum, þá hefir það bakað sýslunni óþarfa útgjöld, sem koma munu að litlu liði, ef þingið skerst úr leik og neitar skólanum um þenna styrk, sem hann þó sannarlega á skilið.

Annars vildi eg óska þess, að þetta yrði í seinasta sinn, sem þingið útbýtir bitlingum, en framvegis verði það fengið stjórninni í hendur, að annast slíkar fjárveitingar, um leið og henni væri fengið fé til þessa.

Á þeim þingum, sem eg hefi setið, hefir þessi bitlingaútbýting verið langerfiðasta og leiðinlegasta starfið, sem komið hefir fyrir á þingunum. Mann skortir þekkingu og kunnáttu til að dæma um fjölda þeirra manna og fyrirtækja, sem styrkja á, svo að þar hlýtur að verða stór vandi að velja og hafna rettilega, og eg er viss um, að úrslitin verða engu verri, þó stjórnin ætti að annast um þetta, en þingið.

Eg kom fram í Nd. með þá breyt.till., að arðvænleg fyrirtæki, sem styrkt væru af þinginu, væru látin endurborga lánið aftur, þegar þau hefðu fjárefni til þess. Þessi breyt.till. komst ekki að við 3. umr. fjárlaganna, en eg hygg samt, að þetta væri mjög sanngjarnt og heppilegt fyrirkomulag. Eg skal taka t. d. „slipinn“ hér í Reykjavík. Það er fyrirtæki, sem auðsjáanlega borgar sig fljótt, og mundi því auðveldlega geta byrjað vonum bráðar á afborgun af lánum. Auðvitað yrði að draga frá 6% fyrir fé því, sem félagið lagði sjálft til, en síðan héldi afborguninni áfram til landssjóðs, þangað til alt lánið væri endurborgað.

Slík fyrirtæki, sem auðsjáanlega eru arðvænleg, álít eg ekki áhorfsmál að styrkt séu af almanna fé með lánveitingu, sem þau borguðu svo aftur, þegar þau væru fær um. Mér finst meiri ástæða til þess að lána þannig rentulaust, heldur en að gefa beinlínis gróðafyrirtækjum. Ef „slip“ gæfi t. d. 10% rentu, þá væri undarlegt af þinginu að gefa slíku fyrirtæki stórfé. — Eg kem eigi fram með þetta sem tillögu, en eg vildi að eins koma þessari skoðun á framfæri hér í umræðunni og vekja athygli háttv. þm. á þessu máli, sem mér virðist algerlega sanngjarnt og réttmætt.

ATKV.GR.:

1. liður á þskj. 653 (brt. 643) við 11. gr. 10. sþ. með 25 : 4 atkv.
2. og 3. liður á þskj. 653 (brt. 646) við 12. gr. A. 2. feldur með 25 : 5 atkv.
4. liður á þskj. 653 (brt. 645) við 12. gr. B. 4. feldur með 22 : 7 atkv.
5. liður á þskj. 653 (brt. 643) við 12. gr. B. 6. sþ. með 21 : 7 atkv.
6. liður á þskj. 653 (brt. 643) við 12. gr. B. 6. sþ. með 22 : 3 atkv.

7. liður á þskj. 653 (brt. 643) við 12. gr. C. 2. a. 2. sþ. með 24 : 2 atkv.
8. liður á þskj. 653 (brt. 645) við 12. gr. C. 2. c. feldur með 28 : 4 atkv.
9. liður á þskj. 653 (brt. 643) við 12. gr. D. sþ. með 28 : 4 atkv.

Viðaukatill. á þskj. 655 við 13. gr. A. b. sþ. með 19 : 14 atkv.

10. liður á þskj. 653 (brt. 643) við 13. gr. B. VI. a. 4. sþ. með 22 : 7 atkv.
11. liður á þskj. 653 (brt. 643) við 13. B. VI. a. 5. sþ. með 21 : 3 atkv.
12. liður á þskj. 653 (brt. 643) við 13. gr. B. VI. i. feldur með 19 : 14 atkv.
13. liður á þskj. 653 (brt. 646) við 13. gr. B. VI. i. feldur með 21 : 8 atkv.

Varatill. við þenna lið, á þskj. 653, feld með 19 : 16 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
L. H. Bjarnason,	Hannes Þorsteinsson,
Árni Thorsteinson,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Björn Bjarnarson,
Guðj. Guðlaugsson,	Björn Kristjánsson,
Gutt. Vigfússon,	Eggert Pálsson,
Hermann Jónasson,	Guðl. Guðmundsson,
Jóh. Jóhannesson,	Hallgr. Sveinsson,
Jón Jakobsson,	Hannes Hafstein,
Jónas Jónassen,	Jóh. Ólafsson,
Klemens Jónsson,	Jón Magnússon,
Magnús Andrésson,	Júlíus Havsteen,
Ólafur Briem,	Kristján Jónsson,
Pétur Jónsson,	Magnús Stepensen,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Ólafsson,
Stefán Stefánsson,	Ólafur Thorlacius,
V. Guðmundsson.	Sigurður Jensson,
	Tr. Gunnarsson,
	Þorgr. Þórðarson,
	Þórh. Bjarnarson.

14. liður á þskj. 653 (brt. 643) við 13. gr. B. VI. m. sþ. með 21 : 14 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
Hannes Þorsteinsson,	Árni Thorsteinsson,
Lárus H. Bjarnason,	Björn Kristjánsson,
Árni Jónsson,	Guðjón Guðlaugsson,
Björn Bjarnarson,	Hallgr. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Jóh. Ólafsson,
Einar Þórðarson,	Jón Jakobsson,
Guðl. Guðmundsson,	Jónas Jónassen,
Gutt. Vigfússon,	Kristján Jónsson,
Hannes Hafstein,	Magnús Stephensen,
Herm. Jónasson,	Ólafur Briem,
Jóh. Jóhannesson,	Ólafur Thorlacius,
Jón Magnússon,	Sigurður Jensson,
Júl. Havsteen,	Valt. Guðmundsson,
Klemens Jónsson,	Þorgr. Þórðarson.
Magnús Andrésson,	
Ól. Ólafsson,	
Pétur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Tryggvi Gunnarsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

15. liður á þskj. 653 (brt. 643) við 13. gr. B. VIII. 2. feldur með 24 : 8 atkv.
16. liður á þskj. 653 (brt. 643) við 14. gr. A. 2. sþ. með 23 : 10 atkv.
17. liður á þskj. 653 (brt. 649) við 14. gr. A. 7. feldur með 19 : 9 atkv.
18. liður þskj. 653 (brt. 641, 647, 650) við 14. gr. A. 15. feldur með 19 : 16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Árni Jónsson,	Hannes Þorsteinsson.
Árni Thorsteinson,	Björn Kristjánsson,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Einar Þórðarson,
Hallgr. Sveinsson,	Guðl. Guðmundsson,
Hermann Jónasson,	Gutt. Vigfússon,
Jón Jakobsson,	Hannes Hafstein,
Jón Magnússon,	Jóh. Jóhannesson,
Lárus H. Bjarnason,	Jóh. Ólafsson,
Klemens Jónsson,	Jónas Jónassen,
Kristján Jónsson,	Júlíus Havsteen,
Magnús Stephensen,	Magnús Andrésson,
Ól. Briem,	Ól. Ólafsson,
Pétur Jónsson,	Ól. Thorlacius,
Tr. Gunnarsson,	Sigurður Jensson,
Þórh. Bjarnarson.	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,

Valtýr Guðmundsson,
Þorgr. Þórðarson.

19. liður á þskj. 653 (brt. 643) við 14. gr. A. 16. sþ. með 19 : 16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Hannes Þorsteinsson,	Árni Thorsteinson,
Lárus H. Bjarnason,	Björn Bjarnarson,
Árni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Guðjón Guðlaugsson,
Einar Þórðarson,	Gutt. Vigfússon,
Guðl. Guðmundsson,	Hallgr. Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Jóh. Ólafsson,
Hermann Jónasson,	Jón Jakobsson,
Jóh. Jóhannesson,	Jónas Jónassen,
Jón Magnússon,	Júlíus Havsteen,
Klemens Jónsson,	Kristján Jónsson,
Magnús Andrésson,	Magnús Stephensen,
Ól. Briem,	Sigurður Jensson,
Ólafur Ólafsson,	Skúli Thoroddsen,
Ól. Thorlacius,	V. Guðmundsson,
Pétur Jónsson,	Þorgr. Þórðarson.
Stefán Stefánsson,	
Tr. Gunnarsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

20. liður á þskj. 653 (brt. 645, 647, 650) við 14. gr. A. 16. feldur með 22 : 10 atkv.

21. liður á þskj. 653 (brt. 644) við 14. gr. A. 21. feldur með 18 : 15 atkv.

Athugas. við þenna lið sþ. með 22 : 5 atkv.

22. liður á þskj. 653 (brt. 647), við 14. gr. A. 22. feldur með 19 : 16 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
Árni Jónsson,	Hannes Þorsteinsson,
Eggert Pálsson,	Lárus H. Bjarnason
Einar Þórðarson,	Árni Thorsteinson,
Guðl. Guðmundsson,	Björn Bjarnarson,
Gutt. Vigfússon,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Guðjón Guðlaugsson,
Hermann Jónasson,	Hallgr. Sveinsson,
Jón Magnússon,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Andrésson,	Jóh. Ólafsson,
Magnús Stephensen,	Jón Jakobsson,
Ól. Briem,	Jónas Jónassen,
Pétur Jónsson,	Júlíus Havsteen,
Sigurður Jensson,	Klemens Jónsson,
Stefán Stefánsson,	Kristján Jónsson,
V. Guðmundsson,	Ól. Ólafsson,
Þórh. Bjarnarson.	Ól. Thorlacius,
	Skúli Thoroddsen,
	Tr. Gunnarsson,
	Þorgr. Þórðarson.

23. liður á þskj. 653 (brt. 645) við 14. gr. A. 23. feldur með 18 : 7 atkv.

24. liður á þskj. 653 (brt. 642) á eftir 14. gr. A. 24. feldur með 18 : 17 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
Hannes Þorsteinsson,	Lárus H. Bjarnason,
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Árni Thorsteinson,
Eggert Pálsson,	Guðjón Guðlaugsson,
Einar Þórðarson,	Gutt. Vigfússon,
Guðl. Guðmundsson,	Hannes Hafstein,
Hallgr. Sveinsson,	Hermann Jónasson,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jakobsson,
Jóh. Ólafsson,	Jón Magnússon,
Klemens Jónsson,	Jónas Jónassen,
Magnús Andrésson,	Júlíus Havsteen,
Ól. Ólafsson,	Kristján Jónsson,
Ól. Thorlacius,	Magnús Stephensen,
Skúli Thoroddsen,	Ól. Briem,
Stefán Stefánsson,	Pétur Jónsson,
V. Guðmundsson,	Sigurður Jensson,
Þorgr. Þórðarson.	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

Brtill. á þskj. 654 feld með 27 : 2 atkv.

Varatill. á sama þskj. tekin aftur af flutn.m.

25 liður á þskj. 653 (brt. 647) við 14. gr. A. 30. feldur með 22 : 4 atkv.

26. liður á þskj. 653 (brt. 647) við 14. gr. A. 31. feldur með 25 : 4 atkv.

27. liður á þskj. 653 (brt. 642, 647) við 14. gr. A. 32. samþ. með 19 : 14 atkv.

28. liður á þskj. 653 (brt. 645, 647, 650)

við 14. gr. A. 33. feldur með 21 : 9 atkv.
29. liður á þskj. 653 (brt. 645, 647, 650) við 14. gr. A. 34. samþ. með 21 : 11 atkv.
30. liður á þskj. 653 (brt. 643) við 14. gr. B. 1. c., samþ. með 21 : 5 atkv.
31. liður á þskj. 653 (brt. 645) við 14. B. 12. feldur með 22 : 6 atkv.
32. liður á þskj. 653 (brt. 645) við 14. gr. B. 13. feldur með 21 : 11 atkv.
33. liður á þskj. 653 (brt. 643) við 14. gr. B. 14. samþ. með 19 : 12 atkv.
34 liður á þskj. 653 (brt. 645) við 14. gr. B. 14. feldur með 21 : 9 atkv.
35. liður á þskj. 653 (brt. 641) við 16. gr., samþ. með 22 : 5 atkv.

Frv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj. og verður afgreitt sem lög frá alþingi.

Útflutningsgjald af hvalafurðum.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 11. nóv. 1899 um útflutningsgjald af hvalafurðum; 1. umr., 1. ágúst (C bls. 401).

Eiríkur Briem: Sú breyting, sem hér er farið fram á, frá núgildandi lögum, er svo fjarska mikil, þar sem í þessu frumv. er farið fram á ferfalt meira gjald en það, sem ákveðið var fyrir 4 árum; en hvað sem því nú líður, þá er þetta svo mikilsvert mál, að eg álít nauðsynlegt, að nefnd sé skipuð, til að íhuga það, og þar sem engin nefnd hefir verið skipuð í neitt þessu líkt mál hér í deildinni, þá skal eg leyfa mér að stinga upp á því, að 3 manna nefnd verði skipuð til að íhuga það að loknum umræðum um það.

Hallgrímur Sveinsson: Eg get fyllilega tekið undir það, sem háttv. 6. kgk. þm. (E. Br.) sagði, að nauðsynlegt sé og sjálfsagt, að nefnd sé skipuð í þetta mál, því að mér virðist það horfa svo við, að því muni ekki veita af ítarlegri íhugun, en það hefir fengið í háttv. Nd. Hér er farið fram á að breyta lögum, sem að eins eru 4 ára gömul; auk þess er hér ekki farið fram á neina lítilfjörlega heldur stórvægilega breytingu.

Eg man svo langt, að þegar þetta mál var til umræðu hér í deildinni fyrir 4 árum síðan, þá voru mjög skiftar skoðanir um það, og þá álitu sumir af deildarmönnum hér, að Nd. hefði gengið helzt til langt í að setja gjald það, sem hér ræðir um, fullhátt. Það kom fram þá, að menn höfðu ekki gert sér ljóst, hvert sú hækkun stefndi, eða hverjar afleiðingar hún kynni að hafa í för með sér; en það kom fram undir umræðunum, að málið horfði nokkuð öðruvísi við, en menn í fyrstunni höfðu gert sér hugmynd um, og menn geta af meðferð málsins 1899 ekki annað en sannfærst um, að það eru ýms atriði í þessu máli, sem þurftu frekari íhugunar við en áður hafði verið gjört. Það virðist lítið hafa verið hugsað um annað, en að ná sem hæstu gjaldi af þessum atvinnurekstri frá þeim borgurum landsins, sem þessa atvinnu reka, án þess að menn athuguðu, að hve miklu leyti þetta tollgjald stæði í réttu hlutfalli við það tollgjald, sem lagt var á líka atvinnuvegi landsins; og þegar farið var að bera þessi gjöld saman og aðgæta þau nánar, þá sáu menn, að hér var farið mikils til of langt og að hér var um afarmikið misræmi að ræða.

Eg þarf ekki annað en benda á, að þegar fyrst var lagður tollur á hvalskíði, þá var hann settur töluvert hár, af því að mönnum var kunnugt, að þessi vara hafði verið í háu verði. En þá upplýstist það, að hvalskíði hafði fallið svo gífurlega í verði, að í staðinn fyrir að tonnið hafði einu sinni verið borgað með 200 pundum sterling, fengust þá ekki nema 20 pund fyrir það. Það var 10 sinnum minna virði en verið hafði. Þetta eina atriði

ætti að gera þingið varasamt með að leggja mjög þungan toll á þessar afurðir. Eins var það líka, þegar tollur var lagður á hvallýsi; þá héldu menn, að það seldist töluvert dýrara en í raun og veru átti sér stað; en þegar betur var aðgætt, þá sáu menn, að það voru tómar ímyndanir með hið háa verð; menn höfðu heyrt talað um, að það seldist fyrir einar 40 – 50 krónur tunnan, en það sannaðist, að það seldist að eins á 18 til 23 kr., eða að meðaltali hér um bil 20 kr. Þá hafa menn líka haldið því fram, að vegna þess að þessi atvinnurekstur er svo stórfengilegur, þá hljóti arðurinn af honum að vera afar-mikill; en það er líka aðgætandi, að kostnaðurinn við hann er feikna-mikill; vitaskuld eru áraskifti að gróðanum; í góðum árum er hann efalaust allmikill; en í lakari árum getur hann orðið enginn eða jafnvel tap; og er þessi atvinnurekstur að því leyti sömu lögum háður og allir aðrir líkir atvinnuvegir. Eg hygg því, að þetta, sem eg nú hefi tekið fram, sé nægilegt til að gera menn varfærnari en verið hefir og gefi tilefni til að athuga rækilega, hvort sá vegur, sem hingað til hefir verið farinn hér á þingi í þessu máli, hafi ekki verið athugaverður, og þar sem tollurinn á einni vörutegund, hvallýsinu, er fjórfalt meiri í þessu frv. en sett var fyrir 4 árum, 2 kr. í stað 50 aur., og ef hvallýsi jafnframt selst ekki nema á 20 kr. tunnan, þá hljóta allir að sjá, að þetta er afarhár tollur, þar sem hann er $^1/_{10}$ af „brúttó“verðinu. Er það þá af því, að menn álíti, að þessir menn eigi að borga svo miklu meira en aðrir, eða að það beri að leggja tiltölulega þyngri byrðar á þá en aðra fyrir það, að þeir reka þenna atvinnuveg? Þetta er að minsta kosti nægilegt athugunarefni í nefnd. Nefnd sú, sem skipuð var í þetta mál hér í deildinni árið 1899, komst sjálf að þeirri niðurstöðu, að hún hefði farið fulllangt, að því er snerti hækkun þessa gjalds, og breytti sjálf gjörðum sínum við umræðu málsins, og bendir þetta alt í sömu átt, að þingið eigi að fara varlega í þessu efni og sjá fótum sínum forráð. Eg skal þess vegna leyfa mér að styðja þá tillögu, að nefnd verði sett, til að íhuga þetta mál, og geri eg ráð fyrir, að 3 manna nefnd muni vera nægilegt.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

3 manna nefnd sþ. með 9 shlj. atkv. og í hana kosnir:

Eiríkur Briem	með	7 atkv.
Guttormur Vigfússon	—	6 —
Guðjón Guðlaugsson	—	5 —

Önnur umr., 14. ágúst (C bls. 401; n. 570).

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Eins og háttv. deild er kunnugt af nefndarálitinu, þá hefir nefndin gert töluverðar breytingar við frumv., hún hefir fært niður útflutningsgjaldið af hvallýsinu og ráðið frá því að hækka nokkuð útflutningsgjald af hvalkjötsmjöli, hvalgúanó og hvalbeinamjöli.

Hvað viðvíkur lækkuninni, sem nefndin hefir gert á ákvæðum frumv. um útflutningsgjaldið af hvallýsinu, þá virðist nefndinni ekki fært að hafa það hærra en 1 krónu og er það þó tvöfalt hærra en það gjald, sem nú er greitt af lýsinu, og virðist nefndinni, að þá sé farið fullkomlega svo langt, sem sanngjarnt er. Í Noregi nemur afgjaldið af lýsinu 1 kr. og er þar mikill hluti þess ætlaður til hagsmuna þeim, sem þenna atvinnuveg stunda, en hér rennur alt til landssjóðs.

Eftir því háa útflutningsgjaldi, sem frv. fer fram á að lagt verði á hvallýsið, álítur nefndin að leiði beinlínis tap fyrir landssjóð, eða þetta verði til að draga úr þessum tekjum hans, því að hvalveiðamenn muni eigi halda hér áfram veiðiskap við slíkar álögur. Þar á móti álítur nefndin það gjald, sem hún hefir sett,

ekki of tilfinnanlegt, en með því muni landssjóður græða um 25000 kr., og í annan stað er líka talsvert á hvalveiðamennina lagt, þar sem á þessu þingi er nýbúið að samþykkja tekjuskatt, sem lagður hefir verið á þá.

Hvað viðvíkur hinum öðrum atriðum frumv. um bækkun á útflutningi af alls konar hvalmjöli, þá álítur nefndin, að landssjóður muni fremur tapa en græða á slíku álagi.

Eg hefi leitað eftir því, hve margir hvalveiðamenn muni búa til hvalmjöl hér við land og komist að þeirri niðurstöðu, að hvalmjöl framleiða að eins 3 eða 4 í mesta lagi, og bendir það til þess, að tilbúningur þessi er eigi svo gróðavænlegur, að hann þoli auknar álögur, en nefndinni finst eigi rétt að ónýta þenna atvinnuveg, sem margur maður hér á landi mun hafa gagn af, þar sem hann getur fengið keypt hjá hvalveiðamönnum bezta kraftfóður fyrir sanngjarnt verð.

Hér verður að koma til greina, bæði hagur landssjóðs og líka þjóðarinnar í heild sinni. Þess vegna er nefndin á móti því, að þetta gjald verði hækkað fram úr því, sem nú er.

Guttormur Vigfússon: Það má segja um mig í þessu máli, að margur dansi, þó hann dansi nauðugur; eg hefi fylgst með háttv. meðnefndarmönnum mínum í þessu máli, en óviljugur samt. Eins og kunnugt er, þá hefir fram komið mikil hreyfing, einkum á Austurlandi, í þá átt, að fá þingið til að banna allar hvalaveiðar með lögum. Þessi hreyfing byggist á þeirri trú sjómanna, að eyðing hvalanna hafi í för með sér mikinn hnekki fiskiveiðanna og sérstaklega síldarveiða. Þó hefir frumv. um algert bann ekki komið fram í þinginu að þessu sinni, enda mundi það og hafa verið vonlaust mál, eins og þingið er skipað, sérstaklega hér í Ed.

Um réttmæti þeirra skoðana sjómanna, að hvalveiðar hamli fiskiveiðum, skal eg ekkert segja, hvort rétt sé eða eigi, og úr því að málið er þannig komið, að ekki er að hugsa til að fá algert hvalveiðabann samþykt, þá virðist mér, að sjálfsagt sé, að leggja beri svo mikil gjöld á þessa menn, að eins mikið hafist upp úr þeim, og hægt er, meðan þeir eru að eyðileggja hvalina hér við land, því að eins og allir vita, eru það útlend auðfélög, sem fyrir þessum veiðum standa, og sem hætta að reka hér atvinnu, þegar þeir eru búnir að eyða hvölunum og græða það, sem þeir geta.

Hvað viðvíkur gjaldi því af hvalafurðum, sem nefndin stingur upp á, þá er eg samdóma háttv. framsm. (E. Br.) um það, að öðru leyti en því, að mér þótti langt of lítið lagt á hvallýsið; þó vildi eg ekki gera þetta að neinu kappsmáli eða koma fram með neina breyt.till. gegn þessu ákvæði, og það því síður, sem háttv. meðnefndarmenn mínir slökuðu töluvert til fyrir uppástungum mínum.

Júlíus Havsteen: Eg var að hugsa um að koma fram með breyt.till. um að lækka útflutningsgjaldið af lýsinu enn þá meira *(Guttormur Vigfússon:* Nefndin felst ekki á það), en þegar eg heyrði að nefndin mundi eigi geta fallist á það, þá hætti eg við breyt.till. En fyrir mér vakti það, að útflutningsgjaldið væri of hátt, og var eg því hræddur um, að hvalaveiðamenn mundu ekki ganga að því heldur hætta við að reka þessa veiði hér við land á sama hátt og hingað til. Mér hefði sýnst nóg, að útflutningsgjaldið af hvallýsinu væri um 75 aura.

Hvað því viðvíkur, að hvölunum verði útrýmt, þá held eg, að engin hætta sé á því, vegna þess að Englendingar, Ameríkumenn, Hollendingar og Norðmenn eru mikið hættir að veiða bæði í Kyrrahafinu og Norðurhöfunum.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Viðvíkjandi því að útiloka menn frá hvalveiðum hér við land, með því að

leggja afarhátt afgjald á veiðendur, þá er það ómögulegt, og hefir fiskifræðingur Bjarni Sæmundsson gert glögga grein fyrir því, að slíkt er fásinna ein. Þrátt fyrir slíkt afgjald yrðu hvalveiðar reknar í Íslandshafi, hvað sem hver segir, og þar sem menn vita þess dæmi, að hvalir hafa verið dregnir eins langa leið eins og frá Austurlandi til Færeyja, þá mundi afleiðingin verða sú, að hvalastöðvar yrðu hafðar þar, en veitt hér og engar tekjur fengjust fyrir landið af þeirri veiði.

Eigi virðist það heldur á neinum rökum bygt, að hvalveiðar spilli fiskiveiðum, og óbeit sú, sem Austfirðingar hafa á þeim nú, mun vera svipuð því áliti, sem fyrst var á Vesturlandi, þegar byrjað var að veiða hvali þar. En nú eru Vestfirðingar aftur komnir á þá skoðun, að hvalveiðarnar séu alls ekkert hættulegar fyrir fiskiveiðarnar, sem sjá má á fjölmörgum áskorunum, sem fyrir þinginu liggja frá Vesturlandi um það, að íþyngja sem allra minst hvalveiðamönnum. Einnig má geta þess, að fiskiveiðar eru engu minni nú, síðan hvalir hafa verið drepnir að miklum mun fyrir Vesturlandi, en þær voru áður; t. d. við Ísafjarðardjúp hefir nú verið mesta góðfiski síðustu ár. Viðvíkjandi því, sem háttv. 1. kgk. (J. H.) tók fram, að gjaldið mundi vera fullhátt af hvallýsinu, þá getur það verið álitamál. Nefndinni virtist þó þetta gjald (1 kr.) sennilegt, þar sem líka bréf frá hvalveiðamönnunum sjálfum virtist heldur gefa bendingu í þá átt, að þeim mundi eigi þykja þetta afgjald frágangssök, þar sem þeir tala um, að þetta sé gjaldið í Noregi.

ATKV.GR.: 1. Breyt.till. á þskj. 447 samþ. með 9 samhlj. atkv.

1. gr. frumv. þar með fallin.

2. Breyt.till. á þskj. 447 samþ. í e. hlj.

3. gr., sem verður 2. gr., samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Alþ.tíð. 1903 A.

Þriðja umr. 17. ágúst. (C. bls. 643).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og endursendist forseta Nd.

Ein umr. 24. ágúst. (C. bls. 723; n. 753).

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Svo sem háttv. deild sér á nefndarálitinu, gat nefndin eigi verið samdóma um þetta mál, þar sem meiri hluti nefndarinnar eigi gat aðhylst þá breyting eða hækkun á útflutningsgjaldinu, sem háttv. Nd. hefir farið fram á. Ástæður meiri hluta nefndarinnar eru nú hinar sömu og áður, að hún sér eigi fært, að öllu athuguðu, að fara hærra en upp í 1 kr. og vill hann því leggja til, að breyt.till. meiri hlutans verði samþ.

Valtýr Guðmundsson: Eg get eigi verið meiri hluta nefndarinnar samdóma um það, að rétt sé að setja þetta frumv. í sama horf, og það var samþ. hér í deildinni áður. Að vísu kann það vel að vera, að gjaldið sé full hátt sett kr. 1,25 En annars vegar get eg eigi álitið, að 25 aura gjald meira eða minna á hverri lýsistunnu geti haft mikla þýðingu fyrir þenna atvinnuveg, og hins vegar getur þessi breyting orðið til þess, að frumv. falli, og álít eg það illa farið, því það mun vera einróma álit beggja deilda, að hækka beri útflutningsgjaldið að einhverju leyti.

Enn fremur ber þess að gæta, að mér vitanlega hefir nefndin eigi haft annað á að byggja en sögusögn hvalveiðamanna sjálfra, að gjaldið sé 1 kr. í Noregi, og mun þar af hafa dregið þá ályktun, að sama gjald muni hæfilegt hér. Að minsta kosti vildi eg spyrjast fyrir hjá hattv. nefnd um það, hvort hún hafi haft aðrar upplýsingar á að byggja.

Þar sem hvalaveiðamennirnir sjálfir hafa tjáð sig ánægða með þetta 1 kr. gjald, þá virðist þar af mega draga þá ályktun, að það sé þó heldur í lægra lagi, því að það

er ekki líklegt, að þeir hafi tjáð sig ánægða með það gjald, er væri hámark þess, er þeir gætu þolað.

Enn fremur vil eg geta þess, að þetta kr. 1,25 gjald, er hið sama og fiskiveiðamálanefndin í Nd. komst að, að mundi hæfilegt. Eg verð því að álíta, að frumv., sem það nú liggur fyrir, sé eigi óheppilegt, og vil því leyfa mér að ráða háttv. deild til að samþ. það óbreytt.

Júlíus Havsteen: Eg fyrir mitt leyti get eigi verið samdóma háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), því frá mínu sjónarmiði er rangt að fara svo langt og leggja svo þungan skatt á þessa atvinnugrein, og eg er ekki sannfærður um, að svo hátt gjald yrði landinu til nokkurs hagnaðar, heldur þvert á móti til skaða; oss hættir oft við, þegar um það ræðir að leggja á skatta, sem líkt stendur á og með þessa, að vera of heimtufrekir og skaða, þar sem vér vildum gera gagn.

Eg skal leyfa mér að taka það fram, að eg að vísu hefi eigi fengið þær upplýsingar um þetta mál, sem geta kallast fullgildar. En hins vegar vil eg geta þess, að eg um daginn átti tal um þetta atriði við Berg hvalveiðamann, mann, sem er kunnur að því, að vera heiðarlegur og sanngjarn maður, og eg skildi hann svo, að 1 kr., gjaldið væri hið hæsta, sem hvalveiðamennirnir gætu borið, og að þeir yrðu að flytja af landi burt og hætta við þenna atvinnuveg, ef þeim yrði íþyngt um of.

Það er því mín skoðun, að ef við annars viljum hafa þessa menn hér á landi framvegis, þá megum við ekki ofþyngja þeim svo mjög, að þeim sé ómögulegt að haldast hér við; þeir vinna oss sannarlega langt um meira gagn en ógagn og vér eigum því ekki að fæla þá frá oss.

Guttormur Vigfússon: Eg get eigi verið háttv. meðnefndarmönnum mínum samferða í þessu máli. Eg er sömu skoðunar og háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), að það eigi að samþ. frumv., eins og það liggur nú fyrir frá háttv. Nd., því eg er hræddur um, að ef því nú verður breytt, þá verði það til þess að fella málið með öllu. Eins og frumv. nú liggur fyrir, var það samþ. með 18 eða 20 atkv. í háttv. Nd., og það er því augljóst, að þó málið komi í sameinað þing, þá muni þetta 1,25 kr. gjald standa eftir sem áður. En hins vegar getur vel farið svo, ef frumv. er breytt enn á ný, að það þá verði felt með öllu, og álít eg það illa farið. Eg álít það ilt, ef þetta yrði til þess, að við mistum stóra tekjugrein, því eins og hið fjárhagslega ástand er nú, eða eins og útlit er fyrir, að það verði, eftir þeim fjárlögum, sem nú er útlit fyrir að verði samþ., þá megum við sannarlega ekki við slíkum tekjumissi.

Eg verð enn fremur að vera sömu skoðunar og háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), að þessi hækkun mundi eigi verða því valdandi, að þessir menn mundu flytja af landi burt, því eg þykist þess fullviss, að þetta 25 aura meira eða minna gjald hafi eigi mikla þýðingu fyrir þá, og það því síður, sem horfið var frá að leggja hærra gjald á aðrar hvalafurðir, eins og upprunalega frumv. þó fór fram á.

Eg vil enn fremur leyfa mér að taka það fram, að mér virðist sú ástæða skrítin, sem tekin hefir verið fram hér í deildinni, að hvalveiðamenn hafi verið spurðir um það, hvort þeir gætu þolað þetta gjald eða ekki, og þeir auðvitað svarað nei. Eg býst við, að þessir menn sem aðrir muni heldur vilja færast undan gjaldskyldunni en hitt, og að þeir eigi muni kæra sig um að láta meira yfir arði sínum af atvinnu þessari, en þeir geta gert sér von um undir öllum kringumstæðum. Og hins vegar mætti vel benda á, að það er ekki verið að fara til landsmanna og spyrja þá um, hvort þeir geti borið gjöldin, þegar um það er að ræða að leggja á þá þunga skatta. Nei!

þeir eru lagðir á þá alveg þegjandi, þegar þeirra er þörf.

Annars vil eg taka það fram, að mér fyrir mitt leyti er það ekkert kappsmál, hvort gjaldið er 1 kr. eða 1 kr. 25 aurar; fyrir mér vakir þetta eitt, sem eg áður hefi tekið fram, að eg óttast, að ný breyting verði málinu til falls.

Hallgrímur Sveinsson: Eg fyrir mitt leyti verð að hallast að þeirri skoðun meiri hluta nefndarinnar, að hér sé of langt farið í hækkun á gjöldum á þessari atvinnugrein. Ef menn vilja leggja hér það gjald á, sem réttsýni og sanngirni mæla með, og þýða það þannig, að 1,25 kr. sé hið rétta og sanngjarna gjald, þá er mér ekki hægt að ráða fram úr þeirri gátu. Ef við höfum tvær tegundir lýsis, hákarlslýsi og hvallýsi, og hið síðara að engu leyti verðmætara en hið fyrra, þá virðist mér það vera sanngirni, að jafnt gjald sé af þessum báðum tegundum. En hingað til hefir það verið svo, að 30 au. að eins hafa verið goldnir af hákarlslýsistunnunni en 50 aurar af hvallýsi. Þegar þetta sýnist nú nokkurt misrétti. En ef farið er lengra, ef gjaldið af hvallýsi er sett upp í 1,25 kr., eða með öðrum orðum rúmlega ferfaldað við hákarlslýsi, þá virðist mér jafnréttinu voðalega misboðið. Eg fyrir mitt leyti get ekki sannfærst um, að ástæða sé til þessa mismunar, og eg hefi enga ástæðu heyrt fyrir því aðra en þá, að hvalveiðar séu reknar hér í stórum stíl og hljóti því að borga sig vel eða betur. Þetta kann ef til vill satt að vera, en útvegurinn er mjög dýr og að minni hyggju mun sá mismunur, sem stafar af framleiðslu í stórum stil, eigi vera svo mikill, að þessu nemi.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) tók fram, að landsmenn væru eigi spurðir um það, hvort þeir gætu þolað gjöldin, þegar þau eru á þá lögð, þá er það að vísu satt, en alveg er sama tilfellið hér. Þessir menn hafa ekki verið spurðir um, hvort þeir gætu borið þessi gjöld. En hins vegar er það skylda þingsins að gæta þess, að það ofþyngi eigi gjöldum á neinum af borgurum landsins.

Þar sem háttv. sami þm. tók það fram, að afleiðingin af því að færa niður gjaldið kynni að verða sú, að frv. félli, þá kann það að verða. En eg fyrir mitt leyti veit eigi, hvort eg ætti að telja það svo mikinn háska, því eins og eg áður hefi tekið fram, fæ eg ekki séð, að þetta gjald sé sanngjarnt og rétt, og það því síður, sem nú er sú breyting á orðin, að þessir menn eiga að gjalda atvinnuskatt, sem aðrir borgarar landsins, eins og mér þykir líka rétt vera og sjálfsagt.

Framsögumaður (Eiríkur Briem): Þar sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) talaði um, að sú upphæð gjaldsins, sem meiri hluti nefndarinnar ræður deildinni til að aðhyllast, væri bygð á upplýsingum frá hvalveiðamönnunum sjálfum, þá skal eg geta þess, að mér er ókunnugt um það, og eg hefi ekki fengið neinar upplýsingar frá þeim um þetta atriði aðrar en þær, sem standa í bréfi því, er þeir sendu til þingsins um þetta gjald. — En eg verð að leggja á móti því, að gjaldið sé fært upp úr þeirri upphæð, sem meiri hluti nefndarinnar hér í deildinni var samdóma um að setja sem hámark þessa gjalds, og þykjumst vér sannfærðir um, að það sé fullhátt, og til þess að hækka það svo stórkostlega, sem háttv. Nd. og minni hluti nefndarinnar hér fara fram á, þá verða að koma fram upplýsingar um og ástæður fyrir, að það sé sanngjarnt og réttmætt, en þær upplýsingar og ástæður hafa enn þá ekki komið fram.

Eg talaði við einn af þeim mönnum, sem hér eiga hlut að máli, en það samtal var að eins um verðið á lýsinu og hvalkjötsmjölinu og ekkert annað. Fyrir meiri hluta nefndarinnar hér höfðu þær upplýsingar, sem standa í áður umgetnu

bréfi, þau áhrif, að tiltækilegt væri að fara eins langt í hækkun þessa gjalds, eins og við leggjum til; annars hefðum við naumast farið svo langt.

Svo er einnig á það að líta, að ef þessum mönnum, sem nú reka þenna atvinnuveg hér á landi, væri íþyngt um of með ósanngjörnu gjaldi, þá mundi það hafa þau áhrif á þá, að þeir færu að líta í kring um sig, áður en þeir héldu þessum atvinnuvegi áfram. Það hlýtur að liggja á bak við hjá þeim, sem vilja hækka þetta gjald svo gífurlega, að þeir álíti þenna atvinnuveg skaðlegan fyrir fiskiveiðarnar; en fyrir því hafa mér vitanlega ekki verið færðar neinar skynsamlegar eða gildar ástæður. Þar sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) tók það fram, að málinu væri stofnað í hættu í sameinuðu þingi með að samþykkja þessa breytingu meiri hlutans hér í deildinni, þá skal eg geta þess, að mér hefir verið skýrt frá, að breyting háttv. Nd. hafi verið samþykt með 15 atkvæðum þar í deildinni, og hafi svo verið, þá ætti málinu ekki að vera stofnað í neinn háska í sameinuðu þingi; og þegar málið var til annarar umræðu hér í deildinni, þá kom það glögglega fram, að það var mikill meiri hluti fyrir því, að setja þetta gjald ekki hærra en meiri hluti nefndarinnar hér fer fram á.

Valtýr Guðmundsson: Eg skal fúslega játa, að það lítur töluvert undarlega út, að þetta gjald sé sett tiltölulega hærra en af öðrum afurðum, og eg álít, að 1 kr. gjald sé eiginlega alveg nóg, og mér er ekkert kappsmál um þessa 25 aura hækkun Nd., en það, sem mér er kappsmál, er að frv. nái fram að ganga, en eg er hræddur um, að það geti orðið frumv. til falls í sameinuðu þingi, ef þessi breyting meiri hluta nefndarinnar hér verður samþ. Mér finst líka standa alt öðruvísi á með gjald af hvallýsi en hákarlslýsi; því að hákarlaveiðarnar eru reknar af innlendum borgurum þessa lands, en hvalveiðarnar af útlendingum, sem ekki geta kallast reglulegir borgarar þessa lands, og sem fara með allan gróðann af þessari atvinnu út úr landinu; auk þess vakir það fyrir mörgum, að þessi atvinnuvegur sé skaðlegur fyrir fiskveiðarnar og eftir þeirri reynslu, sem fengin er annars staðar, er enginn efi á því, að með þessu lagi eyðast hvalirnir smámsaman, en að því er snertir þau áhrif, sem þessi atvinnurekstur hefir á fiskiveiðarnar, þá skal eg ekki segja neitt um það, enda er það spursmál ósannað á báðar hliðar; en undarlegt er það, hve föst trúin á skaðsemi hvalveiðanna er fyrir fiskiveiðarnar, og er hún svo gömul og rík, að í fornlögum Norðmanna voru svo ströng sektarákvæði við því að drepa hvali, að gjöldin fyrir það voru jafnmikil og manngjöld; en hvað sem því nú líður, þá er það víst, að hvalrekar hafa oft mikla þýðingu fyrir landsmenn; en fyrir mér vakir það aðallega, að þegar Nd. hefir gengið svo langt til samkomulags, þá sé réttara að samþykkja frv., eins og það nú liggur fyrir, en að stofna því í hættu í sameinuðu þingi; því að það er alls ekki svo lítið í húfi, ef frv. fellur; það eru fleiri tugir þúsunda, sem veltur á, hvort frumv. stendur eða fellur; en eins og eg tók fram áðan, þá er eg jafnánægður með 1 kr. gjaldið, eins og þetta hækkaða gjald.

Guttormur Vigfússon: Háttv. 2. þm. G.-K. hefir tekið fram flest af því, sem eg ætlaði að segja, og skal eg því að eins leyfa mér að bæta örfáum orðum við það.

Háttv. 2. kgk. þm. lagði mikla áherzlu á það missrétti, sem þetta gjald hefði í för með sér, er það væri borið saman við önnur gjöld landsmanna. Það er auðvitað ekki gott fyrir mig eða aðra háttv. deildarmenn að bera þessi gjöld nákvæmlega saman við önnur gjöld landsmanna, því að til þess erum við ekki næginlega kunnugir öllum atvikum; en eftir því, sem

eg hefi heyrt marga segja, þá er mjög ólíku saman að jafna, hvað hákarlaveiðar og hvalveiðar snertir; bæði er mjög ólíkur arður af þessum veiðum og ólík hætta, sem af þeim stafar; arðurinn af hvalveiðunum er einhver sá fljótteknasti arður, sem hægt er að fá af nokkurri atvinnugrein hér á landi, þó að kostnaðurinn sé vitanlega nokkuð mikill; en svo er annað atriði í þessu máli, sem eg lít alt öðruvísi á en háttv. 2. kgk. þm., og það er búseta þessara manna hér á landi, en hún er alt öðruvísi en annara landsmanna. Eg lít svo á, sem þessir menn séu alls ekki íslenzkir borgar í eiginlegum skilningi, þó að þeir reki hér þenna atvinnuveg nokkurn hluta af árinu. Að vísu gjalda þeir hér til allra stétta, en þeir eru þó aðallega búsettir annars staðar, og allur arðurinn af atvinnu þeirra fer út úr landinu, og svo vitum við, að þegar þeir eru búnir að rýja sjóinn kring um landið af hvölum, þá fara þeir alfarnir á burt og við stöndum þá uppi allslausir að því, er hvalina snertir.

Það má ef til vill segja, að ekki sé fengin nein sönnun fyrir því, að hvölunum fækki fyrir þessar veiðar þeirra, en mér finst við hafa þreifað á sönnuninni fyrir því, þar sem það er alkunnugt, að hvölunum hefir fækkað svo mjög fyrir vestan, að þessir menn hafa einmitt þess vegna flutt þaðan austur á land, til þess að byrja þar á nýjan leik, og það skal sannast, að það verður hvalafækkunin, sem rekur þessa menn burt úr landinu, en ekki það, hvort lagt er 25 aurum hærra eða lægra gjald á hvallýsið.

Jónas Jónassen: Eg kann illa við að skilja svo við þetta mál, að ekki sé minst á, hversu miklir velgerðamenn þessir hvalveiðendur eru fyrir þau héruð, sem þeir eru búsettir í. Þeir gefa bæði stórgjafir og leggja í ýmsa styrktarsjóði og halda lífinu í mörgum fátæklingum og þar að auki gjalda þeir svo hátt útsvar, að þeir bera mestmegnis einir öll sveitarþyngsli.

Frá því fyrst að mál þetta hefir komið til umræðu, hve miklar grýlur hafa menn ekki gert sér út af hvalveiðunum?

Það er nýútkomin bók eftir Joh. Hjorth, norskan náttúrufræðing, um hvalaveiðar. Menn ættu að lesa þá bók og sjá, hvað hann segir um þetta.

En eitt er eg sannfærður um, og það er það, að menn munu kveina og kvarta, þegar hvalveiðamennirnir eru farnir og landssjóður hefir mist allar tekjurnar.

Guðjón Guðlaugsson: Mín skoðun er sú á þessu máli, að það sé tilorðið sökum hleypidóma og hjátrúar manna. Sá eini neisti af skynsemi er það, að þetta er talsverður tekjuliður fyrir landssjóð, sem farið er fram á í frv. þessu. En það verður þó að vera einhver sanngirni í þeim álögum, sem lagðar eru á einstaka menn.

En í frv. þessu er farið ósanngjarnlega hátt að hafa útflutningsgjaldið 1,25 kr. af hverri tunnu hvallýsis, eins og háttv. Nd. hefir farið fram á, en eg beygði mig fyrir samnefndarmönnum mínum, að ganga inn á að hafa það 1 kr., annars vildi eg í hæsta lagi hafa það 0,75 kr., en eg beygi mig ekki oftar en einu sinni.

Enn fremur er þetta veruleg hækkun, hvort sem það er borið saman við það, sem áður var eða við útflutningsgjald á öðrum vörum. Sömuleiðis er þetta útflutningsgjald ósanngjarnt, enda á sér hvergi stað nema hér, að leggja gjald á þær vörur, sem framleiddar eru í landinu sjálfu.

Háttv. þingm. S.-Múl. (G. V.) sagði, að þetta væri fljótteknin arður, en eg held, að það hafi oft skift vikum, eg þori ekki að segja mánuðum, sem hvalveiðamennirnir hafa ekki fengið nokkurn hval, og sér þá hver maður, að ekki er litlu tilkostað að halda úti afardýrri útgerð, þegar illa gengur og þó þeir með köflum afli vel, þá vegur það að eins á móti áhættunni,

sem þessari atvinnugrein er samfara. Mér finst ekki tiltökumál, þó einstöku dugnaðarmenn græði, þegar þeir leggja mjög mikið fé í hættu.

Það eru sérstaklega 2 menn, sem reka þessa atvinnugrein í stórum stíl, og mér finst ekki rétt af þinginu að leggja þessa menn í einelti, þó þeim lánist vel og séu dugnaðar- og hepnismenn.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) sagði, að það væri hætta að setja málið í sameinað þing.

En mér er ókunnugt um fylgi málsins í Nd. En eg ímynda mér, að allir séu með því að hækka gjaldið eitthvað, af því að það er tekjugrein fyrir landssjóð. Þess vegna get eg ekki séð, að ef málið hefir mikið fylgi í háttv. Nd., að nokkur hætta sé fyrir það. En ef deildin leggur svo mikið kapp á að hækka gjaldið svona geysimikið, eða lætur það falla að öðrum kosti, þá get eg ekki grátið það, þó það félli. Það er á þeirra ábyrgð en ekki okkar, sem höfum með sanngirni viljað miðla málum. Eg áliti skaðlaust, þó það félli, þegar tekið er tillit til þess, að einnig hefir verið lagður á þessa menn tekjuskattur á þessu þingi, sem ekki hefir hvílt á þeim áður[1].

ATKV.GR.: Breytt. á þskj. 589, við 1. gr., samþ. með 8 : 3 atkv.

Frv. þannig breytt, sþ. í e. hlj. og verður afgreitt til forseta sameinaðs þings.

Ein umr. í sameinuðu alþingi, 25. ágúst, (C. bls. 811).

ATKV.GR.: Frv. sþ. í einu hljóði og verður afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

---

1) Ræðan er bjögnð, eins og hún er hér skrifuð, frá því, sem hún var fram flutt, en ekki tími til leiðréttinga.

G. G.

Viðauki við sveitarstjórnarlög.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi og breyting á lögum 9. ágúst 1889 við nefnd lög; 1. umr., 12. ágúst, (C bls. 548).

Eiríkur Briem: Mál þetta er mikilsvert, því mikil atvinna er rekin, er kemst undan aukaútsvari, og er því ástæða til að málið nái fram að ganga.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 9 atkv.

Önnur umr.; 14. ágúst, (C bls. 548).

Þorgrímur Þórðarson: Eg álít, að frv. þetta hafi mikla réttarbót í för með sér, þar sem það leyfir hreppsnefndum að leggja aukaútsvar á hvalveiðendur og síldarveiðendur, þótt þeir reki atvinnuna skemur en 4 mánuði af gjaldárinu, því að það er mjög tilfinnanlegt fyrir fátæka hreppa að missa aukaútsvar frá þeim, sem þessa atvinnu stunda, en sem sjaldnast eru að því í 4 mánuði á ári. Sama er að segja um laxveiðendur, sem leigja ár og veiða að eins stuttan tíma, en eru búsettir annars staðar. Meðan í hreppnum var stunduð af innlendum mönnum laxveiði, var hún gjaldstofn, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd lagði aukaútsvar á, en síðan farið var að leigja eða selja árnar, hafa hrepparnir mist þenna gjaldstofn. Eg skal t. a. m. nefna Elliðaárnar; síðan þær voru seldar, hefir það útsvar, sem áður var lagt á innanhreppsmenn, er stunduðu laxveiði í ánum, orðið að leggjast á alla hreppsbúa, en eigandi, sem er stórauðugur, alveg sloppið. Þetta er svo óréttlátt, að það verður að ráða bót á því hið bráðasta. Í 2. gr. frumv. er leyft að leggja aukaútsvar á ábúð á jörðu eða jarðarhluta og leigulíðaafnot, þótt engin ábúð fylgi og þótt rekin séu skemur en 4 mánuði gjaldársins. Þetta er líka afarmikil réttarbót, því það er mjög farið að tíðkast, að menn leigja jarð-

ir eða jarðarhluta í öðrum hreppi en þeir eru búsettir í og flytja alt hey af jörðunum út úr hreppnum, en gæta þess vandlega að vera þar að heyvinnu skemur en 4 mánuði af gjaldárinu, til þess að sleppa hjá gjöldum til hreppsins. Þetta er algerlega óþolandi fyrir hlutaðeigandi hreppa, því þau gjöld, sem áður voru lögð á ábúendur þessara jarða til hreppsþarfa, jafnast nú niður á aðra íbúa hreppsins og er þeim þannig íþyngt með gjöldum, en hinir, sem hafa öll afnot jarðanna, sleppa með öllu frá gjöldum til hreppsþarfa, því að eg tel ekki þessar litlu fasteignartíundir, sem goldnar eru af jörðunum í hreppssjóð.

Eg skal svo ekki fjölyrða um málið, en óska að eins, að h. deild samþykki það.

Hallgrímur Sveinsson: Eg vil geta þess, að prentvilla hefir slæðst inn í enda 1. gr. Það er orðið „af“, sem eg vona að verði felt burtu.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. frumv. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. með 10 shlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Þriðja umr.; 17. ágúst (C bls. 643).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og verður afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

Hagfræðisskýrslur.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur; 1. umr., 4. júlí (C bls. 125, stj.frv.).

Kristján Jónsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á því, að þriggja manna nefnd verði skipuð í mál þetta, þegar væntanlegum umræðum um það er lokið.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 6 shlj. atkv.

Þriggja manna nefnd sþ. með 6 shlj. atkv. og hlutu kosningu:

Eiríkur Briem	með 9 atkv.
Kristján Jónsson	— 8 —
Sigurður Jensson	— 5 —

Önnur umr., 10. júlí (C bls. 125; n. 197).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Frumv. það, sem hér liggur fyrir, er komið frá stjórninni, og var það fengið í hendur nefnd um daginn til íhugunar; hefir nefndin látið í ljós álit sitt um það á þingskj. 45, og hefir hún falið mér að skýra nokkuð frekar þær tillögur, sem hún þar hefir sett fram.

Á alþingi 1902 var samþykt frumv. um líkt efni sem viðbót við lög, er samþykt voru á þingi 1895 um hagfræðisskýrslur. Frv. stjórnarinnar fer í sömu átt, og alþingisfrumv., og hefir hin sömu aðalákvæði inni að halda. Það fer fram á, að gerðar séu ráðstafanir til þess, að árlega sé safnað skýrslum um starfsemi vátryggingafélaga hér á landi, að undanskildum sjóvátryggingafélögum, og um öll þau atriði í framkvæmdum þeirra, sem geta haft þýðingu fyrir almenning.

Frumv. það, sem alþingi samþykti í fyrra, náði ekki staðfestingu konungsins, af því að það hafði eitt ákvæði, sem stjórninni þótti eigi aðgengilegt, nefnilega, að öllum ábyrgðarfélögum, er starfa hér á landi, væri gert að skyldu, að hafa einhvern aðalumboðsmann hér á landi og tilkynna landshöfðingja, hver hann væri. Þetta ákvæði hefir ekki verið tekið upp í frumv. stjórnarinnar, og nefndin hefir ekki lagt til, að það væri sett inn í frumv., með því að hún álítur, að það væri gagnslaust, gegn eindreginni yfirlýsingu stjórnarinnar, og að það mundi verða málinu að falli. Yfir höfuð hefir nefndin getað fallist á frumv., eins og það kom frá stjórninni. Aðalinnihald þess er að fyrirskipa, að skýrslum skuli safna frá ábyrgðarfélögum

hér á landi, og verður það að teljast æskilegt, bæði frá hagfræðislegu sjónarmiði yfirleitt, þar sem slíkar skýrslur gefa upplýsingar um hag og ökonómikst líf þjóðarinnar, og eru þar að auki nauðsynlegar til leiðbeiningar, þegar um það verður að ræða, að setja á stofn innlend lífsábyrgðarfélög, og áleit nefndin, að ákvæði frv. væru vel löguð í þessu tilliti, og að frv. væri að því leyti vel til þess fallið að verða að lögum.

Það er að eins ein efnisbreyting, sem nefndin hefir stungið upp á við frumv., nefnilega sú, að láta ákvæði 1. gr. gilda um innlend sjóvátryggingafélög, því að nefndin sá ekki ástæðu til að undanþiggja þau skyldum þeim, sem lagagrein þessi annars leggur á vátryggingafélög. En hitt gat nefndin vel skilið, að gæti verið vandkvæðum bundið að heimfæra ákvæði laganna til útlendra vátryggingafélaga, sem að eins taka að sér einstakar ábyrgðir fyrir hérlenda menn, enda er vafasamt, að um þau verði sagt, að þau „reki hér á landi þá starfsemi“ að vátryggja; en það má taka af allan efa í þessu tilliti, og því hefir nefndin stungið upp á, að orða 1. gr. öðruvísi, þannig, að feld séu burt orðin „að sætjóni þó undanskildu“, en að bætt sé við þessa sömu grein ákvæði um, að lagagreinin nái þó eigi til útlendra vátryggingafélaga, að því leyti, sem þau tryggja fyrir sætjóni.

Þetta er, sem sagt, sú eina efnisbreyting, sem nefndin gerði á frumv.; allar hinar breytingarnar eru að eins orðabreytingar, og vonar nefndin, að þær séu fremur til bóta; nefndin vildi leitast við að gera frumv. þannig úr garði, að það yrði sem aðgengilegast fyrir íslenzk augu, og þess vegna neyddist hún til að gera nokkurar orðabreytingar.

Eg skal svo ekki fjölyrða um frumv., en leyfi mér að eins að leggja það til, að háttv. deild samþykki það, eins og það nú liggur fyrir, en með breytingum þeim, sem nefndin hefir komið fram með.

ATKV.GR.: 1. brt. á þskj. 45 við 1. gr. sþ. án atkv.gr.

2. brt. á þskj. 45 við 1. gr. sþ. í e. hlj.

3. — - — — — — - - sþ. án atkv.gr.

4. — - — — — — — sþ. í e. hlj.

5. — - — — — — — — - —

6. — - — — — — — - - —

1. gr. frv. með áorðnum breytingum og viðauka samþ. í e. hlj.

7. brt. á þskj. 45 við 2. gr. sþ. án atkv.gr.

8. — - — — — — — — — —

2. gr. með áorðn. breyt. sþ. í e. hlj.

9. brt. á þskj. 45 við 3. gr. sþ. í e. hlj.

10. — - — — — — — — - — .

3. gr., breytt, sþ. í e. hlj.

11. brt. á þskj. 45 við 4. gr. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.

Frumv. með áorðn. breyt. sþ. í e. hlj.

Vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 13. júlí (C bls. 202).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg var framsögumaður nefndar þeirrar, sem kosin var til að íhuga þetta mál, og tek því til máls til að geta þess, að þó að frumv., eins og það var samþ. við 2. umr., eigi hafi komið fyr fram leiðrétt og prentað en nú, þá hefi eg þó borið það saman við breyt.till., er samþyktar voru við 2. umr., og held, að ekkert sé við það að athuga. Að eins skal eg geta þess, að í 4. gr. hefir slæðst inn prentvilla þar stendur „lögboðum“ fyrir „lögboðnum“ Annars hefi eg ekkert að athuga við frv frekar en eg tók fram við 2. umr., er legg til, að það verði samþykt.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og verður afgreitt til Nd.

Ein umr. 1. ágúst. (C. bls. 353, n. 398)

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Frumv. þetta var til umræðu og meðferðar á öndverðu þingi hér í deildinni og síðan sent til háttv. Nd.; nú er frumv

aftur komið hingað til deildarinnar og hefir Nd. gert 2 breytingar á því.

1. breytingin er sú, að háttv. Nd. hefir felt aftan af 4. gr. þetta ákvæði: „Hafi félagið engan erindreka eða fulltrúa hér á landi, skal ábyrgðarmaður blaðs þess, sem birtir auglýsingar fyrir félagið hér á landi, sæta sektunum eða að öðrum kosti prentari sá, sem prentar þær".

Þetta hefir háttv. Nd. álitið of hart ákvæði eða álitið, að það væri sama og að „refsa smið fyrir bakara" eða „bakara fyrir smið".

Nefndin getur að vísu ekki séð, að það sé nægilega rökstutt, að fella þessa klausu úr frumv. í háttv. Nd. Nefndinni virðist bætt við því, að með þessu móti verði ekki ætíð hægt að koma fram ábyrgð fyrir brot á lögunum, en hún vill samt sem áður ekki leggja það til, að ákvæðið verði tekið upp aftur í frumv., þvert ofan í vilja háttv. Nd., með því að vér og álítum, að mjög sjaldan muni koma til þess, að ábyrgðarfélög starfi hér á landi, án þess að hafa hér fulltrúa eða erindreka og að ákvæðið fyrir því muni eigi hafa mjög mikla þýðingu.

Þá hefir háttv. Nd. bætt nýrri grein við frumv., sem er 5. gr. Í þessari grein er lögð sú skylda á fastar verzlanir, kaupfélög og pöntunarfélög, að láta árlega í té skýrslur um skuldir allar og inneign landsmanna við verzlanirnar. Nefndin getur alls ekki fallist á þessa grein, sökum þess, að þetta mundi verða mjög óvinsælt meðal landsmanna, einkum hjá allri verzlunarstéttinni, og skýrslurnar mundu eigi með nokkuru móti geta fengist áreiðanlegar, en á hinn bóginn allsendis rangt, að valdstjórnin blandi sér þannig inn í viðskifti einstakra manna.

En svo má og fara kring um þetta ákvæði, sökum þess, að það er ekkert tímatakmark ákveðið, nær skýrslurnar séu gefnar, svo að verzlanirnar geta hagað því svo, að gefa skýrslur um þann tíma árs, þegar minstar eru skuldir eða jafnvel engar, og yfirleitt væri eigi unt að hafa áreiðanlegt eftirlit með því, að skýrslurnar væru réttar eða meira en nafnið tómt. Nefndin leggur það því til, að feld sé burt 5. gr., og óska eg þess, að háttv. deild fallist á tillögu nefndarinnar.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 248 samþ. í e. hlj.

Frumv. breytt samþ. í e. hlj. og verður endursent forseta Nd.

Eftirlit með mannflutningum.

FRUMVARP til laga um eftirlit með mannflutningum til útlanda; 1. umr 30. júlí. (C. bls. 395)

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Önnur umr. 3. ágúst (C. bls. 395, 412).

Kristján Jónsson: Eg álít, að frumv. þetta miði til talsverðra bóta, hvernig sem gengur að framfylgja því, er það verður að lögum. En að minsta kosti fer það í rétta átt.

Þegar eg las frumv. yfir, rak eg mig á svo óviðkunnanlegt orðalag á því, að eg hefi leyft mér að koma fram með breyt.till., sem prentaðar eru á þskj. 273.

Eins og hinir háttv. deildarmenn mega sjá, eru þessar breytingar engar efnisbreytingar, heldur að eins til þess að laga málið á frumv., svo að það verði nokkurn veginn viðunanlegt.

Fyrsta breyt.till., við 1. gr., fer fram á, að fyrir orðin: „vera fullnægjandi" komi: „fullnægja". Orðin, eins og þau standa í frumv., eru hrein danska. Önnur breyt. till., við 2. gr., 1. málsgr. síðast, fer fram á að breyta orðunum „sem því (ɔ: far-

þegarúminu) eru sett“ í „sem sett eru“, því það er ekki hægt að setja dauðum hlut (farþegarúminu) skilyrði. En það má setja skilyrði um það, hvernig það skuli vera.

Enn fremur legg eg það til, að í 2. gr. 2. málsgr. komi „farbréf þessi“ í staðinn fyrir „slík farbréf“, sem er danska.

Loks hefi eg lagt það til, að fyrir orðið „útbúin“ í 2. málsgr. 2. greinar komi „gerð“, sökum þess að orðið útbúið er rangt á þessum stað. Það á að vera “gerð“, „samin“; skráin má vera útbúin, hvernig sem vill, en gerð eða samin á hún að vera eftir fyrirmynd, sem landshöfðingi eða landsstjórnin semur.

Þetta þarf ekki að tefja fyrir málinu, þó að það verði samþykt, og vona eg því, að þessar breyt.till. mínar fái fram að ganga.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þskj. 273, við 1. gr., samþ. með 10 samhlj. atkv.

1. gr. breytt samþ. með 10 shlj. atkv.

Breyt.till. á þskj. 273, við 2. gr., samþ. með 10 samhlj. atkv.

2. gr. breytt samþ. með 8 shlj. atkv.

3. gr. — — 9 —

4. gr. — — 9 —

Fyrirsögnin — — 9 —

Frumv. vísað til 3. umr. með 9 samhlj. atkv.

Þriðja umr. 5. ágúst. (C. bls. 469).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og verður endursent Nd.

Birting auglýsinga í Statstidenden.

FRUMVARP til laga um breyting á gildandi ákvæðum um dómsmála- og aðrar almennings-auglýsingar; 1. umr. 4. júlí (C. bls. 147).

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 8. júlí. (C. bls. 147, 192).

Júlíus Havsteen: Eg hefi leyft mér að koma fram með svolitla breyt.till. við þetta litla frumv. Eg skal strax geta þess, að það hefir slæðst prentvilla inn í breyt.till. á þskj. 33; þar stendur, að í stað orðanna: „Dómsmála- og aðrar almennings auglýsingar um dómsmál“ komi: „Almennar auglýsingar o. s. frv. Orðin „um dómsmál“ eiga þar að falla burt.

Eins og háttv. þingdeildarmenn sjá, fer breyt.till. þessi ekki fram á annað, en að breyta lítið eitt orðalaginu á frumv. og fyrirsögn þess. Eg veit ekki hvort háttv. þingdeildarmönnum geðjast að þessari breytingu, en mér finst réttara og betra að nota orðið almennar auglýsingar, sem altaf hefir verið notað áður.

Eg skal svo að eins leyfa mér að mæla með því, að breyt.till. þessi verði samþykt.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 33 sþ. í e. hlj.

Meginmál frumv., breytt, sþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin breytt samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 10. júlí. (C. bls. 199).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. í e. hlj. og verður afgreitt til Nd.

Uppgjöf Ölfusárbrúarláns.

FRUMVARP til laga um uppgjöf eftirstöðva af láni til brúargerðar á Ölfusá. 1. umr., 18. ágúst. (C. bls. 629).

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr með 6 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Jakobsson,	Sigurður Jensson,

Guðj. Guðlaugsson, Eiríkur Briem,
Gutt. Vigfússon, Kristján Jónsson,
Hallgr. Sveinsson, Valtýr Guðmundss.,
Jónas Jónassen, Þorgr. Þórðarson,
Júlíus Havsteen.

Önnur umr. 20. ágúst. (C. bls. 629).

Júlíus Havsteen: Frumv. þetta gekk frá háttv. deild með talsverðum meiri hluta, og vona eg, að það njóti nú hinnar sömu velvildar og hljóti samþykki deildarinnar. Eg veit að vísu, að sumir muni hafa á móti þessari eftirgjöf af þeirri ástæðu, að fyrri helmingur lánsins var gefinn eftir í fyrra með lögum 6. nóvbr., og munu menn þá líta svo á, að sú eftirgjöf hafi þá verið nægjanleg, en eg held, að þessi skoðun sé á miskilningi bygð, því að meiningin 1902 var sú, að alt brúarlánið væri eftirgefið, en það fórst einhvern veginn fyrir, að það yrði. Það sem hvetur mig til þess að vera þessu frumv. fylgjandi, eru þær miklu skuldir, sem hvíla á amtssjóði og sýslusjóðum þessara sýslna; eg vona því, að háttv. deild eigi sjái í þessa uppgjöf.

Kristján Jónsson: Af því að eg er þessu frumv. mótfallinn og ætla að greiða atkv. á móti því, þá álít eg það skyldu mína að gera grein fyrir atkvæði mínu. Eg skal þá taka það fram, að eg lít öðruvisi á lög 6. nóv. 1902 en háttv. 1. kgk. þm. (J. H.). Með þeim lögum var gefin eftir endurborgun á helmingi af Ölfusárbrúarláninu, og var það þá álitin nægileg eftirgjöf; nú veit eg ekki til þess, að síðan hafi nokkur ástæða komið fram, er heimili það eða mæli með því, að auka þessa eftirgjöf eða til þess að gefa alt lánið eftir Eg hefi ekki breytt skoðun á þessu máli síðan í fyrra; til þess hefi eg ekki haft neitt tilefni. Í annan stað skal eg geta þess, að um daginn var hér fyrir þinginu lagafrumv., er fór í þá átt. að leggja mætti kostnað við flutningabrautir að helmingi á sýslusjóðina, en þetta frumv. var felt nýlega í Nd., svo að það verður ekki þessum sýslum til byrði, en þar af leiðandi er enn síður ástæða til að samþykkja frumv. og létta brúarkostnaðinum alveg af sýslunum. Að því er snertir jafnaðarsjóðsgjaldið, þá verður þýðing frumv. fyrir það og áhrif þess á upphæð nefnds gjalds svo óveruleg, að eg get ekki álitið það neina ástæðu til þess að samþykkja frumvarpið.

Júlíus Havsteen: Eg get ekki annað en furðað mig á háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.), sem annars sýnir svo mikla interesse fyrir Gullbr.- og Kjósarsýslu, sem þó verður einna harðast úti. Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) sagði, að engin ný ástæða hefði komið fyrir því, að gefa eftir meira af brúarláninu; þetta kann satt að vera, en það er til gömul ástæða, sem eg áðan ekki tók fram. Ástæðan er sú, að eftirstöðvar af láni Skjálfandafljótsbrúarinnar hafa verið gefnar eftir með öllu, og sama krafa virðist eðlileg hér, og eg vona því, að flestir líti svo á, að þessi krafa sé bæði eðlileg og sanngjörn.

Jón Jakobsson: Eg vildi leyfa mér að gera eina stutta athugasemd, af þeirri ástæðu, að þetta frumv. flaut um daginn til 2. umr. með nafnakalli og var eg þá einn þeirra manna, er með atkvæði mínu stuðlaði að því, en það var einungis af þeirri ástæðu, að eg áleit það ókurteisi að fella málið umræðulaust strax frá 2. umr.

Annars hefi eg ekkert við það að bæta, sem háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) sagði um þetta mál og er eg honum fyllilega samdóma, enda býst eg við, að það komi háttv. deild eigi óvart, þar sem henni er kunnugt um, hvernig eg lít á það ástand, sem fjárhagur landsins er að komast í á þessu þingi; háttv. deild mun sömuleiðis kunnugt um, hvernig sú tilraun, sem gerð var til þess að létta viðhaldi veganna af landssjóði, fór, og meðan svo er ástatt, sem nú er, þá finn eg ekki ástæðu til

þess að samþykkja slíkar eftirgjafir, sem hér er farið fram á. Eg skal í þessu sambandi geta þess, að alt það, sem fram fór hér í deildinni í gær við 2. umr. fjárlaganna, viðvíkjandi fjárframlagi til sýsluvega, var algerlega á móti mínum vilja, þar eð eg álít réttast, að landssjóður veitti ekki einn eyri til þeirra, eins og nú er ástatt, en hins vegar skal eg taka það fram, ef fjárhagurinn hefði verið betri eða trygging hefði verið fyrir því, að afleiðingin af þessum eftirgjöfum og fjárveitingum yrði eigi sú, að fjárhagur landsins sykki æ dýpra og dýpra fyrir þá dilka, sem þeir draga á eftir sér, þá væri öðru máli að gegna og þá mundi eg líka verða með fjárveitingu þessari.

ATKV.GR.: Meginmál frumv. felt með 6 : 5 atkv. og frumv. þar með fallið.

Meðalmeðlag ómaga.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. frá 12. jan. 1900; 1. umr., 29. júlí (C bls. 377).

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 1. ágúst (C bls. 377).

ATKV.GR.: 1. gr. frv. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. frv. sþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. með 10 shlj. atkv.

Vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Þriðja umr.; 4. ágúst (C bls. 377).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og verður afgr. til landsh. sem lög frá alþingi.

Bankamál.

FRUMVARP til laga um stofnun seðladeildar í landsbankanum í Reykjavík; 1. umr., 14. ágúst (C bls. 628).

Eiríkur Briem: Eins og menn sjá, er frumv. komið fram af þeirri ástæðu, að töluverður vafi virðist vera á því, að hlutafélagsbankinn fyrirhugaði muni komkomast á. Ef svo færi, að það yrði ekkert af því, að hann yrði stofnaður nú, þá mundi erfitt fyrir landsbankann að fullnægja lánþörf manna; þess vegna er frv. fram komið og er því eins og til vara, ef hlutafélagsbankinn bregzt.

En á hinn bóginn er frumv. ekki svo fullkomið, að það geti nægt til lengdar, en til 1905 mun þó vera hægt að komast af með það, og þá mun bankamálið verða tekið rækilega fyrir og ráðið á einhvern heppilegan hátt fram úr vandræðunum.

Valtýr Guðmundsson: Það gladdi mig að heyra orð h. 6. kgk. þm. (E. Br.) um lánþörfina í landinu. Áður hefir því sem sé verið haldið fram, þegar eg og þeir, sem hlutabankastofnun voru hlyntir, börðumst fyrir því, að nýr banki yrði stofnsettur, að þess væri engin þörf, því að nægir peningar væru í landinu; en einmitt stofnun þessarar nýju seðladeildar sannar, að slíkar mótbárur gegn hlutabankastofnuninni hafa ekki verið á rökum bygðar.

Þetta er sigur fyrir okkur, að játning er nú komin um, að þörf sé á, að bætt sé fjármagn landsbankans með þessari nýju seðladeild. Eg er sammála háttv. 6. kgk. þm. (E. Br.) um, að þessi 1 milj., sem við bankann á að bæta, sé of lítil til þess að fullnægja öllum þeim kröfum, sem landið kann að gera til bankans, og mér er það því fullljóst, að þetta mál þarf því að athuga vandlega hér í deildinni, og það því fremur, sem það gekk mjög svo fljótt í gegn í Nd., og við 3. umr. var samþykt eigi allþýðingarlítil breytingartillaga, sem deildin hefir naumast haft færi á að athuga nægilega.

Mér sýnist þessi bráðabirgðabót ekki

eins heppileg og það, að hlutafélagsbankinn kæmist á, og vildi eg því gjarna, að fresturinn væri tekinn dálítið lengri en til 1. okt. 1903, t. d. til 1. jan. 1904.

Þá hefir mikið verið ritað um það í blöðunum, að við ættum ekki að fleygja frá okkur útgáfurétti seðlanna fyrir ekki neitt, en með þessu móti, sem farið er fram á í frumv., er seðlaútgáfurétturinn gefinn fyrir ekkert. Með þessu fyrirkomulagi fær landssjóður ekkert. Að réttu lagi ætti bankinn að greiða skatt af þessu, eins og öðru. Það er enn fleira, sem athuga þyrfti. Það er t. d. talað um sérstaka deild, en samt á að steypa öllu saman.

Í 7. gr. er talað um, að landsbankinn eigi að greiða kostnað við að koma deildinni á fót. Því á deildin sjálf eigi að greiða þann kostnað, þar eð hún á að vera sérstök deild? Gott væri að fá upplýsingar um þetta o. fl. atriði, áður en menn greiða atkv. í málinu. Sömuleiðis væri gott að fá að vita, hvort landsbankinn er fær um að gefa hæfilega tryggingu fyrir láni handa þessari deild. Eg segi fyrir mig, eg veit ekkert um það, hvort bankinn getur það eða ekki. Eg get hugsað, að menn bendi á varasjóðinn, en varasjóðurinn er ekki allur eign bankans, heldur á sparisjóðurinn talsvert af honum. Einnig væri gott að fá skilríki fyrir því, hvar landsbankinn getur fengið lán og yfir höfuð að sjá svart á hvítu þær tryggingar, sem hann er fær um að gefa fyrir stofnun þessarar deildar. Af öllu þessu virðist mér nauðsynlegt, að nefnd væri skipuð í þetta mál hér í deildinni.

Eiríkur Briem: Viðvíkjandi því, sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) talaði um, að skipuð væri nefnd í þetta mál, þá veit eg ekki, hvort það er nauðsynlegt; mér fyrir mitt leyti virðist það vera töluvert athugavert, þar sem svo langt er liðið á þingtímann.

Eg held þess vegna, að það sé réttast að lofa málinu að ganga tafarlaust til annarar umr., án þess að nefnd sé skipuð í það, og geta menn þá komið fram með breyt.till. um þau atriði, sem þeim virðast gefa tilefni til að athuguð séu í nefnd. Ef nefnd væri skipuð í málið í þessari deild og breytingar gerðar á því, þá yrði það að fara til Nd. aftur og athugast þar í nefnd, og það mundi taka svo langan tíma, að tvísýnt gæti verið, hvort málið næði þá fram að ganga á þessu þingi.

Viðvíkjandi athugasemd háttv. þm. um það, hvort auka þurfi fjármagn bankans, þá veit eg ekki, hvort menn hafa neitað því, að hann þyrfti meira fé, heldur hefir verið meiningamunur um það, upp á hvern máta bezt væri að fá aukið fé. Að því er seðladeildina snertir, þá skil eg það svo, að nauðsynlegt sé að halda sérskildu tryggingarfénu fyrir seðlunum; en eg hugsa mér ekki, að seðladeildin yrði svo sérskilin, að hún hefði sín sérstöku útgjöld fyrir sig, og landsbankinn og sparisjóðurinn sín sérstöku útgjöld fyrir sig. — Þar sem sami hv. þm. mintist á gjald til landssjóðs, þá er þess að geta, að löggjafarvaldinu er innan handar að ákveða það, eins og því sýnist, þar sem hér er um landssjóðseign en ekki privatfélag að ræða, og þar sem hér er um frumv. að ræða, sem að eins er til vara og til að bæta úr bráðri þörf, þá stendur það ekki á miklu, hvort nú er ákveðið nokkurt gjald, sem bankinn greiði landssjóði.

Viðvíkjandi því, hvaða útvegi bankinn hefði til að fá tryggingarféð, þá skal eg geta þess, að í fyrra átti bankinn kost á að fá fé með góðum kjörum til alveg sama málmforða, sem hér er farið fram á.

Út af orðum háttv. þingm. vil eg taka fram, að varasjóður fyrv. sparisjóðs Rvíkur er sérstök eign og er fé hans haldið sérstöku út af fyrir sig.

Eg man svo ekki eftir, að það væru nein sérstök fleiri atriði, sem háttv. þm. mintist á, og skal eg því ekki fjölyrða frekar um málið; en, eins og eg tók fram

áðan, þá held eg ekki, að nauðsynlegt sé, að þessu sinni, að skipa nefnd í þetta mál.

Valtýr Guðmundsson: Eg sé enga ástæðu til að óttast, að málið nái ekki fram að ganga nú á þinginu, þótt nefnd sé skipuð í það, því að það má meira að segja afgreiða það á einum degi með afbrigðum frá þingsköpunum. Mér er kunnugt um það, að í ríkisþinginu hafa verið afgreidd mál á einum degi í báðum þingum á þenna hátt.

Þetta mætti líka gera að því er þetta mál snertir, og væri það miklu betra en að fylgja þeirri aðferð, að lofa frumv. ekki að komast í nefnd. Þetta er svo þýðingarmikið mál, að mér finst deildin ekki geta verið þekt fyrir annað en athuga það rækilega í nefnd.

Eg fyrir mitt leyti vil gjarna, að þetta mál fái framgang á þinginu, og vil alls ekki leggja neinar hindranir í veg fyrir það. — Að því er snertir ræðu háttv. 6. kgk. þm. (E. Br.), þá var eg ekki fyllilega ánægður með það svar, sem hann gaf viðvíkjandi tryggingunni fyrir landsbankaláninu. Það er alls ekki nóg að segja, að bankinn hafi átt kost á að fá lán í fyrra, heldur verða að vera skilríki fyrir, að féð fáist nú. Alt þetta þyrfti nefnd að kynna sér og rannsaka. Viðvíkjandi skattinum til landssjóðs, þá stendur það alls ekki á sama, hve hár hann er; og þó þetta sé landssjóðseign, því á bankinn ekki að borga sama skatt af þessum seðlum, eins og af þeim seðlum, sem hann hefir nú?

Þá sagði háttv. 6. kgk. þm. (E. Br.), að það væri ekki meiningin, að seðladeildin væri að öðru leyti aðskilin frá bankanum en því, að tryggingarfordinn væri aðgreindur. Eg hefi skilið það svo, að seðladeildin hefði alveg sérstaka stjórn og sérstök reikningsskil, enda virðast mér orðin í 8. gr. frv. benda á, að sá skilningur minn sé réttur, því að þar stendur, að ákvæði laganna 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka, um hlunnindi fyrir bankann, stjórn hans og reikningsskil, skuli einnig gilda um deildina, stjórn hennar og reikningsskil. Það getur ef til vill verið, að aðrir leggi annan skilning í þetta, en úr því að svo er, að það má skilja bæði þessi og önnur ákvæði frv. á marga vegu, þá held eg að það væri æskilegt, að skipuð væri nefnd í málið að loknum umræðum um það, og get eg ekki séð, að það þurfi að vera framgangi málsins til fyrirstöðu.

Kristján Jónsson: Eg stend að eins upp, til þess að láta í ljós, að eg álít það rétt, að skipuð sé nefnd, til að íhuga þetta mál. Mér er fullkunnugt um það, að af hálfu þingmanna í báðum deildum verður engin tilraun gerð til þess, að koma þessu máli fyrir kattarnef, því að það mun vera eindreginn vilji allra þingmanna, að minsta kosti í Nd., að þetta mál nái fram að ganga nú á þinginu; og þegar svo stendur á, þá virðist ekki vera neitt í hættu, þótt nefnd sé skipuð í það í þessari deild, því að enn er nægur tími til þess að koma því fram til fullnaðarlykta.

Eg skal í þessu sambandi minna háttv. þingdeildarmenn á það, að í hitt eð fyrra, þegar frv. um stóra bankann svonefnda var á ferðinni, þá kom það seinna hingað upp í deildina en þetta frv. nú og var þó sett í nefnd hér; og þó var það frv. miklu vafasamara í augum allra þingmanna en þetta frv. er. Eg held þess vegna, að rétt sé að skipa nefnd í málið; hún gæti fljótt lokið störfum sínum, og gæti verið búin að því um miðja næstu viku.

Eg skal svo að eins leyfa mér að minnast á eitt atriði í frv., sem lítið eitt hefir verið minst á áður, nfl. gjaldið til landssjóðs, og skal eg geta þess, að eg er samdóma háttv. 2. þm. G.-K. um, að það ætti að vera samræmi í þessu efni milli þessa lagafrv. og núgildandi laga um landsbankann, og þegar eg las frv., þá hélt eg, að það hefði verið af gleymsku eða vangá,

að ekki voru sett sams konar ákvæði í það, og ef eg hefði samið þetta frv., þá hefði eg tekið upp í það ákvæði í þá átt. Eins má geta þess, að það getur að sjálfsögðu verið athugunarmál, hvernig horfur og geta landsbankans er til þess að útvega svo mikið fé, eins og hér um ræðir. Eg veit ekki til þess, að enn sem komið er sé búið að leggja ákveðna tillögu um það fyrir bankastjórnina, að minsta kosti hefir það ekki verið borið undir mig, og ætti eg þó að hafa atkvæði um það, þar sem eg er einn í tölu þeirra manna, er hafa stjórn bankans á hendi; en vel má vera, að það álítist ekki sérlega athugunarvert. Fyrir tveimur árum hefðu engin vandkvæði verið á því fyrir bankann að útvega þetta fé, sem ráð er fyrir gert í frv. Það, sem nú getur valdið örðugleikum í því efni, er veðdeildin, og byrði sú, sem hún leggur á bankann; vegna hennar tel eg það nokkurt álitamál, að landsbankinn eigi nú alhægt með að útvega féð, og að minsta kosti er allsendis nauðsynlegt, að gætt sé allrar varfærni við þær fjárútvegur, og einnig vegna þess vil eg mæla með því, að nefnd verði skipuð, til að íhuga þetta mál.

Jónas Jónassen: Það er sannarlegt gleðiefni fyrir Íslendinga, að þetta mál er komið í það horf, sem það nú er í. Nú er það komið fram, að þeir menn, sem ætluðu sér að stofna hér banka, til þess að geta grætt á því stórfé, hafa ekki getað fengið næga peninga til þess. Þetta hefir alt frá upphafi verið mjög í lausu lofti frá þeirra hálfu.

Allar þessar skýrslur, sem verið hafa bæði í blöðum og bréfum um, að þeir væru búnir að fá 5, 6, 7 eða 10 falt meira fé en þeir þyrftu til þess að stofna bankann, allar þessar skýrslur hafa verið haugaósannindi. Nú vita menn fyrir víst, að þeim dettur ekki í hug að koma hingað upp í sumar, til þess að stofna hér þenna blessaða banka; orsökin er sú, að þeir hafa leitað fyrir alls staðar þar, sem nokkur von hefir verið fyrir þá um að geta drifið upp peninga, bæði í Englandi, Noregi, Þýzkalandi og víðar, en hafa hvergi getað fengið fé og á því strandar fyrirtækið. Þessir menn hafa tekið afarháa vexti af einstöku mönnum, sem þeir hafa lánað peninga, og má nærri geta, hvernig mundi hafa farið, ef þessir menn hefðu stofnað banka hér á landi; það mundi hafa orðið sú mesta bölvun fyrir þetta land, og þeir, sem hafa stutt að því, að landsbankinn yrði lagður niður, mundu með því hafa unnið landinu hið mesta ógagn og mundi það aldrei hafa beðið þess bætur; þess vegna held eg að sú fregn, sem barst hingað upp með síðasta póstskipi um daginn, að þessir menn munu alls ekki koma hingað upp í sumar, til að stofna hér banka, sé sú gleðilegasta fregn, sem hugsast gat fyrir þetta land. Eg set mig í það tímabil, að þessir menn hefðu, — þegar búið hefði verið að leggja niður landsbankann, — verið einráðir yfir peningamálum landsins! Það er miklu meira áríðandi, að þetta mál fái góð úrslit en stjórnarskrármálið, svo mikilsvert sem það er. Þess vegna getum við nú fagnað yfir því, að þetta mál nú er komið í svo gott horf, og megum við vera þakklátir öllum góðum mönnum, sem hafa stuðlað að því. Áð endingu skal eg geta þess, að eg sé ekki ástæðu til að greiða atkvæði með því, að nefnd verði skipuð í þetta mál; því að þótt hún gæti lokið störfum sínum svo fljótt, að málið næði fram að ganga, þá er samt ekki alveg víst, að það fengi framgang á þessu þingi, enda hygg eg, að það megi samþykkja það óbreytt.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hljóði.

Tillaga um að skipa 3 manna nefnd í málið var feld með 6 : 5 atkv.

Önnur umr., 17. ágúst (C. bls. 628; 649).

Eiríkur Briem: Eg hafði hugsað mér, að þetta mál yrði tekið út af dagskrá í dag, vegna þess að við það hafa verið gerðar stórkostlegar breytingartillögur, er útbýtt var nú í fundarbyrjun og sem ekki er auðgert að athuga sem skyldi, nema að málinu væri frestað dálitið.

Málið tekið út af dagskrá og 2. umr. frestað.

Framhald annarar umr., 18. ágúst (C. bls. 628; 649).

Valtýr Guðmundsson: Við 1. umræðu tók eg það fram, að ýmislegt væri að athuga við frumv. þetta og leyfði eg mér því að stinga upp á nefnd, en það var felt og hefi eg þess vegna komið fram með breytingartill. þær, sem prentaðar eru á þskj. 521. Eins og gefur að skilja, er þetta ekki eins heppilegt, eins og kosin hefði verið nefnd, til þess að íhuga málið.

Í frumv. sést ekki, hvort meiningin sé að taka lán til þess að hafa ávalt nægilegan málmforða, og ef bankinn tekur lán, þá væri fróðlegt að vita, með hvaða kostum, og enn fremur, hvaða trygging bankinn ætlar að setja fyrir láninu.

Ef menn hafa hugsað sér varasjóð sem trygging, þá er það þar við að athuga, að þar sem landssjóður ábyrgist óinnleysanlegu seðlana, þá er hættulegt að fella burt þá trygging, sem landssjóður hefir í varasjóði.

Væri það því mjög varhugavert frá landssjóðs hálfu, ef varasjóður væri settur sem trygging fyrir láninu.

Þar sem hér í deildinni sitja 2 menn úr stjórn landsbankans, þá býst eg við að geta fengið upplýsingar um þessi atriði.

1. breytt. er sú við 1. grein, að fyrir „1. okt. 1903“ komi: 1. jan. 1904.

Þessa br.till. hefi eg leyft mér að koma með, sökum þess að eg hefi þá skoðun, að sú bót, sem farið er fram á í frv., sé ófullnægjandi og þess vegna réttara að stofna hlutafélagsbanka, sem hefir meira fjármagn, enda er ekki loku skotið fyrir það, að aðrir taki að sér að stofna hlutafélagsbanka, ef hinir upphaflegu forvígismenn ganga frá því. Í lögunum frá 7. júní 1902 er stjórninni veitt heimild til þess að láta aðra fá stofnunarréttinn, svo framarlega sem þeir Arntzen og Warburg ekki nota hann. Því álít eg ekki rétt að binda hendur stjórnarinnar, heldur veita henni 3 mánaða frest.

Svo eru breytingarnar við 5. og 7. gr. og fara þær fram á, að seðladeildin greiði sjálf þann kostnað, sem af henni leiðir, og hafi sinn eigin sérstaka reikning yfir starf sitt.

Þetta álít eg rettast, því eg vil sjá, hvernig það borgar sig, að gefa út seðla, trygða með gulli, og það af því, að eg býst við, að þetta verði ekki nægilegt, og á næsta þingi verði farið fram á að bæta við og þá er gott að sjá, hvernig seðladeildin hefir borið sig. Þá vil eg hafa sérstakan reikninginn fyrir þessa deild, en ekki láta slengja öllu saman.

Þá er breytt. um, að aftan við 9. gr. bætist ákvæði um, að í reglugerðina skuli sett ákvæði um stofnun og fyrirkomulag útibúa á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, er sett skulu á fót eigi síðar en ári eftir að deildin hefir tekið til starfa.

Ein aðalkrafan hjá landsmönnum er, að sett verði útibú á þessum stöðum hið bráðasta; að vísu hefir þetta ákvæði staðið í gömlu lögunum, en ekki komið nema til lítilfjörlegra framkvæmda, hvað Akureyri snertir.

Svo er brt. um, að eftir 9. gr. bætist ný grein, sem verður 10. gr., um að seðladeildin greiði skatt til landssjóðs fyrir seðlaútgáfuréttinn, því það hefir verið tekið fram, hve dýrmætur seðlaútgáfurétturinn sé, og enn fremur er það í samræmi við

það, sem nú er. Mér þótti varhugavert að hafa skattinn jafnháan og þann skatt, sem bankinn geldur nú, og var hræddur um, að það mundi íþyngja seðladeildinni um of; þess vegna hefi eg stungið upp á því, að af árlegum ágóða seðladeildarinnar skuli fyrst greiðast vextir og afborgun af láni því, sem tekið er, til að koma henni á fót og tryggja seðla hennar, en af þeim ágóða, sem þá er umfram, skuli greiðast 10% sem skattur til landssjóðs.

Enn fremur datt mér í hug að gera breytt. við síðustu grein um, hvenær lög þessi öðluðust gildi, en eg sé, að það var þýðingarlaust, sökum þess að ef stjórnin vildi heldur hafa hlutafélagsbanka, þá drægi hún að staðfesta þessi lög.

Það getur vel verið, að þörf væri á fleiri breytingum, en eg vona, að allir sjái, að þessar breytingar eru ekki til þess, að fella málið, heldur til þess að koma því í æskilegra horf.

Eiríkur Briem: Frumv. þetta er í öllum aðalatriðum að því, er 6 fyrstu greinarnar snertir, bygt á frumv., sem bankastjórnin samdi í fyrra, þegar útlit var fyrir, að lögin um hlutafélagsbankann mundu eigi verða staðfest, og var gert, til þess að auka starfsfé bankans.

Eg get ekki séð annað, en að þetta sé heppilegt úrræði og megi vel við það una.

Viðvíkjandi því, hvernig við höfum hugsað þessu komið í verk, þá gerðum við ráð fyrir að taka lán, en ekki að veðsetja varasjóðinn, heldur veðdeildarbréfin. Bankinn hefir ekki viljað selja þau með afföllum og hingað til keypt þau fullu verði. Hættan fyrir landssjóð viðvíkjandi varasjóði kemur því ekki til mála. Viðvíkjandi láni, þá stóð það bankanum til boða í fyrra með góðum kjörum og eg veit ekki annað en, að það standi enn til boða.

Breyt. háttv. 2. þm. G.-K, (V. G.) eru alls ekki til bóta, enda hefir frumv. verið vandlega íhugað og í háttv. Nd. var sett nefnd í málið og í henni sátu 2 þingmenn, sem eru kunnir að því, að hafa verið fylgismenn hlutafélagsbankans og féllust þeir fullkomlega á þetta frumv. og síðan var það samþykt í þeirri háttv. deild með öllum þorra atkv.

Eg sé enga ástæðu til að vera að lengja frestinn um stofnun hlutafélagsbankans um þrjá mánuði, því ef hann kemst ekki á að heldur, þá tefur það mjög fyrir þessu máli, sökum þess að það þarf mjög mikinn undirbúning, en æskilegt, að seðladeildin tæki sem fyrst til starfa. Viðvíkjandi breyt.till. við 9. gr., þá stendur hún á litlu, og þar sem bankinn er landsins eign, er löggjafarvaldinu innan handar að leggja skatt á hann, þegar það vill. Háttv. flutningsmaður breyt.till. sagði, að það væri gaman að sjá, hvernig seðladeildin bæri sig, en þar við er það að athuga, að ef hún ætti að hafa sérstakan reikning út af fyrir sig, þá yrði afarmikill kostnaður því samfara, svo að eg álít það alls ekki heppilegt.

Viðvíkjandi útibúunum er það að athuga, að samkvæmt núgildandi lögum eiga þau að setjast á stofn, þegar bankinn sér sér fært, og eitt útibú er þegar stofnað á Akureyri, eins og kunnugt er, en að þau hafa ekki enn þá verið stofnsett víðar, er ekki af því, að menn hafi viljað trássast við það, heldur sökum óhagstæðra kringumstæðna.

Að setja ákvæði um þetta inn í þetta frumv. á ekki við, heldur væri heppilegra, ef svo sýndist, að koma með þingsályktun í þessa átt.

Eg hefi svo ekki fleira að athuga að sinni við ræðu háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.)

Valtýr Guðmundsson: Eg þakka háttv. 6. kgk. þm. (E. Br.) fyrir upplýsingar þær, sem hann hefir gefið í málinu, og sérstaklega viðvíkjandi varasjóðnum.

En þar sem hann sagði, að frumv. þetta væri bygt á frumvarpi frá bankastjórninni, þá finst mér, að það hefði átt að koma stjórnarleiðina (*Eiríkur Briem:* það var sent til stjórnarinnar.) Nú já, þá hefir stjórnin ekki viljað aðhyllast það og nú eigum við að samþykkja það í trássi við stjórnina.

Eg gat ekki sannfærst af mótbárum háttv. þm. á móti breyt.till. minum.

Það er satt, að það getur tafið dálítið fyrir seðladeildinni að lengja frestinn fyrir stofnun hlutafélagsbankans, en það gerir ekki svo mikið til, því það er um þann tíma árs, sem bankinn hefir miklu meira fé, en hann getur torgað, svo eg sé ekki, að það verði svo bagalegt.

Háttv. 6. kgk. (E. Br.) sagði, að það væri þýðingarlaust, að leggja skatt á seðladeildina, þar sem hún sé landssjóðs eign, og þó er skattur sá lagður á núverandi banka, og er hann eign landssjóðs. Eg fæ því alls ekki skilið þessa mótbáru hans.

Hann sagði, að það væri ógerningur að hafa sérstakan reikning fyrir seðladeildina, af því að það hefði svo mikla vafninga og fyrirhöfn í för með sér, en eg held því enn fram, að það hafi afarmikla þýðingu að vita, hvernig þessi tilraun tekst.

Verði seðladeildin aukin á næsta þingi, er nauðsynlegt að vita, hvort þetta ber sig svo vel, að gerlegt sé að halda áfram. Eg álít því, að menn megi leggja mikinn kostnað og fyrirhöfn í sölurnar fyrir þá fræðslu.

Eg sé enga ástæðu til að ræða frekar þessar breyt.till., en eg skil ekki, hvernig menn geta verið á móti því, að þær nái fram að ganga, þar sem þær eingöngu miða að því, að kippa frumv. í viðunanlegra horf.

Stofnun útibúa er nauðsynleg sem fyrst, og ætti að vera komin á fyrir löngu; segi eg þetta ekki, til þess að niðra bankastjórninni, því hún hefir ekki getað aðhafst í þessu efni vegna peningaleysis. Óánægja hjá mönnum er orðin rík yfir þessu á Ísafirði og Seyðisfirði, og sú óánægja mundi hverfa, ef trygging fengist fyrir því, að útibúin kæmust bráðum á, en sú trygging er ekki í bankalögunum frá 1885.

Eiríkur Briem: Eg vil að eins geta þess út af ræðu háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), að bankinn borgar ekki skatt til landssjóðs, heldur rentur af seðlunum, sem landssjóður, en ekki bankinn, hefir gefið út. Enn fremur vil eg geta þess, að það verður mjög erfitt, og oftast að eins slumpareikningur, ef sérstaklega á að reikna út allan kostnað við seðladeildina, t. d. hvað mikinn hluta af launum starfsmanna bankans hún ætti að borga o. s. frv.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þskj. 521 við 1. gr. feld með 7 : 4 atkv.

1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2., 3. og 4. gr. frv., hver um sig, sþ. í e. hlj.

Breyt.till. á þskj. 521 við 5. gr. feld með 6 : 3 atkv.

5. gr. frumv. samþ. með 10 atkv.

6. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. á þskj. 521 við 7. gr. feld með 7 : 1 atkv.

7. gr. frumv. samþ með 10 samhlj. atkv.

8. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Viðaukatill. á þskj. 521 við 8 gr. feld með 8 : 3 atkv.

9. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Viðaukatill. á þskj. 521 við 9. gr. feld með 6 : 2 atkv.

Viðaukatill. á þskj. 521, ný gr., feld með 6 atkv.

10. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. í e. hlj.

Frumv. visað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 20. ágúst. (C. bls. 628).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og

verður afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

Laun bankabókarans.

FRUMVARP til laga um breyting á 1. gr. í lögum nr. 24. frá 2. okt. 1891; Fyrsta umr., 19. ágúst. (C. bls. 664).

Eiríkur Briem: Eg vona, að þetta mál fái góðan gang. Bókarinn er framúrskarandi duglegur maður, og væri mjög æskilegt, að hann fengi þessa viðbót, svo hann gæti algerlega varið kröftum sínum til starfs síns við bankann.

ATKV.GR: Málinu vísað til 2 umr. í e. hlj.

Önnur umr. 21. ágúst. (C. bls. 664.)

ATKV.GR.: Meginmál frumv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. með 10 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 10 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 24. ágúst. (C. bls. 664).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 10 samhlj. atkv., og verður afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Stofnun lagaskóla.

FRUMVARP til laga um stofnun lagaskóla á Íslandi; 1. umr., 15. ágúst. (C. bls. 633).

Kristján Jónsson: Þetta lagaskólamál er ævar-gamalt hér á þingi, og var áður eitt af okkar stöðugu framsóknarmálum, og eitt af hinum svo kölluðu allsherjarmálum þjóðarinnar, enda var það þá óskabarn hennar; en nú um nokkur ár hefir ekkert heyrst um það hér á þingi, og mun það stafa af því, að aðalforgöngumaður og flutningsmaður þess féll frá fyrir nokkurum árum, sá maðurinn, sem ötullegast barðist fyrir því með mikilli elju og brennandi áhuga; eg fyrir mitt leyti álít nú enn mál þetta mjög mikilsvert, og hefi frá því fyrsta álitið, að aðalákvæðin, sem frumv. inniheldur, hafi við rétt rök að styðjast, og þess vegna finn eg ástæðu til að leggja það til, að deildin taki þessu máli vel, og að hún hrindi því ekki frá sér, en taki það til athugunar og samþykki frumv. síðan, ekki mikið breytt frá þeirri mynd, sem það nú birtist í. Viðvíkjandi kostnaðinum við þenna skóla, þá er ekki um hann að ræða að þessu sinni, þar sem það er beinlínis tekið fram í frumv. sjálfu, að mál þetta komi ekki til framkvæmda, fyr en fé til skólans er veitt á fjárlögunum, það er að segja: hagur landssjóðs er orðinn svo góður, að hann geti borið þann kostnað, sem af frumv. leiðir; annars held eg ekki, að kostnaðurinn þurfi að verða svo fjarska mikill, og má að nokkuru leyti gera sér hugmynd um hann með samanburði á honum og kostnaðinum við prestaskólann og læknaskólann.

Að eg vil innvirðulega mæla með frv. þessu, er aðallega af tveimur ástæðum; önnur ástæðan er sú, að eg hefi altaf haft og hefi enn þá skoðun, að landið eigi að veita öllum embættismannaefnum sínum þá mentun innan lands, sem útheimtist til þess, að þeir geti komist í og gegnt embættum landsins, svo að í góðu lagi sé. Mér virðist það fullkomlega óviðeigandi, að heimta það, að íslenzk embættismannaefni fari til annara landa, þar sem önnur tunga er töluð, til þess að afla sér þeirrar mentunar, sem nauðsynleg er til þess, að þeir síðar meir geti gegnt almennilega embættum hér á landi; að minsta kosti veit eg ekki til, að slíkt eigi sér stað nokkurs staðar annars staðar meðal siðaðra þjóða. Eins og kunnugt er, hefir það verið heimtað með

lögum, að prestar og læknar geti fengið þessa embættismentun hér innanlands, nl. við prestaskólann og læknaskólann, og álít eg nú, að það eigi vel við, að leiða hið sama í lög að því er lögfræðingana snertir, og að fullkomið samræmi eigi að vera milli þeirra og prestanna og læknanna að því er embætta-undirbúninginn snertir. Annað mál er það, að það má telja það ráðlegt og þarflegt, að veita efnilegum, ungum mönnum styrk til þess að mentast og mannast í öðrum löndum, áður en þeir taka við embætti; en það þyrfti ekki og ætti að mínu áliti ekki að ná til embættismannaefna eingöngu, heldur einnig til annara efnilegra ungra manna, í hvaða átt sem lífsstarf þeirra fer. Eg álít, að landið eigi að verja töluverðu fé til þess að ungir, efnilegir menn geti aflað sér menningar og mentunar erlendis á sem hentugustum stöðum; ætti árlega að veita fé til þessa á fjárlögunum, og mætti það eigi vera af skornum skamti. Og eg álít, að þessar styrkveitingar ættu að vera ekki eingöngu fyrir þá, sem ganga embættisveginn eða lærdómsveginn, heldur einnig fyrir þá, sem leggja fyrir sig praktiskar iðnir eða handverk, t. d. ýmis konar iðnaðarmenn, vélameistara, o. s. frv. En að því er þá snertir, sem eg hér aðallega verð að hafa fyrir augum, það er að segja þá, sem ganga lærdómsveginn, einkum lögfræðinga, þá er það hart, að þurfa að segja það, að háskólinn í Kristianíu skuli í þessu tilliti verða heppilegri, að minsta kosti ef um lögfræðinga vora væri að ræða, en háskólinn í Kaupmannahöfn, sem í öllu lögfræðislegu og mörgu fleiru að eins er dependens af þýzkum háskólum, sér í lagi háskólanum í München. Aftur á móti er Kristianíu háskóli, að eg held, mun sjálfstæðari, enda hefir í ýmsu tekið sér snið eftir engilsaxneskum og amerískum fyrirmyndum, og bendi eg að eins á þetta, til þess að leiða athygli að því, að það er of þröngt og takmarkað, að binda unga menn við það borð, að sækja alla frekari eða framhalds- eða æðri mentun til Hafnarháskólans.

Þetta er hin fyrri og almennari ástæðan fyrir því, að eg er meðmæltur stofnun lagaskóla hér á landi, nl. sú, að eg álít það rétt, að íslenzk embættismannaefni eigi að geta fengið þá mentun í landinu sjálfu, sem er skilyrði fyrir, að verða skipaðir í embættin.

Hin ástæðan, sem ekki hefir minni þýðingu, er það, hvernig kenslunni í þessari vísindagrein, lögfræðinni, hefir verið háttað við háskólann í Kaupmannahöfn, en þangað hafa lögfræðislegir embættismenn vorir hingað til orðið að sækja alla sína mentun. Að vísu veit eg, að þetta hefir breyzt nokkuð til bóta síðan eg var við nám þar, og nú á að koma kenslunni í þessari grein í betra horf en verið hefir áður, samkvæmt nýútkominni reglugjörð eða tilskipun um það efni, og mun það eiga að komast á nú með haustinu; en mér er óhætt að fullyrða það, að í íslenzkum lögum hefir þar ekkert verið kent áður og er ekki enn þá, hvorki í réttarsögu lands vors eða um íslenzkt réttarfar yfirleitt; þegar eg stundaði þar nám, var ekki kent eitt einasta orð í þessum greinum; prófessorarnir þektu þá ekkert í íslenzkum lögum, ef þau voru að eins frábrugðin dönskum lögum. Nú er það jafnframt athugandi, að lagasetning vor er bygð á innlendri rót og innlendum grundvelli og sá grundvöllur er Jónsbók að miklu leyti, en hún er aftur sett eftir eldri íslenzkum lögum og norskum lögum; svo að grundvöllur laga vorra er forn-norrænn; hjá Dönum er grundvöllurinn fyrir þeirra löggjöf lagður með lögum Valdimars annars, hins sigursæla, er kallaður var, en það er athugandi, að sú löggjöf var ekki sniðin eftir norskum lögum, heldur eftir þýzkum eða saxneskum lögum; Danmörk var þá þegar farin

að sækja sína fræði suður á bóginn. Þá skal eg minna á það, að hinar síðari lögbækur Dana og Norðmanna, sem kallaðar eru Christjans V. lög (dönsku og norsku lög), hafa aldrei verið lögleiddar hér á landi, nema að eins að því, er snertir nokkura, tiltölulega fáa kafla þeirra, svo að það er hvorttveggja, að löggjafargrundvöllurinn allur er í eðli sínu annar hjá oss en hjá Dönum, og að hin gildandi lög vor eru einnig alt önnur.

Svo er enn fremur á það að líta, að kenslan við háskólann var að minsta kosti í minni tíð mjög ópraktisk, en hávísindaleg; þá var ekki hugsað neitt um það, að undirbúa námsmennina til þess, að verða praktiskir embættismenn, heldur miðaði kenslan öll að því, að gera þá að góðum prókúratorum; beztu lögfræðiskandidatar í minni tíð kunnu lítið sem ekkert í praktiskum lögum, enda fengu þeir enga tilsögn í þeim á háskólanum, og urðu því að fá hana annarsstaðar frá eftir aflokið háskólanám, og svo mun það vera enn þá; lögfræðisnámið við háskólann miðaði alt og eingöngu að því, að læra það eitt, sem nauðsynlegt væri til að ná prófi; til þessa voru hinir svokölluðu manúdúktörar nauðsynlegir, því að eigi lærði maður neitt við háskólann sjálfan, sem að gagni gæti komið í þessu efni. Manúdúktörarnir lögðu þá og leggja enn þá grundvöllinn til þeirrar þekkingar, sem nauðsynleg er til þess, að nemendurnir geti gengið sem fyrst undir próf með sem beztum árangri. Öll kenslan í lögum fór þá og fer enn þá þannig fram við háskólann, og stefndi að eins að prófinu eða var miðuð við það, enda mun það vera svo enn þá, að flestir lögfræðiskandidatar vorir, er þeir koma frá háskólanum, eru ekki einu sinni færir um að rita sem svarar sendibréfi um praktisk lög, því síður, að þeir geti skrifað sáttakæru eða stefnu eða prókúrator-sóknarskjal, svo að skammlaust sé, eða til jafns við meðalhreppstjóra í sveit. Það er alkunnugt, og eg þekki mörg dæmi til þess, að lögfræðiskandidatar hafa ekki getað skrifað einfaldan kontrakt, án þess að nota formálabók. Ef stofnaður væri hér lagaskóli, þá mundi komast breyting á þetta, því að hann mundi fyrst og fremst leitast við að kenna nemendunum að leysa af hendi hin almennustu praktisku störf lögfræðinga, svo að viðundi væri.

Vér eigum að hugsa um það fyrst og fremst, að gera okkar embættismannaefni að praktiskum embættismönnum, svo að þeir síðar geti orðið til gagns í lífinu fyrir almenning. Það eru eigi tiltök, að setja markið svo hátt, að allir lögfræðisnemendurnir skuli verða vísindamenn.

Í sambandi við þetta skal eg taka það fram, að ef lagaskóli væri settur á stofn hér á landi, þá tel eg það ekki neinum vafa bundið, að námstíminn ætti ekki að vera lengri en í hæsta lagi 4 ár; eg álít það fullkomlega nægilegan undirbúningstíma og það jafnvel þótt skólinn byrjaði ekki fyr en 1. okt. og endaði 30. júní ár hvert, eins og hinir æðri skólar vorir nú. Námstíminn í Höfn fyrir lögfræðinga er venjulega 6 ár, sjaldan 5 ár, oft 7 og 8 ár; en þótt hann ekki væri nema 4 ár í lagaskólanum hér, þá ættu nemendurnir samt sem áður að geta fengið betri undirbúning og praktiskari þekkingu fyrir lífsstarf sitt síðar meir en þeir fá nú við háskólann á miklu lengri tíma. Í sambandi við þetta vil eg enn fremur minnast á það, að fjöldamargir af þeim embættismannaefnum, sem farið hafa héðan til háskólans síðan t. d. um 1830, hafa misfarist af því, hve mikla byrði hið langa og erfiða nám lagði á þá. Að vísu fóru þeir utan með þeim tilgangi, að stunda námið með alvöru og taka próf; en nú er ekki öllum gefið að ná því; sumir hafa ef til vill ekki verið lagaðir fyrir námið eða ekki haft gáfur fyrir það, og þegar

þeir svo voru búnir að fást við það í 4, 5 eða 6 ár og sáu, að þeir mundu ekki geta náð sínu takmarki, prófinu, þá urðu þeir leiðir á náminu og lögðu alveg árar í bát, lentu jafnvel í óreglu, og á þann hátt hafa margir efnilegir og góðir menn eyðilagst fyrir okkur; að minsta kosti hefi eg þekt 2 eða 3 lögfræðisnemendur frá mínum tíma, sem urðu leiðir á náminu, uppgáfust við það, og fóru í hundana, sem það er kallað, aðallega vegna þess, hve það var erfitt fyrir þá og þreytandi. Það er einkennilegt fyrir okkur Íslendinga, að við höfum átt marga góða júrista, en lögvísindamenn í eiginlegum skilningi höfum við enga eða mjög fáa átt; eg man eigi eftir nema einum, er svo verði kallaður, en það er Páll Vídalín, og hann var þó ekki lögfræðingur eftir háskólanámi sínu, með því að hann var upphaflega guðfræðiskandídat. Það, að við enga eða fáa lögvísindamenn höfum átt, nema þenna eina, sem eg nefndi, kemur, að eg hygg, til af því, hvernig kenslunni í þessari vísindagrein hefir verið og er enn þá hagað við háskólann í Höfn, þar sem að eins hefir verið kend hávísindaleg og heimspekileg, þýzk lögfræði, en ekki norræn, því síður íslenzk lagaþekking.

Um frumv. sjálft hefi eg ekki margt að segja, enda er ekki leyfilegt að fara út í einstök atriði nú, þar sem þetta er 1. umr.; en það eru ýms ákvæði í frumv., sem mér þykir fara miður vel á, en það hefir minni þýðingu; fyrir mér varðar það mestu að fá það viðurkent, að aðalefni og stefna frumv. sé rétt, og að vér fáum hér á landi lagaskóla, er veiti embættismanna efnum okkar praktiska lögfræðislega uppfræðslu.

Valtýr Guðmundsson: Eg er ekki samdóma háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) í þessu máli. Það kveður alt af við þann tón á þingi, í blöðum og alls staðar, að vér ættum að fækka embættismönnum, sem mest vér getum, og því er eg alveg samdóma, en þegar á að sýna, að maður vilji fylgja þessari kenningu fram, þá verður annað uppi á teningnum, þá er hún ekki að eins látin sofa þessi meginregla, heldur hreint og beint brotin þannig, að hvenær sem færi býðst, til þess að stofna nýtt embætti, þá er það gert, t. d. nú kennaraembætti við gagnfræðaskóla, kennaraskóla eða ef ekki vill betur til, þá við lagaskóla, sem einhvern tíma á að reisa.

Eg veit, að það er ekki vinsælt verk að mæla á móti þessu frumv., en það verður að hafa það; eg get ekki séð, að það sé nokkur þörf á lagaskóla hér; oss vantar alls ekki embættismannaefni í sýslumannaembætti hér, því kandídatar í lögum eru hér á hverju strái. Því eigum vér þá að leggja á oss útgjöld að þarflausu? Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) tók það fram í ræðu sinni, að þetta væru ekki útgjöld í bráðina, en sé svo, þá álít eg þetta frumv. hreint og beint „húmbúg“. Til hvers eigum vér nú að vera að samþykkja lög, sem fyrst einhvern tíma komast í framkvæmd?

H. 3. kgk. þm. (Kr. J.) sagði, að vér ættum að ala upp embættismenn vora heima; það getur vel verið, að það sé gott, en samt verð eg að benda honum á það, að þeir menn, sem mest hafa hrundið þessu landi áfram á menningarbrautinni hafa numið við háskólann í Khöfn. Vér megum ekki einangra oss. Vér verðum að fá mentastrauminn annars staðar frá.

Sami háttv. þm. vildi bæta það upp sem menn færu á mis við með því að veita mönnum ferðastyrk, þegar þeir hefðu lokið námi, en ætli það yrði ódýrara? Eg efast um það. Hann sagði, að það viðgengist hvergi, að embættismannaefni færu burt úr landinu, til þess að nema. Þetta er ef til vill rétt sem stendur; eg þekki ekki svo vel til um allan heim, að eg treysti mér til að hrekja það, en eg veit, að það hefir ekki ætíð verið svo. Eg man t. a. m. eftir Noregi; það er ekki

svo ýkja langt síðan Norðmenn fengu sinn háskóla í Kristianíu, en þangað til fengu embættismannaefni þeirra mentun sína við háskólann í Khöfn.

Vér erum svo fáir, að vér höfum ekki ráð á að halda skóla í hverri grein. (*Kristján Jónsson:* Þá höfum vér ekki ráð á að senda menn af landi burt til að nema það, sem þeir geta numið í landinu). Þetta er rangt; eg get sannað það, hve nær sem vera skal, að það verður oss ódýrara, að senda menn til Khafnar, en að hafa lagaskóla hér heima.

Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) sagði, að kandídata frá Khöfn vantaði þekkingu á íslenzkum lögum, en hverjum er það að kenna? Ekki háskólanum, því þar hefir staðið lengi opið pláss fyrir mann til þess að kenna íslenzk lög, en það hefir enginn Íslendingur fengist í embættið hingað til. Meira að segja, það hefir verið veittur styrkur til þess að stúdera þessa fræðigrein, en þegar þeir, sem styrkinn hafa fengið, hafa notað hann í eitt ár, þá hafa þeir farið heim, til þess að taka við embættum á Íslandi. En háskólaráðið hefir lagt það til, að þetta embætti væri stofnað.

Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) sagði, að kenslan í lögum við háskólann í Khöfn væri óhafandi og ópraktisk og eg er honum samdóma um það, að svo hafi verið, en um hitt, sem hann sagði um hana, að hún væri vísindaleg, þá er eg á annari skoðun. Júridiska fakúltetið er nefnilega eina fakúltetið við háskólann, þar sem kenslan hefir ekki verið vísindaleg. Við hin öll fakúltetin hefir nemendunum leyfst að gera sjálfstæðar rannsóknir og hafa aðrar skoðanir en prófessorarnir, ef þeir að eins hafa getað fært sennileg rök fyrir þeim, en við júridiska fakúltetið hefir þetta ekki verið leyfilegt; þar hafa þeir orðið að hafa skoðun prófessorsins, hvort sem þeim líkaði betur eða ver. Munk-Petersen hefir sýnt greinilega fram á þetta og nú er í ráði að breyta kenslunni, setja upp labóratóríum, og svo á nýr docent, Oscar Johansen, að kenna hið praktiska, sem 3. kgk. þm. (Kr. J.) sagði að kandídatana vantaði þekkingu á. Þegar nú við þetta bætist, að altaf stendur opið pláss fyrir mann til þess að kenna íslenzk lög, þá virðist mér alt fengið, sem vér getum óskað, en fáist ekki maður í þetta embætti þar, þá skil eg ekki, hvernig hægt er að fá hann hér.

Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) sagði, að Jónsbók væri grundvöllurinn fyrir löggjöf vorri. Það getur verið, að þetta megi til sanns vegar færa að nokkuru leyti, en hin nýrri löggjöf vor er þó miklu fremur bygð á útlendum grundvelli, það veit eg; að minsta kosti hefir því hingað til verið haldið fram, að stjórnin tæki útlend lög og legði þau út, til þess svo að leggja þau fyrir alþingi.

Það getur auðvitað verið gott að hafa skólann í landinu, ef vér höfum ráð á því, og eg játa það fyllilega, að lög má læra, hvar sem er. Þau má eins læra norður á Spitzbergen eins og í Khöfn, ef þar væru að eins góðir kennarar. Lögin má því eins vel kenna hér og annars staðar og jafnvel betur. En eg álít, að jafnframt beri að líta á kostnaðinn og annað fleira, er að þessu lýtur.

Það hefir verið gert mikið uppþot út úr þessu máli og það hefir verið sagt, að danska stjórnin vildi ekki staðfesta lög um að stofna þenna skóla, af því að hún vildi gera lögfræðingana dansklundaða. Þetta er eg viss um að er hégóminn einber. Að frumv. um þetta hafa ekki verið staðfest, hefir eingöngu komið til af því, að ráðgjafinn, sem um málið hefir átt að fjalla, hefir sjálfur persónulega verið á móti málinu, álitið það of dýrt og óþarft. En að stjórnin í heild sinni hafi haft afskifti af þessu máli, er hégómi, og eg er viss um, að hvenær sem ráðgjafinn fyrir Ísland verður hlyntur málinu, verður frv. um þetta staðfest.

Það mætti segja margt fleira um þetta mál, en eg skal ekki lengja umr. frekar. Eg mun greiða atkvæði móti þessu frv, þótt það verði ekki vinsælt. Mér finst, að vér hafa annað við fé vort að gera en að fleygja því í óþarfar mentastofnanir, og verði ekki veitt fé til þessa á fjárlögunum nú, þá sé eg enga ástæðu til þess, að samþ. frv. á þessu þingi.

Landshöfðingi: Eg er samdóma háttv. þm., sem síðast talaði, um það, að það sé ástæðulaust að semja og samþ. lög, sem ekki eiga að komast í framkvæmd, fyr en einhvern tíma og einhvern tíma; það getur margt verið breytt, þegar loksins kemur að þeim degi, og lögin eru þá ef til vill orðin úrelt. En hvað frv. sjálfu viðvíkur, þá segir það alt of lítið. Það er sagt, að stofna skuli lagaskóla á Íslandi, en hvernig hann eigi að vera, er forðast að minnast á. Það er þó mikill munur á því, hvort hann á að vera vísindalegur eða aðallega til þess, að búa til praktiska embættismenn, en ráðgjafanum er það algerlega í sjálfsvald sett, hvort heldur hann á að vera vísindalegur eða praktiskur. Eg fyrir mitt leyti hallast að hinu síðara.

Viðvíkjandi ákvæðinu í 4. gr. skal eg taka það fram, að eg er ekki viss um, hvort það er heppilegt. Eg vildi að minsta kosti helzt stinga upp á því, að frv. þetta yrði athugað í nefnd.

Kristján Jónsson: Það var rétt, sem hæstv. landsh. tók fram, að það er fátt sagt í frv. þessu um fyrirkomulag hins væntanlega skóla, en eg hygg, að flutnm. þess hafi ekki ætlað sér að ákveða að sinni nákvæmlega um fyrirkomulag hans, enda er það reglugerðarefni. (*Landshöfðingi:* Hvað á að kenna?). Þetta mál hefir oft verið á dagskrá og sá grundvöllur, sem bygt hefir verið á, þegar mál þetta hefir verið rætt, er ritgerð sem kom út, ef mig minnir rétt, 1872 í Nýjum Félagsritum með fyrirsögninni „um stofnun lagaskóla á Íslandi“. Þar er alt það tekið fram, sem kenna á í skólanum og það er að mestu leyti hið sama, og það, sem kent er við júridisku fakúltetin í Danmörku og Noregi, að undanteknum rómverskum rétti og ef til vill réttar-heimspeki. Eg ímynda mér, að flutnm. frv. hafi haft þessa ritgerð fyrir augum og ætlast til, að skólinn yrði með líku fyrirkomulagi og þar er ráðgert, en eg skal játa það, að æskilegra hefði verið, að það hefði verið tekið fram í frv., hvað kenna ætti við skólann. En hins vegar finst mér það ekki stór galli á frv., að þetta er ekki tekið fram, því eg álít, að það sé óhætt að trúa landsstjórn vorri fyrir þessu. Það hefir oft komið fyrir áður og kemur þráfaldlega fyrir, að ýmsum framkvæmdum er skotið til stjórnarinnar, t. a. m. skal eg nú nefna það, að stjórninni er falið á hendur að sjá um byggingu á brúnni yfir Jökulsá í Axarfirði. Þó ólíku sé hér saman að jafna. (*Margir þingmenn:* „Uss“). Má eg ekki nefna brúna? Eg hélt það væri skaðlaust.

Háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) veit það, það er eg viss um, að það er mikill munur á skoðunum vorum um það, hverjar mentastofnanir vér eigum að hafa hér hjá oss innan lands. Eg hefi altaf verið þeirrar skoðunar, að vér ættum að sjá embættismönnum vorum fyrir þeirri mentun í landinu sjálfu, sem vér heimtum að þeir hafi til þess, að verða settir í embætti, og að vér verðum að bera þenna kostnað sem nauðsynlegar mentastofnanir þar að leiðandi útheimta.

Sami háttv. þm. kannaðist við það, að kenslan við háskólann í K.höfn væri ópraktisk og óhentug fyrir oss, en hann sagði, að það væri í ráði að breyta þessu og að í mörg ár hefði staðið opið dócentpláss við háskólann í íslenzkum lögum. Um þetta síðara hefir mér verið alls ókunnugt. Eg hefi þekt að minsta kosti 2 Íslendinga, sem hefðu gjarna viljað halda áfram námi sínu, að afloknu lögfræðis-

prófi, og höfðu löngun til að stúdera lög vísindalega, og hefðu þeir vitað þetta, þá er eg viss um, að þeir hefðu sætt færinu og gert það, en þetta hefir víst ekki verið á allra vitorði hingað til. Eg trúi því, að þetta sé satt, úr því háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) segir það, en hvort júridiska fakúltetið hefir meint þetta alvarlega, veit eg ekki, og það ætla eg, að það hafi eigi gert sér mikið far um að útvega mann í þetta dócentsplass.

Enn fremur hélt háttv. þm. G.-K. því fram, að það yrði oss dýrara að hafa lagaskóla hér en að senda nemendurna til K.hafnar. En hefir hann reiknað út peningalega skaðann, sem orðið hefir á mörgum þeim mönnum, á einn eða annan veg, sem þangað hafa farið til lögfræðisnáms? Eg held, að sá reikningur hafi ekki verið gerður upp enn. Fé hefir verið brúkað þar óspart, og líkams- og sálarkröftum hefir verið sóað þar ósleitulega. En auk þessa kostnaðar, sem ómögulegt er að meta til peninga, kemur til athugunar tími sá og kostnaður, sem varið er til þess, að nema oss alveg þarflaus fræði við háskólann, vegna þess, hve kenslan þar í lögum er losuð úr öllu sambandi við hið praktiska líf. Eg held mér sé óhætt að segja það, að $^9/_{10}$ hlutar þess, sem heimtað er að menn læri þar, sé óþarft, eða mætti missa sig. Eg er ekki með þessum orðum að niðra háskólanum eða gera lítið úr honum. Eg álít, að menn geti orðið vísindamenn við nám þar, en hve mörg vísindamannaefni höfum vér? Það eru eigi vísindamenn, sem vér erum að búa til, heldur praktiskir embættismenn, starfsmenn fyrir þjóðfélagið, en til þessa er ekkert gert við háskólann.

Háttv. þm. G.-K. sagði, að landar vorir yrðu að fara utan, vér mættum ekki einangra oss, en yrðum að sækja mentastraumana utan að inn í landið, og þetta er hverju orði sannara, en eg efast að eins um það, að það að láta embættismanna-efni vor vera við nám í Khöfn og sækja undirbúningsmentun sína þangað, sé rétti vegurinn til þessa, því að margur ísl. stúdent í K.höfn, sem þar stúderar til embættisprófs, er svo fátækur, að hann getur engrar almennrar mentunar aflað sér — hann getur vegna peningaleysis ekki fengið að sjá og læra það, sem Khöfn hefir að bjóða. Þeir koma því heim aftur gersneyddir að annari þekkingu en þeirri, sem þeir hafa lært heima hjá sér í stúdentsklefa sínum og síðan romsað upp við examensborðið. Eg gæti að minsta kosti nefnt menn, sem hafa verið ágætir examensmenn frá háskólanum, og sæmilega góðir embættismenn hér kallaðir, en að þekkingu á mannlífinu og að almennri mentun hafa staðið stórlega að baki ísl. bændum, sem aldrei hafa komið lengra en í næsta kaupstað, að kalla má.

Eg skal taka það fram út af því, er eg sagði áðan, að Páll Vídalín hefði verið vor einasti vísindamaður í lögfræði, þá hafði eg þar fyrir augum rannsóknir á hinni gildandi löggjöf; eg hugsaði þá eigi um Vilhjálm Finsen. Mér var bent á það nú í þessu og eg viðurkenni það fyllilega, að það sé rétt, að hann hafi verið mikill og merkur vísindamaður í þeirri grein að því, er hin fornu lög vor, Grágásarlögin, snertir.

Háttv. þm. G.-K. sagði, að hin yngri löggjöf vor o: lagasetning hinna síðari ára, anna, væri bygð á dönskum eða útlendum grundvelli. Eg held því miður, að hún sé ekki bygð á neinum grundvelli, heldur er sitt tekið úr hverri áttinni, eitt frá Dönum, annað frá Norðmönnum, o. s. frv., en hve heppilegt það er, má sjá á verzlunarlöggjöf vorri. Hún hefir fyrir löngu öll verið sköpuð eftir dönskum fyrirmyndum, og í raun og veru gerð aldönsk, og er hún að mínu áliti langlakasti þátturinn í allri löggjöf vorri, þótt mikið hafi verið bætt um hana síðan 1854.

Valtýr Guðmundsson: Eg hefi að eins

litla aths. að gera. Eg get gefið þá upplýsingu, að nokkurum mönnum hefir verið veittur styrkur til þess að halda áfram lögfræðisnámi, svo að þeir yrðu hæfir til þess að kenna ísl. lög við háskólann; eg veit t. d. með vissu um, að Magn. Torfason, sýslumaður í Rangárvallasýslu, fékk slíkan styrk í 2 ár. Sömuleiðis veit eg, að próf. Goos reyndi að fá Íslendinga til að leggja ítarlegri stund á lögfræði einmitt í þessu skyni, og nú stendur einmitt á mönnum til þessa starfa. Háskólinn heimtar, að júr. kandídat, sem eigi að geta komið til greina sem dócent, haldi áfram lögfræðisnámi, að hann taki helzt „doktorsgráðu“ eða leggi fram ritgerð eftir sig, sem sýni, að hann sé „kvalificeraður“ til að takast slíkt kennaraembætti á hendur.

Féð er til reiðu, hvenær sem maðurinn fæst, eins og sjá má af árbókum háskólans.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv.

Önnur umr. 20. ágúst. (C. bls. 633).

ATKV.GR.: 1.—5. gr. frmv. samþ., hver um sig, með 8 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. með 8 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 8 atkv.

Þriðja umr. 22. ágúst. (C. bls. 633)

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 6 : 3 atkv. og afgreiðist til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

Kennaraskóli í Reykjavík.

FRUMVARP til laga um kennaraskóla í Reykjavík; 1. umr., 1. ágúst. (C. bls. 402).

Hallgrímur Sveinsson: Frumv. um kennaraskóla eða kennaramentun er ekkert algert nýmæli hér á þingi; það er eitt af þeim málum, sem hafa verið talin nauðsynjamál og eru það líka án alls efa. Þingið hefir venjulega haft til meðferðar einhver mál, sem lotið hafa að sama efni, og farið er fram á í þessu frumv., og þingið hefir á hverju ári orðið að veita fé til mentunar barna og unglinga eða til þess að veita þeim almenna undirbúningsmentun; en féð hefir verið veitt svo, að lítil sem engin ákvæði eða takmörk hafa verið sett um meðferð fjárins. Að vísu vantar það ekki, að ýmsar tillögur hafi komið fram viðvíkjandi þeim skilyrðum, sem fjárveitingin til barnaskóla og umferðarkenslu skyldi vera bundin. Þótt þessi fjárveiting hafi að undanförnu ekki numið meiru en 14 þús. kr., hafa menn fundið til þess, að eigi var rétt né hentugt að láta hana vera því nær öldungis óákveðna. Menn hafa því reynt að setja hæfilegar skorður viðvíkjandi hagnýtingu þessa fjár, en það hefir einhvern veginn reynst svo erfitt og farið svo í molum, að uppástungurnar hafa fallið og ekkert orðið úr; menn hafa ekki treyst sér til að setja þau ákvæði um styrkveitingu af þessu fé, sem í raun og veru voru talin nauðsynleg, ef féð ætti að koma að notum, svo sem um hæfilega langan kenslutíma. Meðal annara atriða, sem þá komu til greina, var það, hvort þeir, sem hefðu kenslu barna á hendi, skyldu hafa einhver ákveðin skilyrði fram yfir menn alment til þess að gegna þessu starfi, eða með öðrum orðum, að þeir hefðu nokkurn veginn viðunandi kennaramentun. Á þessu voru nú vandkvæði, þar sem engin sú stofnun var til í landinu, þar sem kennarar gætu fengið hæfilega undirbúningsmentun undir lífsstarf sitt, og það er fyrst á síðustu árum, að lítill vísir hefir sést af kennaramentun í Hafnarfirði, þar sem Flensborgarskólinn er. Þaðan hafa á síðari árum útskrifast nokkur kennaraefni, sem ættu að standa öðrum framar til þess að gegna þessum störfum, en þessi kennaraefni hafa verið svo fá, að þinginu hefir þótt varhugaver

að binda styrkveitinguna við þá menn eingöngu, þótt þeir hefðu int próf af hendi við þann skóla, og þess vegna hefir þingið tekið dauft í að hlynna að þessum mönnum, með því að veita þeim nokkur ákveðin forréttindi öðrum fremur, og fyrst þegar fastur kennarskóli væri kominn á laggirnar, með sæmilegri aðsókn og nægilegu fjárafli, fyrst þá gætu menn alvarlega farið að íhuga það, hvort ekki skyldi gefa slíkum mönnum forréttindi fram yfir aðra, sem ekki hefðu sýnt nein ákveðin skilríki fyrir því, að þeir hefðu frekari hæfileika en hver annar óvalinn maður, sem ekki hefði fengið neina sérmentun til þessara starfa.

Eg verð því að segja, að það er gleðilegt, að nú er komið fram frumv., sem leggur grundvöllinn til slíkrar stofnunar, sem geti veitt mönnum þá nauðsynlegu undirbúningsmentun til þess að geta leyst hlutverk sitt vel af hendi. Menn hafa lengi talað um að efla þyrfti alþýðumentunina og að umbætur á henni væru eitt af aðalskilyrðunum fyrir verulegum framförum þessa lands; menn hafa með réttu tekið fram, að aukin alþýðumentun væri undirstaða og skilyrði fyrir öllum framförum bæði í búskap, iðnaði, verzlun og ýmsum öðrum greinum, og að hún enn fremur væri skilyrði fyrir því, að þjóðin gæti fært sér viðunanlega í nyt það aukna frelsi og sjálfstæði, sem hún nú smátt og smátt hefir fengið og er að fá á síðari árum, og eg er alveg sannfærður um, að þetta er fullkomlega rétt; og þess vegna hafa menn talað um, að nauðsyn væri á slíkri stofnun, sem hér ræðir um, og var á síðasta þingi einum tilteknum manni veittur styrkur til þess, að afla sér nauðsynlegrar þekkingar á þessum málum með því að kynna sér þau erlendis í 2 ár. Þessi maður er, svo sem kunnugt er, cand. mag. Guðmundur Finnbogason, og hefir hann ekki að eins leyst af hendi hlutverk sitt, heldur hefir hann líka gefið mönnum kost á að kynna sér þá niðurstöðu, sem hann hefir komist að í þessu máli, í bók, sem hann hefir lagt fyrir þingið, og sem eg geri ráð fyrir að háttv. þingmenn hafi kynt sér; hún er fullkomlega þess verð, að þeir menn kynni sér hana, sem hljóta að greiða atkv. í því máli, sem hér ræðir um. Þegar nú þingið hefir gengið inn á þessa braut, að gera alvöru úr undirbúningi til framkvæmda á aukinni alþýðumentun, þá er eðlilegt, að þetta frumv. sé komið fram, því að það er alveg nauðsynlegt. Menn hljóta að afla sér hæfilega margra ungra manna, er hafi nægileg skilyrði til þess að geta gert alþýðumentunina að lífsstarfi sínu, því að þar sem það þó er álitið nauðsynlegt, að menn afli sér nokkurrar undirbúningsmentunar til sjómensku, iðnaðar og verzlunarstarfa, þá ætti það engu síður að vera nauðsynlegt fyrir þá menn, sem gera kenslustörfin að lífsköllun sinni, að kynna sér aðalatriði þeirra fræðigreina, sem þeir eiga að láta lýsa sem ljós um alt landið.

Eg heilsa því framkomu þessa frumv. með ánægju og geri ráð fyrir, að það verði samþykt í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir, eða þá með einhverjum umbótum og þá tel eg það engum efa bundið, að þessi stofnun muni verða til víðtækra framfara fyrir mentun þessa lands um langan aldur. Að vísu má gera ráð fyrir því, að kennarastaðan verði ekki fýsileg fyrir menn fyrst í stað, því að alt verður af veikum efnum í fyrstu og launakjörin að líkindum af skornum skamti; en eg vona samt, að landsstjórnin með styrkveitingu að ofan og sveitarstjórnirnar frá sinni hálfu geri sér alt far um að bjóða þessum mönnum nokkurn veginn viðunanleg lífskjör, enda mun reynslan sýna, að það er heppilegt að rýmka launakjör þessara manna, til þess að geta fengið nýta menn í þessa lífsstöðu, til þess að þeir geti unnið að

henni með alúð og varið til hennar öllum sínum kröftum, og fyrst þegar búið væri að fá slíka menn í öllum barnaskólum og einnig þá menn, sem ynnu að farandkenslu, þá gæti maður vonað, að alþýðumentuninni miðaði áfram fljótum fetum. En eitt er það að játa, að við þurfum á kennaraskóla að halda, og annað það, að sýna fram á, með hverju fyrirkomulagi hann skuli vera og hvar hann eigi að vera, og skal eg fúslega játa, að það sé verulegt umhugsunarefni, og margt sem þar þarf að hugleiða; en samt verð eg að segja, að frumvarpið í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir, sé í öllum aðalatriðum sæmilega aðgengilegt, og eg vona, að komist á fót slík stofnun, sem þessi, muni hún koma að miklum og góðum notum, og að hún verði einn liður til þess að hrinda áfram mentamálum landsins og koma þeim í viðunanlegt horf. Eg vona þess vegna, að háttv. deildarmenn taki þetta mál til rækilegrar íhugunar og fylgi því fram með eindregnum áhuga og alúð, því að eg veit, að það er nauðsynjaverk og er sannfærður um, að það muni mælast vel fyrir út um landið, og mér er óhætt að segja, að það eru ekki neinar villandi raddir, sem hafa látið til sín heyra um þetta mál, því að þær hafa komið frá þeim mönnum, sem mest og bezt hafa látið til sín taka um alþjóðleg og opinber mál.

Eg geri ráð fyrir, að menn álíti það rétt, að nefnd sé skipuð, til þess að íhuga þetta mál, þegar búið er að vísa því til annarar umræðu, og ef aðrir ekki stinga upp á því, þá vil eg gera það að minni tillögu.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr í e. hlj.

Tillaga um 3 manna nefnd feld.

Frumv. vísað til mentamálanefndarinnar í e. hlj.

Önnur umr., 15. ágúst. (C. bls. 402; n. 626).

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Eins og deildin sér á nefndarálitinu, hefir nefndin gert talsverðar breytingar á þessu frumvarpi háttv. Nd. Breytingar þessar ganga í sömu átt, og breyt.till., sem fram komu frá ýmsum þingmönnum í Nd.

Aðalbreytingin er sú, að nefndinni hefir þótt hentara að hafa skólann í Flensborg en í Reykjavík. Þar hefir verið og er kennarafræðsla og virðist oss því hægara að styðja en reisa, enda höfum vér þar nýta og vana kennara; álítum vér bæði af þeirri orsök og vegna þess, að þetta er stórt fjárhagsspursmál fyrir landssjóð, réttara að hafa hann þar en í Reykjavík.

Eins og háttv. deild er kunnugt, hefir smiður einn í Hafnarfirði gert þinginu tilboð um að reisa nýtt skólahús í Flensborg, með íbúð fyrir kennara og 20 nemendur, fyrir 15 þúsund kr. og hið gamla skólahús að auki, og þegar það er borið saman við, að frumv. Nd. áætlar 40000 kr. til kennaraskólastofnunar í Reykjavík, þá er það 25000 kr. sparnaður og álítum vér rétt að taka tillit til þess, því að vér megum eigi leggja stór útgjöld á landssjóð, þar sem ekki ber brýna nauðsyn til.

Háttv. Nd. álítur málið ekki nægilega undirbúið, þótt hún hafi samþ. þetta frumv., er leggur stóra útgjaldabyrði á landssjóð, það hefir hún sýnt með því að leggja til, að varið sé 2200 kr. til manns til að kynna sér mentunarástandið á landi hér. Auk þess er það skylda alþingis að gera sér ljósa grein fyrir, hvern kostnað alþýðufræðslan hefir í för með sér, og það dugir ekki að fljúga of hátt, því oft verður lítið úr því högginu sem hátt er reitt, og útgjöldin mega ekki yfirstíga gjaldþol þjóðarinnar. Því ef það er gert, getur það orðið til þess, að óheppilegur aftur

kippur komi í alla vora framfaraviðleitni í þeim efnum.

Hingað til hefir alþýða ekki sýnt, að hún hafi mikinn áhuga á þessu máli, því síðan kennarafræðslan var sett á stofn í Flensborg, hafa tiltölulega fáir notið kenslu þar og síðasta ár útskrifuðust að eins 2 úr kennarafræðsludeildinni. Af þessu sést, að menn eru ekkert fíknir í að færa sér þessa kenslu í nyt og er það eðlilegt, af því þeir menn, sem leggja fé og tíma til þess að búa sig undir þetta lífsstarf, bera ekki annað en sultarkjör úr býtum, því það mun algengt að gjalda þeim að eins fæði og um 50 krónur fyrir starfa sinn yfir veturinn.

Meðan þessu er svona varið, er varla að vænta, að margir verði til þess að leggja á sig kostnað til að undirbúa sig undir þann veg, sem svona illa er séð fyrir.

Nefndinni var þetta ljóst, og það var ein aðalástæða til þess, að hún vildi ekki fara lengra í þessu máli en hún hefir gert. Auk þess tilboðs, sem lá fyrir nefndinni í Nd., hefir nefndinni hér í deildinni borist tilboð frá sama smið, um að endurbyggja skólahúsið í Flensborg fyrir 25 þús. krónur, en kostnaðarins vegna hefir nefndin ekki séð sér fært að taka það til greina.

Nefndin álítur nóg að hafa 2 ársdeildir og ekki fara frekar í sakirnar núna fyrst um sinn, og vill því fella burt 1600 kr. á ári til 3. kennara.

Enn fremur vil eg geta þess, að nefndin álítur gagnfræðaskóla þann, sem nú er í Flensborg alveg óviðkomandi þessu máli; en þar sem kennaradeildin við þenna skóla nýtur 3200 kr. styrks af opinberu fé, þá er réttara að veita meira fé til hennar, heldur en að leggja til fé úr landssjóði til þess, að koma upp kennaraskóla á öðrum stað.

Breyt.till. nefndarinnar við 6. gr., er að eins orðabreyting og í samræmi við það, sem þingið hefir gert við önnur frumvörp, ef líkt hefir staðið á, að setja „landsstjórnin“ í stað „ráðherra“, sökum þess, að sá ráðherra, sem átt var við, er ekki til, fyr en stjórnarskrárfrumvarpið er staðfest.

Svo ætla eg að fara fám orðum um staðinn fyrir skólann.

Margir þingmenn í Nd. álitu, að staðurinn ætti að vera Reykjavík, en ekki Flensborg.

En nefndin hér í deildinni álítur einmitt gott, að skólinn sé í Flensborg af mörgum ástæðum, sem eg hefi nú þegar tekið fram, og enn fremur sökum þess, að dvölin hlýtur að verða námsveinum talsvert ódýrari þar en hér í Reykjavík.

Hvað viðvíkur fræðsluskilyrðum í Rvík, þá mun hægara að fá hér betri kenslu í þeim greinum, sem sérþekkingu þarf til, svo sem söng, leikfimi o. fl., en nefndin getur ekki séð, að það eitt eigi að ráða úrslitunum, hvar skólinn eigi að vera.

Enn fremur hefir því verið haldið fram, að menn ættu hægara með, að nota söfnin hér í Reykjavík, og er það að vísu satt, en þar sem ekki er meiri vegalengd, heldur en er á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, að eins 2. klukkustunda gangur, þá getur nefndin ekki fyrir þeirra hluta sakir ráðið til að setja skólann í Reykjavík, enda hafa kennarar Flensborgarskólans farið með lærisveinana til Reykjavíkur, til þess að sýna þeim söfnin, eg hygg á hverjum vetri nú á síðari árum. Það er óhætt að segja, að Reykjavík er engin Sódóma, eins og sumir hafa viljað álíta hana, og unglingum því óhætt hér undir góðri stjórn þess vegna, en eg held þó, að ungum mönnum og óreyndum sé hentara að vera að námi á nokkurs konar sveitaheimili, eins og í Flensborg, heldur en í solli þeim, sem ávalt fylgir bæjarlífi að meiru eða minnu leyti.

Hallgrímur Sveinsson: Við 1. umr.

málsins bauð eg frumv. velkomið, en nú sé eg, að nefndin hefir gert verulegar breytingar á því, og að mínum dómi ekki til umbóta.

Eg játa að vísu, að ástæður nefndarinnar, sem háttv. framsm. (J. Jak.) skýrði, hafi talsvert til síns máls, en eg álít þó, að hinn fyrirhugaði kennaraskóli eigi að vera hér í Reykjavík, en ekki í Hafnarfirði.

Menn hafa haldið því fram, að sollurinn væri þar minni, en mentamenn og menningarskilyrði eru þar miklum mun færri, og er það mikilsvert atriði; enn fremur ber þess að gæta, að nemendur á slíkum skóla, sem kennaraskóla, eru fullorðnir eða þroskaðir menn og því miklu óhættara við að láta glepjast af sollinum, heldur en t. d. latínuskólasveinum, sem margir eru börn að aldri, og samt er ekki talað um að flytja Reykjavíkurskóla burt úr Reykjavík.

En þetta er mikið fjárspursmál og hefir sú ástæða verulegt gildi, einkum nú, þegar fjárhagur landsins er fremur bágborinn, en samt álít eg, að heppilegra sé að verja meiru fé til þess að ná góðu takmarki, heldur en dálítið minna fé og ná ófullkomnara takmarki.

Háttv. framsm. (J. Jak.) tók það fram, að í Flensborg væri vísir til kennarakenslu, sem menn ættu heldur að hlúa að, heldur en að fara að stofna nýjan skóla; en það er ekki mögulegt að bera þann vísi saman við kennaraskólann, sem frumv. ætlast til að stofnaður verði.

Nú stendur í Flensborg hin eiginlega kennarafræðsla að eins $1^1/_2$ mánuð, frá 1. apríl til 14 maí og er því þetta tvent ekki saman berandi.

Kjör alþýðukennara eru að vísu mjög slæm, en það er ætlast til, að þau batni og þó ekki sé hægt að gera þau glæsileg, þá má þó gera þau bærileg með því að hækka bæði tillagið úr landssjóði og sveitarsjóðum.

Það má gera ráð fyrir, að margt skipist til umbóta, þangað til að kennarar frá þessum skóla verða til þess búnir að taka að sér fræðslu, því það má að minsta kosti gera ráð fyrir hér um bil 3 árum.

Enn fremur sé eg ekki, að nógu tryggur grundvöllur sé lagður hér fyrir sambandið milli kennaraskólans og gagnfræðaskólans. Mér er spurn: hefir alþingi heimild til að semja um það við húsasmið, að hann skuli rífa niður skólahúsið í Flensborg og byggja það upp aftur fyrir 15 þúsund krónur? Kemur þetta ekki beint í bága við skipulagsskrá Flensborgarskóla? Og loks: hver er svo eigandi nýja hússins, landssjóður eða alþýðuskólastofnunin? Alt þetta er mér mjög óljóst. Eg sé reyndar á þessu frumv., að þar segir: „Allur kostnaður til skólans skal greiðast úr landssjóði“. Líklega þykist landssjóður þá líka eiga alt saman; en eg efast um, að það sé rétt álit, því skipulagsskráin segir alt annað.

Hitt játa eg, að mál þetta er svo umfangsmikið og erfitt að komast að réttri niðurstöðu í því, og að nægan undirbúning vantar, eigi á einhvern hátt að setja kennaraskólann í samband við Flensborgarskólann, að ekki er rétt að veita svona mikið fé úr landssjóði, nema trygging sé fyrir góðum árangri. Fyrir mitt leyti kýs eg heldur, að málið býði betri undirbúnings til næsta þings, en að það gangi fram í óheppilegri og ófullnægjandi mynd, og mun haga atkvæðagreiðslu minni eftir þessu áliti mínu.

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Viðvíkjandi því atriði hjá háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.), hvernig nefndin hefði hugsað sér sambandið milli gagnfræðaskólans og kennaraskólans, þá ætla eg að skýrskota til erindis skólanefndarinnar í Flensborg.

Eignarheimildinni að gagnfræðaskólanum er eg lítið kunnugri en aðrir háttv. deildarmenn, en samkvæmt gjafabréfi

Þórarins prófasts Böðvarssonar hefir upphaflega verið ætlast til, að þessi skóli skyldi vera til þess að efla fræðslu alþýðu, og það er einmitt það hlutverk, sem kennaraskóli fyrst og fremst hefir. Auk þess er tekið fram, að skólinn skuli vera barnaskóli fyrir Garðaprestakall, og almennur mentunarskóli. Þetta gjafabréf er dagsett 10. ágúst 1874, en varð fyrir breytingum, þegar barnaskóli var settur á Álftanesi; var þá ákveðið að verja nokkuru fé til þess að stofna alþýðu- og gagnfræðaskóla, en ef ekki yrði úr því, skyldi féð sett á vöxtu. Skólinn skyldi vera undir umsjón landshöfðingja, og þetta hefir nefndin tekið fram í álitinu, að skólinn skuli standa beint undir umsjón landsstjórnarinnar. Eg veit ekki vel um eignarheimildina, en sé ekki betur, en alþingi geti sett hvaða skilyrði, sem það vill, fyrir fjárveitingunni. Eg get ekki skilið annað, en að skólanefndin mundi láta af hendi skólaeignirnar til þessarar stofnunar, ef hún kemst á í Hafnarfirði, og væri það eigi á hennar og landsstjórnarinnar valdi, þá mætti breyta gjafabréfinu.

Hallgrímur Sveinsson: Eg get ekki enn af ræðu háttv. framsm. nefndarinnar (J. J.) fengið ljósa hugmynd um, hvernig eignarsambandinu verður varið. Ef öll stofnunin er gerð að kennaraskóla og alþýðuskóla, og landssjóður borgar alt, leggur hann alla stofnunina undir sig. Virðist mér þetta atriði vera svo óljóst, að eg ekki get greitt atkv. með því.

Eiríkur Briem: Eg er alveg samdóma háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.) um það, að ef kennaraskóli á að komast hér á fót, á hann að vera í Reykjavík. Til þess má nefna ýms atriði, sem eg eigi hirði að greina hér, enda hefir cand. Guðmundur Finnbogason tilgreint flest þeirra. Meðal annars er eignarsambandið á Flensborgarhúsinu á móti því, að hafa hann í Hafnarfirði. Það hefir verið sagt, að hér í Reykjavík sé sollur meiri en í Hafnarfirði, en þess ber að gæta, að þeir menn, sem skólann mundu sækja, eru engin börn; það er einmitt gott, að þeir, sem eiga að verða fræðendur, leiðtogar æskulýðsins, læri sjálfir að þekkja og standast freistingarnar, sem þeir eiga að vara aðra við, enda munu freistingar mæta flestum mönnum, þó þeir svo komi aldrei til Reykjavíkur, og það er betra, að þeir sýni það, áður en þeir eru orðnir kennarar, hvort þeir eru menn til að standast þær freistingar, sem lífinu eru samfara. En annað mál er það, hvort tími er kominn til þess, að setja slíka stofnun á fót hér. Alþýðufræðslumálið er í undirbúningi; landið á í fjárþröng, og óvíst er það, hvort rétt sé að stofna skóla fyrir menn, sem ekki hafa hugmynd um, hvaða kjör sú staða veitir þeim, sem þeir eru að búa sig undir. Fyr en fyrirkomulag alþýðumentunarinnar er orðið fastara, álít eg engan tíma til að hraða þessu máli.

Júlíus Havsteen: Eg er alveg samdóma háttv. 6 kgk. þm. (E. Br.) um það, að þessu máli liggur ekkert á að komast áfram. Vér eigum í fjárþröng og mörg fyrirtæki eru meira knýjandi en þetta. En þegar svo er, að menn endilega vilja fá kennaraskóla, er betra að velja ódýrara fyrirkomulagið, og hafa skólann í Flensborg; ef hann ekki verður þar, verður gjöf séra Þórarins prófasts Böðvarssonar ónýt að miklu leyti. Gjafabréf hans gerði ráð fyrir barnaskóla, alþýðuskóla og gagnfræðaskóla; barnaskólinn féll fljótt niður, en við alþýðu- og gagnfræðaskólann bættist svo kennaraskólinn. Spursmálið um eignarrétturinn að húsinu veldur engum erfiðleikum; húsið, er partur af hinni fögru gjöf síra Þórarins, og húsið, sem landsjóður nú legði fé til, verður endurnýjun á hinu upphaflega húsi, og verður eftir sem áður skoðað sem partur af gjöfinni, og hlýtur að fylgja henni.

Valtýr Guðmundsson: Eg er á sama máli og háttv. nefnd um það, að betra sé að hafa skólann í Flensborg en í Reykjavík. Eg hefi heyrt kostum Reykjavíkur haldið fram, en ekki getað sannfærst um annan en þann, sem háttv. framsm. (J. J.) einnig gat um, að hægra væri að fá tímakenslu í Reykjavík, en hana ætti þó líka að mega fá í Hafnarfirði, enda eru þess konar skólar í öðrum löndum vanalega utan stærri bæja. Að því er snertir gjöf séra Þórarins heitins, Flensborg, þá er eg á móti því, að hafa þar gagnfræðaskóla, því það er mjög líklegt að bráðum komi gagnfræðadeild við latínuskólann, þegar nýtt skólafyrirkomulag kemst á; yrði slíkur gagnfræðaskóli bæði hentugri og ódýrari; en þegar hann væri kominn á, mundi engum koma til hugar að halda annan gagnfræðaskóla, að eins mílu vegar í burtu. Gjafabréfinu má breyta með konunglegri tilskipun (Resolution), ef ákvæði þess eru til fyrirstöðu. Þannig var gjafabréfinu fyrir Árna Magnússonarsafninu breytt gagngert fyrir nokkurum árum, og það er þess meiri ástæða til að gera þetta, þar sem alt var á reiki með hugmyndir manna um alþýðumentun, þegar gjafabréfið var gefið út, enda gefur bréfið sjálft bendingu í þessa átt, þar sem skólinn á að vera undir umsjón landsstjórnarinnar, og ekkert fullnægir betur tilgangi gefandans, en að nota gjöfina til þess að menta kennara, sem svo aftur eiga að fræða alþýðuna, skapa hin nauðsynlegu verkfæri fyrir alþýðufræðsluna.

Eg efast um, að það sé nóg að hafa tvær deildir í skólanum; eg hygg, að það veiti ekkert af 3 ára kenslu. Það er nauðsynlegt að hafa nokkurn veginn mentaða sveitakennara, og vildi eg því ekki horfa í kostnaðinn við 3 ára kenslu. Vildi eg því óska, að atkv.gr. við 4. tölul. yrði skift, svo „ráðherrann“ yrði borinn upp fyrir sig, og 3 ár fyrir sig. — Bókasöfnin í Reykjavík hafa nær ekkert af bókum, sem þessir menn mundu þurfa á að halda; bókasöfn handa þeim þurfa að vera við skólana sjálfa.

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Eg skal leyfa mér að bæta því við það, sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) sagði síðast, að það þarf ekki nema lítilfjörlega breytingu á reglugerðinni um útlán bóka af landsbókasafninu til þess, að Hafnarfjarðarskólinn geti notið sömu rettinda og Reykjavík, og þá er sá hnútur leystur að því, er Landsbókasafnið snertir. Nefndin vildi hafa ársdeildirnar 2 en ekki 3, af því henni þótti réttara að fara varlega í sakirnar fyrst; það er hægra að koma fjárliðum inn í lög en út úr þeim; hægra að hafa kennarana ekki nema tvo og bæta síðar þeim þriðja við, ef þörf gerðist, en að strika út þriðja kennarann, ef hann reyndist óþarfur.

Það er alveg rétt, sem háttv. 6. kgk. þm. (E. B.) sagði, að það væri gott fyrir þá, sem ættu að vera leiðtogar annara, að þekkja sjálfir það, sem þeir ættu að vara þá við, en margir, sem læra að þekkja sollinn, brenna sig svo illa á þeim lærdómi, að þeir verða óhæfir leiðtogar og fyrirmyndir fyrir æskulýðinn, nema ef vera skyldi samkvæmt reglunni: vestigia terrent.

Það er alt öðru máli að gegna með latínuskólann en með kennaraskólann, svo það er ekki rétt, eins og háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.) gerði, að bera þá saman. Latínuskólinn getur ekki verið annars staðar en í Reykjavík, en það getur kennaraskóli verið, enda mun alltítt erlendis að hafa þess konar stofnanir fyrir utan bæi.

ATKV.GR.:

2. Breytt. á þskj. 483, við 1. gr., samþ. með 6 : 3 atkv.
   1. gr. frv. þannig fallin.
   2. — — sþ. með 6 shlj. atkv.
3. Breytt. á þskj. 483, við 3. gr., samþ. með 6 shlj. atkv.

3. gr., breytt, sþ. með 6 atkv.
4. gr. frv. sþ. með 6 shlj. atkv.
4. breytt. á þskj. 483, við 5. gr., samþ. með 8 shlj. atkv.
5. breytt. á þskj. 483, við 5. gr., samþ. með 8 shlj. atkv.
6. breytt. á þskj. 483, við 5. gr., samþ. með 6 shlj. atkv.
5. gr., breytt, sþ. með 6 shlj. atkv.
7. breytt. á þskj. 483, við 6. gr., samþ. án atkv.gr.
7. gr. frv. sþ. með 6 shlj. atkv.
1. breytt. á þskj. 483, við fyrirsögn frv., samþ. án atkv.gr.

Fyrirsögnin, breytt, sþ. með 6 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 6 : 3 atkv.

Þriðja umr., 18. ágúst (C. bls. 646).
ATKV.GR.: Frv. sþ. með 7 : 4 atkv. og endursendist til Nd.

Gagnfræðaskóli á Akureyri.

FRUMVARP til laga um gagnfræðaskóla á Akureyri; 1. umr., 28. júlí (C. bls. 331).

Eiríkur Briem: Eg vil að umræðum loknum leyfa mér að stinga upp á því, að þessu máli sé vísað til mentamálanefndarinnar hér í deildinni.

Kristján Jónsson: Það er ekki af því, að eg vantreysti mentamálanefndinni, að eg get ekki fallist á uppástungu háttv. 6. kgk. þm. (E. B.), heldur álít eg heppilegra að sérstök nefnd verði kosin, til þess að íhuga þetta mikilsverða mál, sem mun leggja þunga byrði á landssjóðinn, ef frv. fær framgang óbreytt, og mun eg stinga upp á því, þegar umræðum er lokið um málið.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Uppástunga um 3 manna nefnd var felld með 5 : 3 atkv.

Samþykt í e. hlj. að vísa málinu til mentamálanefndarinnar.

Önnur umr., 13. ágúst (C. bls. 331; n. 604, 626).

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Svo sem háttv. deild sér, þá hefir nefnd sú, sem kosin var, til að íhuga þetta mál, leyft sér að koma fram með 3 breytingar við frv. Af þessum 3 br.till. eru 2 talsverðar efnisbreytingar, en hin 3. að eins orðabreyting og er eigi annað um hana að segja, en það, að nefndinni þótti viðkunnanlegra að setja orðið: landsstjórnin í stað: ráðherra, þar sem stjórnarskrárfrv. eigi er enn staðfest af konunginum.

Hvað hinum öðrum breytingum viðvíkur, skal eg fyrst leyfa mér að snúa mér að 2. br.till.; hún fer fram á, að heimavistum í skólanum sé fækkað úr 60—70 niður í 35—40.

Nefndin fekk eigi séð, að það væri nein ástæða, að fara svo freklega í sakirnar, að hafa 60—70 heimavistir í skólanum. Eg hefi gengið í gegn um nemendatölu á Möðruvallaskóla frá því hann var settur á stofn og þangað til 1902 eða svo langt, sem skýrslur ná, og er tala allra nemanda samtals 691 eða að meðaltali 31 nemandi í þau 22 ár, sem skólinn þá hafði staðið. Að vísu skal eg játa, að árin 1887—1888 og 1888—1889 voru mjög fáir nemendur á skólanum, fyrra árið að eins 7, en síðara árið 9. 1886—7 voru og allfáir eða að eins 17 nemendur, en hin árin hefir talan verið nokkurn veginn jöfn, og annað árið, sem skólinn stóð, var nemendatalan hærri en hún hefir nokkuru sinni orðið síðan; árið 1880—81 voru 35 nemendur á skólanum, 1881—1882 51 nemandi, 1894—1895 eru aftur á móti 36 nemendur, 1895—1896 46 nem., 1896—97 38 nem., 1897—1898 42 nem., 1898—99 33 nem., 1899—1900 42 nem., 1900—1901 41 nem., og 1901—1902 32 nemendur, og þetta bendir ekki í þá átt, að aðsóknin að skólanum hafi farið sérstaklega í vöxt. Menn munu nú kann ske segja, að ganga megi út frá því, að að-

sóknin muni vaxa, þegar skólinn verði fluttur að Akureyri, en þar til er því að svara, að hér er fleira, sem verður að taka til greina en það eitt.

Svo sem háttv. þingdeildarmönnum er kunnugt, liggur nú fyrir þinginu frv. um að stofna kennaraskóla í Rvík og ef það frv. verður samþ. og skólinn kemst á, þá er eigi ólíklegt, að hann mundi draga talsvert frá Akureyrarskólanum; það er heldur eigi ólíklegt, að endurbætt fyrirkomulag á latínuskólanum mundi hafa sömu áhrif. Þeir, sem væru nærri Rvík, mundu heldur kjósa að fara þangað, enda mundi það þeim eins hagkvæmt, ef realdeild yrði bætt við þann skóla og ef til vill hvort sem væri. Í Danmörku hefir verið gert ráð fyrir í skólafyrirkomulagi því, er nú á að innleiða, 1 bekk aukreitis fyrir realkenslu; það er því nokkur ástæða til að ætla, að svo mundi og fara hér við skólann síðarmeir og þetta mundi því hafa þýðingu í þá átt, er eg áður gat um, að draga frá Akureyrarskólanum, þar sem nákvæmlega sömu fögin yrðu kend í þessari realdeild eða í neðri helmingi lærða skólans, og við þann skóla. Nefndin sá sér ekki fært að fara lengra, hvað heimavistirnar snertir, en hún hefir gert, og eg skal taka það fram, að nefndin fór svona langt fremur til samkomulags við háttv. Nd., heldur en af því, að hún áliti nauðsynlegt að hafa heimavistirnar svona margar. Þess ber líka að gæta, að þegar skólinn er kominn á Akureyri, þá mun aðsókn að honum verða meiri úr Akureyrarbæ en áður hefir verið, en mér finst lítil meining í, að landið fari að legga á sig mikinn kostnað til þess, að stofna heimavistir handa bæjarbúum á Akureyri; heimavistir geta verið heppilegar og nauðsynlegar fyrir þá, sem langt eiga að og eru bláfátækir, en margir fleiri munu sækja skólann.

Af þeim ástæðum, er eg nú hefi tekið fram, hefir nefndin fækkað heimavistunum um tæpan helming; en af því að eg sé, að komin er br.till. á þskj. 482 um að færa þær enn lengra niður, í 24, þá skal eg fyrir mitt leyti láta þá skoðun í ljós, að eg hefi ekkert á móti þeirri fækkun. Um skoðanir annara meðnefndarmanna minna get eg ekki sagt, en þeir munu sjálfir gera grein fyrir sinni skoðun á þessu atriði.

Í sambandi við þessa fækkun heimavistanna stendur 1. br.till nefndarinnar, sem fer í þá átt, að færa kostnaðinn við skólabygginguna úr 70 þús. niður í 57 þúsund. Nefndin hefir ráðið til að gera þessar breytingar einmitt með sérstöku tilliti til þess, að hún hefir ráðið til að fækka heimavistunum; í frv. stjórnarinnar var áætlað til skólabyggingarinnar 57 þús. kr., en þá var ekki gert ráð fyrir neinum heimavistum, en þessi áætlun stjórnarinnar mun hafa verið alt of há, sem sjá má af því, að stjórnin gerði ráð fyrir, að skólahúsið myndi kosta 92 þús., ef heimavistir ættu að vera þar, sem þó nefndinni í Nd. hafði borist tilboð um að byggja fyrir 70 þús. með 70 heimavistum. Stjórninni hafði að vísu borist annað tilboð, nokkuru lægra, en þó ekki eins lágt og það, sem nefndinni í Nd. hafði borist. Með miðstöðvarhitun gerði stjórnin ráð fyrir, að húsið mundi kosta 22 þús. kr. meira. Eg skal svo ekki fjölyrða meira að svo stöddu, en skal jafnframt taka það fram, að ef breyt.till. á þskj. 482 verður samþykt, býst eg við, að kostnaðurinn verði færður niður í 57 þús., því það stendur í beinu sambandi við fækkun heimavistanna.

Kristján Jónsson: Eg á breyt.till. á þskj. 482 við tillögur nefndarinnar, og skal eg leyfa mér með nokkurum orðum að gera grein fyrir þessari tillögu minni. Eg minnist þess, að þegar þetta mál var fyrir þinginu í fyrra, þá átti eg tal um það við ýmsa þingmenn og lét þá í ljós, að eg væri því hlyntur, að skólinn væri

fluttur frá Möðruvöllum til Akureyrar. Eg get þessa, til þess að benda á, að eg hefi sannarlega eigi verið Akureyrarskólanum mótfallinn. En alt að einu verð eg nú að segja, að eg hefði verið flutningnum mótfallinn, ef eg hefði gert mér það í hugarlund, að haga ætti fyrirkomulagi skólans, eins og nú er raun á orðin; í þessu efni á eg einkanlega við heimavistir þær, sem farið er fram á að setja í samband við skólann. Br.till. mín fer fram á að færa heimavistirnar niður í 24, og aðalástæðan fyrir þessari breyt.till. minni er sú, að kostnaðurinn við eins margar heimavistir, og gert er ráð fyrir í frv., og með því fyrirkomulagi, að hverjir 2 piltar hafi 1 stórt herbergi eða 4 piltar 2 herbergi með öllum útbúnaði og húsgögnum, eldivið, ljósmat, ræstingarfólki, þjónustufólki o. s. frv. yrði gífurlegur; eg veit að vísu ekki, hvað sá kostnaður mundi verða; en hitt veit eg, að hann mun verða geysimikill; við vitum allir, hvað kostnaðurinn var við heimavistirnar í latínuskólanum og var þar þó ólíku saman að jafna. Að vísu er gert ráð fyrir, að piltar borgi fyrir heimavistirnar, en eg álít þess enga von, að það ákvæði verði annað en pappírsákvæði og þykist þess fyrirfram fullviss, að piltar fái heimavistir fyrir sama sem ekki neitt, enda er hin ráðgerða borgun, 30 krónur fyrir skólaárið, sama sem ekki neitt.

Í öðru lagi vil eg taka það fram, að eg álít, að heimavistir í skólum séu eigi ráðlegar né æskilegar, nema því að eins, að skólinn sé jafnframt heimili fyrir piltana í eiginlegum skilningi. *(Jón Jakobsson:* Það er líka svo til ætlast.) En ef svo á að vera, þá verður kostnaðurinn líka enn gífurlegri. Eg sé af nefndaráliti Nd., að þar er ætlast til þess, að piltar matist í skólanum og eigi bústað þar, en að öðru leyti er ekki ætlast til þess, að þeir lifi þar heimilislífi (eiginlegu familíulífi) undir föðurlegri húsbónda-stjórn og vegleiðslu; annars er, að eg ætla, þetta fyrirkomulag alveg óþekt í bæjum annars staðar, og á sér hvergi stað nema þar, sem skólar eru úti á landsbygðinni, upp til sveita, eins og t. d. í Herlúfshólmi í Danmörku, og í allflestum skólum á Englandi.

Annars verð eg að leyfa mér að spyrja, hvort menn hafi gert sér nokkura hugmynd um það, hve afarmikinn kostnað þetta fyrirkomnlag mundi hafa í för með sér fyrir landssjóð. Eg býst við ekki, að minsta kosti hefi eg enga áætlun séð um kostnaðinn, og eg sé það, að ekkert er ætlað til útbúnaðar skólans, hvað útbúnað og áhöld snertir, sem þó auðvitað mun kosta mikið fé. Eg skal í sambandi við þetta leyfa mér að geta þess, að við höfum aðra skólastofnun, sem við ættum ekki síður að hlynna að en þessum skóla, nfl. lærða skólann í Rvík. Þar voru heimavistirnar lagðar niður fyrir nokkurum árum og virðist því undarlegt, að vera nú að stofna heimavistaskóla á Akureyri með afartilkostnaði. Ástæðan virðist heldur ekki geta verið sú, að skólapiltar mundu ekki geta fengið viðunanlega verustaði á Akureyri. Þegar eg kom í lærða skólann í Reykjavík fyrir 37 árum síðan, þá voru heimavistir 40 og piltar um 60, og voru þá engin vandræði að fá vist fyrir pilta hér í bænum; auk þeirra voru hér þó stúdentar, bæði á prestaskólanum og læknaskólanum, sem þörfnuðust íbúðarherbergja; bar þó eigi á neinum vandræðum út af því; Akureyri er nú lítið eitt minni bær nú en Rvík var þá, en miklu betur bygður, og hefir stærri og rúmbetri og sjálfsagt fleiri timburhús. Það hafa heldur eigi verið nein vandræði fyrir pilta að fá svefnstaði úti í bæ hér í Reykjavík, síðan heimavistirnar voru teknar af, svo eg þykist mega vera þess fullviss, að piltum í Akureyrarskóla mundu engin vandræði verða úr því, að þurfa að fá sér þar bústaði, þótt heimavistir væru engar.

Eg álít því ekki ástæðu til þess að taka upp þá reglu fyrir Akureyrarskólann, sem lögð hefir verið niður hér í Reykjavíkurskóla, og finst mér það vera að fara nokkuð í öfuga átt.

Það hefir verið bent á það, að meðaltal námssveina á Möðruvallaskólanum um langt árabil hafi verið 31 á ári og nú getur verið, að þeim fjölgi nokkuð að mun eftir flutning skólans til Akureyrar og fyrirhugaðar umbætur á honum, en ef kennaraskóli verður settur á stofn hér eða í Hafnarfirði, þá má á hinn bóginn búast við, að hann dragi úr aðsókn að gagnfræðaskólanum á Akureyri, því að nokkuð hið sama verður kent á báðum skólunum. En setjum svo, að að meðaltali verði í skólanum um 50 lærisveinar á ári, þá álít eg, að 24 heimavistir séu yfirfljótanlega nægilegar, því að eg skoða þær að eins á þá leið, að þær eigi að vera léttir og styrkur fyrir fátæka nemendur úr fjarlægum héruðum, en eigi fyrir pilta af Akureyri, né fyrir efnaða pilta, þó annars staðar séu að; það er með öðrum orðum, að eg skoða heimavistirnar að eins sem ölmusustyrk, og frá því sjónarmiði vil eg fyrir mitt leyti samþykkja alt að því 24 heimavistir.

Júlíus Havsteen: Með því að háttv. framsm. nefndarinnar drap á breyt.till. á þskj. 482 og kvaðst geta aðhylst hana, en talaði ekki í nefndarinnar nafni, þá ætla eg að lýsa skoðun minni á þessu atriði. Eg fyrir mitt leyti álít réttara að hafa tölu heimavistanna, eins og nefndin stingur upp á, alt að 40, heldur en 24, eins og breyt.till. fer fram á. Eg mun því greiða atkvæði á móti breyt.till. á þskj. 482.

Valtýr Guðmundsson: Eg fyrir mitt leyti er í vafa um, hvort rétt sé að hafa heimavistir í skólanum, þar sem hann er í bæ, en ef heimavistir eru hafðar á annað borð, þá er betra að hafa þær fleiri en færri.

Það er ekki rétt hjá háttv. nefnd að taka meðaltalið af þeim, sem verið hafa á skólanum á ári, því það hafa miklu fleiri sótt um skólann, en fengið hafa, því það hefir orðið að neita mönnum um upptöku sökum plássleysis; það hefði því verið réttara að taka meðaltalið af öllum þeim, sem sótt hafa um skólavist á ári hverju; þá hefði maður fengið réttari hugmynd um aðsóknina.

Annars álít eg, að aðsóknin fari stórum í vöxt við það, að skólinn verður fluttur til Akureyrar og eigi að hafa heimavistir á annað borð, þá ættu þær heldur að vera fleiri en færri, og 24 eru, að mínu áliti, alt of lítið.

Eg mun því heldur hallast að tillögu nefndarinnar í þessu efni, að hafa þær 35—40 og verður það ca. 12 heimavistarpláss á hvern bekk, ef gert er ráð fyrir 3 bekkjum eða 3 ára kenslu á skólanum. Mér finst, satt að segja, dálítil mótsögn í því, að gera ráð fyrir minni aðsókn og ætla sér að byggja skólann svona stóran; ætli það hefði þá ekki verið réttara að hafa hann dálítið minni? En það er ekki mikið að byggja á áætlunum þeim, sem nefndin í Nd. hefir útvegað, því það er reynsla fyrir því, að áætlanir smiða hér í bæ eru mjög óáreiðanlegar.

Enn fremur er eg mjög óánægður með, að menn skuli ekki setja miðstöðvarhitun í svona stórhýsi, sem reist eru á kostnað landssjóðs. Að vísu er það dýrara í svipinn, en það vinst upp fljótlega, því að slíku fyrirkomulagi er samfara bæði vinnusparnaður, kolasparnaður og langtum heppilegra í heilbrigðislegu tilliti.

Að mínum dómi er það misráðið af landsstjórninni, að setja ekki miðstöðvarhitun í öll slík hús.

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Eg gleymdi áðan að taka það fram, að nefndinni hafði borist erindi frá verzlunarmannafélaginu á Akureyri, þess efnis, að tekið væri tillit til þarfa verzlunarstéttarinnar

við gagnfræðaskólann, þannig, að einn eða fleiri af kennurum skólans gætu veitt tilsögn í þeim greinum, sem að verzlunarfræði lúta, og telur nefndin æskilegt, að tekið verði alt það tillit, sem unt er, til þessara óska, t. d. á þann hátt, að séð verði um, að sá tímakennari, sem líklegt er að verði ráðinn til skólans, sé hæfur til þess að kenna þær námsgreinar, er þar að lúta. Því að vér verðum að álíta heppilegt, ef skólinn gæti einnig veitt fræðslu í einhverri sérfræði, sem gerði nemendur öðrum hæfari til þess að gegna sérstökum störfum, þegar þeir hafa lokið námi sínu, því vart er við því að búast, að menn vilji verja löngum tíma og miklu fé til náms, þegar þeir standa eftir á lítið betur að vígi en aðrir í baráttunni fyrir lífinu, og þegar til lengdar lætur, er hætt við, að menn trénist upp á að sækja þær mentastofnanir, sem engin hlunnindi veita í aðra hönd, þegar út í lífið kemur.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) gat þess, að aðsóknin hefði verið svo mikil að Möðruvallaskólanum hin síðari árin, að færri hefðu fengið skólann en viljað hefðu, og má vera, að hann hafi rétt að mæla í því efni, en eg vona, að menn fyrirgefi nefndinni, þótt henni hafi verið þetta hulinn leyndardómur, því skýrslurnar benda á alt annað, þar sem árlegur nemendafjöldi var svo mismunandi, en það hlýtur að stafa af því, að þeir umsækjendur, sem fengið hafa skólavistarleyfi, hafa hefzt á einhvern hátt frá að sækja skólann. Viðvíkjandi orðum háttv. þingm. um það, að væri mótsögn í því, að byggja stóran skóla, en búast við að fá fáa nemendur, þá kemur það oss ekkert við, því að vér höfum aldrei áætlað nemendafjöldann svo mikinn, sem Nd. hefir gert.

Sami háttv. þm. mintist einnig á miðstöðvarhitun og þann sparnað, sem af henni leiddi. Eg er dálítið kunnugur slíkri hitan þar, sem eg er daglega í einu húsi hér í bænum með miðstöðvarhitun, nefnil. bankahúsinu, og er mér kunnugt um, að mjög mikið umstang og pössun þarf við slíkt fyrirkomulag og eg hugsa, að kolasparnaðurinn sé minni en menn halda.

Valtýr Guðmundsson: Það eru að eins fáein orð viðvíkjandi aðsókninni, sem eg vildi segja. Það er von, að nefndin hafi ekki tekið þetta með í reikninginn, þar sem færri hafa verið á skólanum sum árin en geta verið. En svo stendur á þessu, að skólastjórnin veitir skólavistarleyfi, svo lengi sem plássleyfir, en svo getur oft staðið svo á, að menn einhverra orsaka vegna komist ekki til skólans, sem veitt hefir verið inntaka.

Háttv. framsm. sagði, að skólinn ætti ekki að vera fyrir 100 nemendur, en nefndin hér hefir ekki gert neinar breyting í því efni og álit nefndarinnar í Nd. gerir einmitt ráð fyrir skóla fyrir 100 nemendur. Hún leitaði álits byggingarfróðra manna um skólahús fyrir 100 nemendur og á því verða menn að byggja.

Eg vildi helzt engar heimavistir hafa, en greiði atkvæði með breyt.till. nefndarinnar af miðlunartilhneiging við Nd.

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Viðvíkjandi áætlun nefndarinnar um nemendafjölda, hefi eg einnig gleymt að geta þess, að hún ætlaðist til, að hann yrði milli 60 og 70.

Yfir höfuð að tala er ekki mikið að marka áætlanir þær, sem til eru þessu máli viðvíkjandi, og eg tek það fram, að það virðist einkennilegt, að Nd. hefir ekki nefnt húsgögnin, „montering“, á nafn, og það hlýtur þó að vera talsverð fjárupphæð, sem fer til þess.

Eg hygg því, að nefndin hafi ekki haft ástæðu til að færa fjárveitinguna niður meir en hún hefir gert.

Kristján Jónsson: Það er eitt með öðru í þessu máli, sem algerlega vantar því til skýringar, og það er rökstudd, sundurliðuð áætlun um kostnaðinn við skólahaldið með heimavistunum, til þess

að maður geti fengið einhverja hugmynd um, hvað mikinn kostnað þetta fyrirkomulag mundi baka landssjóði, og furðar mig því fremur á því, að svofeld kostnaðaráætlun hefir ekki verið lögð fyrir þingið, sem margt smávegis ákvæði er til tínt, og sagt, hvað kosti á Akureyri, og það allnákvæmlega. En mergurinn málsins er sá, að formælendur heimavistaskólans hafa að eins litið á það, hvað vistarvera piltanna mundi kosta fyrir þá á Akureyri, og hvað mundi sparast fyrir þá við heimavistirnar, en hafa ekkert skeytt um að upplýsa hitt, hve mikill kostnaður landssjóðs verður.

Á Möðruvöllum fór skólahaldið ekki neitt sérlega ánægjulega um eitt skeið, milli 1880 –90, og einu sinni varð skólinn víst hér um bil að hætta, áður en skólaárið var liðið, sökum miður heppilegs skólahalds, eða sökum ósamþykkis milli pilta og skólahaldara. Yfirleitt held eg ekki, að í þessu efni verði vitnað í Möðruvallaskólann til eftirbreytni, þó að alt muni hafa gengið þar allvel hin síðustu 10—12 árin.

Þegar nægilegt fé er fyrir hendi, þá mega menn leggja meira í kostnað en ella, en þegar það er af skornum skamti, eins og hjá oss, þá verða menn að fara varlega í sakirnar.

En svo er eitt í sambandi við þetta mál, sem mér að vísu er ekki mjög ljúft að minnast á, en það er sýkingarhættan af berklaveiki, sem jafnan hlýtur að vera mikil í skólum, eins og hvarvetna þar, er margir búa saman eða koma iðulega saman. Nú hefir rétt nýlega verið lögð fram hér í deildinni skýrsla, sem sýnir það, að berklaveiki er einna mögnuðust á Akureyri og í Eyjafjarðarsýslu. Er það ekki nokkuð athugavert með tilliti til þessa, að setja upp stóran heimavistaskóla á Akureyri? Ein ástæðan til þess, að heimavistir voru lagðar niður í Reykjavíkurskóla, var einmitt talin berklaveikishættan. Eg tek þetta fram, af því eg álít, að það geti haft þýðingu fyrir málið, að á svona stórbúi, sem hefir um eða yfir 100 manns með þjónustufólki á heimili, hlýtur sýkingarhættan að vera einna mest. Eg vildi helzt engar heimavistir hafa, en veita fátækum og efnilegum piltum í þess stað ölmusustyrk; en með því að eg kannast við, að það geti orðið erfitt fyrir pilta, sem koma úr fjarlægum héruðum, og eru ef til vill umkomulausir, að fá sér viðunanlegt húsaskjól, þá hefi eg getað fallist á það, að stofnaðar yrðu með skólanum alt að því 24 heimavistir, og geri eg þá ráð fyrir, að hér um bil þriðjungur skólapilta sé langt að, og er sú tala heimavistanna, sem eg hefi stungið upp á, miðuð við það.

Landshöfðingi: Eg ætla að eins að benda mönnum á það, að í 5. gr. frumv. stendur: Laun og annar kostnaður til skólans greiðist úr landssjóði. Eg hefi skrifað forstöðumanni skólans og spurt hann að, hve mikill kostnaður hann haldi að verði við skólahaldið. Hann sendi mér aftur kostnaðaráætlun, en sú skýrsla tekur ekki kostnað við heimavistir með.

En ef heimavistir verða við skólann, verður kostnaðurinn miklu meiri.

Jónas Jónassen: Það er að eins eitt atriði, sem eg ætla mér að minnast á viðvíkjandi heimavistunum, og það er, að eftir skýrslum héraðslæknisins er mjög mikið um berklaveiki þar nyrðra, og er því mjög varhugavert, að hrúga saman svona mörgum ungum mönnum, sem lítt kunna að varast sýkingarhættuna, og yrði það dýrt fyrir landið, fyrst að borga heimavistirnar og svo máske að missa marga unga menn á bezta skeiði úr þessari voðaveiki.

Eg álít því af þessari ástæðu heimavistirnar mjög ísjárverðar.

Guttormur Vigfússon: Eg veit ekki, hvað getur verið meiri meðmæli með heimavistunum en ræða háttv. 4. kgk.

þm. (J. J.). Hann sagði, að Akureyri væri eitthvert mesta berklaveikisbæli á öllu landinu. Nú sér hver maður, að fátækir piltar, sem verða að vinna fyrir sér á sumrin, verða að taka sér húsnæði þar, sem þeir geta fengið það ódýrast, og búa við laka þjónustu, að þeir einmitt oft og tíðum muni lenda í einhverju af þessum berklaveikisbælum, og stofna með því lífi og heilsu í voða.

Ef heimavistunum þar á móti væri haldið, er það auðsætt, að sýkingarhættan yrði miklu minni í góðum húsakynnum, og stöðugu eftirliti með hreinlæti, bæði af hendi skólastjóra og læknis. Eg vil því fastlega mæla með, að breyt.till. um fækkun heimavista verði feld.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. á þskj. 462 sþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr. með áorðinni breyt. sþ. í e. hlj.
2. gr. samþ. í e. hlj.
3. gr. — - ——

Breyt till. á þskj. 482, við breyt.till. á þskj. 462 við 4. gr., samþ. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Jakobsson,	Sigurður Jensson,
Eiríkur Briem,	Gutt. Vigfússon,
Guðj. Guðlaugsson,	Júlíus Havsteen,
Hallgr. Sveinsson,	Valtýr Guðmundsson,
Jónas Jónassen,	Þorgr. Þórðarson,
Kristján Jónsson.	

2. breyt. á þskj. 462 þar með fallin.
4. gr., með áorðinni breyt., samþ. í e. hlj.
3. breyt.till. á þskj. 462, við 5. gr., samþ. í e. hlj.
5. gr., með áorðinni breyt., sþ. í e. hlj.
6. gr. samþ. e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 17. ágúst. (C. bls. 636, 645).

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Eins og háttv. deild er kunnugt, gat eg þess við 2. umr., að nefndina hefði vantað skilríki viðvíkjandi „monteringu“ þessa gagnfræðaskóla, en síðan hefi eg fengið frá landshöfðingja áætlun eftir skólastjóra Jón Hjaltalín, en sú áætlun er ónóg, því að hún ætlast til, að skólinn verði heimavistalaus, en sökum anna, sem við höfum haft, hefir enginn tími verið til að gera neina fasta sundurliðaða áætlun um húsmunakostnaðinn.

En af því að heimavistunum hefir verið fækkað við 2. umr. hér í deildinni, niður í 24., þá álítur nefndin nægilegt að láta þann kostnað, að viðbættum húsmunum, halda sér, sem ákveðinn var til skólabyggingarinnar eingöngu, þegar ætlast var til, að heimavistir yrðu 30—40.

Eg skal geta þess, að þetta er engin smíðaáætlun, eða nákvæmlega gerður útreikningur frá okkur í nefndinni, því hefðum við farið að búa til nákvæma áætlun eða leitast við að fá hana, þá mundi málið ekki hafa komist í gegn á þessu þingi.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 516, við 1. gr., sþ. í e. hlj.

Frumv. með áorðnum breytingum, sþ. í e. hlj. og verður afgreitt til forseta Nd.

Ein umr. 24. ágúst. (C. bls. 723, n. 775.)

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Mentamálanefndinni hér í deildinni hefir aftur borist þetta frumv. til athugunar frá háttv. Nd. Nefndarálitið og breyt.till. liggja hér fyrir. Breyt.till. eru að eins tvær, önnur um að veita til skólans 60,000 kr. í stað 67,000, og um að hafa 35—40 heimavistir í stað 45—55, og er það nákvæmlega sama, og nefndin lagði til seinast, er málið var fyrir hér í deildinni, en þá kom breyt.till. um að hafa heimavistirnar 24 og var sú breyt.till. samþ. hér í deildinni. Nefndin áleit, að hún ekki gæti gengið lengra til samkomulags við háttv. Nd. en hún gerði, og sömu skoðunar er

hún enn, enda þykist hún fullviss um, að hærri tala muni ekki ná samþykki háttv. deildar, og vill nefndin því heldur, að málið fari í sameinað þing en að hækka þessa tölu.

Oss þótti það bæði kynlegt og miður kurteist, sem stóð í framhaldsnefndaráliti h. Nd., að vér hefðum sett kostnaðinn við skólann 57,000 kr. alveg út í bláinn. Í aths. við stjórnarfrumv. við 1. gr., 2. málsgrein, stendur, að stjórninni hafi borist áætlun um skólahús án heimavista, og önnur áætlun um skólahús með heimavistum. Þessi síðari áætlun var lögð til grundvallar. Hámarkið var 40 heimavistir og ætlum vér 49—50,000 kr. yfrið nóg til að gera hús fyrir vel úr garði, auk 7—8000 kr., sem vér ætluðum til „monteringar“ skólans. Vér erum sannfærðir um, að þetta er nægilegt, þar sem vér áætlum hæst 60—70 nemendur á ári, og fleiri nemendum getur skóli, eins og þessi, ómögulega búist við, þar sem hann að eins vill veita nemendum sínum almenna mentun, en gefur enga sérstaka atvinnuvon í aðra hönd, og sízt þar sem útlit er fyrir, að annar áþekkur skóli, kennaraskólinn, er veitir líka mentun og þessi skóli, en býr menn undir lífsstöðu, muni verða settur á stofn, áður langt um líður. Þar að auki er útlit fyrir, að gagnfræðadeild komist von bráðar á við latínuskólann í Reykjavík. Þetta virðist oss vera góð rök og ekki út í bláinn.

Að því er snertir það álit Nd., að 3 ára skóli muni hafa fleiri nemendur en 2 ára, þá er það von, en vissa ekki, og það meira að segja alltvísýn von; mörgum efnalitlum manni mundi eigi síður vaxa í augum að kosta sig á 3 ára skóla en 2 ára, og kynni það að draga úr aðsókninni.

Eg þykist hafa sýnt fram á, að nefndin er skipuð var hér í deildinni, hefir farið eins langt, og frekast var unt, til samkomulags við háttv. Nd., þar sem hún hélt hámarkinu. Til frekari tryggingar viljum vér færa upphæðina úr 57 í 60 þús., en lengra er oss ekki unt að ganga.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. á þskj. 615, við 1. gr. frumv. samþ. með 9 samhlj. atkv.
2. breyt.till. á þskj. 615, við 4. gr. frumv. samþ. með 9 samhlj. atkv.

Frumv., þannig breytt, samþykt í e hlj. og verður afgreitt til forseta sam einaðs alþingis.

Ein umr. í sameinuðu alþingi 25. á gúst. (C. bls. 812, 842).

ATKV.GR.:

1. breyt.till. á þskj. 636, við 1. gr., sþ með 19 : 11 atkv.
2. breyt.till. á þskj. 636, við 4. gr., sþ með 20 : 12 atkv.

Frumv. með áorðnum breyt., samþ. heild sinni með 28. samhlj. atkv. og verð ur afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi

---

Mentamálanefnd.

TILLAGA til þingsályktunar um menta mál; Ein umr. 21. júli. (C. bls. 214)

Flutningsmaður (Jón Jakobsson) Eg hefi leyft mér að koma fram me þessa tillögu, en af því að umr. hér deildinni í dag eru orðnar svo langar, þ skal eg ekki vera margorður. Að ein skal eg geta þess, að ástæðan fyrir þv að eg hefi komið hér fram með till., e sú, að nokkurir þm. í Nd. hafa skorað mig að flytja hana hér. Eg þykist lík viss um, að háttv. meðdeildarmenn míni munu mér samdóma um það, að nauðsy beri til að athuga mentamál landsins, o virðist mér þá heppilegast, að sú nefnd sem skipuð yrði hér í deildinni, væri kos in sem fyrst, til þess að hún gæti bori sig saman við og unnið með þeirri nefnd sem kosin hefir verið í Nd. En þar sem þessi deild er svo fámenn, en nefndi

þegar orðnar allmargar, þá leyfi eg mér að stinga upp á 3 manna nefnd í stað 5 manna, sem vandi mun vera til að setið hafi í þessari nefnd áður hér í deildinni. Menn hér í deildinni hafa svo annríkt, og hafa í svo mörg horn að líta, að eigi tjáir að dreifa kröftunum meir en brýn nauðsyn býður.

Kristján Jónsson: Háttv. þingdeildarmenn mun reka minni til þess, að hér í deildinni var í fyrra samþykt þingsályktunartillaga um mentamál, einkanlega að því, er snertir kensluna í lærða skólanum. Sams konar tillaga var og samþykt í háttv. Nd. Nú vildi eg leyfa mér að spyrja hæstv. landsh., hvern árangur þessar tillögur hafa haft eða hvaða árangur vænta megi að verði af þeim. Hann er enn þá enginn orðinn af þeim, mér vitanlega, en afstaða mín í þessu máli mun mikið fara eftir svari hæstv. landsh. upp á þessa fyrirspurn.

Eg þykist vita, að allir háttv. þingdeildarmenn muni minnast þessarar tillögu. Hún var einn liður í þeirri baráttu, sem fyrir mörgum árum síðan var hafin hér í deildinni af þáverandi kgk. þingmanni, Jóni skólastjóra Hjaltalín, til þess að koma breytingu á kenslufyrirkomulagið í lærða skólanum, og setja nefndan skóla í hagfeldara samband við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum. Henni hefir síðan verið haldið stöðugt áfram hér í deildinni, og á síðasta þingi í fyrra héldum við henni uppi, háttv. þm. Barðstr. (S. J.) og eg, sem flutningsmenn áðurnefndrar þingsályktunartillögu.

Landshöfðingi: Eg skal svara fyrirspurn háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) á þann hátt, að eg hefi fengið tilkynningu frá stjórninni um, að það sé nú búið að semja lög um gagngerða breytingu á skólafyrirkomulaginu í Danmörku, og að því mundi heppilegast, að fyrirkomulagið á lærða skólanum hér yrði sniðið eftir þeim lögum, og að frumv. um það efni yrði lagt fyrir næsta þing, svo að þingið gæti skorið úr því, hvort það fyrirkomulag gæti skoðast heppilegt fyrir lærða skólann hér. En ef þingið vill ekki bíða svo lengi, þá getur það sjálft komið fram með frumv. nú, til að leggja fyrir stjórnina, og vil eg þá ráða því til að sníða það sem mest eftir lögum um skólamál í Danmörku, og held eg þá, að heppilegast væri að fylgja hinni svo kölluðu 3je Retning þar,

Kristján Jónsson: Eg er hæstv. landsh. þakklátur fyrir svarið upp á fyrirspurn mína, og er það í öllu verulegu, eins og eg bjóst við; eg skal um leið taka það fram, að eg hefi séð lög um þessa svokölluðu 3je Retning eða þriðju stefnu og fara þau í líka átt, og farið var fram á í frumv. hér á þingi 1897 og 1899, en þess vegna bjóst eg einmitt við því, að landsstjórninni hefði þótt nú tími kominn til að bera upp frumv. um það á þessu þingi; undirbúningurinn var þá svo ofurhægur, og tíminn yfrið nógur; en það er góðra gjalda vert, að vér nú vitum, að frumv. í þessa átt verður þó í öllu falli lagt fyrir næsta þing.

Flutningsmaður (Jón Jakobsson): Eg skal taka það fram út af þessu máli, að eg álít, að þessi deild hafi sérstaklega gert að sínu hlutverki þann kafla tillögunnar, sem snertir latínuskólann, þar sem hún hefir haft það mál í nefnd á þingunum 91, 95, 97 og 99; en það, sem sérstaklega kom mér til að standa upp, voru þau orð hæstv. landsh. og háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.), hvort þingið sjálft hefði það í hendi sér, að semja frumv. nú í þessa átt. Eins og háttv. þingdeildarm. muna, var frumv. því, sem þingið samdi 1897, eigi sem bezt tekið og fekk fremur ómjúkar viðtökur hjá skólamönnum, þótt það færi í mjög líka átt, og lög þau, sem nú eru nýkomin á í Danmörku um „æðri almenningsskóla o. fl.“ En þar sem eg álít haganlegast, að stjórnin sjálf beri

frumv. fram, þá kemur það til af því, að eg veit, að tíma þessarar deildar og Nd. er svo varið, að naumlega mundi verða tími til að ráða þessu máli til lykta á þessu þingi, en eg vona, að þessi deild komi með yfirlýsingu í sömu átt, og samþykt var í þessu máli í þingsályktunartillögu 1899 og samþykt var með öllum atkv., og skal eg svo ekki fjölyrða um þetta mál að sinni.

ATKV.GR.: 3 manna nefnd samþ. í e. hlj. og í hana kosnir:

Jón Jakobsson með 7 atkv.
Júlíus Havsteen — 6 —

og Sigurður Jensson með hlutkesti milli hans og J. Jónassens, er höfðu fengið 5 atkv. hvor.

Kensla í lærða skólanum.

TILLAGA til þingsályktunar um kenslu í lærða skólanum í Reykjavík.

Ein umr. 13. ágúst. (C. bls. 550 620).

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Eg efast ekki um, að háttv. deildarmenn hafi kynt sér nefndarálitið, og finn eg því ekki ástæðu til að taka upp aftur það, sem í því stendur. Eg skal strax taka það fram, að nefndin gat ekki, eins og þörf var á, kynt sér þau skjöl, sem hún hafði til athugunar um þetta mál, sakir naumleika tímans. Auk þeirra 5 skjala, sem nefnd eru í nefndarálitinu og sem eru mjög ítarleg, hefir nefndin einnig haft til athugunar ýmisleg skjöl og bréf, sem hafa farið milli ráðaneytisins og Kaupmannahafnarháskóla, samtals um 80 síður, og hefi eg og nefndin kynt okkur þau eftir föngum, og árangurinn af því hefir orðið sá, að við getum ekki séð, að neitt sé því til fyrirstöðu, að kenslan í lærða skólanum komist í það eftirþráða horf, sem þingið hefir verið að berjast fyrir um 12 undanfarin ár, því að aðal-þröskuldurinn í vegi þessa máls áður var mótspyrna sú, er það mætti frá háskólanum í Kaupmannahöfn, nfl. að gerðar væru æskilegar breytingar á latínuskólanum hér, áður en komin væri breyting á skólafyrirkomulagið í Danmörku; en sá þröskuldur er nú horfinn, því að, eins og nú er komið skólamálunum í Danmörku, þá er þar mynduð hin svo kallaða þriðja stefna (tredje Retning) í viðbót við þær tvær, sem áður voru fyrir, nfl. þá mathematisk-náttúrufræðislegu og historisk-málfræðislegu, og frumv. til laga um þetta hjá Dönum og lögin sjálf, eins og þau voru samþykt á ríkisþinginu í vor, ganga út frá því, að hin nýja stefna feli í sér 2 skóla, nfl. annan lægri, er nefnist miðskóli, og annan æðri skóla eða Gymnasium. Nefndin telur æskilegt, að námstíminn í Reykjavíkur lærða skóla, sem vér ætlumst til að taki yfir báða þá skóla, er þegar eru nefndir, eða svari til þeirra, verði ekki lengdur úr því, sem nú er, eða verði eigi lengri en 6 ár, ef hjá því verður komist, því að við búumst við, að bæði þing og þjóð mundi una því illa; og álítur nefndin ráðlegra, að í þess stað verði krafist nokkuru frekari inntökuskilyrða en við hina dönsku „miðskóla“, en eins og eg nú skal benda á, þá eru kröfurnar afarlitlar fyrir þá sveina, sem taka inntökupróf við danska miðskóla. Prófessor Finnur Jónsson hefir verið svo góðfús að lána mér ritgerð eftir prófessor Gertz og í henni má sjá á bls. 11—13, hvaða kröfur hann ætlast til að gerðar séu í þessu efni, og býst eg við að þær tillögur hans verði eða hafi verið samþyktar.

Skilyrði þau, sem sett eru í þessari ritgerð fyrir inntöku í miðskólann eru: danska munnleg; hjá oss yrði það að sjálfsögðu móðurmálið, íslenzka; það er ætlast til, að lærisveininn geti lesið viðstöðulaust stuttan kafla á móðurmálinu; enn fremur er heimtað skriflegt próf í móðurmálinu. Það er að segja, að læri-

sveinninn geti ritað lýtalaust dálitla grein, sem lesin er upp fyrir honum; í þriðja lagi er heimtaður reikningur, litla taflan, 4 species í heilu og brotnu, og lítið eitt í decimalbrotum; enn fremur skrift og í trúbrögðum Balslevs biblíusögur; í sögu frásagnir úr sögu föðurlandsins; í landafræði er krafist þekkingar á föðurlandinu, og lítilfjörlegt ágrip af landafræði Noregs og Svíþjóðar, og í náttúrufræði er heimtað, að lærisveinninn þekki aðal-tegundir dýra og jurta; en aðaláherzlan er lögð á kunnáttu í móðurmálinu, skrift og reikningi. Þar sem kröfurnar eru svo vægar, sem eg hefi nú frá skýrt, þá virðist mögulegt að koma því svo fyrir, þótt eigi væri ætlaður nema 3 ára tími til lægri deildar lærða skólans (í stað 4 ára hjá Dönum), að hert væri á inntökuprófsskilyrðunum nokkuru meira en hjá Dönum, því að þó það væri gert, þá væri undirbúningurinn samt mjög lítill í samanburði við það, sem hingað til hefir viðgengist hér á landi, þar sem er hin dýra undirbúningskensla í latínu undir skóla. Nefndin hafði fyrst hugsað sér, að það væri eðlilegast og heppilegast, að frumv., samið af stjórninni í samráði við skólastjórnina, væri lagt fyrir þingið; en að því athuguðu, hve mjög það mundi tefja fyrir framgangi málsins, þá treystir nefndin sér ekki til að leggja það til, að skora á stjórnina, að koma fram með frumv. um málið, þar sem sú leið mundi tefja framgang þess um 2 ár, og þess vegna höfum vér ráðið deildinni til, að samþykkja tillögu um, að skora á stjórnina, að láta semja svo fljótt, sem unt er, og að löggilda nýja reglugjörð fyrir lærða skólann í Reykjavík, er færi í öllum aðalatriðum í sömu átt, og frumv. alþingis 1897.

Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, er hið nýja kenslufyrirkomulag Dana, er þeir nefna hina „þriðju stefnu“ eða nýjumálastefnuna, mjög líkt því fyrirkomulagi, er háttv. Ed. samþykti árið 1897, enda hefir þetta mál aldrei verið svo ítarlega og rækilega rætt, sem þá, þar sem þá var jafnvel samin sérstök tímatafla er var í samræmi við það fyrirkomulag, sem farið er fram á nú í þessum 2 skólum í Danmörku, „miðskólanum“ og „Gymnasium“.

Eg skal taka það upp aftur, að þótt nefndin velji reglugerðarleiðina í þessu máli, þá er það ekki af því, að nefndin álíti það ekki bæði eðlilegast og bezt, að þingið legði síðustu hönd á þetta mál, heldur er það fyrir þá sök, að vér töldum brýna nauðsyn til bera að flýta sem mest fyrir þessu máli, sem í svo mörg ár hefir verið á dagskrá þings og þjóðar, en fyrir sérstaka „injúria m temporum“ ekki náð fram að ganga, þótt meiri hluti skynberandi manna sé fyrir löngu orðinn sannfærður um nauðsyn þess. Nefndin finnur heldur ekki ástæðu til, að bera að óreyndu það vantraust til hinnar nýju stjórnar, að hún ekki sjái um, að reglugerðinni verði haldið í öllum aðalgreinum innan þeirra takmarka, sem þingið setur í tillögunni. Eg skal svo ekki að svo stöddu fjölyrða meira um þetta mál; en eg sé, að hér er komin fram breytt. á þskj. 475 frá háttv. 3. kgk. þm., og fer hún fram á, að fyrir niðurlagsorðin „og eðlisfræði“ komi: „í menningarsögu mannkynsins, náttúruþekkingu og eðlisfræði“. Eg geri það ekki að neinu kappsmáli, hvort tillaga þessi verður samþykt eða ekki, og býst við, að nefndin geri það ekki heldur; en eg verð að segja, að eg kann ekki við, hvernig breytt. er orðuð. Það stendur í sjálfri þingsályktunartill., að gríska skuli afnumin sem skyldunámsgrein, að kenslustundum í latínu verði fækkað að mun, að latneskir stílar verði lagðar niður við próf, og að þeim kenslutíma, sem þannig vinst, verði aðallega varið til aukinnar kenslu í þeim námsgreinum, sem taldar eru upp á eftir. Ef bætt er nú inn í til-

löguna þessum orðum, sem standa í brt., þá kann eg ekki við orðalagið „kenslu í náttúruþekkingu“; það er bæði eðlilegt og rétt mál að tala um kenslu í þessari og þessari vísindagrein, en orðalagið, „kenslu í þekkingu“, kann eg alls ekki við. Að því er snertir tillöguna um kenslu í menningarsögu, þá álít eg saklaust, þó því sé bætt við; en eg veit ekki betur en, að kenslan í sögu í latínuskólanum hafi — að minsta kosti á síðari árum — hneigst nokkuð í þá átt, að kenna menningarsögu meira en áður var gert, og svo vona eg líka, að þótt það sé ekki tekið beint fram í tillögunni, þá muni það verða tekið upp í reglugerð skólans; um 3. ákvæðið í brt. þarf eg ekki að tala, af því að það stendur líka í okkar tillögu; en að því er snertir orðið náttúruþekking, þá er mér ekki fullljóst, hvað háttv. þm. meinar með því; það virðist vera svo víðtækt, að það einnig feli í sér eðlisfræði, sem þó mun eigi hafa verið meining háttv. flutnm. breytt.

Eg skal svo eigi að svo stöddu fjölyrða meira um málið.

Kristján Jónsson: Eg er að öllu leyti samþ. þessari breytingu, sem tillagan fer fram á að gerð sé á kenslunni í lærða skólanum, en hefi þó leyft mér að koma fram með eina brt. við tillöguna. Eg hefi alt af verið fylgjandi þeirri breyting, sem farið var fram á 1897 af þessari háttv. deild, sem sé þeirri, að minka að miklum mun kensluna í forntungunum eða þó öllu heldur, að afnema hana með öllu að því er grísku snertir, og takmarka hana mjög í latínu. Þekking á þessum málum er nú orðið að minsta kosti mjög gagnslítil fyrir mannlífið, og auk þess tekur hún of mikinn tíma frá öðru námi, sem er stórum gagnlegra og loks er sú kunnátta, sem nú fæst í lærða skólanum í málum þessum, mjög lítilfjörleg; það er mér óhætt að segja; en þetta alt hefir oft verið tekið fram áður, bæði hér í deildinni og annars staðar og þess vegna þarf eg ekki að fara lengra út í það mál.

Frv. frá 1897 fór fram á það aðallega, að setja latínuskólann í samband við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, með því móti að afnema kenslu í latínu og grísku í neðri bekkjunum, og að minka kensluna í latínu einnig í efri bekkjunum; grísku skyldi vera alveg feld niður sem skyldunámsgrein. Þessi till., sem mentamálanefndin nú hefir komið fram með, fer í sömu átt. Að stefna þessi sé rétt, um það eru nú ekki deildar meiningar.

Að því er snertir það atriði, til hvers þeim tíma, sem vinst við það, að fækka kenslustundum í grísku og latínu, skuli varið, þá þykir mér það, sem nefndin hefir stungið upp á í því efni, of þröngt og of yfirgripslítið. Tillagan fer fram á, að það verði aukin kensla í móðurmálinu, en eins og hún — kenslan í móðurmálinu — hingað til hefir verið veitt, þá er þetta ekki nógu ákveðið eða skilmerkilegt. Kensla í móðurmálinu hefir hingað til mestmegnis verið fólgin í því, að kenna grammatík, vísnaskýringar og skýringar á fornyrðum, en þetta er ekki nóg; það sem aðaláherzluna þarf að leggja á, er að kenna nemendunum að hugsa rétt á móðurmálinu — og að færa hugsanir sínar viðunanlega í letur. Kenslunni hefir í þessu efni hingað til verið mjög ábótavant. Aðaláherzlan hefir jafnaðarlega verið lögð á hina svo kölluðu málfræði, en grammatík er í sjálfu sér ekki eiginlega mentandi og grammatíkur-þekking verður að minsta kosti ekki talin veruleg mentun. Málfræðin er að eins mentunarmeðal, lykill að þeim fjársjóðum, sem til eru á því máli sem maður lærir. Vér erum svo fáir, sem eigum íslenzku fyrir móðurmál, — það eru víst varla 100,000 menn, sem skilja íslenzka tungu, að vér þurfum nauðsynlega vegna hins praktiska lífs að læra önnur mál. Það er svo sem auðvitað, a

fyrst og fremst eigum vér að læra móðurmálið, en svo þurfum vér auk dönsku, sem hver mentaður Íslendingur þarf að geta talað, að kunna ensku svo, að vér séum fullnuma í henni, þ. e. getum bæði talað hana og ritað. Auk þess þurfum vér að kunna sæmilega annaðhvort frönsku eða þýzku; eg fyrir mitt leyti hallast heldur að frönsku. Nefndin hefir lagt það til, að franska verði ekki gerð að skyldunámsgrein. Mér þykir þetta misráðið. Eg fyrir mitt leyti mundi heldur mæla með henni en þýzku — svona geta skoðanirnverið skiftar.

En till. er ekki að eins of þröng að því, er tungumálin snertir, því að af öðrum námsgreinum en málunum er að eins eðlisfræði nefnd.

Þetta þykir mér að minsta kosti eigi nógu víðtækt, og þess vegna hefi eg komið með breytt., sem eg vona, að nefndin geti vel fallist á. Enda hefi eg talað um efni hennar við suma hina leiðandi nefndarmenn.

Það er ekki hægt að bera á móti því, að fari maður að tilgreina þær námsgreinar, sem auka þarf kenslu í og æskilegt er að séu aðalnámsgreinar, þá má ekki sleppa sagnfræði. Eg held því að minsta kosti óhikað fram, að saga sé sú námsgrein, sem einna mesta áherzlu verði að leggja á, því hún er það, sem kennir oss reynslu liðinna alda, en á reynslunni verðum vér að byggja, og eftir henni verðum vér að haga lífsstefnu vorri. En það gagnar ekki, að kenna hana, eins og hún er kend nú, eða hefir verið kend í skólum vorum, einkanlega latínuskólanum. Það verður að auka kensluna í menningar- eða kúltúrsögu mjög mikið, það er að segja, það verður að leggja aðaláherzluna á menningarsöguna, en pólitisku söguna er þarflaust að kenna, nema þar sem hún hefir verulega þýðingu fyrir framfarir þjóðanna, og kennir oss þá atburði, sem hafa hrundið fram menningu þeirra. Sú saga, sem nú er kend í lærða skólanum, eftir Schwanenflügel, hefir að mínu áliti eiginlega mjög litla yfirburði fram yfir þá sögu, sem þar var kend fyrir 30 árum. Það er pólitisk saga, bardagasaga, konungasaga, og tekur að mínu áliti sumt af því lítilfjörlegasta og gerir úr því mikið mál, en sleppir aftur á móti markverðum og þýðingarmiklum tímabilum, þá er menning þjóðanna hefir komist á hátt stig í eina eða aðra átt, eða minnist þeirra að eins með fáum orðum, og vil eg í þsssu efni að eins benda á hina fornu, merku austurlandakúltúr, sem nú er að lýsast fyrir manni einkanlega fyrir hinar miklu fornmenjarannsóknir, sem reknar hafa verið af miklu kappi á síðastliðinni öld; það hefir vissulega meiri þýðingu fyrir mann að vita eitthvað um þetta en t. a. m. að kunna langar þulur um Kyrus eða um Pelopseyjarófriðinn, eða annað því um líkt.

Háttv. framsm. hneykslaðist á því, að eg hefi sett orðið „náttúruþekking“ í brt. Eg skal fúslega játa, að það hefði ef til vill verið réttara að setja orðið: náttúruvísindi, en eg hafði í huga enska orðið „sciences„, og til þess virtist mér bezt svara í þessu sambandi hið víðtæka orð: „náttúruþekking„. Eg meinti með þessu sama sem náttúruvísindi, og eg er viss um, að það hefir enginn getað misskilið það, því að þekking o: sá fróðleikur, sem maður hefir aflað sér í einhverri fræðigrein, er vísindi; og að minsta kosti getur enginn misskilið það nú, þegar eg er búinn að skýra frá, hvað eg vildi láta í ljós með orðinu.

En hvað sem þessu líður, þá tek eg það fram, að næst sögufræðinni álít eg nauðsynlegasta þekkingu á náttúrunni í kring um oss. Að fá að vita, að svo miklu leyti, sem vísindin geta leyst úr því, hvernig til hagar í ríki náttúrunnar, hvernig það hefir myndast og breyzt, og breytist stöðuglega; það ætti að vera lærdómsefni fyrir hvern mentaðan mann.

Þær greinar náttúruvísindanna, sem eg mundi vilja láta leggja áherzlu á, er fyrst og fremst jarðfræði, sem eg hygg að sé nokkuð vanrækt, og í sambandi við hana dýrafræði, grasafræði, steinafræði o. s. frv., svo og efnafræði. — Mín skoðun er, að það eigi að kenna í lærða skólanum alt hið helzta, sem mentaður maður á að vita um náttúruna í kring um sig, en þetta held eg að nú sé eigi gert að neinu ráði. Eg álít því rétt, að samþ. þetta ákvæði í brt., sem ekki gerir breytingu á þingsályktunartillögunni að stefnunni til, heldur gerir hana að eins víðtækari og yfirgripsmeiri. Eg var að hugsa um að bæta enn fremur við stærðfræði, því engin námsgrein skerpir hugsunina og dómgreindina eins og stærðfræði og engin fræðigrein kennir betur að hugsa rétt, hreint og skarpt en hún, en eg hætti samt við það, sökum þess að eg þóttist mega búast við því, að hún yrði ekki látin sitja á hakanum, þar eð skólastjórnin að sjálfsögðu veit, hverja þýðingu sú námsgrein hefir haft og hefir enn fyrir nemendur.

Að endingu tek eg það fram, að eg vona, að háttv. deild samþ. þessa breytt. sem eg hef komið með og nú leitast við að útlista, og að hún hneykslist ekki á orðinu náttúruþekking og láti það eigi verða breytt. að falli, enda getur háttv. Nd. breytt því, ef henni sýnist þess þörf.

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Eg geri það ekki að kappsmáli, hvort breytt. háttv. 3. kgk. kemst að eða ekki, en eg held því fram, að náttúruþekking sé illa valið orð og að segja „að tímanum skuli varið til aukinnar kenslu í náttúruþekking“ virðist mér málfræðislegur error.

Hvað aukinni kenslu í dýrafræði, grasfræði og steinafræði viðvíkur, þá skal eg geta þess, að 1897 spurðum vér, sem þá vorum í nefnd í þessu máli, kennarana við skólann, hvort brýn þörf væri á aukinni kenslu í þessum greinum, en þeir svöruðu, að það væri ekki ástæða til þess, og nú hefi eg enn leitað mér upplýsinga um þetta og fengið sama svarið.

Hvað sögukenslunni viðvíkur, þá ætti að kenna í skólanum meir menningarsögu, en gert er, en hins vegar verða allir að játa, að það er mikill munur einmitt í þessu tilliti á sögukenslunni fyr og nú; mætti því til sönnunar benda á muninn á Schwanenflügel, þeirri kenslubók í sögu, sem nú er kend þar, og gamla Bohr, sem áður var lesinn.

Viðvíkjandi frönskunni skal eg taka það fram, að till. nefndarinnar eru í samræmi við það, sem farið var fram á 1897. Nefndin áleit réttara að kenna ensku vel, þýsku allvel, heldur en að taka fyrir öll nýju aðalkúltúrmálin og læra þau öll illa. Nefndin áleit þessa stefnu réttari og hefir því lagt það til, að frönsku væri slept, með því að sú tunga stendur oss fjær en þýsk tunga, enda er málaþekking, eins og háttv. 3. kgk. rettilega tók fram, fremur meðal („Middel“) en takmark („Maal“) og í sjálfu sér ekki sérstaklega mentandi, og þeir stúdentar, sem hafa orðið að standa sem þvörur gagnvart útlendingum vegna þess, hve málakenslan í lærða skólanum hefir verið ópraktisk, þeir vita, að það er full ástæða til að breyta til, kenna færri mál en nú, en kenna það, sem kent er, svo vel, að menn geti bæði talað sjalfir eitt eða tvö af aðaltungumálum Norðurálfunnar og skilið það, sem aðrir tala á þær tungur.

Að stærðfræði skerpi hugsunina, er satt, en að gera hana að aðalnámsgrein, held eg að yrði ekki vinsælt. Það virðast ýmsir vera svo gerðir, að þeir geti ekki lært stærðfræði; að minsta kosti var það alment álit í minni tíð. En ef til vill væri rétt að kenna meira í þeirri grein en gert er, en viðvíkjandi tillögu vorri, er það að athuga, að þótt stungið sé upp á því, að nota þann tíma, sem vinst aðallega til nefndra fræðigreina, þá er þó ekki þar með loku skotið fyrir að auka við

kenslu þar, sem ábótavant þykir. Til þessa treysti eg kennurunum og stjórninni að ráða heppilega fram úr, því auk þess, að hafa góðan vilja, eins og vér allir þykjumst hafa, hafa þeir meiri sér þekkingu og betri tíma.

Kristján Jónsson: Eg held, að háttv. framsm. hafi ekki skilið mig rétt, þegar eg var að tala um kenslu í þýzku og frönsku — eða það getur verið, að eg hafi ekki skilið hann rétt. Eg álít, að það eigi að kenna 2 af aðalmálum heimsins; og er annað þeirra að sjálfsögðu enska; en það álít eg ekki rétt, að fastákveða, að hitt málið skuli vera þýzka, en það gerir nefndin óbeinlínis, þegar hún leggur til að gera frönsku ekki að skyldunámsgrein. Hafi þetta komið fram þannig 1897, þá hefi eg ekki tekið eftir því þá. Eg hefi að minsta kosti altaf álitið, að það ætti fremur að kenna frönsku í lærða skólanum en þýzku.

En tilefnið til breyt.till. minnar var það, að mér þótti tillagan of þröng eða þröngsýn að því leyti, að hún nefnir að eins eðlisfræði, því að fyrst og fremst held eg, að minni þörf hafi verið að nefna hana, en margt annað, af því að piltar í lærða skólanum læra nú talsvert í henni, og eg veit, að hún er nú þar vel kend, þótt tíminn sé lítill, sem ætlaður er fyrir hana, en þar næst ern margar aðrar fræðigreinar, sem í þessu efni verður að setja að minsta kosti eigi lægra en eðlisfræðina, t. d. sagnfræði, sem eg hefi minst á. En hvað kenslu í náttúrusögu viðvíkur, þá held eg, að hún sé góð í skólanum, það sem hún nær, en það vantar ýmsar greinar hennar þar, t. a. m. jarðfræði, jarðlagafræði og í sambandi við hana efnafræði. Vegna þessa brúkaði eg orðið náttúruþekking, því það er viðtækara en náttúrusaga; skal eg svo ekki fjölyrða um þetta, en að eins ráða háttv. deild til að samþ. brt. mína.

Valtýr Guðmundsson: Eg álít, að nefndinni hafi tekist allvel að ráða fram úr þessu máli, enda þótt eg hefði heldur kosið, að alþingi í þessu máli hefði farið lagaleiðina, en eg get vel skilið, hvers vegna nefndin hefir heldur viljað fara þessa leið, því breytingin kemst fljótar á með þessu lagi og það er eðlilegt, að menn óski að fá fyrirkomulaginu breytt sem fyrst. Forntungnanámið hefir legið nógu lengi sem mara yfir oss. Eg fyrir mitt leyti hefi aldrei orðið var við gagn af grískunámi, að minsta kosti ekki fyrir sjálfan mig og hafi eg viljað lesa einhvern gríska höfund, þá hefi eg orðið að lesa þýðingu. Eg hefi aldrei haft gagn af grískum ritum á frummálinu, ekki einu sinni fyrst eftir að eg kom úr skólanum og nú er eg alveg búinn að gleyma því litla, sem eg kunni.

Eg er fyllilega á sama máli og háttv. framsm. um það, að fremur ætti að leggja rækt við að kenna þýzku en frönsku. Þýzkan er okkur auðlærðari en franskan, hún er skyldari málaflokki okkar, og þeim, sem lært hafa dönsku, verður miklu léttara fyrir að nema hana en frönskuna. Að sjálfsögðu verður að leggja sérstaklega stund á ensku- og dönskunámið. Það minsta, sem hægt er að heimta af íslenzkum stúdent, er það, að hann skilji, riti og tali eitt af hinum stærri kúltúrmálum lítalaust.

Sú kensla, sem fæst á latínuskólanum, er líka nægileg til þess, ef að eins væri dálítið praktiskara fyrirkomulag á henni. Það er t. d. undarlegt, að stúdent frá latínuskólanum, sem lært hefir ensku í 4 vetur, skuli ekki geta talað og skrifað ensku, eins vel og piltar frá Möðruvallaskólanum, sem þó hafa „faktiskt“ lært minna í málinu. Aftur á móti mundi latínuskólastúdent vera miklu færari í að þýða málið eftir bók. En þetta sýnir, að kenslan er ekki, eins og hún ætti að vera; hún er ekki nógu „praktisk“, og kemur

þar af leiðandi nemandanum ekki að nægilegu haldi í lífinu.

Eg er á sama máli og háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) um það, að meiri áherzlu ætti að leggja á stærðfræðiskensluna, heldur en gert er, því að það er að mínu áliti öldungis rétt, að hún skerpir skilning manna fremur flestum öðrum námsgreinum. Háttv. framsm. tók það fram, að í sinni tíð hefðu margir verið á skólanum, sem lítt mögulegt hefðu átt með að læra stærðfræði, en eg trúi því varla; eg held að flestir, sem nenna og vilja leggja rækt við stærðfræði, geti lært hana. Á þeim tíma, sem hann talaði um, hygg eg, að kenslan í þeirri grein hafi átt talsverðan þátt í vankunnáttu piltanna og hún var þá lítið annað en undirbúningur, sem náði of skamt til þess að hafa nokkura praktiska þýðingu, því á mínum skólaárum man eg það, að enginn kunni að mæla breidd yfir á, þó að geómetría væri kend.

Eitt er það, sem mér virðist nauðsynlegt að athuga, ef stjórnin á að framkvæma þessa breytingu, sem hér liggur fyrir; en það er, hvort eigi sé nauðsynlegt að setja henni nefnd til aðstoðar. Þetta er t. d. algeng venja í Danmörku; þar er ekkert gert í þessa átt, án þess að nefnd sé skipuð til leiðbeiningar og aðstoðar stjórninni, og í hana valdir „fagmenn“, til þess að búa slíkar breytingar út. Hér mun verða sagt, að stjórnin hafi skólastjórnina sér til aðstoðar, en eftir því lagi, sem nú er á, þá verður það að eins stjórnarráðið og kennarar skólans, sem um þetta mál fjalla, og eg hefi ekki góða trú á, að kennararnir, sumir hverjir, styðji mikið að því, að breytingin komist á, því til þess eru þeir alt of fastir við fornu venjurnar og andstæðir öllum nýbreytingum, sem fara í praktiska átt. Eg hygg því, að ef ekkert verður gert í þessu, þá verði stjórnin því nær stuðningslaus í þessari breytingu og ekki er hægt að búast við, að hún hafi sjálf svo marga „fagmenn“, að hún geti ráðið rétt fram úr þessu. Eg álít, að nú á þessu þingi væri mjög æskilegt, ef stjórninni væri veitt fé til þess, að hún gæti fengið sér aðstoðarmenn til að undirbúa bæði þetta mál og önnur nauðsynjamál, sem fyrir liggja. Eins og eg sagði áðan, þá væri réttast að veita stjórninni nú þegar nokkurt fé til að afla sér aðstoðar, því verði einhver ágreiningur um málið milli stjórnarinnar og skólastjórnarinnar, þá verður niðurstaðan sú, ef stjórnin vill ekki gera breytinguna upp á eigin hönd, að þá leggur hún frumv. fyrir þingið 1905, og verður þannig óþarfadráttur á málinu.

Hvað snertir breyt.till. á þskj. 475, þá er gott, að tekið sé fram meira en eðlisfræði, og finst mér „náttúruþekking“ allheppilegt orð, einmitt af því að það er svo óákveðið og yfirgripsmikið orð, því það nær svo að segja yfir alt mögulegt í þeirri grein. Að sjálfsögðu er þörf á kenslu í efnafræði og yfirleitt þurfum við að komast sem lengst í því, að þekkja náttúruna og þá krafta, sem í henni búa.

Við höfum áður mest lifað í fornöldinni; gríska og fornfræðin hafa setið í fyrirrúmi fyrir því, sem nauðsynlegt hefir verið fyrir lífið; af því höfum við orðið svo ópraktiskir, en aukin kensla í náttúruvísindunum mundi gera menn betur hæfa til að ganga út í barátttu lífsins, en þá, sem alt af lifa í fornöldinni. Menn geta ef til vill sagt, að eg ætti ekki að taka svo hart á þessu og að eg gangi hér talsvert nærri sjálfum mér, en á það lít eg ekki, þegar um heill þjóðar minnar er að ræða, því að hún verður að ganga fyrir öllu öðru.

Hallgrímur Sveinsson: Eg vil ekki lengja mikið umræðurnar um þetta mál, en eg stend að eins upp, til þess að lýsa afstöðu minni og áliti á þessu máli. Eg get með fylstu ánægju gefið þessari till. atkv. mitt. Og þó eg geri þetta, þá kann eg þó að meta gildi forntungnanna, sem nú á að takmarka eða byggja út. Eg

veit, að þær hafa mikið til síns ágætis og að fljótt á litið er lítt mögulegt að byggja algerlega út grískunni, þar sem guðfræðisnemendur landsins heimta, að þessi tunga sé kend, til þess að geta fengið undirbúning undir guðfræðisnámið.

En margir stúdentar ganga aðra vegi og lífið heimtar meiri praktiska þekkingu, og til þess að fá hana, verður gríska og latína að rýma. Eg hefi séð þetta áður og því hefi eg orðið að vera samþykkur aðalstefnunni, þó eg hafi ekki getað gefið atkv. mitt þeirri aðferð, sem áður hefir verið fylgt í þessu máli, því að eg hefi séð það í hendi mér, að áður hefði málið eigi fengið samþykki Danastjórnar, með þeirri leið, sem farin hefir verið, og þess vegna hefi eg greitt atkv. á móti því sem ótímabæru. Nú þar á móti greiði eg atkv. með málinu, því að nú eru þeir þröskuldar úr vegi, sem áður mundu hafa hamlað því fram að ganga, og nú er eg þess fullviss, að stjórnin muni samþykkja það.

Viðvíkjandi einstökum atriðum tillögunnar, þá álít eg ekki heppilegt, að fara lengra en nefndarálitið ákveður. Hvað snertir kensluna í frönsku og þýzku, þá getur það reyndar verið nokkurt álitamál, á hvort málið leggja beri meiri áherzlu; áður fyrri var lögð meiri áherzla á frönskuna, en það þótti miður heppilegt og því breytt til og þýzkukenslan aukin. En nú finst mér kringumstæðurnar hljóti að ráða um það, á hvert málið verður meiri áherzla lögð.

Viðvíkjandi breyt.till. háttv. sessunautar míns og því áliti háttv. framsm., að hún sé ekki rétt orðuð, þá get eg ekki fundið ástæðu til að finna að henni. Það mun, sem sé, vera málvenja, að segja, „að kenna piltum að þekkja náttúruna“, og þar sem það orðalag er brúkað í málinu, þá finst mér náttúruþekking muni vel geta staðist, enda er engin ástæða til að hneykslast á þessu orði framar, þar sem þetta hefir verið svo nákvæmlega skýrt af breyt.till.höfundinum sjálfum. Þar sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) talaði um það, að stjórninni væri þörf á aðstoð, jafnt í þessu máli sem öðrum, sem fyrir liggja, og hún þyrfti að fá fé yfir að ráða, til þess að geta aflað sér slíkrar aðstoðar, þá er það með öllu rétt og er eg honum fyllilega samdóma í því. Hvernig væri t. d. hægt að heimta það af stjórninni, þegar um byggingamál væri að ræða, að hún gæti ráðið rétt fram úr þeim aðstoðarlaust? Þess vegna er sanngjarnt og rétt að veita henni nokkurt fé umfram það, sem verið hefir, til slíkra óvissra útgjalda.

Hvað það snertir, að erfitt sé að koma þessari breytingu á vegna mótstöðu kennara latínuskólans, þá hygg eg, að það verði ef til vill ekki svo erfitt, þegar þeir hafa athugað málið vandlega og litið á alla afstöðu þess, eins og það nú horfir við, bæði hér og einkum í Danmörku. Reyndar er þeim nokkur vorkunn, þó að þeir haldi fast við forntungurnar og hafi mætur á þeim, sem þeir hafa kent á skólanum alla sína tíð. En þegar breytingin er orðin fastákveðin, þá vona eg, að þeir beygi sig undir vilja þings og þjóðar og gangi að hlutverki sínu í þessu máli sem ærlegir og góðir drengir og stuðli að því eftir megni, að þegar breytingin nú er ráðin, þá fari hún sem bezt fram.

Eg skal nú einnig geta þess, að árið 1899, þegar álits kennaranna var leitað í þessu máli, þá voru áhöld um mótstöðu og meðhald af þeirra hálfu. Nú tel eg víst, að meðhaldið hafi fremur vaxið, en mótspyrnan minkað og hún verði nú að eins til þess að benda á agnúa þá, er á till. kynnu að vera. Eg gef tillögunni atkv. mitt, fullviss um það, að málið nái fram að ganga.

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Eg leyfi mér að þakka háttv. deild fyrir það, hve vel hún hefir tekið á móti þessarri tillögu.

Viðvíkjandi athugs. háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) um þýzkukensluna, þá finst mér

öldungis rétt að leggja mikla áherzlu einmitt á þessa tungu, bæði vegna þess að hún er mál þeirrar þjóðar, sem öllum öðrum þjóðum stendur framar að vísindum og þekkingu, og líka vegna þess, að á þýzka tungu eru þýddar allar helztu vísindabækur og beztu rit annara þjóða og eru þjóðverjar því nefndir „hin mikla þýðaraþjóð". Þetta hafa hinir miklu bókaútgefendur í Leipzig og annars staðar á Þýzkalandi gert sér að skyldu að annast um, og þetta finst mér hljóti að verða þungt á metunum, þegar þýzkan er borin saman við frönskuna.

Þótt nú að eins séu fjögur atriði tekin fram í tillögunni, hygg eg samt, að hún sé svo rúm og víðtæk, að frjálst geti verið að haga kenslunni, eins og „fagmenn" álíta heppilegast innan þeirra takmarka, sem hér eru sett.

Eg vona það, að þessi breyting, sem vér nú fastlega búumst við að bráðlega verði gerð á kenslunni við lærða skólann, geri þessa stofnun að sannri uppeldisstofnun fyrir æskulýð landsins, svo að hann geti orðið sem allra bezt hæfur til að ganga út í baráttu lífsins, því að aðalaugnamið allrar kenslu á einmitt að vera það, að kenna mönnum að lifa.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 475 sþ. með 7 samhlj. atkv.

Till., með á orðnum breyt., sþ. í e. hlj. og verður afgreidd til forseta Nd.

Lestrarbók handa alþýðuskólum.

TILLAGA til þingsályktunar um lestrarbók handa alþýðuskólum

Ein umr. 24. júlí. (C. bls. 304).

Eiríkur Briem: Hvað sem efni tillögu þessarar viðvíkur, þá finst mér formið á henni vera athugavert. Það stendur, að það megi verja alt að 2000 kr. á fjárhagstímabilinu úr landssjóði til þess að semja lestrarbók handa alþýðuskólum; en slík ákvæði verða ekki gerð nema með sérstökum lögum, og þess vegna skal eg leyfa mér að stinga upp á því, að þessi tillaga verði athuguð í nefnd, og finst mér þá eðlilegast, að henni verði vísað til mentamálanefndarinnar, með því að mér virðist efni hennar standa þeirri nefnd svo nærri.

Júlíus Havsteen: Eg lít svo á, sem ætlunarverk mentamálanefndarinnar hér í þessari deild sé sérstaklega miðað við lærða skólann, og nefndinni í Nd. sé ætlað að fjalla um mentamálin að öðru leyti; en þar fyrir sé eg ekki neitt á móti því, að nefndin í þessari deild taki þetta mál líka að sér og beri sig svo ef til vill saman við nefndina í Nd.

ATKV.GR.: Tillögunni vísað til mentamálanefndarinnar með 10 samhlj. atkv.

Framhald einnar umr. 5. ágúst (C. bls. 304; n. 433).

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Það er ekki mikið, sem eg hefi að segja um þessa till., fram yfir það, sem stendur í nefndarálitinu, en það býst eg við að allir háttv. deildarmenn hafi lesið.

Eftir till. er ætlast til þess, að stjórnin annist um, að þessi lestrarbók verði samin, en nefndinni fanst hún standa fjær til að annast þetta, en t. a. m. kennarar og bóksalar hér á landi.

Nefndin leit svo á, að Kennarafélagið ætti að taka höndum saman við Bóksalafélagið, því bæði er fyrirtækið arðvænlegt og ætti ekki að þarfnast styrks, og hins vegar fanst nefndinni það eðlilegast, að þeir menn, sem hafa gert uppfræðing alþýðu að lífsstarfi sínu, stæðu fyrir verkinu, en ekki stjórnin.

Nefndin hefir því ráðið háttv. deild til þess að fella till.

Að endingu skal eg geta þess, að þegar eg las þessa tillögu, datt mér í hug þessi gamla setning úr Liviusi: „Dictator dictus est clavi fingendi causa"; að

kjósa alræðismann, til að reka einn nagla, virðist litlu hjákátlegra en að vera að burðast hér á þinginu með þingsályktunartillögu í nefndum um að skora á stjórnina að kjósa nefnd til þess, að láta semja eina alþýðulestrarbók!

ATKV.GR.: Meginmál till. felt með 8 : 3 atkv.

Milliþinganefnd í kirkjumálum.

TILLAGA til þingsályktunar um milliþinganefnd í kirkjumálum. Ein umr. 22 júlí. (C. bls. 256).

Flutningsmaður (Hallgrímur Sveinsson): Eg hefi leyft mér að koma með till. inn á þing, sem eg álít að hafi mjög mikla þýðingu, þar sem það er mál, sem varðar land alt.

Í tillögunni er sérstakur inngangur og svo fellur hún í 3 liði.

Væri alt viðvíkjandi kirkjumálunum í viðunanlegu horfi, mundi hvorki eg eða synodus eða héraðsfundir hafa fundið ástæðu til að bera fram slíka tillögu, sem þessa. En framkoma tillögunnar stafar auðvitað af því, að ásigkomulagið er ekki eins gott, og æskilegt væri, og menn hafa fundið þörf til þess að koma þessum málum í betra horf.

Fyrir 26 árum var, eins og kunnugt er, sett nefnd manna af stjórninni, til þess að íhuga mörg mál, er kirkjuna áhrærði, samkvæmt ráðherrabréfi 5. nóv. 1877. Gaf nefnd þessi síðan skýrslu um sínar gerðir, sundurliðaða eftir þeim aðalmálum, sem hún hafði tekið til íhugunar; gerði hún tillögur um brauðamat, prestakallaskipun, stjórn á kirkjumálum og um gjöld til prests og kirkju.

Árangurinn kemur fram í lögunum um skipun prestakalla og um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda, hvorttveggja frá 27. febrúar 1880. Auk annars lagði nefndin það til, að fækka prestaköllum um 30. Áður voru 170 prestaköll, en síðan eru 141.

Þetta var sá grundvöllur brauðaskipunarinnar, sem nefndin lagði og löggjafarvaldið staðfesti. En síðan hefir iðulega verið farið fram á breytingar á lögum þessum, sökum þess að misfellur reyndust á þeim vera, sem nauðsyn væri að bæta úr, og eitthvað 12 lög alls eru síðan gefin út um breyt. á téðum lögum. Þar sem nú grundvöllurinn hefir ekki reynst betur en þetta, er naumast annað að gera en annaðhvort að halda áfram að breyta þeim svona smátt og smátt eftir því, sem þörf krefur, eða setja nefnd og taka öll málin í heild sinni til rækilegrar íhugunar.

Það er eðlilegt, að menn finni til þess, ef stórar misfellur eru í svo þýðingarmiklu máli. Kirkjan er hin stærsta og þýðingarmesta stofnun innan þjóðfélagsins og er það einkum og sér í lagi hér á landi, þar sem mesti hluti landsbúa eru meðlimir þjóðkirkjunnar.

Allir viðurkenna hennar mikilsverða starf, þar sem hún á að viðhalda trú og siðgæði og guðsdýrkun í þjóðfélaginu og henni er trúað fyrir háleitu og mikilsverðu sæði hins andlega lífs. Það verða allir að viðurkenna, að því betur sem hún nær sínum tilgangi, því affarasælla verður það fyrir þjóðlíkamann í heild sinni.

Setjum svo, að kirkjan missi sjónar á takmarki sínu eða að henni verði gert ómögulegt eða því sem næst að starfa að því. Hvernig fer þá? Þess ber mannkynssagan ljósan vott.

Ef æðstu og helgustu hugsjónir eru fótum troðnar, vanræktar eða lítilsvirtar, verða afleiðingarnar ávalt beiskar. Þegar trúin hefir dofnað og siðferði spilst, hafa mörg ill öfl komið fram í þjóðfélaginu og unnið því margfalt tjón.

Öllum eru kunnar þær hörmungar, sem

hlutust af trúleysi því og guðleysi, er ríkti á tímum hinnar miklu stjórnarbyltingar á Frakklandi, þá er trúin á guð var með stjórnarráðstöfun afnumin, og hvílíkt ástríðnaflóð þá geisaði yfir landið.

En þegar þessar öldur aftur lægði, sáu menn enn ljósar, hve nauðsynleg kirkjan var og mikilsvert hennar starf í þarfir þjóðfélagsins, og kirkja og kennilýður tók til starfa undir vernd ríkisvaldsins.

Kirkjan á að starfa og starfar bæði inn á við og út á við. Inn á við á hún að starfa að því að opna sálir mannanna fyrir hinu háleitasta, göfugasta og bezta, en út á við er starfssvið hennar það, að efla siðgæði og kristilegar dygðir, sem samhliða og jafnframt eru borgaralegar dygðir.

Kirkjan hefir mest og bezt stutt að því, að efla virðingu fyrir borgaralegri löggjöf, að innræta þegnunum löghlýðni, skyldurækni og samvizkusemi; hún hefir oft lægt þær öldur, sem risið hafa, og breytt út mentun og mannúð. Það er kirkjan, sem öldum saman mestan og beztan þátt hefir átt í því að efla mentun meðal þjóðanna, og þannig gert menn færa um að standa vel og heiðarlega í borgaralegri stöðu sinni; auk þess hefir ríkið falið kirkjunni mörg þýðingarmikil störf beint í þarfir þjóðfélagsins. Eg vil t. d. tilnefna, að ríkið hefir aðallega falið kirkjunni að sjá um mentun og uppfræðslu ungmenna, semja ýmsar mikilsvarðandi skrár og skýrslur, svo sem skýrslur um fædda og dána, verustaði manna og margt annað fleira. Það eru prestarnir, sem í þarfir þjóðfélagsins hafa vakað yfir uppfræðslu unglinganna, vakað yfir því, að þeir ekki ælust upp í andlegu myrkri og fáfræði, það eru þeir, sem hafa haft eftirlit með, að þeim væri kent að skrifa, lesa og reikna. eða í stuttu máli, þeir hafa ýmist annast um eða haft eftirlit með allri hinni lægri mentun þjóðarinnar. Kirkjunni hefir einnig verið falið af ríkinu að framkvæma ýmisleg þau störf, sem fyrirskipuð eru í borgaralegum lögum og nauðsynleg eru í borgaralegu lífi, til að halda uppi siðmenningu og siðsemi. Þannig hefir kirkjunni verið falið að hafa á hendi að gifta, tala á milli hjóna o. fl. Samband kirkjunnar og þjóðfélagsins hefir verið mikið og margvíslegt. Þetta samband hefir verið misjafnt og ólíkt á hinum ýmsu tímum; stundum hafa völdin verið mest í höndum kirkjunnar, en aftur á öðrum tímum í höndum ríkisins. Á kaþólska tímabilinu hér á landi var vald kirkjunnar mikið og voldugt, en við siðabótina varð á því mikil breyting og síðan hefir valdi hennar farið hnignandi, en ríkisvaldið stöðugt haft yfirhöndina. Auðvitað getur það ekki talist heppilegt, að annað þessara félaga hafi öll völdin. Bezt er, að þau séu í góðri samvinnu, og æskilegast, að bæði geti unnið tálmanalaust hvort frá annars hlið. Eins og nú stendur, er engin hætta á því, að ríkisvaldið verði borið ofurliða af kirkjunni; miklu fremur mætti segja, að kirkjan væri borin ofurliði af ríkisvaldinu, en þetta er að minu áliti eigi heppilegt. Það er eigi heppilegt, að ríkisvaldið se svo sterkt, að það geri kirkjuna sér svo háða, að hún missi frelsi sitt og sjálfstæði, Hún verður að hafa frjálsræði til þess að geta lifað og blómgvast; hún verður að hafa frjálsræði til þess, tálmanalaust og óhindruð, að geta ráðið sínum innri málum. Eða hvaða trygging er í því, að þing, þar sem bæði trúaðir menn og vantrúaðir eiga sæti, fari svo vel með vald sitt, sem kirkjan bæði hlýtur að óska og á fulla heimting á. Þegar siðabótin komst á, þá var það markmiðið að brjóta niður páfavaldið, að frelsa kirkjuna undan yfirráðum þess. En þar sem siðabótamennirnir höfðu ærið að vinna í þessari baráttu, þá gátu þeir eigi við því snúist að búa tryggilega um sjálfstæði hinnar evangelisku-kirkju; þeir

urðu fyrst um sinn að láta sér nægja að fela hinum evangelisku þjóðhöfðingjum að annast hag hennar og sjá henni borgið. En þetta leiddi til þess, að ríkisvaldið varð of ráðríkt og endaði loks hér á landi með því, að konungur varð fullvaldur í málum kirkjunnar, sem í öðrum málum. Ef menn svo spurðu, hvernig konungur, sem ef til vill ekki væri trúaður maður, ætti að ráða eða mætti ráða til lykta öllum málum kirkjunnar, þá er þeirri spurningu vikið á bug, með því að segja að konungurinn, sem hinn æðsti biskup, hefði umboð til að leiða öll mál kirkjunnar til lykta. Seinna þegar konungsvaldið aftur var takmarkað, þá voru það stjórnarskrárnar, sem ákváðu, hver ráða skyldi kirkjumálum, sem öðrum málum, aftur til lykta, og þá voru það ráðgjafarnir, sem mál kirkjunnar, eins og önnur mál, báru undir. Það var þá ekkert um það hugsað, hvort sá maður, sem hið æðsta vald yfir kirkjunni var fengið í hendur, hefði nokkur þau skilyrði, sem nauðsynleg voru til þess að ráða málum hennar til lykta á heppilegan hátt. Kirkjumál vor voru fyrst lögð undir hinn danska kirkju- og kenslumálaráðgjafa, síðan undir ráðgjafann fyrir Ísland, sem alt til þessa hefir verið jafnframt dómsmálaráðherra Dana. Hvaða trygging var nú fyrir því, að hann hefði þau skilyrði, sem nauðsynleg voru til að stýra kirkjumálum vorum?

Svo sem háttv. þingdeild er kunnugt, er það nú í ráði, að hér verði innan skamms skipaður sérstakur ráðgjafi fyrir Ísland, og eg vil þá leyfa mér að spyrja: Hvaða trygging er fyrir því, að sá maður hafi þau skilyrði, sem nauðsynleg eru til eflingar og viðhalds kirkjunni og kirkjulífinu? Eg hygg, að það sama megi segja um hann í þessu efni, og um dómsmálaráðgjafann danska fyr á tímum. Þessi maður á að hafa hið æðsta vald kirkjunnar í höndum og ráða öllum hennar málum til lykta, en tryggingin er æði lítil fyrir því, að hann sé þeim starfa vaxinn. Eg hygg því, að fullkomin þörf sé á, að kirkjan fái hér eftir frekari umráð yfir sínum eigin innri málum en hingað til hefir verið. Er það t. d. eðlilegt, að kirkjustjórnin eða kirkjan þurfi, ef breyta þarf handbók eða sálmabók, eða innleiða aðra barnalærdómsbók í kristindómi, að sækja um slíkt til ráðgjafans, sem ef til vill lítið skyn ber á slík mál? Eg hygg að menn hljóti að kannast við, að það sé eðlilegt og sanngjarnt, að kirkjan nú verði frjálsari, að hún nú fái frekari ráð yfir sínum eigin málum, en hingað til hefir verið. Það er þessi ósk og þessi þörf, sem tillagan um milliþinganefnd í kirkjumálum er sprottin af. Krafan er eðlileg og réttmæt og hefir stuðning í ákvæðum stjórnarskrárinnar, því samkvæmt henni hefir ríkisfélagið ákveðnar skyldur gagnvart kirkjunni. Kirkjan getur komið til ríkisvaldsins og heimtað af því, að það fullnægi öllum hennar réttu og sjálfsögðu kröfum. Hún getur heimtað, að ríkisvaldið veiti þjónum hennar góð og viðunandi kjör; hún getur heimtað, að það sjái henni fyrir nægum og sómasamlegum guðsþjónustuhúsum og öðrum nauðsynjum, eftir því sem þörf krefur.

Menn munu nú kannske segja, að ríkið eða ríkisvaldið hafi munað eftir þeim skyldum, sem á því hvíldu gagnvart kirkjunni, að það hafi ráðið bót á þörfum hennar og að hún hafi ekkert upp á það að klaga. Þetta kann nú að vísu að vera að nokkuru leyti satt, en því verður þó ekki heldur neitað, að þær bætur, sem ríkið hingað til hefir ráðið á þörfum kirkjunnar, eru næsta ófullkomnar. Þessar bætur hafa einatt verið því líkastar, sem ný bót væri lögð á gamalt fat. Enn fremur kunna menn að segja, að kirkjan hafi nokkurt sjálfstæði, sem gerir henni mögulegt, að meira

eður minna leyti, að ráða sínum eigin málum til lykta. Þetta er að vísu svo, að kirkjan hefir þegar nokkurt sjálfstæði, nokkurn vísir til umbóta í sjálfsstæðisáttina. Að þeim vísir þarf að hlynna og fullkomna hann. Það eru að vísu til lög um sóknarnefndir, safnaðarstjórn og héraðsnefndir, sem er falið meira eða minna vald yfir málefnum kirkjunnar, en það er ekki nóg, að þessar nefndir séu til; kirkjan verður að hafa einhverja stofnun, sem stendur yfir héraðsnefndunum sem einingarband þeirra; það vantar kirkjulegt þing, þar sem þau mál geti orðið rædd og þeim geti orðið ráðið til lykta, sem rædd hafa verið á héraðsfundunum.

Það er ekki mín ætlun, að á þessu þingi skyldu mætu prestar eingöngu, heldur ættu þar og að eiga sæti leikmenn, sem ásamt prestunum ræddu og útkljáðu hin kirkjulegu mál. Menn kynnu máske að segja, að kirkjan hafi slíkt þing, þar sem synodus er, en þess ber þá að gæta, að synodus er orðin hálfúrelt stofnun, sem eigi getur fullnægt kröfum tímanna. Hún hefir fá og smá verkefni, og svo sem engan rétt, ekkert vald í kirkjulegum málum. Eins og kunnugt er, ber engum nein ákveðin skylda til að mæta á synodus; það skyldi þá helzt vera prófastarnir úr 5 næstu prófastsdæmunum og forstöðumaður prestaskólans, og þó að synodus sé haldin með þessum 5 prófstum, þá vantar þó prófastana úr hinum prófastsdæmunum. Það er að miklu leyti komið undir eigin geðþótta presta og prófasta á þessu svæði og jafnvel undir tilviljun, hvort þeir mæta eða ekki. Og hví skyldu menn vera að mæta á þessu þingi, sem engum málum getur ráðið til lykta, til fullnaðarúrslita? Hvötin til þess er ekki sérlega sterk. Eg eða við á seinni tímum höfum gert tilraun til að efla og auka þýðingu þessa kirkjuþings, en það hefir ekki reynst auðvelt og við ramman reip að draga, þar sem löggjöfin eigi hefir viljað lána því neitt vald.

Eg vona því, að mönnum muni skiljast, að það sé eðlilegt og sanngjarnt, að við óskum eftir að fá þessu framgengt, nfl. að slíkt kirkjuþing, sem eg áður hefi getið um, yrði stofnað, og hefi eg hugsað mér, að á þetta þing eða þessa samkomu skyldu koma fulltrúar úr öllum hlutum landsins, bæði prestar og leikmenn, Auðvitað getur þetta þing eigi ávalt setið saman, heldur að eins stuttan tíma í einu, og þá verður líka jafnframt nauðsynlegt, að hafa einhverja framkvæmdarstjórn, sem vekti yfir velferð kirkjunnar milli þinga, og annaðist um framkvæmdir á skipunum þessarar samkomu, og hefi eg þá hugsað mér, að slíkt mætti fá biskup landsins í hendur; ef mönnum eigi þætti það fulltryggilegt að fá honum einum í hendur framkvæmd þessara verka, þá mætti við hönd hans skipa nokkura menn, er ásamt með honum hefðu þessi störf á hendi, og hefi eg þá hugsað mér, að þingið við hlið biskups skipaði fasta nefnd til þessa, tvo eða þrjá menn.

Þá skal eg koma að hinu öðru atriði, sem tillagan ræðir um, nfl. hagfeldari skipun á prestaköllum landsins. Nú sem stendur eru í landinu um 280 kirkjur og 142 prestaköll, og eg held, að flestir verði að játa, að það fyrirkomulag, sem nú er, sé næsta ófullkomið. Eins og sjá má, koma að meðaltali 2 kirkjur á hvern prest, en í raun og veru eru 81 prestur, sem gegnir 2 kirkjum, 22 prestar gegna 3 kirkjum, 3 prestar gegna 4 kirkjum og 36 prestar gegna að eins 1 kirkju.

Bæði af því að laun prestanna yfirleitt eru mjög lítil og ástæður þeirra bágbornar, þá hafa komið fram ýmsar raddir um það að fækka prestaköllum landsins að stórum mun, og mætti það ef til vill að nokkuru skaðlausu, en þess ber þó að gæta, að ekki sé farið of langt. Það má ekki fara svo langt, að prestunum væri

um of gert erfitt að þjóna embættunum eða sóknarbörnunum að sækja prest og kirkju. Ef laun presta væru gerð svo viðunandi, að þeir eigi þyrftu að annast um búsýslu, ef þeir yrðu að nokkuru leyti losaðir við fræðslu barna, skýrslur og annað þess háttar, sem þeir hingað til hafa haft á hendi, þá mætti fela þeim stærra verksvið og víðari verkahring. Það mætti þá víða fela hverjum presti að gegna 2 til 3 kirkjum, því að víða stendur svo á, einkum í hinum víðáttumeiri og torfærulitlu bygðarlögum, að presturinn gæti að skaðlausu gegnt miklu stærra prestakalli en nú á sér stað. Eg vil t. a. m. nefna Skagafj.sýslu, Húnav.s., Árness., Eyjafj.s. og Dalasýslu. Á öllum þessum stöðum hagar svo til, að prestar gætu alveg að skaðlausu gegnt miklu stærri prestaköllum en nú eru. — Áftur á móti er víða annars staðar landslagi og staðháttum svo varið, að það yrði ókleift bæði fyrir prestinn að gegna stóru prestakalli og líka erfitt fyrir söfnuðinn að vitja prestsins. Margir af h. þm. munu þekkja slikt bæði af Austfjörðum og Vestfjörðum og þeim mun þá vera kunnugt, að þar er landslagi svo háttað, að þar eru þröngir firðir og háir fjallgarðar og illir yfirferðar, sem gera samgöngurnar mjög erfiðar og prestinum því afarerfitt að gegna stóru prestakalli.

Loks er að minnast á 3. lið tillögunnar, sem hnígur að nauðsynlegum bótum á launakjörum presta og prófasta. Máltækið segir, að margt smátt geri eitt stórt, og er það oftast sannmæli. Þeir, sem kunnugir eru ákvæðum laganna um preststekjur, vita, að þær skiftast í margar greinar: dagsverk, tíund, lambsfóður, lausamannagjöld, offur, borgun fyrir aukaverk, enn fremur víðast afnot bújarðar, svo og jarðaafgjöld og prestsmötu. Flest af þessu er smátt og erfitt að innheimta, og af öllum þessum tekjugreinum myndast svo mat brauðsins.

En gerir þetta marga smáa æfinlega eitt stórt? Eg held ekki, að minsta kosti í færri prestaköllunum. Þess utan gefur matið í mörgum tilfellum algerlega ranga hugmynd um tekjur prestanna, því þegar þeir eiga að gefa skýrslur um þær, þá verða þeir að telja tekjumegin alt, sem eftir lögunum á að gjaldast, hvort sem það fæst goldið eða ekki; en ekkert má telja til frágjalda. Þannig er ekkert tillit tekið til þess, þótt lán hvíli á brauðinu. Presturinn verður að sjálfsögðu að borga af þeim afborganir og vexti, og taka það af sínum litlu launum. Þau eru því oft miklu minni í raun og veru, heldur en þau sýnast vera. Ekki er heldur neitt tillit tekið til þess, þótt uppgjafaprestur eða prestsekkja sé í brauðinu, sem presturinn verður að launa að öllu eða nokkuru af tekjum sínum, né heldur til þess, að tekjur margs prestsins rýrna við það, að honum er ekki goldið það, sem honum ber. En það mun oft vera svo, að þetta er sama sem tapað fé, því margur prestur er svo gerður, að hann getur ekki fengið sig til að beita lögtaki við sóknarbörn sín.

Þannig er þá matið nokkuð óviss mælikvarði. En ef til vill eru laun prestanna svo há, að þessarar rýrnunar á tekjunum gætir ekki. Eg vona nú samt, að mér takist að færa mönnum heim sanninn um, að svo er ekki, því að af landsins 141 brauði eru ekki nema 33, sem eru metin yfir 1500 kr., 39, sem eru metin frá 1200 til 1500 kr., en helmingur allra brauða á landinu eða 70 talsins er undir 1200 kr., og það er þó lágmarkið, sem löggjöfin virðist ætla prestum samkvæmt gildandi ákvæðum um greiðslu eftirlauna af prestaköllum.

Menn kunna nú að ímynda sér, að flest brauðin, sem eru undir 1200 kr., séu að minsta kosti á 12. hundraðinu, en því fer fjarri að svo sé, því í einu eru launin ekki full 600 kr., í 4 prestaköllum undir 700 kr., í 19 undir 900 kr. og í 37 und-

ir 1000 kr. Það sjá allir, að þetta eru svo lítil laun, að ómögulegt er fyrir prestana að una við þau, því annaðhvort hljóta þeir að verða áhugalitlir í embættisrekstrinum og hugsa eingöngu um búskapinn, til þess að geta komist af, eða þeir veslast upp í eymd og volæði.

Hér við bætist það, að prestarnir í þessum fáu sæmilega launuðu prestsembættum verða að gjalda árgjöld af þeim til landssjóðs. Eg játa það, að árgjöldin voru upphaflega lögð á í góðum tilgangi og fögrum, sem sé til þess, að koma á jöfnuði og láta betri brauðin bæta upp þau, sem lakari voru.

En heppilegt er þetta fyrirkomulag ekki; það hlýtur hver maður að sjá; það er ekki þægilegt, að þurfa fyrst að tína saman gjöldin, sem goldin eru að meiru leyti í ýmsum vörum, og síðan að koma þeim í peninga til að borga árgjöldin; af þessari ástæðu er það, að prestarnir standa sem stakir óskilamenn í landsreikningnum, þótt þeir vilji ekki vera það, enda hefir bæði þing og stjórn kannast við það, með því að veita eftirgjöf á sumum árgjöldum.

Þá er það ekki hvað sízt athugavert, að prestarnir verða sjálfir að innheimta gjöldin, því það er öldungis óhafandi fyrirkomulag, óþolandi fyrir báða parta og ósamrýmanlegt við stöðu prestsins. Það er ekki þægilegt fyrir prestinn að þurfa að byrja eða enda samtalið við sóknarbarnið, sem kemur til hans til þess að tala um andlega hluti við hann, með þessum orðum: „Heyrðu, geturðu ekki borgað mér krónurnar, sem þú skuldar mér“. Þetta hljóta allir að sjá. Ef til vill hefir þetta fyrirkomulag getað blessast, meðan það var siður að gjalda prestinum umtölulaust og með ljúfu geði, en sá siður er nú horfinn víðast hvar, og eg hefi vitað til þess, að höndin hefir verið rétt út, til þess að taka við hjá prestinum einum eyri, sem var umfram minsta gjald, en það er gjaldið, sem nú vanalega er greitt prestunum. Þar sem hugsunarhátturinn er svona, og það er hann nú víða, þar er ómótmælanlega sannarleg þörf á breytingu, því margur prestur er svo gerður, að hann vill ekki taka við því, sem ekki er goldið með góðu. Auk þess eru það vanalega beztu og eftirgangslinustu prestarnir, sem fyrir skakkafallinu verða, því þeir vilja heldur verða af tekjum sínum, heldur en að spilla fyrir því, að þeir geti haft góð áhrif á sóknarbörn sín með því, að ganga hart eftir þeim. Margir eru nefnilega þannig hugsandi, að þeim finst það ekki í samræmi við kenningu prestanna að þeir gangi eftir sínu. Þessir menn segja: „Eru ekki prestarnir að prédika kærleikann o. s. frv. og þó standa þeir á oss með reikninga og gjaldakröfur“.

Þá er það ekki síður óheppilegt, að prestarnir skuli þurfa að launa formönnum sínum og ekkjum þeirra. Vitanlega hefir landsstjórnin takmarkað þetta svo, að þau brauð, sem minstar tekjur hafa, þurfa þess ekki, en það eru samt mörg brauð, sem þessi skylda hvílir á, en sem ekki eru fær um það. Eftirlaunin eru eftir eldri ákvæðum oftast 300—500 kr., en eftir nýju ákvæðunum frá 1880, sem nú eru að komast smám saman til framkvæmdar, verða þau tíðast frá 100—300 kr. eftir því, hve lengi presturinn, sem fór frá brauðinu, hefir þjónað og ekkjurnar hafa vanalega 150—200 kr. Þótt þetta séu ekki háar summur og auðvitað alt of lágar til þess, að mögulegt sé að lifa á þeim, þá munar þó um það, þegar það er tekið af 1500 kr. Margur presturinn hlýtur því að óska þess, að formaður sinn falli sem fyrst frá, en það er ekki rétt að halda því fyrirkomulagi, sem kemur því til leiðar, að menn af mannlegum breiskleika geri eða hugsi um það, sem er í alla staði ókristilegt og siðferðislega rangt. En séu launakjör prestanna

ill og óviðunanleg, þá gildir það ekki síður um launakjör prófastanna, því að eiginlega hafa þeir engin laun fyrir sín störf. Það er raunar ákveðið, að þeir fái 20 álnir af hverri kirkju, sem þeir vísitera, en þó því að eins, að kirkjan sé svo efnuð, að hún geti greitt þetta, en margar kirkjur eru ekki svo efnum búnar, að þær séu færar um þetta, og þótt þær gætu greitt gjaldið, þá er það ekki nema í mesta lagi fyrir ferðakostnaði.

Áður en kosningalögin nýju komu til sögunnar, höfðu prófastarnir þau hlunnindi, að veitingarvaldið lét þá sitja fyrir yngri og óreyndari mönnum, en síðan hafa þeir mist þessi hlunnindi, sem eðlilegt er, og þess vegna má segja, að þeir vinni sín störf fyrir enga borgun. Það hefir verið stungið upp á, að láta prófasta fá 150—200 kr. laun úr landssjóði og það væri sannarlega ekki of mikið, en viðurkenning fyrir því, að ástæða væri til þessa, hefir ekki fengist enn.

Eg vona, að mér hafi nú tekist að sýna mönnum fram á, að þetta mál alt þarf íhugunar, og það er því ekki til of mikils mælst í þessari till., því mál þetta er svo umfangsmikið, að það er óhugsandi, að nefnd, sem hefði það til meðferðar á einu þingi, gæti íhugað það nógu rækilega og ráðið því heppilega til lykta. Eg vona því, að hin háttv. deild verði við þessari tillögu.

Valtýr Guðmundsson: Eg get verið samdóma háttv. flutningsm. (H. Sv.) um réttmæti þessarar till., því það er sannarlega þörf á að íhuga þetta mál, en mér þykir að eins leiðinlegt, að þessi tillaga skuli koma fram nú, því það stendur svo á, að einmitt nú er verið að ræða þetta mál í Danmörku og tæki þessi fyrirhugaða milliþinganefnd ekki til starfa, fyr en eftir að málinu væri ráðið til lykta í Danmörku, þá væri það mikill léttir fyrir hana. Auðvitað þyrfti hún ekki að komast að sömu niðurstöðu og Danir, en hún hlýtur að geta fengið margar góðar upplýsingar.

Einnig finst mér, að hin fyrirhugaða nýja stjórn ætti helzt að skipa nefndina, og ætti því málið að bíða næsta þings.

Hins vegar er eg samdóma háttv. flutnm. (H. Sv.) um margt, t. d. um það, að það mætti fækka prestunum og þannig bæta kjör þeirra. Eg álít, að það mætti fækka þeim um alt að helmingi, þannig að hver prestur hefði 4 kirkjum að þjóna að meðaltali. Í Færeyjum er það t. a. m. þannig, að hver prestur hefir 7—8 kirkjur, og hvorki er trúarástandið verra þar en hér, né heldur betra að ferðast þar, svo það sýnist ekki of mikið, þó prestar hér þyrftu að þjóna 4 kirkjum. Það getur jafnvel verið betra, að hafa fáar messur vel sóttar, heldur en margar messur illa sóttar.

Svo er ýmislegt, sem eg vildi fá skýringu á, t. a. m. hve nefnd þessi mundi verða dýr; það hefir enn ekki verið bent á, hve mikill kostnaðurinn mundi verða. Annars er eg ekki viss um, að hún þyrfti að vera svona fjölmenn; eg ímynda mér, að þriggja manna nefnd væri nóg, því það er oft, að fjölmennu nefndirnar afkasta ekki meiru en hinar. Auk þess eru þær dýrari, bæði meiri ferðakostnaður og dagpeningar.

Sömuleiðis vantar mig skýringu á því, hve lengi þessi nefnd á að starfa, því það hefir auðvitað líka áhrif á kostnaðinn. Eg álít, að hún geti þurft talsverðan tíma, jafnvel fleiri ár, því hún kemur varla með till. um nýja kirkjuskipun fyr en hún sér, hverju framvindur í því efni í Danmörku.

Flutningsmaður (Hallgrímur Sveinsson): Háttv. 2. þm. G.-K.(V. G.) áleit, að tíminn til þess að skipa þessa nefnd, væri óhentugur. Eg fyrir mitt leyti get ekki fallist á, að svo sé, því hin tilvonandi nýja stjórn getur skipað nefndina eins fyrir því, þótt till. sé samþ. nú, vegna

þess, að milliþinganefndina þarf ekki að skipa fyr en eftir nýár; en verði till. ekki samþ. nú, þá verður nefndin ekki skipuð fyr en 1905 og það er of langt að bíða þangað til.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) sagði einnig, að tíminn væri óhentugur, sökum þess að sams konar mál væri nú á dagskrá í Danmörku, en eg hefi enga trú á, að svo sé, því að ástandið þar og hér er svo gagnólíkt. Annars hefi eg kynt mér nokkuð skýrslur um hið umrædda kirkjulagasmíði í Danmörku eða undirbúning til þess, en finst yfir höfuð litið á því að græða fyrir oss.

Þá tók háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) það einnig fram, að óhætt væri að fækka prestunum um helming, en því verð eg að mótmæla sem algerlega óhugsandi og ógjörlegu, einkum í þeim prestaköllum, þar sem eru fjallvegir og firðir; þar væri mönnum gert of erfitt fyrir að sækja prestinn. Fyr má nú rota en dauðrota; fyr má nú vera fækkun á prestunum en að fara fram á að fækka þeim um helming; með lögunum 1880 var þeim fækkað um 30, og þótti mörgum það jafnvel of langt farið.

Þá gat háttv. sami þm. þess einnig, að ekkert væri minst á þann kostnað, sem yrði þessu samfara; en það er ekki hægt að segja, hversu mikill hann kynni að verða; um þetta verður stjórnin að gera nauðsynlegar ráðstafanir, samkvæmt væntanlegri fjárveitingu á fjárlögunum. Eg geng út frá því, að hún skipi 5 manna nefnd í þetta mál, eins og tillagan ætlast til, með því að það er nauðsynlegt, að hún fái sem mesta staðhæfilega þekkingu á þessu máli. Ef nú 2 menn í nefndinni væru teknir hér á staðnum, en hinir 3 úr öðrum fjarlægari landsfjórðungum, þá mætti gera ráð fyrir töluverðum ferðakostnaði, segjum t. d. 3—5 þúsund kr., og væri það ekki svo gífurlegt, og ætti þá kostnaðurinn ekki að þurfa að vera nein veruleg gryla í augum manna. Hér hafa áður verið skipaðar ýmsar aðrar milliþinganefndir, svo sem skattanefnd, landbúnaðarnefnd, skólamálanefnd og nýlega fátækramálanefnd, en ekki verið gífurlegur kostnaður við það; og þótt þessi nefnd sæti í 2 ár, þá þyrfti hún ekki alt af að vera að starfa, og fengi ekki dagpeninga nema fyrir þann tíma, sem hún væri að starfa; þetta atriði með kostnaðinn verður auðvitað komið undir því, hvernig nefndin verður skipuð, og hversu lengi nefndin vinnur, verður komið undir því, hversu létt hún tekur sér það verk, sem hún á að vinna, en þetta verður vitanlega alt nánar athugað af þeirri nefnd, sem væntanlega verður kosin, og skal eg, að loknum umræðum, leyfa mér að stinga upp á því, að 3 manna nefnd verði skipuð í málið.

ATKV.GR.: 3 manna nefnd sþ. með 9 samhlj. atkv. og í hana kosnir:

Hallgrímur Sveinsson	með 9	atkv.
Guðjón Guðlaugsson	— 4	—
Kristján Jónsson	— 4	—

Fyrri umr. málsins frestað.

Framhald fyrri umr. 5. ágúst (C. bls. 256; n. 435).

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Þar sem háttv. deildarmenn hafa fyrir sér nefndarálitið, þá sjá þeir, að hvaða niðurstöðu nefndin hefir komist Það hefir verið bezta samkomulag nefndinni og hún ræður til að samþ. till með þeim 2 viðbótum, sem teknar eru fram í nefndarálitinu. Eg þarf því ekk að fara fleiri orðum um till. þessa, en óska að eins, að hún fái tálmunarlaust a ganga til síðari umr.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. á þskj. 319, við inngang till. samþ. í e. hlj.
   Áframhald inngangstill. sþ. í e. hlj.
   1. liður till, samþ. í e. hlj.
2. breyt.till. á þskj. 319, við annan lið samþ. í e. hlj.

2. liður till., (er verður 3. l.), sþ. með 10 samhlj. atkv.
3. liður till., (er verður 4. l.), sþ. með 10 samhlj. atkv.

Fyrirsögn till. sþ. í e. hlj.

Málinu vísað til síðari umr. í e. hlj.

Síðari umr. 7. ágúst. (C. bls. 533).

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Með því að þessari þingsál.till. var svo vel tekið við hina fyrri umr. þessa máls og engar breyt.till. komið fram við hana, þá skil eg það svo, .sem háttv. deild sé henni jafnhlynt nú sem fyr, og finn því ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um till., heldur vona eg, að háttv. deild samþ. hana nú, og að hún fái að ganga til Nd.

ATKV.GR.: Till. í heild sinni samþ. í e. hlj. og verður afgreidd til Nd.

Biskupsembættið.

FRUMVARP til laga um sameiningu forstöðumannsembættis prestaskólans við biskupsembættið; 1. umr., 1. ágúst, (C. bls, 401).

Hallgrímur Sveinsson: Eg get gert ráð fyrir, að menn telji það eigi óviðurkvæmilegt, að eg taki til máls, þegar frumv. þetta er á dagskrá, þar sem það snertir stöðu mína og skipun þess embættis, sem mér er trúað fyrir að gegna, og margir ímynda sér víst, að eg hafi ómislegt við það að athuga, enda er það svo. En eg vona, að menn taki það ekki svo, sem eg tali sjálfs mín vegna, því frumv. er ekki stílað á móti mér persónulega og á ekki að ná til mín, heldur miklu fremur móti því embætti, sem eg er í, og eg vona, að menn haldi ekki, að eg tali af óhreinum eða eigingjörnum hvötum.

Mér virðist frumv. þetta vera í fyrsta lagi komið fram án hins rétta undirbúnings, og kunna þá sumir að svara mér því, að frumv. þetta sé stutt og þurfi því ekki langan né mikinn undirbúning. En eg vil biðja menn að hafa það hugfast, að hér ræðir um, að gera aðra skipun á hinu elzta embætti, sem til er á þessu landi, biskupsembættinu, sem staðið hefir, og það einatt með miklum veg og blóma, í hálfa níundu öld, og veitt harla mikilsverðum menta- og menningarstraumum út yfir landið. Vitanlegu hefir embættið sjálft ekki gert þetta, heldur mennirnir, sem í því hafa verið, en þó er ekki víst, að þessir menn hefðu komið því til leiðer, sem þeir hafa gert, hefðu þeir ekki verið í þessu embætti og haft tign þess og völd að styðjast við. Eg segi ekki að allir þeir, sem hafa haft þetta embætti á hendi, hafi verið beztu og mestu menn þjóðarinnar, því í þessi 850 ár, sem embættið hefir staðið, hafa margir haft embættið á hendi, og þar eins og annars staðar hlýtur það að vera svo, að það er misjafn sauður í mörgu fé.

Fyrst þegar þetta mál kom til umr. í heiðr. Nd., leit út fyrir, að það ætti að afnema embættið algerlega, en nú er það komið svo, að stungið er upp á, að láta það hverfa inn í annað embætti, eða láta annað mikilsvert embætti sameinast því. En hvort sem gert er, þá á þó annaðhvort embættið að hverfa, sem sérstakt embætti. Það hefir þó verið álitið, að í þessum embættum ættu að vera færir, sjálfstæðir menn. Og hvers vegna voru þau ekki sameinuð strax, þegar forstöðumannsembættið var stofnað? Hví var biskupnum þá ekki falin forstaða prestaskólans? Líklega af því, að stjórninni hefir ekki þótt það tiltækilegt af einhverjum ástæðum, og þess vegna þótt nauðsyn að stofna sjálfstætt embætti.

Hvorttveggja embættið færir þeim manni mikið verkefni, sem tekst það á hendur; svo hefir verið litið á til þessa. En nú álíta menn, að annaðhvort sé óþarft. Þetta þarf að athuga vandlega og ekki

hrapa að því, vegna þess, að eg er ekki viss um, að það sé heppilegt, enda þótt við það sparaðist nokkurt fé. En það gildir sama um sparnaðinn, sem alt annað, að það má misbrúka hann, og þótt sparnaður sé góður, þar sem hann á við, þá getur hann orðið til ills, þar sem hann ekki á við; og allur sparnaður er ekki gróði. Menn gera sér margfaldan skaða með því að leggja ofmikið á einn mann, til þess að spara nokkur hundruð kr., ef árangurinn reynist sá, að maðurinn komist ekki yfir verk sitt, svo að í góðu lagi sé. Nýbreytni getur verið góð, sé hún á réttum og skynsamlegum rökum bygð og eigi hún vel við En jafnan er varfærnin nauðsynleg, og eigi hættulaust að breyta hvatvíslega fornu skipulagi, sem vel hefir reynst. Eg held, að vér Íslendingar séum einir um heiðurinn í því, að sýna því ræktarleysi, sem er gamalt og hefir á sér sögulega hefð. Að minsta kosti þekki eg ekki neina þjóð aðra, sem ekki játar, að það hafi rétt á sér, sem gamalt er og gert hefir ómetanlegt gagn á umliðnum öldum.

Þessi embætti, sem hér ræðir um, eru bæði svo gömul, að næg reynsla er fengin fyrir því, að þau hafa hvort fyrir sig sitt mikilsverða verkefni og hafa unnið þjóðinni mikið gagn, og eg álít, að það sé mjög varhugavert og geti haft þung eftirköst, ef menn hrapa að nokkuru í þessu efni.

Þessi tvö embætti geta orðið erfið fyrir 1 mann, og að svo miklu leyti, sem þessar stöður gera mismunandi kröfur, þá er ekki víst, að auðvelt sé jafnan að fá mann í embætti þetta, sem fær er til þess, að gegna báðum þeim embættum, sem nú á að sameina. Eg játa það, að margar raddir hafa heyrst, sem hafa haldið þessu fram; en það eru ekki allar raddir sannleikans raddir. Mönnum hefir, að því er virðist, hugkvæmst þetta nú vegna þess, að nú á að gera breyting á umboðsstjórninni; en fyrst er þess að gæta, að hér er ekkert sjálfsagt eða eðlilegt samband á milli. Hin nýja skipan æðstu umboðsstjórnarinnar kemur þessu máli ekki hið minsta við. Og í annan stað finst mér, að hin nýja stjórn hefði átt að fá að leggja hér orð í belg. Það er víst eins dæmi, ef litið er til annara þjóða, að frumkvæði til þess að gera slíka breyting, sem hér ræðir um, komi frá þingmönnum, en ekki frá stjórninni, og mér virðist það nægileg ástæða til þess, að málið fái ekki fram að ganga, að það hefir engan undirbúning fengið af hálfu stjórnarinnar og kemur fram án nokkurs tilefnis eða tilhlutunar af hennar hendi.

Nú er fyrir þinginu till. um að skipa kirkjumálanefnd, sem á að athuga og gera tillögur um alt, sem kirkjunni við kemur. Verði nú þessi nefnd skipuð, þá er það því síður viðeigandi að koma með þetta frumv., án þess að nefnd þessari sé leyft að athuga málefnið.

Þetta mál þarf að athuga og rannsaka rækilega, því það getur vel farið svo, að bráðlætið verði til skaða. Eg skal t. d. nefna það tilfelli, sem er mjög vel hugsanlegt, að kirkjumálanefndin stingi upp á því, að kirkjan njóti meira sjálfstæðis í sínum eigin málum en hingað til; þá gæti verið ilt fyrir hana, að hafa mist þann liðsmann, sem hefði verið sjálfkjörinn miðdepill allra framkvæmda, eða að hafa hann að vísu, en ofhlaðinn annarlegum störfum. Ef hér kæmist á kirkjuþing, þá yrði þetta fyrirkomulag ekki að eins óhafandi, heldur hreint og beint til niðurdreps, því að þegar til framkvæmda kæmi á þeim málum, sem kirkjuþingið hefði ráðið til lykta, eða þegar gera þyrfti einhverjar mikilvægar ráðstafanir milli kirkjuþinga, sem líklega kæmu ekki saman árlega, máske ekki einu sinni annaðhvort ár, þá vildi það sennilega hafa hönd með í bagga, er ekki eiga alt undir einum manni. Það

yrði því að líkindum sett þrengri nefnd með biskupi fyrir formann, til þess að sjá um framkvæmdir málanna og skipa þeim málum, sem eigi þættu mega bíða næsta kirkjuþings. Yrði þetta fyrirkomulag ofan á, þá yrði að sjálfsögðu forstöðumaður prestaskólans í nefnd þessari, en ef þetta frumv. verður samþ., þá verður hann ekki til. Menn kunna að segja, að það megi fá aðra; en eg er ekki viss um, að svo sé. Kennararnir við prestaskólann hafa varla minna að gera, þegar dregið er úr kenslukröftum forstöðumannsins með því að hlaða á hann öðrum störfum, og presturinn hér í Reykjavík hefir svo mikið að gera, að hann hefir orðið að taka sér 1 aðstoðarprest og óvíst, hvort það nægir.

Það gæti því farið svo, að það ræki að því, sem eg sagði áðan, að sparnaðurinn, sem hér á að ná, væri ekki gróði. Það gæti farið svo, að menn þyrftu að bæta við aftur því, sem afnumið var, og að það yrði engu ódýrara, sem sett væri í skarðið, heldur ef til vill þvert á móti.

Yfir höfuð finst mér órétt að sþ. þetta frv., án þess að hafa leitað álits stjórnarinnar og hinnar tilvonandi kirkjumálanefndar og mér finst málið svo varhugavert, að eg hika ekki við að ráða háttv. deild til þess að fella það nú þegar.

Guðjón Guðlaugsson: Mér þykir það mjög svo eðlilegt, þótt háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.) finni til þess, hvað biskupsembættið er nauðsynlegt og gagnlegt fyrir þjóðina, enda mun hann þykjast vera kunnugri því en aðrir, þar sem hann er biskup landsins, og eg get svo vel skilið það, að hann hafi þá föstu sannfæringu, að eigi beri að afnema biskupsembættið, né breyta verkahring þess.

Hann talaði um raddir þjóðarinnar, en kvað þær eigi vera svo margar, að þar af mætti draga, að það væri almennur vilji að afnema embættið. En eg veit þó, að þessar raddir eru hvorki fáar né heldur nýjar. Þessar raddir kveða við úr hverju horni.

Þegar eg kom á þing 1893, fekk eg tækifæri til að vita um þetta mál og sagðist þá vera mótfallinn því, að afnema biskupsembættið. Sannar það, að fyrir 10 árum var afnám þessa embættis ærið háver krafa á dagskrá þjóðarinnar.

En þegar vér lítum nú á, að það er almennur vilji alþýðarinnar að spara kostnað til embættanna, svo sem auðið er, og fækka þeim, svo sem framast er hægt, þá finst mér skylda hvers þingm. að yfirvega það og taka tillit til þess, sem fjöldinn vill í þessu efni, taka tillit til óska og vilja þjóðarinnar í heild sinni, og er eg viss um, að jafnsamvizkusamur maður, og h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) er, muni gera það, enda finst mér, að hann ætti meir að segja að vera þakklátur fyrir frumvarpið, því að í því er alls ekki farið fram á afnám biskupsembættisins, heldur er hér verið að tala um að létta af biskupnum ýmsum óþarfa störfum, sem fult svo vel virðist tilfallið að aðrir annist, en fela honum aftur önnur störf í staðinn, nefnilega að vera fræðari undirmanna sinna, prestaefnanna. Þetta starf er sannarlega miklu háleitara og eðlilegra fyrir biskup landsins og honum samboðnara, en að sitja við að semja skýrslur og „revídera“ reikninga.

Eg held því, að háttv. þingm. ætti ekki að vilja fella málið, því hvað sem millilinganefnd líður, þá er hætt við, að frv. verði tekið upp aftur, og þá óvíst, að miðlunarleið verði farin, og jafnvel hætt við, að embættið yrði alveg afnumið. — Eg veit það vel, að þetta embætti er heiðarlegt, og mjög gamalt og eg sé það glögt, að kirkjan þarf að hafa einhvern yfirmann, en þrátt fyrir það finst mér, að eg eigi geti verið á móti þessari breytingu, sem sparar stórfé, og þó eigi sé um margar þúsundir að ræða á ári, þá verður féð stórmikið um mörg ár og mig furðar því sannarlega á því, að háttv. 2. kgk. þm.

(H. Sv.) skuli vera að gera gabb að þessari sparnaðarstefnu, og eg álít, að til embættissparnaðar þess, sem hér er um að ræða, verði engin leið farin, sem heppilegri sé en einmitt sú, sem frumv. fer fram á.

Eg veit, að það er í ráði, að milliþinganefnd verði skipuð, til þess að yfirvega ýms kirkjumál, en bæði er það, að hún er ekki enn komin á laggirnar og þar að auki mun verksvið hennar verða nógu stórt, þótt hún hafi eigi þetta mál í ofanálag, og enn fremur er sá ókostur á að fela henni málið til meðferðar, að þingið á þá eftir að athuga gerðir hennar í því, og verður þannig óþarfa dráttur á málinu. Sá dráttur finst mér ónauðsynlegur og ekki réttur, þar sem frumv. er algerlega eftir óskum þjóðarinnar, um leið og það gerir biskupsembættið sjálft miklu háleitara og tilkomumeira. Milliþinganefndin getur haft sitt fulla gildi eins fyrir það, þó hún fjalli ekki um þetta mál að svo komnu; síðar getur og hefir hún leyfi til að stinga upp á breytingu, ef henni þykir þess þörf.

Mér fanst, að háttv. þm. gera ofmikið úr því, að stjórnin hefði eigi skift sér af þessu máli, eða látið það til sín taka. Stjórn vor hefir yfirleitt eigi verið framkvæmdarsöm og af slíkri stjórn getum vér eigi vænzt, að hún taki þvílíkt mál til meðferðar. Ekki er það heldur nein dirfska í því, að hreyfa slíku máli, heldur fer þvert á móti vel á því, að það séu fremur þingm. en útlend stjórn, er fjalli um embættaskipun hér á landi.

Eg verð því að álíta, að frumv. þetta sé alveg réttmætt og sting upp á því, að nefnd verði skipuð í málið, önnur en sú nefnd, er hefir milliþinganefndina til meðferðar, nefnilega 3 manna nefnd.

Valtýr Guðmundsson: Eg leyfi mér að stinga upp á, að málinu verði vísað til kirkjumálanefndarinnar.

Kristján Jónsson: Eg vil gera grein fyrir mínu atkv. í þessu máli. Með því að eg álít frumv. þetta í alla staði óþarft, gagnslaust og ótímabært, þá greiði eg atkv. móti því, og eins mun eg greiða atkv. móti því, að það verði skipuð nefnd í málið. Það liggur nú fyrir oss mikil breyting á embættaskipun hér á landi, niðurlagning margra embætta og stofnun annara nýrra í staðinn, sem alt er afleiðing af stjórnarskipunarbreytingunni. Að koma þessari breytingu sem bezt til vegar og í sem bezt horf, ætti sannarlega að vera nóg hlutverk fyrir þetta þing, án þess að það færi að lögleiða aðrar og nýjar miður þarflegar breytingar á embættaskipaninni þar að auki. Ef vér að eins lítum á sparnaðinn við sameining þessara embætta, þá er hann harla lítill og svo óverulegur, að hann einn getur ekki réttlætt þessa miklu breytingu, sem frumv. fer fram á að gerð sé á gamalli skipan.

Þetta frumv. var öðruvísi, þegar það fyrst var borið upp í Nd., en það nú er; þá átti biskubsembættið að sameinast við, o: ganga upp í eða inn í forstöðumannsembættið við prestaskólann; nú hafa verið höfð hausavíxl á þessu; eftir frumv., eins og það nú er, á forstöðumannsembættið að hverfa inn í biskupsembættið. En eftir báðum frumv. á að hrúga saman 2 embættum, sem hingað til hafa þótt hvort um sig nægilegt embætti fyrir einn mann; bæði embættin eru mikilsverð og merkileg embætti. En óviðkunnanlegt þykir mér það, og gagnstætt er það allri venju, að með lögum þessum er embætti veitt; alþingi gerir sig að veitingarvaldi, og veitir forstöðumanni prestaskólans biskupsembættið. Þetta er áður óheyrt í valdstjórnarsögu vorri. Ekki svo að skilja, að eg hafi hið allra minsta á móti háttv. forstöðumannni prestaskólans, sem nú er, og ann eg honum vel biskupsembættisins, en eg tel þessa aðferð rýrð og lækkun á biskupsembættinu, og því eiri eg illa fyrir mitt leyti. Hvað sem meiningin upprunalega kann að hafa verið með frumv., þá hlýt-

ur það að mínu áliti að kasta skugga á biskupsembættið, og verður alment skilið á þá leið, og það eitt ætti að vera nóg til þess að fella frumv. Þetta er mín skoðun í þessu máli og henni breyti eg ekki, meðan eigi eru sýnd rök fyrir því, að hún sé röng.

Ef vér lítum á biskupsembættið sjálft, þá er það okkar elzta opinbera embætti, nær því jafngamalt kirkjunni íslenzku, stofnað 1054. Síðan hefir það stöðugt haldist og verið í heiðri haft hér á landi og litlar breytingar á því orðið; verulegasta breytingin varð á því við siðabótina, þegar mikið af veraldlegu valdi biskupanna var af þeim tekið, og svo var önnur allveruleg breyting á því, þegar biskupsdæmin fornu um lok 18. aldar voru sameinuð í eitt biskupsdæmi.

En biskupsembættið hefir og aðra helgi en þá, sem aldurinn veitir því, nefnilega, að það hefir verið skipað Íslands ágætustu mönnum um margar aldir; þá þarf eg eigi að telja upp hér, því að sagan er þar órækur vottur, og hún mun að þessu leyti mörgum þingdeildarmönnum fullkunnug.

Eg vil því taka það fram, að eg er á móti þessu frumv. meðal annars af því, að það brýtur bág við fornhelga „tradition".

En jafnframt skal eg geta þess, að eg get eigi skilið það, hvers vegna háttv. þm. Strand. (G. G.) getur haft á móti því, að mál þetta ætti að koma undir meðferð milliþinganefndarinnar í kirkjumálum, sem ráðgert er að skipa; mér þótti mótbárur hans í þessa átt svo léttvægar, að þær gátu eigi sannfært mig.

Þessi nefnd, sem í ráði er að verði skipuð, á að athuga, eins og eg hefi áður tekið fram, ýms kirkjumál.

Eitt atriði, sem hún að sjalfsögðu verður að taka til íhugunar er, hvort greina eigi sundur ríki og kirkju og hvað langt eigi að fara í því efni. Ef það yrði að ráði, yrði biskupsembættið tekið undan umráðum ríkisins og lagt undir kirkjuvaldstjórnina, hvernig sem henni yrði þá hagað, og er því ekkert eðlilegra, en að kirkjumálanefndin taki þessa spurningu í heild sinni til meðferðar.

Eg skal geta þess, að eg hefði líklega getað gengið að því, ef að eins hefði verið farið fram á, að biskupinn tæki að sér forstöðu prestaskólans, án þess að kenslúskylda fylgdi þar með; en þá þyrftu alt að einu að vera tveir guðfræðiskennarar við prestaskólann auk kennarans í heimspeki og þá yrði sparnaðurinn harla lítill, að eins sem svaraði mismuninum á launum forstöðumannsins (lektors), og 1. kennara við skólann.

Því neita eg hreint og beint, — og eg er því alveg eins kunnugur og aðrir þingmenn —, að það sé einróma vilji þjóðarinnar að leggja niður biskupsembættið; örfáar raddir hefi eg heyrt, sem fara í þessa átt, en mest mun sú alda runnin frá einstökum æsingamönnum, borin af þeim inn á þingmálafundi og notuð þar sem kosningaagn, almenningi þar talin trú um, að þetta sé þjóðráð, með þessu sparist peningar o. s. frv. Þannig er mér þessi hreyfing kunn, ef eg á að kalla það hreyfingu, en eg fullyrði, að hún hafi engar rætur fest hjá almenningi.

Eg er þvert á móti viss um, að mikill meiri hluti þjóðarinnar er breytingunni algerlega mótfallinn; þjóð vor er alt of „conservativ" til þess, að geta alt í einu og upp úr þurru orðið meðmælt slíkri byltingu, sem hér er um að ræða.

Hvað viðvíkur létti þeim, sem talað er um í nefndaráliti Nd. að breytingin muni hafa í för með sér fyrir biskupinn, að því er embættisstörf hans snertir, þá verður hann að mínu áliti mjög svo óverulegur; það er lítilfjörlegur skýrslusamningur, sem af biskupnum verður létt og varla nokkuð annað; þó að stiftsyfirvöldin verði afnumin, munu öll þau málefni, sem nú heyra undir þeirra valdsvið, ganga í gegn-

um hendur biskupsins, og hann verður í öllum kirkjulegum málum eftir sem áður milliliðurinn milli klerkastéttarinnar annars vegar og landsstjórnarinnar hins vegar (nú landshöfðingja, en síðar væntanlega stjórnarráðsins). Annars er nefndarálit Nd. og þó einkum sá kafli þess, sem um þetta ræðir, einkennilega grunnur og órökstuddur, og mig furðar á því, ef hann skyldi vera saminn af gömlum biskupsskrifara, manni, sem er alkunnur að greind, gætni og þekkingu, manni, sem eg met og virði mikils í hvívetna.

Hallgrímur Sveinsson: Eg vil svara háttv. þingmanni Strand. fáum orðum. Hann sagði, að niðurlagning biskupsembættisins væri einróma ósk þjóðarinnar, en það hefi eg ekki heyrt. Eg hefi að eins heyrt nokkrar raddir, er ganga í þá átt, en slíkt er alt annað en einróma ósk, og verð eg því að mótmæla þessum orðum háttv. þm., þangað til mér verður færður heim sanninn um hið gagnstæða. Mig furðar á, ef fólk heldur, að þetta embætti megi falla, hvenær sem vera skal. Það væri sannarlega lítil rækt við kirkjuna og „traditiónina“, þar sem biskupsembættið er elzta embætti landsins og hefir að jafnaði verið skipað nýtustu mönnum, sem hafa unnið kirkjunni og þjóðinni mikið gagn og haldið uppi heiðri hennar. En það eru að eins lausar hugmyndir þetta, um niðurlagning biskupsembættisins, er nærri eingöngu heyrast á nokkrum þingmálafundum og í vanhugsuðum blaðagreinum, og eigi hygg eg, að menn alment vilji hrapa að þessu og þó óskin væri einróma, þá ætti samt að íhuga rökin, áður en hrapað væri að uppfyllingu óskarinnar. — Nefndarálit Nd. tekur ekki tillit til ýmissa starfa, er biskupinn hefir. Eg vil nefna til dæmis það, sem nefndarálit Nd. segir um fermingarleyfi barna. Hingað til hefir það verið biskupinn einn, er hefir gefið leyfi til þess að ferma börn, er hafa vantað alt að hálfu ári í lögboðinn fermingaraldur. Þetta vill nú nefndarálitið láta prófastana, eða jafnvel prestana gera. Mig furðar á, að slíkt skuli vera borið fram. Í Danmörku er þetta töluvert merk undanþága, er biskupum einum er leyft að veita. En hér er þetta ekki að eins tekið frá yfirmanni kirkjunnar, heldur er einnig öllu samræmi kastað á glæ í þessu máli. Margar umsóknir eru misjafnlega úr garði gerðar, og mér þykir leitt að þurfa að segja það — það eru jafnvel margir prófastar, er veita meðmæli með umsóknum, er algerlega stríða á móti lögunum. Ætti þá nú að gefa prestum eða próföstum þetta leyfi, mætti búast við, að í stað þess samræmis, er nú á sér stað um þessa undanþágu, kæmu máske 140, eða þá að minsta kosti 18—20 mismunandi meginreglur eftir því, hvort það yrðu prestar eða prófastar, sem það yrði falið að veita þessa undanþágu. — Þótt hér sé ekki um stórvægilegt mál að ræða, þá sýnir það, hve varhugaverðar slíkar breytingar eru.

Háttv. Nd. hefir ekki athugað þetta frv. rækilega, og má þessu til sönnunar nefna t. d., að frv. hefir gengið í gegn um deildina og allar þrjár umræður og nefnd, án þess að leiðrétt væri prentvilla í 2. gr. frv.; þar stendur sem sé „ári“ í staðinn fyrir: á ári. Margt er það fleira, sem þyrfti að athugast. Ekki er heldur allur sparnaður vel rökstuddur. Fyrir einar 4500 kr. á ári á hér að offra embætti, sem er eitt af hinum mestu og vandasömustu embættum í kirkju vorri, í stuttu máli: biskupinn yrði hlaðinn svo mörgum störfum, að hann fengi lítt tíma til að sinna þeim prestaskólinn yrði sviftur helzta kennara sínum og kirkjan misti við þessa samanbræðslu tvo af sínum helztu starfsmönnum og fengi í staðinn einn mann, er yrði svo önnum kafinn, að hann eigi gæti komið að nálægt því fullum notum, og allur sparnaðurinn er einar 4500 kr. á ári og líklega jafnvel minna. Slíkt gjald virðist

mér, satt að segja, nálgast það mjög að verða Júdasargjald.

Eiríkur Briem: Eg vil að eins með fáum orðum láta í ljós mitt álit. Eg er á móti málinu og alveg á sömu skoðun eins og háttv. 2. og 3. kgk. þm. En þar sem það í Nd. er samþykt með miklum atkvæðamun, virðist mér rétt að skipa nefnd í málið, og að hún fengi færi á að koma fram með athugasemdir sínar við það.

Forseti gat þess, að 5 deildarmenn hefðu óskað nafnakalls.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 9 atkv. gegn 2 og sögðu:

já:	*nei:*
Jón Jakobsson,	Hallgr. Sveinsson,
Sigurður Jensson,	Kristján Jónsson.
Eiríkur Briem,	
Guðjón Guðlaugsson,	
Guttormur Vigfússon,	
Jónas Jónassen,	
Júlíus Havsteen,	
Valt. Guðmundssson,	
Þorgr. Þórðarson.	

3 manna nefnd samþ. með 7 : 2 atkv. og hlutu kosningu í nefndina:

Hallgrímur Sveinsson með 8 atkv.

Eiríkur Briem og

Guttormur Vigfússon báðir með 5 atkv., að viðhöfðu hlutkesti milli þeirra og Jóns Jakobssonar, er einnig fekk 5 atkv.

Önnur umr., 14. ágúst (C. bls. 401; n. 605).

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Þar sem háttv. deild hefir fyrir sér nefndarálitið, er engin þörf á mörgum orðum, sérstaklega þar sem hin almenna hlið málsins var rækilega íhugað við 1. umr. Eins og sést af nefndarálitinu, hefir nefnd sú, er háttv. deild skipaði, til að íhuga málið, ekki getað orðið sammála, en skifst í meiri og minni hluta. Álit meiri hlutans er það, að hvorki sé ástæða til, né heldur heppilegt að leiða mál þetta til lykta nú þegar á þessu þingi. Vér höfum leitast við að sýna fram á, að það er blint rent í sjóinn, þegar talað er um, hvernig störfum biskupsins verði varið, þegar hið nýja stjórnarfyrirkomulag er komið á. Þótt stiftsyfirvöldin verði afnumin, er engan veginn þar með gefið, að skrifstofustörf biskupsins falli burtu eða minki til muna; þetta er alveg ómögulegt að segja, fyr en hin nýja stjórn er komin á fót, og þar sem nú embættabreyting sú, er þetta frv. fer fram á, ekki kemst á, fyr en annaðhvort biskups- eða lektorsembættið losnar, virtist meiri hluta nefndarinnar alls engin ástæða til að hrapa nú þegar á þessu þingi að því að samþykkja þetta frv., sérstaklega þar sem ráð er fyrir gert, að föst skipun verði komin á hina nýju stjórn eftir rúmt ár. Auk þess hefir þetta þing til meðferðar frv. um skipun millibinganefndar til að íhuga kirkjumál landsins, og ætti sú nefnd einnig að fá þetta mál til íhugunar.

Auk þess eru, eins og eg benti á við 1. umr. þessa máls, ýmsir stórir gallar á frv. sjálfu. Hér er farið fram á að sameina tvö næsta ólík embætti. Það er engan veginn gefið, að forstöðumaður prestaskólans, þó hann að sjálfsögðu væri fær guðfræðingur, hefði að sama skapi skilyrði til þess að takast á hendur biskupsstöðu, því það er mjög óvíst, að hæfilegleikar manna gangi bæði í vísindalega og verklega átt. Enn fremur er bent á það í nefndaráliti meiri hlutans, að til mála gæti komið og kemur að líkindum til mála að breyta aðferðinni við veitingu biskupsembættisins, sem sé með því að taka upp gamla formið, að gefa þessa veitingu á vald andlegu stéttarinnar, eða að minsta kosti að gefa henni atkvæðisrétt við þessa veitingu, en ef frv. yrði að lögum, mundi það leggja band á þetta hvorttveggja. Yfir höfuð að tala getur skipun kirkjumála stórum breyzt og breytist að líkindum á stuttum tíma, og verður þá ekki

rétt að leiða þetta mál til lykta. Enn fremur má geta þess, að sparnaðurinn við þessa embættasamsteypu mundi bæði verða lítill og óviss. Sumir halda jafnvel, að nauðsyn mundi bera til að bæta 1 eða 2 þúsund kr. launum við embættið og þar að auki að hækka skrifstofufé, og yrði þá sparnaðurinn og það, sem ynnist við þessa breytingu, æði lítið. Af þessum ástæðum leggur meiri hluti nefndarinnar það til, að í stað frv. verði samþykt rökstudd dagskrá, er hann ætlast til að verði borin upp, þegar umræðunni að þessu sinni verður lokið.

Eg vil ekki að þessu sinni tala um álit minni hlutans; eg býst við, að hinn háttv. nefndarmaður, sem hér á hlut að máli, muni sjálfur taka til máls. Að eins vil eg geta þess, að meiri hlutinn fær ekki séð, að ástæður minni hlutans séu á rökum bygðar. Það er auðvitað, að þegar lög eru samin, verður maður að ganga út frá því ástandi, sem er; en þegar þetta ástand vitanlega ekki stendur nema rúmt ár, er nokkuð öðru máli að gegna. Þá er sjálfsagt að bíða eftir hinu nýja fyrirkomulagi, og sjá svo, hvað hægt er að gera. Minni hlutinn segir, að óvíst sé, hvaða afdrif tillagan um milliþinganefnd í kirkjumálum fái í háttv. Nd. Það er alveg satt; það er óvíst, en álit meiri hlutans segir: „ef sú nefnd kemst á“, en annars gerum við fullkomlega ráð fyrir því, að nefndin verði skipuð; allir kannast við, að svo búið megi ekki standa með kirkjumálin og að breyta þurfi því ástandi sem nú er, og er það mjög ósennilegt að háttv. Nd. sjái annað betra ráð til þess en að skipa milliþinganefnd, og er þá enginn annar vegur en að samþykkja till., því eitthvað verður þó að gera.

Guttormur Vigfússon: Eins og nefndarálitið ber með sér, hefi eg ekki getað fallist á tillögur háttv. meiri hluta, og ber þar fleira en eitt til. Það, sem álit meiri hlutans fyrst og fremst byggir á, er milliþinganefndin í kirkjumálum, en þar til er að segja, að það er óvíst, hvort sú nefnd verður skipuð, og þó hún verði skipuð, er það mjög óvíst, að hún geti lokið störfum sínum til næsta þings, og mundi þá ekki þetta komast á, fyr en eftir mörg ár. Það, sem vakir fyrir mér, er að réttara sé, af því margt er svo fallvalt og breytilegt í heiminum, að samþykkja frv. strax, því ef annaðhvort biskups- eða forstöðumannsembættið losnaði, áður en þessi lög eru komin á, mundu þau verða skipuð aftur, ef til vill ungum mönnum, og þyrfti þá um langan aldur að borga þeim fyrst laun og síðan eftirlaun. Meiri hlutinn lagði mikla áherzlu á það, að óvíst væri, að sami maðurinn hefði hæfilegleika til þess að gegna bæði biskups- og kenslustörfum. Mér dettur ekki í hug að leitast við að hrekja þær ástæður, er meiri hlutinn færði fyrir þessu, en eg get þó ekki skilið annað, en að hér sé um þau embætti að ræða, er vel megi sameina. Forstöðumaður prestaskólans mun þurfa að vera lærður guðfræðingur, og sömu kröfu mundu menn helzt gera til biskupsins. Enn fremur þarf sá, sem er skólaforstöðumaður, að vera laginn á að stjórna, og það hygg eg líka, að biskupinn þurfi að vera. Hvað þá mótbáru snertir, að til þess geti komið, að biskup verði kosinn af prestunum, þá hygg eg, að hér sé um fyrirkomulag að ræða, sem ekki mun geta komist að, meðan ríki og kirkja eru sameinuð. Yrði þar á móti gerður aðskilnaður ríkis og kirkju, mundi þetta breytast. Þá yrði biskupsembættið að sjálfsögðu lagt niður; en í þess stað kæmi formaður kirkjufélagsins eða þeirra kirkjufélaga, er myndast kynnu. Háttv. framsm. meiri hlutans sagði, að sparnaðurinn við þessa samsteypu yrði næsta lítill; það er að vísu satt, en eins og menn bera sig nú yfir fjárhagnum, má þakka fyrir hvert þúsundið, sem vinst, öllum að skaðlausu, og það virðist bæði mér og

öðrum að sé við þetta frumvarp. Ástæðurnar fyrir því eru svo ljóslega teknar fram í nefndaráliti háttv. Nd., að hér er engin þörf að því, er mér virðist, að fara fleiri orðum um það.

Júlíus Havsteen: Eg stend að eins upp, til þess að gera grein fyrir minu atkvæði í þessu máli. Frv. þetta virðist vera sprottið af sparnaðarástæðum og það er að vísu satt að „sparnaður góður allur er“ og sérstaklega nú á þessum síðustu tímum, þegar tekjuhalli landsjóðs fer vaxandi ár frá ári, en sparnaðurinn verður þó að hafa sín takmörk og það er mín skoðun, að hann fari hér sannarlega of langt. Hér er ekki spursmál um það að nafninu til að leggja niður þýðingarmikið embætti, heldur að steypa því saman við annað embætti, sem einnig er mjög þýðingarmikið.

Í margra augum er það starf, sem forstöðumaður prestaskólans hefir með höndum, ekki umfangsmikið né erfitt, af því að hann hefir ekki nema svo og svo marga kenslutíma á viku, en allir, sem vit hafa á, munu þó verða að kannast við, að það embætti er ábyrgðar- og vandamikið og að vinna forstöðumannsins og fyrirhöfn er eigi eingöngu fólgin í sjálfri kenslunni á skólanum. Við þessu embætti á næsti biskup að taka auk síns embættis, og færa niður skrifstofufé hans. Forstöðumannsembætti prestaskólans fylgja nú 4000 kr. laun, en laun næsta biskups eiga að verða 5000 kr.; er þetta samlagt 9000 kr., en laun biskups eiga eftir sem áður að vera 5000 kr., með 500 kr. frádrætti í skrifstofufé. Að vísu verður nokkurum störfum létt af biskupi við stjórnarbreytinguna, en þau störf samsvara alls eigi þeim störfum, sem verða bætt á hann. Eg get ómögulega verið með þessu, og get eg alls eigi fylgt frv., nema launin verði látin vera 7000 kr. að minsta kosti og skrifstofufé óskert.

Að því er snertir þá hæfilegleika, sem útheimtast til að gegna embætti bæði biskupsins og forstöðumanns prestaskólans, þá ímynda eg mér, að finna megi þá menn, sem séu svo fjölhæfir, að þeir geti veitt báðum þeim embættum forstöðu, þó við kannske höfum ekki völ á öðrum eins mönnum, eins og Gizuri Ísleifssyni, sem Haraldur konungur sagði um, að gera mætti af þrjá menn; hann mætti vera víkingahöfðingi, og væri til þess vel fenginn; hann mætti vera konungur af skaplyndi sínu, og væri þar vel fengið; svo mætti hann vera biskup, og væri bezt til þess fallinn.

Samt sem áður eru nokkurir annmarkar á sameining embætta þessara, einmitt af þessari sök, að embættin eru mjög ólík. Eg verð líka að játa það, að eg kann illa við þessa sameiningu; það er eitthvað óviðfeldið við hana; samt skyldi eg eigi láta þessar persónulegu tilfinningar mínar vera því til fyrirstöðu, að eg yrði með frumv., ef laun hins nýja embættis væru, svo sem eg vildi hafa þau.

Jón Jakobsson: Eg skal ekki lengja umræðurnar að neinum mun, en að eins leyfa mér að gera stuttlega grein fyrir atkvæði mínu. Reyndar var atkv. mitt ákveðið, áður en eg kom á þingið, því að á kjörfundi á Sveinsstöðum í vor, kom fram fyrirspurn um það, hvernig eg mundi gefa atkv., ef farið væri fram á að leggja niður biskupsembættið á þessu kjörtímabili, og svaraði eg fyrirspurninni þannig, að eg mundi verða því fylgjandi, að það yrði lagt niður. Síðan hefir nú komið fram önnur till., sem sé sú, að halda að vísu embættinu, en sameina það forstöðumannsembættinu við prestaskólann, og sé eg ekki betur, en að sú leið sé í alla staði viðunandi, því mér finst enginn hlutur eðlilegri, en að sá maður, sem hefir

þann starfa á hendi að undirbúa prestaefni undir lífsstöðuna, að hann síðar verði oddviti þeirra í lífinu.

Annars finn eg ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, því að nefndarálit Nd., sem skrifað er af fyrverandi amanuensis á biskupskontórnum og því hlýtur að vera störfum þess embættis mjög kunnur, er svo ítarlega skrifað, að eg býst ekki við að geta þar við neinu bætt. Að eins vil eg taka það fram, að mér finst óeðlilegt að vísa þessu máli til nefndar, sem enn þá ekki er skipuð og mikil tvísýna er á, hvort nokkuru sinni verður sett eftir því, sem eg hefi heyrt, síðan eg kom á fund í dag. Eg vil því leyfa mér að stinga upp á, að málið verði tekið út af dagskrá, þar til séð er fyrir endann á því, hvernig fer um þá nefnd í háttv. Nd.

Till. feld með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Jón Jakobsson,	Sigurður Jensson,
Guðjón Guðlaugsson,	Eiríkur Briem,
Guttormur Vigfúss.,	Hallgr. Sveinsson,
Jónas Jónassen,	Júlíus Havsteen,
Þorgr. Þórðarson,	Kristján Jónsson,
	Valtýr Guðmundsson.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Eg vildi leyfa mér að svara aths. minni hlutans með nokkurum orðum.

Hann var að tala um „fallvaltleika heimsins“, en eg hélt heldur, að hann mundi álíta mennina fallvalta, en heiminn nokkurn veginn staðgóðan. Eg skildi annars mikið vel, hvað hann fór; hann var alt af að fara kring um það, að biskup eða forstöðumaður prestaskólans mundi ef til vill bráðlega falla frá, en hann klæddi það í þetta form; það er auðvitað ekki hægt að spá neinu um það, hversu endingargóðir þessir menn muni verða, þeir geta auðvitað fallið bráðlega frá, en það getur líka verið, að þeir endist enn þá nokkuru tíma. En sú nauðsyn, sem hér virðist vera orðin svo brýn, hefir þá líka staðið um hálfa öld, og eg skil ekki í, hvernig hún nú alt í einu er orðin svo bráð, að það er eins og hundrað sé í hættunni, ef biskupsembættið eða forstöðumannsembættið sé ekki nú þegar afnumið. Eg fyrir mitt leyti skil ekki, hvaða bráða nauðsyn ber til þess nú, og mér finst þetta frumv. komi eins og nokkuð úr sauðarleggnum. Þar sem háttv. minni hluti gat þess, að hann eigi bæri skyn á, hvaða hæfilegleika þyrfti til að veita þessum embættum forstöðu, en gerði sér hins vegar í hugarlund, að báðir mundu verða að vera lærðir menn, þá er það að vísu rétt, en á hinn bóginn vil eg benda á, að það er alment álit, svo alment, að það er jafnvel að máltæki haft, að prófessorar eða þeir er leggja stund á vísindi, séu stundum svo fyrir utan heiminn, að þeir naumast viti, hvað fram fer í kring um sig; þannig eru til sögur um það, að prófessorar hafi komið heim til sín að sínum eigin dyrum, séð nafnaspjald sitt á dyrunum og horfið aftur, af því þeir hafi á því séð, að prófessorinn ekki væri heima á þessum tíma; slíkar og þvílíkar skrítlur eru ótalmargar til, og það er alment máltæki, að prófessorar séu ófærir eða miður færir til allrar stjórnar og verklegra framkvæmda, eða svo er alment álit erlendis, og þetta mundi þar verða álitinn stór agnúi á sameiningunni. Eg segi ekki, að allir prófessorar séu með þessu marki brendir, eða að slíkt eigi sér hér stað; en eg bendi á þetta sem dæmi til þess, að verulegir agnúar geti verið á hinni umræddu sameiningu.

Háttv. minni hluti talaði einnig um, að ef að það sýndi sig síðar, að þessi breyting yrði eigi sem heppilegust, þá væri hægt að breyta því aftur. Það er að vísu satt, að það má breyta, en eg sé ekki betur, en að það sé enn þá hægra að gera að svo stöddu enga breytingu, heldur láta embættið standa óbreytt, þang-

að til útséð er um breyting kirkjumála framvegis; þetta er því að mínu áliti engin ástæða.

Eins og háttv. 1. kgk. þm. (Júl. H.) benti á, þá er sparnaðurinn, sem þetta hefir í för með sér, fremur lítill, og þegar litið er á samanburð þann, sem framsm. fjárlaganefndarinnar í Nd. gerði fyrir skemstu á fjárveitingum til hinna ýmsu greina um síðastl. 20 ár, þá sér maður, að þar sem útgjöldin til annara greina hafa 2 og 4 faldast eða meira á því tímabili, þá hefir fjárveitingin til andlegu stéttarinnar staðið sem næst í stað. Mér virðist því að segja megi, að það sé ráðist á garðinn, þar sem hann er lægstur, þegar nú á að fara að klípa af þessari fjárveitingu, sem alls ekki hefir fært sig upp á skaftið í 20 ár. Auk þess skal eg taka það fram, að hér ræðir um að sameina embætti, sem bæði eru einstök í sinni röð hér á landi; það er ekki því að fagna hér, sem á sér stað í flestum öðrum löndum, að til séu fleiri biskupar, ef svo væri, væri öðru máli að gegna. Nei, sannleikurinn er sá, að menn eru sólgnir að slátra öðru þessara embætta eða báðum og láta það heita svo, sem um sameiningu sé að ræða.

Viðvíkjandi því, er 2. þm. Húnv. (J. Jak.) tók fram, að atkv. hans hefði verið bundið þegar, áður en hann kom á þing, til þess að styðja að því, að biskupsembættið yrði lagt niður, ef sú till. kæmi fram, hvað þá heldur að sameina þessi embætti, þá skal eg taka það fram, viðvíkjandi því, sem sagt var af öðrum þm. við 1. umr., að niðurlagning biskupsembættisins væri einróma vilji eða krafa almennings, þá leyfi eg mér að mótmæla því, að slíkt sé rétt hermt; til þess að sannfæra sig um það, þarf ekki að fara lengra en til seinustu synodusar; því var þar einróma lýst yfir, að það væri sú fjarstæða, sem eigi gæti komið til greina, að leggja niður biskupsembættið. Menn kunna að vísu að segja, að synodus sýni eigi vilja nema að eins lítils hluta af landinu, og hefir það að vísu nokkuð til síns máls, en á hinn bóginn verður aldrei sagt, að það sé einróma vilji, þar sem menn sitja þó á synodus bæði úr Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu og Gullbr.- og Kjósarsýslu og jafnvel víðar að, og fulltrúar þessara sýslna hafa einróma lýst því yfir, að það væri fjarstæða að leggja biskupsembættið niður.

Eg held, að úr þessu sé gert miklu meira, en í raun og veru er vert. Eg held miklu nær sanni sé að segja, að það séu vissir einsakir menn, sem sí og æ eru að klifa á því, og vilja telja mönnum trú um, að embættismannastéttin sé hin óþarfasta og skaðlegasta í mannfélaginu, séu hinir verstu landsómagar, eins og komist er að orði. Frá sjónarmiði þessara manna virðist réttast að reka alla embættismenn sem bráðast af höndum sér, til þess að blessuðu þjóðfélaginu geti farnast vel og það þurfi ekki lengur að ala þessa slæmu og skaðlegu menn, sem ekki gera neitt gagn.

Eg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en leyfi mér að fela það deildinni til sem heppilegastra úrslita, og mæla með, að hún samþ. rökstuddu dagskrá meiri hluta nefndarinnar.

Guttormur Vigfússon: Ræða háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) gladdi mig stórlega. Mér þótti mikið í það varið, að einmitt sá maður, sem hlýtur að vera öllum þeim störfum gagnkunnur, sem undir biskupsembættið lúta, skyldi vera mér samdóma. Eg segi samdóma, því okkur skilur ekki annað en launaspursmálið. Í aðalefninu er hann á sama máli og eg, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að sameina þessi 2 embætti, ef hið nýja embætti verður nógu hátt launað. Eg skal nú ekki segja, hvað eg kynni að hafa gert, ef hann hefði komið með breyt.till. í þá átt að

hækka launin; það gat hugsast, að eg hefði orðið henni fylgjandi, en sjálfur sé eg enga ástæðu til þess, að koma fram með hana, því eg álít, að þessi laun séu hæfileg og fæstum mun blandast hugur um, að 5000 kr. séu sómasamleg laun hér á landi, og borið saman við æðsta embætti landsins, ráðgjafaembættið, virðast þessi laun í góðu l[illegible]. Á hina hliðina get eg ekki gert mér ljóst, hvort skrifstofufé, 500 kr., er nægjanlegt, en reynist það ekki nóg, þá mun enginn vandi að fá bætt við það síðar. Annars get eg að þessu leyti borið það fyrir mig, að þeir menn, sem kunnugastir eru önnum þessa embættis, hafa sagt mér, að skrifstofustörf við þetta embætti hljóti að verða mjög létt og fyrirhafnarlítil, og að 500 kr. muni nægjanlegt skrifstofufé. En vilji háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) koma fram með breyt.till. í þá átt, að hækka launin, mun eg hugsa mig tvisvar um, áður en eg verð á móti þeirri till., ef hún eigi fer alt of langt í því, að hækka launin.

Háttv. framsm. meiri hlutans (H. Sv.) lagði mikla áherzlu á að leika í þeim orðum, sem eg viðhafði, er eg sagði að heimurinn væri fallvaltur. Honum er sá leikur ekki of góður, en eg held, að eg hafi tekið nægjanlega skýrt fram, hvað eg meinti, og eg býst við, að háttv. framsm. hafi skilist full vel, að eg var ekki hræddur um, að heimurinn mundi hrapa vegna þessa frumv. Eg hygg, að hann þekki þau orðtök, sem alment eru viðhöfð, ekki sízt af stólnum, að heimurinn sé vondur, breiskur o. s. frv. og mun fæstum blandast hugur um, hvað með því er meint.

Viðvíkjandi því, að nú beri nauðsyn til þess að hraða þessu máli, má ýmislegt segja, en eg skal taka það fram, að þetta mál er ekki eins nýtt og háttv. framsm. meiri hlutans (H. Sv.) vill láta í veðri vaka, því það eru mörg ár síðan hreifing komst á í þá átt, að leggja þetta embætti alveg niður, og byggist sú skoðun á því, að það er alment álit manna, að þetta embætti hafi nú tapað því mesta af sínum forna glans og sé hreint og beint orðið óþarft, en á hina hliðina er talsverður sparnaður að því að leggja það niður, og hvað sem hver segir, þá er það áreiðanlega víst, að alþýðu finst fyllilega nauðsyn á að spara fé landsins, þar sem það er hægt fyrir almennings gagn. Þeir finna ef til vill eigi eins til þessarar nauðsynar, sem ekki þekkja, hvar skórinn kreppir að; því er það, að þegar um það er að ræða, að spara eitthvað dálitið á launum embættismanna, þá heyrast svo margar raddir um, að allur sparnaður sé óframkvæmanlegur.

Háttv. framsm. (H. Sv.) var að reyna að sýna fram á, að lærdómur og stjórnsemi færi eigi ávalt saman og vitnaði þar til prófessoranna við ýmsa háskóla. Þetta kann satt að vera. En eg verð nú sem fyr, að halda því fram, að þessir 2 eiginlegleikar séu þau tvö aðalskilyrði, sem fyrst og fremst verður að taka tillit til við skipun forstöðumannsembættis prestaskólans, eins og allra annara skóla.

Júlíus Havsteen: Eg vildi að eins gera ofurlitla athugasemd við ræðu háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.). Mér fanst hann of fljótur til þess, að taka mig til inntekta fyrir þessari breytingu. Eg sagði, að ef til vill gæti eg verið með sameiningu embættanna, svo framarlega sem launin yrðu að minsta kosti 7000 kr., en eg tók það fram, að eg ætlaði ekki að koma með neina breyt.till. í þá átt. Hvað hinu viðvíkur, að leggja biskupsembættið niður, sem háttv. ræðumaður mintist á, þá álít eg það ómögulegt, meðan hin evangeliska lúterska kirkja er þjóðkirkja hér á landi.

Valtýr Guðmundsson: Mér finst nefndin í þessu máli hafa komist að heppilegri niðurstöðu, því þótt margir hafi þá skoðun, og eg sé einn meðal þeirra,

að það beri að fækka embættismönnum hér á landi sem mest, og að það megi sameina þessi 2 embætti, eins og t. a. m. landlæknisembættið er sameinað forstöðumannsembættinu við læknaskólann, þá finst mér óviðkunnanlegt að gera það, án þess að leita álits kirkjunnar á því máli, sérstaklega þegar svo stendur á, að það er í ráði, að skipa nefnd til þess, að íhuga kirkjumál landsins. Sú nefnd gæti komist að þeirri niðurstöðu, að það sé heppilegt að sameina embættin og þá verður það sjálfsagt gert, en álíti hún það óheppilegt, þá er ilt að vera búinn að breyta þessu. En setjum svo, að nefndin ráði til þess, að gerður sé aðskilnaður ríkis og kirkju, þá er sjálfgert að leggja embættið niður sem konunglegt embætti, því þá er það ríkinu óviðkomandi. Eg álít því niðurstöðu nefndarinnar, að vísa málinu til hinnar væntanlegu kirkjumálanefndar, mjög heppilega. Því hefir verið fleygt hér í deildinni, að það væri óvíst, hvort Nd. mundi samþ. það, að nefndin yrði skipuð, en eg er öldungis óhræddur við þessa fregn, því að eg er viss um, að hún er ósönn; sönnunin fyrir því, að svo sé, er sú, að í stefnuskrá annars flokksins í fyrra stóð „hagkvæmari skipun kirkjumála“ og mótflokkurinn aðhyltist hana í öllum greinum. Nú eru sömu flokkarnir á þingi, og mér virðist því Nd. vera fyrirfram bundin til þess að samþ., að nefndin sé skipuð.

Sumir eru hræddir um, að embættið kunni að losna; það getur auðvitað komið fyrir, en þá ber eg það traust til stjórnarinnar, að hún dragi að veita embættið, því það mælir tvent með því, 1. það, að Nd. alþingis hefir sýnt, að hún vill láta sameina þessi 2 embætti, og í öðru lagi það, að kirkjumálanefndin er að íhuga, hvort það sé heppilegt eða ekki.

Eg sé því ekki, að það sé að neinu leyti hættulegt, þótt málið bíði. Þótt kirkjumálanefndin kunni að verða lengi að sínu starfi, þá getur hún látið uppi álit sitt um þetta mál, áður en hún hefir lokið störfum sínum. Eg greiði því atkv. með hinni rökstuddu dagskrá, en þar með er ekki sagt, að eg verði á móti þessari sameiningu á sínum tíma.

ATKV.GR.: Rökstudd dagskrá á þskj. 463 samþ. með 7 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Sigurður Jensson,	Jón Jakobsson,
Eiríkur Briem,	Guðjón Guðlaugsson,
Hallgr. Sveinsson,	Gutt. Vigfússon,
Júlíus Havsteen,	Jónas Jónassen.
Kristján Jónsson,	
Valtýr Guðmundsson,	
Þorgr. Þórðarson.	

Og var frv. þar með fallið.

Árgjald af Prestsbakka.

FRUMVARP til laga um breytingu á 3. gr. laga 2. nóv. 1885 um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla; 1. umr., 4. júli (C bls. 144).

Landshöfðingi: Frumv. það, sem hér liggur fyrir, er enginn nýr gestur; það hefir áður legið fyrir þinginu og var þá samþ. hér í deildinni með miklum meiri hluta atkv., en þá tókst svo illa til, að Nd. feldi frumv. frá 2. umr., umræðulaust. Eg vona, að þessi háttv. deild líti nú sömu augum á málið og áður, enda sýna líka ástæður þær, sem stjórnin hefir fært fyrir því í athugasemdunum við frumv., að þessi eftirgjöf er á rökum bygð.

Eg fyrir mitt leyti hefi megna óbeit á öllum árlegum afgjöldum af prestaköllum og álít, að þau ættu helzt ekki að eiga sér stað, en hins vegar skal eg taka það fram, að af öllum slíkum árgjöldum þekki eg ekkert, sem er jafnósanngjarnt, og einmitt þetta. Eg vona, að háttv. deild taki eins vel undir þetta frumv. og hún gerði síðast og samþ. það, eins og eg líka óska

og vona, að háttv. Nd. veiti því betri viðtökur en síðast.

Guðjón Guðlaugsson: Þetta frumv., sem nú liggur fyrir háttv. deild, var fyrir þinginu sumarið 1901 og fekk þá góðar undirtektir í þessari deild, en því miður voru viðtökurnar eigi slíkar í háttv. Nd., er feldi frumv. frá 2. umr. Eg fyrir mitt leyti er mjög þakklátur stjórninni fyrir, að hún hefir tekið að sér þetta mál og lagt það fyrir þingið enn á ný, enda hefir í athugasemdum sínum við frumv. gert rækilega grein fyrir þeim ástæðum, sem fyrir hendi eru, og hirði eg ekki að fara frekar út í þær. Að eins vil eg leyfa mér að bæta við einni ástæðu, sem mér er kunn og sem eg hygg að hafa ætti þýðingu fyrir málið. Þessi ástæða er sú, að æðarvarpið á prestssetrinu, sem til skamms tíma hefir verið stór tekjugrein prestakallsins, eða stærsta tekjugrein þess, nú sem stendur er nálega eyðilagt. Ísinn í fyrra drap fuglinn svo, að hann lá hrönnum saman dauður í vökunum, en við það minkaði dúntekjan svo mjög, að það er óhætt að fullyrða, að prestur eigi fær meira en $^1/_6$ af dún móts við það, sem hann áður hefir fengið. Þetta eru ófyrirsjáanlegar ástæður, sem alt af geta að borið, en sem rýra tekjur brauðsins mjög mikið. Auðvitað getur þetta batnað aftur, og batnar eðlilega, ef sama kemur ekki fyrir bráðlega, en það tekur langan tíma, og eg þori að fullyrða, að sá skaði, sem á er orðinn, hefir í för með sér, að tekjur brauðsins lækka mjög mikið um mörg ár.

Hallgrímur Sveinsson: Eg hefi engu nýju að bæta við þær ástæður, sem stjórnin, hæstv. landsh. og síðasti ræðumaður., háttv. þm. Strand. (G. G.), taldi þessu frumv, til ágætis. Allar þessar ástæður lúta að því, að taka frumv. til greina og af því það er svo stutt og einfalt, að það er hægt að athuga það og hafa yfirlit yfir það á skömmum tíma, þá sé eg enga ástæðu til að stinga upp á því, að það sé sett í nefnd.

Eg vil líka leyfa mér að vona, að hv. Nd. athugi þetta mál betur nú en hún gerði síðast, er það var fyrir þinginu, því eins og hæstv. landsh. tók fram, var frv. felt þar umræðulaust frá 2. umr., en það gefur að skilja, að þegar frumv. hvorki er sett í nefnd, né heldur rætt í deildinni, þá getur það naumast verið svo athugað, sem æskilegt væri.

Að endingu vil eg óska þess, að frumv. megi byrja vel gegn um báðar deildir hins háa þings og að því ödlist samþ. þess.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 8. júlí (C bls. 144).

ATKV.GR.: Meginmál frumv. samþ með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. með 10 shlj. atkv.

Vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Þriðja umr., 10. júlí (C bls. 144).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ með 9 shlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Utanþjóðkirkjumenn.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 4, 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn; 1. umr., 29. júlí (C bls. 354).

Guttormur Vigfússon: Eg skal leyfa mér að stinga upp á því, að 3 manna nefnd verði skipuð, til að íhuga þetta mál að lokinni þessari 1. umr. um það.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í hlj.

3 manna nefnd samþ. með 7 atkv. og hana kosnir:

Eiríkur Briem	með 8 atkv.
Guttormur Vigfússon	— 8 —
Sigurður Jensson	— 4 —

Önnur umr., 11. ágúst (C bls. 354; n. 523).

Framsögumaður (Sigurður Jensson): Eins og háttv. deild sér, hefir nefndin lagt til, að gerðar verði nokkurar breytingar á þessu frumv. Hún sá sér ekki fært að leggja til, að 3. gr. frv. væri sþ., eins og hún liggur fyrir, þar sem þar er ekki gert ráð fyrir að bæta þurfi upp þann tekjuhalla, sem prestar og kirkjur verða fyrir, ef frumv. kemur til framkvæmda.

Úr því utanþjóðkirkjumönnum er veitt undanþága frá þessum gjöldum, þá verður þingið að gera ráð fyrir, að til þess komi, að lögin verði notuð; en komi til þess, þá sýnist líka nauðsynlegt að bæta upp tekjuhallann eða gera einhverjar breytingar á fyrirkomulagi þjóðkirkjunnar. Það er nú raunar auðséð á þessu frumv., að það er tilbúið að eins fyrir einn einasta söfnuð, því allar greinar frumv. miða við utanþjóðkirkjusöfnuðinn í Rvík. Nefndinni fanst því ástæða til, að taka það til athugunar, hvernig ástatt er fyrir þessum söfnuði, og er það svo, að hann hefir með miklum dugnaði og ærnu fé reist sér kirkju, og að mikil gjöld hljóta að hvíla á söfnuðinum fyrir þá skuld. Fanst nefndinni, að taka yrði þetta að einhverju leyti til greina, því að það er óneitanlega hart fyrir þennan söfnuð að verða jafnframt að borga til annarar kirkju. Aðalástæðan til þess, að nefndin vildi reyna að gera undantekningu, hvað þessum söfnuði viðvíkur, var þó sú, að hann með því að reisa sér sjálfur kirkju hefir létt á því opinbera þeim kostnaði, sem það annars hefði orðið að bera. Það er öllum kunnugt, að dómkirkjan í Reykjavík er alveg ófullnægjandi eftir þeim mannfjölda, sem nú er orðinn í bænum, og landssjóður hefði því orðið að stækka kirkjuna innan skamms. Það er sér í lagi af þessari ástæðu, að nefndin vildi haga 3. frv. gr. þannig, að söfnuðinum í Rvík yrði veitt undanþága frá þessum gjöldum, og fer því brt. hennar í þá átt.

Hún fer þess á flot, að undanþága frá fasteignartíund og kirkjugjaldi af húsum til kirkna sé veitt, þegar kirkjurnar eru landssjóðs eign, og söfnuðurinn hefir virkilega bygt kirkju, sem að áliti kirkjustjórnarinnar sé sómasamleg, því að hafi söfnuðurinn ekki reist sér neina kirkju, þá virðist ekki nein ástæða til, að undanskilja hann frá þessu gjaldi.

Hvað síðustu breytingartill. nefndarinnar viðvíkur, skal eg geta þess, að nefndin áleit það vera eðlilegt og sanngjarnt, að þeir prestar, sem hafa fengið embætti áður en lögin hafa öðlast gildi, fái endurgoldinn þann tekjuhalla, sem þeir bíða við framkvæmd laganna.

Annars álít eg, að þetta nefndarálit sé svo greinilegt, að það þurfi ekki frekari skýringar við.

Kristján Jónsson: Þegar þetta frumv. kom fyrst fyrir Nd. alþ., þá var það að eins í tveimur greinum, nefnil. sömu gr. og 1. og 2. gr. nú er, og við þessar 2 gr. var ekkert verulegt að athuga. Eg hefði heldur eigi tekið til máls, ef 3. gr. hefði ekki verið bætt við frumv., en eg álít, að hún hafi inni að halda ákvæði, sem að ýmsu leyti er varhugavert.

Eg skal nú strax taka það fram, að eg fyrir mitt leyti hefi alls eigi verið hlyntur þeirri fríkirkjuhreyfingu, sem átt hefir sér stað hér á landi, ekki af því að eg sé á móti þeirri hreyfingu alment, heldur af hinu, að hún hefir ekki við neitt að styðjast hér, þar sem enginn trúarbragðaskoðanamunur er; þar er enginn sannur grundvöllur fyrir fríkirkjuhreyfingunni; hún er þá sprottin af alt öðrum hvötum en þeim, sem hún á að spretta; enda er það kunnugt, að hér er hún sprottin af ýmsum ástæðum, er eg ekki hirði um að nefna nú; sumar hverjar eru þess eðlis, að þær þola miður vel að koma fram í dagsbirtuna.

Það er einkanlega eitt atriði, sem eg vil minnast hér á, og sem aðallega er þess valdandi, að eg verð á móti 3. gr. þessa frumv., jafnvel þó að henni verði breytt, eins og nefndin fer fram á.

Ef tillaga nefndarinnar verður að lögum, verður afleiðingin sú, að miklar tekjur verða teknar frá dómkirkjunni í Rvík og gefnar til fríkirkjusafnaðarins; það er því minni ástæða til þess að veita gjöf þessa, þegar það er athugað, að þessi söfnuður hefir stofnast, án þess að hann hafi getað gert sér nokkura von um að losna við þessi gjöld; en jafnframt skal eg geta þess, að dómkirkjan er engan veginn í því standi, er hún ætti að vera, og mun brátt reka að því, að það þurfi bæði að stækka hana og gera við hana yfirleitt. Hún má því alls ekki við því, og eg álít það ekki rétt, þegar svona stendur á, að rýra tekjur hennar og svifta hana miklum hluta af einni af aðaltekjugreinunum.

Eg get heldur ekki séð það, að sú ástæða, sem framsm. lagði mesta áherzlu á, eigi að hafa nokkura þýðingu fyrir úrslit málsins, því þó að margir menn hafi gengið í fríkirkjusöfnuðinn úr þjóðkirkjunni, þá er þó óhætt að fullyrða, að þjóðkirkjusöfnuðurinn hér telur yfir 5000 meðlimi. Það er því eftir sem áður full þörf á að stækka kirkjuna, með því að hún rúmar ekki vel fleiri en 800—1000 manns, og að það ekki hefir verið gert, er að eins skyldurækt arleysi fjárveitingarvaldsins, landsstjórnarinnar, að kenna. Verði þessi tekjugrein tekin af kirkjunni, þá er það víst, að landssjóður mun verða tregari til að gera skyldu sína, þá, að leggja fram fé til að bæta kirkjuna og stækka. Það er að vísu enginn efi á því, að landssjóður er skyldur til þess að sjá söfnuðinum fyrir nægilega stórri kirkju, og halda henni í sæmilegu standi, svo og að sjá landinu fyrir dómkirkju, og þessi skylda er svo augljós og vafalaus, að söfnuðurinn getur, hvenær sem er, fengið landsstjórnina fyrir landssjóðs hönd dæmda til þessa, þótt hann enn hafi kynokað sér við því að fara í svofelt mál, og ef til vill sé ófús til þess, — um það get eg ekkert sagt með vissu, — en þá fyrst, er landssjóðurinn hefir uppfylt þessa skyldu sína, er von um það, að söfnuðurinn fáist til að taka að sér kirkjuna og standa straum af henni framvegis. En það er engin von til þess, að söfnuðurinn fari að taka að sér gamla, hrörnaða og of litla kirkju.

Eg skal ekki að þessu sinni lengja umræðurnar, en vil að eins taka það fram skýlaust, að því verður ekki neitað, að ef þessi breyting á gildandi lögum, sú er felst í 3. gr. frv., verður samþykt, þá verður það skaði fyrir dómkirkjuna, og jafnframt fyrir landssjóð, og að hann þá eðlilega verður tregari til þess að uppfylla skyldur sínar gagnvart söfnuðinum og dómkirkjunni, sem hann hefir sannarlega eigi rækt of vel hingað til, en annars gæti það mál gefið tilefni til ýmissa hugleiðinga og athugasemda, sem eigi mundu verða til sæmdar fyrir fjárveitingarvaldið, en eg ætla að sleppa þeim að þessu sinni.

Júlíus Havsteen: Eg get tekið í sama strenginn og háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) að því er snertir 3. gr. þessa frumv. Dómkirkjan má ekkert missa af þeim tekjum, sem hún nú hefir, en ef þetta frumv. verður samþ. eða tillaga nefndarinnar, þá rýrnar til muna ein af beztu tekjugreinum hennar.

Kirkjugjald af húsum, sem nú gengur til Rvíkurdómkirkju, er kring um 1900 kr., en sú tekjugr. rýrnar nú þegar um hér um bil 300 kr., og mundi brátt rýrna enn meir, ef þetta frumv. nær fram að ganga. Tekjur dómkirkjunnar eru nú að vísu rúmar 3500 kr., en útgjöld hennar 3000 kr., svo að eftir eru þá árl. 500 kr., og mundi yfirstjórn hennar þykja mjög vænt um, að mega halda þessari afgangsupphæð óskertri, því með útvegun pípuorgels í kirkjuna, sem nú er gerð

ráðstöfun til, aukast nokkuð hin árlegu útgjöld, sem samsvara nefndum 500 kr. Ef kirkjan missir kirkjugjaldið frá frikirkjumönnunum, þá hefir yfirstjórn kirkjunnar ekkert afgangs fé að grípa til. Á hinn bóginn skal eg játa það, að það er eðlilegt, úr því að þessi söfnuður er til, að hann vilji losna við sem mest af gjöldum til þjóðkirkjunnar. Mig furðar annars á því, að lausamenskugjaldið skuli ekki vera nefnt í frumv., en það gjald mættu frikirkjumennirnir gjarnan eiga fyrir mér.

Framsögumaður (Sigurður Jensson): Báðir háttv. þm., sem nú hafa talað, töluðu aðallega um það, að dómkirkjan við þessa breytingu misti tekjur, sem hún ekki mætti missa. Nefndinni var nú ljóst, að svo færi, og hún var ekki í neinum vafa um það, að það er landssjóður, sem skyldan hvílir á að byggja upp og halda við dómkirkjunni í Rvík, eftir því sem þörf krefur, og að það því verður landssjóður, sem fyrir tekjuhallanum verður. En eins og tekið er fram í nefndarálitinu, þá álítur nefndin, að tekjumissirinn komi þar einmitt niður á þeim, sem að réttu lagi á að bera skaðann við þessa undanþágu. Löggjafarvaldið hefir leyft þessum söfnuðum að vera til, en þá verður það líka jafnframt að gera þeim mögulegt að vera til, og bera afleiðingarnar, sem leiða af því, að þeir eru til. Menn geta kallað þessa undanþágu gjöf, og sagt að það sé engin ástæða til að losa neinn meðlim þjóðfélagsins frá skyldu sinni til að borga til þjóðkirkjunnar, en þingið er þegar búið að brjóta móti þessu og hefir losað utanþjóðkirkjumenn frá flestum gjöldum til presta og mörgum til kirkna; það er því að eins gengið lítið eitt lengra í þessu frumv., og það er gert gagnvart söfnuði, sem öll sanngirni mælir með, að verði þessarar undanþágu aðnjótandi. Það er líka augljóst, að þó að undanþága sé veitt söfnuðinum að því, er beinu gjöldin til kirkjunnar snertir, þá eru þó þessir utanþjóðkirkjumenn eigi losaðir við að gjalda óbeinlínis til þessarar kirkju sem aðrir. Þeir borga í landssjóð, eins og hverjir aðrir meðlimir þjóðfélagsins og bera að því leyti kostnaðinn við kirkjuna, því á landssjóði lendir kostnaðurinn við kirkjuna að sjálfsögðu, og það því fremur, sem tekjur kirkjunnar rýrna meir við þessa undanþágu. Það, sem aðallega vakti fyrir okkur nefndarmönnum, var það, að frikirkjusöfnuðurinn hér í Reykjavík, með því að byggja sér kirkju, hefir létt á landssjóði skyldu, sem á honum hvíldi til þess að stækka kirkjuna, því að nauðsynin á að stækka kirkjuna er þá ekki eins brýn nú og áður. Í öðru lagi finst mér, að úr því að þessi söfnuður annars er til og hefir sýnt þenna dugnað í því, að koma sér upp samkomuhúsi, þá væri það ósamkvæmni af löggjöfinni, að láta hann eftir sem áður greiða gjöld til annarar kirkju, þar sem á honum hljóta að hvíla þung gjöld til sinnar eigin kirkju.

Guttormur Vigfússon: Eg þarf ekki að eyða mörgum orðum um málið, með því að háttv. framsm. hefir tekið svo skýrt fram álit nefndarinnar.

Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) hélt því fram, að utanþjóðkirkjusöfnuðir hefðu ekki myndast hér á landi af neinni sérstakri trúarbragðaþörf. Þetta getur nú til sanns vegar færst, að því leyti, sem misjafnar trúarskoðanir hvergi munu hafa valdið klofningi kirkjunnar, en á hina hliðina verð eg að halda því fram, að þörfin fyrir fjörugra trúarlíf og meira frelsi í kirkjumálum en þjóðkirkjan veitir, hafi átt hér mikinn þátt í; til sönnunar þessu mætti benda á ýms dæmi og eins hitt, að í utanþjóðkirkjusöfnuðum þeim, er myndast hafa, á andlegt líf og áhugi um safnaðarmál sér frekar stað en í þjóðkirkjunni, og hygg eg, að ekki þurfi lengra að leita en til utanþjóðkirkjusafnaðarins hér í Reykjavík. Fríkirkjusöfnuður þessi hefir, þó fámennur og fátækur sé, tekið sér

prest, er hann launar sjálfur, og auk þess á fáum árum komið sér upp eða bygt mjög sómasamlega kirkju, og keypt mjög vandað og dýrt orgel til hennar. Þar á móti var það að heyra á ræðu háttv. 1. kgk. þm. (J. H.), að þjóðkirkjusöfnuður Reykjavíkur mundi jafnvel verða að hætta við kaup á sams konar orgeli, sökum c. 300 kr. tekjumissis, er dómkirkjan kann að verða fyrir við samþykt frumv., og af því að krónur þessar ekki nást úr vösum fríkirkjumanna. Mér fyrir mitt leyti finst að tekjur Reykjavíkurdómkirkju séu svo miklar, að hana geti ekki munað mikið um þessa litlu upphæð, því frekar sem landssjóður er skyldur til að bæta við úr sínum sjóði, ef þörf krefur, til nauðsynlegs viðhalds eða bóta.

Það er líka kunnugra en frá þurfi að segja, að útgjöld dómkirkjunnar hafa hingað til nokkurn veginn etið upp tekjurnar, hvað miklar sem þær hafa verið, og eg vona helzt, að svo verði enn, þó þessi litla upphæð gangi frá. Eg fyrir mitt leyti vildi helzt, að frísöfnuðunum væri gefin upp öll gjöld til prests og kirkna þjóðkirkjunnar. En þar sem meðnefndarmenn mínir voru ekki fáanlegir til að fara lengra í þessu efni en að gefa upp fasteignartíund til presta og fasteignartíund og kirjugjald af húsum, þar sem landssjóðskirkjur eiga hlut að máli, þá verð eg að sætta mig við það eftir atvikum.

Að síðustu skal eg leyfa mér að taka það fram, að frumv. þetta er ekki eingöngu til orðið vegna fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík, eins og framsm. sagði, heldur einnig, og engu síður, með hliðsjón til annara fríkirkjusafnaða á landinu.

Enda er 3. gr. frv. komin inn fyrir áeggjun mína, og fer í sömu átt, eins og frumv. um sama efni, er eg flutti hér á þingi 1897, en sem dagaði uppi í Nd.

Guðjón Guðlaugsson: Mér þykir leitt, að háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) skuli vera á móti þessu frumv., einkanlega þar sem hann lýsti yfir þeirri skoðun sinni, að hann gæti ekki verið með fríkirkjunni, sökum þess að sú hreyfing hefði ekki verið af sem hreinustum hvötum sprottin.

En hvernig sem því er nú varið, um það skal eg ekki dæma, þá getur manni ekki blandast hugur um það, að í fríkirkjunni er meira andlegt líf og áhu , heldur en í þjóðkirkjunni, sem svæfir alla sína meðlimi, sökum þess að menn þurfa ekkert að hugsa um hag sinnar kirkju.

Áhugi fríkirkjusafnaðarins hér í Reykjavík sýnir það, að fríkirkju fylgir meiri dugnaður og framkvæmdir.

Frumv. þetta nemur að vísu burt nokkura tekjugrein frá dómkirkjunni og öðrum landssjóðskirkjum, og að því leyti er það rétt, að hér er óbeinlínis að ræða um styrk úr landssjóði til fríkirkjunnar, en eg verð að álíta, að margri fjárveitingu úr landssjóði sé miklu ver varið.

Eg get ekki séð annað en, að nefndin hafi farið svo varlega, sem hægt var, í þetta mál, og reynt að gæta allrar sanngirni.

Hvað því viðvíkur, að landssjóður þurfi bráðum að byggja upp dómkirkjuna, þá get eg ekki séð, að einmitt nú sé svo brýn þörf til þess, þegar búið er að reisa nýja kirkju, því þar sem enginn ágreiningur er um trúarefni á milli safnaðanna, þá geta menn hlýtt á messu í hvorri kirkjunni sem er, fyrir þeirra hluta sakir.

Eg álít, að uppgjöf þessi á gjöldunum sé nokkurs konar viðurkenning fyrir dugnað og framkvæmdarsemi hjá þeim söfnuðum, sem hafa reist sér veglegt guðshús, og sem sýna meiri andlegan áhuga, en á sér stað í þjóðkirkjunni, og hvort þær hvatir, sem hafa ráðið mestu um stofnun fríkirkjusafnaðanna hingað til, hafa verið af góðum toga spunnar, veit eg ekki; t. d. hefi eg ekki heyrt þess getið viðvíkjandi fríkirkjusöfnuðinum hér í Reykjavík, að neitt óheiðarlegt hafi verið við stofnun

þess safnaðar, enda hefir ekki verið nein úlfúð milli prests og þjóðkirkjusafnaðarins hér, því allir ljúka einróma lofsorði á prestinn.

Eg held því, að það sé svo langt frá, að það þurfi að vera nokkuð skuggalegt við stofnun slíkra frísafnaða, heldur álít eg fríkirkjuhreyfinguna mjög heillavænlega. Þótt framsm. hafi tekið það fram, að þetta væri aðallega gert eftir ósk Reykjavíkurfríkirkjusafnaðar, þá skal eg taka það fram, að áskoranir hafa komið viðar að utan af landi, t. d. ein áskorunin úr mínu kjördæmi, um það, að gera mönnum auðveldara fyrir með að stofna fríkirkjusöfnuði. Eg ætla ekki að fara frekari orðum um þetta mál að sinni, og mun eg greiða frumv. atkv. mitt, og vona að málið nái fram að ganga.

Kristján Jónsson: Eg neyðist til að standa upp, sökum þess að háttv. þm., sem nú settist, lagði mér orð í munn, sem eg alls ekki hefi sagt.

Eg hefi ekki sagt neitt í þá átt, að fríkirkjuhreyfingin yfirleitt sé af óheiðarlegum toga spunnin, en eg sagði, að það mundi hafa átt sér stað hér á landi, að margir hefðu leiðst inn í fríkirkjuna af ástæðum, sem eigi vel þyldu dagsbirtuna, og átti eg einkanlega við það, að ýmsir mundu hafa gengið úr þjóðkirkjunni af persónulegri óvild við prest sinn, eða til þess að losna við gjöld, sem þeir annars yrðu að greiða til prests og kirkju. En um fríkirkjusöfnuðinn hér í Reykjavík getur maður ekki þvílíkt sagt, því að hann hefir tekið á sig miklu þyngri gjöld en hann bar áður, meðan hann var partur þjóðkirkjusafnaðarins. Og það getur mér eigi komið til hugar að segja, og hefi aldrei sagt, að þessi söfnuður yfirleitt hafi myndast af miður heiðarlegum hvötum; eg þekki allan fjöldann af safnaðarmeðlimunum, á meðal þeirra vini og kunningja, og er ekkert fjær mér en það, að saka þá um óheiðarlegar hvatir. En hinu verður víst eigi neitað, að ýmsir ganga í söfnuði þessa, eins hér sem annars staðar, aðallega í því skyni, að losna við gjöld til prestsins. Hvernig sem á er litið, álít eg stofnun þessara safnaða þarflausa og meiningarlausa, nema því að eins, að um einhvern verulegan trúarbragðaágreining sé að ræða.

Eg skal jafnframt benda á eina afleiðingu, sem fríkirkjuhreyfingin hefir haft hér í Reykjavík, og hún verður ekki forsvöruð. Mér er kunnugt, að fríkirkjumenn hafa t. d. neitað að rita sig á manntalslista, sem prestur hefir sent þeim við áramót, og álitið, að þeir væru lausir við þessa borgalegu skyldu, af því að þeir væru ekki í þjóðkirkjunni, og er það miður heppileg afleiðing af hreyfingunni. Vitanlega er þetta sprottið af misskilningi, en almenningi virðist mjög hætt við að misskilja á þessa leið.

Frá því að þessi fríkirkjuhreyfing hófst, um 1880, er mér óhætt að fullyrða, að ekkert hafi á því borið, að í þessum utanþjóðkirkjusöfnuðum hafi dafnað fjörugra og meira trúarlíf, né meiri andlegur áhugi en í sjálfri þjóðkirkjunni. Hreyfingin er inst inni ekki trúarbragðalegs eðlis. Í Reykjavík hefir fríkirkjusöfnuðurinn verið svo heppinn að fá ágætan kennimann, sem er áhugamaður og virðingarverður í hvívetna, og mun hann fyrir þær sakir standa öðrum fríkirkjusöfnuðum betur að vígi. En jafnframt má og minna á það, að hér í Reykjavík hefir komið upp talsverð „religiös“ hreyfing í sjálfum þjóðkirkjusöfnuðinum; guðsþjónustum hefir fjölgað að miklum mun og hin prestlega sálgæzlustarfsemi í kirkjunni aukist mjög. Eg er ekki að ljúka neinu lofsorði á þá hreyfingu eða lýsa henni að neinu leyti, heldur get eg um þetta sem alkunn facta.

Viðvíkjandi því, sem kastað hefir verið fram að söfnuðurinn hér borgaði ekki eins mikið til kirkju sinnar, og aðrir söfn-

uðir, þá er þetta alveg órökstutt, enda ekki rétt, því að hann borgar gjöld til kirkju alveg á borð við aðra söfnuði, eða jafnvel meira en þeir, þar sem eru tíundir, ljóstollar, kirkjugjald af húsum, lausamannagjald og legkaup.

Söfnuðurinn verður sannarlega ekki fúsari á það eftirleiðis, að taka við kirkjunni til umönnunar, þegar búið verður að svifta hana all-miklum tekjum, en kirkjuhúsið sjálft vanhirt og langt um of lítið fyrir söfnuðinn.

Guðjón Guðlaugsson: Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) hefir misskilið mig, því eg gerði honum ekki upp þau orð, að fríkirkjuhreyfingin væri af óheiðarlegum rótum runnin.

En orð hans féllu þannig, að ekki væri hjá öllum, sem í fríkirkjusöfnuðina gengju, einber trúaráhugi orsökin, og að sumar orsakirnar mundu ekki hafa þolað dagsbirtuna, og af því dró eg þá ályktun, að hann mundi álíta þær ekki fullkomlega heiðarlegar, því að alt, sem er heiðarlegt, þolir að koma í dagsbirtuna.

Þm. benti á, að menn vildu losna við gjöld til prests og kirkna, og gæti eg skilið það, ef menn gætu sagt sig úr þjóðkirkjunni og losnað við öll gjöld, en þegar menn leggja fríviljuglega á sig enn þyngri gjöld en þeir greiddu sem þjóðkirkjumenn, þá getur það, að sleppa við gjöldin, ekki verið ástæðan.

Þótt ekki hafi kannske vaknað öflugt trúarlíf í þessum fríkirkjusöfnuðum, sem þegar eru stofnaðir, þá er ekki mikið á því að byggja, því bæði eru þeir of fáir og of erfiðar kringumstæður fyrir hendi til þess að stofna fríkirkjusöfnuði.

Þm. mintist á, að í þjóðkirkjunni hér væri vöknuð trúarleg hreyfing. En skyldi það nú ekki eiga að rekja rót sín til þess, að hér er stofnuð fríkirkja?

Enn fremur sagði sami háttv. þm., að þinginu mundi óljúft að byggja upp kirkjuna og gera skyldur sínar gagnvart henni, ef tekjur væru þannig teknar frá landssjóði, en skyldan verður minni, ef þingið styrkir kirkju, sem getur komið þjóðkirkjusöfnuðinum einnig að notum.

Úr því að trúarbrögðin eru þau sömu, er mér sama, hvort eg sit í þjóðkirkjunni eða fríkirkjunni, ef kenningin er jafngóð, og þar sem eg verð að álíta, að landssjóðurinn sé skyldugur til þess að leggja til svo rúmgott guðshús hér í höfuðstaðnum, að bæði eg og aðrir geti komist þar inn, þegar maður vill, þá álít eg, að fríkirkjusöfnuðurinn hér hafi létt þá skyldu á landssjóði með kirkjubyggingu fyrir sig, sem eg og aðrir geta notað, og eigi því fullkomlega skilið viðurkenningu þingsins og ívilnun frá landssjóðsins hálfu.

Meira hefi eg ekki að segja, en skal gefa það eftir, að það hefir verið dálítill misskilningur á báðar hliðar, milli mín og háttv. 3. kgk. (Kr. J.).

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2. — — — — — —

1. breyt.till. á þskj. 372, við 3. gr., sþ. með 7 samhlj. atkv.
2. breyt.till. á þskj. 372, við 3. gr., sþ. með 7 samhlj. atkv.

3. gr., breytt, sþ. með 6 samhlj. atkv.

3. breyt.till. á þskj. 372, (ný grein) sþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin sþ. með 8 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. m. 7 : 2 atkv.

Þriðja umr., 3. ágúst. (C. bls. 616).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 10. atkv. og verður endursent til forseta Nd.

Afnám messugjalds.

FRUMVARP til laga um breyting á konungsbréfi 3. apríl 1844, viðvíkjandi

Brúarkirkju í Hofteigsprestakalli; 1. umr., 21. júlí. (C. bls. 277).

Hallgrímur Sveinsson: Mér virðist frumv. þetta fara eingöngu í þá átt, að afnema gamlar kvaðir, sem á sínum tíma hafa átt við gild rök að styðjast, og því verið réttmætar, en sem eigi eru lengur viðeigandi. Hér er um það að ræða, að afnema aukaþóknun, sem prestur fekk fyrir það, að messa á kirkju, sem áður var bænahús. Síðar er nú orðin sú breyting á, að þetta bænahús er nú orðið að útkirkju og undir hana hafa verið lagðir fleiri bæir, svo nú er þetta orðin fullkomin sókn. Eg verð því að álita, að breyting sú eða afnám kvaðar, sem þetta frumv. fer fram á, sé í alla staði réttmætt.

Eg vil minna sérstaklega á, að líkt kom fyrir, fyrir eigi allmörgum árum; þá var með lögum afnumin aukaþóknun, sem presturinn í Presthólaprestakalli fekk fyrir að messa á Ásmundarstöðum á Sléttu. Þar stóð líkt á og hér, að gjaldið eða þóknunin, sem prestinum var frá eldri tíð ákveðin fyrir þær messur, sem hann flutti á Ásmundarstöðum, eigi átti lengur við. Eg vil því leyfa mér að leggja til við h. deild, að hún samþ. þetta frumv.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Önnur umr., 23. júlí (C bls. 277).

ATKV.GR.: Meginmal frv. sþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. með 9 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Þriðja umr. 28. júlí (C bls. 277).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. með 8 shlj. atkv. og verður afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Afnám Maríu- og Péturslamba.

FRUMVARP til laga um afnám svonefndra Maríu- og Péturslamba; 1. umr., 12. ágúst (C bls. 542).

Landshöfðingi: Þetta frumv. hefir oft verið til umræðu hér í þinginu, en hefir aldrei gengið fram nema einu sinni, og þá var stjórnin á móti því.

Það er ekki furða, þó þetta frumv. hafi ekki átt upp á pallborðið hjá þinginu, því eg get ekki betur séð, en að það fari fram á að gefa einstökum mönnum upp réttmæt gjöld.

Þessi Maríu- og Péturslömb eru þannig til komin, að einhverjar guðhræddar sálir hafa gefið þetta í fyrndinni fyrir sálu sinni og lagt þessa kvöð á jarðir sínar. Ef eigandi jarðar býr á henni, þá er honum gefin upp þessi kvöð, en ef annar býr á henni, þá hækkar eigandinn afgjaldið, sem þessu svarar.

Í frumv. því, sem gekk í gegnum þingið, en stjórnin neitaði að samþykkja, var ákveðið, að presturinn ætti að missa þessar tekjur gersamlega, en í þessu frumv. er ætlast til, að prestaköllunum sé veitt uppbót úr landssjóði.

Eg sé alls enga ástæðu til að vera að samþykkja svona lagað frumv., enda hefir háttv. Nd. lítið hirt um málið og slysaðist það í gegn með 12 atkv.

Guttormur Vigfússon: Það er víst ekki til mikils að mæla með frv. þessu hér í deildinni.

Því hefir verið haldið fram, að þetta sé kvöð, sem líklega sé þannig til komin, að guðhræddar sálir hafi í fyrndinni gefið þetta fyrir sálum sínum, en það getur líka verið, að þetta sé hefð, sem komin er á sökum þess, að einhvern tíma í harðindum hefir verið heitið á Pétur eða Maríu og lofað að fóðra kind fyrir prestinn, ef tíð batnaði, enda liggja allar þær sóknir, þar sem Maríu- og Péturslömb eru, í sérstökum harðinda- og snjóasveitum.

Hæstv. landsh. sagði, að þetta væri sama sem að gefa einstökum jarðeigendum gjafir, en þetta álít eg ekki rétt, því

jarðir eru hvergi bygðar með tilliti til Maríu- og Péturslamba.

Menn eru, eins og eðlilegt er, mjög óánægðir af því, að í sveitum, þar sem Maríu- og Péturslömb eru, er alment skoðað svo, að búendur þurfi að gjalda 2 heytolla, og það er sérstaklega af því misrétti sprottið, að frumv. þetta hefir komið fram, hvað eftir annað.

Eg hefi því miður ekki fylgst með málinu í Nd. og veit því ekki, hve mikil útgjaldabyrði þetta yrði fyrir landssjóð, en eg get ímyndað mér að það yrði nokkur hundruð krónur og álít eg það ekki svo afskaplegt, úr því það er í alla staði réttlátt og sanngjarnt.

Hallgrímur Sveinsson: Eg er samþykkur hæstv. landsh. um það, að þessi Maríu- og Péturslömb séu kvaðir á jörðunum, og sé gjaldinu létt af, er það gjöf til jarðeiganda eða ábúanda. En frumv. liggur nú öðruvísi fyrir en áður; þá áttu prestarnir að missa þessa tekjugrein öldungis uppbótarlaust, en nú eiga þeir að fá endurgjald af landssjóði. Vil eg því skoða frumv. sem breytingu á einni grein í tekjum presta, sem nú verður lagt á landssjóð. Það er nú auðvitað, að engin útgjöld mega leggjast á landssjóð ástæðulaust. En að leggja þessi útgjöld á landssjóð er ekki ástæðulaust; það er kurr í mönnum yfir þessu gjaldi og það greiðist illa, og margir prestar sleppa öldungis að heimta þetta gjald, að því er eg hefi heyrt, en þá er illa farið, ef menn ekki geta fengið þær tekjur, er þeim bera með réttu, og víst er um það, að ef einhver prestur, sökum ófúsleika manna til að greiða eða vegna óánægju gjaldþegnanna með gjöldin, sýnir eftirgangsleysi í að heimta inn tekjur sínar, þá verður eftirmanni hans það erfiðara. Auðvitað geta prestar náð þessu gjaldi með því að beita lögtaki, en það skirrast flestir prestar í lengstu lög við að gera. Eg hygg því, ef þetta er rétt, að prestar séu svona staddir milli skers og báru, að því er þessar tekjur snertir, að rétt sé, að landssjóður bæti hér úr skák, með því að taka að sér þetta gjald, sem að vísu er löglegt, en þó töluvert illa þokkað, og ef þetta frumv. er skoðað sem breyting á einni grein af tekjum presta, getur það vel varist, að leggja það á landssjóð. Það hefir áður komist til tals, að landssjóður taki prestana að sér, og ef það ekki er fjarstæða, sem engum vist dettur í hug, er þetta ekki heldur fjarstæða, því enginn munur er á þessari tekjugrein prestanna og öðrum tekjugreinum þeirra.

Guttormur Vigfússon: Eg stend að eins upp til þess að mótmæla því, sem h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) sagði, að það væri enginu munur á þessum prestsgjöldum og öðrum, en þessu verð eg að mótmæla; hér er mikill munur, meðal annars sá, að fyrir þessum gjöldum er enginn lagastafur, sem þó mun vera fyrir flestum öðrum prestsgjöldum. (*Landshöfðingi:* Eru lög fyrir prestsmötu?). Hæstv. landsh. mun vera kunnugra um löggjöfina en mér, en hvað prestsmötunni viðvíkur, þá munu þó að minsta kosti vera einhverjir gamlir samningar fyrir henni, og er það þó alt af eitthvað í áttina.

Landshöfðingi: Það er náttúrlegt, að háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.) vilji heldur mæla með þessu frumv. vegna uppbótarinnar til prestanna, en eg get ekki séð neina ástæðu til þess nú að afnema þetta gjald, fremur en öll önnur gjöld, sérstaklega þar sem nú á að setja milliþinganefnd í kirkjumálum, er einnig fær tekjur presta til meðferðar. Ef frumv. verður vísað til 2. umr., ætti fjárlaganefndin að fá það til meðferðar.

Kristján Jónsson: Fjárlaganefndin hefir svo mikið að gera, að það er varla gustuk að vísa málum til hennar. Hvað þetta gjald snertir, þá er eg alveg samþykkur hæstv. landsh. um það, að það, að leggja þetta gjald á landssjóð og losa

greiðendur við það, er beint að gefa jarðeigendunum upphæð þá, sem gjaldið er hæfileg renta af; gjaldið er ekki persónulegt gjald, heldur „real"gjald, gjald, er hvílir á jörðunum og hefir hvílt um langan aldur; eigendurnir hafa eignast jarðirnar með þessari kvöð, og ekki öðruvísi, og verð og mat jarðanna hefir skapast með fullu tilliti til þessarar kvaðar; afnám hennar væri því bein hækkun á jarðarverðinu, en til þess að hækka jarðarverðið þannig á kostnað landssjóðs, sýnist vera lítið tilefni. Gjaldið er, að mér virðist, líkast prestmötugjaldi, en engum mundi detta í hug að létta henni af jörðunum öðruvísi en gegn fullu endurgjaldi, þannig, að undanþága frá henni (mötunni) væri keypt fyrir fult verð, er greiddist í eitt skiti fyrir öll.

ATKV.GR.: Frumv. felt frá 2. umr. með 5 : 4 atkv.

Landbúnaðarmálanefnd.

TILLAGA til þingsályktunar um millipinganefnd í landbúnaðarmálefnum; ein umr., 13. ágúst (C bls. 528, 604).

Valtýr Guðmundsson: Eg hefi ekki mikið um tillögu þessa að segja; því miður var tíminn svo naumur, að eg hefi ekki getað komið með breyt.till. við hana.

Eg hefði álitið, að ekki hefði veitt af 5 manna nefnd til að íhuga þetta þýðingarmikla mál, og í annan stað hefði eg kunnað betur við, að þingið hefði tilnefnt eitthvað af nefndarmönnum; eg veit, að það er siður í ríkisþinginu, að þingið velji nokkura af nefndarmönnunum í slíkar nefndir og stjórnin nokkura; annars er, sem sagt, ekki tími til að koma fram með breyt.till., nema því að eins, að málinu væri frestað, og vil eg heldur ekki koma fram með tillögu um það, fyr en eg heyri álit annara deildarmanna um, hvort þeir vilji, að þingið hafi hönd í bagga með tilnefningu sumra nefndarmannanna. Það mundi auðvitað hafa kostnað í för með sér; en hér er um svo afarþýðingarmikið mál að ræða, að eg álít nokkuru til kostandi; auk þess mundi, ef málið væri vel undirbúið, sparast mikið fé, sem allar þessar miklu umræður í þinginu hafa í för með sér. — Að því er snertir breyt.till. þá á þskj. 459, sem háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) hefir komið fram með, þá er hún að mínu áliti til stórbóta, því að það er mjög vafasamt, hvort nefndin gæti verið búin að ljúka störfum sínum fyrir alþingi 1905, og þess vegna er miklu betra að láta tímatakmarkið vera óákveðið, eins og farið er fram á í breyt.till.

Kristján Jónsson: Eg skal ekki segja neitt um tillögu háttv. 2. þ. m. G.-K. (V. G.) annað en það, að eg er í vafa um, hvort 5 manna nefnd sé betri en 3 manna nefnd; en ef deildin í heild sinni skyldi hallast að þeirri skoðun, þá má vel taka málið út af dagskrá, til þess að þetta verði íhugað betur og lagfært, ef þess þykir þörf.

En tilefnið til þess að eg stóð upp, er breyt.till. sú, sem eg hefi leyft mér að koma fram með á þskj. 459 og sem háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) hefir að nokkuru leyti útlistað. Það er sýnilegt, að það er með öllu ógerlegt, að ætlast til þess, að nefnd sú, sem hér ræðir um, verði búin að ljúka ætlunarverki sínu fyrir alþingi 1905; því að þetta er svo umfangsmikið og þýðingarmikið mál, að það veitir ekki af að ætla nokkur ár til þess, þar sem nefndin verður fyrst að koma fram með sinar tillögur og leggja þær fyrir landsstjórnina, og landsstjórnin aftur að koma fram með sínar tillögur og leggja þær fyrir þingið, og hygg eg því ekki, að neinum geti blandast hugur um, að ómögulegt verður að koma því öllu saman í kring fyrir næsta þing 1905; þess vegna hefi eg leyft mér að koma fram með brt. í þá átt, að nefnd sú, sem hér ræðir um, skuli síðar, er hún hefir lokið störfum

sínum, leggja frumv. til nýrra landbúnaðlaga fyrir alþingi, án þess nánar sé kveðið á um það, hvaða ár það skuli gert. Eg get í þessu sambandi minst á, að fyrir nokkrum árum var kosin milliþinganefnd til þess að taka mál þetta til meðferðar, og sat hún í mörg ár yfir störfum sínum, en einasti árangurinn af þeim, sem mér er kunnugt um, eru ábúðarlögin frá 12. jan. 1884. Eg býst ekki við, að nefnd sú, sem nú er farið fram á að skipa, sæti skemri tíma en sú nefnd, sem samdi áminst lög eða frv. til þeirra, og sat hún þó að minstà kosti nokkur ár.

Valtýr Guðmundsson: Eg skal að eins láta þess getið, að eg hafði hugsað mér, að í þessa 5 manna nefnd, sem eg drap á áðan, kysi Nd. 2, Ed. 1 og stjórnin 2, líkt og í ríkisþinginu; þar er vanalegt, að fólksþingið kjósi nokkura af mönnunum í slíkar nefndir, landsþingið nokkura og stjórnin nokkura.

Ef ekki fleiri háttv. þingd.menn ætla sér að taka til máls, þá skal eg leyfa mér að skjóta því til háttv. forseta, hvort hann vilji ekki bera undir deildina að taka málið út af dagskrá í þetta sinn, og verði það gert, þá mun eg síðar koma fram með brt. í þessa átt; en ef deildin ekki felst á það, að málið verði tekið út af dagskrá, þá skoða eg það svo, sem hún álíti heppilegast að samþykkja tillöguna, eins og hún liggur fyrir.

ATKV.GR.: Samþ. í einu hlj. að taka málið út af dagskrá.

Framhald einnar umr., 15. ágúst (C. bls. 528, 604, 634).

Valtýr Guðmundsson: Eg hefi í sambandi við það, sem eg tók fram við 1. umr. í þessu máli, leyft mér að koma fram með þá breytt., að í stað 3 manna nefndar sé skipuð 5 manna nefnd. Reyndar verður 5 manna nefnd nokkuð kostnaðarsamari en 3ja manna nefnd, en í svona þýðingarmiklu máli álít eg ekki rétt að láta stjórnina skipa alla nefndina. Mér finst því réttast, að þingið skipaði 3 mennina í þessa nefnd (Nd. 2., Ed. 1), en stjórnin 2. Þannig er því oftast hagað til í Danmörku með skipun slíkra nefnda. Þingið er þar látið skipa nokkra mennina og stjórnin nokkra. — Með þessu fyrirkomulagi er líka gefin meiri trygging fyrir því, að þingið fylgi nefndarálitinu á eftir, þar sem fulltrúar þingsins skipa hana.

Landshöfðingi: Eg vildi gjarnan leyfa mér að spyrja háttv. þm. K.-G., hvernig hann hugsar sér hluttöku þingsins í skipun þessarar nefndar, sem enn þá er eigi samþykt af stjórninni.

Eg get ekki séð, að þingið geti neitt gert í þessu í ár, þar sem hér er enn um tillögu að ræða, eða hugsar hann sér að draga nefndarskipunina, þangað til á þinginu 1905?

Valtýr Guðmundsson: Eg vil svara spurningu háttv. landsh. á þá leið, að eg álít, að þingið eigi að viðhafa sömu aðferð við þetta mál, sem notuð hefir verið að undanförnu, þegar líkt hefir staðið á og hér, t. d. í bankamálinu. Þar var t. d. kosið bankaráð í því trausti, að stjórnin myndi staðfesta lögin; eins var með gæzlustjóra Landsbankans og gæzlustjóra eimskipaútgerðarinnar. Og að stjórnin staðfesti lög þingsins, er ekki nema sjálfsögð og sanngjörn krafa til hverrar parlamentariskrar stjórnar, sem eg einnig er fullviss um að stjórn vor tekur til greina. Og jafnvel þótt stjórnin féllist eigi á þetta, þá er ekki miklu til kostað, þó mennirnir verði tilnefndir af þinginu núna í sumar.

ATKV.GR.:

1. brt. (þskj. 492), við 1. lið, sþ. með 7 shlj. atkv.
2. brt. (þskj. 492), viðbót við 1. lið, sþ. með 9 shlj. atkv.

Brt. (þskj. 459), við tölulið 1, samþ. í e. hljóði.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Tillagan, með áorðnum brt., sþ. með 8 shlj. atkv. og afgreiðist til forseta Nd.

Útrýming fjárkláðans.

FRUMVARP til laga um ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum; 1. umr., 29. júlí (C. bls. 344).

Júlíus Havsteen: Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um frv. þetta nú, því það var á dagskrá á sameiginlegum fundi alls þingsins og þar var útlistað rækilega fyrir mönnum, hvað væri á seyði, og þar voru allir á því, að gera alt, sem unt væri til útrýmingar fjárkláðanum. Þetta eiga að eins að vera bráðabirgðalög, en eg skal fyrir mitt leyti taka það fram, að eg hefi verið vondaufur um, að það sé hægt að útrýma kláðanum til fulls. Eg hefi líka heyrt raddir frá þeim, sem trúa því, að útrýma megi kláðanum gersamlega, um það, að kláðatilfelli gæti komið fyrir að útrýmingunni afstaðinni, en þá riði einmitt á að leggja alt fram og taka þau tilfelli geist, til þess að þær kindur, sem þá fyndust sýktar, smittuðu ekki aftur út frá sér.

Annars vil eg að eins hér mæla með því, að frv. fái að ganga sinn gang gegnum deildina.

Kristján Jónsson: Eg vil að eins taka það fram, að mér þykir það viðurlitamikið, að ráða þessu máli til lykta án þess að setja nefnd í það. Eg bjóst við því, að þetta mundi verða gert, þar eð hér er um svo stórkostleg útgjöld að ræða fyrir landssjóðinn, nálægt því 170,000 kr., og vér vitum ekki nema þau kunni að verða miklu hærri, $^1/_4$ eða jafnvel $^1/_3$ hærri, og það þykir mér allralíklegast. Það er ekki ætlun mín með þessu, að vekja ímugust á frumv., en mér þykir réttara, að sömu reglu sé fylgt í þessu máli og öðrum merkilegum og mikilsvarðandi málum.

Eg sting upp á, að kosin sé 3 manna nefnd í málið.

Júlíus Havsteen: Eg skil það vel, að þetta mál sé ekki eins ljóst fyrir öllum og mér, sem svo að segja hefi lifað og andað í því í mörg ár. En eg þarf ekki annað en að benda mönnum á að lesa nefndarálit Nd.; þar er alt greinilega tekið fram.

Á fundinum, sem eg gat um áðan, gat eg ekki skilið annað, en að það væri sameiginlegur vilji manna að gera nú alt, sem hægt væri, til þess að útrýma þessu fári nú þegar, og eiga ekki lengur í þessu stappi, sem ef til vill verður eins dýrt, án þess að eins góð trygging sé fyrir góðum árangri. Eg vona því að deildin taki frv. vel.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

3 manna nefnd sþ. með 7 atkv. og í hana kosnir:

Júlíus Havsteen með 7 atkv.
Þorgrímur Þórðarson — 4 —
og við endurkosning
Kristján Jónsson með 4 atkv..

Önnur umr. 7. ágúst. (C. bls. 344, n. 474).

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Þótt þetta se bæði mikið og merkilegt mál, mun það varla taka upp mikinn tíma hér á þinginu, því bæði hefir það verið fyrir þinginu áður, og svo hefir það nú verið útlistað rækilega bæði í nefndaráliti Nd. og Ed.

Frumv. er stutt, að eins 5 gr., og er að eins frumv. til bráðabirgðalaga, það er að segja laga, sem eiga að eins að gilda nokkurn tíma, meðan verið er að berjast af alefli gegn fjárkláðanum. Slík lög eru nauðsynleg, því hér er um sérstakar framkvæmdir að ræða, og verður þá farið eftir öðrum reglum, en núgildandi kláðalög vor hafa inni að halda, bæði að því leyti, er alla umsýslu og

stjórn snertir, og kostnaðinn, sem af þessum framkvæmdum leiðir. Til þessa starfs hafa menn sérstaklega augastað á einum manni, sem fengist hefir við þetta starf í Noregi í mörg ár og orðið mikið ágengt.

Eftir nefndarálitinu hafa nefndarmenn verið sammála um það, að eigi væri með þessu hægt að útrýma kláðanum hér á landi gjörsamlega, svo ugglaust væri; einn af nefndarmönnunum, háttv. sessunautur minn til hægri handar, þm. A.-Sk (Þ. Þ.) hefir samt ekki fyllilega getað gengið inn á þetta.

En hvað sem því líður, þá hafa allir í nefndinni verið sammála um það, að alt, sem unt er að gera, beri að gera til þess, að útrýma kláðanum, jafnvel þótt það skyldi sýna sig, að það væri ekki hægt að yfirbuga hann til fulls.

Lögin frá 1901 hafa ef til vill orðið að nokkru leyti til þess, að kláða hefir orðið vart þar, sem hans áður hefir ekki verið getið. Alþýða hefir nefnilega skilið þau lög svo, sem hún fengi öll baðmeðul ókeypis, en meining laganna er sú, að baðlyf verði að eins látin úti til lögskipaðra framkvæmda gegn kláðanum, og yrðu menn eftir sem áður að kaupa sér lyf eða meðul til venjulegra þrifabaða, sem nú eru farin að tíðkast, sem betur fer

Annars skal eg ekki fjölyrða um mál þetta, en vona, að háttv. deild samþ. frv. óbreytt.

Að endingu skal eg geta þess, að í nefndarálitinu eru 2 villur; á fyrri staðnum stendur 5 sýslum, en á að vera 6 sýslum, og á síðara staðnum hafa fallið úr orðin: „sem þingið hefir nú til meðferðar“, það er á fyrstu bls. nefndarál. í gr., sem byrjar á orðunum: „Með þetta fyrir augum“.

Hvað kostnaðinum viðvíkur, þá gefur nefndarálitið nægilegar upplýsingar.

Þorgrímur Þórðarson: Eg hefi skrifað undir þetta nefndarálit, án þess að vera samþykkur því í öllum greinum og finn því ástæðu til að gera grein fyrir skoðun minni á þessu máli.

Það stendur nefnilega í nefndarálitinu í 3. málsgrein: „en vér verðum að álíta, að það sé ómögulegt að útrýma kláðanum til fulls og alls, svo ugglaust sé“ og aftur í 6. málsgr.: „þótt vér verðum að álíta, að eigi sé hægt að útrýma kláðanum gersamlega“. Þessu er eg alls ekki samdóma, því eg álít þvert á móti, að það sé mögulegt að útrýma kláðanum gersamlega hér á landi, ef rétt er að farið. Þessi vantrú á því, að mögulegt sé að útrýma fjárkláðanum, stafar af því, að hingað til hefir kláðalækningin verið tómt kák. Því er eins varið með kláða og aðra sjúkdóma, að á meðan menn ekki þekkja orsökina til sjúkdómsins og meðferðina á honum, þá verður lækningin tómt kák. Allir, sem nokkuð þekkja til kláðalækninga hér á landi, vita, að þær alt til þessa hafa verið kák eitt, og öllu því mikla fé, sem til þeirra hefir verið varið, hefir verið kastað í sjóinn.

Aðferðin við kláðalækninguna hefir vanalega verið þessi: Þegar frézt hefir einhvers staðar til kláða, þá hafa strax verið sendir menn, til þess að skoða, en sá galli hefir verið á þessum mönnum, að þeir hafa hvorki þekt maurinn né útbrotin. Hefir það oft komið fyrir, að þessir skoðunarmenn hafa lýst því yfir í skoðunargjörðum sínum, að enginn kláði hafi verið í fé á þessum og þessum bæ, sem þeir hafi skoðað, og hefir svo kláðinn fengið næði til að útbreiðast. Þetta er mjög eðlilegt, sakir þess, að því að eins geta menn með vissu sagt, að sauðkind hafi kláða, að menn finni kláðamaurinn á kindinni, en til þess þurfa menn verkfæri, stækkunargler, og að kunna að nota það, til þess að leita að kláðamaurnum. En þessa skoðunarmenn hefir bæði skort kunnáttu og verkfæri.

Hafi þeir aftur á móti þózt finna kláða-

kindur á hinum grunuðu bæjum, þá hefir verið fyrirskipað að baða alt fé á grunaða svæðinu. Baðlyf þau, sem notuð hafa verið, hafa verið mjög misjöfn. Þegar bændur réðu sjálfir, hvaða baðlyf þeir brúkuðu, þá keyptu þeir þau baðlyf, sem ódýrust voru, en þegar þeir fengu góð baðlyf ókeypis, þá var böðunin svo illa af hendi leyst, að þau urðu að engu gagni.

Árangurinn af öllu þessu hefir því orðið sá, að bændur hafa fengið megnustu ótrú á öllum kláðalækningum og leynt honum.

En þegar svo er komið, þá er ekki við góðu að búast. Þess vegna þarf að fá mann, sem er specialisti í kláðalækningum, sem fyrst og fremst kennir mönnum að þekkja maurinn og í öðru lagi kennir mönnum, hvernig á að drepa hann og lækna útbrotin. Þegar þessir menn hafa lært til fullnustu að rannsaka kláðakindur og lækna þær, þá eiga þeir að ferðast um á kláðagrunaða svæðinu og kenna bændum að þekkja kláðann og lækna kláðakindur, svo að gagni sé. Þegar svo er komið, þá munu bændur sjá, að kláðalækningin er ekki kák eitt, að það má lækna hann, ef viljann vantar ekki, og þá munu þeir hætta að leyna honum, til þess að koma sér hjá kostnaði og fyrirhöfn við böðun, eins og þeir hafa gert hingað til.

Það, sem fyrst af öllu þarf að gera, er að sannfæra bændurna um, að það sé mögulegt að lækna kláðann, en þegar þeir sjá, hvílíkur hagnaður það er fyrir þá sjálfa, og þeir þess vegna fara sjálfir að berjast á móti honum, þá er eg viss um, að það líða ekki mörg ár, þangað til kláðanum er algerlega útrýmt hér á landi.

Af því að eg er sannfærður um þetta, þá greiði eg atkv. óhikað með frumv. og eg álít því fé sannarlega vel varið, sem varið er til útrýmingar fjárkláðanum hér á landi.

Hefði eg haft sömu skoðun og meiri hluti nefndarinnar í þessu máli, þá mundi eg greiða atkv. móti frumv. vegna þess, að eg áliti það ófyrirgefanlega eyðslusemi á fé landssjóðs, að verja 170000 kr. í fyrirtæki, sem eg væri ekki sannfærður um að bæri tilætlaðan ávöxt.

Valtýr Guðmundsson: Eg get ekki neitað því, að þegar eg las nefndarálitið og bar það saman við frumv., þá varð eg dálítið hissa. Nefndin segist verða að álíta, að ómögulegt sé að útrýma fjárkláðanum til fulls og alls, en í 1. gr. frv. stendur, að landsstjórninni veitist heimild til að gera ráðstafanir til algerðrar útrýmingar fjárkláðanum. Eg skil ekki, hvernig nefndin getur haft þessa skoðun, án þess að gera breytingu við 1. gr. Eg er ekki kláðafróður, en fyrir mér vakir það, að fjárkláðanum verði útrýmt, ef það er gert, sem frumv. þetta heimilar, og væri eg ekki sannfærður um, að hægt væri að útrýma kláðanum algerlega með þessu, þá mundi eg greiða atkv. á móti frumv., vegna þess, að mér þykir of mikið að kasta út 170,000 kr. í fyrirtæki, sem eg er ekki sannfærður um að beri tilætlaðan árangur. En eg skil ekki, hvernig nefndin hefir komist að þessari niðurstöðu, því það eru nægar sannanir fyrir því, að kláðanum hefir verið útrýmt algerlega í Noregi og því skyldi það þá ekki geta tekist líka hér á landi? En eins og eg tók fram áðan, þá mundi eg greiða atkv. á móti þessu frv., ef eg væri ekki sannfærður um góðan árangur.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Mér finst það eiginlega ekki eiga við, að teygja umræðurnar um það, hvort það megi útrýma fjárkláðanum eða ekki. Spyrjum að leikslokum. Eg hefi fengist við þetta mál í mörg ár og veit, hversu erfitt er að fást við kláðann. Það hefir verið sagt, að kláðanum hafi verið útrýmt í Noregi og öðrum löndum, en þar eru aðrar kringumstæður. Hvort þær eru

betri eða verri hér á landi, skal eg láta ósagt, en mér finst það ekki koma málinu við, hvort menn hafa þá trú, að kláðanum verði algerlega útrýmt eða ekki. Það, sem alt er undir komið, er það, að þeim ráðstöfunum, sem fyrirskipaðar eru, verði rækilega framfylgt, en ekki því, hvort sá eða sá hefir þá trú, að kláðanum verði útrýmt. Það hefir einn maður, sem hefir mikla trú á því, að hægt sé að útrýma kláðanum alveg, sagt við mig, að það geti vel farið svo, að á eftir komi upp nokkur kláðatilfelli, og að menn þurfi að hafa vakandi auga á því, og grípa alvarlega í taumana þá, ef menn yrðu varir við þess konar tilfelli, til þess að kláðinn breiðist ekki út aftur frá þeim. Eg hirði ekki að nefna nafn þessa manns; það hefir enga þýðingu að gera það.

Jónas Jónassen: Eg er samdóma háttv. 1. kgk. þm. (J. H.). Það er eins ómögulegt að útrýma kláðanum á kindum, eins og það er víst, að það er ómögulegt hér á landi að útrýma kláða á mönnum, þótt einhver færi að reyna það; til þess þyrftu allar ástæður almennings að breytast.

Hvað er það, sem gera þarf?

Jú, að drepa maurinn, en það er hægra sagt en gert. Hann leynist í sínum holum, ef eg mætti svo að orði kveða, þar sem ómögulegt er að ná honum og kemur það an á kindina, þegar minst vonum varir.

Það hefir verið sagt, að kláðanum hafi verið útrýmt algerlega úr Noregi, en eg er alveg sannfærður um, að hann kemur þar upp aftur innan skamms, alveg eins og eg get búist við því á hverjum degi, að strákurinn, sem eg læknaði fyrir kláða fyrir fáum dögum og var orðinn alveg friskur, komi þá og þegar útsteyptur aftur, og hver er orsökin? Hún er sú, að eigi er gætt þeirrar varúðar með fatnað og fleira, sem nauðsynlegt er, eftir að búið er að drepa kláðamaurinn.

Kristján Jónsson: Eg heyri það nú, að orðin í nefndarálitinu hafa verið misskilin. Eg vil því taka það fram, að mér dettur ekki í hug og víst engum okkar í nefndinni, að láta þá fjarstæðu í ljós, að fjárkláðinn sé ólæknandi, en með orðunum, sem hér að lúta í nefndarálitinu, vildum vér ekki segja annað en það, að vér álítum þessar ráðstafanir eigi svo öruggar, né nokkrar ráðstafanir líklegar til að vera svo öruggar til lækningar á kláðanum, að það nokkru sinni yrði talið ugglaust, að enginn kláðamaur væri eftir á Íslandi, það er: að hægt væri að segja með vissu, að búið væri að drepa síðasta kláðamaurinn. En vér vildum samt leggja fram þetta mikla fé, sem ráðstafanir þær, sem gert er ráð fyrir í frumv., koma til að kosta. Því vér álítum, að þær geti orðið til þess, að kláðanum yrði haldið í skefjum, hann bældur niður, og honum að lokum ef til vill útrýmt. En takist að drepa hinn síðasta kláðamaur hér á landi og verjast því, að hann flytjist hingað aftur, þá hefi eg svo mikla trú á vísindunum,, að eg er sannfærður um, að kláðanum sé þar með útrýmt, það er að segja, eg álít ekki, að kláðinn geti nokkru sinni komið upp af sjálfu sér.

Eg vona nú, að háttv. deild skilji, hvað fyrir nefndinni vakti og að menn hneykslist ekki á hinum tilvitnuðu orðum í nefndarálitinu.

Guttormur Vigfússon: Eg óska eins og háttv. framsm., að mál þetta nái fram að ganga og eg vona, að það beri þann árangur, sem ætlast er til. Eg skal játa það, að eg er ekki viss um, að hinn síðasti kláðamaur verði drepinn við 1. tilraun, en þegar að eins örfá tilfelli eru orðin eftir, þá er hægra að fást við þau og má þá líklega útrýma honum algerlega. Sönnunin fyrir þessu er sú, að um 1860 var í Noregi varla nokkur kind kláðalaus, en nú er honum algerlega útrýmt þar.

Hvað því viðvíkur, sem háttv. 4. kgk. þm. (J. J.) sagði, að kláðamaurinn gæti lifað langan tíma utan sauðkindar, jafnvel í holum úti á víðavangi, og skriði svo úr holum þessum á kindurnar aftur, þá var það svo dæmalaust einkennileg kenning, að eg get ekki látið vera að mótmæla henni; það er nefnilega margreynt og margsannað, að maurinn lifir ekki nema í hæsta lagi 10—12 daga utan kindarinnar. Eg er ekki kláðafróður, en þetta er mér þó fullkunnugt, og eg hefi séð maur, sem tekinn var af kind, steindauðan eftir 8 daga.

Í sambandi við þetta, mintist háttv. 4. kgk. þm. (J. J.) á mannakláða, og var á honum að heyra, að hann væri alveg vonlaus um, að honum yrði nokkurn tíma útrýmt úr landinu. En eg held, að eg geti fullvissað háttv. þm. um, að það sé alveg sama máli að gegna með mannakláða og kindakláða, að það megi útrýma báðum tegundunum, ef vilja og þekkingu ekki brestur.

Annars finst mér það undarlegt, hvað háttv. 4. kgk. þm. (J. J.), sem jafnframt er landlæknir, talar oft um mannakláða, eins og einhverja voða landplágu. Eg hefi ekki séð mannakláða víst í ein 30 ár og eg hygg hann mjög sjaldgæfa sýki út um landið, en því undarlegra er það, að gróðrastía fyrir kláða á mönnum skuli vera hér undir handarjaðrinum á landlæknum.

ATKV.GR.: 1.—5. gr. frumv. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. sþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 10. ágúst. (C. bls. 344).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. í e. hlj. og verður afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Túngirðingar.

FRUMVARP til laga um túngirðingar á Íslandi; 1. umr., 18. júlí. (C. bls. 254).

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Eg get búist við, að frumv. þetta fái misjafna dóma og það þegar hér á þinginu; eg býst við þessu, af því að bæði er frumv. nýmæli og að sumu leyti frumlegt, og eins af því, að það kann að þykja hafa á sér þann blæ, er ekki sé móðins. En það vill svo vel til, að flutningsmennirnir eru fleiri en einn, og ámælið, þar sem um það er að ræða, skiftist niður á fleiri en einn, og kemur við það minna á hvern um sig; sama er og um hrósið að segja; og dómarnir ná ekki eingöngu til manna í þessari deild, því að einn af háttv. þm. Nd., háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) hefir unnið með oss að samningi frumv., en í þessari deild var það þó borið upp, af því að hér eru fleiri af flutningsmönnunum. Eg tek það aftur fram, að frumv. þetta er nýmæli, og að þessi tillaga er frumleg og íslenzk að uppruna, en engin útlend eftirstæling. Þetta er nýmæli, sem hefir orðið að gagni, þar sem það hefir verið reynt, er að gagni og mun jafnan verða, á meðan jarðrækt er stunduð. Eg fullyrði það, að menning þjóðarinnar og hagsæld byggist á engu fremur, en á nýtilegum landbúnaði; eyðileggist hann, þá mun skamt að bíða eyðileggingar landsins sjálfs; verði land vort einungis fiskiver, þá gef eg ekki mikið fyrir framtíð þess. Eg vona, að eg þurfi ekki að fara mörgum orðum um þetta, því að flestir munu játa það, að landbúnaðurinn sé öruggasti hyrningarsteinninn undir velmegun þjóðarinnar; en aftur er það viðurkent af þorra þeirra, er skyn bera á, að jarðræktin sé undirstaðan undir landbúnaðinum, en af jarðræktinni má hiklaust telja túnræktina þýðingarmesta hjá oss; töðuræktin er það, sem vér þurfum að leggja alla stund á.

Fyrsta stigið til að koma túnræktinni í varanlegt og gott horf, er efalaust girðing túnanna. Þær eiga ekki að ganga á eftir öðrum túnbótum eða jafnhliða þeim, heldur á undan öllu öðru. Vankunnátta, misskilningur og ýmsar kringumstæður hafa þó verið þess valdandi, að þessum sjálfsögðu reglum hefir ekki verið fylgt að nokkrum mun.

Kostirnir við að girða tún eru margir.

Fyrst er það, að þar sem tún eru ógirt, þar verða allar aðrar jarðabætur ekki að hálfum notum. Þótt vér tökum það, sem fjærst kann að virðast liggja : framræslu á túnmýrum, þá verður hún ekki nærri að fullu gagni í ógirtu túni, skepnur skemma skurðabarmana með því að sparka þá í sundur, og falla skurðirnir þannig fyr saman en ella. Sama er að segja um vatnsveitingar á túnum; skepnurnar spora túnin og sparka, ef þær ná að ganga á þeim, meðan vatn liggur á þeim. Þá eru þaksléttirnar, þessar sléttur, sem hljóta þó að þola bezt af öllum sléttum skepnuágang, þær eyðileggjast á stuttum tíma, ef skepnur fá að ganga á þeim, þær sporast upp og myndast við það þýfi í þeim, að vísu ekki sams konar þýfi, og á meðan ósléttað er, en annað þýfi enn leiðara, nabbaþýfið; verða slíkar sléttur eftir nokkurn tíma til vanvirðu, en eigi til sæmdar fyrir þá, er þær gerðu, því að eigi sést á þeim, hvernig upphaflega var frá þeim gengið, en það eitt sést, að þær hafa verið vanhirtar.

Þá eru flagsléttirnar, þar sem menn að eins mynda flag, er menn láta náttúruna verka á, og ef til vill hjálpa henni nokkuð með að kasta moði í flagið, og flýta þannig fyrir jurtagróðri í því. Þessar sléttur eru enn ver farnar en hinar, ef þær verða fyrir gripaágangi, því að þær eru undirorpnar beinni eyðileggingu af þessu.

Það hefir nú að undanförnu verið talað töluvert um grasfræsáningu. Eg hefi að vísu enga trú á, að rétt sé að taka hana nú þegar alment upp, en það vitum vér, að hún er alltíð erlendis, og vér verðum að játa, að fullkomnasta jarðræktaraðferðin er það í sjálfu sér. Eg vil því, að vér gerum tilraunir með sáningu þessa. En að tala um að sá grasfræi í ógirt land, það verð eg að telja hreint og beint einfeldnislegt. Slíkar sléttur verða fyrir öllum sama óskundanum, sem hinar sléttunnar, er eg hefi nefnt, en við það bætist svo, að skepnurnar reita upp allan nýgræðinginn jafnóðum og hann gægist upp úr jörðunni.

Auk grasfræsáningarinnar, hafa menn talað um að sá rótarávöxtum í flögin — og er eg fremur með því — til þess að undirbúa jörðina. En þessu verður þó ekki alment komið við, svo að verulegu haldi komi, því að allvíða hagar svo til, að þótt teknir séu ræktarbeztu blettirnir í túninu, til að sá í jarðarávöxtum, þá spretta þeir þar ekki að nokkrum mun, nema í beztu árum. En svo veit eg, að til eru aðrir staðir á landinu, þar sem þetta getur lánast, og það ekki eingöngu kringum sjálfa bæina, þar sem ræktin er bezt, heldur líka út um alt túnið; en þó að eins getur þetta gengið, að svæðið sé umgirt.

Vér vitum hve þýðingarmikið það er fyrir túnræktina, að hafa mikinn áburð og góðan, en hann kemur þó ekki að fullu gagni, nema á girtu landi, því að þess ber að gæta, að því betur sem borið er á einhvern blett, fyrir því meiri ágangi vill hann verða. Vér sjáum af þessu, að allar tilraunir til jarðabóta eru lítt nýtar án girðinga, og hálfgert kák.

Það er þá fyrsti kosturinn við girðingarnar, að við þær verða aðrar jarðabætur mögulegar og að fullum notum. Í öðru lagi spara girðingar áburð, því að grasið, sem geymist innan þeirra, verður bæði nýgræðingnum til skjóls og rotnar niður í jörðina og verður þannig hinum ungu jurt-

um að næringu, og eykur með því töðufallið.

Í þriðja lagi skapa girðingarnar nýjan og sérstakan haga handa einni tegund búpenings vors, sem ekki skaðar grasvöxtinn, þótt hún sé þar á beit, nema að eins nokkurn tíma fyrir sláttinn; það eru kýrnar. Um tíma geta úthagarnir verið eins gott beitiland fyrir kýr, eins og túnin, og þær mjólka betur af grasinu í góðum úthögum en af innifóðri, en bæði spretta úthagar mun seinna en tún, og eins fellur grasið á þeim miklu fyr en háin á túnunum. Það er því svo hagkvæmt og arðsamt að geta haft kýr á túnum fram eftir vorinu og seinni hluta sumars og fram eftir haustinu; með því fá bændur meiri mjólk úr kúm sínum og geta að meinalausu sparað töluvert fóður. Í fjórða lagi venja girðingarnar skepnur af túnsækni, og gera þær þægari; þessi túnbeit er meðal annars óholl fyrir hesta og þó einkum fyrir sauðfé; með því að fyrirbyggja það, að sauðfé gangi á túnum, munum vér geta dregið mikið úr sullaveikinni og höfuðsóttinni í sauðfé; eg segi þetta, af því að eg þykist hafa órækar sannanir fyrir því, að þessir sjúkdómar stafi eingöngu af túnbeitinni.

Í fimta lagi spara túngirðingarnar mjög vinnukraft, og sjá allir, hve afarþýðingarmikið það er, því að það er einróma álit, að ekkert hnekki landbúnaðinum meir nú en skortur á vinnukrafti og dýr vinnukraftur. Þótt vér tökum þá sem dæmi, sem minst hugsa um að rækta tún sín og verja, þá mun vart finnast sá amlóði á öllu landinu, að hann reyni ekki að verja túnið hálfsmánaðartíma fyrir sláttinn, og um sjálfan túnasláttinn.

Þó þessir menn séu teknir til dæmis, þá munu þeir í vinnusparnaðinum einum fá margborgað hundraðsgjald það, sem frv. fer fram á að þeir greiði. Það er ekki svo lítil kvöð að þurfa að verja tún nótt og dag, þótt eigi sé nema hálfan eða heilan mánuð.

Það má nú segja, að vér eigum allgóðar girðingar víða, þar sem eru varnarskurðir og garðar, og að líkindi séu til, að slíkar girðingar muni óðum aukast, þótt eigi sé hlutast til um það af hálfu hins opinbera. Það er satt, að þessar girðingar eru allrar virðingar verðar, að svo miklu leyti sem þær duga, en það eru engar girðingar, sem verja lönd til fullnustu fyrir sauðfé, aðrar en vírgirðingarnar; gaddavírinn einn er einhlítur til þess af þeim girðingarefnum, sem vér þekkjum.

Eg býst við, að flestir muni játa með mér kosti girðinganna og kosti gaddavírsins í girðingar; en vera má, að sumir séu því mótfallnir, að landssjóður leggi fram fé til girðinganna, að minsta kosti á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir; eg get búist við, að þeir segi, að fyrst girðingar borgi sig eins vel, eins og eg hefi haldið fram, þá muni almenningur koma upp girðingunum af sjálfsdáðum, og sé óþarfi að leggja fram fé úr landssjóði til þeirra. En þessu er því að svara, að bæði eru mennirnir ekki eins góðir, og þeir ættu að vera, ekki eins ráðdeildarsamir og skynsamir, og æskilegt væri, og auk þess eru margir eigi svo efnum búnir, að þeir hafi fé til að gera það, sem þeir vildu gera og sjá að skynsamlegt er að gera og arðvænlegt. Eg játa það, að fjáruppbæðin, sem fram á er farið, er allmikil, en þó ekki svo mikil, að ókleift sé fyrir landssjóð, að greiða hana, einkum þegar svo mikið er að hafa í aðra hönd. Við þessa fjárveitingu má og spara ýmislegt annað. Þannig hefir síðustu árin verið lagt fram allmikið fé til búnaðarfélaga. Þetta fé hefir verið veitt í nokkuð óákveðnu augnamiði og því dreift út í smáskömtum og menn látnir alveg sjálfráðir um, til hvers þeir verðu því. Sami maðurinn hefir á stundum haft margt undir í einu, hlaðið garðspotta, sléttað flatarblett, gert skurðstúf, komið sér upp kálgarðsholu o. s. frv. og alt því orðið lítils-

nýtt vegna girðingarleysisins, og garðspottinn sjálfur alónýtur vegna þess, hvað hann var stuttur, og auk þess að féð gat runnið yfir hann og eyðilagt hann eins og hinar jarðabæturnar. Þannig hafa margar af jarðabótunum orðið hálfgert kák, ekki sízt af því, hve títt það hefir verið, að sami maðurinn hefir hlaupið úr einu í annað eða hætt í miðju kafi; það er þannig oftast harla þýðingarlítið að hlaða garð í kring um part af túninu, en láta hitt ógirt.

Það hefir hingað til verið lögð alt of lítil áherzla á girðingarnar; búnaðarfélagið hefir snúið athygli sinni að plægingunum, en girðingarnar virðast því liggja í léttu rúmi enn sem komið er.

Eg tek það upp aftur, að þótt hér sé farið fram á mikil fjárframlög, þá er eg viss um, að þjóðinni muni alls eigi þykja þau ókleif, ef hún kemst til réttrar sannfæringar um, hvað sé í aðra hönd að hafa. Það má líka spara önnur fjárframlög, eitthvað, sér í lagi til landbúnaðarins, ef þetta frv. nær fram að ganga. Eg skal færa nokkur rök fyrir þessu. Nú er farið fram á að veita búnaðarfélögum 24000 kr. á næsta fjárhagstímabili, í stað 20000 kr. nú og 18000 kr. áður. Mér finst engin synd gagnvart búnaðarfélögunum, þótt þessi upphæð yrði eigi höfð nú hærri en 18—20000 kr. og spöruðust við það 4—6000 kr. Eg játa það, að fé það, sem búnaðarfélögum hefir verið veitt, hefir gert verulegt gagn; fyrir það hafa myndast ýms búnaðarfélög, og þau leitt margan til jarðabóta, sem annars mundu ónunnar. En verði féð veitt til girðinganna, þá mundi hugur manna snúast mest í bráð að því starfi, og búnaðarfélögin því eigi þurfa á eins miklu fé að halda, á meðan á þessu stæði. Eg álít búnaðarfélögin nauðsynleg og því vil eg, að haldið sé áfram að veita nokkur þúsund til þeirra, þrátt fyrir fjárveitingu þessa; að öðrum kosti er hætt við, að þau mundu leysast upp og yrði þá erfiðara að koma þeim á fót aftur.

Til Búnaðarfélags Íslands er farið fram á að hækka styrkinn um 10500 kr., eða úr 12000 kr. upp í 22500 kr.

Eg játa það, að félag þetta hafi unnið mikið gagn. En hér er um svo skylt starf að ræða störfum þess, að eg skil ekki í öðru, en að það mundi gera minni kröfur til landssjóðs, ef þetta mál fær framgang.

Eg hefi reyndar hið sama að athuga við félag þetta, eins og svo margt annað hjá oss, að fjárveitingar þessar eru sumar nokkuð út í loftið og býsna loftkynjaðar. En hugmynd vor er algerlega jarðnesk, einskorðuð og útreiknuð, og getur aldrei orðið nema til gagns, komist hún í framkvæmd, aldrei misskilin eða misbrúkuð. Eg hygg, að Búnaðarfélag Íslands mundi geta gert fult gagn, þótt styrkurinn til þess yrði ekki hækkaður, svo framarlega sem frv. vort fengi framgang; og eigi væri það ósennilegt, að það gerði sig óvinsælt hjá bændum og búalýð, ef það mælti móti þessari fjárveitingu, en heimtaði fé handa sjálfu sér til framlaga, sem fólkið skildi síður í og hefði minna traust á. Það mundi á engan annan veg geta betur rutt sér braut en með því að styðja þetta; með því mundi það ryðja braut fyrir miklu meiri búnaðarframförum en nú má gera sér í hugarlund. Það mætti og takmarka ýmsar aðrar fjárveitingar t. d. til akbrautanna. Eg játa, að þær geti að vísu verið þarflegar og góðar, en ekki koma þær landsbúum að nándar nærri eins jöfnum og hagfeldum notum, eins og girðingarnar.

Eg skal nefna til hérað eitt, sem fengið hefir 40,000 kr. til akbrautar, hérað, sem svo vel er sett, að það hafði fyrir góða vegi, og gat dregið að sér þungavöru sína á ísum á vetrum. Þessar 40 þús. kr. hefðu sjálfsagt nægt til að girða öll

tún í þeim hluta héraðsins, er brautin liggur um, og eg er viss um, að framtíðarhorfur þess héraðs hefðu verið mun glæslegri, ef þeim hefði verið varið til girðinga en akbrautar, og eg er viss um, að girðingarnar hefðu á þeim árum átt að geta gefið af sér nægilegt fé til brautarlagningarinnar. Það hefir komið of ríkt fram hjá oss að undanförnu, þar sem um vegabætur og jarðabætur hefir verið að ræða, að við höfum látið þægindavonina sitja í fyrirrúmi fyrir arðsvoninni.

Eg ætla ekki að þessu sinni að tala um það, hvað við gætum sparað við það, að girða fyrir stofnun óþarfra embætta og sýslana, eða hvað of há eftirlaun draga til sín af landsfé. En eg skal vekja athygli á því, að við það, að snúa huganum að stórum framfarafyrirtækjum, vona eg, að oss takist að láta hann hvarfla frá ýmsum miður þörfum fjárbænum og fjárveitingum. Og þó nú ekki væri sparaður beinlínis einn eyrir af landsfé, til að koma þessu fram, þá er eg viss um, að áður en 5—10 ár eru liðin, mundi gjaldþol manna hafa aukist stórum, lausafjárskatturinn hækkað, og önnur gjöld bænda, bein og óbein, í landssjóð, svo að eg er viss um, að hann mundi, þegar öllu er á botninn hvolft, hafa beinan hag, en ekki óhag af fjárframlagi sínu, að eg ekki tali um, hvað þjóðareignin mundi aukast. Þeir kunna að vera til, sem hvessa augun á hina stóru upphæð, sem hér er nefnd, en eg bið hina sömu menn að gæta þess, að vér erum ekki jafnan svo sparsamir á landsfé, meira að segja miklu ósparari en vér flutningsmenn frumv. Eg mintist áðan á akbrautirnar; fé til þeirra hefir verið veitt eftirtölulaust af þorra manna, og er þó búið að leggja í þær, og það handa litlum hluta landsins, hátt upp í það, sem hér er farið fram á að veitt sé öllu landinu til girðinga.

Á þinginu 1891 var stór hluti þingmanna á því, að leggja 50000 kr. á ári í 30 ár, alls auk vaxta 1500000 kr., til járnbrautarstúfs, sem eiginlega ein einasta sýsla hefði haft gagn af; í þetta horfði þingið þá ekki, þrátt fyrir það, þótt það nálgaðist æðimikið hreppapólitík. En hér er ekki slíkt á seiði; hér er verið að hugsa um landið alt, og sízt er hægt að segja, að eg beri mitt kjördæmi hér sérstaklega fyrir brjósti, þar sem það er bæði eitt af minstu kjördæmunum, og lifir auk þess að mjög verulegum hluta á sjávarútvegi.

En auk þess, sem eigi hefir verið horft í að leggja beint úr landssjóði stórar upphæðir til ýmissa hluta, þá hefir og verið minst á ýmsar lagabreytingar, er rýra mundu tekjur landssjóðs. Það hafa t. d. komið fram margar og háværar raddir um að koma á aðflutningsbanni vínfanga, en engin andmæli gegn, heldur dauðaþögn. Afleiðingin af slíku banni yrði þó sú, að sé miðað við vínfangatollsáætlunina nú, í gildandi fjárlögum, og áætlunina um vínsöluleyfisgjaldið, þá mundi landssjóður missa á ári 130000 kr. eða í 30 ár 3,900,000 kr. auk vaxta. Þessi uppástunga hefir ekki sætt neinum mótmælum í þinginu, enda hefir hún nú reyndar ekki enn komist fullkomlega í herbúðirnar. En þegar spurt er, hvað koma eigi í staðinn, þá er svarið ekki annað en þetta, að velmegun muni vaxa í landinu miklu meira en þessu nemi, og gjaldþolið að sama skapi sem velmegunin. En sé þetta rétt, þá mun ekki ástæða til að efast um það, að velmegun bænda muni vaxa svo við girðingarnar, að þeir verði fullfærir um að bera auknar álögur í landssjóð, svo sem girðingarkostnaðinum nemur.

Það hefir verið talað um það að afnema lausafjár- og ábúðarskattinn, og fram á það er farið í einni fundargerð úr mínu kjördæmi. Eg er þó ekki með því, að um leið og verið er að biðja um fé úr landssjóði til búnaðarframa, sé jafnframt

farið fram á, að létt sé eðlilegum og gömlum gjöldum til landssjóðs af bændum. Nú er ábúðar- og lausafjárskatturinn um 43000 kr., og nemur sú upphæð á 30 árum 1,290,000 kr. Líka hefir verið talað um, að banna hvalaveiðar hér við land og misti þá landssjóður um leið alt gjald af þeirri veiði, sem nemur öllu meiru en ábúðar- og lausafjárskatturinn.

Þá var á þinginu 1901 samþykt, að stemma stigu fyrir fjárkláðanum, og að landssjóður legði fram fé til að kaupa fyrir öll baðlyf, og eins og þá var tilstofnað, mundi að líkindum hafa gengið til þess eins mikið fé, eins og til girðinganna, en til lítils gagns. Þetta var samþykt mótmælalaust, en sjálfsagt var það, að samþykt vor var gerð í skilningsleysi; menn höfðu ekki gert sér grein fyrir, hverja byrði þeir voru að leggja á landssjóð. Reyndar kom ekki til útgjalda þessara, fullkomlega, því að yfirvöldin gripu í taumana og létu ekki af hendi baðlyfin nema mjög takmarkað, og megum vér vera þeim þakklátir fyrir, þótt þau í raun og veru fremdu þar lagabrot. Og nú veit eg ekki betur, en að þingið sé að gera ráðstöfun til, að veittar séu fram undir 200,000 kr. til útrýmingar fjárkláðanum. En af því þar er stefnt að útrýmingu kláðans og ekki lagt fé til nema eitt fjárhagstímabil, þá er eg þeirri fjárveitingu fullkomlega samþykkur.

Af öllu þessu sést, að ýmsir menn eða þingið er eigi jafnan spart á, að leggja gjöld á landssjóð eða svifta hann tekjum. Þegar litið er á frumv., þá sést það, að ekki er farið fram á að baka landssjóði nokkur bein útgjöld að svo stöddu. Það er farið fram á, að bændur greiði hundraðsgjald af fénu; að vísu er það svo lágt, að það nemur ekki nema vöxtum fjárins, en fyrir það sama er hér ekki farið fram á neitt beint fjárframlag, fyr en eftir 30 ár, og eftir 30 ár mundu menn sjá þann árangur af umbótinni, að fjarri mundi vera, að þeir sæu eftir þessu 500,000 kr. fjárframlagi, sem upprunalega var lánveiting, en þá á að verða að gjöf. Eg skal geta þess, að upphæðin er ekki gripin úr lausu lofti, heldur er hún bygð á áætlun, sem að vísu getur ekki verið nákvæm, en mun þó reynast engin fjarstæða, heldur nærri réttu lagi.

Þegar á að gera sér grein fyrir kostnaðinum, þá er fyrst að fá vitneskju um, hvað gaddavírsgirðing muni kosta. Eftir upplýsingum, sem eg hefi fengið hjá þeim manni, sem mest verzlar með þetta girðingarefni, mun efnið í faðminum kosta 43 aura, það er að segja 5 vírsnúrur á 5 aura faðmurinn og $^3/_8$ úr vírtein, 60 þml. löngum, á 18 aura.

Eftir jarðabókinni 1861 voru jarðir alls á landinu tæp 5000; vér skulum gera þær 5000, því að verið getur, að hjáleigur, sem þá voru í eyði, hafi verið bygðar upp síðan; af þessum jörðum voru 870 kirkjujarðir og 507 þjóðjarðir, eða alls tæp 1400 jarðir opinber eign, sem mundi þurfa um 56000 faðma langa girðingu í kring um túnin, ef gert er ráð fyrir, að í kring um hvert tún þyrfti að meðaltali 400 faðma. Bændaeignirnar ættu þá að vera um 3600, og girðingarnar í kring um þær ættu að þurfa að vera 1,440,000 faðmar; opinberu girðingarnar mundu þá kosta, þegar faðmurinn er reiknaður 43 aura, 236,800 kr., en hinar 403,200 kr. eða samtals 640,000 kr. Þessi upphæð er að vísu nokkuð meiri en gert er ráð fyrir í frv., því að eftir því lítur svo út, að girða megi öll tún á landinu fyrir 500,000 kr., en þess er að gæta, að áætlun þessi er sjálfsagt alt of há; því að í fyrsta lagi eru jarðir sjálfsagt færri nú en 1861, en ekki fleiri; auk þess má telja það víst, að girðingin kring um hvert tún mundi reynast styttri en 400 faðmar að meðaltali; að vísu má búast við, að þær mundu reynast tiltölulega

lengri sumsstaðar, en aftur liggja allvíða saman tún jarða, einkum tún hjáleigna við höfuðbólið, og víða eru þær nú lagðar í eyði og tún þeirra sett saman við höfuðbólið, og verður sparnaður að því. Þá eru og víða girðingar í kring um tún eða hluta úr túnum, og þótt þær séu máske ekki einhlítar, þá má gera ráð fyrir, að mikill sparnaður sé að þeim, er um þær á að bæta; enn fremur hagar eigi óvíða svo til, að tún eru sjálfgirt að einhverju leyti af ám, vötnum, klettum eða sjó. Enn er það eitt, sem ekki var tekið tillit til í áætluninni, það, að verðið á girðingarefninu mundi lækka stórum við það, að það yrði keypt í öðrum eins stórkaupum, eins og hér er gert ráð fyrir, það hlyti alls að nema hundruðum tonna. Þá má og gera ráð fyrir því, að allir mundu, því miður ekki gefa sig fram til að hagnýta sér þetta tilboð, meðal annars af því, að þeim þætti það nema svo litlu, er landssjóður legði fram, að þeir vildu heldur spila upp á eigin spýtur og vera lausir við alla greiðslu til hans aftur.

Eg hefi nú ekki meira að segja um málið, en vona, að allir háttv. þingdeildarmenn skilji, hvert hér er stefnt, og um hve þýðingarmikið mál er hér að ræða. Eg óska þess, að nefnd verði skipuð í málið, því að þótt vér höfum verið 4 um að semja frumv. og höfum varið allmiklum tíma til þess, og vandað það eftir föngum, þá er þó með þetta mál, eins og önnur, að betur sjá augu en auga.

Að endingu skal eg geta þess, að það er ekki tilætlunin, að féð sé lagt fram alt í einu, heldur smátt og smátt, og sömuleiðis, að þótt vér höfum lagt það til, að greiddir séu 4% vextir af fénu árlega, þá mundum vér ekki setja oss á móti því, þótt hundraðsgjaldið sé fært upp í 5, ef frumv. þætti aðgengilegra á þann veg; með því móti fengi landssjóður endurgoldið mikið af höfuðstólnum.

Júlíus Havsteen: Þegar eg leit á titil þessa frumv., þá datt mér í hug gömul tilskipun frá 13. maí 1776, um garða- og þúfnasléttu, og hélt eg fyrst, að hún væri risin upp aftur úr gröf sinni, en sú tilskipun var numin úr gildi með opnu bréfi 9. marz 1836, þótt hún sé talin lifandi enn þá í hreppstjórareglugjörðinni 29. apríl 1880; en þegar eg gáði betur að, þá sá eg, að frumv. þetta er nokkuð annað en tilsk. 13. maí 1776, og er það alls ekki eins saklaust og gamla tilskipunin var. Að vísu er það líkt henni að því leyti, sem það miðar til þess, að menn girði tún sín eða komi upp girðingum, en munurinn er sá, að menn áttu sjálfir að sjá um þessar framkvæmdir eftir gömlu lögunum, en eftir frumv. er það landssjóður eða landsstjórnin, sem á að girða túnin. Ef það nú hefir svo mikla kosti í för með sér og gerir svo mikið gagn, að tún séu umgirt, sem enginn getur efast um, og sem háttv. þm. Strand. (G. G.), sem er einn af flutningsmönnunum, sýndi og sannaði mjög ítarlega, þá finst mér það liggja næst, að menn sjálfir girði tún sín, og mér er það alls eigi ljóst, hvers vegna eigi að gefa þeim fé til þess að vernda sína eigin eign. Hér er heldur ekki spursmál um það að styðja almenning; hér er farið fram á að gefa sérstökum flokki af mönnum, sem sé jarðeigendum, sem eg tel efnamenn landsins, stórfé úr landssjóði.

Hér er ekki spursmál um takmarkaða upphæð til þess að hvetja menn til að girða tún sín, heldur um framlag á stóreflisupphæð, sem er svo mikið, að það er í mesta máta ísjárvert að ráðast í þetta.

Eg ímynda mér, að almenningi hér á landi verði það lítið gleðiefni, þegar þeir sjá þessa gjafaútbýting handa efnamönnum landsins, og að þeim sé gefið fé eða fé lagt upp í hendurnar á þeim til þess, sem þeir sjálfir eiga að kosta. Þar að auki er það mikið efamál, hvort þessar girðingar séu heppilegar eða eigi. Eins

og kunnugt er, hefir nú á síðari árum, verið lagt fram fé til þess, að gera tilraunir til að finna byggingarefni í landinu sjálfu, en nú er hér verið að fara fram á að leggja til fé úr landssjóði til þess að fá efni í túngirðingar frá útlöndum, þótt nóg efni sé til í landinu sjálfu til þessa.

Eg veit svo mikið, að margir hér á landi hafa eitthvað á móti gaddavírnum og álíta hann óhafandi.

Eg hefi sjálfur haft nokkra reynslu í þessu tilliti. Eg setti í fyrra gaddavírsgirðingu um mitt tún, en hún var óðara rifin niður aftur af nágranna mínum, og það síðasta, sem eftir var af þessari gaddavírsgirðiugu, sem eigi náði til þessa nágranna míns, var rifið niður núna um daginn af óviðkomandi mönnum, sem þurftu að fara yfir tún mitt, til þess að stytta sér leið upp í Bergstaðastræti eða upp á Skólavörðustíg. Eg hefi líka heyrt margar sögur um það, að menn gætu ekki litið gaddavírinn réttu auga, og þess vegna álít eg það í öllu falli óheppilegt að setja það í lögin, að gaddavír skuli notaður til túngirðinga, og þyrftu þá að vera til sérstök lög um friðhelgi á girðingum; hér í þessu frumv. er að eins talað um friðhelgi, þar sem hlið eru á girðingunum, en eg er viss um, að menn rífa þessar gaddavírsgirðingar niður, hvar sem þeir koma að þeim.

Að því er snertir áætlunina um kostnaðinn, þá held eg, að hún sé í lausu lofti. Það er alls ekki hægt að segja, hve langir túngarðar eru á öllu landinu. Ef frumv. þetta kemst til 2. umr., þá er fyrst tími til að ganga inn á einstakar greinar þess, en eg get samt ekki leitt hjá mér að minnast lítið eitt á 1. gr., og verð eg að segja, að eg skil hana ekki. Þar stendur, að fé skuli veitt og gaddavír útvegaður að eins með því skilyrði, að verkinu sé lokið innan ársloka 1908, en hvernig geta menn vitað um þetta fyrirfram? Og mér finst hér vera einhver hugsunarvilla. Eg fyrir mitt leyti, get alls ekki greitt atkv. með þessu frumv., og verð að álíta, að þeir, sem eiga jarðir, bæti þær sjálfir, eins og þörf er á, en að þeim ekki sé veitt fé til þess af landssjóði.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Mér þykir mjög leitt, að háttv. 1. kgk. þm. (J. H) skuli ekki vera mér samdóma um, að frumv. þetta sé heppilegt. Hann lagði mikið út af því, að með þessu væri ríkustu mönnum þjóðarinnar gefið fé og að þjóðinni mundi líka það illa, en eg verð að líta svo á, að þetta sé misskilningur, af því að mestu auðmenn þjóðarinnar eru ekki jarðeigendur, og eg held að allur fjöldinn af þeim, sem jarðir eiga að nafninu, reynist oft fátækari en hinir, sem eru leiguliðar; að minsta kosti veit eg það sjálfur af eigin reynslu. Eg hefi áður búið á eigin eign, en er ekkert fátækari nú sem leiguliði en áður sem sjálfseignarbóndi, svo að þetta, sem háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) kom með, er alls ekki neitt ófrávíkjanlegt lögmál. Auk þess er þess líka að geta, að þessi styrkur getur ekki að eins orðið jarðeigendum heldur líka leiguliðum að gagni, því að þótt þeir séu leiguliðar, þá gætu þeir unnið verk á móti landssjóðstillaginu og gætu alt af gert það eftir samráði við leigjanda eða jarðeigenda, þannig að jarðeigandi yrði að framlengja ábúðartímann ef hann vildi, að leiguliði legði út í þenna kostnað. Svo er það líka athugandi að háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) gleymdi því að hér er langstærsti jarðeigandinn, landssjóðurinn sjálfur, sem hjálpar sjálfum sér með þessu, og ef hann, sem er langríkasti jarðeigandi landsins, er þó svo fátækur að hann getur ekki kostað eða hjálpað til að girða kring um tún sín, þá er hann heldur ekki ríkur sem jarðeigandi.

Hvað kirkjueignunum viðvíkur, þá er það alt öðru máli að gegna. Það er ekki hægt að leggja þessar kvaðir á prestana

enda væri það heldur ekki sanngjarnt, þar sem kirkjueignirnar eru þjóðareign, sem munu renna saman með tímanum við alþjóðareign, og er margt, sem bendir á, að svo muni verða. Eg held þess vegna, að það sé misskilningur að halda, að það fé, sem hér ræðir um, verði til þess að styrkja auðmennina. Ef frumv. verður að lögum, þá verður það til þess að efla almenna velmegun, og ef svo er, þá sé eg ekkert á móti því, að lagður sé fram styrkur af almannafé til þess að koma því í framkvæmd, sem hér er farið fram á.

Þar sem háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) tók það fram, að gaddavírinn mundi verða rifinn upp, þá skil eg ekki, að það gæti komið til mála, að menn leyfðu sér slíkt, að menn færu að spilla mannvirkjum, sem eru einstakra manna eign; að minsta kosti trúi eg ekki, að menn mundu leyfa sér slíkt til sveita.

Viðvíkjandi því, að verkinu skuli lokið innan ársloka 1908, þá held eg, að menn geti séð, hvað meint er með því; það er sem sé trygging fyrir því, að þeir fái ekki efnið, nema þeir óski þess, og fái ekki að halda efninu, nema þeir uppfylli þetta ákvæði laganna, því að öðrum kosti verður efnið tekið frá þeim aftur og selt og kostnaðurinn endurborgaður landssjóði. Þetta er stór bót í máli og vona eg, að ekki séu margir á sömu skoðun og háttv. 1. kgk. þm. (J. H.), að eigi beri að veita nönnum styrk til þeirra mannvirkja, sem hér ræðir um. Eg get reyndar hugsað mér, að fleiri muni ef til vill horfa í kostnaðinn og að hér mætti fara miðlunarveg. En viðvíkjandi því, sem eg gat um áðan, að búnaðarfélagið legði ekki mikla áherzlu á girðingar, þá bygði eg það á athugasemdum við fjárlagafrumv.; en nú hefi eg í höndum ritgerð frá formanni félagsins, sem sýnir, að alt annað er nú uppi á teningnum að því, er þetta mál snertir, og sést af þessari ritgerð, að formaður búnaðarfélagsins er á sömu skoðun og eg í þessu efni, og gleður það mig mjög, enda vænti eg mér góðs styrks frá honum að því, er þessu máli viðvíkur.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

3 manna nefnd sþ. með 10 shlj. atkv.

Kosningu hlutu:

Guðjón Guðlaugsson	með	10 atkv.
Eiríkur Briem	—	7 —
Þorgr. Þórðarson	—	4 —

Önnur umr., 6. ágúst (C bls. 254; n. 463).

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Svo sem háttv. deildarm. mega sjá á nefndarálitinu, þá hefir nefnd sú, sem skipuð var, til að íhuga þetta mál, gert á því talsverðar breytingar og komst hún að þeirri niðurstöðu, að þó að frv. í sjálfa sér sé gott, þá væru þó þessar breytingar nauðsynlegar, og vill hún þá ráða deildinni til að samþ. frumv. með þessum breytingum.

Breytingar þær, sem nefndin hefir lagt til að gerðar séu, eru bæði margar og stórar, en þó flestar ekki mikilvægar að efninu til, heldur að eins orðabreytingar. Þó er ein efnisbreyting æði mikilvæg, sem eg vil geta um fyrst, þó að hún ekki sé fyrst í röðinni, þessi breyt.till. er 4. breyt.till. nefndarinnar, þar sem hún leggur það til, að greiddir verði 5 af 100 í 41 ár, í stað 4 af 100; hvaða þýðingu þetta hefir, er auðsætt. Það hefir þá þýðingu, að þetta verður lán, sem landssjóður fær endurborgað að fullu. Það er fyrir landbúnaðinn afarþýðingarmikið, að geta fengið fé til þess, að koma í kring verki jafnnauðsynlegu og gagnlegu landbúnaðinum, eins og þetta verk er. Hitt varðar minnu, hvort það árgjald, sem af fénu greiðist, er 1% meir eða minna; að minsta kosti er eg sannfærður um, að það mundi að engu leyti draga úr framkvæmdinni, þó að árgjaldið sé að þessu hærra.

Það má ekki draga framkvæmdir á þessu og eg held, að þeir, sem þetta er gert fyrir, hafi ekki á móti því, að borga dálitið meira; eg er sannfærður um, að þeir álíta þetta svo gagnlegt, að þeir telja það ekki eftir sér.

En hins vegar sá eg, að það var nauðsynlegt að sjá fjárhag landssjóðs borgið, og þótt enginn sé, sem ekki játi, að þetta sé alveg nauðsynlegt fyrir landbúnaðinn, þá áleit nefndin samt, að hún yrði að taka fult tillit til hinna fjárhagslegu kringumstæðna landssjóðs.

1. breyt.till., sem nefndin hefir gert, er þess vegna sú, að ákveða það, að fjárupphæðin, sem landssjóður lánar, skuli ekki yfirstíga 500,000 kr. og að þeim skuli skift jafnt niður á 5 ár, 100,000 kr. á ári. Eftir frv. var upphæðin óákveðin. Nefndin hefir í þessari breyt.till. eingöngu haft fjárspursmálið fyrir augum, að svo miklu leyti, sem hún hefir getað, en hins vegar gat hún ekki tekið svo mikið tillit til þess, þótt nokkrir umsækjendur yrðu að bíða 1 ár.

2. breyt.till. við 1. gr. frumv. er eiginlega að eins orðabreyting.

3. breyt.till. við 2. gr. frumv., nefnilega þá, að í stað „$^2/_3$“ komi „$^3/_4$“, gerði nefndin vegna þess, að hún ætlast, til að landssjóður veiti þessa upphæð að eins sem lán. Í fljótu bragði kann það að líta svo út, sem þessi breyt.till. auki útgjöld landssjóðs, en þegar tekið er tillit til þess, að efnamenn margir hverjir hafa það fyrir meginreglu að skulda engum neitt og vilja eiga jarðir sínar skuldlausar, þá má búast við, að þeir vilji ekki heldur þiggja þetta lán og dragi sig í hlé, en girði tún sín á eigin kostnað, því þeir munu kunna því illa að sjá sín tún ógirt, þegar hver fátæklingurinn hefir girt sín. Nefndin hyggur því, að þessi breyt.till. hvorki tefji fyrir verkinu, né heldur verði til þess, að auka útgjöld landssjóðs, en aftur á móti geta þeir efnaminni notið góðs af þessum lánslögum, en það eru einmitt þeir, sem þurfa að fá lán með góðum kjörum. Enn fremur leggur nefndin það til, að landssjóður láni alt fé, þegar svo stendur á, að vírgirðing er sett ofan á garð, sem er svo hár, að ekki þarf nema 3 strengi í stað 5, til þess að girðingin sé gripheld eða með öðrum orðum, að garðurinn sé reiknaður sem $^1/_4$ hluti girðingarkostnaðarins.

4. breyt.till. er um það, að lánið skuli afborgað með 5% á 41 ári og hefi eg þegar talað um það ákvæði.

5. breyt.till. er það, að 4. gr. frumv. falli burt vegna þess, að hún ræðir um það, sem nefndin hefir stungið upp á í seinni málsgr. 3. breyt.till. og sem hún ætlast til að verði 3. gr.

6. breyt.till. er orðabreyting og viðbót, en ekki efnisbreyting; og sömuleiðis er 7. breyt.till. að eins breyting á orðalaginu í upphafi 7. gr.

8. breyt.till. er um það, að í sömu (7.) gr. komi „$^1/_4$“ í stað „$^1/_3$“ og er það bein afleiðing af 3. brt. nefndarinnar.

Þá er 10. breyt.till. við 8. gr.

Aðalbreytingin, sem nefndin fer fram á, er sú, að landsstjórnin gefi út áætlun um það á hverju ári, hvað hver faðmur í vírgirðingum af fjóryddum vír, þar sem strengir eru 5 og 1 teinn 65 þuml. langur fylgi hverjum 8 álnum, mundi kosta. Meiningin er sú, að landsstjórnin semji reglugerð um það, hvernig girðingarnar skuli vera, hvað járnteinarnir skuli háir o. s. frv.

Nefndin sá sér ekki fært að slá neinu föstu um þetta atriði, reynslan er enn þá lítil á þessum vírgirðingum, og því margt sem nefndin áleit efasamt, hvernig heppilegast yrði fyrir komið og vildi því eigi slá neinu föstu, en áleit heppilegt að láta stjórnina semja slíka reglugerð og á ætlun með aðstoð búfróðra manna.

Þrátt fyrir það áleit nefndin réttast í frumv. að halda einhverju föstu ákvæði um það, hvað margir teinarnir og hvað

háar girðingarnar væru, þar sem mest væri, til þess að stjórnin gæti gert áætlun um kostnaðinn, þegar hún hefði fengið skýrslur um það, hversu mikið þyrfti að nota af efni til girðinga. Meining nefndarinnar er sú, að stjórnin léti bjóða mönnum að gera tilboð um að útvega þetta efni, en þegar hún hefði fengið hið lægsta tilboð, þá gæti bæði hún og allir aðrir reiknað út, hvað hver faðmur kostaði; því hefir nefndin haldið þessu ákvæði.

Enn fremur hefir nefndin gert breytingu að því leyti, að hún hefir breytt hæð járnteinanna í 65 úr 60 þuml., eins og gert var ráð fyrir í frv.; hún áleit nfl., að það gæti verið helzt til knapt, því hún gerði ráð fyrir, að minna en 40 þuml. mætti hæðin ekki vera ofanjarðar.

Þá er 11. breyt.till., sem er að eins orðabreyting.

Þá er 12. breyt.till., sem tekur ákvörðun um það, hvað gera skuli, ef vanrækt er að nota efnið. Nefndin áleit að vísu, að þar sem um prívateignir er að ræða, og menn hefðu lagt fé fram að meira eða minna leyti í girðingarnar, þá væri þar með fengin talsverð trygging fyrir því, að menn eigi mundu láta efnið ónotað og það því fremur, ef menn á fyrsta manntalsþingi ættu að borga afborgun af láninu. Þrátt fyrir þetta áleit nefndin réttara að setja einhver frekari ákvæði um það, innan hvers tíma efnið skyldi vera notað.

13. br.till. er að eins orðabreytingar og 14. breyt.till. fer fram á, að 11. gr. falli burtu, af því að efni hennar er áður tekið upp í 8. gr.

15. breyt.till. er orðabreyting á seinni hluta greinarinnar og að engu efnisbreyting.

Þá hefir nefndin í 17. breyt.till. farið fram á, að greinin orðist um, og auk þess sett 10 kr. sekt fyrir vanrækslu á viðhaldi girðinganna.

Nefndin leit svo á, að menn mundu vanrækja viðhald á girðingunum, er eigi væru settar einhverjar sektir.

Eg held nú reyndar, að reynslan muni færa manni heim sanninn um, hvert búmannsþing góðar girðingar eru, og hversu mikla þýðingu þær mundu hafa fyrir landbúnaðinn, en þá munu menn líka læra að halda við sínum girðingum, án þess að menn séu þvingaðir til þess með sektum, enda þótt oft megi ásaka oss fyrir miður góða umhirðu; en að menn hafa ekki haldið við girðingum sínum, stafar að minni hyggju mest af því, að þær girðingar, sem þeir hafa haft, hafa aldrei verið fullnægjandi og hafa því ekki áþreifanlega fært mönnum heim sanninn um það, hversu mikla þýðingu þær hafa, en þegar girðingarnar eru orðnar fullnægjandi og fullheldar, þá mun skoðun manna jafnóðum breytast svo, að vanræksla yrði lítt hugsanleg. Menn kynnu nú að spyrja, hver ætti að hafa eftirlit með því, að girðingunum yrði haldið við, og er þar til því að svara, að eg álít það sjálfsagt, að eftirlitið komi frá hendi hins opinbera, að sýslumenn og hreppstjórar hafi gætur á, að þessu yrði framfylgt, enda má líka búast við, að fullkomin (systematisk) landbúnaðarlöggjöf verði gefin út, áður langt um líður, og að þetta atriði yrði þá einnig nánar ákveðið.

Eg hljóp áðan yfir 16. breyt.till., sem fer fram á 2—10 kr. sekt fyrir vanrækslu á því að loka hliðum og girðingum.

Nefndin hefir stungið upp á þessari sektarupphæð, 2—10 kr., af því að hún þóttist hafa reynslu fyrir því, að ef sektin yrði sett of há eftir því, sem almenningur kallar, eða ef mönnum finst sektin órímilega há í samanburði við brotið, þá er lögunum heldur ekki hlýtt. Nefndin hugsaði sér, að framkvæmdin á þessum sektarákvæðum mundi verða sú, að ábúandinn mundi sjálfur, er hann sæi mann fara um girðingar sínar, án þess að loka hliðum, ganga til þess, sem brotið framdi. Hann mundi þá vanda um við

ferðamanninn, sem brotið framdi, er sæi, í hvert óefni væri komið og mundi hann þá borga þá lægstu sekt, og mundi skaðinn sjaldnast fara fram úr því; en þótt skaðinn væri eitthvað meiri, mundi hann þó varla nokkurn tíma fara fram úr 10 kr.

Það var tekið fram við 1. umr. þessa máls, að við frumv. vantaði hegningarákvæði, ef girðingar yrðu vísvitandi skemdar. Eg svaraði þessu þá og gat þess jafnframt, að nefndin mundi taka þetta til greina.

Annars er það álit nefndarinnar, að slíkt ákvæði í þessum lögum sé ekki nauðsynlegt, af því það hljóti að vera hegningarvert samkvæmt öðrum lögum, að minsta kosti samkvæmt hegningarlögunum að eyðileggja vísvitandi eignir annara manna, en þrátt fyrir það hefir nefndin þó álitið réttast að taka sektarákvæðið hér upp, af því það á svo vel við, og ætlast hún þá til, að sektin renni í sama sjóð, og sektin fyrir að vanrækja að loka girðingum, nefnilega sveitarsjóðinn.

18. breyt.till. er orðabreyting ein, en svo er 19. breyt.till., sem nefndin hefir komið með í þeim tilgangi, að tryggja löggjafarvaldinu, að mótþróa landsdrottins eða leiguliða geti ekki orðið framkvæmd þessara laga til hindrunar. Nefndin álítur nefnilega, að leiguliðinn hljóti að hafa svo mikinn rétt, að ef hann vilji vinna til girðingarinnar og leggja fé af eigin sjóði og borga af landssjóðslániuu, meðan hann situr á jörðinni, þá hljóti hann líka að nega taka lán og eiga von endurgjalds á því fé, sem hann hefir varið til girðingarinnar úr eigin vasa. Aftur á móti áleit nefndin sjálfsagt, að landsdrotni skyldi vera heimilt að girða jörð sína, þó leiguliði kynni að vera svo heimskur og á eftir tímanum, að hann vildi enga girðingu hafa. Nefndin áleit það hart, að landsdrottinn mætti eigi, ef hann vildi, bæta jörð sína, leggja til fé og vinnu, að honum stæði það þá eigi opið; til þess að sameina það tvent, hefir nefndin komið með ákvæðið í 19. br.till.

Þá er 20. breyt.till. við 16. gr. að eins orðabreyting.

Sömul. 21., en í 22. breyt.till. við sömu gr. er sú efnisbreyting, að sektirnar eru færðar niður í 50—100 og 25—50 kr.

Enn fremur leggur nefndin til, að sleppa ákvæðinu í 16. gr. um, að garður, sem hlaðinn er undir vírgirðingu vegna þess, að hún liggur fram með alfaravegi, skuli koma upp í áskildar jarðabætur, samkv. byggingarbréfi, þar sem ábúandi hlýtur að fá hann endurborgaðan samkvæmt 15. gr., þar eð hann hefir kostað hann af eigin fé.

Eg vona, að háttv. þm. hafi athugað nefndarálitið; mun eg því ekki fara frekar út í það að sinni.

Eg vona að eins, að háttv. deild samþ. þær breytingar, sem nefndin hefir gert á frumv., því þær eru til bóta.

Hallgrímur Sveinsson: Strax er eg sá þetta frumv., virtist mér það hafa talsverða kosti til að bera, þó það að öðru leyti, einkum að því er snertir kostnað fyrir landssjóðinn, væri alt annað en aðgengilegt. Enginn efi er á, að það væri ómetanlegt gagn fyrir landbúnaðinn, ef bændum tækist að girða viðunanlega alt ræktað land og það á stuttu árabili.

Eins og frumv. var upphaflega úr garði gert, var ákveðið, að landssjóður borgaði meginhluta fjárins. En nú hefir frumv. fengið þær umbætur í nefndinni, að landssjóður á að eins að leggja út féð í bráðina og gerir það frumv. að miklum mun aðgengilegra.

Í þriðju gr. er gert ráð fyrir, að landssjóður skuli leggja fram allan kostnað við girðingar á landssjóðs- og kirkjujörðum, og svo stendur, að leiguliðar megi taka upp girðingar um tún og nota annars staðar á jörðinni, sem þeir áður hafa látið

gera á sinn kostnað. Þeir, sem áður hafa girt, þurfa eftir því, sem mér skilst, ekki að fá nýja girðingu; en kjósi þeir það þó, mega þeir nota eldri girðinguna annars staðar. En það er ekki víst, að svo hagi alstaðar til, að slíks sé þörf, og mun þá þeim mönnum heimilt að búa að hinni gömlu girðingu.

Í 4. gr. er talað um einstaks manns eign, þar sem talað er um innheimtu á gjöldunum, og sagt, að ef gjöldin séu ófáanleg frá ábúanda á einstaks manns eign, skuli jarðeigandi greiða gjaldið. Það gæti líka hugsast, að gjaldið væri ófáanlegt hjá eigendum, ef um sameign margra manna væri að ræða; en einstaks manns eign á víst þarna að þýða „privat“eign.

Þar sem 5. gr. gerir ráð fyrir, að skoðunargerðinni á öllum jörðum landsins skuli lokið fyrir 1. nóv. 1904, gæti það þá ekki hugsast, að það kæmi í bága við það, ef staðfesting laganna af einhverjum ástæðum kynni að dragast nokkuð lengi, ef til vill fram á haust 1904?

Að öðru leyti er hér að vísu um talsverð fjárframlög af landssjóði að ræða í svipinn, en eg get vel fallist á það, þegar um nauðsynleg og gagnleg fyrirtæki er að ræða, svo framarlega sem landssjóður hefir fé fyrir hendi, og sérstaklega þar sem landssjóður fær þetta fé endurgoldið.

Valtýr Guðmundsson: Eg ætla mér ekki að lengja umræðurnar um þetta mál en vildi að eins koma með nokkrar athugasemdir. Háttv. nefnd, sem sett var til þess að íhuga frv., hefir að mínum dómi stórbætt frv., því eins og það lá fyrir við 1. umr., var það næsta óaðgengilegt, einkum fyrir þær sakir, að gjöfin kom svo óréttlátt niður; skussarnir, sem vanrækt hafa að girða, fengu svo miklu meiri hlunnindi í samanburði við efnamennina og dugnaðarmennina, sem búnir eru að girða.

Að girða tún sín verða menn að gera, því það er bráðnauðsynlegt fyrir landbúnaðinn.

Viðvíkjandi efni því, sem til er tekið í frv. að nota eigi til girðinganna, þá hygg eg, að menn vanti reynslu um endingargæði þess, sökum þess, að nýlega er farið að nota það, og eru mjög skiftar skoðanir um það, því sumir álíta þenna gaddavír óhafandi sökum þess, að skepnur geti skaðmeitt sig, því eg get hugsað mér þau tilfelli, sem slíkt gæti komið sér mjög bagalega. En svo datt mér í hug, að í snjóum að vetrarlagi gætu þær einnig verið mjög hættulegar, þegar girðingarnar eru í kafi.

Háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.) talaði um, að fresturinn til 1. nóv. 1904, þegar skoðunargerðinni á að vera lokið, væri of stuttur og er eg samdóma um, að óheppilegt sé að hafa hann ekki lengri, því að skoða þannig allar jarðir á landinu er afarmikið verk.

Eg álít ekkert á móti því að láta landssjóð leggja fram lán, en það er vafasamt, hvort landssjóður á kost á að fá lán fyrir 4%, og finst mér það einnig atriði, sem eigi að íhuga.

Loks vildi eg gera þá athugasemd, hvort ekki væri praktiskara að gera innkaupin öll í einu, heldur en fyrir 100 þús. í senn, hvort ekki væri hugsanlegt, að mjög mikill afsláttur væri fáanlegur með því móti,

Þetta eru nú þær helztu athugasemdir, sem eg hefi fram að flytja og mun eg greiða frumv. atkvæði mitt í því formi, sem nefndin hefir komið því í.

Eiríkur Briem: Þar sem háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.) mintist á tímatakmarkið í 3. grein, þá getur vel verið, að þau ummæli hans séu á rökum bygð, og mun nefndin taka þau til athugunar til 3. umr. Það getur vel verið, að tímatakmark það, sem þar er sett, sé of naumt og að það ætti að miða við einhvern þann tíma, er lög þessi öðlast gildi. Nefndin er enn fremur þakklát háttv. 2. kgk. þm. (H.

Sv.) fyrir þær bendingar, sem hann gaf viðvíkjandi greinaskipuninni í frumv., þar sem 5. og 6. gr. hefir verið slegið saman við það, að tölumarkið á undan 6 gr. hefir fallið burt.

Þar sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) mintist á, að ekki væri fengin full reynsla fyrir því, hvernig þessar girðingar gæfust, þá er það að vísu satt, að full reynsla er ekki fengin fyrir þeim enn þá, en hún kemur smátt og smátt, og hefir það aðallega þýðingu fyrir þá reglugerð, sem landsstjórnin semur um þetta efni. Það er enginn vafi á því, að reynslan mun síðar sýna það, að þessar girðingar taka fram öllum þeim girðingum, sem áður hafa verið notaðar, og að þær eru miklu fullkomnari en girðingar úr timbri, grjóti eða torfi.

Þar sem háttv. sami þm. mintist á, að þessar girðingar gætu orðið hættulegar fyrir skepnur, þá hygg eg, að það muni ekki koma fyrir, nema þar sem girðingarnar ekki væru í góðu lagi; þar sem væru nógir og góðir strengir, mundu skepnur ekki leita á girðingarnar oftar en einu sinni; en þar sem er að eins einn strengur eða tveir, og þar sem strengirnir eru svo slakir að þeir hanga niður, þá vilja skepnur oft troða sér milli þeirra eða stökkva yfir þá, og þá getur það orðið þeim að skaða. Það er auðvitað nauðsynlegt að gera þessar girðingar upphaflega vel úr garði, og ef það er gert, þá á skepnum ekki að vera nein hætta búin af þeim.

Viðvíkjandi því atriði, sem háttv. sami þm. mintist á, að þessar girðingar gætu verið hættulegar fyrir skepnur á vetrum, þar sem snjóþyngsli eru og girðingarnar í kafi, svo að skepnur sjá þær ekki, þá er það satt, að það getur verið varasamt, og gæti því verið nauðsynlegt að taka þær upp á haustin, enda líka hægt að gera það; það getur líka verið nauðsynlegt af öðrum ástæðum, t. d. þar sem girðingarnar liggja eftir brekku og snjóþyngsli leggjast á. Þar er nauðsynlegt að taka þær upp að haustinu til; enn fremur í leysingum, þar sem hætt er við jakaferð og og skriðufalli, sem gæti eyðilagt þær, og þar sem það ekki væri sérstökum erfiðleikum bundið að ná þeim upp.

Viðvíkjandi kostnaðinum, þá er það rétt, sem háttv. sami þm. tók fram, að maður veit ekki, hvort landssjóður á kost á að fá lán með svo góðum kjörum, sem hann leggur fram fé; en hann hefir samt áður lánað upp á 4%.

En setjum nú svo, að landssjóður næði ekki að fullu aftur þessu fé, þá leggur hann samt ekki meira í sölurnar til þessa fyrirtækis en annara opinberra fyrirtækja, og í annan stað getur maður líka gert ráð fyrir nokkrum tekjum af þessu láni, auk endurborgunar á því með vöxtum, þar sem hann með þessu fær endurbætur á sínum eigin jörðum og þegar hann fær árlega borgun í 41 ár með 5%, þá er það hrein eign fyrir hann að þeim tíma liðnum.

Júlíus Havsteen: Eg á víst á hættu, ef eg fer að andmæla þessu frv., að verða talinn með þeim mönnum, sem ekki trúa á framtíð landsins; mér sýnist orðin í nefndarálitinu benda á það; en það er mér nú alveg sama, eg álít það skyldu mína að andmæla þessu frv. Það gengur út á að veita einstökum flokki manna í landinu talsverð hlunnindi og þá um leið þeim mönnum, sem alls ekki þurfa þess með. Að vísu er nú farið fram á, að þetta fé skuli ekki veitt sem gjöf, heldur sem lán, líkast sem eitt af þeim lánum, sem aldrei verða endurborguð, heldur gefin lántakendum eftir, þegar nokkur tími er liðinn; þessi lán verða málamyndarlán.

Eg sé, að það er ætlast til, að þeir, sem fá þessi lán, eigi að endurborga þau í 41 ár, og í 10. gr. er kveðið á um það, hvernig fara skuli að, ef menn ekki nota girðingarefnið eða nota það til einhvers annars; þá eiga þeir að vera skyldir til að

endurborga efnið fullu verði til landssjóðs, en eg er hræddur um, að þær skuldaheimtur muni ganga tregt, því engin trygging er sett eða heimtuð fyrir þessum gaddavírslánum.

Það er líka ein hlið á þessu máli, sem flutningsmenn þess alls ekki hafa minst á, og það er framkvæmdin á því; eg get hugsað mér, að hún yrði svo umsvifamikil, að mig furðaði ekkert á því, þótt stofna þyrfti 4. skrifstofustjóraembættið í nýja ráðaneytinu, til þess að sjá um allar framkvæmdir á þessu máli, svo sem um kaup og útbýting á gaddavírnum, skuldainnheimtu, eftirlit o. s. frv. Reyndar er ætlast til, að sýslunefndum sé falið að annast um framkvæmdirnar að nokkru leyti, og er þá líklega meiningin, að það sé aðallega falið sýslumanni að sjá um þær, því að sýslunefndir koma, eins og kunnugt er, ekki saman nema einu sinni á ári. En það er ekki nóg með það, að framkvæmdirnar séu seinfærar og umsvifamiklar, heldur hafa þær líka mikinn kostnað í för með sér, og er ætlast til, að sumt af þessum kostnaði skuli leggjast á landssjóð, en heilmikið á sýslusjóði, og get eg ekki séð, að rétt sé að leggja þenna kostnað á þá, því að eg held að þeir hafi nóg á sinni könnu; afleiðingin af því að auka gjöld sýslusjóðanna, verður sú, að útsvörin hækka, og ímynda eg mér, að margir séu ánægðir með þau útsvör, sem þeir nú hafa, þótt ekki sé farið að bæta á þau. Það er líka enn þá eitt atriði í þessu máli, sem alls ekki hefir komið til tals eða verið hugsað neitt um, nfl. hve haldgóðar þessar girðingar eru. Það er merkilegt, að vera að koma þessum girðingum upp úr efni, sem er þannig lagað, að þær endast ekki nema 10 ár, að því er eg frekast veit, en afborgun lánsins stendur yfir 41 ár. Eg gæti betur skilið, ef menn vildu sýna einhverja viðleitni með að koma sér upp lifandi girðingum og leggja fram fé til þess; að vísu þekkja menn ekki enn þá plöntur, sem mætti nota til þessa en að öllum líkindum mætti síðar finna þær, en þar sem alt þetta mikla fé á að fara í girðingar, sem eru liðnar undir lok eftir 10 ár, þá get eg ómögulega fallist á, að það sé rétt að verja því til þeirra. Eg sé, að nefndin hefir slept 1. grein í frv. og er það vel farið.

Háttv. framsögumaður mintist á sektarákvæðin, sem nú væru komin í frv., fyrir þá, sem rifu niður eða eyðilegðu girðingar af ásettu ráði, en gat þess um leið, að ekki mundi hafa verið þörf á að setja þau inn í þessi lög, þar sem slík yfirtroðsla væri vítaverð eftir gildandi lögum, og er það að vísu satt, að svo er, en það er aðgætandi, að þeir, sem verða fyrir skemdunum, verða þá sjálfir að höfða mál; en með því ákvæði, sem hér er sett inn í frv. er sú bót gerð, að með mál þau, sem rísa út af þessum brotum, skal farið sem opinber lögreglumál. Slík sektarákvæði voru einmitt nauðsynleg.

Eg þykist nú hafa bent á ýmislegt, sem mér þykir athugavert við þetta mál, og þó sérstaklega umstangið við framkvæmdirnar á því, og í öðru lagi það, að efnið er ónýtt og að gæði þess og hald standa ekki í neinu hlutfalli við þann mikla kostnað, sem leggja á í þessar girðingar.

Jónas Jónassen: Eg skal ekki lengja umræðurnar um þetta mál, en ræða háttv. 1. kgk. þm. (J. H.), kom mér til að standa upp, af því að mér fanst hún ekki á rökum bygð. Hann sagði, að efnið væri ónýtt; hann þarf ekki annað en gæta að girðingum, sem búnar eru að standa í mörg ár suður á melum, til þess að sannfærast um, að staðhæfing hans er röng. Hér er talað um að hafa tóman gaddavír í þessar girðingar, en eg skil ekki, að það sé nauðsynlegt. Girðing sú, sem Flensborg skógfræðingur setti upp við Rauðavatn, er ekki öll úr gaddavír, en sléttur vír er þar að auki margfalt ódýrari. Þá talaði

háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) enn fremur mikið um það umstang, sem þessar girðingar hefðu í för með sér, það er þvert á móti mjög lítið umstang að girða með vír.

Eg fyrir mitt leyti álít, að það séu fjölda mörg ákvæði í þessu frumv., sem eru mjög mikils virði. Það er girðingaleysið, sem hingað til hefir staðið landbúnaðinum mjög mikið fyrir þrifum. Það þarf ekki annað en að hafa opin augun til þess að sjá, hvernig bæði menn og skepnur skemma túnin með því að traðka á þeim, að eins af því, að þau eru ekki nægilega girt. Það er mín sannfæring, að þetta frumv., ef það verður að lögum, muni verða til ótrúlega mikilla bóta fyrir landbúnaðinn, og meðal annars losar það búendur við það mikla umstang sem þeir nú hafa af því, að þurfa altaf að vera að verja túnin.

Þá talaði háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) um, að við ættum að bíða, þangað til við fengjum lifandi girðingar, og hygg eg, að þess yrði langt að bíða, og er slíkt alveg gripið úr lausu lofti. Eg er alveg sannfærður um, að ef þessar girðingar kæmust á, þá mundu bændur hafa langt um meira upp úr jörðum sínum en nú.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 2. þm. G.-K., tók fram, að girðingarnar gætu orðið hættulegar fyrir skepnur, þá er full reynsla fengin fyrir því, að ef girðingarnar eru í góðu lagi, þá ráðast skepnur sjaldan eða alls ekki að þeim, en þegar snjór liggur yfir þeim, þá getur það komið fyrir og hefir komið fyrir, að hestar hafa rekið lappirnar í þær og rifið sig á þeim, en slíkt kemur mjög sjaldan fyrir, og vanalega eru skepnur mjög varkárar með að koma nálægt eða leita á slíkar girðingar. Það er líka bót í máli, að það er mjög auðvelt að taka þessar girðingar upp t. d. að haustinu, til þess að fyrirbyggja að skepnur rífi eða meiði sig á þeim á vetrum, þegar þær eru undir snjó.

Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál, en skal að endingu taka það fram, að mig furðar á því, að háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) skuli fordæma þessar girðingar í staðinn fyrir að lofa þær, því að þetta er sá eini máti til þess að friða túnin algerlega, að fá öflugar girðingar kring um þau.

Júlíus Havsteen: Eg veit ekki, hvort eg á að gera mér það ómak, að standa upp og svara því, sem háttv. 4. kgk. þm. (J. J.) var að segja á móti fyrri ræðu minni. Hann sagði, að gaddavírsgirðingar hefðu verið notaðar hér svo og svo lengi. Þetta er alls ekki satt. Það eru ekki nema örfá ár, síðan gaddavír fór að flytjast hingað til landsins, það eru ekki einu sinni 5 ár síðan; en látum það nú vera; háttv. þm. má jagast um það, eins og hann vill; en svo var hann að segja, að eg hefði verið að tala um umstang, og heldur, að eg með því hafi átt við umstang við að setja girðingarnar niður; þetta sýnir, að háttv. þm. hefir alls eigi veitt því eftirtekt, sem eg sagði; eg átti alls ekki við tilbúning girðinganna, en ætla mér ekki að fara að skýra það frekar fyrir honum; hann hefði alveg getað sparað sér alt sitt tal um það, að girðingarnar gætu verið hættulegar fyrir skepnur; eg mintist ekki einu orði á það. Hann sagði, að það hefði komið fyrir, að hestar hefðu rekið hófana í gaddavírsgirðingar, og að sumir hefðu fengið stórar rifur, aðrir minni; en þetta kemur alls ekki málinu við. Mér dettur ekki í hug að neita því, að það sé gott að girða túnin, en gaddavírinn er ekki sá einasti vegur til þess, og alls eigi sá bezti.

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Eg er þakklátur háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.) fyrir það, hversu vel og hlýlega hann tók undir breyt.till. vorar; þeim athugasemdum, sem hann gerði við frumv. hefir háttv. 6. kgk. þm. (E. B.) svarað, og með því að þær voru sprottn-

ar af velvild til frumv., þá er því fremur óþarft fyrir mig að svara þeim; að eins skal eg bæta því við, viðvíkjandi athugasemdum hans um tímatakmarkið, að því réð bæði sú stefna nefndarinnar, að hún áleit nauðsynlegt, að þetta kæmist sem allrafyrst í gang, og svo hugsaði hún líka, að stjórnin mundi því fremur hraða sér að samþykkja frumv., sem hefir þau ákvæði í sér fólgin, sem nauðsynlegt er að flýta sem mest fyrir, og þótt stjórnin hafi áður dregið að staðfesta frumv., þá væri ekki víst, að hún gerði það í þessu tilfelli; nefndin eða við flutningsmenn þessa frumv. héldum, að það væri ekkert á móti því, að ákveða tímatakmarkið þannig; okkur þótti 1 ár til undirbúnings fulllangur tími, og í öðru lagi litum við svo á, að skoðunargerðir þær, sem um ræðir í 5. gr. frumv., væru ekki óþarfar, þótt það kæmi fyrir, að lögin öðluðust ekki staðfestingu konungs, því að þær gætu verið mönnum til leiðbeiningar og hvetja þá til að halda áfram; og þó að lögin yrðu ekki samþykt fyr en of seint á árinu, þá álítur nefndin ekki, að það þurfi að verða frumv. að fótakefli, en að það kæmi að eins til framkvæmda ári seinna. Eg er þó, sem sagt, þakklátur háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.) fyrir bendingar hans að því, er þetta atriði snertir, og munu þær verða teknar til athugunar í nefndinni.

Háttv. 2. þm. G. K. (V. G.) nefndi þá miklu bót, sem frumv. hafði fengið í nefndinni, en mér finst hann líta of svart á frumv., eins og það er. Nefndin fer ekki fram á annað, en að færa vextina upp um 1% og bæta 11 árum við afborgunartímann, til þess að það sé ekki hægt að nefna þetta gjöf.

Hvað snjóþyngslunum viðvíkur, þá ætti eg að þekkja þau, því bæði er eg úr því mesta snjóaplássi á landinu og á einum stað, þar sem eg þekki til, kemur fyrir, að snjór liggur þangað til í júlímánuði yfir túngarði.

Eg skal fúslega játa það, að vírgirðingar þola ekki snjóþyngsli fremur en aðrar girðingar, en við það er að athuga fyrst og fremst það, að það er auðvelt að taka upp á haustum vírgirðingu og í annan stað má teygja vírgirðingu þangað, sem snjóþyngsli eru engin, en það er ekki ætíð hægt með aðrar girðingar, t. d. hagar svo til í túninu, sem eg nefndi áðan, þar sem snjór getur legið yfir garðinum þangað til í júlí, að fyrir ofan garðinn er hátt klettabelti og þangað er ómögulegt að koma grjóti nema með ærnum kostnaði og lyftivél, en vírgirðingu mætti teigja þangað upp, án þess að kostnaðurinn yrði svo að segja nokkuð meiri; þar lægju engin snjóþyngsli á henni.

Það er líka rétt hjá háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), að skreppi kindur með fæturna niður í snjó, þar sem gaddavírsgirðing er, geta þær eflaust skaðað sig, en eg álít, að það ætti að taka girðinguna upp á haustin, þar sem mikilla snjóþyngsla má vænta, því fyrirhöfnin er lítil, en girðingin mundi endast margfalt betur.

Menn eru yfir höfuð almennt hræddir við, að skepnur skaði sig á þessum girðingum, en eg vil taka það fram, að eg held, að það hafi við lítil rök að styðjast. Það er auðvitað, að maður sér oft á gaddavírsgirðingum ullarlagða o. s. frv., en menn verða að taka tillit til þess, að girðingarnar hafa hingað til verið svo illa gerðar, ekki nema 2 eða jafnvel 1 strengur ofan á mjög lélegum görðum og misháum, svo að skepnur hafa getað smogið undir og þá um leið rifið af sér hár og stundum húð, en hér er um 5 strengi að ræða, svo að girðingin verður svo þétt, að það er ekki tiltök fyrir skepnur að reyna það, og þessar girðingar verða settar með eftirliti, svo það má búast við því, að það verði betur gert nú en áður, strengirnir t. a. m. ekki látnir vera slakir.

Hvað kostnaðinn við lántökuna snertir, þá finst mér ekki ástæða til að vera að fást um hann. Hann mun varla verða mjög tilfinnanlegur fyrir landssjóðinn, og ef maður nú tekur tillit til þess, að þilskipaeigendum, sem oft eru efnamenn, er lánað fé úr landssjóði gegn 3%, þá finst mér varla gerandi gryla úr þeim kostnaði, sem kynni að verða við vörukaup þessi, því það er hverfandi móti því gagni, sem af þessu verður.

Háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) mintist á þetta mál, og lýsti yfir því, að hann væri algerlega mótfallinn þessu frumv. Hann sagði, að þetta væri hlunnindi til þeirra, er sízt skyldi, því þetta væri að eins til góðs fyrir efnamennina. En við þessa skoðun háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) er ýmislegt að athuga, því fyrst og fremst eru ekki allir, sem eiga jörð, efnamenn, og í öðru lagi hafa ekki að eins eigendur jarðanna hlunnindin af þessu, heldur einnig ábúendurnir. Svo er líka það, að sumir jarðeigendur eru hreint og beint aumkvunarverðir fyrir að eiga jarðir. Það kemur fyrir, að þeir geta hvorki leigt þær né selt, en þeir geta heldur ekki gengið frá þeim og hafa því einungis kostnað af að eiga þær. Eg skil þess vegna ekki, hvernig nokkur maður getur verið á móti því, sem hlýtur að gera jarðirnar arðvænlegri, og hingað til hefir sú skoðun verið ríkjandi, að það væri til heilla fyrir þjóðina, að jarðir væru svo bættar, að þær hækkuðu í verði.

Háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) talaði einnig um það, að þetta yrði mikil fyrirhöfn fyrir stjórnina, og að það mundi þurfa sérstakan kontór til þess að annast um kaupin og svo að sjá um innheimtu á fénu. Eg get nú varla ímyndað mér annað, en að háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) hafi verið að gera að gamni sínu, því mér er ómögulegt að skilja í því, að það þurfi að hafa nýjan sérstakan kontór, þótt 1 liður bætist við á þinggjaldaseðlum sýslumanna. Væri það rétt, ættu kontórarnir að verða eins margir og gjaldliðirnir eru.

Hvað fyrirhöfninni að öðru leyti viðvíkur, þá tel eg hana einskis virði. Hér er að eins um það að ræða, að panta 1 vörutegund, gegn peningaborgun. Eg veit það að minsta kosti, að margir bændur leggja meira á sig en þetta; eg skal t. d. nefna pöntunarfélagsstjórana, sem gegn lítilli, vanalega 200—300 kr. árlegri þóknun, gera pantanir fyrir félagsmenn upp á mörg hundruð vörutegundir og sjá um sölu á mörgum vörutegundum, til þess að borga með það, sem pantað hefir verið. Þetta gerum vér í hjáverkum vorum, og eru það þó mjög margbrotin verzlunarviðskifti, en þetta, sem hér er um að ræða, eru svo óbrotin viðskifti, sem unt er að hugsa sér og fyrirhöfnin því engin að kalla. Nei, verði það nokkrir, sem hafa fyrirhöfn fyrir þessu, þá verða það sýslunefndarmennirnir, en eg er viss um, að þeir telja hana ekki eftir sér, því að þeir eru valdir 1 úr hreppi hverjum, og þannig framfylgjandi sömu óskum sem almenningur, og kostnaðurinn legst svo á þá sjálfa að mestu, sem gagnsins njóta, og þá munu þeir ekki horfa í hann til sjálfra sín.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) talaði um, að það vantaði víst reynslu fyrir því, hvernig vírinn entist, en gat þess jafnframt, að hann hefði enga reynslu í þessu efni. Aftur á móti talaði háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) um þetta af mikilli reynslu, án þess mér eða nokkrum manni öðrum sé kunnugt um, að hann hafi hana til að bera.

Hvað þessu viðvíkur, þá skal eg játa það, að menn hafa litla reynslu í þessu efni og á þeirri reynslu, sem menn hafa, er ekki byggjandi, því girðingarnar hafa verið í mesta ólagi; menn hafa fálmað áfram, haft þræðina slaka og notað tréstaura í staðinn fyrir járnstöpla og eg hefi séð vírinn ryðga, en það hefir víst

komið til af illri meðferð; en eg hygg, að galvaníseraður járnvír endist álíka lengi og annað galvaníserað járn, og fyrir endingu þess höfum vér nokkra reynslu í járnþökunum okkar. Það er auðvitað, að komist að því salt eða sót, þá skemmist það, en annars endist það vel. Eg ímynda mér því, að gaddavírinn endist vel, nema ef til vill oddarnir á göddunum, því þeir eru ekki galvaníseraðir, en fyrst og fremst mætti vist fá þá galvaníseraða líka, en fengist það ekki, þyrfti ekki annað en að sletta farva á þá.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G,) talaði um það, hvort vírinn fengist eins ódýr, ef keypt væri fyrir 100,000 kr. í stað 500,000 kr.

Eg get lýst því yfir, að eg hefi enga vissu fyrir því, að svo verði, en mér þykir það líklegt, því maðurinn, sem vírinn verður pantaður hjá, veit það, að ef varan reynist vel, þá verður keypt hjá honum framvegis.

Eg hygg því, að það sé jafnvel betra, að taka vírinn smátt og smátt, því það er nokkur trygging í því fyrir því, að seljandinn vandi vöruna.

Að endingu skal eg taka það fram, að mér finst þetta mál hljóta að hafa mikla þýðingu fyrir framtíð landsins, og eg trúi á þetta frumv. Menn mega ekki taka orð mín svo, að eg þar fyrir álíti, að hver, sem ekki trúi á frumv., hafi ekki trú á framtíð landsins.

Nei, það eru ekki mín orð, heldur hitt, að þeir, sem ekki vilja leggja fé í söl-urnar, þegar um fyrirtæki er að ræða, em þeir hafa trú á, þeir hafa ekki trú framtíð þessa lands.

Það er ekki álit mitt, að háttv. 1. kgk. m. (J. H.) hafi þessa vantrú á framtíð lands, því ef svo væri, þá álít eg, að ann ætti ekki að sitja á alþingi, en mér ykir leiðinlegt að hann, sem er sjálfjörinn fulltrúi Vesturamtsins á búnaðaringinu, skuli vilja leggja minna í sölurnar en eg, sem er afdankaður búnaðarþingsfulltrúi.

Kristján Jónsson: Það voru að eins 2 atriði, sem eg vildi benda á.

Í 13. frv. gr. eru ákveðnar sektir fyrir brot á ákvæðum þeirrar greinar, en ekki talað um, hvernig fara skuli með mál, sem út af þeim kunna að rísa. Í 16. gr. er raunar ákveðið, að með mál, sem rísa út af brotum á þeirri grein, skuli fara sem opinber lögreglumál, en ekki tekið fram, að það nái líka til þeirra mála, sem kunna að rísa út af brotum á 13. gr. Svo er einnig ákveðið í 13. gr., að sektirnar skuli að hálfu falla til ábúanda; þetta er eigi í samræmi við löggjöf vora yfirleitt, því að eftir henni falla refsingarsektir fyrir almenn eða opinber brot aldrei til einstakra manna, nema því að eins, að þeir séu uppljóstrarmenn að brotinu. Eg vona, að þetta hvorttveggja verði tekið til athugunar af nefndinni fyrir 3. umr.

Annars skal eg ekki fara mörgum orðum um þetta frumv. Það er mikilsvert mál, sem hér er um að ræða, og nefndin, sem um málið hefir fjallað, hefir sýnt bæði mikinn og góðan vilja á að laga þær misfellur, sem á frumv. voru. Flutningsm. frumv. hafa sett markið hátt og vilja auðsjáanlega vel. Af því mál þetta er mjög þýðingarmikið, mun eg greiða atkv. með því, að það gangi til 3. umr., en eg er ekki afráðinn í því, hvort eg greiði atkv. með, að það fari lengra. En fari svo, að eg greiði atkv. á móti frv. við 3. umr., en það hefi eg sem sagt ekki ráðið við mig, þá mun eg á sínum tíma leitast við að gera ítarlega grein fyrir því, hvers vegna eg geri það. Eg skal nú að eins stuttlega benda á það, að eg get varla felt mig við stefnu þá, sem frumv. innleiðir í búnaðarmálapólitík vorri, og svo virðist mér það augljóst, að með frumv. verði lögð afarhá gjöld á sýslusjóðina, og eg fyrir mitt leyti efast

um, að þeir geti risið undir þeim. Það má spenna bogann of hátt í þessu efni, og eg veit af mörgum sýslum, sem munu eiga mjög erfitt með að inna þessi gjöld af hendi. Eg vildi benda háttv. nefnd á þetta, og það jafnframt, að það mun vera ómögulegt að gera sér grein fyrir þeim kostnaði fyrirfram, sem lendir á sýslusjóðunum samkvæmt frv. Það er víða gert ráð fyrir í frv., að úr þeim greiðist hinn og þessi kostnaðurinn.

Svo er enn eitt þýðingarmikið atriði, og það er, hversu lengi járnþráðurinn mun endast. Fari svo, að hann endist ekki nema 10—15 ár, þarf þá ekki að þeim tíma liðnum að leggja út fé á nýjan leik? Og verður það ekki mikið fé? En þetta vona eg að nefndin íhugi til 3. umr., og eg vona, að hún misvirði ekki við mig, þótt eg hafi gert þessar athugasemdir.

ATKV.GR.:

1. brt. á þskj. 340, ný 1. gr., sþ. með 10 shlj. atkv.
2. brt. á þskj. 340, við 1. gr., sþ. með 10 shlj. atkv.
   1. gr. frv. þar með fallin.
3. brt. á þskj. 340, við 2. gr. frv., sþ. með 10 shlj. atkv.
   2. gr. þar með fallin.
4. brt. á þskj. 340, við 3. gr. frv., sþ. með 10 shlj. atkv.
   3. gr. frv. þar með fallin.
5. brt. á þskj. 340 samþ. með 10 shlj. atkv.
6. brt. á þskj. 340, við 5. gr. frv., sþ. með 10 shlj. atkv.
   5. gr. frv. þar með fallin.
6. brt. á þskj. 340, við 6. gr. frv., sþ. með 10 shlj. atkv.
   6. gr. frv. þar með fallin.
7. brt. á þskj. 340, við 7. gr. frv., sþ. með 10 shlj. atkv.
8. brt. á þskj. 340, við 7. gr. frv., sþ. með 10 shlj. atkv.
9. brt. á þskj. 340, við 7. gr. frv., sþ. með 10 shlj. atkv.
   7. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 1(shlj. atkv.
10. brt. á þskj. 340, við 8. gr. frv., sþ með 10 shlj. atkv.
    8. gr. frv. þar með fallin.
11. brt. á þskj. 340, við 9. gr. frv., sþ með 10 shlj. atkv.
    9. gr., breytt, sþ. með 10 shlj. atkv.
12. brt. á þskj. 340, við 10. gr. frv., sþ með 10 shlj. atkv.
13. brt. á þskj. 340, við 10. gr. frv., sþ með 10. shlj.
    10. gr., breytt, sþ. með 10 shlj. atkv
14. brt. á þskj. 340, við 11. gr. frv., sþ með 10 shlj. atkv.
15. brt. á þskj. 340, við 12. gr. frv., sþ með 10 shlj. atkv.
    12. gr. frv., breytt, sþ. með 10 shl atkv.
16. brt. á þskj. 340, við 13. gr. frv., sþ með 10 shlj. atkv.
    13. gr. þar með fallin.
17. brt. á þskj. 340, við 14. gr, frv., sþ með 10 shlj. atkv.
    14. gr. frv. þar með fallin.
18. brt. á þskj. 340, við 15. gr. frv., sþ með 10 shlj. atkv.
    15. gr. frv. þar með fallin.
19. brt. á þskj. 340, (ný 15. gr.), sam með 10 shlj. atkv.
20. brt. á þskj. 340, við 16. gr. frv., s með 10 shlj. atkv.
21. brt. á þskj. 340, við 16. gr. frv., s með 10 shlj. atkv.
22. brt. á þskj. 340, við 16. gr. frv., s með 10 shlj. atkv.
23. brt. á þskj. 340, við 16. gr. frv., s með 10 shlj. atkv.
24. brt. á þskj. 340, við 16. gr. frv., s með 10 shlj. atkv.
    16. gr. frv., breytt, sþ. með 10 sh atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. með 10 shlj. atkv.

Frv. með áorðnum brt. vísað til 3. um með 10 : 1 atkv.

Þriðja umr., 11. ág. (C. bls. 534; 575).

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Nefnd sú, sem skipuð var í þetta mál, hefir leyft sér að koma fram með nokkrar breytt. við frv., og eru þær í samræmi við bendingar þær, sem nokkrir af háttv. deildarmönnum gáfu við aðra umr. þessa máls.

Fyrsta brt., sem er við 3. gr., fer fram á, að í stað orðannà: „skal girðingarefni þetta kostað að öllu leyti af landssjóði“ komi; „skal verð fyrir girðingarefni þetta að öllu leyti lagt fram af landssjóði“. Þessi breyting á orðum greinarinnar stafar af því, að upphaflega var ætlast til, að þetta fé væri skoðað sem tillag eða styrkur frá landssjóði, en síðar var því breytt í lán, og þá var óviðfeldið að orða það svo, að landssjóður kostaði girðingarefnið.

Hin önnur brt., sem er við 12. gr., fer fram á, að á eftir sektarákvæði því, sem þar ræðir um, bætist inn í orðin „auk skaðabóta“, og 3. brt., sem einnig er við 12. gr., fer fram á, að í stað orðsins „ábúanda“ komi: „uppljóstrarmanns“. Þegar um sektir er að ræða fyrir að skilja eftir opið hlið og ábúandi verður fyrir skaða við það, þá hefir nefndin getað fallist á, að sektirnar fyrir þau brot eigi renni til ábúanda sem slíks, heldur gæti hann heimtað skaðabætur, og því höfum við bætt þessu ákvæði inn í, að sektirnar fyrir þessi brot renni að hálfu leyti til uppljóstrarmanns í stað ábúanda, og þótti okkur bæði formlegra og eðlilegra að orða ákvæðið, eins og hér er gert.

Fjórða brt., sem er við 16. gr., fer fram á, að orðin: „Með mál út af þessu skal farið sem með opinber lögreglumál“, falli burt, en að þessi orð verði tekin upp í nýja grein, sem verður 17. grein. Þessi breyting hefir verið gerð, af því að í þeim tilfellum, sem talað er um í 12. og 13. gr., vantar ákvæði í frv. um það, hver höfða skyldi mál út af þeim brotum; nefndin hafði hugsað sér, að með mál út af brotum á 12. og 13. gr. mætti fara sem prívatmál, en þegar um sektir er að ræða, þá er meiningin, að þær renni í opinbera sjóði, og þess vegna áleit nefndin sjálfsagt, að þetta ákvæði væri sameiginlegt fyrir 12., 13. og 16. gr.

Viðvíkjandi þeirri mótbáru, sem hreyft var við 2. umr., að tímatakmark það, sem talað er um í 5. gr. frv., sé of naumt, þá tók nefndin það til greina og sá, að það er rétt, að ef lögin yrðu ekki staðfest, fyr en á næsta vetri eða næsta sumri, þá er tíminn fyrir skoðunargerðir þær, sem talað er um í 5. gr., of naumur, þar sem gert er ráð fyrir, að skoðunargerðinni skuli vera lokið fyrir 1. nóv. 1904; en nefndin var í klípu að því, er þetta atriði snertir, þar sem henni virtist nauðsynlegt, að þetta mál komi sem allra fyrst í kring, og þess vegna hefir hún, — til þess að tefja ekki fyrir málinu — bætt nýrri gr. aftan við frv. um, að lög þessi skuli öðlast gildi 1. apríl 1904, til þess að herða á stjórninni að segja af eða á um staðfestingu á málinu fyrir þann tíma, og til þess að málið gæti komið í framkvæmd þegar á næsta sumri, ef það næði staðfestingu stjórnarinnar.

Aðrar breytingar en þessar, sem eg nú hefi nefnt, hefir nefndin ekki gert á frv., og vonum við nefndarmenn, að málið verði með þessum breytingum samþykt hér í deildinni í dag samkvæmt þeim góðu undirtektum, sem það fekk hér við 2. umr., og eg er sannfærður um, að það verður ekki talið þinginu til vansæmdar, heldur til sóma, þar sem þetta er eitt af þeim þýðingarmestu málum, sem þingið fjallar um, og segi eg það af hjartans sannfæringu.

Kristján Jónsson: Eg gat þess við 2. umr. þessa máls, að eg væri hikandi við að greiða atkvæði með því, en eg gaf frv. þó samþykki mitt við 1. og 2. umr. þess, af því að eg með því vildi votta, að eg áliti þetta mikilsvert mál og að eg virti vel tilgang og áhuga flutningsmanna máls-

ins; en eftir nákvæma íhugun á öllum málavöxtum hefi eg þó nú komist að þeirri niðurstöðu, að eigi sé rétt að greiða atkvæði með þessu frv. út úr deildinni, og verð eg að hafa það á hættu, að vera talinn afturhaldsmaður og meinsemdarmaður fyrir landbúnaðinn, er eg nú eftir samfæringu minni greiði atkvæði á móti frv.; en mér virðist þetta mál ekki vera svo úr garði gert, að eg geti, eigi eða megi greiða atkvæði með því nú.

Eg skal fúslega kannast við það, sem háttv. flutnm. sagði við 1. umr. þessa máls, að landbúnaðurinn sé mikilsverður og þýðingarmikill þáttur í þjóðarbúskap vorum, þar sem hann frá aldaöðli hefir verið aðalatvinnuvegur þessa lands, en við megum jafnframt ekki gleyma því, að það eru nú orðið fleiri atvinnuvegir, sem eru þýðingarmiklir fyrir landið og þjóðina, og þess vegna álít eg það ekki rétt, að hlaða svo undir einn einstakan atvinnuveg, að það verði hinum til niðurdreps. Ef maður hefir 2 mjólkurkýr og önnur þeirra mjólkar vel, en hin illa, þá er það ekki ráðlegt eða búmannlegt að taka alt fóðrið frá þeirri kúnni, sem mjólkar betur og gefa það hinni, sem mjólkar illa, til þess að hún geti komist í nyt. Eg held nú víst, að það séu aðrir atvinnuvegir, sem hafa mjólkað okkur, eða réttara sagt landssjóði, betur upp á síðkastið en landbúnaðurinn. Eg held, að óhætt sé að fullyrða, að sjávarútvegurinn og kaupstaðirnir með talsverðri iðnaðarmannastétt leggi fram að minsta kosta $^3/_4$ hluta af öllum gjöldum til landssjóðs, og þá álít eg það sannarlega ekki rétt, að leggja nær því öll opinber framlög til þarfa landbúnaðarins, en mjög óverulegt til styrktar og í þarfir hinna atvinnuveganna, eins og nú er. Eg get ekki séð, að neitt verulegt hafi enn sem komið er verið gert fyrir sjávarútveginn eða kaupstaðina. Eins og eg sagði áðan, þá kannast eg við, að landbúnaðurinn sé mikilsverður og jafnvel mikilsverðasti þátturinn í þjóðarhag vorum, en sé hann mikilsverður, þá er það aðallega jarðræktin, sem í búnaði þessum hefir mesta þýðingu líka, og ef jarðræktin er svo mikilsverð, þá er það aftur túnræktin, sem mesta áherzlu verður á að leggja og fyrir túnræktina eru girðingar túnanna afarmikils verðar, og er mikið gerandi, til þess að koma þeim í gott lag; þetta kannast eg alt við, og að þessu leyti skal eg kannast við það, að stefna frv. sé góð; en eg get samt sem áður ekki verið frv. fylgjandi vegna þess, að eg álít, að það byggi á rangri grundvallarhugsun og innleiði ranga stefnu í búskaparpólitík vorri. Eg skil frv. frá upphafi til enda á þann veg, að eftir því sé ætlast til þess, að landssjóður eða landsstjórnin eigi að fara að búa fyrir oss, en þeirri stefnu get eg eigi með nokkru verið samþykkur. Eg veit vel, að þessari stefnu er haldið fram víða erlendis af Socialistum (Lögjafningjum); en eg held ekki, að hún sé svo praktisk fyrir oss Íslendinga, eða að hún sé svo við vort hæfi, að rétt sé að innleiða hana hér á landi. Ef það princíp, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frumvarpi, yrði ríkjandi hér á landi yfir höfuð, þá er eg hræddur um, að framtakssemi, starfsemi og öruggur og ótrauður vilji bænda til að bjarga sér sjálfir mundi dofna, og þá yrði aðalhyrningarsteininum undir velferð búskaparins okkar kipt burtu, en hann er framtakssemi einstaklingsins.

Eg er hræddur um, að þessi stefna í frumvarpinu mundi verða til þess, að bændur okkar hugsuðu, sem svo: Við þurfum ekki að hugsa neitt um að bjarga okkur sjálfir, því að hið opinbera gerir það fyrir okkur.

Þetta er það, sem veldur því, að eg verð að greiða atkvæði á móti þessu frv.

Jafnframt skal eg geta þess, að með þessu frumv. eru lögð geysiþung gjöld á landssjóð; auðvitað legði eg ekki svo mjög

mikla áherzlu á það, ef eg að öðru leyti gæti fallist á stefnu frumv.; en eg held, að það eigi þó að hafa nokkura þýðingu, þegar þess er gætt, að nú stendur svo með fjárhaginn, að gert er ráð fyrir 420 þúsund króna tekjuhalla á næsta fjárhagstímabili, og þegar svo þar við bætist 500 þús. kr. fjárupphæð til túngirðinga, þá hygg eg, að skörin fari að færast svo upp í bekkinn, að ástæða sé til að hika við og spyrja, hvort þessi fjárútgjöld séu nú í raun og veru algerlega nauðsynleg á þessu þingi eða á næsta fjárhagstímabili. — Svo skal eg enn fremur taka það fram, sem háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) mintist á um daginn, að eg held, að lög þessi hlytu að hafa í för með sér mjög mikla, mjög erfiða og mjög kostnaðarsama „administratión“, og það er mjög athugavert.— Það hefir verið talað um, að það eigi að fækka embættismönnum landsins, eins og frekast er unt, og því hefi eg fyrir mitt leyti verið meðmæltur; en þetta frumv. fer beint fram á að fjölga þeim að miklum mun, því að hið mikla umstang og starf, sem af því leiðir, heimtar mjög marga starfsmenn, sem verða að hafa laun sín af almannafé, og þótt þeir að vísu ekki væru kallaðir konunglegir embættismenn, þá yrðu þeir þó allir beint starfsmenn hins opinbera o: embættismenn. Yfirleitt það, að hið opinbera, o: valdstjórnin, á að sjá um allar framkvæmdir í þessu máli, það er eg mjög hræddur við. Að vísu hefir verið sagt, að við innkaup á efni í girðingarnar í stórkaupum mundi vinnast mikið fé, en það, sem á þann hátt kann að vinnast, mundi aftur vafalaust fara í administratiónskostnað og annan opinberan kostnað. Hið opinbera á að sjá um alla innheimtu og fl. og eg er viss um, að af því öllu saman leiðir svo mikið umstang og svo mikill kostnaður, sem menn alls ekki hafa gert sér neina grein fyrir, og geta enn ekki gert sér rökstudda hugmynd um.

Eg skal enn fremur geta þess, að eg álít, að þetta frv.fái því að eins nokkura verulega þýðingu, að það komist í raun og veru í kring, að tún alment verði girt; en eg er hræddur um, að þótt frumv. þetta yrði að lögum, og þótt fé væri varið til þessa augnamiðs, þá mundu samt ekki öll tún á landinu verða girt.

Í 2. gr. frumv. stendur, að hver eigandi eða ábúandi jarðar, sem vill algirða tún sitt, geti fengið til þess fé úr landssjóði samkvæmt lögum þessum; en eg er alls ekki viss um, að allir vilji það, og hver á þá að neyða þá til þess?

Í 10. gr. er gert ráð fyrir, að ekkert kunni að verða úr þessum girðingum; frv. sjálft gerir þannig hreint og beint ráð fyrir, að augnamiði þess verði ekki náð; og ef mikil brögð yrðu að því, þá verð eg að segja, að eg gef lítið fyrir framkvæmdirnar í þessu máli; því að hugsun flutningsmanna er þó sjálfsagt sú, að koma því í verk, að öll tún verði girt um alt land; svo skildi eg að minsta kosti ræðu háttv. flutnm. um daginn.

En svo verð eg enn að geta þess, að það hefir verið kastað fram nokkurum orðum, sem vakið hafa efa um, hvort efnið í þessar girðingar sé svo haldgott, að ráðlegt sé eða óhætt, að leggja út í þetta fyrirtæki, en það er það sannarlega ekki, ef ekki er full trygging fyrir því, að vírinn endist að minsta kosti 40—50 ár; en ef hann skyldi ekki endast nema ein 10 ár, eins og sumir hafa haldið fram, þá er þetta voðalegt fjárútsóunarfrumv., og þar sem ekki er fengin nein vissa fyrir því, að þetta efni endist lengur en 10—20 ár, þá er það enn þá ein af ástæðunum fyrir því, að eg verð að greiða atkvæði móti frumv. Víst er um það, að málið er að því, er þetta atriði snertir, eigi nægilega athugað og eigi nægilega undirbúið.

Eg skal loksins benda á það, að ef gengið er út frá því, að túngirðingar hafi eins mikla þýðingu fyrir jarðræktina, eins

og frumv. þetta gerir ráð fyrir, þá lægi beinast við að ákveða með lögum, að girða skuli hvert tún á landinu, það er að segja, gera það að almennri lagaskyldu fyrir þegnana, að hafa tún sín umgirt, því að ef það er jafnnauðsynlegt og hér er sagt, þá væri fullkomlega lögmætt, að gera hverjum jarðeiganda eða jarðarábúanda á landinu að skyldu að girða tún sín eða beinlínis að lögskipa það, en þá yrði hitt næsta spurningin, hvernig ætti að styrkja þá til þessa, sem ekki væru færir um það af eigin efnum; lægi það beinast við, að landssjóður og Búnaðarfélagið og Ræktunarsjóðurinn legði fram styrk til þess, sumpart með lánum, sumpart beinlínis að gjöf. En þá hvíldi öll framkvæmd verksins og öll ábyrgð þar að lútandi á hinum einstöku jarðeigendum eða jarðarábúendum; mætti ákveða, að ljúka skyldi við girðing allra túna á landinu á 5 eða 10 árum. Með þessu móti gæti eg skilið, að þetta mál yrði til einhvers gagns og þá væri eigi ómögulegt, að eg gæti gefið því atkvæði mitt.

Eg vona, að háttv. höfundar frumv. taki ekki orð mín svo, að eg ekki meti fyllilega þeirra góða vilja og hið mikla starf þeirra í þessu máli, en meiningamunur okkar um það, hvernig eigi að koma þessum góða vilja í framkvæmd, er svo mikill, að eg get ekki orðið þeim samferða. Með þessum orðum vildi eg gera grein fyrir atkvæði mínu og býst eg ekki við, að eg muni taka oftar til máls um þetta mikilsverða mál.

Jón Jakobsson: Af því að eg er einn af þeim þremur þingdeildarm., sem gerðust flutningsmenn að þessu frumv., og eg ekki hefi talað enn í málinu, þá skal eg leyfa mér að fara um það nokkurum orðum — ekki af því, að eg álíti þess þörf málinu til stuðnings, því það hefir verið flutt svo vel hér í deildinni af hv. þm. Strand. (G. G.), að eg get ekki óskað þess betra — heldur af því, að það kynni annars að verða misskilið, að nafn mitt stendur á frumv. og menn kynnu að álíta, að eg hefði að eins lánað það af einhverjum öðrum ástæðum en þeim, að eg væri málinu hlyntur. Þess vegna skal eg taka það fram, að af öllum þeim frumv., sem birzt hafa á þingi síðan eg kom þar fyrst 1893, hefir mér þótt vænst um þetta frumv.

Í ræðu háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) var margt rétt athugað, sem við var að búast af honum, en þrátt fyrir það, þótt hann sé af bændafólki kominn og hafi alist upp í sveit, þá er þó svo langt síðan að hann hefir verið þar, að það er varla við því að búast, að hann hafi nú eins glögt auga fyrir því, hve nauðsynlegt það er, sem hér er farið fram á, sem ella mundi, því að til þess þarf maður að hafa verið nýlega í sveit og átt við þá erfiðleika og tjón að stríða, sem girðingaleysi túnanna hefir í för með sér. En hver sem nýlega hefir verið í sveit eða ferðast þar um, hann hlýtur að finna til þess, að hér er þörf, sem þarf að bæta úr, og það er sannarlega hart að sjá heil, áður vel mönnuð héruð, þar sem menn nú verða að framfleyta stórum búum, án þess að hafa nokkurn vinnumann, og svo bætist ofan á þessa voðalegu vinnufólkseklu ýmislegt óhagræði, sem úr má bæta, og tel eg eitt hið stærsta þeirra þetta, að meiri hluti túnanna er ógirtur og það vita þó allir, að það er engin smáræðis vinna sem gengur í vörzlu á stórum, ógirtum túnum.

Það ástand, sem landbúnaðurinn nú er í, getur eigi og má eigi haldast til lengdar, og þá menn, sem ekki vilja leggja mikið í sölurnar fyrir landbúnaðinn, hlýtur að vanta trúna á hann, en sé þar sannur málsháttur, að bóndi sé bústólpi og bú landstólpi, þá dugir ekki að veikja þessar máttarstoðir þjóðlífsins, heldur verður að treysta þær sem bezt, og þótt sjávarútvegurinn sé arðberandi nú, þá er það þó alment viðurkent, að aðalkraftur hverr

ar þjóðar er bundinn við jörðina, sem hún yrkir, og sú vinna og það kapital, sem lagt er í að rækta einhvern blett, það hverfur ekki út í veður og vind og þess sjást órækari merki en oft vill verða um það, sem lagt er í sjávarútveginn. En trúin á landbúnaðinn er að hverfa og það má ekki ske. Þess vegna þarf þingið að hlaupa undir bagga með þessum mönnum, sem eru að missa trúna á framtíð landbúnaðarins og segja: Vér trúum á landbúnaðinn og vér viljum styrkja ykkur, ekki með gjöfum, heldur með því að lána ykkur fé með góðum kjörum.

Það er rétt hjá háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.), að það er lagt meira til landbúnaðarins en sjávarútvegsins, en hins vegar má hann ekki gleyma því, að það, sem nú pínir mest landbúnaðinn — vinnufólkseklan — er einmitt sjávarútveginum að kenna. En mér dytti ekki annað í hug en að greiða atkvæði með því, að sjávarútvegurinn væri styrktur, ef hann þyrfti þess eins við og landbúnáðurinn nú, því það er mitt álit, að þeir eigi báðir jafnan rétt á sér sem aðalatvinnuvegir hér á landi, enda virðist það vera ökonómiskara að leggja fé til þess að styrkja atvinnuvegina, heldur en að hrúga upp dýrum mentastofnunum, eins og nú virðist vera efst á baugi hjá ýmsum þeim, er mest láta opinber mál til sín taka.

Menn mega ekki skilja orð mín svo, sem eg sé á móti góðum skólum, en eg vil ekki láta hálfmentunina kæfa allar verklegar framkvæmdir, og tel það ísjárvert tímanna tákn, hve mjög þeim fækkar, sem vilja stunda líkamlega vinnu.

Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) hneykslaðist á því, að í 2. gr. stendur „hver sem vill girða tún sitt“. Háttv. þm. vildi láta skylda menn til þess, en eg hygg, að þess þurfi ekki og heldur þætti mér það „rígóristisk“ lög, sem skylduðu alla til að girða túnin, enda skil eg varla í því, að nokkur sá auli sé til á Íslandi, sem ekki vill girða tún sitt, þegar honum bjóðast þeir kostir, sem þetta frumv. veitir.

Allir vita, hver verkaþjófur ógirt tún eru, eigi sízt þeir, sem búið hafa nálægt þjóðveginum, og eg get ekki skilið annað en, að allir hljóti að verða fegnir að geta með góðu móti losnað við þá fyrirhöfn, sem það kostar að verja túnin fyrir ágangi. Eg held því, að það sé óþarft að skylda menn að lögum til að girða túnin og skal eg svo ekki orðlengja um þetta, en að eins lýsa því yfir, að eg greiði glaður atkvæði með öllum greinum frumv. þessa, breyt.till. nefndarinnar og frumv. í heild sinni.

Guttormur Vigfússon: Eg hefi ekki eytt tíma þingsins í það, að tala um þetta mál, þótt eg sé einn af flutningsmönnum þess, enda hefir mál þetta ekki þurft á mér að halda sem formælanda, því háttv. þm. Strand. (G. G.) hefir mælt svo fyrir því, og það engum verulegum mótmælum mætt hér í deildinni.

Eg skal ekki fara út í að tala langt mál um það, hve nytsamt og nauðsynlegt það er, sem hér er farið fram á, því það vita bændur yfirleitt svo vel, og munu flestir finna sárt til erfiðleika þeirra fyrir búnaðinn, er stafar af vöntun girðinga bæði um tún og engjar; en það er önnur hlið á málinu, sem eg vildi benda á, og sem ekki hefir verið tekin fram eða fellur eins í augun, en það er, að eg er fullviss um, að girðingar um tún og engjar auka að mun ást manna á landinu, og það er máske ekki hvað minst í það varið.

Það er eðlilegt, að girðingarnar geri þetta að verkum, því þegar maður á sífelt í því stríði, sem það kostar að verja ógirt tún, þá fer svo á endanum, að maður eins og gleymir gæðum þeim, sem túnið veitir, vegna hins sífelda erfiðisauka við að verja það, og endirinn verður sá, að maður fær hálfgerðan kala til blettsins. En aftur á móti er það eðlilegt, að

maður taki meiri trygð við blettinn, þegar búið er að friða hann og maður er laus við alt ónæðið, en af því leiðir áhugi og löngun til þess, að reyna að prýða hann og bæta, sem allramest með fullri von um góðan árangur. Menn hafa í sambandi við þetta mál minst á lifandi girðingar. Það er góð hugsun og eg gæti trúað því, að hún hafi við töluverð rök að styðjast, og að tilraunir í þá átt yrðu gerðar innan skamms, en þá held eg, að mér sé einmitt óhætt að halda því fram, að vírgirðingar séu nauðsynlegur milliliður, því að því að eins getum við komið upp lifandi girðingum, að vér getum varið hina ungu kvisti, meðan þeir eru að ná þeim þroska, sem þeir þurfa til þess að vera ekki undirorpnir eyðileggingu af gripaágangi, og til þess held eg að vírgirðingar séu langheppilegastar sökum þess, hversu ódýrar þær eru og auðveldar að flytja úr einum stað í annan.

Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) mintist á hlutfallið milli þess, sem veitt væri til landbúnaðarins á eina hliðina og sjávarútvegsins og iðnaðarins á hina, og hann tók sárt til þess, hve lítið væri hægt að veita til hinna tveggja síðartöldu atvinnuvega vegna þess, að landbúnaðurinn tæki svo mikið. Það er nú að vísu satt, að hvorki er lagt eins mikið af landssjóðsfé til þess að styrkja sjávarútveg og iðnað, eins og landbúnað, né heldur gefur landbúnaðurinn landssjóði eins miklar tekjur og sjávarútvegurinn, en háttv. 2. þm. Húnv. (J. J.) tók það fram í ræðu sinni, hvað landbúnaðurinn væri fyrir hvert land og eg hygg, að allir hafi hlotið að fallast á, að það væri rétt, sem hann sagði, enda hygg eg flesta vera mér samdóma um, að sú þjóð væri illa farin, sem engan landbúnað hefði, heldur að eins sjávarútveg og iðnað.

Það heyrist oft talað um það, hvað mikið sé lagt til landbúnaðarins, en menn gæta þess ekki, að hver eyrir, sem varið er til hans, ef rétt er áhaldið, er lagður sem kapital til landsins, til þess að bæta það og rækta, og sem í stað þess að verða eyðslueyrir, á að verða eign eftirkomendanna og bera margfalda rentu, og því meira sem menn hafa lagt niður af þessu kapitali, til þess að rækta og bæta landið, því tryggari verða menn við það, og því áhugasamari um að hlynna hver að sínum bletti og bæta hann. Aftur á móti er nokkuð öðru máli að gegna með sjávarútveginn. Hann gefur að vísu mikið í aðra hönd, þegar vel gengur; þá flykkjast menn líka til sjávarins, til þess að ná í auðæfi hans, en hversu miklu stopulli þessi atvinna er en landbúnaðurinn, sýnir margföld reynsla, því þegar eitthvað bjátar á af misáran til sjávarins, þá eyðist upp ekki einasta ágóðinn, heldur og höfuðstóllinn, enda flýr þá fólkið frá sjónum til landsins, sem eðlilegt er. Þetta má þó alls ekki skiljast á þann hátt, að eg vilji ekki styrkja sjávarútveginn bæði með fjárframlögum og öðru; síður en svo, því eg álít, að þessir 2 atvinnuvegir eigi að vera jafnréttháir, hafi jafna kröfu til umhyggju alþingis og séu nauðsynlegir til þess, að þetta land þrífist sem allrabezt. Þess vegna álít eg, að það eigi að styrkja hvorn um sig, þegar þess þarf með, á allan skynsaman hátt, og hið sama er að segja um innlendan iðnað. Svo eg snúi þá aftur að girðingamálinu, þá hafa sumir háttv. þingd.menn verið hræddir um, að gaddavírinn sé ekki endingargóður; menn hafa talað um, að hann mundi ekki endast lengur en 10—15 ár o. s. frv. Eg skal ekkert um það segja, hve lengi hann getur enzt, en það veit eg, að hann endist meir en 10 ár. Eg hefi verið $3^1/_2$ ár í Noregi á sama bæ, og þar sem eg var, var landareignin girt með vír. Girðingin var orðin 16 ára, þegar eg þekti til, og það þurfti að eins stöku sinnum að bæta við streng og streng, og þó er aðgætandi,

að þessi girðing var að eins úr einföldum vír, sem auðvitað er miklu ónýtari en gaddavír. Vegna þessa þori eg að fullyrða, að gaddavírsgirðingarnar séu ekki eins endingarslæmar og menn hafa gefið í skyn; verð eg því að álíta, að þetta sé að eins grýla, til að tefja málið.

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Eg vildi að eins svara háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) nokkrum orðum.

Hann lýsti því yfir í ræðu sinni, að hann mundi greiða atkv. á móti þessu frumv., og eg skal taka það fram, að það angraði mig, að hafa ekki atkv. jafn skynsams manns með frumv.

Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) fór að meta það, hvað lagt væri til landbúnaðarins á móts við það, sem veitt væri til eflingar sjávarútvegi og iðnaði, og hins vegar það, hve miklar tekjur landssjóður hefði af hverri atvinnugreininni um sig. Hann líkti þeim við mjólkurkýr, sem mjólkuðu landssjóði misjafnlega vel, og eg hneykslaðist ekkert á þessu dæmi hjá honum. Það er ástæða til þess fyrir þingið, að hlynna að sjávarútveginum, því hann mjólkar vel, og eg veit ekki til, að nokkur maður hafi á móti því, að honum til eflingar sé lagt eins mikið fé og hægt er.

En dæmi háttv. þm. (Kr. J.) um mjólkurkýrnar er ekki fyllilega viðeigandi, einkanlega þar sem hann líkti landbúnaðinum við vonda mjólkurkú og sjávarútveginum við góða, því þótt sjávarútvegurinn mjólki landssjóði vel nú sem stendur, en landbúnaðurinn ekki að sama skapi, þá er engin ástæða til að ætla, að svo verði altaf, því allir vita, að sjávarútvegur er stopul atvinnugrein. Mér hefði þótt réttara að líkja þeim við náma.

Menn yfirgefa ekki náma, sem menn vita að nægur forði er í, og sem gefur góðan arð, þó örðugleikar séu í svip fyrir því að vinna í þeim, eða þótt það þurfi að kosta fé til þess að geta haft not af þeim. Þetta erum vér víst allir samdóma um og eins hitt, að landið okkar sé þess vert, að það sé ræktað. *(Kristján Jónsson;* Sjórinn hefir verið kallaður gullnáma Íslendinga). Það er rétt, en gullið næst ekki án verkfæra, en þau eru úr járni. Þetta á við hér, því sjávarútvegurinn hlýtur ætíð að styðjast við landbúnaðinn.

Sama gildir um iðnaðinn; hann getur ekki staðið út af fyrir sig, en hlýtur að styðjast við hinar atvinnugreinarnar báðar. Það hafa verið styrktar hér tóvinnuvélar, en þær byggjast á landbúnaði, og sjómenn þurfa skinn og klæði og mat, sem landbúnaður gefur af sér. Þetta sýnir, að landbúnaðurinn er eins og samanhangandi keðja við allar aðrar atvinnugreinar.

Undanfarandi ár hefir og verið veitt lán til þilskipa úr landssjóði, nær takmarkalaust. Í árslok 1901 átti landssjóður útistandandi rúmar 95 þús. kr. og þó var þá búið að endurborga talsvert; auk þess átti landssjóður þá útistandandi af íshúsalánum rúm 19,000 kr., svo að landssjóður er búinn að leggja fram lán til sjávarútvegsins á annað hundrað þús. kr., sem ekki er borgað af nema 3% vextir, en hér er að eins farið fram á, að veitt sé lán til landbúnaðar með 4% vöxtum, sem eru sömu vextir og fé landssjóðs er lánað upp á hæst, og landssjóði er þó á engan hátt betur varið en til lána, sem landinu geta orðið til framfara. Eg get heldur eigi skilið, að þessi stefna gæti orðið til þess að veika sjálfstæði hjá bændum; ef eg sæi það, þá mundi eg verða síðastur maður til þess að mæla fram með þessu, en mér finst að þeir, sem ættu að verða aðnjótandi að þessum lánum, leggi sjalfir svo mikið af mörkum, að þetta yrði þeim sjálfum til upphvatningar og uppörfunar, en ekki til að drepa niður sjálfstæði þeirra. Það er enginn efi á því, að þessar túngirðingar hafa mikinn kostnað í för

með sér, þrátt fyrir lánin. Það er líka sá kostur við þessa lánveitingu, að hún breytir þeirri stefnu, sem áður hefir verið; það hefir áður verið veitt lán úr landssjóði til landbúnaðar, en lánin hafa þá verið veitt búnaðarfélögunum, sem svo hafa dreift þeim út fyrir unnin verk; af því að þingið ekki hefir viljað setja föst ákvæði um, til hvers lánin hafa átt að veitast, þá hefir afleiðingin orðið sú, að fjöldi manna hefir brúkað lánin til að borga með skuldir sínar; menn, sem hefðu gert jarðabæturnar eins eftir sem áður, hvort sem þeir hefðu fengið lánið eða ekki.

Við þessa lánveitingu er aftur á móti sá kostur, að þarna er beint tekið fram, til hvers fénu skuli varið. Þetta geta menn fengið, girðingaefni, og ekkert annað. Mér er því ómögulegt að sjá, að þetta geti orðið til þess, að menn hætti að hjálpa sér sjálfir, og að tilætluðum notum verður það.

Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) mintist enn fremur á þau útgjöld, sem þetta bakaði landssjóði, og þann tekjuhalla, sem nú er í fjárlögunum, en það er hvorttveggja, að eg álít, að margar af þeim upphæðum, sem hafa orðið til þess að baka landssjóði hallann, ættu að sitja á hakanum fyrir þessu máli, en það ekki fyrir þeim, enda líka eigi rétt, að reikna með í tekjuhallanum, því þetta er að eins lán, en ekki styrkveiting frá þinginu, lán, sem landssjóður fær borgað að fullu.

Háttv. 3. kgk. þm. sagði enn fremur, að allir mundu ekki girða tún sín, þó að þetta frumv. yrði að lögum. Eg er því miður líka hræddur um að svo verði, en hver yrði þá líka afleiðingin af því? Hún yrði sú, að nytsemin yrði ekki eins almenn, en þá kemur líka það til greina, að féð er sparað, og eg er á hinn bóginn viss um, að þó að ekki yrði girt nema $^2/_3$ af túnum landsins, þá mundi það verða sú fyrirmynd, sem leiddi aðra á efti sér til sömu framkvæmda.

Háttv. sami þm. talaði um þann kostn að, sem framkvæmd þessara laga mund hafa í för með sér fyrir það opinber eg skal játa, að hann verði nokkur fyri sýslusjóðina, en hitt get eg ekki séð, a landssjóður kæmi til að hafa nokkur veru leg útgjöld af framkvæmd þeirra. Þó a landssjóður eigi að annast um pöntun efninu, þá mundi það eigi hafa mikin kostnað í för með sér. Eg segi fyri mitt leyti, ef landssjóður vildi trú mér fyrir að gera það, þá skyldi eg ger það fyrir einar 100 kr. á ári í mesta lag eg skal standa við það; það má gjarn vitna upp á mig, ef vill, því eg álít þa starf fullvel borgað með þeirri upphæ Að því er snertir „fragt“ á efninu t Íslands, þá er það misskilningur, að þa sé sérstakur kostnaður, sem að auk legg ist á það opinbera, og því síður nokku sérstök fyrirhöfn, því að efnið er auðvita borgað, eins og það kostar á höfninn fragtin er því reiknuð í þessu 5 hnd þús. króna láni. En að því er snert uppskipun, þá annast afgreiðslumaðurin hana, en sýslusjóður kemur þar til a borga og er það auðvitað í útgjaldagrei fyrir hann.

Viðvíkjandi endingarleysi þessara gir inga, skal eg taka það fram, að þar van ar reynslu að mestu leyti hér á land en að slíkar girðingar muni eigi enda lengur en 10—15 ár, það álít eg se mestu fjarstæðu, næst því að ætla a nota lifandi girðingar um öll tún hér landi. Eg verð að játa, að það er fja stæðan mest, því að allir, sem til þekkj verða að játa, að víða hagar svo til, a umhverfis tún liggur sá jarðvegur, a eigi verður um þau girt með lifandi gir ingum og það, þó Ísland yrði flutt suðu til Brasilíu, og eg get ekki skoðað þess hugmynd annað en lifandi vanþekking

ða lifandi einfeldni. Þessu næst yrði ú fjarstæðan, að girðingarnar ent-st ekki nema 10 ár, því að þessi vír undi ekki verða verri en sá vír, sem ingað til hefir verið notaður hér og hann efir enzt svo miklu, miklu lengur; af því á vír hefir verið gaddalaus, hafa skepnur ft ráðist á hann og oft slitið hann. Iann hefir svo legið í jörðu um mörg ár, n komið þaðan jafngóður aftur eða lítið kemdur. Undir öllum kringumstæðum ljóta járnstöplarnir að endast mikið leng-r, og viðvíkjandi endingarleysi vírsins ýst eg við, að hann kunni að slitna á töku stöðum, eða gaddarnir að ryðga, og arf þá ekki annað en að bæta nýjum pottum í. *(Kristján Jónsson:* Hver á að æta þessum spottum inn í, á landssjóður ð gera það?) Það á jarðarábúandinn að era, og tryggingin fyrir því, að hann eri það, liggur í viðhaldsskyldunni og eim sektum, er hann fær, ef hann eigi ppfyllir hana.

Viðvíkjandi því, er háttv. 3. kgk. þm. Kr. J.) talaði um, að réttast væri að efa út lög, sem skylduðu alla til að irða tún sín, þá veit eg, að honum hefir kki verið alvara, því það er hvorttveggja, ð það væru harðdræg lög, enda þýð-ngarlaus; það mætti þá alveg eins leggja jávarútvegnum þá skyldu á herðar, að ramkvæma eitthvað, sem við álítum heppi-egt, en að hans áliti sjálfs óheppilegt.

Júlíus Havsteen: Háttv. flutningsm. intist á það í ræðu sinni, sem eg tók ram við 1. umr. þessa máls um lifandi irðingar, og fór um það allóþingmann-egum og miður kurteisum orðum, en ann um það; það gerir mér ekki neitt il, en hins vegar vil eg leyfa mér að alda því fram, að eg þekki lifandi girð-ngar eins vel og hann, og eg get því æmt eins vel um þetta mál og hann. uk þess talaði eg við próf. Prytz um etta atriði og hann sagði mér, að það ætti ef til vill finna trjátegund, sem nota mætti í þessar girðingar hér á landi, og eg vil álíta, að hann hafi fult eins vel vit á þeim málum og háttv. flutningsm.

Það er enn fremur eitt atriði, sem eg vil minnast á. Eg vil beina þeirri spurn-ingu að háttv. þingdeildarmönnum, hvort það sé rétt, að hrapa svo mjög að þessu máli, að fleygja út 500,000 kr. í girð-ingar, sem engin reynsla er fyrir að séu haldgóðar og varanlegar. Flutningsm. sjálfur getur ekki borið fyrir sig neina reynslu í þá átt; hann veit ekkert um það frekar en aðrir, en eg heyrði samt, að hann var þó að tala um, að vírinn slitnaði og þyrfti að bæta hann og þar fram eftir götunum. Eg álít, að þetta þurfi að athugast betur. Það er hér um mikla upphæð að ræðu, og þegar litið er á fjárhaginn, og þær kröfur, sem gerðar eru til landssjóðs, þá er mjög óvarlega farið í því, að eyða eða leggja fram svo mikið fé til fyrirtækis, sem menn ekki hafa hinar fylstu upplýsingar um.

Valtýr Guðmundsson: Það er búið að ræða svo mikið um þetta mál, að eg skal ekki lengja umr. að mun. Að eins vil eg geta þess, að eg álít það ekki rétt, að þetta frumv. nái fram að ganga á þessu þingi. Eg álít nauðsynlegt, að bera mál-ið undir rétta hlutaðeigendur, hreppana og sýslunefndir. Enn fremur er það rétt, sem háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) tók fram, að enn er ekki fengin nein reynsla fyrir endingu þessarar gaddavírsgirðingar, og eg verð þá að álíta nauðsynlegt, að leita sér upplýsinga um það atriði, áður en þetta fé er veitt. Ef reyndin yrði sú, að þessar girðingar væru ekki endingargóðar, ef þær entust ekki nema $^1/_2$ þess tíma, sem lánið er veitt, þá er eg hræddur um, að menn yrðu tregir til að borga það, sem eftir stæði, þegar girðingarnar væru fallnar. Það mundu þá koma beiðnir um uppgjöf á þessum lánum. Á hinn bóginn er þetta mál svo þýðingarmikið, að mér virðist nauðsyn á, að það sé athugað sem

allrabezt. Eg er því í vafa um það, hvort eg á að greiða atkv. með frumv. eða ekki; eg vil ekki, að það verði samþykt af þinginu, eins og það nú liggur fyrir, en óska á hinn bóginn, að það komist til háttv. Nd., til þess að það verði athugað þar.

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Það var ekki mín meining, að væna háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) ósannsögli; mér datt ekki í hug, að hann segði ekki rétt frá þeim upplýsingum, sem hann hafði fengið um þessar lifandi girðingar, en hitt sagði eg, að hann mundi eigi hafa nægilegan kunnugleika á þessu máli. Eg hefi sjálfur unnið að þyrni-girðingum í Danmörku, en eg geng út frá því, ef hér ætti að nota lifandi girðingar, þá mundu menn nota þyrni; eg er því þessu kunnari en háttv. 1. kgk. þm. (J. H.). Ef þyrnir á að vaxa, verður að planta hann í góðri mold og verja hann, meðan hann er að vaxa. Svo verður að planta víði á blettum á milli, sem svo er flétt-aður inn í þyrninn á eftir.

Eg vil enn fremur taka það fram, að mér virðist það eigi rétt að orði komist, er háttv. þm. talaði um, að þingið sé hér að ráðast í fyrirtæki, sem kosti landið 500,000 kr. Hér er ekki um það að ræða, að ráðast í neitt fyrirtæki, sem landssjóði verði til útgjalda, heldur að eins að veita lán, sem á að endurborgast að fullu. Það sanna er, að hér er að eins einstökum mönnum boðin fram hjálp, ef þeir vilja ráðast í það fyrirtæki, að girða túnin sín, en ekki um neitt að ræða, sem landssjóðurinn eigi að ráðast í.

Viðvíkjandi því, að þessar girðingar séu eigi endingargóðar, eða að eigi sé fengin full reynsla í þá átt, þá skal eg að vísu játa, að þetta er að nokkru leyti satt. En á hinn bóginn vil eg geta þess, að um það er ekkert talað, þegar um það er að ræða, að veita lán til þilskipa, þá er ekki spurt um það, hvort þau skip, sem kaupa á, séu fúin, eða hvernig endíng þeirra muni verða. Aðalatriðið í þessu máli er frá mínu sjónarmiði það, að ef bændur fá trú á, að þeim sé nauðsynlegt að koma upp girðingum um tún sín, þá munu þeir nota sér þetta lán, svo sem föng eru á, en landssjóður á þar ekkert á hættu; hann veitir ekkert fé öðruvísi en sem lán. Hann gefur að eins þessa kosti, að ef menn vilja eiga það á hættu að verja fé til þessara girðinga, þá skuli hann hjálpa með lánum.

ATKV.GR.:

1. Breyt.till. á þskj. 455 við 3. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.
2. Breyt.till. á þskj. 455 við 12. gr. sþ með 8 shlj. atkv.
3. Breyt.till. á þskj. 455 við 12. gr. sþ með 9 shlj. atkv.
4. Breyt.till. á þskj. 455 við 16. gr. sþ með 9 shlj atkv.
5. Breyt.till. á þskj. 455 um 2 nýjar gr. (17. og 18.), sþ. með 9 shlj. atkv.

Frumv. í heild sinni, með áorðnum breyt., samþ. með 7 : 2 atkv. og verður afgreitt til forseta Nd.

Ein umr. 26. ágúst. (C. bls. 805; n 809; 811).

Valtýr Guðmundsson: Eg hefi leyft mér að koma hér fram með nokkrar breyt.till.; þetta mál er svo þýðingarmikið að menn ættu að vanda það sem bezt, og ekki senda það út úr þinginu að þessu sinni, heldur fresta því til næsta þings svo þjóðinni gefist kostur á að athuga það og segja álit sitt um það. Það hefð verið ástæða til að gera töluvert fleiri breyt,till., en eg treysti mér ekki til þess.

Við 1. gr. frumv. hefi eg bætt því inn að járnstólparnir skuli vera úr deigu smíðajárni. Það var tekið fram í háttv. Nd., að reynsla væri fengin fyrir því, að hinir algengu járnstólpar ekki dygðu hér á landi; það var tekið fram, að Björn Jensson adjunkt hefði fengið þess konar stólp

hjá Birni Kristjánssyni kaupmanni, og hefðu þeir verið orðnir ónýtir eftir 2 ár; teinarnir hrökkva sundur í frosti, ef nokkuð reynir á þá. Deigt smíðajárn þolir þar á móti betur loftslagið og frostið hjá oss.

Þá hefi eg gert breyt.till. við 2. gr., um, að leiguliðar skuli fá samþykki jarðeiganda. Það er nokkuð hart, þegar það er ákveðið í 13. gr. laganna, að jarðeigendur skuli skyldir til að sjá um, að girðingunum sé haldið við, og borga afborgun og vexti, ef leiguliðar ekki geta það, þegar girðinguna má setja á að þeim fornspurðum; ef til vill er þetta brot á móti stjórnarskránni og helgi eignarréttarins. Auk þess er það oft erfitt, ef ekki ómögulegt fyrir jarðeigendur að sjá um, að girðingunum sé haldið við, ef þeir t. d. eiga heima á öðru landshorni og hafa enga umboðsmenn. Líka eru það hörð ákvæði, að ef jarðir leggjast í eyði, skuli jarðeigendur skyldir til að borga girðingarnar, er ef til vill eru komnar á móti vitund þeirra og vilja.

Eg hefi ýmislegt fleira að athuga við frumv., sem eg þó ekki hefi flutt neinar breyt.till. um. Þannig er það miður heppileg ákvæði, að skylda sýslunefndir til þess, að fá menn til þess að gera áætlanir um og skoða girðingarnar, þegar ekkert er ákveðið um borgun handa þessum mönnum. Það er jafnvel óvíst, að menn séu skyldir til þessa endurgjaldslaust, en ef sýslusjóðir ættu að borga þessa vinnu, mundi það verða allmikil byrði fyrir þá. Einnig er aukin vinna hreppstjóranna, án þess gert sé ráð fyrir nokkuru endurgjaldi.

15. gr. frumv. virðist mér málinu óviðkomandi; þar er gripið inn í privatsamninga milli landsdrotna og leiguliða og ættu slík ákvæði heldur heima í ábúðarlögunum.

Það væri hrapað að málinu, ef þetta frumv. næði fram að ganga hér á þessu þingi; það stendur ekki á miklu, þó málið bíði til næsta þings, og væri betra að ráða málinu þá fyrst til lykta, er menn vissu, að „stemning“ væri fyrir frumv. hjá landsmönnum, enda gæti næsta þing fengið ýmsar mikilsverðar bendingar og upplýsingar, ef þetta mál yrði athugað og rætt af þjóðinni á þingmálafundum og víðar.

Framsögumaður (Guðj. Guðlaugsson): Nefndin hér í deildinni hefir athugað þetta frumv., eins og það kom frá háttv. Nd., og komist að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að samþykkja frumv. óbreytt, eins og nú liggur fyrir. Prentvillur hefir nefndin ekki haft tíma til að athuga rækilega; vonar, að það verði gert á skrifstofu þingsins, en eina prentvillu, „landssjóði“ í stað „sýslusjóði“, höfum vér orðið varir við, og er leitt, að slíkt skuli koma fyrir á skrifstofu þingsins.

Háttv. Nd. hefir gert nokkurar breytingar á frumv. Í 1. gr. hefir hún bætt inn í „galvaníseruðum járnstólpum“. Vér höfum að eins hugsað oss tréstólpa, þar sem girðing beygist og horn myndast, en stundum geta járnstólpar verið heppilegri, ef klöpp er undir, því þar væri erfitt að koma við tréstólpum, en ágætt að klappa járnstólpa niður í klöppina.

Við 5. gr. hefir Nd. gert efnisbreyt. Einn stærsti agnúinn á frumv. hér í deildinni var sá, að sýslunefndum var gert að skyldu að sjá um, að skoðunin færi fram undantekningarlaust. Nd. hefir breytt því svo, að sýslunefndin hefir leyfi til að láta skoða allar jarðir sem fjótast er unt, en að hún einnig megi láta gera það smátt og smátt, ef það á betur við. Það gæti nefnilega hugsast, að í einhverri einstakri sýslu væru að eins 2—3 menn, sem vildu hagnýta sér þetta, og væri þá ekki rétt að fyrirskipa skoðun á öllum túnum í sýslunni. Vér verðum að álíta, að hér sé eins reynt til að synda milli skers og báru og framast má verða og að breyt.till. sé því til bóta.

Þá er því bætt inn í 13. gr., að hreppstjórar eigi að hafa eftirlit með því, að girðingum sé haldið við. Þetta hefir ekki mikið að segja, því hér er eðlilega átt við, að hreppstjóri gefi sýslumanni tilkynningu um ástandið, hver í sínum hrepp, með því að þeir mega vera málinu kunnugastir, því ekki dugir að láta vírinn eyðileggjast fyrir vanþrif og hi óuleysi. Nefndin hyggur, að þetta sé heldur til bóta.

Þá er í 15. gr. sett 4% í stað 5%, og hyggur nefndin það fremur spilling á gr., því leiguliðar verða þó eitthvað að borga, en þessi tilfelli mundu verða fá, og samningar oft öðruvísi.

Þá er breyt.till. við 18. gr., að lögin öðlist gildi 1. febr. í stað 1. apríl, og er það bygt á þeirri skoðun, að ef lögin ekki yrðu staðfest fyr en t. d. 1. apríl, kæmi fregnin alt of seint til Íslands. Þetta ákvæði rekur nokkuð á eftir staðfestingu frumv.

Eg vil þá minnast með nokkurum orðum á breyt.till. háttv. 2. þm G.-K. (V. G.). 1. breyt.till. hans fer fram á, að aftan við 2. gr. bætist: „úr deigu smiðajárni". Á breyt.till. sést eigi, hvort átt er við teinana ellegar við stólpana. Eg skal nú játa, að þessi breyt.till. háttv. þm. er á sínum rökum bygð, en þar sem eg verð að ganga út frá, að þessi breyting nái til stólpanna, því að eftir dæmi því, sem h. þm. tók, getur hún ekki átt við teinana, þá get eg ekki álitið hana heppilega eða að minsta kosti ekki nauðsynlega, því þegar þess er gætt, hvaða kostnað það hefir í för með sér að hafa járnstólpa víða, og jafnframt hagar víða svo til, að þeir eru óhentugir, þá munu verða fáir, er kaupa þessa járnstólpa, svo eg finn enga ástæðu til þess að setja þetta inn í frumv., því þá mætti alveg á sama hátt setja inn í frumv. ýms önnur ákvæði í líka stefnu, en slíkar athugasemdir eiga þar ekki heima, heldur verður hver að vera þar sjálfráður, og gera þær athugasemdir, sem þar getur við átt, við þann, sem stendur fyrir kaupunum.

Þá eru 2. breyt.till. háttv. sama þm., er fer fram á að bæta aftan við 2. gr. því ákvæði, að þeir ábúendur, sem væru leiguliðar, skuli hafa samþykki landsdrottins til lántökunnar.

Eg skal nú játa, að einnig þessi br.till. er á nokkurum rökum bygð, en þær ástæður eru þó að mínu áliti ekki fullgildar. Það er fyrst og fremst, að það mundi sjaldan koma fyrir, að leiguliðar þurfi að girða í trássi við jarðareigendur, því í fyrsta lagi mundu ekki ráðast í það, nema góðir og duglegir ábúendur, er mundu búa á jörðunum áfram, og í öðru lagi verða ábúendur og að leggja fram talsverða peninga sjálfir og að leggja í talsverðan kostnað, bæði með að flytja efni, setja niður grindur o. s. frv. Eg hygg því, að slíkt mundi afarsjaldan eiga sér stað, en þó nú svo væri, að það kynni að koma fyrir, að landsdrottinn hefði á móti því, að leiguliði girti ábúðarjörð sína, þá vil eg leyfa mér að spyrja, hvort eigi sé ástæða til að hlynna svo að leiguliða, að hann megi girða eða taka lán til girðingarinnar án samþykkis landsdrottins. Mér virðist þetta eðlilegt, því margar raddir hafa heyrst um það, að hlynna beri að leiguliðum, bæði af því að þessir menn eru oft fátækir, en jafnframt framtaks- og dugnaðarmenn, og þegar hægt er að hlynna að þeim, án þess að koma verulega í bága við eignarrétt landsdrottins, þá skoða eg það alveg rétt. Eg vil geta þess, að eg álít óskiljanlegt, ef menn ekki vilja samþykkja þetta ákvæði, en vilja þó ekki hreyfa neitt við lögunum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 1884, því þar er sannarlega farið of langt í þessum atriðum.

Háttv. þm. færði fram sem ástæðu fyrir breyt.till. sinni, að það væri hart fyrir landsdrottinn að þurfa að borga lánið, ef jörðin legðist í eyði. Mér datt fyrst í hug, að þessi væri aðalástæða hans, að

hann vildi fríja jarðareiganda við að borga lánið, ef ábúandi flytti strax, eftir að hann hefði tekið það og jörðin legðist í eyði, en að mínu áliti er það bygt á misskilningi, því í fyrsta lagi getur enginn búist við, að jarðirnar leggist í eyði fyrir þá skuld, að tún þeirra eru girt, því að ef tekið er meðaltún, þá mundi ekki kosta nema 150 kr. að girða það, og yrði þá sá skattur, sem legðist á eiganda ekki nema 15 kr., sem margfaldlega borgaði sig. En þó nú svo færi, að jörðin legðist í eyði — ekki fyrir þá skuld, að tún hennar væri girt — heldur af einhverjum öðrum ástæðum, þá sýndi girðingin fyrst verulega gagn sitt og borgaði sig margfaldlega, því að tún jarða, sem lagðar eru í eyði, koma því að eins að nokkuru haldi, að þau séu girt. Eg get hugsað mér, að tún, eins og eg áðan talaði um, sem kostaði 150 kr. að girða, gæfi 3 kýrfóður af töðu. Túnið mundi því fljótlega borga, ekki einungis 15 kr. árgjaldið, heldur allan höfuðstólinn, og það því fremur, sem túnið fyrstu 2 árin gæti gefið fullan arð, því árið, sem ábúðin endaði, hefði það fullan áburð frá ábúandanum og næsta ár ætti það líka að hafa nægilegan áburð eftir f. á. ábúð, og ef það nú gæfi af sér 2 kýrfóður í minsta lagi hvort árið eða um 4 kýrfóður alls, að eins fyrir girðinguna, þá væri höfuðstóllinn borgaður langsamlega, en nú er full reynsla fyrir því, að gömul tún gróa vel í fjölda mörg ár og gefa betri og meiri arð en engi alment, en vilji landsdrottinn selja girðinguna, þá getur hann líka það, og fær þá auðvitað eitthvað upp úr henni, en höfuðstólinn hefir hann fengið á fyrstu árunum.

Þá kemur 3. breyt.till., er fer í þá átt að 18. gr. falli burtu; afleiðingin af því verður sú, að það gæti dregist í eitt og hálft ár, að lögin yrðu staðfest og yrði þá nærfelt tvö ár, þangað til lögin öðluðust gildi. Eg verð því að skoða þessa br.till. sem að eins komna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, að lögin gangi fram.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) gat þess, að þetta frv. væri svo stórvægilegt, að það þyrfti nákvæmrar athugunar. Þetta er satt, en það er hins vegar ekki torskilið; það er einfalt og óbrotið og athugað af 10 mönnum í nefndum, 7 í Nd. og 3 hér; auk þess hefir þetta frv. mætt meiri andróðri utan þings og haft við fleiri fordóma að stríða en flest önnur frv. hér á þinginu hafa haft að þessu sinni, og hefir það auðvitað orðið til þess, að örfa menn til að athuga það nákvæmar; annars er það ómögulegt fyrir hvern einstakan þingmann fullkomlega að fylgjast með í hverju einstöku atriði og i hverju einasta máli. Háttv. þm. lýsti því sjálfur yfir hér í deildinni um daginn, þegar síldarveiðalögin lágu fyrir, að hann ekki bæri skyn á það frv., en samþykti það þó; enn fremur er eg sannfærður um, að það hafa verið ýmsir þm., sem ekki skyldu hvert atriði í lögunum um „firma og prókuru“ en það er ábyrgðarhluti að fella frv., þó að menn skilji ekki hvert eitt einasta atriði; sem betur fer, hafa menn skilið þetta frumv. nægilega, sem sjá má meðal annars af breyt.till. háttv. þm., að hann hefir sett sig nákvæmlega inn í frv. og reynt til að finna þá galla, sem á því væru og sem að gætu orðið því til falls.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá frá 2. þm. G,-K. (V. G.) svo hljóðandi: „Í því trausti, að landsstjórnin taki túngirðingar landsins til nákvæmrar íhugunar og rannsóknar og komi fram með tillögur sínar viðvíkjandi umbótum á þeim fyrir næsta alþingi, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni“ — var feld með 6 : 4 atkv.

Till. um að taka málið út af dagskrá feld með 6 : 2 atkv.

1. brt. á þskj. 626 feld með 7 : 4 atkv.
2. brt. — — — — 7 : 4 atkv.

3. brt. á þskj. 626 feld með 7 : 4 atkv.

Frv. í heild sinni samþ. með 7 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
Jón Jakobsson,	Sigurður Jensson,
Eiríkur Briem,	Júl. Havsteen,
Guðj. Guðlaugsson,	Kristján Jónsson,
Gutt. Vigfússon,	Valt. Guðmundsson,
Hallgr. Sveinsson,	
Jónas Jónassen,	
Þorgr. Þórðarson.	

og verður afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Lántaka til túngirðinga.

FRUMVARP til laga um heimild til lántöku handa landssjóði; 1. umr., 18. júlí (C. bls. 256).

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Þetta frumv. er stutt, enda munu allir skilja tilgang þess. Það byggist á frumv. því, sem nú var til meðferðar næst á undan og nefnd var skipuð í, og hljóðar, eins og þingdm. sjá, um heimild til lántöku handa landssjóði, sem frv. næst á undan fer fram á, og er þetta frv. því dilkur við hitt; en eins og menn sjá, er hér að eins um heimildarlög að ræða, sem stjórnin að eins má nota, þegar þörf gerist; því að það gat ekki gengið að leggja þá byrði á landssjóð, sem hann gæti ekki fullnægt, heldur virtist réttara, að stjórnin tæki lán handa honum til þessara útgjalda, og færi svo afborgunina landinu til útgjalda, svo að landið ætti sinn viðlagasjóð eftir sem áður.

Eg þykist ekki þurfa að mæla með þessu litla frumv., því að eg veit, að þeir þingm., sem eru hinu frumv. meðmæltir, muni einnig greiða atkvæði með þessu, og vil eg svo leyfa mér að stinga upp á, að því verði vísað til þeirrar nefndar, sem kosin var áðan í hitt frumv., ef menn ekki koma með aðra uppástungu, sem er heppilegri.

Valtýr Guðmundsson: Þó eg greiddi atkvæði með frv., sem síðast var til umræðu og nefnd var kosin í, þá leiðir ekki af því, að eg gefi þessu frumv. atkvæði mitt, heldur þvert á móti. Eg get alls ekki verið því meðmæltur, að tekið sé lán handa landssjóði í þessum tilgangi og sérstaklega ekki, án þess að stjórnin láti í ljósi ósk sína um, að lánið sé tekið. Mér finst, að þingið eigi ekki að hvetja til slíkrar lántöku nema því að eins, að stjórnin fari sjálf fram á það.

Hér stendur líka svo sérstaklega á, að verið er að gefa heimildarlög fyrir stjórn, sem er í vændum, og er því óviðkunnanlegt að vera að semja heimildarlög fyrir þá stjórn, sem skipuð verður, án þess að vita nokkuð um stefnu hennar. Þar að auki er það hlægilegt, ef landssjóður ætti að taka hálfa millión til láns; eg ímynda mér, að það mundi verða talin fjarstæða; það mundi sannarlega ekki verða til að auka lánstraust vort á heimsmarkaðinum; menn mundu spyrja, hvaða blessaður ræfill þetta land væri, sem þyrfti að taka eina hálfa miljón til láns; mér finst það ekki geta komið til nokkurra mála, að taka lán fyrir landssjóð nema því að eins, að teknar væru margar milliónir í einu, og gæti það komið til greina, ef um það væri að ræða að koma í verk einhverjum öðrum stórkostlegum og mikilfenglegum framkvæmdum í landinu, og gerði þá ekkert til, þótt tekið væri nokkuð stærra lán en brýn þörf væri á.

En að taka hálfa million til láns handa landssjóði, án þesss að stjórnin fari fram á það, álít eg ekki að geti komið til nokkurra mála.

Eg verð því að greiða atkvæði á móti þessu frumv., enda þarf það ekki að standa í svo nánu sambandi við hitt frv., sem nefnd var skipuð í áðan.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugs

son): Það ætti að minsta kosti að vera hlutverk nefndar þeirrar, sem kosin var í hitt frv., að dæma um, hvort þetta frv. sé svo ónauðsynlegt og óþarft, að ekki megi leyfa því að koma til athugunar í nefnd. Eg skil ekki þá athugasemd háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), að það sé ótilhlýðilegt að gefa stjórninni heimild til lántöku úr landssjóði, án þess að hún æski þess eða fari fram á það. Hann álítur þá líklega ótilhlýðilegt að skipa stjórninni að borga út upphæðir, sem ekki eru til, svo að landssjóður yrði í fylstu fjárþrotum.

Þetta er það sker, sem við vildum sneiða hjá; en það er of seint að óska eftir heimild til þingsins, þegar þingið er úti; og þetta frv. fer þó ekki fram á að veita það fé, sem ekki er til, því að þá er alt ómögulegt; en þetta er mál, sem nefndin getur skorið úr.

Viðvíkjandi því, sem 2. þm. G.-K. tók fram sem mótbáru móti frv., nfl. að sú upphæð, sem hér er farið fram á, sé svo lítil, að landssjóður ætti að fyrirverða sig fyrir hana, þá þekki eg ekki inn á þá hugsun. Mín skoðun er sú, að þegar menn taka lán, þá verði flestir því fegnir að þurfa ekki að taka nema sem minsta upphæð, og því hélt eg, að sama regla gilti fyrir landssjóð, og að bíða eftir því, að önnur stór fjármál komi til, sem annaðhvort yrðu feld eða samþykt í blindni, finst mér ekki geta átt sér stað; enda mætti síðar biðja um aðra hálfa millión fyrir landssjóð, ef heppilegt þætti eða þarflegt fyrir landið.

Landshöfðingi: Eg verð að vera háttv. flutningsmanni samdóma um, að úr því fyrra frumvarpið var sett í nefnd, þá sé líka rétt, að þessu frv. verði vísað til þeirrar nefndar.

Þegar eg las þetta frv., þá gekk eg út frá því, að það væri ekki tilgangur háttv. flutningsm., að frv. yrði útrætt nú á þessu þingi, heldur hélt eg, að þeir vildu að eins þreifa fyrir sér, hvernig því yrði tekið af þinginu. Mér finst sjálfsagt, að máli þessu sé ekki ráðið til lykta, fyr en landsmönnum hefir verið gefinn kostur á að ræða það og láta uppi álit sitt um það.

Það væri ef til vill heppilegt, að nefnd væri skipuð í þetta mál bæði í þessari deild og Nd.; en að setja slíka ráðstöfun á stofn, án þess að þjóðinni gefist kostur á að kynnast henni og láta uppi álit sitt um hana, finst mér ekki vera rétt, og þess vegna álít eg það sjálfsagt, að málið sé rætt á 2 þingum, og það er í fullu trausti til þess, að frv. verði ekki að lögum fyr en eftir næsta þing, að eg legg það til, að því sé vísað til þeirrar nefndar, sem kosin var í næsta frv. á undan.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 9 : 2 atkv.

Vísað til nefndar þeirrar, sem kosin var í frv. um túngirðingar, með 9 samhlj. atkv.

Fólksflutningar til Íslands.

FRUMVARP til laga um fólksinnflutninga til Íslands; 1. umr., 14. júlí (C. bls. 210).

Flutningsmaður (Valtýr Guðmundsson): Frumvarp þetta, sem eg hefi leyft mér að koma fram með, stendur í nánu sambandi við þingsályktunartill. þá, sem eg einnig hefi komið fram með, en enn þá ekki er komin til umræðu; og ástæðurnar til þess, að eg hefi komið fram með frumvarpið og tillöguna, eru þær, að komið hafa fram almennar umkvartanir yfir fólkseklu í landinu, og margar raddir hafa bæði í blöðunum og á fjölmörgum fundum látið til sín heyra um það, að eitthvað þurfi að gera, til þess að vega salt á móti útflutningum þeim, sem árlega eiga sér stað héðan af landi til Vesturheims. Sumar þessar raddir hafa gengið í þá átt, að gerðar væru ráðstafanir til þess af landsstjórninni, að Íslendingum í Ameríku

væri gert hægra fyrir en nú er að komast heim til Íslands aftur; en eg fyrir mitt leyti get ekki fallist á, að tiltækilegt væri eða heppilegt að verja fé til þess, því að eg lít svo á, að það mundi ekki verða til neins góðs eða koma að tilætluðum notum, því að þeir Íslendingar, sem fluzt hafa til Vesturheims, munu flestir, ef þeir eru dugandi og áhugasamir menn, komast allvel af og una sér þar vel; og ef þeir hafa mikla heimþrá, þá geta þeir af eigin rammleik komist hingað heim aftur; það eru þá að eins ónytjungarnir, sem þurfa á styrk að halda til þess, og yrði þá landið litlu bættara með að fá þá heim aftur. Aftur á móti er alt öðru máli að gegna með að fá útlendinga til þess að flytja hingað til landsins og setjast hér að; það gæti orðið til ábata fyrir landið, sérstaklega þegar litið er til þess, að alment er kvartað yfir vöntun á verkalýð í landinu; og mér er lítt skiljanlegt, að ekki mætti fá útlent verkafólk til að flytja hingað til landsins, þegar þess er gætt, hve hátt verkkaupið er hér.

Eg skal í sambandi við þetta leyfa mér að geta þess, að þegar eg í fyrra samdi bók mína um þjóðmenning Íslands, þá hafði stjórn félags þess, er eg stóð í sambandi við, eftirlit með prófarkalestri, og þegar eg skýrði frá jarðabótum hér á landi í krónutali, þá gerði félagið fyrirspurn til mín um, hvort það væri mögulegt, að verkkaup væri svo hátt hér á landi, og svaraði eg þeim, að verðlagið væri prentað í Stjórnartíðindunum, og vakti það furðu þeirra, að það skyldi vera svo hátt. Sannleikurinn er sá, að verkkaupið er töluvert hærra hér á landi en annars staðar og ætti því að vera hægt að fá verkafólk til að flytja hingað frá öðrum löndum; en til þess að koma á straumi af innflytjendum, þá þarf að bjóða þeim einhver þau kjör, er laði þá hingað, og ekki að eins einhleypa menn, heldur líka fjölskyldur. Meðal annars mætti stuðla að þessu með því að viðhafa sama ráð og í Ameríku, sem sé að útvega þeim ókeypis land. Það stendur svo heppilega á, að hér er nóg af landi en íbúarnir of fáir, og megnið af landinu óræktað; af 1900 □ milum er ekki nema 4—5 ræktað land, og er landið því í þessu tilliti næstum því verra ástandi en á landnámstíma bilinu; það er því sannarlega ekki vanþörf á, að eitthvað sé gert til þess að rækta það, og fyrsti vegurinn til þess, er að fá fólk til þess að flytja inn í landið og þá helzt menn, sem kunna að rækta það; en eins og kunnugt er, bera Íslendingar sjálfir lítið skyn á það og þess vegna verða þeir að sælast eftir fólki til þess frá öðrum skyldum löndum, svo sem Noregi, en sérstaklega frá Finnlandi; því að það er ekki ólíkt Íslandi að því leyti sem það er töluvert hrjóstrugt og loftslag fremur kalt, og eg hefi heyrt það haft eftir Finnum, sem hingað hafa komið, að það sé miklu lífvænlegra hér á Íslandi en á Finnlandi. Það liggur því í augum uppi, að fólksinnflutningar hingað til landsins yrðu töluverður gróði fyrir landið í mörgu tilliti; því að meðal annars mundi það verða til þess, að landið yrði ræktað upp og fleiri til að bera byrðarnar, og öðru lagi mundi það verða stór gróði fyrir landið, að landsmenn lærðu af útlendingunum að rækta landið; þá fyrst gæti eg gert mér von um, að mögulegt yrði að koma í framkvæmd hugmynd Björns skólakennara Jenssonar, að rækta þetta land á sama hátt og tíðkanlegt er í öðrum löndum, nfl. með því að plægja það og sá í það, sem nú er næsta erfitt af því að hér eru svo fáir, sem kunna nokkuð til þess. Að því er það snerti að gefa innflytjendum land til umráða, þá landssjóður töluvert af þjóðjörðum, sem nú eru margar hverjar að leggjast í eyði og væri þá ekki annað betur gert við

þær en að gefa innflytjendum þær til þess að rækta þær upp, og eru öll líkindi til, að nóg mætti fá af óræktuðu landi á islenzkum þjóðjörðum fyrst í stað, enda er hér ekki farið fram á meira en 3 ferhyrningsmílur að öllu samtöldu. Eg hefi ekki þorað að til taka, hve mikið land innflytjendum skyldi úthlutað, en gert ráð fyrir, að það væri látið vera á stjórnarinnar valdi að kveða á um það; það hefir vakað fyrir mér, að það þyrfti ekki að vera stórt svæði af óræktuðu landi, sem innflytjendum yrði úthlutað, af því að eg ætlast til, að þeir lifðu á ræktuðu landi sínu. Hvað það ákvæði snertir, að eignarrétturinn til hins úthlutaða landssvæðis missist eftir vissa áratölu, ef skilyrðunum, sem sett eru fyrir því í 3. gr., er eigi fullnægt. þá hefi eg í þessu atriði farið eftir því, sem tíðkanlegt er í öðrum löndum, t. d. Ameríku.

Frumv. er að nokkru leyti samið út í loftið, og bið eg háttv. deild að skoða það að eins sem grundvöll til að byggja á, og vona eg, að frumv. verði, að loknum umr. um það, vísað til nefndar, sem svo hefði landtökulög annara landa til fyrirmyndar.

Að því er fjárupphæðir frumv. snertir, þá eru þær líka nokkuð af handahófi; þær ern naumast of háar, en annars geta verið nokkuð skiftar skoðanir um þær; en eg vona, að væntanleg nefnd taki það einnig til íhugunar. Eg hygg að þetta frumv. geti haft mikla þýðingu fyrir landið, ef það verður að lögum, og hefi beztu vonir um, að félag það í Danmörku, sem nýlega hefir verið stofnað þar, (De danske Atlanterhavs Öers Selskab), mundi taka höndum saman við stjórn vora, til að vinna að innflutningum hingað.

Eg skal svo ekki fjölyrða um frumv. að svo stöddu, en leyfi mér að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði skipuð, til íhuga það, að loknum umræðum um það.

Guðjón Guðlaugsson: Eg finn ekki gildar ástæður til að styðja þetta frumv. með atkv. mínu, af þeirri ástæðu, að eg sé ekki neinar líkur til, að það geti bætt úr þeim göllum, sem til er ætlast, nefnilega fólkseklunni hér á landi, og það því síður, sem sett er inn í það ákvæði, sem gefur útlendingum undir fótinn, að setjast hér að sem búendur, með því að þeim skuli gefið land til ræktunar; enda býst eg ekki við, að nokkur útlendingur, sem þekti nokkuð hér til, mundi vilja taka því boði og flytja hingað, svo framarlega sem hann hefir þau skilyrði, sem útheimtast til þess, að geta búið í öðrum löndum, því að ætla mönnum að lifa hér á landi af ræktuðu landi eingöngu eða af landi, sem á að verða ræktað, það virðist mér ekki benda á annað, en sérstaka vanþekkingu háttv. flutningsm. á kringumstæðunum hér á landi; því að það er alt annað en lífvænlegt, að ætla mönnum að taka hér óræktað land til yrkingar og lifa af því eingöngu, án þess að hafa neitt annað að styðjast við; það er meira að segja fágætt, að menn lifi hér á ræktuðu landi, því að þær tekjur, sem við höfum af óræktuðu landi, eru nettótekjur. Ef frumv. færi fram á, að draga eingöngu útlendan verkalýð inn í landið, þá skyldi eg fúslega gefa því atkv. mitt, en þar sem það fremur fer fram á, að laða hingað útlendinga til þess að verða hér búsettir, þá get eg ekki fallist á það. En þó að frumv. færi eingöngu fram á að laða verkalýð hingað, þá er samt mikið spursmál, hvort sú fjárupphæð, sem gert er ráð fyrir í frumv., hefði nokkra þýðingu í því tilliti, og ef það er meiningin að draga útlendinga hingað, þá er mér óskiljanlegt, að ekki skuli helzt eiga að byrja á því, að laða útlendan verkalýð hingað, því að sá útlendingur, sem byrjar hér að vinna saman við Íslendinga, er líklegri til þess, að geta lagað sig eftir kringumstæðunum hér og til þess að geta

síðar orðið góður bóndi; en að ætlast til þess, að menn komi hingað frá útlöndum og flani að því, að taka hér lítinn blett til ræktunar, og ætlast til þess, að menn geti lifað af honum um leið, það mundi verða til viðvörunar, svo að enginn útlendingur kæmi hingað til landsins, til þess að búsetjast hér. Það er alt af verið að tala svo mikið um og gera svo mikið úr þekkingu þeirri, sem útlendingarnir hafi til að bera; en það er líka aðgætandi, að sú þekking þeirra er samgróin kringumstæðum í því landi, sem þeir eru uppaldir í, en hún á ekki við hér á landi, og þar sem háttv. flutningsm. mintist á, að þessir fólksflutningar frá útlöndum gætu orðið til þess, að stuðla að því, að sáningaraðferðin kæmist á hér á landi, þá hefi eg litla trú á því, enda hygg eg, að háttv. flutningsm. vanti þekkingu til þess að dæma um, hvort sú aðferð mundi í reynslunni verða happadrjúg; en eg vil sem minst um þá aðferð tala, af því að eg hygg, að sá maður, sem fyrstur hefir vakið máls á því, hafi talað þar um mál, sem hann var ekki vaxinn, og segi eg þetta ekki til þess, að ámæla þeim heiðursmanni; en það mun sannast af reynslunni, að sú aðferð verður aldrei notadrjúg, og að sú aðferð, sem hingað til hefir verið notuð, á bezt við, eins og högum er háttað hér á landi; en útlendar flíkur, sem menn ætla að færa þjóðina í alt í einu, eiga sjaldnast við okkar vöxt, og sama má segja um sáningaraðferðina hér hjá okkur Íslendingum, enda mundi sú aðferð hafa mikla fjáreyðslu í för með sér, og efasamt, hvort hún með miklu meiri fjárupphæð yrði meira arðberandi en sú aðferð, sem við nú höfum, og kostar eflaust miklu minna.

Viðvíkjandi því ákvæði frumv., að gefa útlendingum land af landssjóðsjörðum til yrkingar, þá virðist það koma dálítið undarlega fyrir, þegar þess er gætt, að við viljum ekki einu sinni selja landssjóðsjarðir nú; en hér liggur líklega það til grundvallar, að við gefum það land, sem við sjálfir ekki getum notað; en það eru ekki heiðarlegar gjafir, og gæti jafnvel orðið hefndargjöf fyrir þá, sem ættu að njóta, og ef nokkuð ætti að gefa af landi, sem er í eyði, þá hygg eg, að það væri heppilegast að draga hugi landsmanna sjálfra frá sjónum, með því að reyna, að hafa þessar jarðir á boðstólum handa þeim, ef þeir vilja sýna dugnað til að rækta þær. Það mundi hvetja hugi duglegra manna, og með slíkum gjöfum mætti ef til vill stöðva nokkuð útflutninga duglegra ungra manna út úr landinu; það væri mér miklu nær skapi en að styðja að innflutningi útlendinga inn í landið.

Flutningsmaður (Valtýr Guðmundsson): Mér fanst háttv. þm. Strand. (G. G.) ekki skilja það mál, sem hér er um að ræða, Hann var að tala um, að það væri sprottið af ókunnugleika hjá mér, að koma fram með þetta frumv., en mér fanst einmitt hans ræða bera vott um, að honum sé ókunnugra um lifnaðarhætti annarra þjóða, en mér um hagi hér á landi. Eg þykist hvorutveggja kunnugur, þar sem eg er alinn upp í sveit á Íslandi. Hann áleit, að það væri ekki hægt að lifa hér á ræktuðu landi; því skyldu menn endilega þurfa að lifa hér skrælingjalífi? Því skyldu Íslendingar þurfa að lifa alt öðru lífi en annars staðar tíðkast í siðuðum löndum? Það er skrælingjaháttur að hugsa svo, og ber að eins vott um vantandi menningu.

Háttv. sami þm. sagði enn fremur, að það væri alt öðru máli að gegna, ef frumv. færi fram á að laða verkalýð inn í landið; þá gæti hann gefið því atkv. sitt; en eg tók það einmitt fram áðan, að eg álít ekki tiltökumál, að fara fram á að fá fólk til að setjast að hér á landi, nema því að eins, að við höfum eitthvað aðlaðandi á boðstólum, ekki einungis fyrir verkamenn, heldur líka fyrir fjölskyldumenn

því að menn mundu ekki vilja flytja hingað og setjast hér að, nema því að eins, að hér væri eitthvert sérstaklegt aðdráttarafl fyrir þá; en ef svo færi, að hingað myndaðist straumur af útlendum fjölskyldumönnum, þá mundu einhleypir verkamenn flytja hingað líka, sem margir mundu verða sjómenn og lenda á þilskipum, og við það mundi losast um íslenzkan vinnukraft til landbúnaðarins.

Háttv. þm. tók það einnig fram, að það væri ekki rétt, að gefa útlendingum þjóðjarðir til ræktunar, heldur Íslendingum; eg er honum fullkomlega samdóma um, að það sé rétt, að öllum, bæði Íslendingum og útlendingum, séu boðnar þessar jarðir, með því skilyrði, að þeir séu búnir að rækta þær á vissum árafresti, en ef þeir hefðu ekki ræktað þær á því tímabili, þá mistu þeir eignarréttinn til þeirra. En þar sem háttv. þm. gat þess, að það liti skrítilega út, að farið væri fram á að gefa útlendingum part af þjóðjörðum, sem við annars ekki vildum selja, þá er þar alt öðru máli að gegna; því að hverri jörð fylgir afarmikið land, sem getur orðið landsmönnum að miklu gagni með tímanum, og getur því verið álitamál að selja það nú, meðan verð jarða er jafnlágt, og það er. Hér er farið fram á að gefa land; það er að vísu satt, og getur í fljótu bragði litið svo út, sem mikil mótsögn sé í því; en ef málið er nánar athugað, þá er það ekki svo, því einmitt með þessu móti mundi langt um meira fást í aðra hönd; því að ef menn gætu lifað þúsundum saman á því landi, sem að eins fáeinir menn nú lifa á, þá mundu þeir gjalda svo miklu meira til landssjóðs, sveitarþarfa og annars, að það mundi nema miklu meiru en sú upphæð, sem fengist með því að selja sama landsvæði fyrir það verð, sem nú er alment á jörðum hér á landi; þessir nýju gjaldendur mundu því bera með okkur gjöld, bæði til landssjóðs og sveitarsjóða, og yfir höfuð hjálpa okkur til að bera allar byrðarnar.

Eg held því, að háttv. þm. hafi ekki litið nógu langt fram í tímann eða athugað nógu vel, hverjar afleiðingar það kynni að hafa, ef þessi hugmynd kæmist í framkvæmd; eg skal ekkert um það segja, hver árangurinn yrði, en eg álít samt vert að gera tilraunir til þess að framkvæma hana.

Viðvíkjandi því, að enginn útlendingur, sem þekti til hér á landi, mundi fást til að flytja hingað og setjast hér að, þá get eg ekki fallist á þá skoðun; því að þetta land er háð sömu skilyrðum eins og mörg önnur lönd, þar sem menn lifa á ræktuðu landi, og skal eg í þessu sambandi taka það fram, að meðal þeirra, sem bezt bera skyn á landbúnað vorn, hefir Torfi í Ólafsdal haldið því fram, að ræktað land hér á landi gefi fult svo mikið af sér, eins og jafnstór blettur í öðrum löndum. Hann álítur, að vel ræktað tún gefi hér af sér um 30% í hreinan ágóða og mundi það þykja gott annars staðar. Vitanlega verður ekki til þess ætlast, að land, sem tekið er til ræktunar, gefi strax arð af sér, það verður fyrst að liggja brotið til þess, að efnin í jarðveginum geti sogið loftið í sig og breyzt. Þar sem háttv. þm. hélt því fram, að það væri fjarstæða, að hugsa sér að menn gætu lifað hér á landi á litlum ræktuðum bletti, þá sýnir þetta ókunnugleika hans á lifnaðarháttum annara þjóða, og hve samgrónar hugmyndir hans eru orðnar við hirðingjalífið hér á landi, sem útheimtir svo mikið landrými. Eg skal enn fremur geta þess, að það stendur sérstaklega heppilega á, að íhuga þessar tilraunir til fólksinnflutninga nú, þar sem það liggur fyrir þinginu nú, að semja við Sameinaða gufuskipafélagið um ferðir milli landa. Þar sem félagið veitir þeim mikla ívilnun í fargjaldi, sem flytja héðan af landi til Ameríku, þá eru ekki síður líkindi til, að það vildi veita slíka ívilnun þeim, sem flytja inn í landið.

Eg skal svo ekki fjölyrða um frumv., en vona, að háttv. deild sinni þessu máli svo, að hún samþykki, að nefnd sé skipuð í það, og verður þá komið undir þeirri niðurstöðu, sem sú nefnd kemst að, hvað gera skuli í þessu máli; eg veit, að hér á landi er mikil „stemning“ fyrir málinu, og að því mundi ekki verða tekið með þökkum, ef þingið neitaði að sinna því nokkuð.

Guðjón Guðlaugsson: Eg held, að ekkert hafi sannað orð mín, að flutningsm. bæri ekki þekkingu á þetta mál, betur en það, sem hann segir, að það sé skrælingjaháttur að nota óræktað land; slíkt er hin mesta fjarstæða, því að það getur alls ekki verið um það að ræða, að við nokkurn tíma getum komist svo langt hér á landi, að alt land verði ræktað, og því skyldum við ekki nota það land, sem liggur fyrir utan túngarðinn hjá okkur, þótt það sé ekki ræktað? Við getum þó aldrei ræktað fjöll og firnindi, aldrei ræktað fjöll, sem liggja 1000—2000 fet yfir sjávarmál, og uppi á fjöllum er þó oft svo góð beit, að hún er margra peninga virði. Það gengur yfir mig, að háttv. þm. skuli fullyrða, að menn geti lifað her eingöngu á ræktuðu landi; svo verður líka að gæta þess, að hér er um það að ræða, að gera óræktað land að ræktuðu; menn verða þó að lifa á einhverju, á meðan þeir eru að rækta landið og gera það arðberandi, og þar sem flutnm. bendir á önnur lönd, svo sem Ameríku til sumanburðar í þessu tilliti, þá er það hreinasta fjarstæða, sem alls ekki kemur þessu máli við. Það nær alls engri átt að segja, að þetta land sé sömu skilyrðum háð í þessu tilliti, sem önnur lönd, þótt meðalhiti kunni að vera hinn sami á vetrum. Flutnm. veit þó að líkindum, að í þeim löndum, sem mest er frostið á vetrum, þar er mestur hiti á sumrin; einungis það, að ekkert land nema Ísland liggur á sama stað, er næg sönnun fyrir því, að því er ekki eins háttað og öðrum skilyrðum háð en öll önnur lönd; en á hinn bóginn skal eg játa, að túnræktin er aðalskilyrði fyrir landbúnaðinn og lífsnauðsyn fyrir þjóðina, en þar með er ekki sagt, að menn geti lifað á ræktuðu landi eingöngu, meðan verið er að gera óræktað land aðberandi, og jafnvel þótt túnræktin væri á bezta stigi hjá okkur, þá gæti það ekki kent okkur að láta liggja ónotað það land, sem er fyrir fótunum á okkur, þótt óræktað sé.

Eg skal að vísu játa, að þekking mín á öðrum löndum er ekki eins mikil, og háttv. flutnm., en hins vegar verð eg líka að geta þess, að eg hefi gert meira en hann, að því er snertir verklegar framkvæmdir í því, sem hér ræðir um.

Þar sem flutnm. hafði það eftir Torfa í Ólafsdal, að ræktað land hér gæfi fult svo mikinn arð af sér, sem jafnstór blettur í öðrum löndum, þá efast eg um, að hann hafi þar tekið með í reikninginn, að okkar ræktaða land liggur jafnan innan í meiru og minnu af óræktuðu landi, sem fóðrar skepnurnar fyrir lítið eða ekkert nokkurn hluta ársins, og gefur oss auk þess áburðarefni inn á tún vor, og svo kemur þetta ekki þessu máli við, því að Torfi getur ekki sannað, að menn geti lifað hér á ræktuðu landi eingöngu þrátt fyrir það, þótt það gæfi 30%, eins og hann hefir sagt.

Guttormur Vigfússon: Sú hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir frumv. þessu, er alls ekki ný. Því fyrir nokkrum árum var máli þessu hreyft allrækilega á fundi hér í Reykjavík, og síðan hefir því verið haldið vakandi af og til bæði með ræðum og ritum.

Hreyfing þessi á, eins og kunnugt er, rót sína að rekja til hinnar miklu vinnufólkseklu, sem alment er kvartað um og það ekki að ástæðulausu; en eg held, að frumv. þetta fari nokkuð í aðra stefnu en hugsun manna hefir verið hingað til á þessu máli; hún hefir aðallega verið sú,

að útvega til landsins erfiðisfólk, en ekki búendur.

Eg skal ekki endurtaka það, sem háttv. þm. Strand. (G. G.) tók fram viðvikjandi landnámi og ábúð útlendinga hér á óræktuðu landi, en eg skal taka það fram, að eg er honum fyllilega samdóma um það í öllum atriðum. Þótt nú frumv. þetta fari, eins og eg hefi bent á, nokkuð í aðra átt en eg hefði hugsað mér og álitið réttast, þá finst mér samt, að þingið eigi að taka því með allri vinsemd og skipa nefnd, til þess að athuga það, og reyna að koma því í það form, sem deildin gæti fallist á.

Það vill nú líka svo vel til, að hér liggur fyrir þingsályktunartillaga líks efnis við hliðina á þessu frv., sem að líkindum verður vísað til sömu nefndar, og þykir mér tillagan miklu álitlegri en frumv. sjálft, og mjög líklegt, að eitthvað mætti fá upp úr því hvorutveggja.

Eg skal svo ekki fjölyrða um málið, en býst við, að 3 manna nefnd verði skipuð, til að íhuga það.

ATKV.GR: Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

3 manna nefnd sþ. í e. hlj.

Kosningu hlutu:

Valtýr Guðmundsson	með	9 atkv.
Júl. Havsteen	—	7 —
Guttormur Vigfússon	—	7 —

Önnur umr., 5. ágúst (C. bls. 210; n. 424).

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Nefnd sú, sem sett var, til að rannsaka þetta mál, hefir komist að þeirri niðurstöðu, sem sjá má af nefndarálitinu; hún hefir komist að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt væri að gera einhverjar ráðstafanir til fólksinnflutnings, en þótt álitamál, hverjar þær ættu að vera.

Yfir höfuð að tala hefir nefndin þó eiginlega getað fallist á frv. og till., sem eiginlega hefði átt að verða frumv. samferða, af því að frv. er afleiðing af tillögunni. Í nefndinni var þó meiningamunur um það, hvort veita ætti innflytjendum gefins land eða eigi. Meiri hluti nefndarinnar leit svo á, að eigi mundi heppilegt að laða menn til þess að setjast hér að, til að byrja búskap, því að reynslan mundi verða sú, að þó menn færu að búa hér, mundu þeir eftir nokkur ár flosna upp. Þeir gætu ekki lifað hér og yrðu að eins til byrðar sveitarfélagi því, er þeir flyttu í. Minni hluti nefndarinnar leit aftur á móti svo á, sem meiri hlutinn einblíndi of mjög á ástandið, eins og það nú er. Hann áleit, að þó að það gæti verið satt, að útlendingar gætu ekki lifað hér á þann hátt, sem frv. fer fram á, með þeirri ræktunaraðferð, sem nú tíðkast hér, þá mundu þessir menn taka upp nýja aðferð og hugði eða leit svo á, að landið á þann hátt mundi bíða hagnað á tvennan hátt, sumpart með því að fá nýja menn og jafnframt við að læra af þeim nýja ræktunaraðferð. Meiri hluti nefndarinnar gat nú aftur á móti, eins og áður er tekið fram, ekki farið þessa leið, heldur áleit hann það heppilegast, að innflytjendur gætu fengið litla bletti til ræktunar í líkingu við það, sem þurrabúðarlögin heimila; þó áleit nefndin ástæðu til þess að ganga nokkuð lengra og sérstaklega leggja áherzlu á að fá fólk, sem settist að við sjávarsíðuna. Þó vildi nefndin gefa stjórninni sem frjálsastar hendur í þessu efni. Nefndin áleit heldur ekki heppilegt að einskorða innflutning við Norveg og Finnland, heldur við öll Norðurlönd, og að því er kostnaðinn snertir við þenna innflutning, áleit nefndin að 5000 kr. gætu nægt fyrst um sinn, í stað 10 þús., enda hægra að bæta við.

Þó er ein aðalbreyting, sem nefndin hefir gert á þessu frv., nfl. að því er snertir skilyrðið til þess að fá eignarhald á hinu útmælda landi. Eftir frv. átti landið alt að vera ræktað innan 5 ára, en nefndin, hefir farið fram á, að eigi sé nauðsynlegt að meira en $^1/_4$ landsins sé ræktaður inn-

an þess tíma, og er það í samræmi við það, sem á sér stað, t. d. í Canada; þar þurfa menn að hafa ræktað $^1/_4$ landsins innan ákveðins tíma til þess að geta fengið afsalsbréf; annars vona eg, að háttv. deild muni geta fallist á frv., eins og það nú er breytt, og skal því ekki fara fleiri orðum um það að svo stöddu.

Jónas Jónassen: Eg verð að segja fyrir mitt leyti, að mér er illa við þetta frv., af því að þegar fólk fer að flytjast mikið inn, mundi það hafa mjög ill áhrif á þjóðina, fyrst og fremst af því, að megnið af því fólki, sem inn flyttist, mundi verða tómt rusl. Það kynferðið mundi blandast saman og hafa í för með sér ýmsa ósiði og ef til vill sjúkdóma; auk þess mundi málið, að því er Finna snertir, verða þeim til fyrirstöðu; því þeir eru kunnir að því að vera mjög fastheldnir við tungumál sitt, en hitt er fyrir mér aðalatriðið. Það hefir verið sagt hér í deildinni og víðar, að vinnufólk vantaði í sveitunum, að menn flyttu úr sveitum að sjónum, svo að ekki væri nema kvenfólk eftir þar, en þetta kann satt að vera, en hvernig stendur á því? Jú, það stendur svo á því, að menn fá betri laun við sjóinn en í sveit, og er því eðlilegt, að svona fari. Ef sveitabóndinn gæti staðið sig við að borga jafnmikið kaup og menn fá við sjóvinnuna, þá mundi fólksekla í sveitinni minka og mundi ekki eins mikið kveinið og nú er. Ef menn vilja reyna til að flytja fólk inn í landið, þá finst mér réttara að fá okkar eigið fólk, Íslendinga, sem sitja í Ameríku og hópum saman vilja flytja inn aftur, en geta ekki komist sökum efnaleysis. Það væri þá miklu nær að styrkja þessa menn að einhverju leyti til þess að koma hingað aftur, og þeir yrðu margir, sem þessum boðum mundu taka, sjálfsagt 8 af hverjum 10. Þetta sér maður iðulega af þeim bréfum, sem fara milli Íslendinga hér og í Ameríku, og eg hygg, að þeim peningum væri betur varið, sem notaðir væru til þess að bjóða Íslendingum að flytja inn aftur og styrkja þá til þess, t. d. að borga fyrir þá $^1/_2$ fargjaldið.

Í upprunalega frv. stóð, að það væri aðallega Norv. og Finnland, sem ætlast væri til að útlendingar kæmu frá, en eg hygg, að þessi þekking sé á litlum rökum bygð. Hér var fyrir skemstu finskur maður, sem sagði við mig, að það væri á ókunnugleika bygt, að ætla sér að fá Finna til að flytja inn; þeir væru svo fastheldnir við mál sitt og þeir mundu aldrei geta samlagast ísl. þjóðerni, eða að hugsa sér að fá útlending til að flytja hér inn og taka þær jarðir, sem Íslendingar sjálfir ekki vilja, það finst mér vera fjarstæða; auk þess er þessi peningaupphæð, 5000 kr., sem ætluð er til að styrkja innflytjendur, sem dropi í hafið, bara til að styrkja 5—6 menn. Annars mundi útlendingum leiðast veðráttufar hér og mikið fleira, og mundum við hafa lítinn hagnað af að flytja þá inn í landið. Aftur á móti álít eg, að 10,000 kr. mundi vera vel varið, ef þeim væri varið til þess að styrkja Íslendinga í Ameríku til þess að koma hér upp aftur. Eg skil yfirleitt ekki hvernig mönnum getur dottið í hug, að útlendingar muni geta tekið með þökkum að setjast hér að á þessum eyðijörðum og það mundi sannarlega ekki hlaupið að því fyrir þá að yrkja upp þessa bletti, sem þeir gætu fengið til eignar og umráða þeir mundu verða sannarlegir „landsómagar“ og loks enda með því, að þeir myndu verða sendir heim. Eg verð því fyrir mitt leyti að vera frumv. þessu mótfall inn, en álít hins vegar, að það væri heppilegra að setja inn aftur 10 þús. krónur staðinn fyrir 5 þús. og því yrði varið til að styrkja Íslendinga til þess að flytja inn frá Ameríku.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Eg held, að það sé ekki nema hræðsla hjá háttv. 4. kgk. þm. (J. J.), að þetta fólk verði ekki annað en ruslara

lýður. Eg álít, að það fólk, sem fæst til að flytja inn, verði upp og ofan eins og gerist.

Eins og það er ekki alt rusl, sem flytur héðan til Ameríku, eins verður hér, ef fólksinnflutningur verður að nokkru ráði.

Þar sem háttv. sami þm. (J. J.) var hræddur við, að kynferðisblöndunin mundi spilla þjóðinni, þá er það þvert á móti reynslunni, því það kemur ætíð kjarnmikil og framtakssöm kynslóð fram, þegar ólíkar þjóðir blandast.

Sömuleiðis hélt sami háttv. þm. því fram, að málið mundi spillast, en eg álít, að menn þurfi ekki svo mjög að óttast það, enda hefir það sýnt sig á Austfjörðum, að börn útlendinga þeirra, er þar hafa sezt að, tala hreina og góða íslenzku, engu síður en Íslendingar sjálfir.

Það er vel til, að innflytjendurnir sjálfir, sér í lagi ef þeir eru orðnir rosknir, þegar þeir koma, læri aldrei tungu vora til hlítar, en slíkt getur aldrei haft nein áhrif á tungu vora og þurfa menn ekki að fráfælast frumv. fyrir þeirra hluta sakir.

Sami háttv. þm. vildi heldur styrkja óánægða Íslendinga í Ameríku til þess að koma heim aftur, en því er eg algerlega á móti og vildi ekki verja einum eyri til þess.

Eg hefi ferðast sjálfur um bygðir Íslendinga í Ameríku og er mér því nokkuð kunnugt um hagi landa þar vestra. Er mér óhætt að fullyrða það, að oftast nær er óánægjan hjá ónytjungunum, sem ekki nenna að vinna.

Það getur verið, að menn hafi heimþrá og geta dugnaðarmennirnir þá komist heim, ef þeir svo vilja. Því það er hægt að vinna fyrir fargjaldinu þar fyrir vel vinnufæra menn. En þar er engin miskunn með ónytjungunum og er því eðlilegt, að þá langi hingað heim, þar sem þeir vita, að miskunnsemin við slíkt fólk er á svo háu stigi.

En í Ameríku hafa margir þeir, sem til lítils þóttu nýtir hér heima, orðið dugandi menn, því þar máttu þeir til með að vinna.

Eg spurði að því, þegar eg var þar á ferð, hvað orðið væri af öllum hreppsómögunum, sem sendir hafa verið vestur á kostnað sveitar sinnar, og var mér svarað því, að allir ynnu þeir fyrir sér þar.

Sami háttv. þm. gat þess, að finskur visindamaður, sem hér væri á ferð, hefði sagt, að Finnar samlöguðust alls ekki öðrum þjóðum, en eg held, að ekki sé svo afarmikið á því að byggja, sem þessi háttv. herra segir um þetta, því það er kunnugt, að hann er „svecoman“ þ. e. a. s. dregur taum sænsks þjóðernis og er mótfallinn Finnum og finsku þjóðerni. Því þessi maður hefir víst verið magister Nordensträng *(Jónas Jónassen*: Já). En eg verð að geta þess, að með þessu ákvæði um Finna, var ekki átt við hina eiginlegu Finna, heldur hina sænsku talandi Finna, sem byggja alla strandlengjuna á Finnlandi. En um þetta er nú óþarft að ræða, þar sem nefndin hefir fallið frá að ákveða nokkra sérstaka þjóð eða þjóðir fremur en aðrar; því hún áleit það réttara.

Háttv. sama þm. þótti 5000 kr., sem gert er ráð fyrir í frumv., of lítið. En það er ekki meiningin að verja þeim til að flytja menn til Íslands, heldur til þess að setja auglýsingar í útlend blöð og „reklamera“ fyrir landinu.

Enn fremur hefir nefndin hugsað sér, að samið yrði við Gufuskipafélagið um að flytja innflytjendur til Íslands fyrir lágt gjald og má búast við, að það yrði ekki ófúsara á að flytja menn inn í landið með fargjaldsívilnun, heldur en út úr því.

Ef þessum 5000 kr. ætti að verja til fargjalda handa innflytjendum, þá skal eg játa, að það væri alt of lítið, en þá yrði 10 þúsund líka of lítið. En sem sagt var það ekki meiningin að verja þessu fé til þess.

Nefndin hafði hugsað sér, að þessir inn-

flytjendur hefðu þessa jarðrækt aukreitis, t. d. kartöflurækt, sem liggur svo ágætlega vel við hér á Suðurlandi, og er það hrein og bein minkun að flytja inn í landið eins mikið af kartöflum, eins og gert er, og hafa eins góð skilyrði fyrir hendi, eins og hér eru til kartöfluræktar. Mætti kannske auka svo kartöflurækt, að kartöflur yrðu verzlunarvara, og væri það fljótur arður. Svo gætu þeir aukið svo jarðir sínar og fært út kvíarnar, að þeir með tímanum eingöngu lifðu af jarðræktinni.

Ef innflytjendur færu á þilskip, þá losnaði þar vinnukraftur handa sveitunum.

Að endingu sagði þm., að enginn mundi koma; það verður þá svo að vera; þá er út séð um þessa tilraun, og þá reynir maður að taka eitthvað annað til bragðs, til þess að bæta úr fólkseklunni.

1. og 2. Breyt.till. á þskj. 311, við 1. gr., samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., breytt, sþ. með 9 shlj. atkv.

3.—4. Breyt.till. á þskj. 311, við 2. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.

2. gr., breytt, sþ. með 9 shlj. atkv.

5.—6. Breyt.till. á þskj. 311, við 3. gr., samþ. með 9 samhlj. atkv.

3. gr., breytt, sþ, með 9 shlj. atkv.

7. Breyt.till. á þskj. 311, við 4. gr., sþ. með 9 shlj. atkv.

4. gr. frumv. þar með fallin.

Fyrirsögnin sþ. með 9. shlj. atkv.

Frumv., breytt, sþ. með 9 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Þriðja umr., 10. ágúst. (C. bls. 482, 525).

Jónas Jónassen: Eg hefi ásamt öðrum háttv. þm. leyft mér að koma fram með breyt.till. við frv., sem fer í þá átt, að bætt sé við 1. gr. ákvæði um að verja 5000 kr. til þess að styrkja fátæka Íslendinga til þess, að komast aftur heim til Íslands frá Ameríku.

Eins og kunnugt er, hafa bæði blöð og bréf flutt fregnir um, að fjöldi Íslendinga, sem farið hafa til Ameríku, vilji svo gjarna komast hingað aftur, en að þeir geti það ekki, af því að þá vanti fé til þess; og ef menn vilja fá Íslendinga til að koma hingað aftur, þá verður að vera einhver vegur til þess, og vona eg þess vegna, að ef deildin samþykkir þetta frv., þá lofi hún einnig þessari breyt.till. okkar að komast að.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Nefnd sú sem hefir haft þetta frv. til meðferðar, hefir athugað þessa breyt.till., en verður að leggja á móti, að hún verði samþykt, í fyrsta lagi af því, að fjárupphæð sú, sem hér er farið fram á að veita í þessu augnamiði, er eins og dropi í sjóinn, og verður ekki hægt að hjálpa mörgum Íslendingum til að komast heim frá Ameríku fyrir þá upphæð. Í öðru lagi hafa flutningsm. breyt.till. alveg misskilið, til hvers skuli verja því fé, sem farið er fram á í frumv.

Það er ekki meiningin, að því skuli varið til þess að styrkja útlendinga til að komast hingað til Íslands, heldur skuli verja því til þess, að gefa út upplýsingar um Ísland, svo að menn fái löngun til að komast hingað.

Að því er Íslendinga í Ameríku snertir, þá er það mín fasta sannfæring, að hver vinnufær maður geti komist hingað heim, þegar hann vill, án þess að fá styrk til þess, því að það er fljótgert fyrir duglega menn að vinna fyrir ferðakostnaði hingað heim, jafnhátt og kaupgjald er í Ameríku.

Eg skal játa það, að það er hagnaður fyrir okkur að fá dugnaðarmenn inn í landið aftur, en það, sem eg hefi á móti að styrkja Íslendinga til að komast hingað heim aftur, er það, að þeir menn, sem eru óánægðir með lífið þar vestra, eru vanalega menn, sem hafa verið ónytjungar og vandræðagripir hér heima. Hér geta þeir farið í vasa dugnaðarmannanna, því að hér er miskunnsemin meiri

fyrir þá en í Ameríku. Eg held því, að Íslendingar hefðu ekkert gott af að fá slíka menn hingað heim.

Eg verð því fyrir hönd nefndarinnar, að óska þess, að breyt.till. á þskj. 376 verði ekki samþykt.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 376 feld með 7 : 1 atkv.

Frumv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgreiðist til Nd.

Ein umr., 24. ágúst. (C bls. 688, 727).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 10 shlj. atkv. og verður afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

Fólksflutningar til Íslands.

TILLAGA til þingsályktunar um ráðstafanir til að koma á fólksinnflutningum til Íslands; fyrri umr., 16. júlí (C. bls. 210).

Flutningsmaður (Valtýr Guðmundsson): Þessi þingsál.till. stendur í nánu sambandi við frumv. það um sama efni, sem kosin var nefnd í hér um daginn, og sé eg því ekki ástæðu til að ræða meir um hana að svo stöddu, en leyfi mér að stinga upp á, að till. þessari verði vísað til þeirra nefndar, því að það hlýtur að vera komið undir tillögum þeirrar nefndar, sem skipuð var, til að íhuga frumv., hvernig þessi þingsályktunartill. verður orðuð, og er því ekki hægt að meðhöndla hana, fyr en tillögur frumv.-nefndarinnar eru komnar fram.

ATKV.GR: Tillögunni vísað í e. hlj. til nefndarinnar um frumv. til laga um fólksinnflutninga til Ísland. Fyrri umr. málsins frestað.

Framh. fyrri umr., 7. ágúst. (C. bls. 210; n. 424).

Flutningsmaður (Valtýr Guðmundsson): Eg álít óþarft að fara mörgum orðum um breyt.till. þær, sem nefndin hefir gert við þessa þingsl.till.; þær eru allar bein afleiðing af breyt.till. þeim, sem þessi deild hefir samþykt við frumv. um fólksinnflutninga til Íslands, og býst eg því við, að hún geti einnig fallist á þessar breyt.till., og þykist því ekki þurfa að fjölyrða um þær.

ATKV.GR.:

1. Breyt.till. á þskj. 311 við inngang till. sþ. í e. hlj.
   Fyrsta málsgr. till., breytt, sþ. í e. hlj.
   2. og 3. málsgr. sþ. m. 10 atkv.
2. Breyt.till. á þskj. 311, við 4. málsgr., sþ. með 10 shlj. atkv.
   4. málsgr., breytt, sþ. í e. hlj.
3. Breyt.till. á þskj. 311 sþ. með 10 atkv.

Fyrirsögn till. sþ. með 9 atkv.

Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv.

Síðari umr., 10. ágúst. (C. bls. 540).

ATKV.GR.: Tillagan í heild sinni sþ. með 8 shlj. atkv. og verður afgreidd til Nd.

Skógafriðun og skóggræðsla.

FRUMVARP til laga um heimild til að kaupa lönd til skógarfriðunar og skógargræðslu; 1. umr., 19. ágúst. (C. bls. 663).

ATKV.GR: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 21. ágúst. (C. bls. 663).

ATKV.GR.: 1.—3. gr. frv. sþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. með 9 shlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. m. 10 shlj.atkv.

Þriðja umr., 24. ágúst. (C. bls. 663).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. með 10 shlj. atkv. og verður afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Friðun fugla,

FRUMVARP til laga um friðun fugla; 1. umr., 13. ágúst. (C. bls. 611).

Kristján Jónsson: Eg kann illa við að greiða atkv. um þetta mál, áður en eg fæ upplýsingar um eitt atriði í því. Eftir þessu frumv. á krían að verða friðuð frá 1. apríl til 1. ágúst, en eftir eldri lögum alt árið í kring. Eg vildi gjarna heyra einhverjar ástæður fyrir þessari breytingu á gildandi lögum.

Landshöfðingi: Eg get gefið þær upplýsingar, að í Nd. kom fram breyt.till. um að friða kríuna alt árið, en sú brt. var feld.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv.

Önnur umr., 15. ágúst. (C. bls. 611, 644).

Eiríkur Briem: Eg hefi leyft mér að koma fram með breyt.till. á þsk. 513, sem fer í þá átt, að kría sé friðuð alt árið. Eg get ekki fundið neina sjáanlega ástæðu til þess, að gera breyting á eldri lögum að því er þetta ákvæði snertir. Eins og háttv. þingdeildarmönnum mun kunnugt, er krían að ýmsu leyti nytsamur fugl; ungar hennar eru eigi orðnir sjálfbjarga fyr en um miðjan ágúst, og ástæðurnar fyrir því, að friða hana allan ársins hring eru alveg hinar sömu nú og fyr.

Júlíus Havsteen: Eg hefi í sjálfu sér ekkert á móti bryt.till. háttv. 6. kgk. þm. (E. B.), að friða kríu alt árið, en eg er hræddur um, að ef breyt.till. verður samþ. hér í deildinni og frumv. kemur aftur fyrir Nd., þá muni þetta verða frv. til falls, því mér var kunnugt um það, þegar frumv. þetta var fyrir Nd., að þá var þar nokkurt þref um kríuna. En mér virtist illa farið, ef þetta yrði til þess, að hefta framgang málsins, því frv. er mikil réttarbót. Á hinn bóginn virðist mér lítil ástæða til þess að friða kríuna, því það eru engir, sem skjóta hana, og ef hún er nokkuð drepin, þá eru það helzt drengir, sem af rælni eru að reyna til að hæfa kríu með grjótkasti, og eitthvað kann hún á einstöku stað að vera veidd í snöru. En krían er hugaður fugl og fælist ekki, þó á hana sé skotið; hún lætur ekki styggja sig og það er óþarfi að fríða hana. Eg vildi því helzt óska, að háttv. flutnm. vildi taka breyt.till. sína aftur, svo hún yrði eigi til þess að fella frumv.

Eiríkur Briem: Eg held, að það sé með öllu ástæðulaus kvíðbogi, sem háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) ber fyrir afdrifum þessa frumv., ef breyt.till. mín verður samþ. Eg skal geta þess, að þegar breyt.till. var búin til, var 1. þm. Húnv. (H. J.), sá er helzt mætti ætla, að yrði breyt.till. andstæður, viðstaddur og sagði þá, að sér stæði á sama um breyt.till., því kría væri eigi veidd hvort sem væri.

ATKV.GR:

1. Breyt.till. á þsk. 513 sþ. með 6 : 2 atkv.
1. gr., breytt, sþ. með 8 atkv.
2. Breyt.till. á þsk. 513 sþ. án atkv,
2. gr., breytt, samþ. með 9 atkv.
3.—7. gr., hver um sig, samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. með 9 shlj. atkv.
Frumv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Þriðja umr. 17. ágúst. (C. bls. 645).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og verður endursent forseta Nd.

Makaskifti á Norður-Hvammi og Felli.

FRUMVARP til laga um, að stjórninni veitist heimild til að makaskifta þjóðjörðunni Norður-Hvammi í Hvammsfirði fyrir prestssetursjörðina Fell i Dyrhóla-

hreppi. 1. umr., 12. ágúst. (C. bls. 548).

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 8 samhlj. atkv.

Önnur umr., 14. ágúst. (C. bls. 548).

Valtýr Guðmundsson: Eg vildi gjarnan fá upplýsingar um þetta mál hjá háttv. deild. Eg hefi ekkert heyrt um málið hvorki með eða móti, en mér þykir leiðinlegt að greiða atkv. alveg út í bláinn. Eg hefi ekki hugmynd um, hvort þetta er skaði fyrir landssjóð eða ekki, en eg vil helzt ekki greiða atkv., án þess að hafa hugmynd um, hvað eg á að samþ. eða greiða atkv. á móti.

Hallgrímur Sveinsson: Eg get gefið háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) nokkrar upplýsingar í þessu máli. Ástæðan til þess, að farið hefir verið fram á þessi makaskifti, er sú, að prestssetursjörðin í Mýrdalsþingum, Fell, liggur mjög óheppilega þ. e. a. s. í vesturjaðri prestakallsins, en það alt fyrir austan hana, og auk þess ýmsar torfærur á leiðinni. Jörðin Fell er þess vegna óhafandi sem prestssetur, en hún hefir verið það nú um nokkurn tíma vegna þess, að enginn önnur hentugri jörð hefir fengist. Það hefir fyrir eitthvað 12—15 árum verið stungið upp á Norður-Hvammi, en þó ekki orðið af, með fram vegna þess, að í Mýrdalsþingum hafa oft orðið prestaskifti á síðari árum, svo að hinir nýju prestar hafa ekki verið búnir að átta sig á því, hvað bezt hentaði, eða undirbúa málið nægilega, þegar þeir hafa sótt frá brauðinu aftur.

Sem prestssetur hefir Norður-Hvammur ýmsa kosti til að bera auk þess, sem jörðin er góð jörð. Hún liggur nokkurn veginn miðsvæðis í prestakallinu. Hvað jörðinni Felli viðvíkur, þá er um hana það að segja, að hún á síðari árum hefir orðið fyrir talsverðum skemdum sökum árbrots. Það hafa orðið svo mikil brögð að þessu, að það hefir orðið að flytja bæinn og nokkuð af túninu hefir einnig skemst. En nú er bærinn nýbygður, og hvað dýrleika jarðanna viðvíkur, þá er Fell að fornu mati 12 hundruð, en eftir nýju mati $24^1/_2$ hndr., en Norður-Hvammur eftir fornu mati 12 hndr., en eftir nýju mati 14. hndr. Eftir fornu mati eru jarðirnar því jafndýrar, en eftir nýju mati er Norður-Hvammur rúmum 10 hndr. ódýrari.

Það getur því varla verið skaði fyrir landssjóð að gera þessi kaup, því þótt það sé mikið fyrir það gefandi, að prestssetrið liggi í miðri sveit og Fell liggi undir skemdum, þá getur það út af fyrir sig varla fylt upp í þann mikla mismun, sem er á þessum jörðum eftir nýju mati.

Það hefir verið reynt að fá þessu framgengt áður, yfirvaldaleiðina, þannig að $^2/_3$ hlutar Fells væru látnir fyrir Norður-Hvamm, en $^1/_3$ Fells yrði eign prestakallsins eða prestakallinu yrði bættur upp þessi $^1/_3$ hluti með annari jörð. Í þessu horfi var málið síðastliðinn vetur borið upp fyrir stiftsyfirvöldunum, en vegna formlegra galla urðu þau að senda það heim aftur til betri undirbúnings. Nú er það komið inn á þing, borið upp af þingmanni héraðsins.

Eg veit ekki hvernig það hefir atvikast í háttv. Nd., að það hafa orðið jöfn býtti, en eg get ímyndað mér, að Nd. hafi þótt varhugavert, að gefa 7 hndr. á milli, þar eð Fell liggur undir árbroti. Að endingu skal eg geta þess, að Fell er ekki eina kirkjujörðin, en allar hinar hafa galla sem prestssetur.

Valtýr Guðmundsson: Eg þakka háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.) fyrir upplýsingar þær, sem hann hefir gefið. Eg get eftir þeim skilið, að það geti verið nógu þægilegt fyrir prestakallið að fá þessi skifti, en hvort það er eins heppilegt fyrir landssjóð, er eg ekki viss um. Þess hefir verið getið, að jörðin liggi undir ófyrirsjáanlega miklum skemdum af árbroti. *(Hallgrímur Sveins-*

son: Það hefi eg ekki sagt). Jæja mér skildist svo, sem það gæti verið. Mér datt því í hug, að hér væri ef til vill verið að gera tilraun til þess, að koma á landssjóð jörð, sem væri gallagripur, en fyrst það er til prestakallsins, en ekki privatmanns, sem jörðin á að fara, þá gerir það ef til vill ekki svo mikið til.

Eiríkur Briem: Eg skal að eins taka það fram, að eg hefi altaf heyrt talað um Fell, sem góða bújörð, en Norður-Hvamm þekki eg ekki.

Í nefndaráliti Nd. stendur, að í bónarbréfinu um makaskiftin sé farið fram á að fá Norður-Hvamm fyrir $^2/_3$ Fells, en í frumv. er gert ráð fyrir jöfnum skiftum. Eg er þess vegna ekki viss um, hvort prestakallinu er eigi skaði að makaskiftum þeim, er hér ræðir um, og þegar eg greiði atkv. með frumv., þá er það af því, að eg geri ráð fyrir, að kirkjustjórnin gæti þess, að prestakallið skaðist ekki á makaskiftunum. Eg er viss um, að þingið vill eigi nota sér það, að jörðin liggur betur, til þess að hafa af prestakallinu.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 9 shlj. atkv.
2. — — — — 9 — —

Fyrirsögn frumv. samþ. 9 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Þriðja umr. 17. ágúst. (C. bls. 548).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og verður afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

Samgöngumál.

TILLAGA til þingsályktunar um samgöngumál. Ein umr., 10. júlí. (C. bls. 192).

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Eg geri ráð fyrir, að eg þurfi ekki að tala langt mál fyrir þessari tillögu; eg ímynda mér, að allir muni vera mér samdóma um, að nauðsynlegt sé að íhuga rækilega samgöngumál landsins. Samgöngumálin eru eitt af stórmálum þeim, sem liggja fyrir þessu þingi og ekki hið vandaminsta og þess vegna er ekki nóg, að það sé athugað að eins í annari deildinni, Nd., heldur verður þessi deild líka að leggja sinn skerf til við athugun þessa máls. Eftir skoðun okkar flutningsm., er það ekki nóg, að þetta mál liggi fyrir þessari deild þingsins síðustu dagana, heldur færi bezt á því, að menn úr báðum deildum íhugi það í sameiningu frá þingbyrjun. Eins og kunnugt er, liggur nú fyrir þinginu að gera nýjan samning um gufuskipaferðir við Sameinaða gufuskipafélagið bæði um ferðirnar landa á milli og strandbátanna kring um landið og er það stórt fjárhagsspursmál, sem nauðsynlegt er að athuga sem bezt, og ætti því þessi deild að taka þetta mál til íhugunar, áður en samningurinn er fullgerður.

Eg hygg því, að allir muni vera okkur samdóma um, að nefnd þurfi að skipa í þetta mál, en um hitt geta auðvitað verið skiftar skoðanir, hve mörgum mönnum nefndin skuli skipuð.

Eg fyrir mitt leyti álít, að slík nefnd sé aldrei ofskipuð góðum mönnum, og þess vegna vil eg gera það að minni tillögu, að 5 manna nefnd sé skipuð, til að íhuga tillöguna.

Landshöfðingi: Eg vildi vekja máls á því við háttv. flutningsmann hvort það væri ekki meining hans, að nefnd sú, sem kosin verður í þessari deild, til að íhuga þetta mál, setti sig strax í samband við nefndina í Nd. svo að þær ynnu altaf saman, og ef svo væri gert, þá álít eg óþarft að hafa 5 menn í nefndinni úr þessari deild, en nægilegt að láta það vera 3 manna nefnd. Í Nd. var skipuð 5 manna nefnd í málið, og ef 3 manna

nefnd væri skipuð í þessari deild, þá yrðu 8 manns til samans, og það álít eg vera nóg; en sem sagt álít eg æskilegt, að báðar nefndirnar ynnu saman við íhugun þessa máls.

Flutningsmaður (Sigurður Jensson). Það var mín meining, að nefndirnar störfuðu saman, því að eg álít ekki, að þær gætu orðið að fullu gagni nema því að eins, að þær ynnu saman. Það getur verið, að nefndin í Nd. sé ekki skipuð nema 5 mönnum, og ef svo er, þá skal eg ekki halda fast við uppástungu mína um 5 manna nefnd í þessari deild.

Eiríkur Briem: Eg leyfi mér að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði kosin, til að íhuga þetta mál.

ATKV.GR.: Till. samþ. í e. hlj.; 3 manna nefnd sþ. í e. hlj. og í hana kosnir:

Sigurður Jensson með 10 atkv.
Jón Jakobsson — 9 —
Guðjón Guðlaugss. — 6 —

Hækkun vegagjalds.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 8 um vegi frá 13. apríl 1894; 1 umr., 22. júlí. (C. bls. 281).

Kristján Jónsson: Eg vildi vekja máls á því og skjóta því til háttv. 1. kgk þm. (J. H.), sem kunnugastur er þessum málum, hvort honum finnist það ekki nokkuð vafasamt, að rétt sé að veita sýslunefndum og hreppsnefndum það vald, sem hér ræðir um, án nokkurs aðhalds eðri stjórnarvalds. Mér dettur í hug, hvort ekki væri réttara að bæta inn í frumv. ákvæði um, að til þess að hækka þetta gjald, skuli þurfa samþykki sýslunefnda og amtsráða; en ef háttv. 1. kgk. þm. (J. H.), sem kunnugastur er þessu og því líkum málum, álítur það óþarft, þá skal eg fyrir mitt leyti ekki halda því fast fram, að þessu ákvæði verði bætt inn í frumv.; en ef honum á hinn bóginn finst það réttara, þá mun eg koma fram með breytingaratkv. um það við 2. umr. Hér er sem sé um talsverða og að mínu áliti all-athugaverða aukningu á álögum gjaldenda að ræða.

Guttormur Vigfússon: Þetta frumv. er ekki stórt eða margbrotið, en felur auðsjáanlega í sér töluverð peningaútgjöld fyrir einstaka landsbúa. Eg hafði hugsað mér einhverja svipaða viðbót við frumv. og þá, sem háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) mintist á, með því að mér finst nauðsynlegt, að eitthvert eftirlit eða aðhald sé haft með sýslunefndum og hreppsnefndum í þessu efni, og mér getur ekki dulist, að þetta vald gæti orðið misbrúkað af sýslunefndum og hreppsnefndum, ef þær væru látnar vera alveg aðhaldslausar; en hér er stigið helzt til langt með því að gefa þeim vald til að hækka þetta gjald um fullan helming.

Eg hafði því hugsað mér að koma með breyt.till. við 2. umr. í þá átt, að færa þetta gjald nokkuð niður eða að minsta kosti niður í 2 kr., og vona eg að geta sameinað mig við háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) um einhverja þvílíka breyt.till. til annarar umræðu.

Júlíus Havsteen: Eins og frumv. nú liggur fyrir, þá virðist það ekki vera alveg saklaust, þar sem spursmál er um að hækka þetta gjald um fullan helming.

Þetta gjald er mjög mismunandi í ýmsum sýslum landsins. Í Strandasýslu er það ca. 400 kr. og gætir þess ekki mikið þar. Aftur á móti er þetta gjald miklu hærra í sumum öðrum sýslum; þannig er það t. d. yfir 1600 kr. í Árnessýslu og í Gullbr.- og Kjósarsýslu 1350 kr. Aftur á móti skal eg játa, að sýsluvegagjaldið er ónógt í sjálfu sér til nauðsynlegra vegagerða, en samt er ísjárvert að hækka það eins mikið og hér er farið fram á.

Ef það hefði verið ákveðið 1 kr. 50 aurar eða jafnvel 1 kr. 75 a., þá hefði

eg felt mig betur við það; en í frumv. álít eg of langt farið.

Eg vildi samt ekki nú koma fram með breyt.till. í þessa átt, en vildi heyra, hvernig fleiri háttv. þingd.m. tækju í þetta mál.

Guðjón Guðlaugsson: Eg er á þeirri skoðun, að gjörræði geti orðið beitt, ef þetta frumv. nær fram að ganga. Eg tek undir með háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) um það, að of mikið sé að hækka gjaldið um meir en helming; en eg álít gott, ef menn hækkuðu gjaldið af frjálsum vilja, en eg get ekki verið með því, að gefa sveitarstjórnum vald til þess að hækka það svona gífurlega. Það hæsta, sem eg gæti gefið atkv. mitt með, er 75 aurar til 1 kr. hækkun.

Hvar gjaldið er hæst eða lægst, kemur ekki málinu við, því það miðast hlutfallslega við tölu verkfærra manna og það er tiltölulega eins hátt í Strandasýslu, eins og annars staðar. Hvað hreppavegagjaldið áhrærir, kemur það ekki sveitarsjóði við.

Landshöfðingi: Eg skil ekki, hvers vegna menn óttast svo mjög að samþykkja þetta frumv. Þetta er að eins heimild, sem sýslunefndum veitist, og eg ber enga kvíðboga fyrir því, að sýslu- eða hreppsnefndir mundu misbeita valdi sínu.

Í frumv. er hámarkið sett 3 krónur og sýslunefndir mundu ekki fara upp í það, nema brýna nauðsyn bæri til.

Hallgrímur Sveinsson: Eg þarf ekki að taka til máls sökum þess, að hæstv. landsh. tók það fram, sem eg ætlaði að benda á, að sýslunefndir mundu ekki misbeita valdi sínu og því síður hreppsnefndir.

Í frumv. stendur, að sýslunefndum veitist vald til að hækka fyrir eitt ár í senn. Hvernig er þetta eitt ár í senn að skilja og getur það ekki orðið ár eftir ár samfleytt, þannig að heimild sé jafnótt endurnýjuð, eða verður að líða eitt ár á milli? Hvar eru takmörkin?

Júlíus Havsteen: Háttv. þm. Strand. virtist skilja orð mín, eins og eg hefði viljað lítilsvirða Strandasýslu, en langt frá því ber að skilja orð mín svo. Því gjaldið verður hátt eða lágt eftir því, hve margir verkfærir menn eru í sýslunni. Eg efast ekki um, að gjaldið í Strandasýslu sé tiltölulega eins hátt og í Árnessýslu, þar sem það er 1663 kr. 75 a.

Kristján Jónsson: Eg þykist hafa talsverðan kunnugleik um það, hvernig sveitarstjórnum hættir við að beita valdi sínu nokkuð freklega til að leggja á skatta og er því mjög hikandi við að samþykkja þetta frumv.

Hæstv. landsh. sannfærði mig ekki með ræðu sinni um meinleysi þessa frumv., því að samkvæmt frumv. má leggja mjög tilfinnanleg útgjöld ár eftir ár á gjaldendur, án þess þeir á nokkurn hátt geti borið hönd fyrir höfuð sér. Frumv. er mjög athugavert og álít eg, að heppilegast væri að athuga það í nefnd, og ætla eg mér að umræðum loknum, að stinga upp á 3 manna nefnd.

Guðjón Guðlaugsson: Hæstv. landsh. þekkir ekki sýslunefndir og því hafa orð hans í þessu máli minni þýðingu en ella.

En setjum svo, að það sé almennur áhugi á að koma upp einhverjum vegi, þá geta menn af sjálfsdáðum lagt á sig gjöld án heimildar frá alþingi.

En þessum lögum má misbeita svo hrapallega, því 3 af 5 eða 7 af 13 geta farið fram á að leggja einhvern ákveðinn veg í öðrum hreppsenda. Þá hefir meiri hluti ekki að eins vald til að svifta aðra sýslubúa vegafé í það sinn, heldur einnig að bæta meir en helmingi við. Slík dæmi eru hugsanleg og geta átt sér stað. En maður á að koma í veg fyrir, að slíkt geti átt sér stað. Viðvíkjandi orðum háttv. 1. kgk. þm. (J. H.), þá tek eg það fram, að eg talaði um gjaldið í hluttfalli við mannfjölda og gjaldþol, því það er það rétta, svo tölur þær, sem hann kom

með, hafa ekkert sönnunargildi í þessu máli.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv.

Samþ. var með 7 atkv. að skipa 3 manna nefnd, til að íhuga málið, og voru í hana kosnir:

Kristján Jónsson með 7 atkv.
Guðjón Guðlaugsson — 4 —
Júlíus Havsteen — 4 —

Önnur umr., 30. júlí (C bls. 281; n. 378).

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Eins og kom fram við umræðurnar við fyrstu umræðu þessa máls, þá hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki að ástæðulausu, að þetta mál hefir verið borið upp á þinginu, heldur væru góðar og gildar ástæður til að auka þær tekjur, er sýsluvegir og hreppavegir njóta sér til viðhalds og endurbóta, þar sem þær eru svo afarlitlar í hlutfalli við fjárþörfina; en á hinn bóginn hefir nefndin líka fallist á, að farið sé helzt til of langt í frumv. að því, er hækkunina snertir, þar sem þetta gjald er hækkað um meir en helming. Enn fremur hefir nefndinni komið saman um, að það væri varhugavert að gefa þeim stjórnarvöldum, sem hér ræðir um, nefnilega sýslunefndum og hreppsnefndum, ótakmarkað vald til að geta hækkað sýsluvega- og hreppavegagjaldið að svo miklum mun án íhlutunar æðri stjórnarvalda og láta þær með því vera hæstarétt í þessu máli. Af þessum ástæðum hefir nefndin komið fram með breyt.till. þær, sem hér liggja fyrir.

Fyrsta breyt.till. fer fram á, að þessi hækkun skuli að því, er sýsluvegagjaldið snertir, því að eins koma til greina, að fengið sé til þess samþykki amtsráðs. Hin önnur breyt.till. nefndarinnar fer í þá átt, að gjald það, sem hér ræðir um, skuli lækkað úr 3 kr. niður í 2 kr. 25 aura fyrir hvern verkfæran mann, og verður það samt sem áður að álítast töluverð hækkun frá því, sem nú á sér stað. Nefndin vildi, að því er þetta atriði snertir, synda milli skers og báru og vildi því gjarna hækka tekjurnar nokkuð, þegar þess væri óskað af hlutaðeigandi stjórnarvöldum, en hins vegar vildi hún líka athuga það, að gjaldendum væri ekki íþyngt um of með þessari breytingu.

Þriðja breyt.till. er í fullu samræmi við fyrstu breyt.till., nefnil. að hreppsnefndir hafi ekki vald til að hækka hreppavegagjaldið nema að áskildu samþykki sýslunefndar. Vitanlega skal eg játa, að eftirlitið væri bezt frá sveitarmönnum sjálfum, en eg sé heldur ekkert á móti því, að sýslunefndum sé falið þetta eftirlit, vegna þess að þá geta þeir, sem óánægðir eru, snúið sér til sýslunefndar og leitt henni fyrir sjónir, ef um einhver mistök er að ræða í þessu efni.

Eg vona svo, að háttv. deild samþykki þessar breyt.till. nefndarinnar og þá með þeim frumv. í heild sinni.

ATKV.GR.: 1. brt. á þskj. 228 sþ. í e. hlj.

2. brt. á þskj. 228 sþ. í e. hlj.

3. — — — — — —

Fyrirsögn frumv. — —

Frumv. með áorðnum breyt. sþ. í e. hlj.

Vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 3. ágúst (C bls. 406).

ATKV.GR.: Frv. sþ. í e. hlj. og verður endursent Nd.

Viðhald flutningabrauta.

I.

FRUMVARP til laga um breyting á 6. gr. í lögum um vegi 13. apríl 1894; 1. umr., 1. ágúst (C bls. 401).

Eiríkur Briem: Þegar 1. umr. er lokið, vil eg stinga upp á því, að þessu

máli verði vísað til nefndar þeirrar, sem kosin hefir verið hér í deildinni, til þess að athuga vegamál.

Kristján Jónsson: Eg veit ekki, hvað kann að verða ofan á hér í deildinni, hvort ný nefnd verður kosin eða málinu verður vísað til vegalaganefndarinnar, en eg vil leiða athygli nefndar þeirrar, er fær málið til meðferðar, að ákvæðinu í 1. gr. frumv. um, að viðhaldskostnaður flutningabrauta þeirra, er í bygð liggja, skuli greiða að hálfu leyti úr landssjóði og að hálfu leyti úr sýslusjóði eða sýsluvegasjóði þeirrar sýslu, sem sá hluti flutningabrautarinnar, sem gert er við, liggur í; þetta ákvæði getur oft orðið mjög svo ósanngjarnt, sérstaklega þegar svo stendur á, að vegurinn liggur gegnum hérað, því sjálfu til lítils gagns, heldur öðru héraði, sem hann liggur til eða frá og er aðallega gerður fyrir. Til dæmis að taka liggur mikið af Hellisheiðarveginum í Kjósarsýslu og ef sú sýsla verður aðskilin frá Gullbringusýslu, eins og í ráði er, þá kemur hálfur viðhaldskostnaður þessa vegar á Kjósarsýslu, sem lítið gagn hefir af veginum, því Kjósarsýslubúar nota hann mjög lítið eins og kunnugt er. Vegurinn er aðallega fyrir Reykjavík og Austursýslurnar. Auk þessa yrði lögð alt of þung byrði á þetta sýslufélag með $^1/_2$ viðhaldskostnaði þessa vegar, er það vafalaust eigi fengi undir risið.

Og þessu líkt býst eg við að hægt verði að benda á víðar um land.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og málinu vísað til nefndarinnar um vegamál með 10 shlj. atkv.

Önnur umr., 10. ágúst (C bls. 401; n. 477).

Framsögumaður (Guðj. Guðlaugsson): Eins og háttv. deildarmenn hafa tekið eftir, hefir nefnd sú, sem kosin var til þess að íhuga þetta, frumv., ekki getað fallist á það og hefir lagt til að fella það. Ástæðurnar fyrir skoðun nefndarinnar eru settar fram í nefndarálitinu og eg vona, að háttv. þingdm. hafi kynt sér þær.

Það er eiginlega fyrsta og helzta ástæðan sú, að til eru heimildarlög, sem heimila landsstjórninni að leggja helming viðhaldskostnaðarins á vegum, sem hún lætur gera, á hlutaðeigandi sýslusjóði, það er 2. gr. í lögum nr. 6, 12. jan. 1900 og álítur nefndin, að heimildarlög séu miklu heppilegri í þessu efni, heldur en önnur lög.

Þegar svo stendur á, að akbraut liggur í gegnum hérað, sem það hefir sáralítið gagn af, heldur er aðallega gerð fyrir annað hérað, sem brautin liggur til, þá er það afarósanngjarnt að leggja kostnað á það hérað, sem hefir lítil sem engin not vegarins, en leggur að eins til land undir veginn.

Enn fremur, þegar svo stendur á, að akbrautin er jafnframt þjóðvegur, þá er vafasamt, hvort rétt sé að leggja nokkurn kostnað á héruðin til viðhalds þeim, því þjóðvegir eru aðalsamgönguæðar landsins, sem einkum eru ætlaðar fyrir aðalpóstferðir landshorna á milli. Það er því stór munur á því, hvort akbrautin er eingöngu gerð fyrir einstakt hérað eða hún er jafnframt þjóðvegur og þegar landsstjórnin fer að beita heimildarlögunum frá 12. jan. 1900, þá getur hún tekið sanngjarnt tillit til þess. Þess vegna eru heimildarlög augljóslega heppilegri. Enn fremur, þegar svo stendur á, að héraðið hefir marga sýslu- og hreppavegi, og þarf að taka nærri sér til þess að halda þeim við eða er mjög skuldugt sökum vegabóta, sem það hefir látið gera, eða er bágstatt, hvað efnahag snertir, þá getur $^1/_2$ viðhaldskostnaðar orðið héraðinu of þungbær og mjög ósanngjarn, en því mætti koma miklu réttlátlegar niður, ef heimildarlögum væri sanngjarnlega beitt.

Enn fremur álítur nefndin ekki rétt, að láta lög verka aftur fyrir sig, þannig, að þegar fé er veitt samkvæmt eldri lögum

skilyrðislaust, að semja nú lög, sem hafa inni að halda ákvæði, sem setja skilyrði fyrir þeirri fjárveiting.

Eg get ómögulega sannfærst um, að þetta sé ekki rétt. Mér finst vegir þeir, sem gerðir hafa verið eftir lögunum frá 13. apríl 1894, fullkomlega skylduverk landssjóðs, og þegar svo þingið leggur fram gapalega fjárupphæðir til þeirra, án nokkurs skilyrðis, þá fæ eg ekki séð, hvernig menn fara að leggja löngu síðar nokkura byrði á héruðin, sem leiðir af fyrri fjárveitingum þingsins; það er alveg á móti ákvæðum laganna frá 13. apríl 1894 og móti almennum þingreglum. Mér finst, að það sama verði að gilda um vegaféð, sem aðrar fjárveitingar þingsins að vilji þingið, að sá maður eða það hérað sem nýtur fjárins, uppfylli einhver skilyrði, þá verður að setja þau jafnframt fjárveitingunni, og ef féð er veitt með sérstökum lögum, þá þarf skilyrðið að vera jafnframt í þeim. Annars verður sá, sem fjárins nýtur, dreginn á tálar, og getur þá síðar orðið honum að hefndargjöf.

Vegalögin segja, að landssjóður eigi að leggja ákveðna vegi um landið, og þing eftir þing hefir fé verið lagt fram af ítrasta megni og án allra skilyrða, enda hefir landssjóður að eins verið að inna af hendi lögboðið skylduverk.

Eg sé ekki, að hér sé öðruvísi ástatt, en með hverja aðra fjárveitingu eða hvert annað fyrirtæki, sem stofnsett er með lögum. Eg tek sem dæmi tvo skóla, sem vér á þessu þingi erum að setja á stofn, nfl. gagnfræðaskóla á Akureyri og kennaraskóla í Reykjavík. Það fyrsta, sem vér gerum, er að semja lög um skólana og þar í, að landssjóður eigi að koma þeim upp og kosta þá í framtíðinni. Þá eru skólarnir orðnir skylduverk landssjóðsins, en engir náðarmolar til þessara kaupstaða. Hvernig ætti þingið þá eftir nokkur ár að segja við Akureyrarbæ, að hann skyldi taka við kostnaðinum af skólanum að meiru eða minnu leyti?

Slíkt er hreinasta fjarstæða og alveg er það sama með vegina og auk þess yrði alt annað upp á teningnum, ef skilyrðin væru sett undir eins. Sá, sem fjárins á sérstaklega að njóta, mundi spara sem mest, ef hann vissi fyrirfram, að hann yrði í framtíðinni að bera meiri eður minni kostnað af fyrirtækinu á eftir. Eg gæti, t. d búist við, að svo væri með Akureyrarskólann; eg er að minsta kosti sannfærður um, að farið væri fram á færri heimavistir í þeim skóla, ef Akureyrarbúar vissu fyrirfram að þeir ættu að bera kostnaðinn við það. Eins er því varið með fjárveitingarnar til veganna, að ef skilyrðin fyrir þeim hefðu verið sett fyrirfram, þá mundi skiftingin á vegafénu hafa verið alt önnur, og þá mundi ekki hafa verið ausið svo takmarkalaust úr landssjóði í vegina fyrir austan. Það er of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í hann. Það er ekki rétt fyrir löggjafarvaldið að veita fé, hvorki til vega né annars, án þess að ákveða, með hvaða skilyrðum það skuli notað.

Þeir, sem hafa haldið þessu fram, að viðhaldskostnaðurinn ætti að hvíla jafnt á öllum héruðum, segja um leið við þá, sem eru á gagnstæðri skoðun, að það megi breyta vegalögunum nær sem vill og það eru þeir að gera með þessu frv. Þetta játa eg satt að vera, að slíkt má gera, en breytingin getur ekki verkað aftur fyrir sig, getur nefnilega ekki náð til annara vega en þeirra, sem gerðir eru eftir að breytingin öðlast gildi; en ef það á að vera ósanngjarnt að leggja eitthvað af viðhaldskostnaði flutningabrauta, sem gerðar hafa verið síðan 1900, á hlutaðeigandi héruð, nema því að eins, að sama sé gert við eldri brautir, þá væri það þó mun ranglátara að breyta nú lögunum og strika út vegi, sem ekkert væri farið að leggja til, þegar

búið væri að fullnægja öðrum héruðum; það er því í rauninni ómögulegt, að breyta vegalögunum í sparnaðaráttina, nema með því að gera einstökum héruðum rangt til.

Þeirri sömu skoðun, sem eg hefi nú, hélt eg fram þegar á þinginu 1893, að þessi vegalög, sem komu í gildi 1894, væru mestu óhappalög, sem þingið hefir gefið; það hefði verið miklu tryggilegra, einkum viðvíkjandi flutningabrautunum — að leggja lítið brot af vegakostnaðinum á héruðin, jafnframt og lögin voru samin, og þá kom eg fram með breyt.till. um, að lagður væri $^1/_6$ af kostnaðinum á héruðin, en sú tillaga var feld hér í þessari deild með eins atkvæðis mun, og það álít eg vera mikið óhapp.

Vér nefndarmenn komumst að þeirri niðurstöðu, að lögin frá 12. jan. 1900 uppfyltu allar óskir, sem farið hefði verið fram á í þessu efni. En síðan höfum við úr nefndinni átt tal við ýmsa neðri deildarmenn, sem eru á gagnstæðri skoðun og vilja halda dauðahaldi í frumvarpið, og þótt eg sýndi þeim fram á, að þessi lög væru þýðingarlaus, þar sem það í rauninni væru sömu lögin og frá 12. jan. 1900, þá héldu þeir því fram, að þau lög næðu að eins til þjóðvega, og skal eg játa, að þeir hafa þar töluvert til síns máls; eg veit, að það var aldrei meining þingsins 1899; en eg veit líka, að þegar dómstólarnir fara að fjalla um þetta mál, þá muni þeir fara eftir skýrum orðum laganna, en orðin eru ekki skýr, af því að í fyrirsögninni stendur: lög um fjölgun og viðhald þjóðvega, en í 2. gr. stendur, að ákvæðin nái til allra þjóðvega, sem landssjóður lætur gera. Nú vitum við allir, að flutningabrautir eru ekkert annað en vegir, og meining okkar er, að akbrautirnar séu það engu síður og að jafnvel tíu sinnum fremur megi strika út þjóðvegina; en ástæðan til þess, að lögin frá 12. jan. 1900 eru þannig orðuð, er sú, að í Ed. var af ógáti komið fram með breyt.till., af því að mönnum þótti fyrirsögn laganna óviðkunnanleg eða illa orðuð eins og hún kom frá Nd., nefnilega: Frumv. til laga um fjölgun þjóðvega o. fl. Þessa viðbót og fleira skoðuðu menn svo, sem hún ætti við alla vegi; en menn athuguðu ekki, að þegar þessi orð voru feld burt, þá var það efnisbreyting, eins og bæði eg og Nd. hélt fram. Þegar málið svo kom aftur til Nd., þá gerði þm. Austur-Skaftf. fyrirspurn til landsh. um þetta atriði og svaraði hann því á þá leið, að þessi orð næðu bæði til akbrauta og þjóðvega. Að því er snertir afstöðu nefndarinnar hér til þessa atriðis, þá voru skoðanirnar mismunandi; eg hélt því fram, að lögin nái líka til akbrautanna. Ef þau ná að eins til þjóðveganna og ekki til akbrautanna, þá er það illa farið, og nefndin vill bæta úr þessari stóru ónákvæmni í lögunum frá 12. jan. 1900 með því að koma fram með nýtt frumv. á þskj. 424 um það, að ákvæðin á 2. gr. laga 12. jan. 1900 nái einnig til akbrauta og með því áleit nefndin, að bætt yrði úr þeim misskilningi, sem verið hefir í þeim lögum. Orsökin til þess, að þessu var ekki breytt á þinginu 1899, var sú, að tíminn var svo naumur, að það var ekki hægt fyrir Nd. að senda frumv. aftur upp til Ed.; en eins og eg tók fram áðan, þá hefði verið betur farið, ef þetta ógát hefði ekki átt sér stað í Ed.

Eg hefi svo ekki fleira um þetta mál að segja, en samkvæmt því, sem eg hefi tekið fram hér að framan, höfum við leyft oss að ráða deildinni til að fella frumv. það, sem hér liggur fyrir.

Eiríkur Briem: Eg er að efninu til samdóma nefndinni um frumv. og heyri líka, að skoðanir sumra annara þingdm. ganga í líka stefnu.

En þar sem háttv. framsögum. gat þess, að ef ekki yrði bætt úr frumv. á þann hátt, sem nefndin leggur til, þá vildi hann ekki fella frumv., þá er eg hræddur um, að það frumv., sem nefndin hefir komið

fram með, hafi ekki nægan tíma til að ganga í gegnum þingið, þar sem það enn þá ekki er komið á dagskrá, en eg get ekki betur séð, en að það megi koma efni þess frumv. að sem breyt.till. við þetta, með því að eg get ekki séð, að efni þess sé svo hjáleitt frumv., er fyrir liggur; því er eg dálítið hikandi við að fella þetta frumv., sem nú er til 5. umr. í þinginu, og koma svo í þess stað fram með frumv., sem enn þá ekki er komið til 1. umr.

Eg vil því gera það að minni tillögu, að frumv. sé tekið út af dagskrá nú eða þá, að því verði lofað að lifa til 3. umr., svo að nefndin þá gæti komið fram með þessa breyt.till. við það.

Valtýr Guðmundsson: Eg get ekki sagt eins og háttv. 6. kgk. þm. (E. Br.), að eg sé nefndinni sammála um frumv.; eg er henni þvert á móti mjög ósamþykkur, því að mér finst, að henni hafi ekki tekist vel að rökstyðja álit sitt, þar sem hún í nefndarálitinu kemur með hverja mótsögnina ofan á aðra; reyndar hefir nefndin gert dálitla bragarbót með því að koma fram með nýtt frumv. Eg get að vissu leyti verið háttv. framsögum. samdóma um, að lögin frá 12. jan. 1900 séu ekki fullljós; en eg get þó ekki betur séð, en að þau nái að eins til þjóðvega; eg lít svo á, að það sé full nauðsyn á að leggja viðhaldskostnaðinn á héruðin og það verði ómögulegt fyrir landssjóð að halda áfram flutningabrautunum að öðrum kosti. Við sjáum, að það fer brátt megnið af vegafénu til viðhalds, ef landssjóður á að kosta að öllu leyti þær flutningabrautir, sem þegar er búið að leggja; nú er búið að leggja mikið í sum héruð, en ekkert í sum; en mér finst misrétti, ef þau héruð, sem þegar hafa fengið flutningabrautir og þegar hafa notið mikils hagnaðar af því, þyrftu ekki að borga neitt af viðhaldskostnaðinum, en þau héruð, sem hafa orðið að bíða lengst eftir brautunum, ættu að borga allan viðhaldskostnaðinn. Þótt viðhaldskostnaður væri lagður líka á héruð þau, sem þegar hafa fengið brautir, væri eigi hægt að segja, að lögin væru látin verka aftur fyrir sig; landssjóður hefir lagt brautirnar, en þar fyrir er ekkert ákveðið um, að hann eigi sjálfur eingöngu að halda þeim við um aldur og æfi; slíku má breyta með nýjum lögum. Eg skal játa, að kostnaðarbyrðin getur í einstöku tilfellum komið dálítið ósanngjarnlega niður á þeim héruðum, sem brautin liggur um, t. d. þar sem svo stendur á, að menn úr héraðinu nota mjög lítið eða svo sem ekkert brautina, en verða samt að borga viðhaldskostnaðinn, eins og á sér stað með brautina austur í Árnes- og Rangárvallasýslu, og sem menn úr þeim sýslum nota mest, en Kjósar- og Gullbr.sýslubúar verða samt að borga viðhaldskostnað á.

Eg fyrir mitt leyti vildi helzt, að allur viðhaldskostnaður væri lagður á héruðin, og álít eg því, að það þyrfti að setja betri og nákvæmari reglur um þetta atriði og athuga það betur, og eg er sannfærður um, að sá tími hlýtur að koma, að við fáum einhvern tíma lög, sem ákveða, að allur viðhaldskostnaðurinn verði lagður á héruðin. En þar sem frumv. fer fram á, að hálfur viðhaldskostnaðurinn leggist á hlutaðeigandi sýslusjóði, þá er það að mínu áliti heppilegt millibilsstig; en hitt hlýtur að koma heppilegar niður, að héruðin sjálf annist um viðhaldið, og þá munu þau hafa betra eftirlit með brautunum og sjá betur um, að gert verði við smáskemdir á þeim.

Enn fremur er líka þess að gæta, að þegar héruðin væru sér þess meðvitandi, að þau ættu að kosta viðhaldið, þá mundu þau ekki verða eins frek í kröfum sínum, og ekki heimta brautir nema þar, sem brýna nauðsyn bæri til.

Eg held, að það mundi verða óþægilegt

fyrir landsstjórnina að ákveða, hvernig skifta ætti viðhaldskostnaðinum milli héraðanna, og að hún gæti komist í bobba, ef hún ætti að gera það; auk þess er eg í vafa um, hvort þetta frumv. getur staðist, ef felt verður frumv. um sama efni, því að eg hefi haft þá skoðun, að þegar einu sinni er búið að fella frumv., þá megi ekki bera upp frumv. um sama efni á hinu sama þingi. Eg álít, að það sé í öllu falli heppilegra að koma fram með hitt frumv. á þskj. 424 sem breyttill. við þetta frumv.; en þótt eg verði að játa, að það geti verið nokkrir gallar á því frumv., þá mun eg samt geta gefið atkv. með því, en ómögulega með hinu.

Kristján Jónsson: Eg sé ekki, að í þingsköpunum sé neitt ákvæði til um það, að ekki megi bera fram á sama þingi nýtt frumv., þó að annað frumv. líks efnis hafi verið felt áður. En þess er þá fyrst að geta, að þetta frumv., sem nefndin hefir borið fram, er alls ekki sama efnis. Frumv. á þskj. 424 er alt annars efnis en það frumv., sem nefndin fer fram á að verði felt. Þar sem háttv. 6. kgk. þm. (E. Br.) benti á, að tíminn væri orðinn of stuttur til að ræða þetta nýja frumv. og koma því í gegnum báðar deildir þingsins og að réttara væri að koma fram með það í breyt.till.formi, þá get eg ekki betur séð, en að enn þá sé nægur tími til að ræða það, og koma því fram til fullnaðarúrslita í þinginu, því að eg geri ekki ráð fyrir, að það þurfi að setja það í nefnd, og ef frumv. kæmist aftur til Nd., þá mundu þingmenn þar ekki þurfa langan tíma til að hugsa sig um, hvort þeir ættu að segja já eða nei við því, og þar sem hæstv. landsh. hefir í dag leyft, að þing verði haldið til 26. ágúst, þá ætti frumv., ef það gengi sinn venjulega gang hér í deildinni og fengi sæmilega góðar undirtektir í Nd., að geta komist fram á þessu þingi.

Að öðru leyti þarf eg ekki að tala mikið um málið, því að háttv, framsm hefir skýrt það svo rækilega og er eg honum samdóma í öllum aðalatriðum þess Hann hefir sýnt fram á, hve óviðkunnan legt og óviðeigandi það er, að láta lögir ná til baka til þeirra flutningabrauta sem búið er að leggja; eg veit, a með því móti yrði flutningabrautum mið ur viðhaldið, og héruðunum með því bund inn sá baggi, sem þau ættu örðugt me að rísa undir. Afleiðingin af því mund verða sú, að ekkert yrði gert við þess vegi og þess vegna hefir nefndin komi fram með frumv. á þskj. 424, þar sen farið er fram á að fela umboðsstjórninn að meta það, hvar tiltækilegt sé að beit ákvæðum frumv. Eg veit til þess, að Noregi eru ákvæði um það, að héruði eða héraðsbúar sjálfir skuli annast við hald þjóðvega (alfaravega); en auðvita er ólíku saman að jafna Noregi og Ís landi; þar eru talsverðar járnbrautir, o eru þar sannarlega aðalflutningabrautir en þar hefir víst ekki verið heimtað a héruðunum að halda þeim við, og svo e annað, sem gerir svo mikinn mun hér landi og í Noregi, og það er þettbýlið þa en strjálbygðin hér. Það var bent á þa af mér um daginn við 1. umr. þessa máls að þessi lög mundu leggja alveg óbær lega byrði á eitt sýslufélag, sem eg e nákunnugur, nfl. Kjósarsýslu.

En að eg held frumv. voru og tillögur fram, kemur beint af því, að eg hefi þa traust til landsstjórnarinnar, að hún mun líta með sanngirni á alla málavexti, þeg ar hún á að skera úr málinu. Það getu verið rétt og sanngjarnt, að héruðin tæk þátt í viðhaldskostnaðinum að nokkr leyti, það er að segja þegar brautirna eru til einhvers verulegs gagns fyrir þa sjálf, en þegar þau ekki hafa minst gagn af þeim, þá eiga þau sannarleg ekki að taka þátt í viðhaldskostnaðinun Eg verð því að vera á móti frumv., eir og það kom frá háttv. Nd., sem alveg

aðgengilegu, með því að það mundi annaðhvort verða til þess að eyðileggja heil sýslufélög eða til þess að ekkert yrði gert brautunum til viðhalds; og hvorttveggja álít eg mjög ilt. Aftur á móti álít eg, að með frumv. voru yrði fenginn mergurinn málsins og það, sem mest er í varið í þessu efni, og eins og eg tók fram áðan, þá er eg fullkomlega samdóma háttv. framsm. um, að lögin eigi ekki að verka eða hafa kraft aftur fyrir sig, það er fyrir liðinn tíma.

Valtýr Guðmundsson: Eg játa, að það er rétt, sem háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) sagði um héruðin, sem akbrautir liggja gegnum, án þess að þau hafi gagn af, og eg hafði hugsað mér að koma með breyt.till. til 3. umr.

ATKV.GR..

1. gr. feld með 5 : 5 atkv.
2. — — — 5 : 5 —
3. — frumv. og fyrirsögn þar með fallin.

Viðhald flutningabrauta.

II.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög nr. 6, 12. jan. 1900 um fjölgun og viðhald þjóðvega; 1. umr., 11. ágúst. (C. bls. 548).

Guðjón Guðlaugsson: Eg finn enga ástæðu til, að tala um þetta mál nú; það mun verða skýrt síðar; eg vil að eins leyfa mér að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 7 samhlj. atkv.

Önnur umr., 13. ágúst. (C. bls. 548; 576).

Guðjón Guðlaugsson: Það hefir verið mikið rætt um þetta frumv., svo menn hljóta því að skilja það, að hér er að eins um skýringu á lögum frá 12. jan. 1900 að ræða. Það er sama ákvæðið í þessu lagafrumv. og lögunum frá 12. jan. 1900 að því einu viðbættu, að viðhaldi, sem landssjóður og hlutaðeigandi sýslusjóðir eiga að bera, nái einnig til flutningabrauta, ef brautirnar eru aðallega lagðar í þarfir sýslufélagsins. Þegar lögin frá 1900 voru rædd hér á þinginu, þá man eg eftir því, að fyrirspurn var gerð af þm. A.-Sk. til landsh. um það, hvort ákvæðið í því frumv. næði til allra vega, því að hann vildi því að eins gefa frumv. atkv. sitt, að það næði líka til akveganna. Svaraði þá hæstv. landsh því, að hann gæti ekki betur séð af frumv. sjálfu en, að það ætti að ná til allra vega. Þetta voru úrslitaorð um fyrra frumv. og var það samþykt að því búnu. En nú er fyrirsögn þessa frumv. athugaverð og óskýr og mundi vel vera hægt að villast á henni, og jafnvel hætt við, að dómari mundi byggja á fyrirsögn laganna engu síður en lagagreininni sjálfri.

Af þessum ástæðum er nú þetta síðara frumv. fram komið í viðauka og skýringarformi til að taka af öll tvímæli.

Nefndin hélt því fram, að lögin gætu ekki verkað aftur fyrir sig og því væri breyt.till. á þskj. 456 ekki réttmæt, en lögin eiga heldur ekki að gera það, samkvæmt breyt.till., heldur skýrir hún að eins ljósar fyrir mönnum, það sem ekki er nógu skýrt fram tekið í hinum fyrri lögum frá 12. jan. 1900 um viðhald á þeim vegum og flutningabrautum, sem síðan hafa verið gerðar.

Þetta hefir þýðingu með tilliti til þeirra akbrauta, sem gerðar hafa verið síðan lögin komu út, og ekki annað, eins og eg áður tók fram; það er sanngjörn krafa þjóðarinnar, að sýslurnar annist viðhald þeirra brauta, er landssjóður hefir lagt, en sem eingöngu og aðallega koma sýslunum að gagni; t. d. vil eg taka akbrautina í Eyjaf., sem lögð var eftir að lög þessi öðluðust gildi. Hún er lögð eingöngu fyrir það hérað og má því kalla hana hreppa-

veg og það er tilgangur þessarar breytingar að koma slíkum brautum inn undir þetta ákvæði laganna, eða með öðrum orðum að gefa skýlausa, authentiska þýðingu á þessum eldri lögum. Meining þeirra laga var, að allar slíkar brautir félli inn undir þau, en af því að sumir, sem með fyrirsögn laganna efuðust um, að þetta væri réttur skilningur, þá hefir okkur þótt vissara að gefa þessa skýringu, en þó vona eg jafnframt, að menn sjái, að með breytingunni felst engin ósamkvæmni, heldur þvert á móti er hún í samræmi við eldri lögin.

Valtýr Guðmundsson: Eg skal ekki fara mörgum orðum um þetta frumv., en skal þó stuttlega gera grein fyrir atkv. mínu. Eg vildi helzt af öllu, að þetta frumv. yrði felt hér í deildinni, en bæði vegna þess, að eg hefi ekkert á móti því, að frumv. komist til Nd. og verði athugað þar betur, ef ske kynni, að hún fyndi heppilegri veg, þá mun eg þó sitja við atkv.greiðsluna í þeirri von, að háttv. Nd. annaðhvort lagi frumv. eða felli það í því formi, sem það nú er.

ATKV.GR.: Meginmál frumv. samþ. með 8 samhlj. atkv.

Viðaukatill. á þskj. 456 samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþykt með 8 shlj. atkv.

Frumv. með áorðnum breyt. vísað til. 3. umr., með 8 shlj. atkv.

Þriðja umr., 15. ágúst. (C. bls. 637).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. með 9 shlj. atkv. og verður afgreitt til forseta Nd.

Frestun á eimskipaútgerð.

Frumvarp til laga um frestun á framkvæmd laga 25. okt. 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs; 1. umr., 5. ágúst (C. bls. 470).

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 7. ágúst. (C. bls. 470).

ATKV.GR.: Meginmál frumv. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin sþ. í e. hlj.

Vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 11. ágúst. (C. bls. 470).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og verður afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Læknaskipun.

I.

Hafnarfjarðarhérað.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 13. okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi; 1. umr., 4. júlí (C. bls. 146).

Valtýr Guðmundsson: Eg get verið samþykkur frumv. að svo miklu leyti, sem það fer fram á, að sá hluti Gullbr.- og Kjósarsýslu, sem nú er sameinaður Reykjavíkurhéraði, verði skilinn frá því; því að eins og tekið er fram í athugasemdum stjórnarinnar við frumv., þá er erfitt fyrir héraðslækninn í Reykjavík að gegna læknisstörfum utan Reykjavíkur, um leið og hann, auk læknisþjónustu íbúanna, hefir á hendi kenslustörf við læknaskólann. En hins vegar finst mér stjórnin ekki hafa nægilega athugað, hvort eigi mundi vera mögulegt að gera þessa breytingu, án þess að auka við nýju embætti. Eins og menn vita, er embættismannafjöldinn næsta þungur á landssjóði og þess vegna finst mér, að stjórnin ætti vandlega að athuga, hvort ekki væri hægt að komast hjá að stofna ný embætti og að henni ætti fremur að vera umhugað um að

fækka embættunum en fjölga þeim; en hins vegar skal eg játa, að stundum verður ekki komist hjá því, að auka nýjum embættum við. Nú sem stendur eru útgjöldin til læknaskipunarinnar svo mikil, að ekki er ráðlegt að bæta við þau; þau eru um 119,000 kr. hvort árið, þar af laun lækna 76,000 kr. auk læknaskólans; þar að auki bætist svo við eftirlaun handa læknunum og fjölskyldum þeirra. Hér er að vísu ekki farið fram á nema 1500 kr. laun handa þessum eina lækni sem árleg útgjöld fyrir landssjóð, en það verður meira, þegar eftirlaunin eru tekin til greina.

Eg get hugsað mér að ef þetta mál væri vandlega íhugað, þá mætti finna einhvern veg til að ráða fram úr því, án þess að stofna nýtt embætti.

Það mætti t. d. taka part af næsta læknisembætti og leggja undir önnur eða því um líkt; en um það geta verið skiftar skoðanir.

Eg skal því leyfa mér, að stinga upp á því, að 3 manna nefnd verði kosin, til að íhuga þetta mál, að loknum umræðum um það. Eg veit að vísu, að eg er ekki í fullu samræmi við alla kjósendur mína um þetta mál, en mér finst, að eg verði líka að líta á hag landssjóðs.

Landshöfðingi: Eg get verið samþykkur háttv. 2. þm. Gullbr.- og Kjósarsýslu um, að það sé varhugavert að fjölga embættum landsins yfir höfuð; en það er einn flokkur embætta, sem eg ekki er mótfallinn að fjölga, nfl. læknaembættin, því að á þessu stóra og torsótta landi er þörf á mörgum læknum, og launaupphæð sú, sem hér er farið fram á, er svo lítil, að landssjóð getur ekki munað mikið um hana.

Eg skal láta þess getið, að það kom til athugunar, hvort ekki mætti haga því svo, að Álftaneshreppur, Hafnarfjörður og Mosfellshreppur yrðu sameinaðir við Kjósarlæknishérað, og þá hefði læknirinn átt að sitja í Mosfellssveit, en Hafnfirðingar máttu ekki heyra annað nefnt, en að læknirinn sæti í Hafnarfirði, og því fór stjórnin þannig að, eins og héraðslæknirinn í Reykjavík einnig hefir lagt til, að gera þetta að sérstöku læknishéraði. Læknirinn í þessu nýja héraði verður að búa í Hafnarfirði, sérstaklega vegna þess, að skipaferðir frá útlöndum eru þar altaf að aukast.

Eg verð því að mæla með því, að ráðstöfun sú verði gerð, sem stjórnin stingur upp á í þessu frumv., og þeir, sem eiga að njóta góðs af henni, leggja mikla áherzlu á, að uppástungu stjórnarinnar verði fylgt fram.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

3 manna nefnd samþ. í e. hlj. og í hana kosnir:

Valtýr Guðmundsson	með	8 atkv.
Þorgrímur Þórðarsson	—	7 —
Jónas Jónassen	—	6 —

Önnur umr., 21. júlí. (C. bls. 146; n. 228; brt. 274, 286).

Framsögumaður (**Jónas Jónassen**): Við, sem þessi háttv. d. kaus, til þess að segja álit vort um þetta mál, höfum athugað það svo nákvæmlega, sem okkur var hægt, og höfum komist að þeirri niðurstöðu, sem nefndarálitið ber með sér.

Eins og álit nefndarinnar á þskj. 92 ber með sér, gat nefndin ekki orðið á eitt sátt um það, hvað hér ætti að gera. Mál þetta hefir vakið talsverða umhugsun og talsverðar deilur hjá öllum þeim, er hlut eiga að máli, einkum hjá Hafnfirðingum og Kjósarbúum. Hafnfirðingar vilja fá lækni til sín, en Kjósarbúar vilja ekki sleppa honum. Nefndin sá sér ekki fært að taka þann veginn, sem stjórnarfrumv. fer fram á, nefnilega að fjölga læknum og gera Hafnarfjörð að sérstöku nýju læknishéraði, af ástæðum, er eg mun síðar koma að.

Aðalástæðan fyrir því, að meiri hluti nefndarinnar áleit nauðsynlegt að gera einhverja breytingu, er sú, að Reykjavíkurlæknunum er með öllu ómögulegt að komast yfir að gegna kenslu við læknaskólann, ef hann jafnframt á að gegna læknisstörfum í Hafnarfirði. Það er Hafnarfjörður, sem tefur hann mest og gerir honum erfiðast fyrir, því bæði er það, að það kemur mjög oft fyrir, að hann sé sóttur, enda líka svo langt að fara, að gera má ráð fyrir, að $^1/_2$ dagur fari í það ferðalag. Það er því að eins um tvent að velja, annaðhvort, að Rvíkurlæknirinn hætti við að gegna kennarastörfum við læknaskólann eða þá að létta af honum læknisstörfum í Hafnarfirði. Að missa Rvíkurlæknirinn frá læknaskólanum áleit nefndin mjög óheppilegt og illa gjörlegt, og áleit því heppilegast að fara hinn veginn, að láta annan mann fá Hafnarfjörð. Á hinn bóginn gat nefndin ekki fallist á frumv. stjórnarinnar, af þeim ástæðum, að það fyrirkomulag, sem þar er farið fram á, að gera Hafnarfjörð að nýju sérstöku læknishéraði, mundi hafa mikinn kostnað í för með sér, og raska um of því skipulagi, sem gert var á læknishéruðum landsins 1899, og þá var talið heppilegt. Hins vegar varð nefndin að kannast við, að þörfin er orðin mikil á því, að fá lækni í Hafnarfirði. Þegar nú nefndin athugaði þetta alt, þörfina annars vegar og hins vegar nauðsynina á því að ofþyngja ekki landssjóði í fjárframlögum, þá duldist henni ekki, að hér mundi erfitt fram úr að ráða. Nefndin hefir nú álitið, að þessu verði á heppilegastan hátt ráðið til lykta á þann hátt, sem hún hefir stungið upp á, á þann hátt nefnilega að taka Kjósarlækninn og setja hann í Hafnarfjörð. Auðvitað munu Kjósarbúar mæla á móti slíkri breytingu. En þrátt fyrir slík mótmæli verð eg þó að halda því fram, að þetta sé heppilegasti vegurinn. Þótt Kjósarbúar vilji ekki missa lækni sinn þaðan, þá er það engan veginn svo að skilja, sem að þörfin sé þar svo mikil fyrir lækni; t. d. hefir læknirinn þar eigi haft nema 100 sjúklinga síðastliðið ár, og hann segir sjálfur, að sér leiðist, af því hvað hann hafi lítið að gera.

Meðan eg var læknir í Kjósinni var eg aldrei sóttur þaðan fyrstu 10 árin, sem eg var læknir þeirra. Eftir 10 ár var eg svo sóttur þangað í fyrsta sinni til konu í barnsnauð. En þegar eg kom inn á Kjalarnesið, kom maður á móti mér og segir, að nú sé mín ekki framar þörf, því nú sé alt um garð gengið.

Eg skal játa, að það er vont að ráða úr þessu, svo öllum líki, en hins vegar verð eg að álíta, að sá vegur sé heppilegastur, sem nefndin hefir farið.

Viðvíkjandi launaákvæðinu, sá nefndin ekki ástæðu til þess, að taka þetta hérað út úr og setja það í 3. flokk, og það því síður, sem læknir í Hafnarfirði mundi hafa talsverða praxis.

Þá hafa komið fram nokkrar breyt.till á þskj. 119 og 136, sem báðar eru lítilfjörlegar. Á þskj. 136 er farið fram á að á eftir Gnúpverja komi Hrunamanna Þetta átti að standa, en hefir fallið úr.

Að svo stöddu skal eg svo ekki fara fleiri orðum um málið. Nefndin vill ráða háttv. þingdeild til að samþ. það, sem nefndin fer fram á, en leggur það annars auðvitað undir hennar úrskurð, hvað hún vill gera í því máli.

Kristján Jónsson: Frumv. þetta er að vísu lítið og snertir eigi stórt svæði en það og sérstaklega meðferð nefndarinnar á því gefur mér þó tilefni til þess að minnast þess, að tvennir eru tímarnir. Eg þekti í æsku minni Hjaltalín landlækni og eg þori að fullyrða, að hann hefði tekið öðruvísi í þetta mál, en háttv. sessunautur minn, núverandi landlæknir vor, hefir gert, og mér þykir það enda hart, að þurfa að standa hér upp til þess að halda uppi svörum fyrir hags

munum landsins að því er læknaskipun og læknastétt þess snertir, einkum í þessu máli, þar sem landlæknir hefir verið formaður og framsögumaður þeirrar nefndar, sem kosin var til þess að athuga það.

Mitt álit er það, að frumv. stjórnarinnar sé í alla staði réttmætt og að nefndin hefði að sjálfsögðu átt að leggja það til, að það yrði samþykt af þinginu óbreytt. Auðvitað hefir það nokkurn kostnað í för með sér, en þegar um hagkvæma læknaskipun er að ræða, um ráðstafanir til tryggingar lífi og heilsu einstaklinga þjóðfélagsins, þá mega menn ekki horfa alt of mikið í kostnaðinn eða vera sparsamir um of.

Háttv. nefnd, sem kosin var til að athuga þetta mál, hefir nú að mínu áliti eigi verið heppin í tillögum sínum. Í stað þess að fallast á till. stjórnarinnar í þessu efni, hefir hún lagt það til, að frumv. hennar yrði felt, en hefir svo aftur á móti lagt það til að Hafnarfirði yrði slegið saman við Kjósarhérað og Kjósarlæknirinn fluttur þangað.

Eg skal nú ekki fjölyrða um þessar till. nefndarinnar. Eg býst við, að allir háttv. þm. hafi þegar ákveðið, hvaða stefnu þeir taka í þessu máli. En skylt er frumv. nefndarinnar fá meðhald þessarar háttv. deildar, þá hefi eg komið hér með 2 breyt.till. Önnur þessi breyt till. á þskj. 136 er til leiðbeiningar fyrir nefndina sjálfa. Hjá henni hefir nefnilega fallið úr „Hrunamanna“(hreppur), sem gerir það að verkum, að frumv. verður óbrúklegt, ef þetta er eigi lagað. Hin breyt.till. á þskj. 119 fer fram á, að þetta nýja læknishérað, Hafnarfj.hérað, verði sett í 3. flokk. Stjórnarfrumv. fer nefnilega fram á það, að Hafnarfjörður, sem sérstakt læknishérað, sé settur í 3. flokk. Nefndin aftur á móti hefir lagt það til, að þetta nýja hérað, þessi samsteypa tveggja héraða, sé sett í 4. flokk. Mér er þetta alveg óskiljanlegt. Mér þykir það sjálfsagt, að þetta mál hafi af landshöfðingja verið borið undir landlækni, áður en frumv. það var samið, sem nú liggur fyrir þinginu, og hann muni þá hafa verið því samþykkur, að hérað þetta yrði sett í 3. flokk. Eg fæ nú ekki skilið í þessum snúningi á málinu, og það því síður, sem hér er um enga launahækkun að ræða, heldur að eins um hitt, hvort læknirinn eigi að setjast í þann flokk, sem hefir eftirlaunarétt eða eigi. Eg byggi nú breyt.till. mína á því, að mér virðist það rangt, að þetta hérað skuli sett lægra en ýms önnur héruð, sem sett hafa verið í 3. flokk.

Eftir síðasta manntali, sem fram hefir farið, er íbúatala í þessu héraði nálægt því 2850. Síðan hefir fólki fjölgað að miklum mun í Hafnarfirði, svo nú mun vera alveg óhætt að staðhæfa, að þetta hérað hafi yfir 3000 íbúa. En þau héruð, sem teljast til 3. flokks, hafa, að eg ætla, engin svo marga íbúa, að Rangárvallahéraði einu undanskildu. Þess ber og að gæta, að ekkert hérað í þeim flokki, eða mjög fá að minsta kosti, er eins stórt yfirferðar og þar af leiðandi erfitt. Frá Lónakoti í Hraunum og inn í Brynjudal í Kjós er löng dagleið á sumardag og minst 2 daga ferð að vetrarlagi. Breidd héraðsins þekkja allir breiðast frá Elliðaám upp að Mosfellsheiði. Hérað þetta er því, auk þess sem það er fólksflesta héraðið þeirra, sem talin eru til 3. flokks, líka hið erfiðasta, því auk vegalengdarinnar, sem eg áður gat um, þá eru á leið læknisins 2 fjallvegir, sem erfiðir geta orðið á vetrardag, Svínaskarð og Reynivallaháls.

Eg álít því réttast og enda sjálfsagt að setja þetta nýja hérað í 3. flokk, eins og eg hefi stungið upp á í breyt.till. minni, og mér virðist því síður ástæða til fyrir hátt. deild að vera á móti því, þar sem það hefir engin áhrif á kostnað landssjóðs-

ins önnur en þau, að viðkomandi læknir öðlast eftirlaunarétt.

Eg skal svo ekki ræða frekar um þetta mál, en vona að háttv. deild, ef hún sþ. till. nefndarinnar, að hún þá jafnframt fallist á breyt.till. minar.

Þorgrímur Þórðarson: Eins og nefndarálitið ber með sér, gat eg því miður ekki orðið meðnefndarmönnum mínum að öllu samferða. Nefndinni kom allri saman um það, að með lögum 13. okt. 1899 hefði verið bætt svo úr læknaskipun eða læknaþörfinni hér á landi, að vel mætti við una, og að sú byrði hefði verið lögð á landssjóð með lögum þessum, að hann væri á engan hátt fær um frekari álögur til læknastéttarinnar en þær 119 þúsund krónur, er nú hvíldu á honum árlega samkvæmt þeim lögum. Þess vegna var nefndin samdóma um að fella frumv. stjórnarinnar um stofnun þriggja nýrra læknishéraða. Nefndina greindi fyrst og einungis á um Hafnarfjörð, hvaða ráðstöfun þar bæri að gera.

Hvað Hafnarfjörð snertir, þá er mjög auðvelt að leita þaðan læknis og læknisráða til Reykjavíkur. Úr Hafnarfirði til Reykjavíkur er ekki nema klukkutíma ferð, ágætur vegur og engar torfærur á leiðinni, og auk þess liggur telefónþráður þaðan til Reykjavíkur. Í umsóknarskjali Hafnfirðinga er það tekið fram, sem sérstök ástæða fyrir hinni brýnu þörf á að fá nú þegar lækni búsettan í Hafnarfirði, að Reykjavík hafi vaxið svo mjög á síðari árum og héraðslæknirinn hafi svo mikið að gera, að hann gæti ekki þjónað Hafnarfirði.

Það er að vísu satt, að Reykjavík hefir vaxið mjög að fólksfjölda á síðari árum, en þess ber að gæta, að læknum hefir líka fjölgað þar að sama skapi; þar eru nú 6 útlærðir læknar og auk þess mörg læknaefni. Eg efast því um, að nokkuru héraði á landinu sé eins vel borgið, hvað læknishjálp snertir, og Reykjavík, og það þó héraðslæknirinn væri daglega sóttur suður í Hafnarfjörð. Auk þess er þar mjög góður spítali og útlærðar hjúkrunarkonur. Eg er sannfærður um, að flestir landsbúar munu öfunda bæði Reykvíkinga og Hafnfirðinga af því, hvað fljótt þeir geta náð í góða læknishjálp, og hve auðvelt þeir eiga með að ná í lækni án nokkurs ferðakostnaðar eða aukakostnaðar.

Í beiðni Hafnfirðinga er það einnig tekið fram, að það komi oft fyrir, að læknirinn geti eigi komið strax og hann er sóttur; þannig hafi það komið fyrir, að maður hafi handleggsbrotnað, og að læknirinn, sem vitjað var um hæl, hafi ekki getað komið, fyr en daginn eftir, til þess að binda um brotið; enn fremur hafi það komið fyrir í fyrra, að maður hafi meitt sig í fingri og orðið að fara inn til Reykjavíkur, til þess að láta gera við sig.

Þessar ástæður eru mjög léttvægar í mínum augum. Hvað skyldu þeir menn á voru landi mega segja, sem verða að sækja lækni 2 dagleiðir eða meira, þegar líf manna liggur við, yfir ófær fjöll, stórvötn og eyðisanda, og eiga það loks á hættu, þegar þeir eru búnir að brjótast yfir allar þessar torfærur og komnir á heimili læknisins, að hitta hann þá ekki heima, og verða þá ef til vill að fara heila dagleið, til þess að ná tali hans? Já! þeir menn mundu sjálfsagt brosa að þeim ástæðum, sem Hafnfirðingar hafa fært fyrir læknisþörf sinni. Eg er líka sannfærður um, að til sveita ber það eigi oftar við en 20 til 30 sinnum af hverjum 100 beinbrotum, að læknir geti bundið svo fljótt um, að eigi líði meir en 24 tímar frá því, að slysið vildi til og þar til um er bundið; oft líða þar á milli nokkrir dagar, og þykir gott, ef læknirinn kemur eigi svo seint, að læknishjálp er ómöguleg. Hafnfirðingar eru að því leyti betur settir en flestir aðrir, að þeir geta fyrir telefóninn fengið ráðleggingar til bráðabirgðar frá læknunum í Reykjavík;

en það hefir ómetanlega þýðingu í öllum slysum og sjúkdómum, sem þurfa bráðrar læknishjálpar við.

Þegar eg var hér á læknaskólanum fyrir 20 árum síðan, þá hafði bæði eg og skólabræður mínir mikla praxis síðustu árin, og léttum þannig mikið undir með héraðslækninum, sem hafði mjög mikið að gera, og veittum fjölda fátæks fólks ókeypis læknishjálp. Við fengum þannig mjög mikla æfingu, sem kom bæði mér og okkur að miklum notum síðar, er við vorum komnir upp í sveit, orðnir þar læknar, sem urðum að standa á eigin fótum. Fengju nú piltar á læknaskólanum, eftir að þeir hafa tekið fyrri hluta læknaprófs, eins konar veniam practicandi, væri þeim leyft að vera héraðslækninum til aðstoðar og vitja sjúkra fyrir hann, bæði hér í bæ, í Hafnarfirði og í nágrenninu, þá mundi það létta mjög mikið á héraðslækninum, og þeir mundu sjálfir fá mikla og góða æfingu, sem síðar í lífinu kæmi þeim að góðu haldi.

Af þeim þremur beiðnum, sem nefndin hafði til meðferðar, áleit eg, að sízt væri ástæða til að veita Hafnarfirði sérstakan lækni. Eg álít miklu frekar ástæðu til þess að sinna beiðni um lækni á Bíldudal og í Hrútafirðinum. En meiri hluti nefndarinnar var ekki á þeirri skoðun. Honum var mjög umhugað um að verða á einhvern hátt við beiðni Hafnfirðinga, og hugsaði minna um það, þótt hann á einhvern hátt bakaði með því öðrum óþægindi og skaða, og sá hann þá ekki annan veg til þess en að gera algerða breyting á Kjósarhéraði, sameina það síðan við Hafnarfjörð og Mosfellssveit og flytja læknirinn til Hafnarfjarðar, eða á suðurenda héraðsins.

Meðan Kjós og Kjalarnes heyrðu Reykjavíkur læknishéraði til, hafði það oft verið tekið fram, bæði af þáverandi héraðslækni í Rvík, nú landlækni, og héraðsbúum sjálfum, að brýna nauðsyn bæri til, að sérstakur læknir yrði skipaður í Kjósina, búsettur þar, Þegar sýslunefnd Gullbr.- og Kjósarsýslu hafði málið til meðferðar 1898 og breytingin á læknaskipuninni var í ráði, þá var G. Björnsson héraðslæknir á fundum sýslun. því eindregið meðmæltur, að stofnað yrði hið núverandi Kjósarhérað, og féllust allar hlutaðeigandi sýslunefndir á, að það væri bráðnauðsynlegt. Sýslun. Árnessýslu samþykti og mælti eindregið með því fyrir hönd Þingvallasveitar, og sýslunefnd Borgarfjarðar fyrir hönd Hvalfjarðarstrandar. Þar sem nú svo mikill áhugi lýsti sér hjá öllum hlutaðeigendum, þegar fyrst var rætt um stofnun Kjósarhéraðs, og þing og stjórn tóku málinu svo vel bæði 1897 og 1899, og engar raddir höfðu nokkuru sinni mótmælt nauðsyninni á sérstökum lækni, búsettum í Kjósinni, þá er von, að þessum héraðsbúum bregði nú í brún, er þeir frétta, að landlæknirinn sjálfur er nú að berjast fyrir því á þingi, að svifta Kjósarbúa algerlega þeim lækni, sem hann sjálfur fyrir 4 árum síðan barðist svo dyggilega fyrir, bæði á þingi og utan þings, að útvega þeim. Hann hafði verið héraðslæknir þeirra í mörg ár og honum var það kunnast, hversu erfitt þeim var að vitja læknis til Rvíkur, og hann vissi, að þeir hliðruðu sér hjá því í lengstu lög sökum örðugleikanna. Kjósarbúar gátu því sízt búist við að hann yrði fyrstur manna til þess að leggja það til, að þeir yrðu sviftir þessum lækni svo bráðlega.

Mér er það alveg óskiljanlegt, hvernig háttv. framsm. getur mælt með þessari breytingu. Því það er kunnugt, að hann sem landlæknir hefir ávalt sýnt mikinn áhuga í því, að bæta úr læknaskortinum hér á landi og viljað gera landsmönnum sem hægast fyrir að geta fengið læknishjálp með sem hægustu móti. Hann hefir líka á síðustu árum barist mjög fyrir því, að ekkert læknishérað á landinu yrði

nokkurn tíma læknislaust, og að enginn héraðslæknir fengi nokkurn tíma leyfi til þess að fara út úr héraði sínu, ekki einu sinni til þess að leita sjálfum sér lækningar, nema því að eins, að útlærður læknir, sem gengið hafi á fæðingarstofnunina, gegni embætti hans á meðan. En nú berst hann fyrir því, að svifta heilt hérað með c. 1000 íbúum algerlega lækni sínum. Þetta er mér algerlega óskiljanlegt, því mér finst það lýsa svo mikilli ósamkvæmni, sem eg alls ekki hefði búist við hjá honum, jafn stefnuföstum manni. Eg ímynda mér, að hann hafi ekki skoðað þetta mál nógu nákvæmlega og hlutdrægnislaust, og að hann hafi ekki séð, að hann var hér að rífa niður sín eigin verk og stíga spor í áttina aftur á bak í stað áfram. Því komist þessi breyting á Kjósarhéraði á, sem hann nú er að berjast fyrir, þá verða Kjósarbúar, Kjalnesingar og Mosfellssveitarmenn ver settir en þeir hafa verið nokkurn tíma áður að því er alla læknishjálp snertir, já, engu betur settir en þeir voru fyrir 50 árum síðan, og það kalla eg spor aftur á bak.

Mér er líka óskiljanlegt, hvernig þm. G.-K. (V. G.) getur borið fram aðrar eins tillögur og hann gerir í nefndaráliti meiri hlutans. Eg hélt, að allir kjósendur hans mundu honum jafnkærir, og að hann mundi ekki vilja bæta kjör Hafnfirðinga með því að stórskaða Kjósarmenn, Kjalnesinga og Mosfellssveitarmenn, en mér finst á þessari tillögu, sem Hafnfirðingar muni vera óskabörn hans, en Kjósarbúar olnbogabörnin, en því hafði eg ekki búist við og líklega Kjósarbúar ekki heldur.

Meiri hluti nefndarinnar hefir látið sér miklu meira umhugað um að verða við beiðni Hafnfirðinga, en gleymt að taka eins mikið tillit til mótmæla, sem Kjósarbúar sendu nefndinni. Þeir mótmæltu því alvarlega, að Kjósarhérað yrði sameinað Hafnarfirði, og læknir þeirra fluttur þangað, og þeir færðu fullar ástæður fyrir máli sínu og skoruðu sérstaklega á landlækni, sem formann nefndarinnar, og þm. þeirra að stuðla til þess, að engin breyting verði gerð á Kjósarhéraði né lækni þeirra fluttur til Hafnarfjarðar. En Kjósarbúar fundu eigi náð fyrir þeirra augum, því meiri hlutinn fór sínu fram.

Kjósarbúar tóku það fram í mótmælum sínum, að meðan þeir áttu lækni að sækja til Rvíkur, þá hafi þeir mjög oft getað stytt sér leið með því að fara sjóveg af Kjalarnesi, en eigi þeir að vitja læknis til Hafnarfjarðar, mundi þar til ganga 2 til 3 dagar að vetri til og ekki minna en 12—15 tímar á sumardag. Víða mundi og miklu hægra að sækja lækni til Reykjavíkur, t. d. frá Gufunesi og Þerney, Þaðan gætu menn náð í lækni úr Rvík á skömmum tíma; sama er að segja um Ártún og Árbæ.

Eg ímynda mér, að háttv. landlæknir eigi hafi íhugað nákvæmlega, hverjar afleiðingarnar mundu verða, ef Kjósarlæknirinn yrði fluttur til Hafnarfj., en eg þykist sjá þær fullljóst. Afleiðingin yrði sú, að í Kjósarhéraði mundi rísa upp mesti urmull af skottulæknum, já, heil legió, en eg hélt, að landlæknir vor mundi eigi vilja styðja að fjölgun þeirrar stéttar fyrstur manna.

Meining meiri hlutans með þessari breytingu á að vera sú, að létta á héraðslækni Rvíkur, en er víst, að svo verði? Eg er hræddur um, að léttirinn verði miklu minni en meiri hluti nefndarinnar gerir sér í hugarlund. Kjósarbúar og Kjalnesingar mundu reyndar mest nota skottulækna, en þegar í nauðirnar ræki, í öllum alvarlegri tilfellum, mundu þeir engan lækni sækja nema héraðslækninn í Reykjavík. og samkvæmt 1. gr. í lögum frá 13. okt. 1899 um læknaskipun er hann skyldur til að fara. Léttirinn yrði því sára lítill.

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Eg verð að taka það fram, að það er misskilningur hjá háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.)

og háttv. þm. A.-Sk. (Þ. Þ.), ef þeir halda, að eg sé á móti lækni í Kjósinni. Það er eg alls ekki; en eg veit, að það er ekki til neins að fara fram á það við þingið, að setja nýjan lækni í Hafnarfjörð og láta líka lækni vera í Kjósinni.

Hins vegar álít eg það bráðnauðsynlegt að skifta Reykjavíkurhéraði, því það er ómögulegt fyrir Reykjavíkurlækninn að þjóna þessu embætti, án þess að vanrækja kenslustundir þær, sem hann lögum samkvæmt á að kenna á læknaskólanum, enda er það ástæðan til þess, að hann hefir sótt um þessa breytingu.

Eg skyldi sannarlega ekki vera á móti lækni í Kjósinni, hefði eg nokkura von um, að þingið vildi ganga inn á það. Nei, eg skyldi vera með til að samþ. lækna í Mosfellssveit, Kjós, Álftanesi, Hafnarfirði o. s. frv., bara ef það væru peningar til. En því láni er ekki að fagna og vér verðum því að sníða oss stakk eftir vexti.

Einnig álít eg óheppilegt að taka út úr eitt hérað og skifta því. Við það kemst ruglingur á alt; ýmsir koma og sækja um breytingar, sem svo auðvitað ekki fást. Þetta verður svo orsök til megnrar óánægju, sem bezt er að komast hjá, sé það mögulegt. Hér við bætist það, að Kjósarlæknirinn hefir ekkert að gera og það svo, að hann kvartar sjálfur yfir því, að hann ryðgi í læknisfræðinni og það er saunarlaga ekki að furða, þar sem að eins — segi og skrifa — 100 hafa leitað hans síðastliðið ár.

Landshöfðingi: Eg skal leyfa mér að geta þess, að þegar beiðni um þessa skiftingu kom til stjórnarinnar, þá var eg á þeirri skoðun, að bezt væri að gera þá breytingu, sem nefndin nú hefir stungið upp á, og er eg því samdóma nefndinni um, að þær breyt.till., sem nefndin hefir komið fram með, séu heppilegar.

Eg skil ekki kapp háttv. þm. A.-Sk. (Þ. Þ.), en hitt sé eg, að hann er farinn að ryðga í topografíunni hér á Suðvesturkjálkanum, ef hann heldur, að það sé erfiðara fyrir Mosfellinga að sækja lækni til Hafnarfjarðar en upp í Kjós. Hins vegar er Kjósarlæknirinn lítið sóttur og það hefir loðað lengi við Kjósina, því meðan hún heyrði til Reykjavíkurhéraðinu, kom það varla fyrir, að Rvíkurlæknirinn væri sóttur þangað oftar en 2var eða 3var á ári.

Eg get því mælt með breyt.till. nefndarinnar; sömuleiðis get eg fallist á þá breyt.till. háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.), að telja þetta hérað til 3. flokks í stað 4.

Valtýr Guðmundsson: Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. Þ.) furðar sig á, að eg skuli vilja láta flytja lækninn, sem nú er í Kjósinni, til Hafnarfjarðar og hann gat þess, að kjósendur mínir í Kjósinni mundu ekki þakka mér fyrir þetta. Það getur vel verið, að þeir verði óánægðir, en það verður svo að vera. Þetta sýnir einmitt, að eg fer eftir sannfæringu minni í þessu máli, en ekki eftir neinni hreppapólitík. Eg skoða mig jafnframt sem þm. alls landsins, sem á að sjá hag þess borgið, en ekki að eins eins kjördæmis á kostnað landsins. Eg álít það varhugavert að auka útgjöldin til læknastéttarinnar fram úr því, sem nú er, en sé hægt að gera nauðsynlegar breytingar kostnaðarlítið, þá álít eg sjálfsagt að gera það. Þannig er því varið í þessu tilfelli, en hvað Kjósarbúum viðvíkur, þá hefir verið tekið svo mikið tillit til þeirra, sem mögulegt er, ef þessa leið á að fara, þar sem lækninum er gert að skyldu, að fara þangað 6 læknisferðir á ári og auglýsa þær fyrirfram. Hitt, að Hafnarfjörður fengi sinn lækni og Kjósin héldi sínum, álít eg ómögulegt að sameina og nefndinni fanst hún ekki geta lagt það til, án þess að mæla með hinum öðrum frv., sem fram hafa komið, en það sá hún sér ekki fært vegna kostnaðarins. Auðvitað hefði eg helzt kosið að geta gert öllum kjósendum mínum til geðs í þessu efni, en þess var

nú enginn kostur, því hagsmunir nokkurra þeirra stóðu öndverðir hagsmunum annara.

ATKV.GR.: Brt. á þskj. 92 sþ. með 6 : 3 atkv.

Brt. á þskj. 136 sþ. með 9 shlj. atkv.
— — 119 tl. 1 sþ. m. 7 shlj. atkv.
— — 119 — 2 — — 6 — —
— — 119 — 3 — — 6 — —
— — 119 — 4 feld m. 6 : 4 atkv.

Brt. á þskj. 92 með áorðnum breytingum sþ. með 6 : 3 atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. með 7 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. m. 9 : 2 atkv.

Þriðja umr., 23. júlí (C.bls. 309, 314).

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Nefndin hefir leyft sér að koma með brt. á þskj. 164 og er lítið um hann að segja. Hún fer fram á, að í stað: Kjósarhérað telst til 4. flokks komi: Hafnarfjarðarhérað telst til 4. flokks.

Kristján Jónsson: Þegar eg les frv., eins og það hefir verið prentað upp eftir 2. umr. málsins hér í deildinni, er mér alveg óskiljanlegt, hversu margar prentvillur eða redaktiónsvillur hafa slæðst inn í það. Það eru að minsta kosti 4 villur í því, sem eru aðallega eða eingöngu redaktiónsvanrækslu að kenna, því að á þskj. 119 voru við 2. umr. málsins samþ. allar breyt.till. nema ein, nefnil. breyt.till. um að flytja héraðið upp í 3. flokk. Það er alveg óhætt að laga frumv. eftir þskj. 119, því að það var samþykt með þeim breytingum, sem eg þar bar undir háttv. deild, að þeirri einu breytingu undanskilinni, sem eg hefi nefnt. En eins og frv. hér liggur fyrir prentað, hefir ekkert tillit verið tekið til þessa. —

Þorgrímur Þórðarson: Við 2. umr. þessa máls tók eg flest það fram, sem eg hafði að athuga við frumv. þetta, en eg vil þó bæta við fáum orðum.

Eg hefi leitað upplýsinga hjá ýmsum merkum mönnum í þessu nýja læknishéraði, sem á að heita Hafnarfjarðarhérað, og fengið að heyra álit þeirra; t. d. hefi eg átt tal við prestinn á Lágafelli og tók hann það skýrt fram, að bæði hann og sveitungar sínir séu mjög óánægðir með þessa breytingu og mundu þeir einróma mótmæla henni, því að hún væri til ills eins og hreinasta afturför frá því, sem nú væri. Hann tók það beint fram, að öðruvísi mundi hafa farið í vetur, er barnaveiki kom upp á heimili hans, ef hann þá hefði átt að sækja lækni suður í Hafnarfjörð.

Hjá Kjósarbúum er óánægjan mjög megn, sem vonlegt er, því þeir verða verst úti, nái frumv. fram að ganga, og eg er mjög hræddur um, að þeir fái oft um sárt að binda. Hafnfirðingar eru, eftir því sem eg hefi heyrt, ekkert áfram um, að þessi breyting komist á, og þeir hafa tekið það skýrt fram, að þeir vilji alls ekki þiggja, að bætt sé úr læknisþörf þeirra á þenna hátt, því að þeir sjái, að þessi breyting sé til stórskaða fyrir íbúa Kjósarsýslu og þeim sé berlega gert rangt með að svifta þá þeim lækni, sem þeir hafa nú; það hafi heldur aldrei verið meining sín eða vilji að fá bót á læknisþörf sinni á kostnað Kjósarsýslubúa.

Einnig er mér kunnugt um, að 1. þm. G.-K. (B. K.) álítur frumv. þetta til stórskaða fyrir Kjósarsýslu og er því algerlega mótfallinn.

Eg vona, að háttv. deild taki þessar bendingar til greina og samþykki ekki frumv. þvert á móti vilja Hafnfirðinga og Kjósarsýslubúa.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 164 tekin aftur.

Frv. sþ. með 9 atkv. og verður afgreitt til forseta Nd.

Læknaskipun.
II.
Patreksfjarðar- og Bíldudals-héruð.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 13. okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi; 1. um., 9. júlí (C bls. 193).

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Það hefir verið skorað á mig að flytja þetta mál á þessu þingi. Eins og háttv. þingdm. sjá, fer frumv. þetta fram á, að Barðastrandarlæknishéraði verði skift í 2 læknishéruð, sem sé: Patreksfjarðarhérað og Bíldudalshérað.

Eins og háttv. þingm. muna, hefi eg áður borið þetta mál fram hér á þingi, en þá fekk það ekki áheyrn þingsins, og nú ber eg það fram enn á ný, af því að mér er kunnugt um, að það er mikið áhugamál allra þeirra manna, sem hlut eiga að máli, og eg hygg, að mér muni vera óhætt að segja, að þeir muni ekki hætta, fyr en þeir fá áheyrn þingsins í þessu máli. Að vísu get eg vel hugsað mér, að þetta mál mæti ekki góðum undirtektum hjá þingmönnum, þar sem eg veit, að þeim er ekki ljúft að fjölga embættismönnum landsins; en eg byggi samt von mína um samþykki þessa frumv. á því, að það sé alment viðurkent, að það sé öðru máli að gegna með læknana en aðra embættismenn, og eins og þingdm. muna, lét landshöfðinginn þá skoðun í ljós um daginn, þegar sams konar mál var til umræðu hér í deildinni. Eg treysti líka þm. til að yfirvega vandlega þær ástæður, sem liggja til grundvallar fyrir þessari beiðni, og sérstaklega treysti eg þessari háttv. þingd. til þess, að hún íhugi þetta mál vel, áður en hún tekur ályktun um það. Það er ekki nóg, að deildin vísi málinu blátt áfram frá sér; hún verður fyrst að athuga, hvort ekki séu nægar ástæður fyrir hendi til þess, að hún geti veitt því áheyrn, og eg er sannfærður um, að ef hún yfirvegar vandlega allar ástæður fyrir þessu máli, þá muni hún komast að þeirri niðurstöðu, að þessi beiðni sé á rökum bygð. — Eg skal með fáum orðum leyfa mér að taka fram það, sem aðallega má telja þessu máli til styrktar, nefnilega það, að í kaupstaðnum Bíldudal er á fjórða hundrað manns og á sumrin miklu fleiri, eða 5—600 manns, á þessum eina stað. Þetta er nú mannfjöldinn á Bíldudal og þar við bætist svo fólkið í Dalahreppi og Suðurfjarðarhreppi; og er óhætt að segja, að í mestum hluta þessa síðarnefnda hrepps er nú alveg sama sem læknislaust, eða með öllu ómögulegt að ná í lækni.

Eg vona að háttv. þingdm. skilji, að þar sem um svo fjölmarga íbúa, eins og á Bíldudal, er að ræða, þar muni oft vera þörf á lækni, en erfiðleikarnir á að ná í lækninn á hinn bóginn mjög miklir, þar sem yfir 2 fjallvegi og 1 fjörð er að sækja. Það gefur því að skilja, að oft og tíðum næst ekki til læknis, fyr en það er orðið of seint, en kostnaðurinn við það fyrir fátæklinga æðimikill, og auk þess mjög mikil fyrirhöfn, þar sem yfir mjög slæman veg er að fara á vetrum. Eg býst við, að menn muni máske hafa tekið eftir því, að fyrir tæpu ári síðan var þess getið í blöðunum, að maður varð úti einmitt á þessum vegi, og var hann að vitja læknis. Auk þess hygg eg, að Bíldudalur sé fjölmennasti verzlunarstaðurinn, sem læknislaus er á landinu, fyrir utan Hafnarfjörð; í öllum hinum stærri kauptúnum landsins er læknir búsettur. Vitanlega er Hafnarfjörður fjölmennari, en þar er líka farið fram á að fá búsettan lækni. Eg skal ekki fara í neinn samanburð um það, hvor þessara tveggja kaupstaða, Hafnarfjörður eða Bíldudalur, hafi meiri þörf á búsettum lækni, en svo mikið er víst, að ef ekki væri meiri vegalengd milli Bíldudals og Patreksfjarðar en héðan til Hafnarfjarðar og jafngóður vegur, þá mundi

þessi beiðni alls ekki hafa komið fram; og segi eg þetta alls ekki af því, að eg vilji gera lítið úr því, að þörf sé á lækni í Hafnarfirði; því að hún getur verið á öðrum ástæðum bygð. Að loknum umræðum um þetta mál ætla eg mér að stinga upp á, að því verði vísað til þeirrar nefndar, sem kosin var um daginn, til að íhuga frumv. um skiftingu á Reykjavíkurlæknishéraði. Eg treysti því, að h. þingd. lofi frumv. þessu fram að ganga til 2. umr. og samþykki að því verði vísað til athugunar þeirrar nefndar, sem eg gat um áðan, og ber eg sérstaklega gott traust til þeirrar nefndar, þar sem í henni sitja 2 læknar og annar þeirra er landlæknirinn, sem eg þykist fullviss um, að muni vera þessu máli hlyntur, því að svo var sagt af þeim, er afhentu mér þessa bænarskrá. Eg legg á vald nefndarinnar að gera breytingar á frumv., ef henni þykir það nauðsynlegt.

Að endingu skal eg geta þess, að eg er fús til að gefa nefndinni allar þær upplýsingar, sem eg er fær um að láta henni í té í þessu máli.

ATKV.GR.: Vísað til 2. umr. í e. hlj. Samþ. í e. hlj. að vísa frv. til þeirrar nefndar, er skipuð var til að íhuga frv. um breyt. á lögum 13. okt. 1899, um skipun læknishéraða á Íslandi.

Önnur umr., 21. júlí (C bls. 193; n. 228).

Framsögmaður (Jónas Jónassen): Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, þá sér nefndin sér ekki fært að ráða deildinni til þess að samþ. hvorki þetta né næsta frumv., fyr en frekari breytingar verða gerðar á læknaskipuninni. Nefndin ræður því til þess að fella þau bæði.

Sigurður Jensson: Það er auðvitað ekki til neins að mæla með þessu frumv., þar eð nefndin hefir lagt svo einhuga á móti því. Eg þykist við 1. umr. hafa fært sannanir fyrir því, að öll sanngirni mælti með því, að þessir menn fengju lækni á Bíldudal, og því kemur það mér mjög á óvart, að nefndin skuli komast að þessari niðurstöðu. Mál þetta er fyrir hlutaðeigendur mikið nauðsynja- og áhugamál, og þeir munu halda áfram að fara fram á að fá bætt úr þessu. Mig furðar líka á þessari niðurstöðu, sem nefndin hefir komist að, vegna þess að landlæknirinn hafði gefið beztu vonir í vor um að þetta fengist, eftir því sem mér var skýrt frá af umsækjendunum.

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Út af ræðu háttv. þm. Barðstr. (S. J.), skal eg taka það fram, að eg hefi talað um þetta mál við að eins einn prest í Barðastrandarsýslu, og þær vonir, sem eg gat honum, voru í því fólgnar, að eg sagði að það kostaði ekki nema eina pappírsörk að sækja um það, en að eg hins vegar hefði litla von um, að þingið veitti fé til þess. Við engan annan hefi eg minst á þetta mál.

ATKV.GR.: Meginmál frumv. felt með 6 : 3 atkv.

Læknaskipun.

III.

Borðeyrarhérað.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 13. okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.; 1. umr. 13. júlí (C. bls. 200).

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Ástæðan fyrir því, að eg hefi leyft mér að koma fram með þetta frumv., er áskorun frá fjöldamörgum af kjósendum mínum um það, að fá breytt læknaskipuninni í Strandasýslu. Þessi áskorun kom fyrst fram frá Bæjarhreppsbúum og kom frá þeim á síðastliðnum vetri fyrir sýslunefndina, sem tók henni vel og veitti henni meðmæli sín. Áskorunin var síðan rædd á þingmálafundum og var almennur

áhugi á að fá henni framgengt. Áskorun sú, er til sýslunefndarinnar kom, hljóðaði nú talsvert á annan veg en frumv. það, er hér liggur fyrir. Hún fór aðallega fram á, að Strandasýslu yrði skift í 3 læknishéruð, en til vara, að þau væru að eins tvö og læknarnir ættu að sitja, annar við Bitrufjörðinn, en hinn fyrir norðan Steingrímsfjörð. Sýslunefndin gaf aðaluppástungunni meðmæli sín, og má af því sjá, að hún hefir álitið þörf á einhverri breytingu frá því, sem nú er, enda líka er enginn vafi á því, því að nú má svo segja, að ekki sé nema einn einasti læknir þar. Mér duldist það hins vegar eigi, að þessi breyting yrði mikill baggi fyrir landssjóð og áleit, að á hans hag yrði einnig að líta, og gat eg því ekki verið með þessari aðaluppástungu eða breytingu, og hefi því stungið upp á þeirri breytingu, sem liggur nú hér fyrir í frumv. Varauppástunguna gat eg heldur eigi fallist á, með því að eg verð að álíta, að skifting sýslunnar í tvö héruð geti ekki hugsast norðar en um Bitruháls og læknissetrið þá á Hólmavík, eða þar nálægt, en ekki fyrir norðan Steingrímsfjörð, en þá gæti hitt læknissetrið ekki verið norður við Bitrufjörð, heldur á Borðeyri eða þar sem næst. Eg hefi því leyft mér að láta norðurhéraðið halda sér og lækninn sitja sem fyr í Hólmavík. Hins vegar hefi eg hugsað mér, að ef Bæjar- og Óspakseyrarhreppar yrðu teknir frá og lagðir við einn hrepp úr Húnavatnssýslu, þá yrði það hérað alllífvænlegt. Eg skal nú játa, að þó hér sé ekki um meiri viðbót að ræða en eitt læknishérað þá eru það samt allmikil útgjöld og viðbót á byrði þá, sem á landssjóði hvílir til læknastéttarinnar, og þinginu því vorkunn, þó það eigi vilji fallast á þetta frumv., en eg verð að halda því fram, að okkur er engu síður vorkunn, þó við æskjum þessa. Að þetta frumv. er fram komið, er eiginlega sprottið af vangá þingsins. Á 2 þingum, 1899—1901, kom fram sú uppástunga, sem eg var flutningsmaður að, að bústaður læknisins í núverandi Miðfjarðarhéraði yrði við Hrútafjörð og læknishéraðið væri fært lítið eitt í þá áttina. Þessi uppástunga var samþykt á einu þingi, 1897, en þá kom hin þverlynda stjórn til sögunnar og synjaði læknafrumv. staðfestingar af alt öðrum ástæðum, eins og menn þekkja, en á þinginu 1899 var þessi héraðaskifting feld úr með eins atkv. mun, og á þinginu 1901 feldi Nd. frumv. um þetta efni óyfirvegað, eftir að það hafði verið samþykt í einu hljóði við allar umr. hér í deildinni. Ef þetta óhapp, að þetta eina atkv. skyldi verða til að fella uppástunguna, hefði eigi að höndum borið, þá hefði alt farið vel og allir verið ánægðir, en úr því að svona fór, þá er víst, að þetta frumv. eða annað þvílíkt mun koma aftur og aftur. Því að fyrir Bæjarhrepp er sú breyting, sem síðast varð á læknaskipuninni, bein afturför, og þeir urðu einna verst út undan við breytinguna, bera af henni kostnaðinn sem aðrir, en hafa af henni minni en engin not.

Að vísu höfðu þeir áður að eins aukalækn , en það gerði sama gagn, og hann var öllu betur settur fyrir þá en Miðfjarðarlæknirinn er nú. því það reyndist ekki eins torsótt að vitja læknis suður í Dalasýslu yfir Laxárdalsheiði, eins og er að vitja hans austur fyrir Miðfjörð, yfir Hrútafjörð, Hrútafjarðarhals og Miðfjarðará, eða í stað þess að fara yfir Hrútafjörð að fara inn fyrir hann, sem er mjög löng leið, og þá að fara yfir Hrútafjarðará. Að fara yfir Hrútafjörð, er auðvitað ekki nein frágangssök, en þá er þess að gæta, að þegar yfir er komið, standa menn hestlausir uppi bæði fyrir sig og lækninn og gefur þá að skilja, að þeim muni erfitt að leita læknishjálpar.

Það var af þessum ástæðum, að eg stakk upp á því, að læknirinn sæti aust-

anvert við fjörðinn eða á Borðeyri, til þess að þeir, sem fyrir austan fjörð eru, gætu vitjað hans landveg, en frá hinni síðunni sjóveg, sem oftast mundi reynast mjög auðvelt, að eins ef læknirinn sæti á sjávarbakkanum.

Þetta eru þær aðalástæður, sem eg vildi hafa tekið fram frumv. þessu til stuðnings, og vona eg, að það fái góðar undirtektir hjá háttv. deild. Annars skal eg ekki fjölyrða frekar um þetta efni, en leyfi mér að stinga upp á því, að frumv. þessu verði vísað til hinnar sömu nefndar, sem áður hefir verið valin, til þess að íhuga frumv. um sama efni.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði, og málinu síðan vísað í e. hlj. til nefndarinnar um breyting á skipun læknahéraða

---

Önnur umr., 21. júlí. (C. bls. 200, n. 228).

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Það er sama að segja um þetta mál og næsta hér á undan, að nefndin ræður deildinni til að fella það, vegna þess, að hún hefir enga von um, að þingið veiti þetta nú, en vonandi kemst þetta á síðar.

Guðjón Guðlaugsson: Eg þykist sjá fyrir forlög þessa máls, og álít því þýðingarlítið að halda langa ræðu, en eg verð þó að geta þess, að mig furðar á ósamkvæmninni hjá nefndinni, sem fjallað hefir um þetta mál. Í frumv. um sérstakan lækni í Hafnarfirði tekur hún þann kostinn, sem óhentugastur er og óheppilegastur mun reynast, nefnilega að flytja Kjósarlæknirinn til Hafnarfjarðar. Úr því hún komst inn á þessa flutningabraut, hvers vegna gat hún þá ekki fallist á að flytja lækninn til úr Miðfirði í Hrútafjörð, eins og eg stakk upp á við 1. umr?.

Annars skil eg ekki grundvallarreglu þessarar nefndar, sem sé þá, að leggja að eins það til málanna, sem hún heldur að beztan fái byrinn, en hugsa ekkert um, hvað rétt er og sanngjarnt, og mér þykir það undarlegt, þar sem 2 læknar sitja í þessari nefnd, að hún skuli ekki einu sinni vilja lofa að athuga málið, heldur fella það strax.

ATKV.GR.: Frumv. felt með 6 : 4 atkv.

Varnir gegn berklaveiki.

FRUMVARP til laga um varnir gegn berklaveiki; 1. umr., 3. júlí. (C. bls. 153).

Eiríkur Briem: Eg leyfi mér að stinga upp á því, að þetta mál verði falið nefnd þeirri til meðferðar, sem kosin var í síðasta máli.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Málinu vísað í e. hlj. til nefndar um frumv. til laga um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfélög.

Önnur umr., 7. ágúst, (C. bls. 153; n. 509).

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Háttv. deild, sem kaus okkur, til að athuga þetta frumv., kann ef til vill að þykja við seinfærir og nefndarálit vort hafa látið bíða lengi eftir sér, en það stafar af því, að þetta mál er svo samtvinnað öðru máli, sem nú er fallið í Nd., að nefndin hefir viljað sjá afdrif þess máls gat nefndarálitið því ekki komið fyr en nú.

Eg skal nú ekki tefja tímann með því að rekja sögu berklaveikinnar, en vil þó tala fáein orð um veikina, eins og hún er nú.

Það er kunnugt, að berklaveikin, þó að hægt fari, er að smábreiðast út hér á landi, og það er í raun og veru eðlilegt. Útbreiðsla hennar stafar mikið af illum og loftslæmum húsakynnum hjá alþýðu, og það lítur út fyrir, að það ætli að fara hér eins og Noregi, að veikin verði mjög al menn. Veikin orsakast af einni bakterít

og er stutt síðan sú bakteria fanst. En síðan hún fanst, hefir verið gert alt, sem hægt hefir verið, til að stemma stigu fyrir, að sjúkdómurinn breiðist út, en það er ekki hægðarleikur; menn hafa reist sjúkrahús og að nokkru leyti einangrað þar sjúklingana, og menn hafa leitast við að drepa berklana, hvar sem þeir finnast, en það verður að eins gert með sótthreinsun. En að framkvæma sótthreinsun, svo að gagni sé, er mjög erfitt nema með vissum reglum, sem vér eigum mjög erfitt og jafnvel ómögulegt með að framkvæma.

Það eina, sem vér getum gert, er að sótthreinsa föt, hús og herbergi berklaveikra, og um leið að gæta hins mesta hreinlætis, en jafnvel þetta er afarerfitt í framkvæmdinni, svo að gagni komi. Sótthreinsunin hér á landi hefir hingað til verið mesta kák, og afarmiklu fé kostað til hennar úr landssjóði. Eg er sannfærður um, að þar hefir verið kastað tugum þúsunda í sjóinn til einskis, án þess þó að segja, að aðferð sú, sem notuð hefir verið, sé röng.

Nefndin hefir nú ekki gert neinar verulegar breytingar á frumv.; að eins hefir hún breytt 4. gr., sem stafar af því, að það frumv., sem sú grein var riðin við, er nú fallið úr sögunni; enn fremur hefir nefndin bætt við nýrri grein.

Aðrar breytingar hefir nefndin ekki gert á frumv., svo eg efast ekki um, að háttv. deild muni fallast á það og samþ. það. Enn fremur skal eg geta þess, að nokkrar prentvillur hafa slæðst inn í nefndarálitið

Þannig stendur í næst síðustu málsgrein nefndarálitsins: „frumvarpið“, fyrir frumvarpinu, og í 3. breyt.till. nefnd., stendur: „samkomuhúsum, farþegaskipum“, en á að vera samkomuhúsum farþegaskipa, „bygginum“ fyrir byggingum.

ATKV.GR.:

1. Breyt.till. á þskj. 367 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr. frumv., þannig breytt, samþ. í e. hlj.
2. gr. frumv. samþ. e. hlj.
3. gr. frumv. samþ. með 10 atkv.
2. Breyt.till. á þskj. 367 sþ. í e. hlj.
4. gr. frv., þannig breytt, sþ. í e. hlj.
3. Breyt.till. á þskj. 367 sþ. í e. hlj.
5. gr. frv. samþ. í e. hlj.
6. gr. frv. samþ. í e. hlj.
7. gr. frv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. sþ. í e. hlj. og frv. visað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 11. ágúst. (C. bls. 542; 571).

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Hér er að eins ein lítil breyt.till, við 5. gr., á þskj. 448, um, að á eftir samkomuhúsum bætist (Salon); er hún að eins sett til frekari skýringar, og leyfi eg mér að mæla með, að hún verði samþykt.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 448, við 5. gr., samþ. með 7 shlj. atkv.

Frumv., með áorðinni breytingu, samþykt í e. hlj. og afgreiðist til forseta Nd., til þess að leggjast fyrir þá deild.

Lyfjasala héraðslækna.

FRUMVARP til laga um lyfjasölu héraðslækna; 1. umr., 1. ágúst. (C. bls. 397).

Flutningsmaður (Jónas Jónassen): Eg hefi leyft mér að koma fram með frumv. þetta vegna þess, að út af lyfja sölu héraðslækna hefir orðið þras og málaferli ekki alls fyrir löngu.

Ákvæði hinna gildandi laga eru dálítið óskýr og álít eg þess vegna nauðsynlegt að gera þau gleggri.

Það er óneitanlega leiðinlegt, að slíkt tilfelli skuli geta komið fyrir, eins og raun er áorðin fyrir vestan, milli hins frárarandi heraðslæknis og þess nýja.

Gamli héraðslæknirinn heldur opinni lyfjabúð eftir sem áður og selur margt í henni, sem lyfsalar hafa leyfi til að selja, svo sem vínföng og fleira.

Nýi læknirinn hefir rétt til þess að hafa lyfjasöluna og hefir kært, og hefir málið þegar verið fyrir tveimur dómstólum.

Ætlaði gamli héraðslæknirinn að skjóta málinu til hæstarettar, en maður nokkur í Kaupmannahöfn, sem hann ráðfærði sig við, réð honum frá því, enda er ákvæðum gildandi laga í Danmörku um þessi efni stranglega fylgt.

Eg ætla ekki að tala frekar um málið að sinni, en mun skýra betur málið við 2. umr. og vona, að menn lofi frumv. að ganga til 2. umr., þar sem það að eins fer fram á að skýra og gera eldri ákvæði gleggri.

Valtýr Guðmundsson: Það er sumt í frumv. þessu, sem mér er ekki fyllilega ljóst, og ætla eg að biðja um skýringu á því. Það eru einkum 2 atriði og það er í fyrsta lagi:

Getur einkaréttur héraðslækna til þess að láta úti lyf fyrir borgun ekki komið í bága við einkarétt lyfsala? Og í öðru lagi: Geta héraðslæknar fengið sér lyf sín hvar sem þeir vilja, t. d. í útlöndum, eða eru þeir bundnir við lyfjabúðirnar hér á landi? Ef svo væri, þá gerir hið fyrra ekkert til.

Flutningsmaður (Jónas Jónassen): Eg skal gefa háttv. þm. G.-K. (V. G.), þá skýringu, að læknar geta pantað meðul frá hvaða lyfjabúð, sem þeir vilja á landinu. Lyfsalar hafa einkaleyfi fyrir alt landið. Að vísu hefir það átt sér stað, að læknar, sem langt hafa átt til lyfjabúða og ógreiðar samgöngur til þeirra, hafa pantað frá útlöndum meðul sín, og er það ekki rétt, en samt hefir ekki verið rekist í því.

Kristján Jónsson: Eg ætlaði ekki að taka til máls, en geri það þó, af því að mér virðist, að háttv. 4. kgk. þm. (J. J.) geri of lítið úr gildandi lögum um þessi efni, því að mínu áliti eru þau allskýr, enda hefir mál það, sem hann mintist á, verið dæmt bæði í héraði og fyrir yfirdómi, og viðkomandi sektaður, en að vísu ekki gerð upptæk meðulin. Ef málið hefði verið rétt höfðað, eða tekið upp aftur, þá er eigi efi á því, að meðalaforðinn hefði einnig verið gerður upptækur, því að það var eingöngu málssóknninni að kenna, að ekki var unt að gera það. Hin eldri ákvæði um þessi efni eru tilsk. 4. des. 1672 um lyfsala og lyfjabúðir, konungsbréf 17. jan. 1783 og kansellibréf 16. sept. 1797 um lyfjasölu, svo og 2 erindisbréf héraðslækna og landlæknis 25. febr. 1824. Í lögum þessum eru að mínu áliti nægileg ákvæði um þetta efni, en eg hefi samt ekkert á móti því, að ákvæðin séu gerð gleggri, og það verða þau eftir fyrirliggjandi frv., því að það er satt, að í sumum atriðum eru gildandi lög ekki fyllilega ljós.

Það er rétt hermt af hinum háttv. 4. kgk. þm. (J. J.), að í þessu tilfelli, sem hann gat um, átti sér stað óskiljanleg yfirtroðsla laga og ágengni við einstakan mann, en að eigi komu frekari bætur fyrir það, var að kenna eftirgangsmunaleysi valdstjórnarinnar og meinleysi mannsins, sem fyrir óréttinum varð, en alls ekki vantandi lagaákvæðum.

Það eru tvö atriði í frumv., sem eg vildi sérstaklega benda á, en það er, að sektarlágmarkið virðist vera gert fullhátt, og svo hitt, að ekki skuli mega gera upptæk meðul þegar við 1. brot, heldur bíða þess, að hlutaðeigandi sé dæmdur í annað sinn. Þetta síðara álít eg rangt og ástæðulaust ákvæði. Meðalaforðinn á að réttu lagi að verða upptækur þegar við fyrsta brot.

En eg mun greiða frumv. atkv. mitt vegna þess, að eg álít heppilegt að setja

saman eldri ákvæði um þetta í eina heild og gera þau gleggri.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 4. ágúst. (C. bls. 397; 470, 471).

Samþ. var í e. hlj., að breyt.till. á þskj. 347 og 349 kæmu til atkv.gr.

Flutningsmaður (Jónas Jónassen): Við 1. umr. málsins tók eg fram, hver orsök væri til þess, að eg hefði komið fram með frumv. þetta, og hefi ekki miklu við það að bæta, en vona, að háttv. þm. sjái, að hér eru nægar ástæður fyrir hendi og frumv. þetta kemur í veg fyrir, að læknar þurfi að fara í málaferli út af meðalasölu. Eg hefi leyft mér að koma fram með breyt.till. á þskj. 349, sem fer fram á, að orðin í enda 2. málsgreinar í 1. gr. frumv. „eða einhverjum lyfsala innan lands“ falli burt. Þetta álít eg að sé til bóta og komi í veg fyrir, að menn fari í kringum lögin.

Það er einnig komin fram önnur breyt.-till. frá 2 öðrum háttv. þingmönnum á þskj. 347 og lýsi eg yfir því, að eg get fallist á hana.

Að endingu vona eg, að frumv. nái samþykki þessarar háttv. deildar og síðan fái góðan byr í háttv. Nd.

Kristján Jónsson: Eg á breyt.till. á þskj. 347 ásamt öðrum háttv. þm., og hefir háttv. flutn.m. frumv. (J. J.) tekið mjög vel í hana.

Vér álítum það sem sé rétt, að meðulin eigi að gerast upptæk þegar við fyrsta brot, og sjáum enga ástæðu til þess, að þau verði því að eins gerð upptæk, að brotið sé endurtekið, eins og ráð er gert fyrir í frumv. Því hvað á annars að gera við þau? Sá, sem hefir meðulin í vörzlum sínum, má ekki selja þau, né láta þau af hendi eftir geðþótta sínum. Og séu þau ekki gerð upptæk þegar við 1. brot, er eigi hægt að benda á aðra meðferð þeirra en þá, að þau eigi að liggja ónotuð, óbreyfð og arðlaus hjá eigandanum, en þá getur hann eðlilega freistast til að ítreka brotið.

Breyt.till. á þskj. 349 virðist mér töluvert athugaverð og eg vildi helzt fá betri skýringu henni viðvíkjandi hjá háttv. 4. kgk. þm. (J. J.), áður en eg greiði atkv. um hana.

Í frumv. er búið að taka það fram, að læknar yfirleitt, o: þeir er hafa veniam practicandi, hafi rétt til að selja sínum eigin sjúklingum meðul; breyt.till. virðist nú vilja binda praktíserandi lækna við það borð, að kaupa meðul sín eingöngu hjá héraðslæknunum, en það ætla eg að geti verið mjög athugavert, að minsta kosti þar sem auðvelt er að ná til löggiltrar lyfjabúðar.

Valtýr Guðmundsson: Eg ætlaði að minnast fám orðum á breyt.till. á þskj. 349. Eg get ekki séð, að hún sé til nokkurra bóta, heldur miklu fremur hið gagnstæða.

Praktíserandi læknar mega alls ekki fá lyf annars staðar en hjá héraðslækni í því héraði, sem þeir sitja í.

Eg gæti jafnvel álitið að þetta mætti skoða sem skerðingu á rétti lyfjabúða, þar sem þær eru í héraðinu. Hugsum okkur t. d., að hér í Reykjavík yrðu praktíserandi læknar að fá öll meðul hjá héraðslæknirinum hér, ef þessi breyt.till. næði fram að ganga, en mættu ekki fá þau í lyfjabúðinni. En þetta mundi í reyndinni verða ómögulegt, því héraðslæknirinn mundi engin lyf hafa til, svo að mennirnir gætu í rauninni hvergi fengið nein lyf. Eg held því, að nauðsynlegt sé, að ákvæðið verði þannig, að þar sem lyfjabúð er til í héraðinu, geti prakt. læknar fengið lyf sín í henni, en ekki hjá héraðslækninum, sem í því tilfelli ekki mun hafa nein lyf til.

Þorgrímur Þórðarson: Breyt.till. á þskj. 349, er að mínum dómi ekki nægi-

lega hugsuð, því ef hún næði fram að ganga, væru löggiltir læknar og specialistar að nokkru leyti sviftir veniam practicandi, því að það getur oft komið fyrir, að héraðslæknar hafi ekki þau lyf, sem þessir læknar ráðleggja sínum sjúklingum, enda er ómögulegt að ætlast til þess, að héraðslæknar upp til sveita birgi sig upp með öll þau lyf, sem fyrir kunna að koma í specialpraxis.

Flutningsmaður (Jónas Jónassen): Eg kom fram með breyt till. á þskj. 349, til þess að rétti héraðslækna til að selja meðul í sínu héraði væri sem bezt borgið. Því ef þetta kemst ekki í gegn, sem breyt.till. mín fer fram á, má fara svo í kringum lögin, að réttur héraðslækna verði til muna skertur.

Kristján Jónsson: Eg ímynda mér, að tilgangur breyt.till. næðist, án þess að skerða rétt lyfjabúða, sem ef til vill eru í héraðinu, ef hún væri orðuð þannig, að burt fella orðin, sem farið er fram á, en viðbættist „nema lyfjabúð sé í héraðinu". Þá gæti eg ekki séð neitt á móti því að samþykkja hana, en eins og hún er, er hún varhugaverð.

Þorgrímur Þórðarson: Eg get ekki séð, að breyt.till. á þskj. 349 verði neitt aðgengilegri, þótt bætt sé inn í hana, „nema lyfjabúð sé í héraðinu" eins og háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) lagði til, því að það er öllum kunnugt, að til sveita eru engar lyfjabúðir nema hjá héraðslæknunum, og ef héraðslæknunum er illa við einhvern praktíserandi lækni eða specialista, sem sezt hefir að í héraði hans, af því að hann tekur frá honum mikla praxis, þá getur héraðslæknirinn gert honum ómögulegt að praktísera og hrakið hann burt úr héraðinu með því að forðast að hafa þau lyf í lyfjabúð sinni, sem hann veit að specialistinn getur ekki án verið. Eg legg því til, að breyt.till. á þskj, 349 sé feld.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þskj. 349, við 2. málsgr. 1. gr. feld með 7 : 1 atkv.

1. gr. frv. sþ. í e. hlj.

2. — — — með 10 shlj. atkv.

Breyt.till. á þskj. 347, við 3. gr., sþ. í e. hlj.

3. gr., breytt, sþ. í e. hlj.

4. gr. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin sþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 6. ágúst. (C. bls. 471).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 10 shlj. atkv. og verður afgreitt til Nd.

Líkskoðun.

FRUMVARP til laga um líkskoðun; 1. umr., 4. júlí. (C. bls. 147).

Jónas Jónassen: Eg skal leyfa mér að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði á sínum tíma skipuð, til að íhuga þetta mál.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

3 manna nefnd sþ. í e. hlj.

og í hana kosnir:

Þorgr. Þórðarson	með 7 atkv.
Jónas Jónassen	— 6 —
Guttormur Vigfússon	— 6 —

Önnur umr., 18. júlí (C bls. 147; n 252).

Framsögumaður (Jónas Jónassen) Þetta mál hefir tvívegis áður legið fyrir þinginu, bæði 1891 og 1893 og var því bæði skiftin illa tekið. Fyrst framan af tóku menn það svo, sem þetta mál væri komið fram, til þess að koma í veg fyrir, að menn yrðu kviksettir; það kom ljóslega fram hjá sumum þingmönnum, að sú væri meiningin með þessu frumv. Þannig mar eg að lesa má í þingtíðindunum frá þeim

tíma, að einn háttv. þingm. sagði þá sögu, að hann hefði sjálfur einu sinni rétt að segja verið kviksettur. Þegar frumv. nú kemur fyrir þingið í 3. sinn, þá er aðalorsökin til þess sú, að á síðari árum hefir ein veiki mjög breiðst út hér á landi, nfl. hin háskalega berklaveiki, og mesta nauðsyn er á, að sótthreinsun fari fram, þar sem berklaveikur sjúklingur er eða hefir verið eða dáið.

Það, sem áður hefir orðið frumv. þessu að fjörlesti, er sá mikli kostnaður, sem það hafði í för með sér fyrir landsbúa, og skal eg ekki neita því, að hann er töluverður og of mikill fyrir oss Íslendinga; þess vegna áleit nefndin tiltækilegast að reyna að komast hjá þessu skeri, sem frumv. áður hefir strandað á, með því að gera kostnaðinn sem minstan, en reyna jafnframt að fyrirbyggja, að hin áðurnefnda veiki breiddist út, og er það meiri vandi en séð verður í fljótu bragði og er mikið spursmál, hvort hægt er að koma því svo fyrir, að tryggilegt sé, en við vildum samt reyna það með því að breyta frv. svo, að líkskoðun færi að eins fram, þegar hið opinbera skipaði, en í stað hennar væri sú skylda lögð á alla húsbændur og húsráðendur að tilkynna lögreglustjóra eða hreppstjóra öll mannalát á heimilum þeirra. Með þessu ákvæði áleit nefndin, að synt væri fyrir það sker, sem frumv. ávalt hefir strandað á að undanförnu, án þess að það á hinn bóginn misti nokkuð af þeirri miklu þýðingu, sem það hefir fyrir lög um varnir gegn berklaveiki. Eg álít óþarfa að lengja tímann með því að lesa upp allar br.till. nefndarinnar, enda höfum við gert grein fyrir þeim í nefndarálitinu.

Júlíus Havsteen: Ef á annað borð ætti að fara að fyrirskipa líkskoðun, þá tel eg betra að stjórnarfrv. héldist óbreytt; þetta fyrirkomulag, er stungið er upp á í nefndarálitinu, finst mér hvorki heilt né hálft. 1. gr. er hér um bil hin sama og 1. gr. skiftalaganna. Í till. við 2. gr. er komist svo að orði: „Þegar maður deyr, skal húsbóndi hans tafarlaust, eða að minsta kosti svo fljótt sem unt er, tilkynna lát hans lögreglustjóra eða hreppstjóra, og skal það gert á fyrirskipuðum eyðublöðum.“ En ef nú húsbóndinn deyr, hver á þá að tilkynna lát hans? Um það stendur ekkert. Þetta dæmi er nóg til að benda á ónákvæmni tillögunnar. — Og svo er talað um eyðublöð. Mér finst sannarlega engin þörf á eyðublöðum til að gefa vottorð um, að einhver maður sé dáinn, nema jafnframt eigi að geta þess, úr hverju hann hafi dáið. En að gefa slíkt vottorð, verður ekki falið öðrum en læknum og líkskoðunarmönnum. — Í stuttu máli, eg get ekki felt mig við frumv. í því formi, er nefndin hefir fengið því.

ATKV.GR.: Brt. (108) við 1. gr. frv., er verður 2. gr., sþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr. frv. með áorðinni breytingu sþ. með 9 shlj. atkv.

Brt. (108) við 2. gr., sem verður 1. gr., sþ. með 10 atkv.

2. gr. frv. þar með fallin.

Brt. (108) við 3. gr. sþ. með 9 atkv.

3. gr. þar með fallin.

Brt. (108) við 4. gr. sþ. með 10 atkv.

4. gr. frv. þar með fallin.

Brt.(108)við 5. gr., 1. liður, sþ. m. 10 atkv.

— — — — 2. — — — 10 —

5. gr. frv., með áorðnum breytingum, sþ. með 10 atkv.

Brt. (108) við 6. gr. sþ. með 10 atkv.

6. gr. frv. með áorðinni breytingu sþ. með 10 shlj. atkv.

7. gr. frv. sþ. með 9 atkv.

Brt. (108) við 8. gr. sþ. með 10 atkv.

8. gr. frv. þar með fallin.

9. gr. frv. sþ. með 9 atkv.

Fyrirsögnin sþ. með 10 atkv.

Frv. með áorðnum breytingum sþ. með 10 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Þriðja umr., 21. júlí (C bls. 279).

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Af því að svo margar prentvillur hafa slæðst inn í frv., er það var prentað upp, að eg álít það naumast boðlegt hv. deild, og þar sem þessar prentvillur sumstaðar breyta meiningu, þá er alveg nauðsynlegt, að þær séu leiðréttar, áður en það er sþ.; hefi eg því leyft mér að fara þess á leit við háttv. forseta, að málið yrði tekið út af dagskrá.

Forseti tók því næst málið út af dagskrá.

Þriðja umr., 22. júlí (C bls. 279, 309).

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Breyt.till. þær, sem nefndin hefir stungið upp á við frumv., eru að eins orðabreytingar og eru komnar fram, til þess að gera málið á frumv. lögulegra. 5. br.till. við 7. gr. samsvarar 8. gr. í stjórnarfrumv.; sömuleiðis höfum við aftan við greinina bætt þeim viðauka, að gjöld þau, er ræðir um í þessari grein, greiðist úr landssjóði. Það getur nú verið, að sumir geti ekki fallist á þessa breytingu, en eg fel háttv. deild að víkja þá þessu ákvæði við eftir því, sem hún vill. Annars tel eg líklegt, að frumv. komist í þetta sinn í gegnum þingið, sem því ekki hefir áður tekist.

Landshöfðingi: Háttv. framsm. gat þess, að breyt.till. nefndarinnar við þetta frumv. væru fáar, og skal eg fúslega játa það; þær eru meira að segja alt of fáar; að mínu áliti er frumv. í þeirri mynd, sem það nú birtist, algerlega ófullnægjandi og gerir nefndinni og þingdeildinni engan sóma; en eg vona, að þegar frumv. kemur til Nd., þá verði það rækilega íhugað, því að eins og það er nú, þá er það naumast frambærilegt fyrir stjórnina til staðfestingar. Úr því að nefndin fór að gera nokkurar breytingar við 7. gr. á annað borð, þá vildi eg leyfa mér að spyrja, hvers vegna læknar mega ekki líka fá borgun fyrir líkskoðun, og svo kemur rúsínan í endanum á greininni, að þess gjöld skuli greiðast úr landssjóði; þætt finst mér svo verðugur endir á þessu frv því þá ekki láta landssjóð borga alla útfararkostnaðinn? Það er skrítið, þega efnaðir menn deyja, að líkskoðunin s ekki borguð úr búinu; mér finst algerleg ósæmilegt, að leggja slík gjöld á landssjóð en það er nú einu sinni orðið móðins a leggja alt á landssjóð, en það vil eg segja að af öllum þeim uppástungum, sem frar hafa komið á þingi um borgun úr lands sjóði, er engin eins fráleit og þessi uppá stunga nefndarinnar.

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Mér fanst hæstv. landsh. leggja nokku harðan dóm á gerðir nefndarinnar í þess máli; en eg verð að segja það, að eg áli ekki, að landshöfðinginn hafi eins miki vit á þessu máli og læknar. Þar sem han fann nefndinni það til foráttu, að hú ekki hefði sett inn í 7. gr. ákvæði ur borgun handa læknum fyrir líkskoðun, þ veit hann þó líklega, að það er til lækna taxti að því, er líkskoðun snertir, og va því ekki ástæða fyrir nefndina að setj neitt slíkt ákvæði úr læknataxtanum hé inn í frumv.; auk þess er, eins og teki er fram í frumv., ætlast til þess, að lækn ar sjaldnast skoði líkin og því þótti nefnd inni praktiskast og sjálfsagt, þótt lands höfðingi álíti það ósæmilegt, að þess gjöld séu greidd læknunum eftir lækna taxtanum.

Þorgrímur Þórðarson: Við 2. umr þessa máls fór háttv. framsm. nokkurun orðum um frumv., en af því að fundur inn var orðinn svo langur, þá fór hann mjög fljótt yfir málið og skýrði það ekk eins nákvæmlega og nefndin áleit nauð synlegt, þar sem hún hafði gert svo veru legar breytingar á frumv. stjórnarinnar.

Hæstv. landsh. fór hörðum orðum un frumv. og áleit það óframbærilegt, e hvernig getur hann búist við, að nefndi

geti á jafnskömmum tíma samið alfullkomið frumv. um líkskoðun, þar sem sjálf stjórnin hefir í 10 ár verið að reyna að semja frumv. um líkskoðun og ekki tekist það betur en svo, að þau hafa jafnan verið feld, þegar þau hafa verið lögð fyrir þingið?

Þegar nefndin tók þetta mál til íhugunar, þá sá hún, að frumv. mundi þurfa verulegrar lagfæringar við, þar sem sams konar frumv. hefir tvívegis áður legið hér fyrir þinginu. Því að eins og kunnugt er, þá er þetta frumv. að mestu leyti samhljóða frumv. því, er lagt var fyrir alþingi 1891, og mætti þá þegar megnri mótspyrnu sakir þess mikla kostnaðar, sem það hafði í för með sér fyrir landsbúa.

Nefnd sú, er þá hafði frumv. mjög lengi til meðferðar, sá ekki föng á að breyta því svo, að það yrði aðgengilegt fyrir þá er í móti mæltu, og lagði því til, að frv. yrði felt. Árið 1893 lagði svo stjórnin frumv. aftur fyrir þingið óbreytt, og var þá skipuð ný nefnd, til að athuga það. Nefnd sú gerði engar verulegar breytingar á frumv. og mætti það því sömu mótspyrnu og árið 1891 og var felt frá annari umræðu í Nd.

Nú hefir stjórnin enn þá einu sinni lagt frumv. fyrir þingið, og var nefndinni það fullljóst, að frumv. óbreytt mundi mæta sömu mótspyrnu á þessu þingi, eins og á þingunum 1891 og 1893, en henni duldist ekki hins vegar, að frumv. hefir mikla þýðingu fyrir lög um varnir gegn berklaveiki, sem nú einnig liggur fyrir þinginu.

Frumv. stjórnarinnar gerir ráð fyrir, að líkskoðun fari ávalt fram, þegar einhver deyr, og læknar skoði öll lík, sem eru alt að 1 mílu frá bústað þeirra. Á þenna hátt mundi í kaupstöðum 3. kr. gjald til læknis leggjast á hvert lík, en til sveita 4 kr., þegar læknir framkvæmdi líkskoðun, en ef tveir líkskoðunarmenn framkvæmdu hana, þá mundi hún kosta stundum 10—20 kr. Það færi alt eftir vegum og veðráttu. Ættu líkskoðunarmenn yfir sjó að sækja, stórvötn eða fjöll, þá gæti kostnaðurinn orðið alltilfinnanlegur fyrir hlutaðeigendur, án þess oft og tíðum að nokkur nauðsyn væri á líkskoðun, því að hræðslan um kviksetningu hér á landi áleit nefndin að væri ástæðulaus, þar sem lík stæðu uppi frá viku til hálfs mánaðar og fólk færi mjög varlega í því efni. Sögur, sem áður gengu um kviksetningu, virðast miklu fremur hafa verið þjóðsögur en sannar, að minsta kosti heyrast þær aldrei nú.

Nefndin áleit því tiltækilegast að breyta frumv. svo, að líkskoðun færi að eins fram, þegar hið opinbera fyrirskipaði, en í stað hennar væri sú skylda lögð á alla húsbændur og húsráðendur að tilkynna lögreglustjóra eða hreppstjóra öll mannalát á heimilum þeirra, og að það skuli gert á fyrirskipuðum eyðublöðum. Með þessu áleit nefndin, að synt væri fyrir það sker — kostnaðinn við líkskoðun — sem frumv. ávalt hafði strandað á að undanförnu. Það er að vísu rétt, sem h. 1. kgk. þm. (J. H.) tók fram við 2. umr. þessa máls, að í skiftalögunum er fyrirskipað, að húsbændur tilkynni lögreglustjóra öll mannalát á heimilum þeirra, en það er ekki tekið fram, að það skuli gert á fyrirskipuðum eyðublöðum, en einmitt það atriði hefir mjög mikla þýðingu fyrir berklaveikina.

Í frv. um varnir gegn berklaveiki er það tekið fram, að hvenær sem einhver deyr úr berklaveiki, skuli læknir láta sótthreinsa alla eftirlátna muni hins framliðna og þau herbergi, sem hann hafi dvalið í að langvistum. Ef eyðublöðin fyrir dánarskýrslur yrðu vel úr garði gerð, sem eg efast ekki um, þar sem landshöfðingi á að annast um tilbúning þeirra, þá getur læknirinn fengið tilkynningu frá lögreglustjóra um andlát allra þeirra, sem deyja úr

berklaveiki í læknishéraðinu. Eg hefi hugsað mér þessi eyðublöð í sama formi og þau eyðublöð, sem nú eru notuð handa yfirsetukonum, þegar þær láta sækja lækni til sængurkvenna, þannig, að tilgreint væri heimili, nafn, aldur og staða hins látna; hvort dauðann hafi borið brátt að, svo og hversu lengi sjúklingurinn hafi þjáðst, hvort hann hafi legið lengi rúmfastur, hvort læknis hafi verið vitjað o. s. frv. Sé um berklaveiki að ræða, er það þá króniskur sjúkdómur, sem flestir munu leita læknishjálpar við fyr eða síðar, og mun það því verða fljótt kunnugt á heimilinu og í héraðinu, þegar um þá veiki er að ræða. Það mundi því tæplega koma fyrir, að nokkur dæi svo úr berklaveiki, að þess yrði ekki getið í dánarskýrslunni og læknirinn fengi þegar tilkynningu um það frá hreppstjóra eða lögreglustjóra og gæti þá látið fram fara sótthreinsun. Á þenna hátt áleit nefndin, að frumv. þetta yrði að tilætluðu gagni fyrir varnir gegn berklaveiki, án þess að hafa nokkurn verulegan kostnað í för með sér fyrir hlutaðeigendur.

Hins vegar er sú skylda lögð á hreppstjóra og lögreglustjóra, að kalla lækni eða líkskoðunarmenn til þess að skoða lík hins látna, hvenær sem þeim þykir dánarskýrslan ógreinileg eða athugaverð. Nefndin áleit, að þannig lagaðar dánarskýrslur gætu haft mikla þýðingu, og þar sem þær kosta ekkert, þá verður það að álítast til stórbóta á frv.

Það hafa ekki komið fram neinar brt. við frumv. nema frá nefndinni og vonar hún því, að frumv. verði samþykt af þessari háttv. deild, svo að það geti komist til háttv. Nd., hvort sem það nú finnur náð fyrir hennar augum eða ekki.

Kristján Jónsson: Það hefir ekki enn verið tekið fram, að það vantar 3. gr. í frumv., eða réttara sagt: að henni hefir verið slengt saman við 2. gr. og verður því að prenta frumv. upp aftur og lagfæra þetta. Annars stóð eg upp, til þess að láta það álit mitt í ljós, að mér þykir vanta inn í frumv. ákvæði um, hver eigi að borga þenna kostnað, sem frumv. gerir ráð fyrir, því að mér finst ekki rétt, að landssjóður borgi hann, og þess vegna vildi eg leggja það til, að 7. gr. yrði borin upp í tvennu lagi. Mér þótti hæstv. landsh. leggja þungan dóm á nefndina fyrir gerðir hennar í þessu máli, en hann lagði jafnframt þungan dóm á deildina, þar sem hann sagði, að frumv. væri ekki frambærilegt í þeirri mynd, sem það nú er í, og að það mundi gera deildinni lítinn sóma; en mér finst, að hæstv. landsh. megi kenna stjórninni og sjálfum sér að mestu leyti um það, að frv. er ekki betur úr garði gert, þar sem frv. er samið af stjórninni, og hann alls ekki tók til máls við 2. umr. um það, til þess að gefa nefndinni og deildinni bendingar um það, sem betur mátti fara. Eg álít frumv., eins og það kom frá stjórninni og nefndinni líka, mjög illa úr garði gert og eg er í vafa um, hvort eg eig að greiða atkv. með því, en mun þó líklega gera það, til þess að frumv. get komist til Nd.; en eg vil ekki kannast við að þessi deild hafi ekki fjallað um málið eins rækilega og föng voru á, þar sem hún hefir falið það þeim mönnum, sem bezt voru hæfir til að fara með það í nefnd, og sem hafa íhugað það rækilega - það er eg viss um, og gert það, sem þeir álitu réttast í málinu.

ATKV.GR.: 1. brt. á þskj. 158 sþ. í e. hlj.
2. brt. á þskj. 158 sþ. í e. hlj.
3. — — — — —
4. — — — — —
5. — — — fyrri liður sþ. í e. hlj.
5. — — — síðari liður feldur m. 6 : 5 atkv.

Frv. með áorðn. breyt. sþ. með 9 shlj. atkv. og verður afgreitt til Nd.

Dánarskýrslur.

FRUMVARP til laga um dánarskýrslur; 1. umr., 17. ágúst. (C. bls, 640).

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. e. hlj.

Önnur umr., 19. ágúst. (C. bls. 640; 663 674).

Kristján Jónsson: Það mun nú þykja ástæða til þess, að flýta sér, þegar svo mjög er orðið áliðið. Eg hefi breyt.till. við 1. gr. frumv. á þskj. 528, í þá átt, að við greinina bætist klausa sú, sem á þingskj. stendur og er auðskiljanleg.

Í frumv. er gerður munur á því, hvort hinn látni andaðist í kaupstað eða í sveit. Í kaupstað á læknirinn að gefa vottorð um dauðaorsökina, en ekkert í sveitum. Hér finst mér koma fram skekkja í frv. Í þeim tilfellum, sem 1. gr. ræðir um, skal presturinn ætíð heimta skýrslu af lækninum. *(Júlíus Havsteen:* Stríðir á móti Privatlivets Fred). Opinber nauðsyn getur vegið meira en Privatlivets Fred. Eg álít, að úr því opinberar skýrslur má heimta í kaupstað um dauðaorsökina, þá megi eins gera það í sveitum, því að á báðum stöðunum er Privatlivets Fred jafnrétthár. Mín meining er að eins, að hið sama á að gilda í sveit, eins og í kaupstað, og að það er sjálfsagt að heimta læknisskýrslu um dauðameinið í sveit, ef það á að vera almenn regla, að heimta hana í kaupstað. Þó er þetta bundið við það „í sveit", að læknir hafi stundað hinn látna.

Jónas Jónassen: Eg álít dálítið aðgæzluvert að samþykkja þessa tillögu, því í mörgum tilfellum æskja ættingjar hins látna eftir því, að dauðaorsökinni sé haldið leyndri.

Þorgrímur Þórðarson: Eg á breyt.-till. á þskj. 543 við 3. gr. frv: Í grein þessari er það tekið fram, að deyi maður í kaupstað eða kauptúni, er læknir situr í, án þess að læknir hafi stundað hann í banalegunni, þá skuli innan 24 tíma frá andlátinu, sækja héraðslæknirinn, til þess að skoða líkið, og gefur hann þá út dánarvottorð. Þetta virðist mér ekki heppilegt fyrirkomulag, því að oft getur það komið fyrir, að eigi sé hægt að ná í héraðslæknirinn, en aftur á móti séu aðrir löggiltir læknar við höndina, sem hægt væri að fá, til að skoða líkið, og skil eg ekki annað, en þeim sé eins trúandi fyrir að gefa út dánarvottorð rétt, eins og héraðslæknirinum; einnig finst mér það algerlega rangt gagnvart aðstandendum, ef hinn framliðni t. d hefir orðið bráðkvaddur, en hefði haft einhvern annan löggiltan lækni en héraðslæknirinn fyrir húslækni, sem oft getur komið fyrir; þannig þætti mér það nokkuð hart, ef landlæknirinn eða læknaskólakennarinn mætti ekki gefa út dánarvottorð hér í Reykjavík svo að gilt væri, en ef 3. gr. frumv. yrði samþykt óbreytt, þá efast eg um, að dánarvottorð þeirra séu gild eða verði tekin gild.

Eg vona, að háttv. deild álíti, að breyt. mín, sem fer fram á, að í stað „héraðslæknirinn" komi: héraðslæknirinn eða annan löggiltan lækni, sé til bóta á frv. og samþykki hana.

Kristján Jónsson: Ef það er rétt, sem háttv. sessunautur minn, landlæknirinn, sagði, þá stendur líka það óhrakið og óhrekjanlegt, sem eg hefi sagt. Í 1. gr. frumv. er heimtað læknisvottorð um dauðameinið; í 3. gr. stendur, að sækja skuli lækninn, til að gefa dánarvottorð.

Ef Privatlivets Fred ekki er raskað með þessum ákvæðum, sem gilda eiga í kaupstöðunum, þá verður eigi unt að segja, að óhæfilega verði raskað við Privatlivets Fred með því að láta þessi ákvæði einnig ná til sveitanna. Breyt.till. mín fer að eins fram á það, að gera frv.-greinarnar samræmilegar og sjálfum sér samkvæmar í þessu atriði. Að frumv. í heild sinni annars kunni að vera van-

hugsað, má vel vera, og skal eg ekkert um það segja; mér er engin eftirsjá í því.

Júlíus Havsteen: 1. og 2. gr. eru báðar jafnófærar. Merkilegt, að menn skuli láta sér detta í hug, að heimta vottorð um dauðamein manna. Það mundi raska friði heimilisins. Þetta frumv. kemur líka svo seint fram, að erfitt mun vera, ef ekki ómögulegt að laga það á svo stuttum tíma, sem eftir er.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. feld með 6 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón Jakobsson,	Sigurður Jensson,
Jónas Jónassen,	Eiríkur Briem,
Kristján Jónsson,	Guðjón Guðlaugsson,
Þorgr. Þórðarson,	Gutt. Vigfússon,
	Júlíus Havsteen,
	Valtýr Guðmundss,

2. gr. frv. feld með 6 atkv. og frumv. þar með fallið.

Heilbrigðissamþyktir.

FRUMVARP til laga um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfélög; 1. umr., 3. júlí. (C. bls. 150).

Jónas Jónassen: Eg leyfi mér að koma með þá uppástungu, að kosin verði nefnd í málið, og álít, að þriggja manna nefnd sé þá nægjanleg.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Þriggja manna nefnd samþ. í e. hlj., og hlutu kosningu:

Jónas Jónassen	með	11 atkv.
Þorgr. Þórðarson	—	11 —
Guðjón Guðlaugsson	—	6 —

Önnur umr., 1. ágúst. (C. bls. 150; n. 396).

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Eins og sjá má á nefndiráliti okkar, sem háttv. deild kaus, til að íhuga þetta mál, höfum vér fallist á frumv. stjórnarinnar og álítum, að það hafi mikla þýðingu fyrir heilbrigðismál landsins, ef það yrði að lögum.

Það er að eins ein breyt.till., sem vér höfum leyft oss að koma fram með, sem ekki er annað en breyting á orðalagi eða lagfæring á málinu.

Breyt.till. þessi er í því fólgin, að í stað orðanna í 3. málsgrein 1. greinar: „Fyrir hreppana ... verði komið á“ komi: „að því er hreppana snertir, gerir hreppsnefnd tillögu um samþyktina, hvort sem hún á að gilda fyrir allan hreppinn eða nokkurn hluta hans, og beinir henni til sýslunefndar“ o. s. frv. frumv.greinin.

Eg vona, að háttv. deild samþ þessa breyt.till. nefndarinnar og svo frumv. í heild sinni.

ATKV GR.: Breyt.till. á þsk. 241 við 1. gr. sþ. í e. hlj.

1. gr., breytt, sþ. í e. hlj.

2.—6. gr. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin sþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 4. ágúst. (C. bls. 439).

Frumv. samþ. í e. hlj. og verður afgreitt til forseta Nd.

Lífsábyrgð sjómanna.

FRUMVARP til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskiveiðar á þilskipum; 1. umr., 7. ágúst. (C. bls. 522).

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Eg skal með nokkurum orðum leyfa mér að gera grein fyrir þessu frumv.

Á þinginu 1901 var eg ásamt 2 öðrum þingmönnum kosinn, til þess að athuga mál þessu skylt. Þetta atriði kom þá til orða, en það varð ofan á í nefndinni, að réttast væri að skifta sér ekki af því, af því að hún bjóst við, að málið

yrði tekið fyrir á annan hátt. Af þessu hefir enn þá ekki orðið og því hefi eg nú komið fram með þetta frumv.

Af skýrslunum um þilskipaútgerð árið 1900, er tala háseta þá 1764, en af því gera má ráð fyrir, að þessar skýrslur séu ekki áreiðanlegri en skýrslur alment, þá má sjálfsagt ganga út frá, að ekki séu allir taldir á skýrslunum. En hvað sem um það er, hvort sem tala háseta er fleiri eða ekki, þá er það eitt víst, að það eru margfalt fleiri menn, sem lifa á atvinnu þessara manna; þegar vel gengur, þá er þetta góður atvinnuvegur, en hann er mjög miklum hættum undirorpinn og það geta komið fyrir stór slys þannig, að mikill fjöldi fólks verði mjög illa staddur. Það getur komið fyrir, ef eitt þilskip ferst úr einhverri sveit, að allur fjöldi verkfærra manna týnist í einu. Tjónið er þá svo voðalegt, að það er eðlilegt, að menn hafi hugsað um að gera það að einhverju leyti léttara, en það er helzt hugsanlegt á þann hátt, að skaðanum sé deilt og jafnað niður á marga með félagsskap og samtökum. Mér er það kunnugt, að tilraunir hafa verið gerðar í þá átt að koma á stofn lífsábyrgðarfélagi millum sjómanna. Þannig hafði sjómannafélagið við Faxaflóa búið til frumv., sem það vildi koma á, en það hefir aldrei getað orðið neitt úr því, vegna þess að menn gátu ekki orðið samtaka. Eg er hræddur um, að slíkur félagsskapur komist seint á, ef það á að vera komið undir frjálsum vilja hvers eins, hvort hann vill vera með eða ekki, og því álít eg nauðsynlegt að semja lög um þetta, og skylda menn til að vera með; annars verður aldrei nein byrjun gerð. Menn kunna að segja, að þeir, sem vilja tryggja líf sitt, geti leitað til útlendra félaga, og þetta er að vísu satt, en það er þó ýmsum erfiðleikum bundið og mundi verða dráttur á, að þetta yrði gert alment. Eg hefi talað um þetta við forstjórann fyrir einu stóru útgerðarfélagi á Vesturlandi, og hefir það um 100 manns í þjónustu sinni á þilskipum. Hann sagði mér fyrir nokkrum árum síðan, að það væri vilji sinn, að félagið trygði líf allra þessara manna fyrir slysum og mundi það gera það hjá einhverju útlendu ábyrgðarfélagi, en hvað um það, enn þá hefir ekkert orðið af þeim framkvæmdum.

Eg hefi komið fram með þetta frumv. með þeirri tilfinningu og sannfæringu, að þetta mál ætti að komast í kring á þessu ári, og að það væri svo áríðandi og þýðingarmikið, að það mætti ekki dragast. Eg hefi að vísu heyrt þm. segja, að frv. komi alt of seint fram, og eigi muni hægt að ráða því til lykta svo vel sé. Eg skal fúslega játa, að heppilegra hefði verið, að það hefði komið fyr fram, enda hafði eg líka hugsað mér að koma með frumv. í þessa átt þegar í byrjun þings og að nefnd yrði svo skipuð, til þess að málið fengi ýtarlega yfirvegun, en þá sá eg, að Nd. skipaði nefnd, til þess að íhuga fiskiveiðamál landsins yfirleitt og bjóst eg þá við, að sú nefnd tæki þetta atriði til yfirvegunar; því hefi eg komið með frumv. nú fyrst, er eg sá, að nefndin hafði eigi tekið þetta mál til meðferðar. Eg hefi viljað vanda þetta frumv. eftir því, sem mér hefir verið unt, en hvernig mér hefir tekist það, skal eg ekkert um segja. Eg ætla mér þó ekki að stinga upp á nefnd, heldur hefi eg hugsað mér að láta frumv. ganga gegnum deildina, með þeim breytingum, sem þingmönnum kunna að þykja nauðsynlegar, og ganga svo til fiskimálanefndarinnar í Nd.

Þá skal eg enn fremur leyfa mér að geta þess, að inn í 5. gr. frumv. hafa slæðst orð, sem eigi eiga að standa þar, og eiga því að strikast út, það eru orðin í fyrri málsgrein 5. gr.: „Gjaldi þessu má ekki verja til lúkninga skulda“. Orð þessi eru víst alveg óþörf, því að það er sjálfsagt, að stýrkurinn gengur til eftir-

látinna skyldmenna hins látna, en ekki til að borga skuldir hans.

Valtýr Guðmundsson: Það er að eins ein lítil athugasemd, er eg vildi gera við 6. gr. þessa frumv. Mér virðist það vera nokkuð óákveðið og nokkuð varhugavert að ákveða, að landssjóður skuli borga alla þá upphæð, sem sjóðinn brestur, án þess að menn hafi hugmynd um, hve mikil hún muni verða; eg vildi því skjóta því til háttv. flutningsm. og annara deildarmanna, hvort ekki væri betra að ákveða einhverja vissa upphæð, sem tillagið úr landssjóði gæti ekki farið fram úr.

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Eg skil vel, hvað háttv. þm. G.-K. (V. G.) meinar, en eg álít það svo þýðingarmikið atriði í þessum lögum, að menn viti með vissu, að landssjóður standi ávalt við loforð sín, og eg álít það á engan hátt hættulegt fyrir landssjóð, þótt honum sé gert að skyldu að leggja fram það fé, er sjóðinn kann að bresta. Eftir því, sem eg hefi reiknað út, þá koma inn í sjóðinn á ári um 8000 kr., en hann á aftur að borga út 100 kr. á ári til erfingja hvers af þeim er farast. Það liggur því í augum uppi, að það hlyti þá að vilja til afarstórt slys, ef það kæmi fyrir, að sjóðurinn gæti ekki staðið í skilum, og kæmi svo stórt slys fyrir, þá álít eg, að því fé úr landssjóði væri mjög vel varið, sem gengi til að bæta úr þessu, og að landssjóður gæti ekki styrkt sjávarútveginn á neinn betri hátt, heldur en með því að hjálpa þeim, sem mistu framfærendur sína í sjóinn.

Valtýr Guðmundsson: Það, sem eg átti við, var það, að landssjóður legði fram einhverja ákveðna upphæð, t. d. 20,000 kr., gjaldþoli þessa sjóðs til tryggingar, en að ábyrgð landssjóðs gæti aldrei farið fram úr því, og eg get ekki horfið frá því, að mér finst það viðkunnanlegra en hitt, að landssjóður skuli borga það, sem á vantar, því það gætu komið fyrir þau óhöpp, að gjaldskylda landssjóðs gæti farið fram úr öllu hófi. Að minsta kosti er það óviðkunnanlegt, að ábyrgð landssjóðs sé ákveðin svona ótakmarkuð eða alveg út í bláinn.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 10. ágúst. (C. bls. 522; 557).

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Eg þarf ekki að tala langt fyrir þessum breyt.till. mínum.

Eins og menn sjá, þá vantaði í 3. gr. ákvæði um, hver skuli innheimta það gjald, sem þar ræðir um, og fer því fyrsta breyt.till. fram á, að skráningarstjóri skuli innheimta það, og svo enn fremur, að vátryggingargjaldið megi taka lögtaki.

Hin önnur breyt.till. kveður nánara á um, hvernig fara skuli að, ef einn nefndarmanna fer frá eða deyr á milli kosninga.

3. breyt.till. geta allir séð að er ekki nein veruleg breyting; um 4. breyt.till. talaði eg við 1. umr. þessa máls og 5. breyt.till. er að eins lagfæring á málinu.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. í e. hlj.
2. — — — í ——
1. Breyt.till. á þskj. 438, við 3. gr., sþ. í e. hlj.
3. gr., breytt, sþ. í e. hlj.
2. Breyt.till. á þskj. 438, við 4. gr., sþ. í e. hlj.
3. Breyt.till. á þskj. 438, við 4. gr., sþ. í e. hlj.
4. gr., breytt, sþ. í e. hlj.
4. Breyt.till. á þskj. 438., við 5. gr., sþ. í e. hlj.
5. Breyt.till. á þskj. 438, við 5. gr., sþ. í e. hlj.
5. gr., breytt, sþ. í e. hlj.
6. –8. gr. frumv. sþ. í e. hlj.

Fyrrirsögnin sþ. í e. hlj.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 12. ágúst. (C. bls 574, 604).

Guðjón Guðlaugsson: Af því að nafn mitt stendur við breyt.till. á þskj. 460, og af því aðalflutningsm. hennar, háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), ekki er viðstaddur, vil eg leyfa mér að geta þess til skýringar, að till. þessi er komin fram af því, að okkur þótti réttara að ákveða upphæð þá, er landssjóðar skyldi borga, ef á þyrfti að halda. Upphæðina höfum við sett svo hátt, 15000 kr., að ólíklegt er, að nokkurn tíma komi til þess, að á meiru þurfi að halda, svo breytingin verður aðallega formbreyting. Auk þess höfum við gert lítilfjörlegar orðabreytingar við 6. gr. Vona eg, að þessar tillögur verði samþyktar.

Sigurður Jensson: Eg hefi ekkert á móti breyt.till.; hin fyrri er að eins lagfæring á málinu; með hinni síðari mætti að vísu segja, að gefið væri í skyn, að sjómenn, sem tryggja líf sitt eftir þessum lögum, megi ekki alveg reiða sig á, að styrkurinn verði útborgaður, en með því að upphæðin er höfð svo stór, — eg álít að hér sé meint 15000 kr. á ári — þá ætla eg, að aldrei komi til þess, að ábyrgðarsjóðurinn geti ekki staðið í skilum, eða eg vona, að svo stórkostlegt slys komi aldrei fyrir, að þessi upphæð ekki nægi.

Það getur verið spursmál um, hvort þeir, sem þessi lög snerta mest, verða ánægðir með þau eða ekki.

Eg geri mér ekki miklar vonir um, að þessum lögum verði alment vel tekið af útgerðarmönnum, því hér er um nokkrar álögur á þá að ræða. En það hefir ekki svo mikla þýðingu í mínum augum. Eg álít það ekkert ósanngjarnt, þó þeir beri nokkuð af byrðinni, og mér kom jafnvel til hugar að hafa þeirra tillag hærra. Það er nú orðið alment í útlöndum og talið sjálfsagt að skylda vinnuveitendur til að tryggja verkamenn sína fyrir slysum. Útgerðarmenn ættu að minni skoðun að vera ánægðir með þetta fyrirkomulag; þeim ætti að vera ant um, að fjölskyldur þeirra manna, sem farast á skipum þeirra, fái einhvern styrk, því að þó þeir séu ekki beinlínis skyldir til að hjálpa hinum eftirlifandi, ef illa fer, þá munu þó flestir telja það siðferðislega skyldu sína eða mannúðarskyldu. Það hefir meiri þýðingu, ef sjómennirnir sjálfir yrðu óánægðir með þessi lög, því að meiningin er, að þau séu þeim í hag. Ef þeir nú sæu eitthvert annað betra ráð til að ná því marki, sem frumv. á að stefna að, og ef þeir gætu komið sér saman um eitthvað betra og þeim geðfeldara, þá tæki eg mér ekki nærri, þó frumv. þetta yrði ekki að lögum. En ef engin samtök geta tekist í þessa átt, er gott að fá lögin sem fyrst; ef slys vill til, er það gott, að menn séu vátrygðir, og ef ekki vill slys til, er gott, að safnist sjóður. Mörgum mun þykja styrkurinn lítilfjörlegur, en hann er þó margfalt betri en ekkert. Seinna má náttúrlega hækka styrkinn og breyta lögunum eftir þörfum. Aðalmarkmið frumv. er að fá menn til að hefjast handa, og gera eitthvað í þessa átt.

Elríkur Briem: Maður verður að líta á þá skuldbinding, sem landssjóður tekst á hendur við þetta, Hér getur naumast verið um neina hættu að ræða fyrir landssjóð. Gjaldið er eftir frumv. svo hátt, að það ætti að fullnægja öllum þeim útborgunum, er á þarf að halda, þegar tímar líða fram. Annað mál er það, að svo stórkostlegt slys getur að borið, meðan sjóðurinn er í bernsku, að landssjóður þyrfti að hlaupa undir bagga, en til þeirra útgjalda ættu hinar 15,000 kr., sem breyt.till. fer fram á, að vera meir en nóg. Auðvitað er hér átt við 15000

kr. í eitt skifti fyrir öll, en ekki 15,000 kr. á ári, það er að segja, að ábyrgðin, er landssjóður tekur að sér, nemur 15000 kr. og eigi meiru. Gjaldið mun nema c. 8000 kr. á ári, eins og háttv. flutnm. tók fram, eða hér um bil 4 kr. 50 aura fyrir hvern mann á ári, og þar sem útborgunin bæði er lág og takmörkuð, því frumv. fer að eins fram á vátryggingu fyrir druknun eða slysförum nokkurn hluta ársins, þá ætti rúmur 1% á ári að vera nægilegt iðgjald; sjóðurinn á auðvitað ekki að borga, ef menn deyja eða slasast á annan hátt en í frumv. stendur. En ef reynslan sýndi, sem eg get eigi ímyndað mér, að sjóðurinn gæti eigi til frambúðar staðist útgjöldin, þá þyrfti að hækka vátryggingargjaldið, og þegar svo á allar ástæður er litið, sem eg áður hefi tekið fram, verður hér engin óvissa, og upphæðin 15000 kr. nægileg.

ATKV.GR.:

1. Breyt.till. á þskj. 460, við 6. gr., sþ. í e. hlj.
2. Breyt.till. á þskj. 460, við 6. gr., sþ. í e. hlj.

Frumv., með áorðnum breytingum, samþykt í e. hlj. og afgreiðist til Nd.

Ein umr., 24. ágúst. (C. bls. 757).

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Eg vil leyfa mér að geta þess, að það er prentvilla í 5. gr.; þar er nefnilega heil málsgrein, síðasta málsgrein, sem á að falla burtu. Vona eg, að það verði lagfært.

Hattv. Nd. hefir gert fáar breytingar á frumv., sem eg ekki get séð að séu til bóta; en samt eru þær ekki svo mikilvægar, að eg vilji ráða til þess, að gera breytingar á frumv, og vil eg því leyfa mér að ráða háttv. deild til þess að samþykkja málið, eins og það liggur fyrir.

Í 3. gr. hefir háttv. Nd. sett: „fyrir hverja viku, sem hann var lögskráður fyrir“, í staðinn fyrir: „hverja viku, sem hann var á skipinu“. Mín meining var sú, að þeir menn, er hættu við sjómensku, t. d. af því þeir ekki þyldu sjóinn, skyldu vera lausir við að borga gjaldið.

Í 5. gr. hefir Nd. felt orðin „sem á hans vegum voru“, úr eftir „foreldra eða systkina“. Það er þá ætlast til, að vátryggingarupphæðin beinlínis verði borguð þeim, sem eru erfingjar mannsins eftir erfðalögunum, eins og orðin „í lögmætri erfðaskrá“ í síðari málsgrein benda á.

Öll þessi atriði virðist mér óþarft að setja, enda hefði mátt ákveða þau í reglugerð. Þó vil eg leyfa mér að leggja það til, að frumv. verði samþykt óbreytt.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreiðist til landsh. sem lög frá alþingi.

Eftirlit með þilskipum.

FRUMVARP til laga um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða og vöruflutninga; 1. umr., 3. ágúst. (C. bls. 420).

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 5. ágúst. (C. bls: 420; 471).

Valtýr Guðmundsson): Eg hefi leyft mér að koma með breyt.till. við frumv. þetta, sem prentaðar eru á þskj. 348 og hefi eg komið með þær aðallega í samráði við menn í fiskiveiðanefndinni í Nd.

Eg býst við, að menn skilji ekki 1. breyt.till., því í raun réttri er það mjög eðlileg krafa, að skip séu þannig útbúin með báta, að skipverjar komist allir í þá, ef skipinu hlekkist á, en samt verður maður að fara varlega í þetta og binda ekki útgerðarmönnum svo þungar byrðar, að stórhnekkir sé fyrir fiskiveiðar vorar.

Ef það á að gera kröfur um, að bátarnir séu svo stórir, að hægt sé að flytja

24—26 manns á þeim í land, þá taka þeir svo mikið plass á þilfarinu, að ómögulegt er að standa við veiðar, við að draga fiskinn

Ef breyt.till. mín nær samþykki háttv. deildar, er komið í veg fyrir, að kröfurnar séu gerðar of óaðgengilegar fyrir útgerðarmennina og hins vegar er trygt nægilega, að útbúnaður skipanna sé forsvaranlegur í þessu efni; sérstaklega hefi eg hugsað mér, að skoðunarmennirnir, sem gert er ráð fyrir í 4. gr., sjái um það, að skipin séu ekki látin fara illa útbúin, hvað þetta snertir.

Eg býst við, að skoðunarmennirnir verði samvizkusamir menn, sem gera eins strangar kröfur og þeir sjá, að sanngirni og réttsýni mælir með,

Hinar breyt.till. á þskj. 348 eru að eins orðabreytingar, til þess að leiðrétta og lagfæra málið og kippa burt prentvillum.

Jón Jakobsson: Þegar eg las breyt.till. háttv. 2. þm. G.-K., hélt eg, að hún hefði misprentast að einhverju leyti; svo miklu verri þótti mér hún en hin upphaflega frumvarpsgrein, því að eg álít fylstu ástæðu til þess, að tryggja sem mest og bezt líf þeirra manna, sem sjávarútveg stunda, og álít ekki rétt að draga úr þeim ákvæðum, sem tryggja það; en þar sem háttv. 2. þm. G.-K. tók til dæmis millilandaskip og fólksflutningaskip, að þau hefðu ekki nógu marga báta, þá býst eg við, að það sé fastákveðið, að nægir bátar séu handa skipshöfnunum á þeim skipum. Eg get því ekki gefið breyt.till. háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) atkv. mitt.

En mig furðar á því, að úr því að hann fór að lagfæra málið á annað borð, að hann skyldi ekki gera það rækilegar. Því til hvers er verið að mynda nýtt orð „starfsvið“, þegar vér höfum eins gott og gilt orð og „verksvið“. Í 2. gr. stendur skoðunargerð, og er það að vísu rétt, en ekki í samræmi við þá réttritun, sem höfð er annars staðar í frumv., t. d. í 5. gr. og víðar stendur „gjörð“.

Eiríkur Briem: Mér virðist töluvert athugavert að breyta 1. gr. frumv., eins og farið er fram á í breyt.till., því þó menn haldi, að skoðunarmennirnir geti séð um, að skip séu vel útbúin í þessu efni, þá er eg hræddur um, að þeir geti ekki heimtað meir en, að það sé einhver bátur á skipinu eftir breytingartill.

Kristján Jónsson: Eg hefi talað við menn, fleiri en einn, sem hafa gott skynbragð á þessu atriði og eg treysti vel, og hafa þeir haldið því fram, að ekki sé hægt að koma því við, að framfylgja þessu ákvæði 1. gr., nema til stórhnekkis fyrir þilskipaútveginn. Eg held því, að ástæða sé til að breyta því, eða lagfæra það. Á þilskipum er nú orðið alltítt að séu 24—26 manns á hverju skipi, og þau hafa alls ekki rúm fyrir svo stóran bát eða svo stóra báta á þilfarinu, sem útheimtist til þess að ferja alla skipshöfnina í einu. Enda er eg og hræddur um, að þó að þetta ákvæði væri látið standa óbreytt, myndi því verða lítill gaumur gefinn; það mundi að líkindum verða dauður bókstafur, eins og margt annað í lögum. Eg hallast því að breyt.till. háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) við 1. gr., með því að eg álít, að í ákvæði 4. gr. felist nægileg trygging fyrir því, að nægilegir, forsvaranlegir og traustir bátar fylgi skipi hverju, því eg býst við, að skoðunarmennirnir verði samvizkusamir og réttsýnir menn, sem bæði líta á hag sjómanna og útgerðarmanna með sanngirni.

Forsvaranlegan bát og sæmilegan getur maður kallað bát, þó hann taki ekki alla skipshöfnina í senn, ef hann er að öðru leyti traustur og góður í sjó að leggja. Undir því er mest komið. En nú á það sér því miður oft stað, að skipunum fylgir að eins 1 lítið bátkríli, sem er vart á sjó setjandi. Eg hygg, að það muni yfirleitt reynast nægilegt, ef skipi hverju með

venjulegri skipshöfn fylgir traustur og öruggur bátur, er tekur að minsta kosti 12 menn, og getur ferjað þá, þótt úfinn sé sjór og hvast veður.

Guttormur Vigfússon: Eg skal játa það, að eg er ófróður um þetta mál, og svo ófróður og ókunnugur, að eg hélt, að það væri sjálfsagt, að þeim skipum, sem fara í sjóferðir snemma á vetri í misjöfnum veðrum, fylgdu svo nægilegir bátar, að skipverjar gætu, ef eitthvert óhapp bæri að höndum, allir bjargast á þeim frá skipinu, en þegar eg vissi, að þessu var ekki þannig varið, og þegar eg sá af 1. gr. frumv. að nú átti að leiða það í lög, að bátar þeir, sem þilskipum fylgja hér á landi, ættu að vera svo margir, að þeir gætu tekið alla skipshöfnina, þá fanst mér þetta ákvæði 1. gr. svo eðlilegt og sjálfsagt, að eg hélt, að engin deila gæti um það orðið, og enn betur sannfærðist eg um nauðsyn og réttlæti þessa ákvæðis, þegar eg fyrir 2 dögum síðan hitti mann hér í bænum, sem eg aldrei hafði séð og þekti ekki; hann kvaðst vera stýrimaður á fiskiskútu, og fór hann þá að tala um þá sanngirni og nærgætni, sem þingið sýndi sjómönnum með því að gera þetta að lögum, en mér til undrunar heyri eg nú, að það eigi að vera sama, sem að eyðileggja þilskipaútveginn, að samþykkja þetta. Eg skal lýsa því yfir, að mér þykir sárt að greiða atkv. með nokkru því, sem gæti orðið til þess, að hnekkja eða eyðileggja fiskiútveg landsins, en mér þykir líka sárt, að greiða atkv. á móti því ákvæði, sem gæti orðið til þess að stuðla að því, að betur væri borgið eftir en áður lífi þeirra manna, sem stunda fiskiveiðar vorar á vetrum í misjöfnum veðrum, og jafnaðarlega eru undirorpnir hættum á ýmsan hátt; þannig getur t. d. komið fyrir, að skip rekist á ísjaka og verði svo lekt, að skipshöfnin verði að yfirgefa það. Til hvers væri þá einn eða tveir litlir bátar, sem tækju máske naumlega helminginn af skipshöfninni? Það gæti líka komið fyrir, að eldur kæmi upp í skipum, og ef ekki væri nægilega margir bátar til þess að rúma alla skipshöfnina í slíkum tilfellum, þá lægi ekki annað fyrir þeim, sem eftir væru en að brenna upp. Því er nú haldið fram, að ef bátarnir, sem skipinu eiga að fylgja, væru svo stórir, að þeir gætu tekið alla skipshöfnina, þá tækju þeir upp svo mikið pláss á venjulegum þilskipum, að sjómennirnir gætu ekki komist að til að draga fiskinn; um þetta get eg auðvitað ekki fullkomlega dæmt, en eg vil að eins benda á, hvort ekki væri óplássfrekara, að hafa einn stærri bát og einn eða tvo minni, er stæðu hver innan í öðrum á dekkinu. Mér skilst svo, sem það mundi mega haga þessu á þenna hátt, og að með því mætti spara það pláss, sem menn eru hræddir um að stórir bátar mundu taka upp til hnekkis fyrir fiskiveiðarnar. Sem sagt treysti eg mér ekki að svo stöddu, til að greiða atkv. með breyt.till. háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), en eg mun heldur greiða atkv. með 1. gr. frumv., af því eg vona, að það verði ekki til þess, að hnekkja þessum mikilvæga atvinnuvegi.

Júlíus Havsteen: Eg held, að það sé lafhægt fyrir þessi skip, að hafa nóga báta, til þess að taka alla skipshöfnina, ef þörf krefur. Skip, sem er 80 tons að stærð, getur vel haft 4 báta, einn á miðju þilfarinu, einn sinn hvoru megin á hliðunum og einn að aftan, og þeir bátar, sem væru á hliðunum og að aftan, þyrftu ekki að vera til fyrirstöðu, ef þeir stæðu á járnteinum út á við; ef skipin væru 60 tons að stærð, þá væru 3 bátar nóg, og ef þeir væru hafðir hver innan í öðrum, þá tækju þeir enn þá minna pláss upp. Þannig hafa amerikskir lúðufiskarar marga báta hvern innan í öðrum; það eru kjöllausir og flatbotnaðir bátar, og þó 6—8 séu hafðir hver innan í öðrum, þá fer ekki meira fyrir þeim en einum með því móti

Það, sem útgerðarmönnum þykir að þessu ákvæði, er það, að það kostar of mikið að hafa næga báta handa allri skipshöfninni, en það er alls ekki ómögulegt; eg mun því greiða atkv. með 1. gr. frumv., með því að það er öldungis óforsvaranlegt, að þessi skip, sem hér ræðir um, hafi ekki nóga báta handa allri skipshöfninni, ef þörf krefur.

Kristján Jónsson: Það, sem háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) hélt fram í þessu máli, er að minu áliti eigi á rökum bygt, sé málið athugað dálítið nákvæmar. Það hefir áður verið minst á mannflutningaskip í þessu sambandi, og mun mér óhætt að segja, að það þekkist hvergi sú skipan, að þau skuli hafa nægilega báta fyrir alla farþega auk skipshafnarinnar, en hér getur verið um 1000 manns að ræða og fleiri. Af þeim mun venjulega eigi heimt að frekar, en að þau hafi nægilega marga og stóra báta fyrir alla skipshöfnina. Hitt væri með öllu ókleift. Þar sem háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) talaði um doríur, er mætti nota sem skipsbáta, þá mun óhætt að fullyrða, að þær yrðu varla að tilætluðum notum í vondu veðri.

Það er að vísu satt og rétt, sem háttv. 2. þm. S.-M. (G. V.) sagði, að það væri sárt, ef skip rækist á jaka og leki kæmi að því úti á regin hafi, að hafa þá ekki næga báta handa skipshöfninni, en sama hættan getur komið fyrir, ef bátunum skolar út, og er ekkert ráð við því, enda er það alltítt.

Fyrir mér vakir það, að það sé fremur áríðandi, að bátar þeir, sem skipin hafa, séu virkilega góðir bátar, en hitt, að heimtaðar séu 3, 4 eða fleiri ónýtar skeljar, sem eigi eru í sjó leggjandi. Það get eg ofur vel skilið, að stýrimanninum, sem átti tal við 2. þm S.-Múl., (G. V.), líki vel ákvæði 1. gr. frumv., en fyrir honum og sjómönnum yfir höfuð mun það þó fremur vaka, að hafa einn eða fleiri virkilega góða báta en margar manndrápskænur, sem ekki er vogandi að fara út í, ef eitthvað verður að veðri.

Júlíus Havsteen: Eg held, þrátt fyrir mótbárur háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.), að það sé bæði nauðsynlegt og sjálfsagt, að á stórum skipum séu til bátar handa allri skipshöfninni, enda er líka nóg pláss á þeim handa mörgum smábátum, en þó það ekki væri, þá er samt alt öðru máli að gegna með fólksflutningaskip en þau skip, sem eiga að vera úti á sjó í marga mánuði, eins og fiskiskipin, því að þau eiga altaf á hættu, að eitthvað misjafnt geti borið að höndum á svo löngum tíma, og þess vegna eiga þau að vera með þeim útbúnaði að því, er báta snertir, að öll skipshöfnin geti komist í þá, ef þörf krefur. Hvað doríurnar eða flatbotnuðu amerísku bátana snertir, þá hefi eg séð, að það er hægt að sigla þeim, án þess að nokkur steinn sé í þeim, og er mesta furða, hvað þeir geta þolað; eg skal að vísu játa, að menn munu ekki fara út á þeim, hvernig sem veður er, en eg held, að þær séu miklu betri en ekkert.

Það, sem kemur útgerðarmönnum til þess að vera á móti ákvæði 1. gr., er nízka og nirfilsskapur og ekkert annað.

Jón Jakobsson: Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) verður að fyrirgefa mér, að eg skil ekki þær mótbárur, sem hann kom fram með á móti mér. Hann segir, að samanburður háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) á fólksflutningaskipum og fiskiskipum sé réttur, en þó hefir hann upp aftur þau orð, sem eg tók fram þessu viðvíkjandi og sem sýna, að minn skilningur er réttur. Það er allur munur, hvort mönnum er gert að skyldu, að hafa nægilega marga báta handa fastri skipshöfn eða handa farþegum, sem geta skift hundruðum eða jafnvel þúsundum í eitt sinn, en verið fáir eða engir annað skiftið. Það verður fyrst að skylda útgerðarmenn til þess að sjá um, að hafa nægileg björgunarfæri á skipum sínum handa skipverj-

um sjálfum, og það ættu þeir að geta, með því að þar er um ákveðna tölu að ræða.

Eg skal taka það upp aftur, að mér er alveg ómögulegt að greiða atkvæði með breyt.till. á þskj. 348, af því að eg álít það vanvirðu fyrir þingið að greiða atkv. á móti þessu ákvæði fyrstu greinar frv., sem miðar til þess, að tryggja líf landsmanna. Þeir eru sannarlega ekki of margir íbúar þessa lands, þótt alþingi geri sitt til þess að tryggja sem mest má verða með skynsamlegum fyrirmælum líf þeirra manna, er stunda hina hættufullu og líffreku sjávaratvinnu.

Hallgrímur Sveinsson: Eg vil leyfa mér að taka það fram, að mér virðist h. þingd. vanta það, sem alt er undir komið, til þess að fjalla um þetta mál, áður en hún fær frekari upplýsingar eða bendingar um það frá þeim mönnum, sem hafa sérþekkingu á því; deildina vantar að mínu áliti sjómannslega þekkingu á þessu máli. Mér finst athugavert fyrir þingið að samþykkja ákvæði, sem fjöldi manna, er bera skyn á þetta mál, álítur lítt hafandi eða óhafandi;eg á hér við útvegsmennina, og finst mér alls ekki rétt fyrir þingið að taka ekki vilja eða tillögur þeirra til greina í þessu máli.

Eg heyrði háttv. 1. kgk. þm. segja, að það væru engin vandkvæði á, að hafa nægilega marga báta á skipum, er væru 80 tons að stærð, en eg er alls ekki viss um, að svo sé; eg hygg, að erfitt sé að koma mörgum bátum fyrir jafnvel í svo stórum skipum, enda er líka þess að gæta, að þilfarið á þessum skipum er ekki eingöngu fyrir báta, heldur er það oft brúkað til þess að verka þann fisk, sem aflast, slægja hann, fletja o. s. frv.

Þar sem háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) gat þess enn fremur, að hægt væri að hafa bátana á skipshliðinni eða borðstokknum, þá veit eg ekki, hvort þau skip, sem hér er átt við, eru nógu stór til þess, að hægt sé að koma bátunum fyrir á þann hátt, svo í góðu lagi sé, og hygg eg,að oft mundi verða hætta á, ef sjór væri úfinn og öldugangur mikill, að þeir skoluðust í sjóinn með því móti; við erum ekki sjómenn og þess vegna hæfir okkur ekki að gera ákvæði um þau atriði, sem lúta að sérþekkingu í þeirri atvinnugrein, og eg verð að segja, að eg hefi meira álit á því, hvað duglegir formenn segja í þessu efni en aðrir, sem ekki hafa sjómannslega þekkingu. Að því er snertir ákvæði fyrstu greinar, þá held eg, að það mundi nægja, ef það væri orðað svo, að þeim skipum, sem þar ræðir um, skyldi fylgja einn eða fleiri bátar, hæfilega stórir og vel útbúnir, og að það væri látið vera komið undir áliti skoðunarmanna, hve margir þeir væru og hvernig þeir væru útbúnir.

Eg er hræddur um, að eitthvað óheppilegt gæti komið fram síðar, ef menn færu að rígbinda sig við ákvæði, sem þeir ekki geta haft frekari þekkingu á en hér á sér stað að því er þingið snertir. — Þá verð eg enn fremur að halda því fram, að breyt.till. við 5. gr. eigi ekki að standa, þar sem tekið er fram, að í staðinn fyrir orðin: „sama borgun ber“, skuli koma: „sömu borgun ber“; eg þekki ekki það mál; það er rétt mál að segja: „þessi borgun ber mér“; „mér ber einn ríkisdalur“, en ekki „mér ber einn ríkisdal“. Þessi breyting er því algerlega óþörf og meira að segja til skaða, þar sem þessi orðun er röng. Annars skal eg leyfa mér að benda á það, að úr því að farið var að leiðrétta smávillur í málinu á frv., þá er sumstaðar á ósamkvæmni í orðuninni, þannig er t. d. ýmist notuð orðmyndin skipsskoðunarmenn, skipskoðunarmenn eða skipaskoðunarmenn; í 3.gr.,annari málsgr.,er réttara að segja: „ætlast sé til“ en ætlast er til; en þetta skiftir auðvitað ekki miklu.

Af þeim ástæðum, sem eg hér hefi tekið fram, mun eg ekki greiða atkvæði með 1. gr. óbreyttri og heldur ekki með fyrstu

breyt.till. á þskj. 348, nema því að eins, að hún verði fyllri og ákveðnari.

Jónas Jónassen: Það er eðlilegt, að það séu skiftar skoðanir um þessa fyrstu grein, því að eg segi fyrir mig, að eg hefi ekkert vit á þessu og svo mun vera um fleiri háttv. þingdm. Eg hefi nýlega talað við fleiri sjómenn um þetta mál, og voru þeir sammála um, að það væri alveg óforsvaranlegt að hafa þessa litlu báta á þilskipunum, þessar smáskeljar, sem ekki taka nema lítinn part af allri skipshöfninni.

Mér finst því rangt af þinginu að vera að setja nokkur ákvæði um þetta mál, sem það hefir ekkert vit á; eg álít því, að réttast væri að fresta þessu máli, þangað til búið væri að fá yfirlýsingar góðra formanna um það; því að ef þingið samþykti nokkuð það í þessu máli, sem gerði útgerðarmönnum ómögulegt að halda úti skipum sínum, þá væri það mjög illa farið, og þess vegna vil eg gera það að minni tillögu, að málinu sé frestað, þangað til fengnar eru frekari upplýsingar um það frá mönnum, sem hafa sjómannslega þekkingu, því að þingið ber að mínu áliti ekki nægilegt skyn á það.

Valtýr Guðmundsson: Mér finst hv. þingdm., sem talað hafa í þessu máli, taka þetta nokkuð strangt viðvíkjandi því að einskorða þetta ákvæði, því að flest af því, sem tekið hefir verið fram þessu máli viðvíkjandi, getur náðst með breyt.till. minni. Það getur vel verið, að skoðunarmenn heimti svo marga báta, að þeir geti flutt alla menn, sem á skipinu eru, þótt þeim sé ekki beint skipað að gera þá kröfu; fyrirmæli fyrstu greinar hindra það ekki, þó breyt.till. mín komist að, að skipverjar séu allir fluttir í land í einu. Ef skoðunarmenn eru strangir, þá geta þeir gert kröfu til svo margra báta, sem taki alla skipshöfnina í einu, þó þeim ekki sé skipað að gera það; það verður að fullnægja kröfum skoðunarmannanna. Viðvíkjandi því, að bátarnir séu hafðir hver innan í öðrum, þá geta skoðunarmenn heimtað það líka.

Þar sem háttv. 2. þm. Húnv. (J. J.) tók það fram, að það hefði ekki verið rétt, sem háttv. 3. kgk. (Kr. J.) hélt fram um samanburðinn á fólksflutningaskipum og fiskiskipum, að því er stærð og fjölda þessara báta snertir, þá held eg, að hv. þm. hafi ekki náð því, sem er punctum saliens í þessu atriði. Hann játaði, að það væri rétt, að fólksflutningaskipin ættu að hafa nóga báta fyrir alla skipshöfnina, en punctum saliens er, að það sé ekki heimtað af skipum, sem geti með því hindrað frá að reka sinn atvinnuveg; en það leggur ekkert haft á atvinnurekstur fólksflutningaskipanna, þó heimtað sé, að þau hafi næga báta fyrir skipshöfnina. En ef það væri heimtað af fiskiskipum að hafa svo marga eða stóra báta, að þeir gætu flutt alla skipshöfnina í einu, þá mundi það leggja alt of mikið haft á sjávarútveginn.

Þar sem h. 1. kgk. þm. (J. H.) talaði um, að það mætti hafa bátana í járnteinum sinn hvoru megin á skipshliðinni, þá get eg ekki hugsað mér, að hægt sé að koma því við á fiskiskipum; það mun helzt vera tíðkanlegt á gufuskipum að hafa þannig lagaðan útbúnað; en sem sagt yrði þetta alt komið undir áliti skoðunarmanna, ef breyt.till. mín kæmist að; en eins og ákvæðið nú er orðað í 1. gr., mundi það annaðhvort verða til hnekkis fyrir þilskipaútveginn eða þá til þess, að farið væri kringum lögin. Annars held eg, að það væri æskilegt, að nefnd væri skipuð í þetta mál, úr því að svo mikill skoðanamunur er um það. En eg skal að endingu taka það fram, að ef breyt.till. mín verður feld, þá mun eg greiða atkvæði á móti 1. gr. frumv. Eg vil heldur, að málið sé felt nú þegar, en að þessum atvinnuvegi sé gerður svo mikill hnekkir, sem ekki er hægt að ráða bót á, fyr en eftir 2 ár.

ATKV.GR.: Samþ. með 7 atkv. að taka málið út af dagskrá.

Uppástunga um 3 manna nefnd var feld með 6 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já.	*nei.*
Sig. Jensson,	Jón Jakobsson,
Hallgr. Sveinsson,	Eiríkur Briem,
J. Jónassen,	Guðj. Guðlaugsson,
Kristján Jónsson,	Guttormur Vigfússon,
Valt. Guðmundsson,	Júlíus Havsteen,
	Þorgr. Þórðarson.

Framhald 2. umr., 10. ágúst (C bls 420, 471, 533).

Valtýr Guðmundsson: Við 1. umr urðu töluverðar umræður um þetta má og voru menn eigi ásáttir um 1. gr. frv. Því verður heldur eigi neitað, að mjög erfitt væri fyrir útgerðarmenn, ef þeir yrðu að leggja til svo marga báta, að öll skipshöfnin gæti í þá komist í einu, og því kom eg með breyt.till. um að breyta 1. gr., en sökum andmæla, þá tek eg þá breyt.till. aftur, en kem nú með aðra brt., sem fer í þá átt að fella 1. gr. burt úr frumv. en bæta inn í 4. gr. orðum, sem fara í sömu átt.

Ef þessi brt. kemst að, verður það algerlega undir skoðunarmönnunum komið, hvað þeir álíta nægilega tryggingu fyrir líf skipshafnarinnar, og er það heppilegast, að þeir menn skeri úr því, sem hafa sérstaklega góða þekkingu á því máli öðrum fremur, eða fremur en hver einstakur þm.

Júlíus Havsteen: Eg verð að segja mína meiningu um 1. gr. frumv. þessa, þó eg jafnvel gangi að því vísu, að fá áréttingu frá háttv. sessunaut mínum til vinstri handar. Mér þykir það næsta undarlegt, hvað mönnum getur missýnst í þessu efni. Þetta er þó einfalt mál og auðskilið öllum þeim, sem ferðast hafa með seglskipum, þó að þeir, sem að eins hafa farið með gufuskipum, hafi kannske ekki veitt þessu næga eftirtekt.

Eg get ekkert haft á móti breyt.till., en betra hefði mér þótt í tilliti til 1. gr. að láta skylduna beint hvíla á útgerðarmönnunum að sjá skipshöfninni fyrir nógu mörgum bátum til að bjargast á af skipinu.

Álít eg þá heppilegast fyrirkomulag fyrir þá að láta skipin hafa „doríur", sem hafa má hverja innan í annari. Þessir bátar eru litlir, góðir og ódýrir og mikið tíðkaðir af amerikönskum fiskimönnum.

Eitt er það, sem gerir örðugt að hafa næga báta og það er það, að venjulegast eru skipin hér ofhlaðin af hásetum, svo að oft eru 26 hásetar á skipum, sem kunnugir skipstjórar hafa sagt mér, að nægilegt væri að hafa 18 menn á.

Af þessu leiðir, bæði það, að aðbúð hlýtur að vera miklu verri fyrir mennina, og svo verður lítt mögulegt að koma nógum bátum fyrir á skipinu til þess að bjarga svo mörgum mönnum, sem er þó alveg sjálfsagt og alveg óhjákvæmilegt.

Eg sá í skjali nokkuru, sem gekk um þingbekkina, og sem var undirskrifað af allmörgum skipstjórum, sem líka eru útgerðarmenn, að því er eg frekast veit, að það væru eigi bátarnir, sem björguðu skipshöfninni, þegar skipinu hlektist á Eg játa, að þau atvik geta komið fyrir, að eigi sé hægt að koma við bátunum, svo gagn sé að, en oftast mun það þó vera, að mennirnir forði lífi sínu við skipströnd einmitt með því að fara í bátana.

Eg skal t. d. taka það tilfelli, að kvikni í skipi svo sem 2 mílur undan landi, þar sem ómögulegt er að komast lífs af á sundi. Það getur verið bezta veður og vel fært á hverjum smábát í land, en skipshöfnin hefir ekki nema 1 bát, sem ber að eins helming hásetanna. Er það ekki hryllilegt að hugsa sér slík tilfelli og ætti maður ekki með öllu móti að reyna að sjá um, að slíkt komi ekki fyrir? Mér finst það því ekki skoðunarmál, að hafa það fastákveðið, að hvert skip hafi

báta, nógu marga og stóra, fyrir alla skipshöfnina. Þess vegna legg eg til, að 1. gr. verði samþ. án nokkurrar breytingar.

Þorgrímur Þórðarson: Eg er ekki með því að fella burtu 1. gr. frumv.; mér finst hún góð og sannsýn og réttmæt. Það var tekið fram um daginn, að erfitt væri að koma fyrir á skipunum svo mörgum bátum, að skipshöfnin gæti öll bjargast á þeim. Þetta er rétt, en það er ilt að þurfa á nokkurn hátt að þrengja að hásetunum, því það er ekki of mikið pláss, sem þeir hafa, þó það sé ekki upptekið af bátum. Einkum er loftið, sem þeim er ætlað niðri í skipinu, svo lítið og ilt, að varla er við það unandi. En það mætti með heppilegu fyrirkomulagi koma því svo fyrir, að nægilega margir bátar fylgdu hverju skipi, en tækju þó ekki upp tiltakanlega mikið rúm fyrir hásetunum. Það mætti t. d. hafa þá hvern innan í öðrum. Einnig mætti hafa stórbátinn aftan í, þegar fiskað væri, en uppi, þegar ekki væri fiskað; ef hann væri hafður aftan í, þá tæki hann ekki upp rúm fyrir mönnunum, meðan þeir væru að fiska. — Eg fer svo ekki um þetta fleiri orðum, en greiði atkvæði með 1. gr. frumv.

Jónas Jónassen: Við 1. umr. var það tekið illa upp, er eg sagði. En eftir að eg hefi átt tal við menn, sem hafa vit á þessu máli, þá verð eg að halda því föstu, að það sé sama, hvort sagt er við útgerðarmanninn: „þú mátt ekki fiska“, eða að segja honum, að leggja til báta með skipunum, sem taki alla skipverja. Eg beygi mig fyrir þessu áliti gamalla sjómanna, en tek ekki tillit til þess, sem þeir menn segja, sem aldrei hafa á sjó komið.

Sjómenn segja það mjög háskalegt að hafa stóra báta á þilfari. Við vitum það, að í stórsjó kastar mönnum oft út af skipunum, hvað þá þegar stórir bátar eru uppi á þilfarinu og losna kannske; þá geta þeir mölbrotið alt og drepið mennina.

Annað atriði, sem gerir það óhægt að hafa stóra báta á þilfarinu, er það, að lítt mögulegt er að haga neitt til seglum fyrir þeim. Báturinn er vanalega hafður við „stórbómuna“ og ómögulegt að hreyfa hana fyrir honum. Sömuleiðis er ómögulegt að setja út stóra báta í ósjó og komast í þá, þegar holskeflur ríða að skipinu. Þá eru doríurnar heldur ekki hentugar, því eg heyri alla gamla og góða sjómenn kalla þær verstu manndrápsbáta, sem óhafandi séu, þegar nokkuð sé að á sjó. Mér finst því langbezt og réttast að láta skipstjóra sjálfan ákveða stærð og traustleik þess báts, sem hann vill og ætlar að hafa á sínu skipi; en að ætla sér að skipa hverjum skipstjóra að hafa svo marga og stóra báta, að þeir taki alla skipshöfnina, er alveg ómögulegt.

Eg vil því halda fast við það að fella burtu 1. gr. frumv. og greiði atkv. með þeirri breyt.till.

Valtýr Guðmundsson: Að því er snertir hættu af eldi, þá er hún miklu minni á fiskiskipum en á mörgum öðrum skipum, enda margir til taks, til að kæfa eldinn fljótlega, ef hann kynni að koma upp.

Enn fremur hagar vanalega svo til með fiskiskip, að þau liggja mörg saman á sama svæði, svo að það sést frá öðrum skipum, ef skipi hlekkist eitthvað á.

Eg skal líka leyfa mér að geta þess, að til þingsins hefir komið skjal frá mörgum skipstjórum hér í bæ og er þar tekið fram, að þetta ákvæði 1. gr. frumv. mundi verða til stórhnekkis fyrir fiskiveiðarnar. Þetta eru menn, sem vit hafa á málinu, og ber oss því að taka mikið tillit til þess, sem þeir segja. Eg vil því ráða háttv. deild til þess að falla frá ákvæði 1. gr. í þessu efni og fela skoðunarmönnum að sjá um, að skipin séu vel útbúin, hvað báta snertir.

Júlíus Havsteen: Eg ætti í rauninni að leiða það hjá mér, að svara

háttv. 4. konungkjörna þingmanni, og skal að eins stuttlega geta þess, að aðrir en sjómenn geta vel dæmt um það, hve marga báta megi hafa á hafskipi; hér er ekki þörf á neinni sérstakri kunnáttu, og fleiri hér, og þar á meðal eg, hafa verið á sjó en þeir útgerðarmenn, sem hann hefir sótt vizku sína úr.

Háttv. þm. fer í kringum málið, og talar einlægt um, hvað ómögulegt það sé, að hafa stóra báta á þilskipum hér. Það er ekki umtalsefnið, heldur það, að til séu nægilega margir bátar, sem geti rúmað alla hásetana á skipinu. Það er vel hægt, og sér í lagi hægt, ef notaðar eru hinar svonefndu „doríur" sem eru notaðar bæði á amerikskum og frakkneskum skipum við fiskiveiðar þeirra við New Foundland. Þessir bátar eru sendir út frá skipunum, sem stunda veiðina með þeim á opnu hafi, og sýnir þetta, að nota megi þessa báta hér.

Háttv. þm. G.-K. (V. G.) mintist á skjal, sem sent hafði verið til þingsins þessu máli viðvíkjandi, og skal eg leyfa mér að benda á það, að þessir skipstjórar, sem undir því standa, eru meðfram skipseigendur, eða eiga part í skipum, svo að ekki er eins mikið takandi tillit til álits þeirra og ella, því þeir vilja helzt sleppa við þann kostnað, sem af þessu leiðir fyrir útgerðarmennina.

Eg játa það fullkomlega, að ekki má setja neitt það í lög, sem hnekkir atvinnuvegunum, en eg segi, að mest verði að taka tillit til lífs þeirra manna, sem stunda þá. Eg vona því, að háttv. deild taki tillit til orða minna og sþ. 1. gr. frv. óbreytta.

Guttormur Vigfússon: Eg hefi leitað mér eins mikilla upplýsinga í þessu máli, og mér var unt. Þó eg í fyrstu væri mjög efablandinn, þá hefi eg altaf betur og betur sannfærst um, að það er ekki rétt að greiða atkvæði á móti 1. gr. frv. Mér finst, að það ætti alls staðar að vera lögboðið að hafa svo marga báta, að hægt sé að bjarga allri skipshöfninni, ef illa tekst til.

Eg hefi sannar sögur um það, að þau tilfelli hafa komið fyrir á sjó, að heilar skipshafnir hefðu druknað sökum bátaskorts, hefði þeim ekki verið bjargað af sérstakri hendingu, og enginn veit, hve margir hafa farið í sjóinn vegna þess, að nógu marga og trausta báta vantaði.

Eg veit ekki vel, hvernig ætti að koma bátunum haganlega fyrir, en eg hefi heyrt háseta láta í ljós þá skoðun, að hæglega mætti komast hjá þrengslum með því að nota doríur. Hvað brtill. háttv. þm G.-K. (V. G.) snertir, þá hefir hún auðsjáanlega sama tilgang og 1. gr., en það lítur út fyrir, að hún sé að eins tilraun til að fara dálítið á snið við lögin, og til þess að gera útgerðarmennina rólegri og hughægra í svipinn, því eg efast ekki um, að samvizkusamir skoðunarmenn mundu verða mjög strangir í kröfunum í þessu efni. En eitt er eg mjög hræddur um, ef skoðunarmönnunum væri þetta algjörlega í sjálfsvald sett, þá mundi verða sinn siðurinn í hverri veiðistöð. Sumir linari í kröfunum, en sumir strangari.

Eg álít því réttast að halda fast við ákv. 1. gr. og mun eg greiða henni atkv mitt, en á móti brtill.

Kristján Jónsson: Eg stend upp, til þess að benda hv. deild á, að í 4. gr. felast mjög mikilsverð ákvæði, sem eg fyrir mitt leyti álít að gefi eins mikla tryggingu, eins og ákvæði 1. gr., sem vafalaust verða eigi að tilætluðu gagni, af því að þau eru altof ströng, verða þess vegna ekki haldin.

Það verður mjög erfitt að hlýða ákvæði 1. gr.; það er álíka, eins og ef ákveðið væri að hafa að eins 16 háseta á skipi sem 24—26 menn gætu hæglega unnið á. ákvæðið mundi í framkvæmdinni hafa þessa þýðingu, og með því móti kreppa all-mjög að þilskipaútgerðinni.

En ef þetta trygði líf sjómannanna að verulegum mun, þá væri það sjálfsagt að fallast á það, en það er ekki eitt nægilegt í þessu efni, að hafa marga báta, heldur hitt, að hafa báta eða bát með skipunum, sem eru traustir og góðir í sjó að leggja, svo að vel sé við það unandi. Þetta er aðalatriðið. En um það eru engin ákvæði í 1. gr.

Eg hallast því heldur að brtill., þar sem að eins er sagt í henni: „svo stóra, sem þörf krefur“. Eg skal taka það fram viðvíkjandi skjali því, sem skipstjórar og ýmsir aðrir hafa sent til þingsins, lútandi að þessu máli, að þar eru margir undirritaðir, sem ekki eru skipseigendur, og eg þekki það persónulega, að margir þeirra eru áreiðanlegir og heiðarlegir menn, sem vilja gagn beggja, bæði útgerðarmanna og skipsmanna. Eg álít því, að mikið beri að taka tillit til þess, hvað þessir menn segja um þetta atriði.

ATKV.GR.: 2. brt. (387) við 1. gr. feld með 5 : 5. atkv.

1. brt. (348) við 1. gr. feld m. 6 : 4 atkv.

1. gr. feld með 5 : 5. atkv.

2. gr. sþ. í e. hlj.

3. — — - - -

3. brt. (387), við 4. gr., sþ. í e. hlj.

2. — (348) - 4. gr., síðari málsgr., sþ. án atkv.

4. gr., breytt, sþ. í e. hlj.

3. brt. (348), við 5. gr., tekin aftur.

5. gr. frv. sþ. í e. hlj.

4. brt. (348) við 6. gr., sþ. án atkvgr.

6. gr. frv. sþ. í e. hlj.

7.—9. gr. frv. sþ. í e. hlj.

1. brt. (387) við fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin, breytt, sþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 12. ágúst. (C. bls. 571).

Kristján Jónsson: Það var víst samþykt um daginn við 2. umr. þessa máls, að hafa orðmyndina skipskoðunarmaður, en ekki skipaskoðunarm., en eg sé, að það hefir ekki verið leiðrétt, því að orðmyndin skipaskoðunarmaður stendur á tveim stöðum í 2. gr. og á einum stað í 3. gr., og vænti eg, að þetta verði leiðrétt á undan prentuninni.

ATKV.GR.: Frv. sþ. með 10 shlj. atkv. og verður endursent Nd.

Síldveiði.

FRUMVARP til laga um ýmisleg atriði, er snerta síldveiðar; 1. umr., 15. ágúst. (C. bls. 633),

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 7 atkv.

Önnur umr. 18. ágúst. (C. bls. 633).

Kristján Jónsson: Við fyrstu umr. þessa máls kom ekki fram tillaga um að skipa nefnd í það, og mun það hafa stafað af því, að menn héldu, að það yrði til þess að fella málið, ef það væri sett í nefnd, með því að tíminn er orðinn svo naumur, og get eg varla búist við því, að nefndarkosning fái nokkurn byr að þessu sinni heldur, og hefi eg því staðið upp, til þess að láta það í ljós, að eg mun greiða atkv. á móti frv., svo framarlega sem engar breytingar verða gerðar á því frá þeirri mynd, sem það nú birtist í. Eg get ekki séð, að ákvæði þess séu nægilega rökstudd, og eru það sérstaklega 2 atriði í frv., sem eru svo löguð, að eg get ekki greitt atkvæði með því.

Í 1. gr. frv. stendur, að eigi megi nota útlend skip við síldarsöltun eða aðra verkun síldar til útflutnings, né heldur innlend skip, sem eru í samfloti við útlend skip. Hvað er það að vera í samfloti við? Er það ekki nóg til þess, að 2 skip eða fleiri séu á siglingu eða í róðri saman alveg

af hendingu? Þetta er svo óákveðið og óviðkunnanlega orðað, að eg fæ ekki séð, að það geti staðið í lögunum, og það eitt út af fyrir sig er nóg til þess, að eg greiði atkvæði móti frv.

Hið annað atriði, sem gerir það að verkum, að eg eigi get gefið frv. atkvæði mitt, eins og það nú liggur fyrir, er það, að í 5. grein stendur, að af öllum síldarnótum, sem fluttar eru út frá Íslandi, skuli greiða útflutningsgjald, 1 kr. fyrir hvern ferhyrningsfaðm í nótinni. Nú höfum við lög frá 25. sept. 1902, sem banna útflutning á notuðum síldarnótum frá landinu, og fæ eg því ekki í fljótu bragði séð, að þetta ákvæði 5. gr. frv. geti samrýmst við nýnefnd lög. Hvernig sem eg lít á þetta frv., þá get eg ekki séð, að nægilegar ástæður hafi verið færðar fyrir því, að ráðlegt sé að lögleiða ákvæði þess, og verð eg því að greiða atkvæði á móti því, eins og það nú liggur fyrir.

Valtýr Guðmundsson: Það er svipað, sem eg hefi að segja um frv., eins og hv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) Eg treysti mér ekki til að greiða atkvæði með því, vegna þess að eg hefi ekkert vit á þessu máli.

Ef ekki verður skipuð nefnd í það, þá álít eg betra að greiða atkvæði á móti frv. en láta það ganga áfram í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir; en af því að eg í sjálfu sér hefi ekkert á móti þessu máli, þá álít eg rétt, að nefnd væri skipuð, til þess að íhuga það og lagfæra þær misfellur, sem á því kunna að vera, og ef aðrir ekki stinga upp á nefnd, þá vil eg gera það að minni tillögu, að skipuð verði 3 manna nefnd í þetta mál að loknum umræðum um það.

ATKV.GR.: 3 manna nefnd sþ. með 7 shlj. atkv. og í hana kosnir:

Kristján Jónsson	með	9 atkv.
Valtýr Guðmundsson	—	6 —
Júlíus Havsteen	—	4 —

Framh. 2. umr., 20. ágúst. (C. bls. 633; n. 680).

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Nefnd sú, sem skipuð var, til að athuga þetta mál, hefir látið uppi álit sitt og komist að þeirri niðurstöðu, að frumv. sé að ýmsu leyti nauðsynlegt og gagnlegt. Það miðar til þess að stemma stigu fyrir þeim yfirgangi, sem Norðmenn hafa haft hér við land.

Það eru nú nærfelt 30 ár, síðan Norðmenn fóru fyrst að stunda síldveiðar hér við landið, og var það þá í fyrstu álit yfirvaldanna, að nægilegt væri, að þessir menn leystu hér borgarabréf.

Á meðan þessi herfilegi misskilningur laganna viðgekst, gekk alt eins og í sögu fyrir Norðmönnum, sem stunduðu síldarveiði hér frá skipum sínum, sem voru látin liggja hér í landhelgi vikum og mánuðum saman þvert ofan í gildandi lög, án þess neitt væri amast við þeim af hálfu valdsmanna. Á þetta komst samt brátt lag, og Norðmenn fengu að vita, hvað til þeirra friðar heyrði í þessu tilliti. Þeim var bannað að hafa um hönd nokkra veiði í landhelgi, nema þeir settust að hér, og þeim var einnig bannað að nota skip sín til þess að salta niður aflann í þeim, því vitanlega var þessi athöfn, söltunin, skoðuð sem partur af veiðunum. Norðmenn reyndu svo með öllu móti til þess að fara í kringum lögin, og viðhöfðu þá aðferð að því leyti, er hið síðarnefnda atriði snerti, að leigja innlend skip hjá landsmönnum, til þess að salta síldina í þeim, og lögðu þessum skipum við hliðina á sínum skipum. Búsetuskyldan var þeim sér í lagi mjög hvimleið, og til þess að komast hjá henni, varð að fá leppa, sem kallaðir voru eigendur útgerðarinnar og taldir sem þeir, er ræku veiðina. Samt bar ekki svo mikið á þeim fyrst framan af. Þess skal einnig getið, að Norðmenn fundu einnig upp á því að leigja skip innlendra manna

til fiskiveiða í landhelgi, og fengu þeir, sem léðu skip sín til þessarar atvinnu, jafnvel meðhald hjá dómstólunum hér. Þessi atvinna varð samt að falla niður, eftir að hæstaréttardómur var upp kveðinn í einu máli á móti manni, sem á sagðan hátt studdi útlendinga í því, að viðhafa þessa veiði í landhelgi.

Það fór nú svo bráðlega, að síldin lagðist frá landinu, og svo urðu Norðmenn fyrir þeim hnekki á Eyjafirði að missa yfir 30 skip á einum degi. Þetta hvorttveggja gaf tilefni til, að vér losnuðum að kalla við þessa leiðindagesti um nokkur ár. Síldveiðin var naumast stunduð, sem nokkru munaði, nema af Wathne, sem að vísu var norskur maður, en alt öðruvísi í allri framkomu sinni hér en landar hans, af Tulinius á Eskifirði og nokkrum mönnum á Akureyri.

Á síðari árum eru Norðmenn aftur farnir að færa sig upp á skaftið; þeir koma hér til landsins á stórum gufuskipum, útbúnum með öllu því, sem til síldveiðar heyrir, svo sem báta, nætur o. s. frv. Útgerðin er seld einhverjum lepp til málamyndar og veiðin er svo rekin í nafni leppsins; að haustinu til, þegar veiðinni er lokið, selur leppurinn svo aftur hinum réttu eigendum útgerðina.

Frumv. miðar til að koma í veg fyrir, að þetta lagaleysi viðgangist, en lögin 25. sept. 1902, um síldarnætur, snerta að eins síldarnætur frá öðrum ríkjum. Norðmenn hafa sem sé fundið ráð til þess að fara í kring um þau lög, með því að láta nætur sínar koma frá Danmörku eða Færeyjum. Nefndin hefir eigi gert neinar verulegar breytingar á frumv.; í 1. gr. er bætt tveimur orðum við til skýringar, og svo er lágmark sektanna í 7. gr. fært niður. Hinar breytingarnar eru orðabreytingar. Eg leyfi mér nú í nafni nefndarinnar, að mæla sem bezt með frumv. þessu, sem er sannarleg réttarbót og mjög nauðsynleg.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þskj. 557, við 1. gr., sþ. í e. hlj.

1. gr., breytt, sþ. í e. hlj.

2. — sþ. í e. hlj.

Breyt.till. á þskj. 557, við 3. gr., sþ. í e. hlj.

3. gr., breytt, sþ. í e. hlj.

Breyt.till. á þskj. 557, við 4. gr., sþ. í e. hlj.

4. gr., breytt, s. í e. hlj.

5. og 6. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Breyt.till. á þskj. 557, við 7. gr., sþ. með 10 shlj. atkv.

7. gr., breytt, sþ í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. sþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 22. ágúst. (C. bls. 723).

ATKV.GR.: Frumv. sþ. með 9 shlj. atkv. og verður endursent forseta Nd.

Friðun hvala.

FRUMVARP til laga um breyting á 1. gr. í lögum 19. febr. 1886 um friðun hvala; 1. umr., 5. ágúst. (C. bls. 470).

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Önnur umr., 7. ágúst. (C. bls. 470).

Kristján Jónsson: Með þessu frumv. er farið fram á að gera 2 breytingar á lögum 19. febr. 1886 um friðun hvala; önnur breytingin er sú, að nú eiga eftir frumv. tannhvalir að vera friðaðir, en það eru þeir ekki eftir nýnefndum lögum. Hin breytingin fer fram á, að friðunartíminn skuli lengdur þannig, að allir hvalir nema smáhveli skuli friðaðir árið um kring; nú eru þeir ekki friðaðir nema nokkurn tíma ársins; við þetta síðara ákvæði, að allir þessir hvalir skuli vera friðaðir fyrir skotum í landhelgi allan árshringinn, hefi eg ekkert að athuga, en

óska að eins að fá upplýsingar um, hvernig á hinni breytingunni stendur, að tannhvölum nú, sem í gildandi lögum eru settir við hliðina á smáhvölum, hefir verið slept úr upptalningunni í frumv.-greininni; einhver orsök hlýtur þó að vera til þess. Eg er ekki hvalafróður maður og vildi þess vegna óska, að einhver háttv. þingd.m. gæfi mér upplýsingar um, hvernig á þessari fyrri breytingu stendur.

ATKV.GR: 1. gr. frv. sþ. með 7 atkv.
2. gr. frv. sþ með 6 atkv.
Fyrirsögnin sþ. með 6 —
Frumv. vísað til 3. umr. með 6 atkv.

Þriðja umr., 11. ágúst. (C. bls. 470).

Kristján Jónsson: Eg gat þess við 2. umr. þessa máls, að mér væri það ekki ljóst, af hvaða ástæðum breyting hefir verið gerð á lögum 19. febr. 1886 að því, er tannhvali snertir. Það lítur svo út eftir þessu frumv., að tannhvalir skuli líka friðaðir. Eg hefi leitað mér upplýsinga hjá þeim, sem flutt hafa þetta mál, um það, hvort heppilegt mundi að friða þessa hvali, og álíta þeir það mjög vafasamt. En sé svo, þá er að minsta kosti eigi rétt að breyta lögunum 19. febr. 1886 í þessu atriði. Eg hefi því ásamt 2 öðrum þm. sent breyt.till. þessu viðvíkjandi í prentsmiðjuna, og með því að hún hefir eigi enn verið lögð fram, vil eg leggja það til, að málið verði tekið út af dagskrá.

Forseti: Ef enginn hefir neitt við það að athuga, þá verður mál þetta tekið út af dagskrá.

Málið tekið út af dagskrá.

Framh. 3. (2. umr.,) 13. ágúst. (C. bls. 470; 604).

Kristján Jónsson: Eg stend að eins upp til þess að benda á breyt.till., sem eg á ásamt 2 öðrum hv. þingm. á þskj. 461, og sem fer í þá átt, að færa frumv. nær lögunum 19. febr. 1886 í einu atriði, sem frumvarpshöfundarnir víst eigi ætluðu að breyta. Eg gat um það, þegar þetta mál var síðast hér fyrir deildinni, að mér væri ekki ljóst, af hvaða ástæðum frumv. þetta færi fram á breytingu á þessum lögum að því er tannhvali snertir; eg hefi síðan átt tal um þetta við höfunda frumv. og þeir hafa heldur ekki getað gefið mér neinar skýringar á þessu atriði. Eg vil því vona, að háttv. deild samþykki þessa breyt.till., því að eins og eg áður hefi tekið fram, álít eg ekki rétt að breyta gildandi lögum, nema hægt sé að finna einhverja ástæðu fyrir breytingunni, en engin ástæða hefir verið tilgreind fyrir því, að nú skuli friða tannhvali, sem eigi hafa verið friðaðir að undanförnu.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 461 samþ. með 10 atkv.
1. gr., þannig breytt, sþ. með 10 atkv.
2. gr., samþ. með 10 atkv.
Fyrirsögn frumv. samþ. með 10 atkv.
Frumv. vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Þriðja umr., (frh.) 15. ágúst. (C. bls. 638).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. með 9 shlj atkv. og verður endursent til forseta. Nd.

Strandgæzlubátur.

TILLAGA til þingsályktunar um sérstakan strandgæzlubát við Faxaflóa.
Ein umr., 9. júlí. (C. bls. 191).

Flutningsmaður (Valtýr Guðmundsson): Till. sú, sem hér liggur fyrir, er ekki nein nýlunda hér á þinginu. Hún hefir verið hér áður samþykt af báðum deildum þingsins. Þrátt fyrir það hefir enn sem komið er enginn árangurinn orðið af henni, og því hefir þess verið farið á leit við mig af kjósendum mínum, að eg bæri till. fram enn að nýju

Öllum mun nú ljóst, að sú strandgæzla,

sem þetta eina skip á að halda uppi kringum alt land, er næsta ófullkomin, og flestir munu þeirrar skoðunar, að betra væri að hafa fleiri báta en minni til strandgæzlunnar. Ef til vill væru hentugastir litlir fallbyssubátar, líkir botnvörpungunum sjálfum í lögun. svo þeir ættu sem bágast með að þekkja þá frá. Það er sýnilegt, að eins og nú stendur, getur strandgæzlan eigi komið að fullum notum. Eg sá það sjálfur á ferðum mínum suður um sýsluna í vor; þá lágu botnvörpungar ávalt hópum saman undir landi í landhelgi.

Á hinn bóginn er það auðvitað spursmál, hvort stjórnin muni nú frekar en fyr koma þessari till. í framkvæmd, en eg skal þó geta þess, að það hefir komið til orða í ríkisþinginu að byggja ný skip til strandgæzlunnar við Ísland, minni og hentugri og það er spursmál, hvort dýrara verður. Í annan stað er nú í ráði, svo sem háttv. þingd. er kunnugt, að samþ. til fullnaðar frumv. um nýtt stjórnarfyrirkomulag. sem losar dönsku stjórnina við talsverðan kostnað, er hún áður hafði að lögum, því eins og allir vita, tók danska stjórnin að sér, þegar fjárhagurinn var aðskilinn, að greiða vexti af því fé, er frá Íslandi hafði runnið inn í ríkissjóðinn. Þessa vexti hafa þeir greitt í fyrsta lagi með árlegu föstu tillagi til landssjóðs, 60,000 kr. á ári, í öðru lagi með lausatillaginu, sem upprunalega var 40,000 kr., en fór smáminkandi og er nú algerlega horfið. Í þriðja lagi með því, að taka að sér að halda uppi póstskipaferðum milli Kaupmannahafnar og Íslands, og í fjórða lagi með því að greiða útgjöldin til hinnar æðstu stjórnar Íslands í Kaupmannahöfn. Alt þetta eru vextir af fé, sem Íslendingar áttu inni í ríkissjóðnum, og Jón Sigurðsson sannaði að þeim bæri með réttu og jafnvel meira.

Þegar nú danska stjórnin losast við kostnaðinn við æðstu stjórn Íslands, þá virðist mér það ekki nema sanngjarnt, að hún legði fram meira fé en hún hingað til hefir gert til strandgæzlunnar. Og eg hugsa, að ef stjórn vor fylgdi kröfum okkar í þessu efni kröftuglega fram þá mundi vissulega verða einhver árangur af því. Við sjáum, hverju Færeyingar fengu áorkað, er þeir senda hinn æðsta valdsmann sinn, amtmanninn, til þess að fylgja málinu við ríkisþingið; þá fengu þeir óðara strandgæzluskip allan ársins hring. Eg efast ekki um, að líkt mundi fara, ef kröftug tilraun væri gerð til þessa frá okkar hálfu, en mér er eigi kunnugt um, að stjórn vor hafi enn sem komið er lagt nokkurt kapp á að fá þessu framgengt.

Það er líka sú sérstaka ástæða fyrir hendi til þess að ætla, að mál þetta fái nú betri byr en áður, að í Danmörku eru nú orðin stjórnarskifti, og að fyrir Íslandsmálum ræður nú nýr maður, sem hefir sýnt það, að hann að ýmsu leyti vill líta á rétt vorn. T. d. vil eg geta þess, að það hefir víst aldrei hent fyr en nú, að hið Sameinaða gufuskipafélag hafi greitt íslenzkum farþegum skaðabætur, þó það hafi brotið gegn samningi sínum við oss, og mætti ætla, að þessi sama sanngirni kæmi fram í öðrum málum.

Að endingu vil eg óska þess, að till. þessi fái góðan byr gegn um þessa deild og þingið, og að stjórn vor vinni öfluglega að því, að fá henni framgengt.

Eg vil enn fremur leyfa mér að bæta því við, til athugunar fyrir háttv. þ.d., að mér virtist sanngjarnt, að alþingi, til þess að herða á framkvæmdum stjórnarinnar, legði fram að sínu leyti einhverja fjárupphæð, t. d. fjárupphæð, er svaraði til sekta þeirra, er árlega koma inn fyrir brot á landhelgislöggjöfinni. Mér sýnist það satt að segja líta hálfilla út, að strandgæzlan, sem Danir halda uppi með allmiklum kostnaði, skuli vera gróðafyrirtæki fyrir Ísland.

Christensen Stadil, núverandi kirkju- og kenslumálaráðherra, hreyfði þessu við mig

fyrir nokkru, og kvað það ósanngjarnt, að sektir allar rynnu í landssjóð, og að það mundi herða mjög á Dönum í þá átt að sinna þessu máli, ef landið sjálft legði til upphæð, er að minsta kosti svaraði sektunum.

ATKV.GR.: Meginmál till. sþ, í e. hlj.
Fyrirsögn till. sþ. í e. hlj.
Till. verður afgreidd til Nd.

Verzlunarlóð Reykjavíkur.

FRUMVARP til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavik; 1. umr., 28. júlí. (C. bls. 343).

Kristján Jónsson: Mál þetta er komið hér fyrir þingið að tilhlutun bæjarstjórnar Reykjavíkur, og er svo undirbúið frá hennar hálfu, að hún kaus nefnd, til þess að íhuga málið, og jafnframt að koma fram með tillögur. Þessi nefnd hefir nú samið frumv. það, sem hér liggur fyrir. Hún sendi það til bæjarstjórnarinnar, sem samþ. það á lögmætum fundi, og loks hefir það nú fengið samþ. háttv. Nd. Eg hefi getið þessa, til þess að sýna, að frumv. hefir fengið svo rækilegan undirbúning, sem frekast voru föng á.

Um efni þess er fátt eitt að segja. Ástæðan til þess, að það er fram komið, er sú, að nauðsyn bar til að færa út verzlunarlóð bæjarins, það er þá lóð, er reisa megi á verzlunarhús og reka verzlan, einkum austur á við, því að bærinn stækkar aðallega eða mest austur á bóginn. Eg skal geta þess, að fyrir nokkrum árum flutti maður, sem eg þekti, vestan úr bæ og inn á Laugaveg. Hann bygði þar hús og ætlaði að fara að verzla þar. En hann er þá svo óheppinn, að hann byggir húsið í ógáti fyrir austan verzlunarlóðina. Hann er því ekki farinn að fá verzlunarleyfi þar enn í dag, því húsið gat hann ekki flutt.

Gamla línan, sem takmarkaði verzlunarlóðina að austan, gekk, eins og menn vita, úr Skólavörðunni niður að Helgastaðabænum, en nú er meiningin að flytja takmörkin austar, svo að þau séu lína úr merkjaskurði og grjótgarði austan við Félagstún svokallað fyrir austan Rauðará, og upp á Laugaveg.

Annars skal eg ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en leyfi mér að leggja það til, að háttv. deild samþykki frumv.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 30. júlí. (C. bls. 343).

ATKV.GR.: Meginmál frumv. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögnin samþ. í e. hlj.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 3. ágúst. (C. bls. 343).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og verður afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Lóðasala í Reykjavík.

FRUMVARP til laga um heimild til lóðasölu fyrir Reykjavíkurkaupstað; 1. umr., 28. júlí. (C. bls. 343).

Kristján Jónsson: Það er sama að segja um þetta frumv. og hitt, sem var fyrir hér næst á undan, að það er samið eftir fyrirlagi bæjarstjórnar Reykjavíkur af nefnd, er hún kaus til þess starfa, síðan samþykt af bæjarstjórninni á lögmætum fundi, og nú samþykt af háttv. Nd., eftir að nefnd hafði þar haft það til meðferðar. En efni frumv. er það, að veita bæjarstjórninni heimild til þess að heimta endurgjald fyrir lóðir, sem hún mælir út, hvort heldur utan verzlunarlóðarinnar eða á henni. Þetta er nýtt ákvæði, því í þau rúm hundrað ár, sem Reykjavík hefir verið kaupstaður, hefir það verið regla, þótt nokkuð sé vafasamt, hvort hún hafi átt við skýlaus lög að styðjast, að láta bæjarmenn fá ókeypis lóðir undir hús sín.

En nú á síðari árum, síðan menn fóru svo mjög að flykkjast til bæjarins, hefir þorið eigi all-lítið á því, að menn hafa „spekúlerað“ í lóðum eða öllu heldur lóðarútmælingum. Menn hafa fengið útmældar stórar lóðarspildur, ekki til þess að byggja á þeim, heldur til þess að okra með þær, og svo selt þær aftur eftir lítinn tíma fyrir mikið verð, án þess að hafa bætt þær að nokkrum mun, og án þess að hafa greitt nokkuð fyrir þær. Bæjarstjórnin álítur rétt að koma í veg fyrir þetta, og í þá átt fer frumv., og eg vil því mæla með því, að það verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá háttv. Nd.

Júlíus Havsteen: Eg vildi að eins geta þess, að mér þykir það ísjárvert að láta bæjarstjórnina eina um að ákveða verðið á lóðum þessum. Mér fyndist réttara að láta eitthvert annað stjórnarvald eða óvilhalla menn ákveða það, vegna þess að bæjarstjórnin getur eftir frumv. heimtað það verð, sem henni sýnist og sett mönnum afarkosti. Það var að eins þetta, sem eg vildi vekja athygli á við þessa umr.

Kristján Jónsson: Eg hygg, að þessi uggur háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) hafi við lítil rök að styðjast. Eg get ekki séð, að þessi eign bæjarins, lóð hans eða land, eigi að fylgja öðrum reglum, en aðrar eignir, og það er altaf svo, að seljandi ákveður verðið fyrir eign sína, er hann vill selja hana. Það er heldur engin ástæða til þess að ímynda sér, að bæjarstjórnin muni vilja skaða bæjarmenn, því að það hlyti að verða bænum sem félagi til skaða; nú er það ekki heldur þannig eftir frumv., að bæjarstjórnin ákveði verðið alveg af einræði sínu, heldur gerir hún það eftir tillögum byggingarnefndar, en í henni sitja ekki eingöngu menn úr bæjarstjórninni, heldur 2 menn aðrir. Raunin mun allajafna verða sú, að tillögur byggingarnefndar um söluna verða teknar til greina.

En mér finst það í alla staði rétt, að bæjarstjórnin hafi rétt til að samþykkja verðið og söluna, eða synja um hana.

Háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) stakk upp á því, að óvilhallir menn ákvæðu kaupverðið, en eftir þeirri reynslu, sem vér höfum um það hér í bænum, þá get eg ekki mælt með því, því að venjulega er óvilhallra manna mat mjög óáreiðanlegt og óaðgengilegt fyrir bæinn. Þegar hið opinbera (bærinn) er öðru megin og einstaklingurinn hinu megin, vill sú raun á verða, að réttur almennings sé eigi gaumgæfður og verði að lúta í lægra haldi.

Bæjarstjórninni er þetta áhugamál. Það hefir verið fyrir þinginu áður, en ekki fengið framgang. En þar eð þetta er algerlega innanbæjarmál, sem bæjarstjórnin ætti að fá að ráða sem mestu um sjálf, þá vona eg, að þessi háttv. deild leggi ekki stein í götu frumv.

Júlíus Havsteen: Það eru að eins fáein orð, sem eg ætla að segja.

Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J,) sagði, að seljandi ætti að ákveða verðið. Við þetta er það að athuga, að það er nauðsynlegt, að hér séu bygð hús; þess vegna verður að kontrollera bæjarstjórnina, til þess að koma í veg fyrir, að hún heimti of hátt verð og geri bæjarmönnum þannig ómögulegt að byggja.

Hvað því viðvíkur, sem hann sagði, að byggingarnefndin ætti að vera í samráði við bæjarstjórnina, þá þykir mér það engin trygging, því eg hefi fremur traust á bæjarstjórninni en byggingarnefndinni.

Annars er mér þetta ekki neitt kappsmál.

Kristján Jónsson: Út af orðum háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) skal eg leyfa mér að benda á það, að talsvert af landi því, sem hér er um að ræða, hefir bærinn keypt fyrir fult verð, en það land, sem konungur gaf til bæjarþarfa, er fyrir löngu útmælt. Bærinn hefir keypt jarðirnar

Sel, Hlíðarhús, Rauðará, Klepp og Laugarnes og borgað fult verð fyrir. Hann á því þetta land með fylsta eignarrétti, en hingað til hefir það verið útmælt gefins og það er augljóslega rangt, úr því að bærinn hefir borgað það fullu verði. En um þetta getur háttv. 6. kgk. þm. (E. Br.) vist gefið betri upplýsingar en eg, því að hann er því kunnugri, þar sem hann hefir setið svo mörg ár í bæjarstjórn Reykjavíkur.

Eiríkur Briem: Út af orðum háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) skal eg geta þess, að það er rétt, sem hann segir. Bærinn hefir keypt jarðirnar Sel, Bráðræði, Ánanaust, Hlíðarhús og Rauðará, en við það er það að athuga, að jarðir þessar höfðu sameiginlegt beitiland við Reykjavík og því er það og alt að nokkru leyti keypt.

En viðvíkjandi því, sem háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) tók fram, þá ímynda eg mér, að engin ástæða sé til að hræðast það, að bæjarstjórnin heimti of hátt verð fyrir lóðirnar vegna þess, að hér eiga svo margir privatmenn tún og stórar lóðir, að bæjarstjórnin getur varla sett neitt okurverð á lóðir vegna samkepninnar.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr í e. hlj.

Önnur umr. 30. júlí. (C. bls. 343).

ATKV.GR: 1.—3. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 3. ágúst. (C. bls. 343; 461).

Jón Jakobsson: Eg á hér lítilfjörlega brtill. við frv. til laga um lóðarsölu fyrir Reykjavíkurkaupstað. Þetta er svo einfalt mál, að ekki er ástæða til að fara um það mörgum orðum.

Eins og þessi brtill. ber með sér, á hún aðallega við 1. gr., en þó virtist oss harðdrægt að því, er 2. gr. snertir, að menn, sem frá lóð hverfa, t. d. maður, sem bygt hefir hús eða kjallara, skuli ekkert endurgjald fá, ef hann skyldi burtu fara eða deyja. Öll sannsýni virðist mæla með því, að sá, sem eftir sig lætur einhver mannvirki eða byggingar, fái erfiði sitt endurgoldið, þegar hann hverfur frá og fer í burtu af lóðinni.

ATKV.GR.: Viðaukatill. á þskj. 336 sþ. í e. hlj.

Frv., breytt, sþ. í e. hlj. og endursendist forseta Nd.

Bæjarstjórn í Reykjavík.

FRUMVARP til viðaukalaga við lög nr. 17, 13. sept. 1901 um brt. á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík; 1. umr., 28. júlí. (C. bls. 344).

Kristján Jónsson: Það er sama að segja um þetta frv., og hin 2 á undan, að það er samið af nefnd, sem bæjarstjórnin kaus til þess og samþ. af henni, og nú hefir hv. Nd. samþykt það, eftir að nefnd hefir haft það til meðferðar þar. Eftir lögum 13. sept. 1901 getur bæjarstjórnin samið byggingarsamþykt fyrir bæinn, og hefir hún gert það nú þetta ár. Það ber undir landshöfðingja að staðfesta þessa byggingarsamþykt, en eg veit ekki, hvort hann hefir gert það enn. Samkvæmt nýnefndum lögum né heldur öðrum lögum hefir bæjarstjórnin ekki vald til að leggja gjöld á bæjarmenn, en byggingarsamþyktin hefir útgjöld í för með sér og gerir ráð fyrir ýmsum útgjöldum, t. a. m. launum handa byggingarfulltrúa. Í ýmsum dönskum og norskum byggingarsamþyktum eru ákveðin hæfileg gjöld bæði fyrir undanþágur frá byggingarsamþyktinni og eins fyrir störf byggingarfulltrúa. Ákvæði í þessa átt gat bæjarstjórnin ekki sett í byggingarsamþyktina, en hins vegar þótti henni nauðsynlegt að fá lagaheimild til

þess að ákveða gjöld af þessu tagi með samþykt.

Þess vegna hefir hún látið semja þetta frv., í von um að alþingi mundi samþykkja það. Og hún álítur, að það geti ekki að neinu leyti álitist athugavert að samþykkja það.

1. gr. frv. hljóðar um það, að bæjarstjórnin fái heimild til að ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi, sem bæjarstjórn og byggingarnefnd veitir, svo og fyrir störf byggingarfulltrúa.

2. gr. frv. hljóðar um það, hverjir greiða skuli gjöldin og hvert þau skuli renna, nefnilega í bæjarsjóð, en bæjarsjóður launar aftur á móti byggingarfulltrúanum. Málið er áhugamál bæjarstjórnarinnar og eg vona, að frv. nái samþykt þessarar deildar.

ATKV.GR.. Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 30. júlí. (C. bls. 344).

ATKV.GR.: 1. gr. frv. sþ. í e. hlj.

2. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin sþ. í e. hlj.

Vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 3. ágúst. (C. bls. 344).

ATKV.GR: Frv. sþ. með 10 shlj. atkv. og verður afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

Bæjarstjórnakosningar.

FRUMVARP til laga um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum; 1. umr., 15. ágúst. (C. bls. 630).

Eiríkur Briem: Eg stend upp, að eins til þess að láta í ljós það álit mitt, að þetta frv. feli í sér verulega réttarbót, og eg vil óska, að það fái sem greiðastan gang hér í gegnum deildina, og megi sem fyrst verða að lögum.

Kristján Jónsson: Eg er á sama máli og hv. 6. kgk. þm. (E. Br.) um það, að frv. þetta hafi réttarbót í sér fólgna og miði að því að bæta úr misfellunum við bæjarstjórnakosningar, sem komið hafa í ljós á síðustu árum, en á hinn bóginn held eg, að ýmislegt kunni að vera við frv. að athuga, þó að eg hafi enn sem komið er eigi getað athugað það svo vandlega, að eg geti fyllilega um það dæmt í öllum atriðum. En hv. þm. í Nd. hefir bent mér á, að 2 eða 3 atriði frv. þyrfti nákvæmari íhugunar enn.

Eg vil því leyfa mér að gera það að tillögu minni, að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til nefndar þeirrar, sem skipuð var í byrjun þings, til að athuga alþingiskosningalagafrv.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. vísað til kosningalaganefndarinnar með 6 shlj. atkv.

Önnur umr. 20. ágúst. (C. bls. 630; n. 674).

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Það er harla stutt nefndarálit, sem hér liggur fyrir, enda var tíminn svo naumur, að nefndinni gafst ekki tími til að rannsaka málið nákvæmlega; en með því að nefndinni virtist frv. horfa til bóta og það vera nýtilegt, eins og það liggur fyrir, þá hefir hún ráðið til að samþykkja það óbreytt. Að vísu áleit nefndin, að heppilegt hefði verið að gera ýmsar breytingar á frv., en af því hún tældi tvísýnu á, hvort það mundi þá ná fram að ganga, og hún hins vegar vildi stuðla að því, þá hefir hún tekið þenna kostinn. Eins og eg tók fram, gat nefndin eigi alls kostar felt sig við ákvæði þessa frv. og áleit, að þau sum hefðu mátt vera betri á annan hátt; hún áleit, að niðurröðun efnisins væri ekki eins skipuleg, sem æskilegt væri, og að

sum ákvæði hefðu mátt vera nokkru skýrari og nánar ákveðin og vil eg leyfa mér að færa nokkur rök fyrir þessu, þó það að vísu hafi ekki neina þýðingu, þar sem nefndin hefir ekki komið með neina brtill.

Í 2. gr., 4. lið, stendur: „Þegar kjörstjórnin o. s. frv., skal það gert með úrskurði er færður sé í kjörbókina". Nefndinni hefði þótt geðfeldara, að staðið hefði: „er færður sé inn í kjörbókina".

Í 3. gr. stendur: „Kjörstjórnin sér um útvegun á kjörseðlum o. s. frv., sem nægja þykir". Betra hefði verið að segja: Svo sem nægja þykir.

Í sömu gr. stendur: Að kosningin fari fram á þann hátt, að kjósandi afhendi slíkan kjörseðil innlagðan í umslag.

Þessi ákvörðun kemur aftur í annari gr., nefnilega 6. gr. Þar á hún heima, en er óeðlileg og kemur illa við á þessum stað.

Þá stendur í 3. gr., síðustu málsgr.: „Ekkert annað nafn" o. s. frv., en eftir því, sem undan er komið, á þetta illa við.

Þá er annar liður 6. gr. Þar kemur það ákvæði, er eg áður hefi getið um, að væri endurtekið úr 3. gr., en á betur við hér.

Enn fremur stendur í sömu grein: „annar úr kjörstjórninni" o. s. frv. og „hinn úr kjörstjórninni" o. s. frv.; en þetta er óviðfeldið og hefði farið betur að segja: annar meðkjörstjórinn og hinn meðkjörstjórinn. Í sömu grein stendur og: Að oddviti leggi umslagið í augsýn kjósanda niður í atkvæðakassann. Þetta mun vera nokkuð dönskublandið, er maður á dönsku segir „nedlægge", og mundi vera betra mál: og leggur það í atkvæðakassann.

Í sömu gr. stendur síðast: Þetta skal vera bókað að tilgreindum ástæðum. Mundi vera betra mál: Með tilgreindum ástæðum.

Í 9. gr. stendur: Hæsta útkomutalan gefur þeim lista, er hana hefir öðlast, rétt til 1. fulltrúa. 1. er þar skrifað með tölustöfum en væri betra með orðum (fyrsta fulltrúa). Sama er að segja um 2. fulltrúann, sem kemur fyrir í sömu gr.

Svo sem háttv. deild mun ljóst, er aðalkostur þessa frv. sá, að það innleiðir hlutfallskosningar og leynilegar kosningar. Eg efast nú ekki um, að menn muni bráðlega átta sig á og fella sig vel við þá meginreglu, sem frv. hefir fram að bjóða, og að hún muni verða til þess, að efla sanngirni og réttlæti í kosningum. Hv. þdmenn munu því síður efast um þetta, sem þeir hafa lagt mikið kapp á að koma á leynilegum kosningum til alþingis, og hvað hlutfallskosningum viðvíkur, þá eru þær þektar hér í þinginu og notaðar við nefndakosningar, til þess að koma á meiru jafnrétti, og eg hygg, að þeir kostir, sem þessar kosningaraðferðir hafa í för með sér, muni nást með þessum lögum, þó að það sé satt, að mörg af ákvæðum þessa frv. séu eigi svo nákvæm, eins og æskilegt væri, og eigi eins nákvæm, eins og ákvæði kosningalaga til alþingis.

Auðvitað má við því búast, að kjósendur átti sig ekki þegar í stað á öllum þeim ákvæðum, sem í frv. eru, en lögin sjálf mæla svo fyrir, að á kjörstöðunum séu festar upp prentaðar leiðbeiningar, og geri eg ráð fyrir, að þær verði svo nákvæmar og skilmerkilegar, að þær geti komið kjósendunum að fullum notum.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. sþ. í e. hlj.
2.—12. gr. frv. sömuleiðis.
Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 22. ágúst. (C. bls. 630).

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Sem framsm. þessa máls vil eg geta þess, að þar sem engar brtill. hafa komið fram við þetta frv., þá verð eg að álíta, að frv. eigi hér á þinginu að eins vini, en enga óvini. Eg vil því leggja það til, að frv. verði sþ., þótt nefndin, eins

og eg gat um um daginn, álíti það eigi með öllu gallalaust.

ATKV.GR.: Frv. sþ. með 9 shlj. atkv. og verður afgr. til landsh. sem lög frá alþingi.

Bæjarstjórn á Ísafirði.

FRUMVARP til laga um breytingu á 24. gr. í lögum um bæjarstjórn á Ísafirði frá 8. okt. 1883; 1. umr., 22. júlí. (C. bls. 282).

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Önnur umr., 24. júlí. (C. bls. 282).

ATKV.GR.: Meginmál frumv. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. sþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 28. júlí. (C. bls. 282).

ATKV.GR: Frumv. í heild sinni sþ. í e. hlj. og verður afgr. til landsh. sem lög frá alþingi.

Hafnsöguskylda í Ísafjarðarkaupstað.

FRUMVARP til laga um hafnsögugjaldsskyldu í Ísafjarðarkaupstað; 1. umr., 30. júlí. (C. bls. 396).

Kristján Jónsson: Eg skal leyfa mér að tala nokkur orð um mál þetta Eg álít það venjulega ekki rétt, að vér séum afskiftasamir um innanbæjarmál eða innsveitismál annara héraða, en mér finst, að eg þurfi að fá nokkrar upplýsingar um þetta mál, áður en eg get gefið þessu frv. atkvæði mitt. Í 2. gr. frumv. er ekki tekið fram, hvert gjald það, sem þar ræðir um, skuli renna. Meiningin er líklega, að það eigi að renna í bæjarsjóð Ísafjarðarkaupstaðar eða þá ef til vill í hafnarsjóð hans, ef hann annars er til; þetta þarf að taka fram. En þetta var ekki aðalatriðið, sem kom mér til að standa upp, heldur það, að í 2. gr. stendur, að hafnsögugjaldið skuli greiðast eftir þeim taxta, er nú gildir um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað, eða síðar kann settur að verða.

Eg hefi leitað að þessum taxta, en hvergi getað fundið hann, og þess vegna vildi eg leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hv. 1. kgk. þm. (J. H.), hvort hann ekki geti upplýst mig um, hver hafi sett þenna taxta og hvar hann sé að finna. Vér höfum haft fleiri lög, sem heimila taxta-setningu, svo sem um sótaragjald í hitt eð fyrra og varð þá ágreiningur út úr því, hvort landshöfðingi eða amtmaður ætti að staðfesta taxtann, og varð það ofan á, að landshöfðingi skyldi staðfesta þann taxta. Svo höfum vér taxta um hafnsögugjald í Reykjavík, en þar er taxtinn ákveðinn í sjálfum lögunum. En að öðrum kosti mun það jafnan hafa verið áskilið, að taxtinn sé staðfestur af æðri yfirvöldum, og mér finst það viðurlitamikið, að fela sveitarstjórnum einum að öllu leyti að ákveða slíka taxta, eftir geðþótta sínum; eg álít nauðsynlegt, til tryggingar fyrir gjaldþegnana, borgarana, að æðri stjórnarvöldum, landshöfðingja eða ráðherra sé áskilinn réttur til að samþykkja taxtann. Þetta er ástæðan til þess, að eg get ekki gefið frv. samþykki mitt, áður en eg fæ upplýsingar um þetta atriði.

Júlíus Havsteen: Því miður get eg eigi að sinni svarað þessari fyrirspurn, en taxtinn er til og mig minnir, að hann sé frá árinu 1890.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Önnur umr., 3. ágúst. (C. bls. 396; 461)

Júlíus Havsteen: Eg hefi gætt að,

hvenær hafnsögutaxtinn í Ísafjarðarkaupstað er útgefinn og er það 6. des. 1884. Sama dag er reglugjörð fyrir hafnsöguna þar einnig útgefin af stjórnarráðinu fyrir Ísland.

Í þessum taxta er ákveðið, að gjalda skuli 5 kr. fyrir skip, sem rista alt að 8 fetum, og fyrir skip, sem rista dýpra, 1 kr. að auki fyrir hvert fet. Enn fremur er ákveðið, að hafnsögumaðurinn skuli fá 1 kr. fyrir hverja stund, sem hann er á skipinu fram yfir 6 stundir, en þó ekki meira en 6 kr. fyrir sólarhringinn.

Samkvæmt nefndum ástæðum er það meiningin að láta þessi gjöld renna til hafnsögumannsins.

Eg álít rétt, eins og frumv. fer fram á, að skylda öll skip, á þann hátt, sem þar segir, til þess að greiða hafnsögugjaldið og mun eg greiða því atkv. mitt.

Breyt.till. á þskj. 334, sem fram er komin við frumv., hefi eg ekkert á móti og get gefið henni atkv. mitt.

Kristján Jónsson: Eg þakka háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) fyrir upplýsingar hans í málinu og ummæli hans um breyt.till. mína á þskj. 334.

Í fljótu bragði virtist hún máske vera óþörf, en við nánari athugun vona eg að háttv. þdm. sjái, að hún er á réttum rökum bygð.

Breyt.till. fer fram á, að í stað orðanna í 2. gr. „þeim, er nú gildir... að verða“ komi: „er landsstjórnin setur eftir tillögum bæjarstjórnarinnar á Ísafirði. Gjaldinu skal varið til kostnaðar við hafnsögu á Ísafirði og hefir lögtaksrétt“. Breyt.till. fer fram á það tvent, að landsstjórnin hafa atkvæði um taxtasetninguna, og að gjöldin renni eigi eingöngu til hafnsögumannsins persónulega, heldur gangi til kostnaðar við hafnsögu á Ísafirði yfirleitt, til dæmis til sjómerkja, hafnarljósa o. s. frv., ef þurfa þykir.

Eg vona því, að háttv. deild samþykki breyt.till. mína, sem eg ætla, að eigi við skynsamleg rök að styðjast.

ATKV.GR.: 1. gr. sþ. í e. hlj.

Breyt.till. á þskj. 334, við 2. gr., samþ. í e. hlj.

2. gr., breytt, sþ. í e. hlj.

3. gr., sþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin sþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 5. ágúst. (C. bls. 407).

Kristján Jónsson: Eg vildi að eins benda háttv. þingd.m. á það, að samkv. breyt.till. 334 á orðið „þeim“ í 2. gr. frv., að falla burt. Eg veit, að þetta er rétt, því eg átti sjálfur brt. og hún var samþ. hér í deildinni um daginn. Eg vona því að þetta verði leiðrétt, því frv. er að þessu leyti rangprentað.

ATKV.GR.: Frumv. sþ. í e. hlj. og verður endursent forseta Nd.

Ein umr., 17. ágúst. (C. bls. 640).

ATKV.GR.: Frv. sþ. í e. hlj. og verður afgr. til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

Verzlanaskrár, firma og prókúruumboð.

FRUMVARP til laga um verzlanaskrár, firma og prókuru, 1. umr., 3. júlí. (C. bls. 156).

Júlíus Havsteen: Eg vil leyfa mér, að lokinni þessari umr., að stinga upp á, að kosin verði 3 manna nefnd í málið.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Þriggja manna nefnd samþ. í e. hlj., og hlutu kosningu:

Jón Jakobsson	með	10 atkv.
Kristján Jónsson	—	9 —
Júlíus Havsteen	—	6 —

Önnur umr., 28. júlí. (C. bls. 156, n. 335).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg býst við, að háttv. deildarmenn muni segja, að breyt.till. nefndarinnar séu langt skaft á lítilli grýtu, er þeir virða fyrir sér nefndarálitið og tillögur nefndarinnar. Því er eins varið með þetta frumv., eins og með annað frumv., sem hér var til meðferðar um daginn, nefnilega frumv. um vörumerki, að nefndin hefir getað fallist á stefnu og innihald þess yfir höfuð, og sé eg því ekki ástæðu til, að fara frekar út í einstakar greinar þess, en gert er i ástæðum stjórnarinnar, en skal að eins taka það fram, að frumv. þetta hefir verið samið, til þess að fullnægja ályktun, er samþykt var í báðum deildum alþingis í fyrra, og er það nálega í öllum greinum samhljóða allstórum lagabálki um sama efni, sem hefir verið lögtekinn því nær samhljóða um öll Norðurlönd, og með því að efni þessara laga í eðli sínu er alþjóðlegt, þá má ætla, að þau eigi einnig vel við hér á landi, þar sem verzlun vor og meiri háttar atvinnurekstur hefir um langan aldur sætt líkum kjörum og í Danmörku og Noregi. Eg skal jafnframt geta þess, að frumv. var þannig samið frá stjórnarinnar hendi, að nefndin sá sér ekki annað fært, en að semja það af nýju að miklu leyti, þar sem það er ekki íslenzkt mál og ekki auðskiljanlegt mál á því. Þó hefir nefndin ekki farið svo langt að umsteypa frv. algjörlega, eða rita það alveg upp aftur, því að til þess hefði hún þurft að taka efnið úr því og semja það alveg að nýju, svo að í raun og veru eru breytingar nefndarinnar á frumv. að eins orðabreytingar, og þarf eg ekki að fjölyrða um þær, því að hver deildarmaður getur dæmt um, hvort honum líkar betur orðalagið á frumv. eða breytingar vorar; en samt held eg, að tillögur vorar séu til bóta yfirleitt, og þess vegna ráðum vér háttv. deild til að samþykkja þær. Eg hefi ekki farið svo nákvæmlega í gegnum breyt.till., að eg geti staðhæft, að ekki séu nokkrar prentvillur í þeim, og eg sé, að slæðst hefir ein slæm prentvilla á bls. 5: tilfinningarskyldan fyrir: tilkynningarskyldan; á 8. bls. í fyrirsögninni stendur firma fyrir firmu. Í 4. gr. nefndarálitsins, í 1. línu, stendur: skrásetningarvaldmaður fyrir skrásetningarvaldsmaður. Á bls. 4 í 17. gr., tölulið 3., stendur atvinnar fyrir atvinna.

Þá hefi eg ekki fleira að athuga um þetta mál, en skal að eins geta þess, að nefndin hefir fallist á að taka upp orðið firma og vill leggja til, að það verði tekið upp í málið og beygt eins og auga eða eyra. Það þykir ef til vill óviðkunnanlegt í fyrstu, en menn munu venjast við það.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þskj. 186, við 1. gr., sþ. í e. hlj.

1. gr. frv. þar með fallin.

Breyt.till. á þskj. 186, við 2. gr., sþ. í e. hlj.

2. gr. frv., breytt, sþ. í e. hlj.

Breyt.till. á þskj. 186, við 3. gr., sþ. í e. hlj.

3. gr. frv., þannig breytt, sþ. í e. hlj.

Breyt.till. á þskj. 186, við 4. gr., sþ. í e. hlj.

4. gr. frumv. þar með fallin.

Breyt.till. á þskj. 186, við 5. gr., sþ. með 8 atkv.

5. gr. frumv. þar með fallin.

Breyt.till. á þskj. 186, við 6. gr., sþ. í e. hlj.

6. gr. frv. þar með fallin.

Breyt.till. á þskj. 186, við 7. gr., sþ. í e. hlj.

7. gr. frv. þar með fallin.

Fyrirsögn fyrsta þáttar sþ. í e. hlj.

Breyt.till. á þskj. 186, við 8. gr., sþ. í e. hlj.

8. gr. frv. þar með fallin.

Breyt.till. á þskj. 186, við 9. gr., sþ. í e. hlj.
9. gr. frv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 10. gr., sþ. í e. hlj.
10. gr. frv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 11. gr., sþ. í e. hlj.
11. gr. frumv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 12. gr., fyrri hluta, sþ. í e. hlj.
Fyrri hl. 12. gr. frv. þar með fallinn.
12. gr. frv., síðari hl., sþ. í e. hlj.
12. gr. frv., þannig breytt, sþ. í e. hlj.
Breyt.till. á þskj. 186, við 13. gr., sþ. í e. hlj.
13. gr. frumv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 14. gr., sþ. í e. hlj.
14. gr. frv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 15. gr., sþ. í e. hlj.
15. gr. frv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 16. gr., sþ. í e. hlj.
16. gr. frv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 17. gr., sþ. í e. hlj.
17. gr. frv. það með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 18. gr., sþ. í e. hlj.
18. gr. frv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 19. gr., sþ. í e. hlj.
19. gr. frv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 20. gr., sþ. í e. hlj.
20. gr. frv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 21. gr., sþ. í e. hlj.
21. gr. frv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 22. gr., sþ. í e. hlj.
22. gr. frv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 23. gr., sþ. í e. hlj.
23. gr. frv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 24. gr., sþ. í e. hlj.
24. gr. frv. þar með fallin.
Fyrirsögn annars þáttar. sþ. í e. hlj.
Breyt.till. á þskj. 186, við 25. gr., sþ. í e. hlj.
25. gr. frv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 26. gr., sþ. í e. hlj.
26. gr., þannig breytt, sþ. í e. hlj.
Breyt.till. á þskj. 186, við 27. gr., sþ. i e. hlj.
27. gr. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 28. gr., sþ. í e. hlj.
28. gr. frv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 29. gr., sþ. í e. hlj.
29. gr., þannig breytt, sþ. í e. hlj.
Breyt.till. á þskj. 186, við 30. gr., sþ. í e. hlj.
30. gr. frv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 31. gr., sþ. í e. hlj.
31. frv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 32. gr., sþ. í e. hlj.
32. gr. frv. þar með fallin.
Fyrirsögn þriðja þáttar sþ. í e. hlj.
Breyt.till. á þskj. 186, við 33. gr., sþ. í e. hlj.
33. gr. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 34. gr., sþ. í e. hlj.
34. gr. frv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 35. gr., sþ. í e. hlj.
35. gr. frv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 36. gr., sþ. í e. hlj.
36. gr. frumv. þar með fallin.
Breyt.till. á þskj. 186, við 37. gr., 1. lið, sþ. í e. hlj.
Breyt.till. á þskj. 186, við 37. gr., 2. lið, sþ. í e. hlj.

37. gr., breytt, sþ. í e. hlj.
Brt. við fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.
Frv. vísað til. 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 1. ágúst. (C. bls. 388).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg stend að eins upp, til þess að benda á nokkrar villur, sem leiðrétta þarf, áður en frumv. fer hér úr deildinni, og bið eg háttv. skrifara að sjá um, að það verði gert.

Frumv. sjálft er óþarft að tala um.

1. villan er í fyrirsögn frumv. Þar stendur: „prókúrumboð" fyrir „prókúruumboð".

2. villan er í 2. gr., síðari málsgrein: „staðfestir" á að vera „staðfestar".

Í 4. gr., 1. málsgrein, er orðið „fylgiskjöl" í 2 orðum.

Í 10. gr. er orðið „fyrir" skakt eða ógreinilega prentað.

í 12. gr. stendur: „ótakmarkri" fyrir „ótakmarkaðri".

Í 16. gr. er komma á undan sagnorðinu „er", en það á ekki að vera.

Í 18. gr., 3 l., er komma á eftir: „útibúsins er", en á að vera semíkomma.

Í 19. gr. stendur „sveitar félag" á að vera „sveitarfélag"; það þarf að tengja orðið saman.

Í 27. gr. stendur: „ákveðin tíma" í stað: „ákveðinn tíma".

Í 31. gr. er meiningarvilla; þar stendur „.. ef tilkynning er gefin..." á að vera „... ef tilkynning væri gefin.

Í 33. gr. a. stendur: „... sem í eru 1 eða fleiri" ætti að vera: „... sem í eru einn eða fleiri". Það fer betur á að rita töluna með bókstöfum í þessu sambandi.

Í 36. gr., 4. málsgrein, hefir bæzt inn í „og", sem ekki á að vera. Þar stendur: „og þó skal o. s. frv., en á að vera „þó skal" þ. s. frv. Í sömu gr., síðustu málsgrein, er kommu ofaukið á undan „að krefjast".

Annað hefi eg ekki fundið athugavert við frumv., eins og það nú er prentað, en eg vona, að háttv. skrifarar deildarinnar geri svo vel og leiðrétti þetta, sem eg hefi bent á.

Skal og svo ekki fara fleiri orðum um frumv., en að eins óska, að það verði samþykt af deildinni.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. í e. hlj. og verður afgreitt til Nd.

Ein umr., 25. ágúst. (C. bls. 758; n. 775).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Mál þetta er búið að vera fyrir þinginu síðan í þingbyrjun, og var það allan júlímánuð hér í þessari deild, en síðan hefir það verið fyrir háttv. Nd. Sú deild hefir gert fáeinar breyt. á frumv., sem allar eru smávægilegar, og flestar heldur til bóta og skal eg leyfa mér að skýra deildinni frá þeim:

1. breytingin, sem Nd. hefir gert, er við 6. gr., að í stað orðanna: „og eiga dómstólar þá að fella úrskurðinn" komi: og liggur það þá undir úrskurð dómstólanna.

2. breyt. er við 9. gr., að í stað „firma eins manns" komi „firma einstaks manns".

3. Við 9. gr., 2. málsgrein, „Firma félags" í stað „Firmafélags þess", og við sömu gr. og málsgr. í stað orðanna: „skal að minsta kosti hafa nafn" hefir Nd. sett „skal að minsta kosti vera nafn".

Í 18. gr., 3. tölul., hefir verið leiðrétt prentvilla, sem sé, að í stað „firmað;" komi „firmað:", og í 4. tl. sömu gr. hefir verið bætt inn orðinu „þá", „hver þá hafi rétt" í stað: „hver hafi rétt".

Í 19. gr., 7. tl., er bætt inn orðunum „og þá hverjum", og við 21. gr., síðast í 1. málsgr., er gerð sú breyting, að í stað orðanna „eitt eintak af henni" komi: „afrit af henni".

Í 22. gr. er sú breyting, að á eftir orðinu „verzlunarskrána" hefir verið bætt inn „eða viðauka hennar. Í 31. gr. hefir verið sett „ef firmahafi tilkynti firmað" í

stað orðanna „ef tilkynning væri gefin af firmahafa“; og í sömu grein er sett orðið „heimilað“ í stað „heimtað“.

Sumar af þessum breytingum eru að eins leiðréttingar á prentvillum og allar eru þær að eins orðabreytingar, nema ef vera skyldi breytingin á 9. gr., þar sem sett hefir verið í Nd. „firma einstaks manns“ í stað „firma eins manns“; þessi breyting er sprottin af misskilningi, og er röng bæði méllega skoðuð og eftir hugsun greinarinnar. Nefndin í Ed. setti orðin „eins manns“ í greinina af ásettu ráði, af því að þetta átti að merkja mótsetningu við firma tveggja aða fleiri manna. En breyting þessi getur þó eigi valdið misskilningi eftir orðalagi greinarinnar annars, og með því hinar aðrar breytingarnar allar eru heldur til bóta eða að minsta kosti meinlausar, þá ræður nefndin deildinni til þess að samþ. frv. óbreytt.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 10 shlj. atkv. og verður afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Vörumerki.

FRUMVARP til laga um vernd á vörumerkjum; 1. umr., 3. júlí. (C. bls. 169).

Valtýr Guðmundsson: Eg leyfi mér að stinga upp á því, að þessu máli verði, þegar þessari 1. umr. er lokið, vísað til sömu nefndar og kosin var í síðasta máli (um verzlanaskrár o. s. frv.). Þessi tvö mál eru svo skyld, að heppilegast virðist, að sama nefndin hafi þau bæði til meðferðar.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Málinu vísað í e. hlj. til nefndarinnar um verzlunarskrár, firma og prókúru.

Önnur umr.; 14. júlí. (C. bls. 169; n. 204, brt. 214).

Framsögumaður (Kristján Jónsson

Það er að eins mjög fátt, sem eg þa að taka fram við framsögu þessa mál Nefnd sú, er kosin var til þess að íhug málið, hefir eigi séð ástæðu til að ge neinar efnisbreytingar að teljandi sé frv., og þær fáu athugas., sem hún hef gert, eru teknar upp í nefndarálitið þgskj. 62.

Að nefndin eigi hefir fundið ástæðu t þess að gera efnisbreytingar á frum byggist aðallega á 2 ástæðum. Önnur sú, að málið er nýtt og áður óþekt í í lenzkri löggjöf, og því eigi auðvelt segja, hvað bezt fer; verður þá heppile ast að byggja á reynslu annara þjóð einkum þegar svo stendur á, að málef það, sem um er að ræða, er meir e minna alþjóðlegt (internationalt). Hin stæðan er sú, að mál þetta hefir ver einkar vel rannsakað og undirbúið einmi hjá þeim þjóðum, sem oss eru skyldasta sérstaklega Dönum, sem í sameiningu v Svía og Norðmenn undirbjuggu mál mjög ítarlega í nefnd árið 1882, sem s leiddi til laga fyrir Danmörku 11. apr 1890 og 28. desember 1898, en frv. þet er beint sniðið eftir þeim frumv.

Eins og eg áður hefi tekið fram, fa nefndin ekki ástæðu til að gera nei efnisbreytingu á frumv., nema að þ leyti til, að færa niður lágmark sekt þeirrar, sem frv. ákveður, úr 200 k niður í 100 kr.

Það er nefnilega alment löggjafa princíp hér, að sektir séu helmingi læg en í Danmörku, þegar um sams kon brot er að ræða, og er þessi regla tek upp í tilsk. 24. jan. 1838, og að öð leyti áleit nefndin, að 100 kr. sekt væ nægilegt lágmark. Allar aðrar breyingar, er nefndin hefir lagt til á þskj. 62, eru orðabreytingar. Nefndin átti mj erfitt með að laga svo orðfærið á fr að það væri aðgengilegt eða eg vil seg boðlegt, og eg skal fúslega kannast vi

ð því er talsvert ábótavant enn þá, en
g vona þó, að frumv. sé talsvert að-
engilegra nú en áður; en til þess að
oma því í þetta form, sá nefndin sér
kki annað fært, en umskapa það alveg
ð því er snertir orðfæri og setningaskip-
n. Eg sé, að 1 breyt.till. hefir komið
am við 9. gr. á þskj. Nr. 99, að í staðinn
ir atvinnugrein komi sýslan. Eg býst
ið, að háttv. tillögum. geri grein fyrir
reytingartill. sinni, og finn ekki ástæðu
l að geta hennar frekar.

Annars skal eg ekki fjölyrða frekar
m þetta mál, en skal leyfa mér að fela
að háttv. deild til úrslita, og vona að
að fái hjá henni góða áheyrn. Að eins
kal eg taka það fram, að þó eg hafi
omizt svo að orði, að við höfum orðið
ð umsteypa frv., þá er það ekki svo að
kilja, að þótt við höfum skrifað frumv.
pp að nýju, að við þar með höfum gert
agngerðar breytingar á efni þess, heldur
ð eins á málfærinu, orðasambandi og
etningaskipun.

Eiríkur Briem: Eg hefi leyft mér að
oma fram með 1 breyt.till. við breyt.till.
efndarinnar; fer sú tillaga mín að eins
am á orðabreytingu, nefnilega, að at-
innugrein sé breytt í sýslan. Stjórnar-
v. hefir í stað þessara orða umsýslan,
g álít eg það orð ekki heppilegt, en þar
m nefndin hefir breytt því í atvinnu-
rein, þá get eg heldur ekki fallist á, að
að sé heppilegt orð; það byggist á því,
ð orðið atvinnugrein er til í málinu í
lsvert annari þýðingu, og kemur jafn-
el fyrir í þessu frumv. í þeirri þýðingu,
8. og 11. gr.; er því óviðkunnunlegt
g villandi, er orðið er notað í 9. gr. í
nnari þýðingu. Annars skal eg fúslega
ta, að það er erfitt að finna orð, er
el eigi við, og eg fyrir mitt leyti gat
kki fundið neitt annað heppilegra en
ýslan; en ef háttv. nefnd ekki getur
lt sig við breyt.till. mína, þá vona eg
ð, að hún taki þetta til athugunar, og reyni við 3. umr. að koma með einhverja breytingu, sem betur mætti fara. — Úr því eg á annað borð stóð upp, þá vil eg leyfa mér að benda heiðraðri nefnd á, hvort ekki væri heppilegt, að þar sem í 3. gr. er talað um 40 kr. borgun fyrir skrásetning og auglýsing hennar, að það væri tekið upp í lögin sjálf, að þessi þóknun renni í landssjóð. Auðvitað stendur í ástæðunum fyrir frv., að þessi borgun skuli falla í landssjóð, en eftir frumv. sjálfu er það alls ekki sjálfsagt, og mætti vel hugsa, að það mætti falla til skrásetningarstjórans. Mér virðist því heppilegast, að þetta sé tekið beint upp í frumv.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg skal fúslega kannast við, að orðið atvinnugrein er eigi heppilegt, eins og það er notað í 9. gr., og athugavert að brúka það. Þetta vakti einnig fyrir nefndinni og kom þar til orða, en á hinn bóginn gátum við eigi fundið neitt annað orð, er okkur þætti betur við eiga. Annars held eg, að greinin sjálf sýni, hvað átt er við, og orðið geti því ekki valdið neinum verulegum misskilningi. Á hinn bóginn get eg ekki felt mig við brtill. háttv. 6. kgk. þm. (E. Br.), og það af þeirri ástæðu, að orðið sýslan hefir fengið fasta þýðingu í lagamáli voru, þar sem það þýðir sama og opinber sýslan eða „Bestilling“. Eg held því, að réttara væri að setja inn á síðari staðnum annaðhvort atvinna eða iðn; við það gæti eg felt mig, en á erfitt með að fallast á orðið sýslan af þeim ástæðum, er eg hefi þegar tekið fram. Annars ræður háttv. deild, hvað hún vill gera í þessu máli, en skyldi svo fara, að hún ekki vildi samþykkja brtill. á þgskj. 79, þá mætti breyta orðinu atvinnugrein annaðhvort í iðn eða atvinnu.

Hin önnur athugasemd hv. 6. kgk. þm. (E. Br.) er víst fyllilega á rökum bygð. Nefndin tók ekki eftir því, að það stóð ekkert um það í stjórnarfrumv., hvert

þessar 40 kr. ættu að renna, en þetta er auðvitað villandi og ósamkvæmni, þar sem það á öðrum stöðum í frumv., nefnil. í 8. gr., er tekið fram, að gjaldið skuli renna í landssjóð. Á hinn bóginn má segja sama um 10. og 3. gr., að þar er ekkert ákveðið, hvert gjaldið skuli renna, og mun nefndin taka þessar athugasemdir til greina við 3. umr. málsins. Enn fremur vil eg nú jafnframt benda á, að inn í frv. hafa slæðst eigi fáar prentvillur, sem leiðrétta þarf. Þannig stendur í 1. gr., 3. línu, „fasteignum“ fyrir fasteign. Þá stendur í 3. gr., á bls. 2. í nefndarálitinu, 3. línu að ofan: „ákveðinnar vörutegundar“, í stað vörutegunda. Í 2. málslið sömu gr. stendur „tvo“ fyrir tvö. Þá stendur í 2. málslið 5. gr.: „mann“ fyrir manns. Í upphafi 7. gr. stendur „skrásenning“ fyrir skrásetning. Á 4. bls. stendur „við 11. gr.“ en á að vera: við 12. gr.

Að lokum stendur í annari málsgrein 15. gr. „búsettann“ fyrir búsettan. Að svo mæltu hefi eg ekki fleira að segja að sinni, en legg málið undir atkvæði deildarinnar.

Eiríkur Briem: Eftir svari háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.), framsm. þessa máls, skal eg leyfa mér að taka það fram, að eg get felt mig við þá grein, sem hann hefir gert fyrir orðinu atvinnugrein, og get verið samþykkur þeirri breytingu, sem hann hefir lofað að gera á frumv. til 3. umr.; skal eg því leyfa mér að taka brt. mína aftur.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 62, við 1. gr., sþ. m. 10 shlj. atkv.

1. gr. stj.frv. þar með fallin.

Breyt.till. á þskj. 62, við 2. gr., sþ. m. 10 shlj. atkv.

2. gr. stj.frv. þar með fallin.

Breyt.till. á þskj. 62, við 3. gr., sþ. m. 10 shlj. atkv.

3. gr. stj.frv. þar með fallin.

Breyt.till. á þskj. 62, við 4. gr., sþ. m. 10 shlj. atkv.

4. gr. stj.frv. þar með fallin.

Breyt.till. á þskj. 62, við 5. gr., sþ. m. 10 shlj. atkv.

5. gr. stj.frv. þar með fallin.

Brt. á þskj. 62, við 6. gr., sþ. m. 10 shlj. atkv.

6. gr. stj.frv. þar með fallin.

Breyt.till. á þskj. 62, við 7. gr., sþ. m. 10 shlj. atkv.

7. gr. stj.frv. þar með fallin.

Brt. á þskj. 62, við 8. gr., sþ. m. 10 shlj. atkv.

8. gr. stj.frv. þar með fallin.

Brt. á þskj. 79, við 9. gr., tekin aftur

Breyt.till. á þskj. 62, við 9. gr., sþ. m. 10 shlj. atkv.

9. gr. stj.frv. þar með fallin.

Brt. á þskj. 62, v. 10. gr. sþ. m. 10 shlj. atkv.

10. gr. stj.frv. þar með fallin.

Brt. á þskj. við 62, við 11. gr. sþ. með 10 shlj. atkv. 11. gr. stj.frv. þar með fallin.

Breyt.till. á þskj. 62, við 12. gr., sþ. m. 10 shlj. atkv.

12. gr. stj.frv. þar með fallin.

Breyt.till. á þskj. 62, við 13. gr., sþ. m. 10 shlj. atkv.

13. gr. stj.frv. þar með fallin.

Breyt.till. á þskj. 62, við 14. gr., sþ. m. 10 shlj. atkv.

14. gr. stj.frv. þar með fallin.

Breyt.till. á þskj. 62, við 15. gr., sþ. m. 10 shlj. atkv.

15. gr. stj.frv. þar með fallin.

16. — ——óbreytt sþ. með 10 shlj. atkv.

Breyt.till. á þskj. 62, við 17. gr., sþ. m. 10 shlj. atkv.

17. gr. stj.frv. þar með fallin.

Brt. á þskj. 62, við 18. gr., sþ. m. 10 shlj. atkv.

18. gr. stj.frv. þar með fallin.

19. — ——, óbreytt, sþ. með 10 shlj. atkv.

Breyt till. á þskj. 62, við fyrirsögn frv., sþ. m. 10 shlj. atkv.

Frumv. í heild sinni, með áorðnum breytingum, samþ. með 10 shlj. atkv. og málinu síðan vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Þriðja umr., 16. júlí. (C. bls. 221; 220).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Með tilliti til athugasemda þeirra, er hv. 6. kgk. þm. (E. Br.) kom fram með við 2. umr. þessa máls, hefir nefndin komið fram með 3 litlar breyt.till., sem lesa má á þskj. 86.

Tvær af þessum breyt.till., nefnil. við 3. gr. og 10. gr., fara í þá átt, að tekið skuli beint fram, að gjald það, sem þar ræðir um, skuli renna í landssjóð; breyt.-till. við 3. gr. 3 fer fram á, að 40 kr. borgunin fyrir skrásetning og auglýsing hennar renni í landssjóð, og breyt.till. við 10. gr. fer fram á, að tekið skuli beint fram, að 10 kr. skrásetningargjaldið, sem nefnt er í 2. málslið, renni í landssjóð.

Enn fremur hefir nefndin viljað leggja það til, að í staðinn fyrir orðið atvinnugrein á 2 stöðum í 9. gr., komi orðið atvinna.

Það varð umtal um það síðast, þegar þetta mál var hér til umr., að erfitt væri að finna gott íslenzkt orð, sem tæki skarpt fram þá hugsun, sem hér er átt við og sem felst í danska orðinu „Forretning“, og hefir nefndin sem sagt ekki getað fundið neitt heppilegra orð en atvinna yfir það. Komið hefir til tals orðið „iðn“, en það hefir þó eigi heldur þótt alls kostar heppilegt. Nefndin vonar, að deildin geti fallist á þessar breytingar, og skal eg svo ekki fjölyrða um þær.

Eg skal að eins geta þess, að nokkrar prentvillur hafa slæðst inn í frumv.; þannig er í 2. gr., 1. línu, „land al“ fyrir land alt; í 3. gr. er slæm prentvilla „póstskrift“ fyrir póstáskrift, svarandi til orðsins adresse eða þýðing á því; póstskrift þýðir alt annað, eins og allir vita.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. á þskj. 86, við 3. gr., sþ. í e. hlj.

2. breyt.till., á þskj. 86, við 9. gr., sþ. í e. hlj.

3. breyt.till., á þskj. 86, við 10. gr., sþ. í e. hlj.

Frumv., breytt, sþ. í e. hlj., og verður afgreitt til Nd.

Áfengisverzlun.

FRUMVARP til laga um breytingar á lögum um verzlun og veitingar áfengra drykkja; 1. umr., 29. júlí. (C. bls. 376).

ATKV.GR.: Frumv. felt frá 2. umr. með 5 : 4 atkv.

Áfengissala lyfsala.

TILLAGA til þingsályktunar um áfengissölu lyfsala. Ein umr., 29. júlí. (C. bls. 345).

Jónas Jónassen: Tillaga þessi mun vera fram komin eftir áskorun frá einum áköfum bindindismanni austur í Múlasýslu. Þessi maður hafði sem sé kært lyfsalann á Seyðisfirði fyrir að hafa selt spíritus á 3 pela flöskum. Lyfsalinn var ákærður fyrir að hafa útvegað sér recept, til þess að hafa þau til taks, hvenær sem einhver vildi fá spiritus. Viðkomandi maður, sem ákærði lyfsalann, sendi mér opinbera skýrslu um málið, en þegar til kom, reyndist að skýrslan var algjörlega ósönn. Meðal annars stóð það í skýrslu þessari, að lyfsalinn hefði fengið töluvert af receptum upp á spiritus frá læknunum á danska herskipinu, til þess að geta látið úti áfengi eftir þeim.

Eg skrifaði svo lyfsalanum út af þessari kæru og lagði fyrirspurn fyrir hann um þetta mál, og kom það þá fram, að kæran var á engum rökum bygð. Nú er þessi tillaga að líkindum frá sömu uppsprettu komin og er tillagan, eins og hún er orðuð, að mínu áliti alveg óbrúkleg, og

gæti slík tillaga hvergi í öllum heiminum orðið samþykt. Ef þessi tillaga næði fram að ganga, þá væri þar með lyfsölum bannað að selja nokkra tinctúru án recepts; nú kostar recept frá lækni, eins og menn vita, eina krónu; eiga menn þá að borga 1 kr. 25 aura, ef þeir þurfa að fá sér rabarberdropa eða verk- og vindeyðandi dropa fyrir 25 aura; en það verða menn eftir þessu að borga, ef ekki má láta þessa dropa út nema eftir recepti. Þetta eru svo mikil útgjöld og svo þungur skattur á almenning, að það nær ekki nokkurri átt; eg hefi aldrei á æfi minni séð jafnvitlausa tillögu, og þess vegna vona eg að háttv. deild svæfi hana undir eins, með því að hún er sprottin frá áköfum Goodtemplurum, sem ekki hafa hið minsta vit á þessu máli.

Kristján Jónsson: Það kann vel að vera, að till. þessi sé svo illa úr garði gerð, að eigi sé hægt að samþ. hana, eins og hún liggur fyrir, en eg vil leyfa mér að beina þeirri spurningu að sessunaut mínum, háttv. landlækni, hvort honum virðist eigi ástæða til að stemma stigu fyrir því hneyskli, sem átti sér stað á Seyðisfirði í fyrra, og jafnframt hvernig eigi að því að fara. Það er sannað, eða að minsta kosti þykist eg hafa sannspurt, bæði af blöðum og frásögn sannorðra manna, að á Seyðisfirði, en þar eru engar vínveitingar eða vínsala heimiluð, hafi menn í fyrra gengið dag eftir dag ölvaðir og með flöskur í vösunum fullar af spíritus eða spíritusblöndu, er þeir höfðu fengið á apotekinu þar. Þetta gekk þannig til, að einhverjir menn þar höfðu fengið recept upp á spíritus, sem þeir svo tóku út á mánuð eftir mánuð. Ef þetta er satt, sem eg fyrir mitt leyti ekki efast um, þá er nauðsyn á einn eða annan hátt að koma í veg fyrir það, og eg vil skora á herra landlæknirn að benda á einhvern veg, úr því að hann telur þessa tillögu óhæfa.

Tillaga þessi fer fram á, að apótekarar megi ekki selja án lyfmiða þau lyf, sem að aðalefni eru spíritus eða æther: en hvað er skilið við það, að aðalefni lyfja sé æther eða spíritus? Eg er þessu ekki svo vel kunnur, að eg vildi gjarna óska, að háttv. landlækni gefi mér og deildinni upplýsingar um þetta atriði. Er það til dæmis ekki meiningin, að í rabarberdropum sé rabarber aðalefnið og í kínadropum kínin? Eg held, að svo sé, og að spíritus verði ekki kallaður aðalefni þessara lyfja.

Eg ímynda mér að meiningin með þessari tillögu sé ekki sú, að menn geti eigi fengið þau lyf á apótekum, sem spíritus er í, án lyfmiða, heldur hitt, að koma í veg fyrir að menn misbrúki apótekin svo mjög, að þau verði nokkurs konar veitingastaðir og að menn geti fengið þar spíritus eftir vild.

Eg vil því leggja til, að hin háttv. deild athugi þetta. áður en hún fellir tillöguna, og sérstaklega vil eg skora á háttv. 2. þm. S.Múl.(G.V.) að gefa upplýsingar um það, hvort misferli það, er eg áður hefi getið um að hafi átt sér stað á Seyðisfirði, hafi verið svo mikilfenglegt, eins og orð hefir verið gert á, einkum í austanblöðunum, því að eg býst við, að honum muni vera það fullkunnugt, og að hann muni skýra sannorðlega frá því.

Eins og eg upphaflega mintist á, vildi eg gjarna fá upplýsingar um þau atriði, er eg hefi getið um, og eg vænti þeirra, og eg vil leiða athygli háttv. deildar að því, að þetta er mjög svo íhugunarvert mál, sem hún ekki má kasta frá sér án ítarlegrar athugunar.

Þorgrímur Þórðarson: Þessi tillaga ber það með sér, að hún er sprottin af hinni miklu bindindishreyfingu, sem nú gengur yfir alt land, og er vakin af hinum mikla áhuga, sem forgöngumenn bindindisins hafa á því, að útbyggja öllu áfengi úr landinu. — Mér kemur ekki til

hugar að lasta nokkurn mann, þótt hann vilji vinna að útbreiðslu bindindis, en í þessari tillögu virðist mér bindindismenn fara of langt og hinn mikli áhugi þeirra og kapp hafi leitt þá afvega. Því er eins varið með bindindismenn og aðra, að þegar menn verða ofhrifnir og æstir af málefni því, er þeir berjast fyrir, þá er þeim mjög hætt við að hlaupa gönuskeið og fara lengra en hyggilegt og rétt er og vinna oft og tíðum skaða þeim, er sízt skyldi, og svo er með þetta mál.

Tillaga þessi er ekki langt mál, en þó felst furðanlega mikið í henni. Hún fer fram á að banna lyfsölum að selja: spíritus, æther, ætherspíritus, æther spirituosus camphoratus án lyfmiða eða oftar en einu sinni eftir sama lyfmiða.

Fyrst og fremst er hér enginn munur gerður á því, hvort spíritusinn er blandaður eða óblandaður — drekkandi eða ódrekkandi. Mig minnir þó ekki betur en að sá spíritus, sem ætlaður er til ljósmatar og iðnaðar, og blandaður þeim efnum, sem gera hann ódrekkandi, sé tollfrí, en eftir þessari tillögu mega lyfsalar ekki selja hann nema eftir recepti; það virðist mér mjög ósanngjarnt.

Það er augljóst, hvílíkt óhagræði í daglegu lífi stafar af till. þessari, ef hún næði fram að ganga.

Í mörgum iðnaðargreinum er spíritus talsvert notaður, og sjá menn, hvílíku óhagræði og kostnaði það veldur iðnaðarmönnum að þurfa fyrst að ná í lækni og kaupa hjá honum recept fyrir krónu, til þess að geta keypt á lyfjabúðinni einn pela af spíritus, sem kostar c. 20 aura.

Það kemur oft fyrir, að sjúklingum er ráðlagt að drekka dálítið af víni, til þess að styrkja sig eftir langvarandi sjúkleika, og ef það er fátækur maður, sem hlut á að máli, þá veitist honum léttara að kaupa lítið eitt í senn; en ef þetta yrði að lögum, væri mjög tilfinnanleg byrði lögð honum á herðar og það jafnvel svo mjög, að hann fengi ekki risið undir henni. Yfirsetukonum er gert að skyldu að hafa jafnan í meðalakassa sínum: Æther, æther spirit. camphoratus o. fl. og fá þær þessi meðul nú í lyfjabúðum án lyfjamiða, en eftir tillögu þessari má lyfsalinn ekki láta þessa dropa af hendi við þær nema eftir lyfjamiða frá löggiltum lækni, sem þær væntanlega þurfa að greiða 1 kr. fyrir í hvert sinn. Það er því lagður allþungur skattur á yfirsetukonur hér á landi, því að þær brúka allmikið af þessum dropum og þurfa æði oft að kaupa lyfjamiða fyrir 1 kr. Auk þess getur það oft komið fyrir, að yfirsetukonur þurfi skyndilega að fá þessi meðul, en eigi sé hægt að ná í lyfjamiða hjá lækni, og má þá lyfsalinn ekki láta þau af hendi, þótt líf sængurkonu sé í veði.

Það er því að mínu áliti algerlega rangt að gera mönnum ómögulegt að fá í lyfjabúðum án recepts eins gömul, góð og handhæg húsmeðul og áðurgreind meðul eru.

Menn skyldu nú halda, að þessi æther spirit. væri eitthvert voðalegt eitur, þar sem í tillögunni er skorað á stjórnina að banna lyfsölum að selja þetta meðal án lyfmiða; nei, það er langt frá, að svo sé; það er ekkert annað en hinir gömlu Hoffmannsdropar, sem hafa verið góðkunnir um land alt um afarlangan tíma; það sama er að segja um æther spirit. camphorat.; það eru hinir gömlu og alkunnu kamfórudropar. Eru hvorttveggja þessi lyf bráðnauðsynleg á hverju heimili, því á hverju augnabliki geta komið fyrir tilfelli, sem nauðsynlegt er að grípa til þeirra, t. d. fyrir menn, sem hrakningum miklum og vosbúð mæta o. s. frv., og tel eg hvert það heimili illa statt, þar sem lyf þessi eru ekki til, hvað sem fyrir kann að koma, því að ekki er ávalt svo auðhlaupið til læknis eða í lyfjabúðir hér á landi. En nú á að fara að leggja krónu skatt á hvert glas af lyfjum þessum.

Í mörgum útvortis lyfjum, sem mikið eru notuð við gigt, er aðalefnið spíritus, til dæmis að taka spirit. champhor., sapon. spirit. antiporal. o. m. fl., sem margir kannast við, og brúkuð eru mikið af alþýðu, en nú á að fara að gera mönnum ómögulegt að afla sér þessara lyfja nema með afarkostum, en það kalla eg afarkosti, þegar kaupa þarf lyfjamiða fyrir 1 kr., til þess að geta fengið algengt meinlaust húsmeðal, sem kostar nokkra aura.

Með tillögu þessari er lagður þungur skattur á almenning, sem eins og vant er, kemur þyngst niður, þar sem sízt skyldi, á fátæklingunum. Hins vegar skal eg fúslega játa, að hún miðar til að auka tekjur læknanna, en þótt eg heyri þeirri stétt til, þá met eg miklu meir hag almennings og fátæklinganna en dálitinn tekjuauka fyrir oss.

Eg mun því greiða atkvæði á móti tillögunni og óska, að háttv. deild felli hana.

Guttormur Vigfússon: Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) skoraði á mig að gefa upplýsingar viðvíkjandi vínsölunni í lyfjabúðinni á Seyðisfirði. Eg er máli þessu dálítið kunnugur og skal eg gefa honum þær upplýsingar, sem eg veit sannastar og réttastar. Eg fyrir mitt leyti álít, að alt of mikill úlfaþytur hafi verið gerður út af þessari vínsölu.

Svo er nefnilega mál með vexti, að haustið 1901 kom til Seyðisfjarðar nýr, danskur lyfsali. Maður þessi var alsendis ókunnugur öllu hér, bæði lögum og öðru; mun hann þá hafa selt talsvert af spíritus, meir og minna eftir gömlum receptum. Eftir að orð var farið að gera út af þessu og það komst til eyrna apótekarans, að þetta gæti verið álitin óleyfileg vínsala, og jafnskjótt og hann vissi það, mun hann hafa verið mjög varkár í þessu efni og ekki látið út spíritus nema einu sinni upp á sama recept, enda hefir víst alls eigi heyrst neitt kvartað undan óleyfilegri vínsölu á þessum stað síðan.

Hvað því viðvíkur, að óleyfileg vínsala muni jafnvel hafa átt sér stað um lengri tíma áður á apóteki Seyðisfjarðar, þá get eg staðhæft, að slíkt hafi alls eigi átt sér stað, og að fyrverandi apótekari hafi verið mjög varasamur í því efni.

Mér sýnist tillaga þessi vera hreint og beint skaðleg, eins og háttv. þm. A.-Sk. (Þ. Þ.) sýndi svo ljóslega fram á, og varhugavert fyrir þingið að stuðla að því að svifta almenning eða gera mönnum mikið erfiði fyrir að ná í handhæg og nauðsynleg lyf, enda er það mín skoðun, að þó tillaga þessi næði fram að ganga, væri tilganginum alls ekki náð og það mætti fara í kring um lögin á margvíslegan hátt. Mun eg því greiða atkvæði á móti tillögunni.

Jónas Jónassen: Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. Þ.) tók af mér ómakið, því hann hefir eiginlega svarað öllu því, sem svara þurfti í ræðu háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.)

Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) hélt, að aðalefnið í rabarberdropum væri rabarber, en það er það ekki, heldur er það spíritus. Hið sama er að segja um joðtinctúr og yfir höfuð að tala er spíritus aðalefnið í öllum þeim lyfjum, sem á læknamáli nefnast tinctúrur.

Ef það yrði í lög leitt, sem tillagan fer fram á, mundi það baka mönnum svo mikið ómak og umstang og útgjöld, að slíkt væri næsta óþolandi og þyngst kæmi þetta niður, sem sízt skyldi, sem sé á fátækasta fólkinu. Eg vona því, að menn felli þessa tillögu.

Kristján Jónsson: Eg stend ekki upp til þess að mæla með því, að tillaga þessi verði samþykt, af því að á henni eru miklir agnúar, eins og hún liggur fyrir.

Eg hefi nú að vísu fengið svar upp á spurningar mínar, en eg er í vafa um, að svarið sé rétt. Eg er í engum vafa

um það, að lyf eru nefnd eftir aðalefninu, sem í þeim er, og að aðalefnið t. d. í rabarberdropum er rabarber. Hvað sem þessu líður, er mál þetta mjög athugavert. Hér er spurning um gersamlega ólöglegan atvinnurekstur, ólöglega áfengissölu, en það verður að taka öðru vísi í taumana gagnvart henni en gert er með þessari tillögu.

Valdstjórnin verður að sjá um og setja skorður við því, að lyfjabúðir selji áfenga drykki óleyfilega, og henni ætti að vera vorkunnarlaust að gera það. Lög held eg að ekki vanti til þess, en tillaga þessi er í því efni allsendis ófullnægjandi, þó hún eigi að miða að því.

Valtýr Guðmundsson: Eg er samdóma háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) um það, að tilgangur tillögu þessarar sé þarfur.

Í fyrra var eg staddur á Seyðisfirði og heyrði eg þá sagt, að læknir, sem var þar á ferð, hafi á einum degi látið út 25 recept upp á spíritus, enda hafi hann verið drukkinn sjálfur.

Er það mjög óviðkunnanlegt að nota lyfjabúðir þannig fyrir veitingahús og á slíkt alls ekki að viðgangast.

En þar sem vér höfum hér í deildinni 2 læknisfróða menn, þá hefðu þeir átt að lagfæra og breyta tillögunni þannig, að hún yrði aðgengileg, því eins og hún liggur fyrir, er hún auðsjáanlega ekki frambærileg. Annaðhvort er að taka málið nú út af dagskrá eða vísa henni frá með rökstuddri dagskrá og skjóta málinu þannig til athugunar og aðgerða landsstjórnarinnar. En jeg fyrir mitt leyti treysti mjer ekki til að semja þá rökstuddu dagskrá, og skýt því þessu fram til athugunar fyrir læknana hér í deildinni.

Guttormur Vigfússon: Eins og eg tók fram áðan, veit eg ekki betur en að mjög lítið sé nú orðið um spíritussölu á apóteki Seyðisfjarðar og eg hygg að eg megi fullyrða, að ekki sé með jafnaði spíritus látinn úti nema einu sinni á sama recept. En hvað viðkemur þessum 25 receptum, sem þm. G.-K. (V. G.) getur um að fulli læknirinn hafi gefið út á einum degi, þá skora eg á hann að nafngreina þenna lækni, því þar eystra eru 7 læknar alls, sem flestir eru hinir mestu reglumenn, og er hart fyrir þá alla að eiga óskilið mál einum óreglumanni og liggja undir slíkum áburði.

ATKV.GR.: Meginmál tillögunnar felt með 7 shlj. atkv. og till. þar með fallin.

Löggilding verzlunarstaða.

I.
Akrar.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar á Ökrum í Hraunhreppi á Mýrum; 1. umr., 5. ágúst. (C. bls. 470).

ATKV.GR: Málinu vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Önnur umr., 7. ágúst. (C. bls. 470).

ATKV.GR.: Meginmál frumvarpsins sþ. með 7 : 1 atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. með 7 shlj. atkv.

Vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Þriðja umr., 11. ágúst. (C. bls. 470).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 7 shlj. atkv. og verður afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

II.
Bolungarvik.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar í Bolungarvík í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, 1. umr., 20. júlí. (C. bls. 257).

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Önnur umr., 22. júlí. (C. bls. 257).

ATKV.GR.: Meginmál frv. sþ. með 6 : 2 atkv.

Fyrirsögnin sþ. með 7 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 : 1 atkv.

Þriðja umr., 24. júlí. (C. bls. 257).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. með 6 : 3 atkv. og verður afgr. til landsh. sem lög frá alþingi.

III.
Gerðaleir.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Gerðaleir í Gullbringusýslu; 1. umr., 14. júlí. (C. bls. 208).

Kristján Jónsson: Eg hefi venjulega greitt atkvæði með löggildingu verzlunarstaða, er frumvörp í þá átt hafa legið fyrir þinginu. Sem oftast hefir atkv. mitt fallið þannig af þeirri ástæðu, að eg hefi ekki verið kunnugur staðháttum, en þá reitt mig á skýrslur og meðmæli þeirra, er betur þektu til, og álitið það sjálfsagt, að meðmæli þeirra væru á einhverjum rökum bygð. En hér stendur svo á, að eg er vel kunnugur, og eg skal leyfa mér að lýsa því yfir, að eg get enga ástæðu fundið eða þörf fyrir þeirri löggildingu, er hér er um að ræða, og mun eg fyrir mitt leyti ekki gefa henni atkvæði mitt, þó háttv. deild að sjálfsögðu ráði, hvað hún gerir í þessu efni. Eg tel löggildinguna með öllu óþarfa, af því að á því svæði, sem hér um ræðir, eru til margar og góðar hafnir, sem mikið og mest eru notaðar frá þessu bygðarlagi, og sem yrðu notaðar þaðan eftir sem áður. Skal eg fyrst nefna Reykjavík og þá Hafnarfjörð. Á báðar þessar hafnir er mikið sótt þar sunnan að. Þá kemur 3. höfnin, Vogavík, sem er ágæt höfn og eg má fullyrða, að frá Gerðum og þangað er ekki lengra en svo sem 2—3 mílur. Þá er 4. höfnin, Keflavík, sem er gömul og allgóð höfn. og þaðan að Gerðaleir er ekki nema góð $^1/_2$ tíma reið. Að minsta kosti hefi eg oft farið þessa leið á ekki lengri tíma. Fyrir sunnan Skagann eigi all-langt er Þórshöfn. Þegar nú alls þessa er gætt, þá fæ eg ekki séð, að nokkur ástæða sé til þess, að löggilda þarna nýja höfn, og það því síður, þar sem sveitaverzlun hefir verið þar í hverfinu um lengri tíma. Enn fremur ber þess að gæta, að fyrsta skilyrðið, sem fyrir hendi þarf að vera, þegar um löggilding hafnar er að ræða, er það, að einhver höfn sé til, svo að ekki fari eins og hérna um árið, þegar Kárahöfn var löggilt, sem hvergi hefir fundist. En við Gerðaleir er, eins og nafnið ber með sér, engin höfn, að eins dágóð lending fyrir opin skip. Þar er engin vík eða vogur, og ekkert afdrep. En geta skal eg þess, að dálítið innar er Varaós, sem fyrir nokkrum árum var kostað til fé bæði úr landssjóði og sýslusjóði, til að gera við lendinguna þar, og væri heldur tiltök að löggilda hann sem höfn, þó eg mæli ekki með því.

Eins og eg áður hefi tekið fram, er engin höfn við Gerðaleir. Skip geta auðvitað legið þar fyrir utan í góðu veðri, en ef nokkuð er að, verða þau að leita þaðan. Það mætti því alt eins vel löggilda alla Vatnsleysuströndina, eða allan Garðinn, því að þar hagar alveg eins til, og skip geta legið þar fyrir utan í góðu veðri. Þegar nú alls þessa er gætt: að höfnin er engin til á löggildingarstað, vegalengdir á næstu hafnir örskammar og ekkert því til fyrirstöðu, að sveitaverzlun geti verið rekin á staðnum, þá fæ eg sannarlega ekki séð, hvaða ástæða skyldi til þess vera að löggilda þenna stað. Það kynni þá að eins að vera það eitt, að svo margar hafnir hafa áður verið löggiltar að ástæðulausu, og menn því ekki fyndu ástæðu til að gera undantekningu með þessa einu höfn, eða hafnleysu.

Valtýr Guðmundsson: Það má vel vera, að það sé rétt hjá háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.). að höfn sú, sem hér ræðir um að löggilda, sé eigi góð, en á hinn bóginn skal eg taka það fram, að það getur haft ýms þægindi í för með sér fyrir þá, er í kring búa, að fá höfnina löggilta, og eg skal geta þess, að það er eindregin ósk héraðsbúa að fá löggildingunni framgengt. Þar sem nú þingið hefir tekið þá stefnu að sinna öllum þess konar beiðnum, þá virðist mér það nokkuð skrítið, að taka þessu eina frumv. illa. Mér fyrir mitt leyti finst réttast, að þingið löggildi í hvert skifti þær hafnir, sem farið er fram á að löggiltar séu, en að samin séu lög um, að slíkar löggildingar falli úr gildi, ef höfnin eigi er notuð innan 5 ára. Að því er það snertir, að það er alment álit manna, að þessar löggildingar hafi þýðingu fyrir vátrygging skipa, skal eg geta þess, að það er misskilningur; vátryggingarfélögin taka ekkert tillit til þess, hvort höfnin er löggilt eða ekki. Annars verð eg að kannast við, að margt af því, er hv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) sagði, mun vera rétt, en mér virðist á hinn bóginn undarlegt og ósanngjarnt að taka þetta eina frumv. út úr, eftir þeim rekspöl, sem þegar er kominn á löggildingarnar.

ATKV.GR.: Frumv. felt frá 2. umr. með 8 : 2 atkv.

IV.
Grenivík.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar á Grenivík við Eyjafjörð; 1. umr., 6. ágúst. (C. bls. 471).

ATKV.GR. Frumv. vísað til 2. umr. með 6 shlj. atkv.

Önnur umr., 10. ágúst. (C. bls. 471).

ATKV.GR: Meginmál frumv. sþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. með 9 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Þriðja umr., 12. ágúst. (C. bls. 471).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. með 7 atkv. og verður afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

V.
Heiði.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Heiði á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu; 1. umr., 17. ágúst. (C. bls. 641).

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv.

Önnur umr., 19. ágúst. (C. bls. 641).

ATKV.GR.: Meginmál frumv. sþ. með 6 atkv.

Fyrirsögnin sþ. með 7 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 6 atkv.

Þriðja umr., 21. ágúst. (C. bls. 641).

ATKV.GR.: Frumv. sþ. með 6 shlj. atkv. og verður afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

VI.
Kálfshamarsvik.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Kálfshamarsvík í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu; 1. umr., 23. júlí. (C. bls 303).

Jón Jakobsson: Eg efast ekki um, að háttv. þingdeildarmenn hafi séð á bænarskrám, sem liggja á lestrarsalnum, að mál þetta er áhugamál hlutaðeigandi sýslubúa, en eg býst við, að aðrir háttv. þingd.m. séu ókunnugir eins og eg staðháttum. Eg

hefi fyrir mér sögusögn áreiðanlegra manna um höfn þessa, og er hún talin fremur góð. Eins og mönnum er kunnugt, er lítið af góðum höfnum við Húnaflóa austanverðan, en þessi höfn er með þeim beztu; heldur er þetta ekki nein ný uppgötvuð höfn, því hennar er getið hjá O. Olavius á 18. öld.

Höfn þessi er talin betri en höfnin á Skagaströnd, liggur vel við útræði og fiskverzlun og er því heppilegt, að strandferðaskipin kæmu þar við, enda hefi eg nefnt það við umboðsmann Sameinaða Gufuskipafélagsins og tók hann vel í að setja hana á viðkomustaðaskrá strandbátsins. Hún þykir bera af öðrum höfnum og leita skip oft þangað, þegar eigi eru tiltök að ná öðrum lendingum.

Eg vona því, að menn felli ekki málið, heldur nái það fram að ganga.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 6 shlj. atkv.

Önnur umr., 28. júlí. (C. bls. 303).

ATKV.GR.: Meginmál frv. sþ. með 7 atkv.

Fyrirsögnin sþ. með 7 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Þriðja umr., 30. júlí. (C. bls. 303).

Valtýr Guðmundsson: Af því eg er dálítið kunnugur á þessum stað, sem hér ræðir um að löggilda, þá get eg borið um það, að þar er engin eða svo sem engin bygð. Eg skil því ekki, hvaða þörf geti verið á því, að löggilda þenna stað, og það því síður, sem ekki er nema nokkurra tíma reið þaðan og inn á Skagaströnd, sem liggur litlu innar í flóanum. Auk þess er nýlega búið að löggilda höfn hinu megin við Skagann, nefnilega Selvík. Eg man að vísu ekki, hvernig höfnin er, og kann það að vera, að hún sé allgóð, en eg skil ekki í því, að nein ástæða sé til þessarar löggildingar og álít því, að háttv. deild gerði réttast í að senda þetta frumv. sömu leiðina og hin tvö önnur löggildingarfrv., sem hún hefir felt.

Jón Jakobsson: Eg efast ekki um, að háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) segi það satt, að hann sé kunnugur við Kálfshamarsvík, því hann mun vera þar uppalinn í grendinni, en þótt hann einhvern tíma hafi verið kunnugur þar, þá skal eg jafnframt geta þess, að að minsta kosti síðustu 20 árin hefir hann haft lítil kynni af þeim sveitum og getur því lítið borið um, hverjar eru þeirra þarfir nú.

Eg gat þess þegar við 1. umr. þessa máls, að þessi vík væri einhver bezta verstöðin við Húnaflóa og að höfnin væri ágæt. Eg sé því ekki neina ástæðu til þess að fella þetta frumv., heldur þvert á móti, því að það er mjög þægilegt fyrir alla þá, sem fiskiútgerð hafa þar í grendinni, að skip komi þar sem oftast við. Það þýðir ekkert í þessu sambandi, þó búið sé að löggilda Selvík; það er þessu máli óviðkomandi, þar eð hún liggur svo langt frá, að ómögulegt er fyrir Húnvetninga að hafa hennar nokkur not. Eg vona því, að þessi háttv. d. sýni þessu frumv. sömu velvild og við hinar fyrri umr. og samþykki það.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 7 shlj. atkv. og verður afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

VII.

Óspakseyri.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar á Óspakseyri við Bitrufjörð í Strandasýslu; 1 umr., 6. júlí. (C bls. 181).

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Það er ekki margt, sem þarf að taka fram þessu máli til meðmæla, frekar en flestum málum um sama efni. Er

það fáa, sem eg hér vil leyfa mér að geta um, er frumv. til gildis, og sýnir, að hér er sérstök ástæða fyrir löggildingunni.

Að þetta frumv. hefir komið fram, stafar af því, að flestir eða allir í sveit þeirri, sem höfnin er í, hafa óskað eftir, að höfnin fengi löggildingu, en þegar sú sveit, sem mest á hlut að máli, eindregið óskar eftir löggildingunni, þá get eg ekki séð, að neitt geti verið henni til fyrirstöðu. Hér við bætist, að höfnin er svo ágæt, sem hugsast getur, og mér er kunnugt um, að fjöldi skipa hafa um ómuna tíð leitað þangað í ofviðrum, af því þetta er sérstök lífhöfn og má heita að liggi í leiðinni, þegar á Hrútafjörð er farið. Það er þess utan erfitt fyrir þá sveit, er höfnin liggur í, að leita annara kauptúna. Höfnin liggur inst inni í fjarðarbotninum, beint undan Strandaflóanum, en úti við fjarðarmynnið liggja 2 höfðar, sinn hvoru megin, og brimgarður þar fram af, svo sjóleiðin er erfið og hættuleg, hvort heldur leitað er til Hólmavíkur eða Borðeyrar. Og sama er að segja um ferðina á landi. Til Hólmavíkur er yfir erfiðan háls að fara (Bitruháls) og vegurinn alls um 5—6 mílur, en til Borðeyrar eru hérumbil 5 mílur, líka ógreiður vegur á ýmsum stöðum.

Verzlunarhúsastæðið sjálft er einkarfagurt, rennislétt og aðdýpi mjög mikið.

Alt þetta mælir með frumv., en eg þekki ekkert, sem móti mælir; frekast mætti kannske segja, að það væri meinlaust og gagnslaust.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 6 atkv.

Önnur umr., 8. júlí. (C. bls. 181).

ATKV.GR.: Meginmál frumv. sþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. með 6 shlj. atkv.

Vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

Þriðja umr., 10. júlí. (C. bls. 181).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. með 10 shlj. atkv. og verður afgreitt til Nd.

VIII.

Selvík.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Selvík í Skagafjarðarsýslu; 1. umr., 15. júlí. (C. bls. 217).

Eiríkur Briem: Af því að enginn annar stendur upp, til þess að taka til máls um þetta frumv., þá skal eg að eins leyfa mér að geta þess, hvað þessari höfn viðvíkur, að það mun vera skársta höfnin við Skagafjörð; en tilefnið til þess, að ekki hefir fyr verið farið fram á að löggilda hana, er það, að lítil bygð er í kring um hana og fátæk sveit. Víkin liggur austan á miðjum Skaganum.

Landshöfðingi: Það vill svo til, að eg hefi einu sinni komið inn á Selvík, og ef þetta er bezta höfnin í Skagafirði, þá hljóta hinar að vera lélegar; þessi Selvík er einhver sá ógeðslegasti og óbjörgulegasti staður, sem eg nokkurn tíma hefi komið á; svo óbjörgulegur, að eg get ekki skilið, að nokkur verzlun geti þrifist þar; ekkert annað en melar og auðn alt um kring, og ímynda eg mér þess vegna, að færi líkt um þessa höfn, ef hún yrði löggilt, eins og um höfn við Ingólfshöfða og Jökulsá á Sólheimasandi, að þar komi aldrei nein verzlunarhús.

Guðjón Guðlaugsson: Þótt það ef til vill væri skylt að taka tillit til vitnisburðar hæstv. landsh. að því er snertir löggildingu þessarar hafnar, þá getur hann samt ekki haft þau áhrif á mig, að eg greiði atkv. á móti frumv., og til þess að sýna, að höfn þessi hefir áður fengið góðan vitnisburð, þá skal eg geta þess, að eg hefi hér fyrir mér lýsing á henni í gamalli ferðabók eftir Olavíus, sem tel-

ur hana all-álitlega höfn, og þótt þessi lýsing sé meir en 100 ára gömul, þá verð eg samt að álíta, að það beri að taka fult eins mikið tillit til hennar, eins og til lýsingar landshöfðingjans, af því að sá maður, sem eg nýlega nefndi, hefir tekið að sér að dæma um þessa höfn og skoðað hana nákvæmlega, þar sem landshöfðinginn hefir komið þar að eins sem ferðamaður, og þess vegna legg eg það til, að deildin samþ. frumv.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 6 shlj. atkv.

Önnur umr., 17. júlí. (C. bls. 217).

ATKV.GR: Meginmál frv. sþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. með 8 shlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Þriðja umr., 20. júlí. (C. bls. 217).

ATKV.GR.: Frumv. sþ. með 9 shlj. atkv., og verður afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

IX.

Staðarfell.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Staðarfell í Hvammsfirði í Dalasýslu; 1. umr., 14. júlí. (C. bls. 209).

Kristján Jónsson: Eg ímynda mér, að eg fari ekki of langt, þó eg segi, að 3 eða 4 verzlunarstaðir séu þegar áður við Hvammsfjörð og þar í nágrenninu, en nú sé eg, að farið er fram á að löggilda enn nýjan verzlunarstað við Staðarfell, að norðanverðu við fjörðinn, en eg fyrir mitt leyti sé enga ástæðu til að setja upp keppinaut við Búðardal, sem liggur þar í námunda við, og mun eg því greiða atkvæði á móti þessu frumv., af líkum ástæðum og við næsta frumv. á undan, enda er engin skýrsla um það, að sæmileg höfn sé nokkurs staðar við Staðarfell.

Guðjón Guðlaugsson: Eg get gefið þær upplýsingar, að staður sá, sem hér er rætt um að löggilda, liggur langt frá Búðardal, og getur því naumast orðið keppinautur hans, og er því, frá því sjónarmiði, engin ástæða til að fella þetta frumv., og það því síður, sem Staðarfell liggur yzt við ósamynnið á Hvammsfirði fyrir utan, þar sem hin þrönga innsigling byrjar, en annað mál er það, að Staðarfell liggur skamt frá Stykkishólmi. Hitt skal eg játa, að eg þekki ekkert til þess, hvort höfn þessi er góð, og það álít eg þó það fyrsta, er rannsaka beri, þegar á að löggilda hafnir, því mér virðist það, ef eg mætti svo að orði komast, engin samvizkusemi af þinginu, að löggilda hafnir út í bláinn án tillits til þess, hvort þær eru nýtilegar eða ekki. Að því er snertir Vestliðaeyri, sem háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) gat um að væri löggilt í Hvammsfirði, skal eg taka það fram, að eg held, að sú höfn sé ekki löggilt. Að vísu hafði þingið löggilt bæði Búðardal og Vestliðaeyri, alternativt, þannig að velja mátti um, hvor höfnin skyldi endilega hljóta löggildinguna, og þar landsh. sá úrskurður, og valdi hann Búðardal. Eg fyrir mitt leyti álít það varhugavert, eftir þeim rekspöl, sem þingið er komið á, að fella þetta frumv. skilyrðislaust, og eg skal taka það fram, að eg álít það enga ástæðu, þó þessi höfn liggi nærri einhverri höfn, sem áður er löggilt, því það er oft og einatt svo, að menn verða að reyna fyrir sér, þangað til bezti staðurinn finst, því það er ekki nærri altaf, að hann finnist við fyrstu tilraun. Þessu til sönnunargildis get eg tekið eitt dæmi úr mínu héraði, sem mér er kunnugt, nfl. Hólmavík og Skeljavík. Hólmavík, sem ekki liggur nema $^1/_2$ tíma róður frá Skeljavík, en sú höfn hafði verið löggilt löngu áður, fekk löggilding fyrir skömmu.

Fjarlægðin var þar ekki mikil og virtist því ekki mikil ástæða til þeirrar löggildingar, en nú hefir reynslan sýnt, að þetta var mjög heppilegt. Eg skal því leyfa mér að taka það upp aftur, að nægar ástæður séu enn ekki fram komnar til að synja þessu frv. staðfestingar, og mun eg því greiða því atkvæði mitt.

Kristján Jónsson: Það má vel vera, að það sé rétt hjá háttv. þm. Strand. (G. G.), að Búðardalur og Vestliðaeyri hafi verið löggiltar alternativt, enda skiftir það ekki máli hér, því að það er víst, að í námunda við Hvammsfjörð eru 3 verzlunarstaðir löggiltir, er allir hafa fest rætur og dafnað vel, nefnilega Stykkishólmur, Búðardalur og Skarðsstöð, og virðist ekki þess vegna ástæða til að fjölga þar verzlunarstöðum. Svo minnist eg og Salthólmavíkur við Gilsfjörð. Hins vegar skal eg geta þess, og vil leggja áherzlu á það, að háttv. þm. gat um, að engin höfn væri við Staðarfell; eg hefi sjálfur farið þarna um og séð, að við mynnið á Hvammsfirði eru ákafir straumar, og mjög óhafnlegt, og nú hefir háttv. þm. Strand. (G. G.) viðurkent, að engin höfn sé á þessum stað. Þetta sýnir, að það á að fara varlega í löggildingarmálum sem þessum.

Það getur að vísu stundum verið rétt að löggilda hafnir, án þess full vissa sé um, hversu góðar þær eru, meðan verið er að leita fyrir sér, hvar bezt verzlunarhöfn kunni að vera, en skortur er á viðunanlegum höfnum í bygðarlaginu. Þetta var gert í Skaftafellssýslunum, og fekst við það allgóð höfn, nfl. í Vík; en það er hið einasta dæmi, sem eg þekki til þessa; þó vil eg trúa því, að eins standi á með Hólmavík, sem háttv. þm. nefndi; en þessu er ekki hér til að dreifa, því að þar eru nógar og góðar hafnir, Ólafsvík, Grundarfjörður og jafnvel Kumbaravogur auk þeirra, er eg hefi áður nefnt. Enn sem komið er er ekkert það fram komið, sem heimili að láta þetta frumv. fara aðra leið en frumv. á undan og mun mitt atkv. verða á sömu leið og þá.

ATKV.GR.: Frumv. felt frá 2. umr. með 6 : 5 atkv.

Kosningakæra úr Suðurmúlasýslu.

Nefndarkosning.

Á öðrum fundi í sameinuðu alþingi, miðvikudaginn 15. júlí, var samkvæmt dagskránni tekið fyrir að kjósa nefnd samkvæmt 3. gr. í lögum um þingsköp handa alþingi, til að rannsaka kærur, er snerta kosningar, sem þegar eru teknar gildar.

Að viðhafðri hlutfallskosningu samkvæmt ósk 12 þingmanna hlutu þessir kosningu í nefndina (ásamt forsetum beggja deilda):

Júlíus Havsteen,
Guðl. Guðmundsson,
Hannes Hafstein.

Ein umr. á þriðja fundi í sameinuðu alþingi, 13. ágúst (C bls. 462).

Framsögumaður (Klemens Jónsson): Hið fyrsta sem nefndin, er kosin var til að íhuga kærurnar yfir kosningu 2. þm. S.-Múl., gerði, var að athuga, hvort þingið mundi hafa vald og myndugleika til að ónýta kosningu, sem þegar hefði verið tekin gild af þinginu. Í fljótu bragði mætti svo virðast, að slíkt gæti ekki komið til greina, úrskurður þingsins í því efni væri „res judicata“. Eigi að síður duldist nefndinni það eigi, að þingið hlyti að hafa skyldu og rétt til að ónýta kosningu, þótt hún hefði verið tekin gild, ef fram kæmu eftir á óyggjandi sannanir fyrir því, að í sjálfu sér væri kosningin af einum eða öðrum ástæðum alveg ógild. Að öðrum kosti gæti svo farið, að kjósendur yrðu fyrir hinum mestu rangindum

og réttur þeirra fyrir borð borinn. Setjum t. d. svo, að aukakosning færi fram rétt fyrir þing, og að hún væri á einhvern hátt gölluð svo, að kjósendur vildu kæra yfir henni og hefðu fulla ástæðu til þess; þá er allliklegt, að þeir hefðu ekki tíma til að safna þeim gögnum, sem þyrfti, og til að koma þeim til þingsins, áður en kosning þingmannsins hefði verið rannsökuð þar og tekin gild; yrðu kjósendur þá að sitja með þingmanninn út kjörtímabilið, þótt það sannaðist, að hann hefði verið algerlega ranglega kosinn, ef alls eigi mætti hagga fyrsta úrskurði þingsins um gildi kosningarinnar.

Nefndin var því í engum vafa um, að á þenna veg ætti að líta á málið, og að því væri eigi loku skotið fyrir það, að ónýta mætti kosningu háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.), þótt þingið hefði tekið hana gilda, ef ótvíræð gögn kæmu fram fyrir því, að hún væri í sjálfu sér ógild.

Þá er að snúa sér að kærunum sjálfum. Það dregur þegar nokkuð úr gildi þeirra, að kærendurnir virðast ekki hafa gert sér mikið far um að hraða þeim, svo, að þær gætu legið fyrir þinginu jafnhliða því, sem þar átti að úrskurða gildi kosningarinnar. Kærur þessar eru úr einum tveim sveitum rétt hjá kjörstað, af Eskifirði og úr Norðfirði, og það hefði ekki átt að þurfa langan tíma til að gera þær úr garði, eins eg þær nú eru.

En í stað þess, að bregða strax við, láta kærendurnir það dragast í þrjár vikur frá kosningardegi, þangað til þeir skrifa undir kærurnar. Síðan dregst að senda þær, svo að þær koma eigi hingað fyr en undir miðjan júlímánuð. Þetta eitt hefði átt að gera það að verkum, að kærunni væri minni gaumur gefinn en ella. En þótt alveg sé gengið fram hjá þessu, þá eru kærurnar sjálfar þess eðlis, að engin ástæða getur verið eftir þeim að ónýta kosninguna.

Kærurnar eru tvær; í annari þeirra er kært yfir því, að 5 menn hafi kosið þingmanninn, sem eigi hafi haft kosningarrétt, en í hinni eru tilnefndir 7, 5 hinir sömu og í fyrri kærunni og svo bætt við 2 nýjum. Þeir menn eru Auðunn Halldórsson á Fossárdal í Beruneshreppi, Hallgrímur Þórarinsson á Beinárgerði á Völlum, Hinrik Hinriksson á Úlfstöðum í sama hreppi, Sigurður Jónsson á Borg í Skriðdal, Skarphéðinn Sigurðsson á Eskifirði, Bjarni Sigurðsson á Vattarnesi í Fáskrúðsfjarðarhreppi og Einar Friðriksson á Hafranesi í sama hreppi. Tveir hinir síðastnefndu eru tilfærðir að eins í annari kærunni. Setjum nú svo, að öll þessi 7 atkvæði væru ógild, og ætti því að draga þau frá atkvæðatölu þeirri, er 2. þm. S.-Múl. (G. V.) fekk; nú fekk hann alls 120 atkvæði, og séu þessi 7 tekin frá, væru eftir 113 atkv. Nú hafa þessir 7 menn, sem kært er yfir, kosið tvo alþingismenn hvor um sig. Kærendurnir fullyrða nú, að atkvæði þau, er greidd voru Axel sýslumanni Tulinius hafi verið lögleg og má það vel vera; eftir því gætu þessi 7 atkvæði hafa lent á 1. þm. S.-Múl. (Ó. Th.), en um það eru engar upplýsingar í kærunum, hverja þessir kjósendur hafi valið, og kjörskrárnar sjálfar hafa eigi komið fram. Nú fekk hann (Ó. Th.) 128 atkvæði og séu þessi 7 atkv. dregin frá, þá eru eftir 121 atkvæði, eða tveimur fleiri en Axel Tulinius fekk. Nú er það tekið skýrt fram í annari kærunni, að jafnvel fleiri en þessi 7 atkv. hafi verið ólögleg; en þar er ekki nefnt, við hverja sé átt eða hverju þingmannsefninu þeir hafi greitt atkvæði. Þessi atkvæði hafa því eins vel geta lent á 1. þm. S.-Múl. (Ó. Th.) og Axel Tulinius og hverjum hinna, en afleiðingin af því yrði aftur sú, að eigi væri unt að segja með óyggjandi vissu, hverjir í sjálfu sér væru réttkjörnir þingmenn Suður-Múlasýslu og ef hægt væri að byggja á því sem fullsönnuðu, að 7 atkvæði og þaðan af fleiri

hefðu verið ógild, þá yrði að telja alla kosninguna í Suður-Múlasýslu ógilda, en ekki að eins kosningu 2. þm. S.-Múl. (G. V.). Sökum þessarar óvissu einnar saman, þótt eigi væri fleira í vegi, væri eigi unt fyrir þingið að taka til greina kröfu kærendanna um að ónýta kosningu 2. þm. S.-Múl. (G. V.). En nú bætist það við, að alls eigi er komin fram næg sönnun fyrir því, að þessir 7 menn, sem yfir er kært, hafi greitt atkvæði ólöglega, og skal eg skýra það stuttlega. Fyrst er nefndur Auðunn Halldórsson og er sagt, að hann hafi árið 1899 þegið sveitarstyrk í Skriðdalshreppi, sem sé framfærsluhreppur hans, og að sá styrkur hafi verið óendurgoldinn á kjördegi. Þessari umsögn í kærunni fylgir vottorð frá hreppsnefndaroddvitanum í Skriðdalshreppi og einum hreppsnefndarmanni þar. En eins og vottorðið er orðað, eru mikil líkindi fyrir, að Auðunni þessum hafi verið veittur styrkur frá Skriðdalshreppi á laun við dvalarsveit hans. Það er sennilegt, að hér hafi þannig verið að farið, eins og oft tíðkast, að þurfamaðurinn hafi snúið sér beint til framfærslusveitarinnar, án þess að nota milligöngu dvalarsveitarinnar, og hafi svo verið, þá er það skiljanlegt, að dvalarsveitin hafi enga tilkynningu fengið um styrkveitinguna, að minsta kosti mun slíkt oft viðgangast. En hafi sveitarstjórnin í dvalarhreppi hans enga vitneskja haft um styrkveitingu þessa, þá var hún í sínum góða rétti, er hún setti manninn á kjörskrá, því að eg geng út frá því, að hann hafi að öðru leyti fullnægt kosningarréttarskilyrðunum. Vottorð þetta er því út af fyrir sig engin sönnun fyrir því, að þessi maður hafi eigi haft kosningarrétt. Þá eru nefndir tveir menn, Hallgrímur Þórarinsson og Sigurður Jónsson, og er skýrt frá, að þeir hafi verið vinnumenn krossmessuárið 1902—1903; þótt svo hafi verið, þá vantar sönnun fyrir því, að þeir hafi ekki verið við bú í marzmánuði 1902, er kjörskrá sú var samin, sem eftir var kosið, því hafi svo verið, höfðu þeir kosningarrétt, eins og eg skal síðar sýna fram á.

Fjórði maðurinn er Hinrik Hinriksson; er sagt um hann, að hann hafi verið lausamaður í Norður-Múlasýslu, þar til í fyrra sumar, að hann flutti sem lausamaður að Dalhúsum í Eiðaþinghá, og er það tekið fram, að hann hafi byggingu á jörðu frá fardögum þ. á. Þetta er eini maðurinn, sem sterkar líkur eru fyrir, að hafi kosið ólöglega, því hann átti eigi að standa á kjörskrá; en hins vegar er nokkur vorkunn, þótt hann væri á kjörskrá, ef hreppsnefndin við samningu kjörskrárinnar hefði vitað, að hann hefði kosningarrétt í fardögum þ. ár., enda skakkaði það eigi nema um einn dag, en slíkt er reyndar ólíklegt, það játa eg.

Fimti maðurinn er tómthúsmaður á Eskifirði, er sýslumaður gefur vottorð um að eigi hafi greitt 12 kr. í sveitarútsvar; mun eg víkja að þessu síðar í öðru sambandi.

Þessir 5 menn eru nefndir í annari kærunni, en í hinni er bætt við tveim: Bjarna Sigurðssyni á Vattarnesi og Einari Friðrikssyni á Hafranesi. Um Bjarna er það sagt, að hann sé húsmaður og hafi ekki goldið 12 kr. til sveitar, en þetta er alls ósannað og þarf frekari rannsóknar við, áður en hægt sé að byggja á því. Um Einar Friðriksson er það sagt, að hann hafi ekki verið fullra 25 ára á kjördegi og fylgir kærunni vottorð sóknarprests þessu til sönnunar; eftir vottorði þessu á hann að vera fæddur 31. maí 1878, en kosningin fór fram 3. júní 1903; ætti hann því eftir vottorðinu að hafa verið 25 ára og 3 daga kosningardaginn; hér hlýtur því annaðhvort að vera að ræða um misritun í vottorðinu, eða misreikning hjá kærendunum.

Af þessum 7 mönnum, sem yfir er kært, er þannig ekki sannað, að eigi hafi

þeir haft kosningarrétt, nema ef vera skyldi einn þeirra. Frá þessu sjónarmiði vantar allar fullgildar sannanir fyrir því, sem kæran gengur út frá, svo að ef ekki væri hægt að gera aðrar skoðanir gildandi hér, þá hefði nefndin getað gengið það frekast, að leggja það til, að frestað væri að gera út um málið, þangað til fengjust nýjar og betri sannanir en nú liggja fyrir.

En hér kemur fleira til skoðunar. Nefndinni fanst sér það skylt, að taka það til athugunar, hvaða þýðingu kjörskrár hafa yfir höfuð.

Í stjórnarskránni og í kosningalögunum eru talin upp ýms skilyrði, er menn verði að fullnægja, til þess, að geta haft kosningarrétt. Nú getur ekki hjá því farið, að þar sem kjörskrár þær, sem kosið var eftir í vor, voru samdar í marz 1902, en eigi kosið, fyr en í júní 1903 eða 15 mánuðum, eftir að kjörskrárnar voru samdar, þá hafi nokkrir þeirra, er kosningarrétt höfðu, þegar kjörskráin var samin, verið búnir að missa einhver af kosningarréttar-skilyrðunum á kosnigardegi.

Hér gæti virzt koma fram mótsögn milli stjórnarskrárinnar og kosningalaganna, eða að minsta kosti hlýtur sú spurning að vakna og krefjast úrlausnar, hverja þýðingu kjörskrárnar hafi; og er þá fyrst að athuga undirbúning þeirra. Í kosningalögunum er svo fyrir mælt, að kjörskrárnar skuli leiðréttar í marzmánuði ár hvert, og að hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skuli skera úr efasemdum þeim, sem þá kunna að koma fram.

Frá 1.—21. apríl eiga kjörskrárnar svo að liggja frammi öllum til sýnis, og skal það vera birt með 14 daga fyrirvara. Áður en 8 dagar eru liðnir frá þeim tíma, sem kjörskrárnar hafa legið til sýnis, skal svo hver sá, sem ætlar að sér sé ranglega slept á skránni, eða að einhver sé þar, sem eigi hafi rétt til þess að standa þar bera upp fyrir oddvita hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar tilmæli sín um að verða tekinn upp á skrárnar, eða kröfu sína um, að nafn hins verði dregið út, og skulu tilfærðar ástæður þær, sem krafan er bygð á. Skal svo skorið úr aðfinningum þessum á opinberum fundi, sem sé haldinn áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem komið hafa fram með aðfinningar, og þeir, sem á móti er mælt, og skal hinum síðarnefndu skýrt frá, hver mótmæli séu komin fram gegn þeim. Þegar báðir málspartar hafa verið heyrðir og málið rannsakað, er loks feldur úrskurður um ágreiningsinn; og svo segir, að eftir þetta verði engin breyting gerð á kjörskránum á því ári, nema dómur sé á undan genginn, og í 17. gr. segir svo, að samkvæmt þessum skrám skuli allar kosningar fara fram á því ári, sem þær gilda.

Með þessum mikla undirbúningi og með þessum skýru orðum virðist það ótvírætt gefið í skyn, að kjörskrárnar og annað ekki eigi að ráða því, hverjir kosningarrétt hafi, þannig að þótt einhver sá standi á kjörskrá, er mist hefir kosningarrétt sinn á tímabilinu frá því að kjörskráin var samin og fram að kosningardegi, þá hafi hann eigi að síður fulla heimild til að kjósa í það sinn, og hins vegar hafi einhverjum verið slept af kjörskrá, er þar átti að standa, og hann eigi kært þetta á lögskipaðan hátt, þá fær hann ekki að kjósa, þó hann uppfylli öll skilyrði á kosningardegi. Þetta er og lang eðlilegast. Því að hvernig mundi fara, ef kjörstjórnin ætti á kjördegi að fara að skera úr öllum vafaatriðum um kosningarrétt manna, er fram kynnu að koma? Það er hætt við, að þar kæmi fram nokkuð mikið handahóf og jafnvel gjörræði. En þetta er ekki einungis eðlilegast, heldur er það og samkvæmt skýlausum fyrirmælum kosningalaganna, og

kemur ekki heldur, þegar vel er athugað, í bága við stjórnarskrána, því að hún hlýtur að vísa til þess tímabils, sem kjörskrárnar eru samdar á, en eigi til kjördagsins, eða með öðrum orðum miða kosningarréttarskilyrðin við það tímabil. Að þessi skilningur minn á kosningalögunum sé réttur, styrkist enn fremur við það, að sömu ákvæði eru í kosningalögunum dönsku um þetta, og hefi eg gengið í gegnum fólksþingstíðindin frá 1874—1898 og athugað umræður um þingmannakosningar þar, og séð, að það hefir verið föst venja þar, að skoða kjörskrárnar einar sem réttan grundvöll fyrir því, er meta skyldi, hvort ónýta ætti kosning af sömu ástæðum og hér ræðir um; þannig er praxis þar, og samkvæm henni er teórían, því að Matzen prófessor heldur hinu sama fram í ríkisrétti sínum.

Það virtist og mjög hart, ef hægt ætti að vera að ónýta þingmannskosningu fyrir það eitt, að hreppsnefndir hefðu eigi gætt skyldu sinnar í því að búa kjörskrárnar svo úr garði, sem vera ber. Eftir því sem hér hefir verið sagt, getur það ekki komið til tals að ónýta kosningu 2. þm. S.-Múl. (G. V.), og væri það þó gert, þá gæti það ekki komið til greina, að kosning hans eins yrði gerð ógild, heldur hlyti eins að fara um alla kosninguna þar í sýslu, eins og eg hefi áður tekið fram.

En af því að kjörskrárnar hafa svo afar mikla þýðingu sem grundvöllur fyrir kosningunum, þá er það einkar áríðandi, að hreppsnefndir gæti vandlega skyldu sinnar í því að hafa þær réttar. En þessi sama skylda nær og til allra þeirra, sem eftirlit eiga að hafa með kjörskránum.

Eg vil geta þess, að einn af þeim, sem hefir skrifað undir kærurnar, er einn úr kjörstjórninni. Nú kemur það fram í kærunum, að kjörskrárnar í Suður-Múlasýslu hafi verið undarlega úr garði gerðar, þar sem því er haldið fram, að á þeim hafi t. d. staðið vinnumenn og lausamenn, og enn fremur hefir því verið fleygt, að þar hafi verið strykuð út nöfn og nýjum kjósendum bætt við á kjördegi; sannanir eru ekki fengnar fyrir því; þá hefir það og verið fullyrt, að 2 kvenmenn hafi staðið á einni kjörskránni til alþingis; þar lítur út fyrir, að hreppsnefndin hafi tekið kjörskrá til hreppsnefndar og afskrifað hana. En hver á svo að líta eftir því, þegar kjósendurnir sjálfir vanrækja það, að öll þessi óregla geti ekki átt sér stað? Hver annar en kjörstjórnin eða sérstaklega oddviti hennar? Að vísu er það ekki með berum orðum tekið fram í kosningalögunum, að þetta sé skylda oddvita kjörstjórnarinnar, en í 14. gr. stendur þó með berum orðum, að oddviti hlutaðeigandi sýslunefndar skuli fyrir 1. dag júlímánaðar ár hvert, skýra amtmanni frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, og ef svo er ekki, hverjar vanti. Hér er að vísu ekki beinlínis fyrirskipað, að amtmanni skuli jafnframt skýrt frá því af oddvita sýslunefndanna, hvort þær eru í lagi eða ekki, en mér er kunnugt um, að það er víða gert, eftir að hann hefir rannsakað þær eftir þeim skilríkjum, sem í hans höndum eru. En í 15. gr. stendur, að verði það uppvíst, að kjörskrárnar séu ekki leiðréttar á lögskipaðan hátt, þá skuli skýra landshöfðinga frá því. En hver á að skýra landshöfðingja frá þessu, og hvernig getur það orðið upplýst, ef kjörskrárnar eru ekki í lagi? Amtmaður getur það ekki, því ekki sér hann þær. Hinn eini maður, sem getur haft nokkurn veginn tryggilegt eftirlit með því, að kjörskrárnar séu í lagi, er sýslumaðurinn. Það liggur því í þessum tilvitnuðu orðum 15. gr. kosningalaganna fullkomin bending til sýslumannanna um að hafa gát á, að kjörskrárnar séu leiðréttar lögum samkvæmt, og það gera þeir líka, að minsta kosti flestir. Þessi eftirlitsskylda sýslumann-

anna leiðir og af annari almennri reglu, þeirri, að það er skylda lögreglustjóranna að líta eftir því, að almennum fyrirmælum laganna sé fylgt.

Áður en mál þetta er til lykta leitt, álítur nefndin því að nauðsynlegt sé að fá kjörskrárnar sjálfar in originali, svo að hægt sé að rannsaka, hvort þær séu í því formi, sem lögskipað er, og hvort eigi standi á þeim vinnumenn, lausamenn, og jafnvel kvenmenn, hvort það sé sýnilegt, að kjörskránum hafi verið breytt eftir á. Við þessa rannsókn getur það komið fyrir að það sannist, að kjörskrárnar hafi verið í góðu lagi, og að frásögnin í kærunum sé eigi á rökum á bygð. Fari svo, þá fer landsstjórnin ekki lengra út í málið, og skýrir bara blátt áfram þinginu frá því, að ekkert hafi verið athugavert. En reynist það aftur á móti, að kjörskrárnar séu í ólagi, þá tekur hún til þeirra ráða, er hún álítur rétt að vera, lætur t. d. höfða mál gegn þeim, sem gert hafa sig seka í vanrækslunni og alþingi getur líka hvatt til þess, eftir að kjörskránar hafa verið rannsakaðar.

Það er því tillaga nefndarinnar, að hinar framkomnu kærur yfir kosningu 2. þm. S.-Múl. (G. V.) séu sendar forsetavegnum til landsstjórnarinnar með áskorun um, að hún láti rannsaka kjörskrárnar í Suður-Múlasýslu, sem giltu frá 1. júlí 1902 til 30. júní 1903 og samningu þeirra af hendi hreppsnefndanna, og leggi árangurinn af þeim rannsóknum í síðasta lagi fyrir næsta þing 1905. Ef ekkert reynist athugavert við skrárnar, þá verður það að eins hlutverk stjórnarinnar að skýra þinginu frá því, og er þá málið útkljáð með því. En hafi eitthvað verið að athuga við skrárnar, þá gefur stjórnin þinginu skýrslu um það, og tekur þingið svo þá ákvörðun, er því þykir við eiga.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. í e. hlj.

Lenging þingtímans.

Eftir beiðni forseta á fundi Ed. 10. ág. veitti landsh. samkvæmt heimild, er honum er veitt í konungsbréfi 22. maí þ. á., leyfi til að þingtíminn skuli vera lengdur um 14 daga eða til 26. ágúst, að þeim degi meðtöldum.

Kosnir utanþingsstarfsmenn.

Á 45. fundi Ed., 25. ágúst, fór fram kosning á yfirskoðunarmanni landsreikninganna árin 1902 og 1903 og hlaut kosningu

Lárus Halldórsson með 6 atkv.

Á fjórða fundi í Sþ., 25. ág., var kosinn endurskoðunarmaður reikninga Landsbankans

Jón Jakobsson með 21 atkv.

Þinglok í efri deild.

Á fundi deildarinnar 26. ágúst, var að lokinni dagskrá, gjörðabók þess fundar lesin, samþ. og staðfest og að því búnu fundi slitið.

Ferðakostnaðarnefnd.

Þriðji fundur í Sþ., 13. ágúst.

Í nefndina voru kosnir:

Ólafur Briem	með	32	atkv.
Guðl. Guðmundsson	—	27	—
Klemens Jónsson	—	21	—
Gutt. Vigfússon	—	18	—
Guðj. Guðlaugsson	—	16	—

Gjöf Jóns Sigurðssonar.

Á þriðja fundi í Sþ., 13. ágúst, var

lagt fram reikningur og skýrsla um Gjöf Jóns Sigurðssonar (C bls. 409 og 479).

Á sama fundi voru kosnir 3 menn, til að meta rit til verðlauna af „Gjöf Jóns Sigurðssonar". Þessir hlutu kosningu:

Eiríkur Briem	með	32 atkv.
Björn M. Ólsen	—	18 —
Magnús Stephensen	—	17 —

Skilagrein fyrir sölu alþingistíðindanna.

Á fjórða fundi í Sþ. 25. ág., skýrði forseti frá því, að útbýtt hefði verið í fundarbyrjun:

1. Skilagrein fyrir sölu og afhendingu alþingistíðindanna 1901 (C bls. 840).
2. Skilagrein fyrir sölu og afhendingu alþingistíðindanna 1902 (C bls. 841).

Alþingi slitið.

Á fimta fundi í Sþ., miðvikudaginn 26. ágúst, að lokinni dagskrá, stóð landshöfðingi upp og lýsti yfir því í nafni Hans Hátignar konungsins, að

Alþingi væri slitið.

Stóð þá upp þingmaður Reykvíkinga, Tryggvi Gunnarsson, og mælti: „Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn níundi". Tóku þingmenn undir það í einu hljóði og gengu síðan af þingi.